

Árbók Háskóla Íslands 2010

Efnisyfirlit

FORMÁLI	5
STJÓRN OG SKIPULAG HÁSKÓLA ÍSLANDS	7
Skipurit	11
HELSTU VIÐBURÐIR	13
Háskóli Íslands í hnotskurn 2010	40
STARFSNEFNDIR HÁSKÓLARÁÐS	43
Fjármálanefnd	43
Gæðanefnd	44
Jafnréttisnefnd	45
Kennslumálanefnd	46
Samráðsnefnd um kjaramál	46
Vísindanefnd	47
STJÓRNSÝSLA	49
Skrifstofa rektors	49
Miðstöð framhaldsnáms	49
Markaðs- og samskiptamál	50
Kennslumál, stúdentar, brautskráningar	56
Nemendaskrá	60
Kennslumiðstöð	63
Jafnréttismál	65
Náms- og starfsráðgjöf	68
Skjalasafn	70
Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands	72
Rannsóknir	77
Starfsmanna- og starfsþróunarmál	87
Rekstur og framkvæmdir	91
Fjárreiður og rekstur	93
Ársreikningur Háskóla Íslands 2010	96
Innri endurskoðun	97
Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands	98
FRÆÐASVIÐ	
Félagsvísindasvið	105
Félags- og mannvísindadeild	108
Félagsráðgjafardeild	114
Hagfræðideild	116
Lagadeild	118
Stjórn málafræðideild	122
Viðskiptafræðideild	123
Félagsvísindastofnun	125
Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna	127
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum	129
Hagfræðistofnun	130
Lagastofnun	131
Mannréttindastofnun	132
Rannsóknastofa í Evrópurétti	134
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti	135
Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum	135
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	136
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála	137
Viðskiptafræðistofnun	140
Heilbrigðisvísindasvið	143
Hjúkrunarfræðideild	146
Lyfjafræðideild	149
Læknadeild	152
Námsbraut í sjúkráþjálfun	155
Námsbrautir í geisla- og lífeindafræði	156
Miðstöð í lýðheilsuvísindum	158
Matvæla- og næringarfræðideild	159
Sálfræðideild	160
Tannlæknadeild	163

Lífeðlisfræðistofnun	164
Lífefna- og sameindalíffræðistofa	165
Ónæmisfræðideild Landspítala	166
Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði	167
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	168
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði	170
Hugvísindasvið	173
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	181
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	182
Íslensku- og menningardeild	183
Sagnfræði- og heimspekideild	186
Hugvísindastofnun	187
Asíusetur Íslands – ASÍS	189
Bókmennta- og listfræðastofnun	189
Guðfræðistofnun	189
Heimspekistofnun	190
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	190
Málvísindastofnun	192
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum	194
Sagnfræðistofnun	197
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	197
Þýðingasetur	200
Tungumálamiðstöð	201
Menntavísindasvið	203
Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild	214
Kennaradeild	216
Uppeldis- og menntunarfræðideild	219
Menntavísindastofnun	223
Rannsóknahópur um náttúrufræðimenntun	224
Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum	225
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum	226
Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu	227
Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum	228
Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólasterfi	230
Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna	231
Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun	232
Rannsóknastofa í þroskaþjálfingfræðum	233
Rannsóknastofa um háskóla	234
Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls	234
Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar	235
Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun	236
Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga	237
Rannsóknastofa um þróun skólasterfs	239
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	241
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	244
Jarðvísindadeild	246
Líf- og umhverfivísindadeild	247
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	250
Raunvísindadeild	252
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	254
Raunvísindastofnun Háskólans	255
Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun	256
Stærðfræðistofa	256
Eðlisfræðistofa	257
Efnafræðistofa	259
Jarðvísindastofnun	260
RANNSÓKNASTOFNANIR Í TENGLUM VIÐ HÁSKÓLANN	265
Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur um smáríki	265
Lífvísindasetur Læknagarðs	267
Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	267
Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum	271
Rannsóknastofa í meinafræði	272
Rannsóknastofa í næringarfræði	273
Rannsóknastofa í sýklafræði	274

Rannsóknastofa í veirufræði	275
Rannsóknastofa um mannlegt atferli	276
Rannsóknastöðin í Sandgerði	278
Siðfræðistofnun	279
Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands	280
Fræðasetrið á Hornafirði	281
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Selfossi og Gunnarsholti	282
Háskólasetur Snæfellsness, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands, Stykkishólmi	285
Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði	282
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík	286
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd	288
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík	289
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum	290
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	290
Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir	291
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	294
ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	297
Endurmenntun Háskóla Íslands	297
Happdrætti Háskóla Íslands	298
Háskólaútgáfan	300
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	301
Listasafn Háskóla Íslands	304
Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands	305
Reiknistofnun Háskóla Íslands	307
BRAUTSKRÁNINGARRÆÐUR HÁSKÓLAREKTORS	313
BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR	319
DOKTORSPRÓF	340
HEIÐURSDOKTORAR	343
NÝ OG BREYTT STÖRF	346
Kennarar Háskóla Íslands	350

Formáli

Háskóli Íslands hefur þjónað íslensku samfélagi í tæplega eina öld og ávallt verið virkur þátttakandi í uppbyggingu þess. Á þeim tímamótum sem í vændum eru lítur starfsfólk og stúdentar fram á veginn og einsetur sér að efla íslenskt samfélag með auknum árangri í kennslu, rannsóknum, nýsköpun, tengslum við atvinnu- og þjóðlíf, samfélagslegri ábyrgð og alþjóðlegu samstarfi. Háskóli Íslands þjónar íslensku samfélagi ótvírætt best með því að vera í senn öflugur alþjóðlegur háskóli og leiðandi íslensk menntastofnun þar sem stundaðar eru kraftmiklar rannsóknir á íslenskri menningu, tungu, samfélagi og náttúru. Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfull markmið um að komast í hóp fremstu háskóla líkt og margir háskólar á Norðurlöndum. Skólinn setti sér fjölmörg áfangamarkmið á þessari vegferð og allt starfsfólk hans hefur lagst á eitt við að ná þeim. Árangur undanfarinna ára sýnir að langtímamarkmið skólans er raunhæft. Nú hafa kringumstæður í samfélaginu gerbreyst og þegar skólinn undirbýr nýja stefnumörkun fyrir árin 2011–2016 tekur hann mið af þessum breytingum. Háskóli Íslands ítrekar markmið sín og telur að aldrei hafi verið jafn brýnt og nú að setja markið hátt í háskólastarfi. En nú þarf að finna nýjar leiðir og beita nýjum aðferðum. Árangur byggist á því að stilla saman krafta og nýta betur það sem úr er að spila. Þar skiptir miklu vilji til aukins samstarfs, jafnt á sviði kennslu sem rannsókna, og vilji til þverfræðilegrar samvinnu. Árangur í kennslu og rannsóknum gefur skólanum færi á að vinna meira og nánar með leiðandi mennta- og rannsóknastofnunum í öllum heims- hlutum og nemendum í vaxandi mæli tækifæri til að taka hluta af námi sínu við slíkar stofnanir. Þannig sameinast kraftar í alþjóðlegu samstarfi og íslenska menntakerfið stækkar og eflist.

Lærdómurinn sem við drögum af starfsemi Háskóla Íslands í tæpa eina öld er að fjárfesting í menntun og rannsóknum er ein meginforsenda þróttmikils samfélags sem er grundvallað á öflugu atvinnulífi, lýðræði, jafnrétti og velferð borgaranna. Skylda Háskóla Íslands gagnvart íslensku samfélagi og umheiminum er að mennta ábyrgt ungt fólk sem er fært um að taka virkan þátt í uppbyggingu okkar eigin samfélags og alþjóðasamfélagsins og fást við ný og ógrandi viðfangsefni 21. aldar.

Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands





Stjórn og skipulag Háskóla Íslands

Stjórnskipulag

Mælt er fyrir um stjórnskipulag Háskóla Íslands í lögum nr. 63/2006 um háskóla og lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, en síðarnefndu lögin komu til framkvæmdar 1. júlí 2008 og leystu af hólmi lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Frá sama tíma tóku gildi lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem einnig höfðu áhrif á skipulag háskólans. Ítarlegri umfjöllun um skipulag og stjórnkerfi háskólans er að finna í reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands sem háskólaráð setti á grundvelli nýju laganna um opinbera háskóla.

Rektor

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólarektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum skólans. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Rektor Háskóla Íslands er dr. Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Tók hún við embætti rektors og formanns háskólaráðs Háskóla Íslands 1. júlí 2005 og var hún skipuð í embætti annað kjörtímabil frá 1. júlí 2010.

Háskólaþing

Háskólaþing er samráðsveitvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Háskólaþing fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvað eina sem varðar starfsemi háskóla, einstakra skóla eða stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólaþingi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Á háskólaþingi eiga sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og viðbótarfulltrúar fræðasviða, kjörnir samkvæmt reglum þar að lútandi, og fulltrúar helstu stofnana háskólans og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta, auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Háskólaþing er haldið a.m.k. einu sinni á misseri og sitja það um 100 manns.

Haldin voru tvö háskólaþing á árinu 2010. Fyrra þingið var haldið 7. maí og voru þrjú mál á dagskrá, árangur Stofnu Háskóla Íslands 2006–2011 og undirbúningur nýrrar stefnumörkunar fyrir tímabilið 2011–2016, tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands og umfjöllun um háskólasamfélagið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Síðara þingið var haldið 7. desember og var aðeins eitt mál á dagskrá, Stefna Háskóla Íslands 2011–2016.

Háskólaráð

Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag Háskóla Íslands og setur honum reglur eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð skiptir fé milli rekstrareininga, hefur eftirlit með rekstri háskólans og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum skólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir.

Háskólaráð Háskóla Íslands er skipað samkvæmt lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Haldnir voru 12 háskólaráðsfundir á árinu 2010.

Skipan háskólaráðs til 30. júní 2010:

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Anna Agnarsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Elín Ósk Helgadóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Gunnar Einarsson, stjórnunar- og menntunarfræðingur og bæjarstjóri í Garðabæ, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Gunnlaugur Björnsson, vísindamaður í stjarnæðlisfræði við Raunvísindastofnun Háskólans, fulltrúi háskólasamfélagsins og varaforseti ráðsins.
- Hilmar B. Janusson, efnifræðingur og framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarsviðs Össurar hf., fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Sigríður Ólafsdóttir, lífefnafræðingur og ráðgjafi, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Sigrún Ingibjörg Gísladóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Silja Aðalsteinsdóttir, bókmenntafræðingur og útgáfustjóri, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur og borgarfulltrúi, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Þórður Sverrisson, viðskiptafræðingur og forstjóri Nýherja, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.

Skipan háskólaráðs frá 1. júlí 2010:

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Anna Agnarsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Börrkur Hansen, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins og varaforseti ráðsins.
- Fannar Freyr Ívarsson, meistaranemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta.
- Guðrún Sóley Gestsdóttir hagfræðinemi, fulltrúi stúdenta.
- Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Hilmar B. Janusson, efnifræðingur og framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarsviðs Össurar hf., fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Pétur Gunnarsson rithöfundur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Sigríður Ólafsdóttir, lífefnafræðingur og ráðgjafi, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Þórður Sverrisson, viðskiptafræðingur og forstjóri Nýherja, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, sat einnig fundi háskólaráðs án atkvæðisréttar. Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskóla Íslands, var ritari háskólaráðs og sat fundi án atkvæðisréttar.

Stjórn fræðasviða og deilda

Háskóli Íslands skipast í fimm fræðasvið sem eru meginskipulagseiningar hans og lúta stjórn forseta og stjórnar fræðasviðanna. Skiptist hvert fræðasvið í þrjár til sex deildir sem eru grunneiningar háskólans og lúta faglegri stjórn deildarforseta og deildarfundar. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor, sem er yfirmaður hans, og ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði. Forseti fræðasviðs stýrir daglegri starfsemi sviðsins og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður. Hann ber ábyrgð á útfærslu stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðs, öflugri liðsheild og faglegu samstarfi, tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila, gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins, fjármálum og rekstri fræðasviðs og stofnana sem undir það heyra og starfsmannamálum sviðsins. Forseti fræðasviðs, deildarforsetar og fulltrúi stúdenta mynda stjórn sviðsins sem fjallar um sameiginleg málefni þess. Þing fræðasviðs er haldið a.m.k. einu sinni á ári. Þingið er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðsins.

Deildarforseti er kjörinn faglegur forystumaður deildar og ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Deildarforseti ber í samráði við forseta fræðasviðs ábyrgð á mótun stefnu fyrir deild, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildar en á milli deildarfunda fer deildarforseti í umboði þeirra með ákvörðunarvald í öllum málum deildarinnar. Deild er heimilt að mynda stjórnarnefnd, deildarráð, og að skipa deildinni í námsbrautir.

Innan námsbrauta skulu að jafnaði vera nokkrar námsleiðir sem mynda faglega heild.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða, deildir og deildarforsetar 2010:

Félagsvísindasvið: Ólafur Harðarson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Félags- og mannvísindadeild: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, deildarforseti, en Jónína Einarsdóttir prófessor gegndi starfi deildarforseta hluta ársins.
- Félagsráðgjafardeild: Guðný Björk Eydal prófessor, deildarforseti.
- Hagfræðideild: Gylfi Zoëga prófessor, deildarforseti, en Þórólfur Matthíasson prófessor gegndi starfi deildarforseta hluta ársins.
- Lagadeild: Róbert R. Spanó prófessor, deildarforseti, en Björg Thorarensen prófessor gegndi starfi deildarforseta hluta ársins.
- Stjórn málafræðideild: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, deildarforseti, en Þorgerður Einarsdóttir prófessor tók við af honum á árinu.
- Viðskiptafræðideild: Ingjalður Hannibalsson prófessor, deildarforseti.

Heilbrigðisvísindasvið: Sigurður Guðmundsson, forseti fræðasviðs.

- Hjúkrunarfræðideild: Guðrún Kristjánsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Lyfjafræðideild: Þórdís Kristmundsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Læknadeild: Guðmundur Þorgeirsson prófessor, deildarforseti.
- Matvæla- og næringarfræðideild: Inga Þórsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Sálfræðideild: Jörgen Pind prófessor, deildarforseti, en Daníel Þór Ólason dósent tók við af honum á árinu.
- Tannlæknadeild: Inga B. Árnadóttir prófessor, deildarforseti, en Teitur Jónsson dósent tók við af henni á árinu.

Hugvísindasvið: Ástráður Eysteinnsson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Pétur Pétursson prófessor, starfandi deildarforseti, en Sólveig Anna Bóasdóttir dósent tók við af honum á árinu.
- Íslensku- og menningardeild: Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, deildarforseti, en Dagný Kristjánsdóttir prófessor tók við af honum á árinu.
- Sagnfræði- og heimspekideild: Eggert Þór Bernharðsson prófessor, deildarforseti.

Menntavísindasvið: Jón Torfi Jónasson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild: Erlingur Jóhannsson prófessor, deildarforseti.
- Kennaradeild: Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, deildarforseti.
- Uppeldis- og menntunarfræðideild: Hanna Ragnarsdóttir dósent, deildarforseti.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti fræðasviðs.

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson prófessor, deildarforseti.
- Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson prófessor, deildarforseti, en Hreggviður Norðdahl fræðimaður gegndi starfi deildarforseta hluta ársins.
- Líf- og umhverfivísindadeild: Sigurður Sveinn Snorrason prófessor, deildarforseti, en Karl Benediktsson prófessor gegndi starfi deildarforseta hluta ársins.
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Karl Sólvi Guðmundsson dósent, deildarforseti, en Jóhannes Rúnar Sveinsson prófessor tók við af honum á árinu.
- Raunvísindadeild: Guðmundur Gunnar Haraldsson prófessor, deildarforseti.
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson prófessor, deildarforseti.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla Háskóla Íslands skiptist í sameiginlega stjórnsýslu annars vegar og stjórnsýslu fræðasviða hins vegar. Sameiginleg stjórnsýsla, sem að stærstum hluta er til húsa í Aðalbyggingu, skipast í vísindi og kennslu annars vegar og fjármál og rekstur hins vegar, auk innri endurskoðunar og skrifstofu rektors, sem fer m.a. með stefnumótun og þróunar- og gæðamál. Undir vísindi og kennslu falla kennslusvið og vísindasvið en undir fjármál og rekstur falla fjármálasvið, framkvæmda- og tæknisvið, markaðs- og samskiptasvið og starfsmannasvið.

Rekstrarstjórar annast daglega fjármálastjórn fræðasviða og daglega stjórn skrifstofu sviðanna í umboði forseta fræðasviða.


Stjórnendur sameiginlegrar stjórnarsýslu árið 2010:

- Aðstoðarrekter vísinda og kennslu: Jón Atli Benediktsson prófessor.
- Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs: Guðmundur R. Jónsson prófessor.
- Skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri: Magnús Diðrik Baldursson.
- Sviðsstjóri fjármálasviðs: Sigurður J. Hafsteinsson.
- Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs: Guðmundur R. Jónsson.
- Sviðsstjóri kennslusviðs: Þórður Kristinsson.
- Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson.
- Starfandi sviðsstjóri starfsmannasviðs: Guðmundur Ragnarsson.
- Sviðsstjóri vísindasviðs: Halldór Jónsson.
- Innri endurskoðandi: Gunnlaugur H. Jónsson.

Rekstrarstjórar fræðasviða 2010:

- Rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs: Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir.
- Rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs: Vilborg Loft.
- Rekstrarstjóri Hugvísindasviðs: Óskar Einarsson.
- Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs: Kristín Indriðadóttir en Björg Gísladóttir tók við af henni á árinu.
- Rekstrarstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs: Drífa Sigfúsdóttir.

SKIPURIT HÁSKÓLA ÍSLANDS





Helstu viðburðir 2010

Áframhaldandi sókn og stefnufesta

Starfsemi Háskóla Íslands árið 2010 einkenndist af áframhaldandi sókn að markmiðum Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011. Árið 2010 var annað heila árið þar sem fjárveitingar til háskólans voru skornar niður, en með metnaði starfsfólks og samstöðu um stefnu skólans náðist engu að síður mikill árangur í starfsemi hans. Verður hér gerð stuttlega grein fyrir helstu viðburðum á árinu 2010.

Árangur Stefnu Háskóla Íslands 2006–2010

Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér það langtímamarkmið að komast í hóp hundrað fremstu háskóla í heimi. Önnur Norðurlönd eiga átta skóla í þessum hópi, en þeir eru Háskólinn í Kaupmannahöfn, Háskólinn í Árósum, Háskólinn í Osló, Karolinska Institutet í Stokkhólmi, Háskólinn í Uppsölum, Háskólinn í Lundi, Háskólinn í Stokkhólmi og Háskólinn í Helsinki. Auk þess eru á annan tug háskóla af svipaðri stærð og uppbyggingu og Háskóli Íslands, á meðal fremstu háskóla heims. Árangur Háskóla Íslands á undanförunum árum sýnir að raunhæft er að stefna áfram að þessu langtímamarkmiði.

Fyrsti áfangi á þessari vegferð er Stefna Háskóla Íslands 2006–2011. Meginmarkmið stefnunnar er að ná framúrskarandi árangri á sviði rannsókna, kennslu, stjórnunar og stoðþjónustu. Stefnan felur í sér ríflega eitt hundrað mælanleg og tímasett undirmarkmið sem lúta að öllum sviðum starfseminnar. Í framhaldinu hafa allar deildir háskólans sett sér stefnu og markmið sem byggjast á heildarstefnunni. Meðal helstu markmiða Háskóla Íslands til ársins 2011 er að:

- tvöfalda fjölda vísindagreina í virtustu alþjóðlegum ritrýndum tímaritum.
- auka samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum.
- auka sértekjur, m.a. úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum.
- fimmfalda árlegan fjölda brautskráðra doktora.
- efla gæðakerfi kennslu.
- setja á stofn Miðstöð framhaldsnáms til að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi.
- efla stoðþjónustu við rannsóknir og kennslu.
- innleiða nýtt skipulag og stjórnkerfi til að auðvelda sókn að settum markmiðum.

Afar mikilvægt skref var stigið árið 2007 með árangurstengdum samningi Háskóla Íslands og stjórnvalda um fjármögnun stefnunnar. Háskólinn hefur fylgst náið með framgangi hennar og gert stjórnvöldum árlega grein fyrir árangrinum. Á árinu 2010, undir lok fyrsta áfanga stefnunnar, lagði háskólinn heildstætt mat á framkvæmdina og leiddi það í ljós að flestum markmiðum hefur verið náð og í sumum tilvikum sýna lykilmælikvarðar að árangur hefur verið umfram áætlanir.

Á tímabilinu 2005–2010

- fjölgaði vísindagreinum fræðimanna háskólans í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum úr 260 í 550 (2009) og tilvitnunum úr 5.100 í 10.000 (2009.)
- jókst heildarfjárhæð sértekna um 78% og styrkir úr erlendum samkeppnissjóðum þrefölduðust.
- fjölgaði doktorsnemum úr 166 í 440 og brautskráðum doktorum úr 13 árið 2005 í 36 árið 2010.
- fjölgaði styrkjum til doktorsnema í 106 en engir slíkir styrkir voru í boði árið 2005.

Fjölmeðgum öðrum framfaramálum stefnunnar hefur verið hrint í framkvæmd í



fyrsta áfanga. Matskerfi rannsókna hefur verið endurskoðað, nýtt ráðningar- og framgangskerfi innleitt, gæðanefnd háskólaráðs sett á laggirnar, samstarf við fremstu háskóla í heimi eftl, tengsl við atvinnulíf styrkt og markvissum aðgerðum beitt til að laða að hæfustu nemendurna og auka virkni í námi. Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir 1. júlí 2008 í þeim tilgangi að efla kennaramenntun og rannsóknir í mennta- og uppeldisvísindum.

Undirbúningur annars áfanga: Stefna Háskóla Íslands 2011–2016


Á árinu 2010 hófst undirbúningur annars áfanga að langtímamarkmiði Háskóla Íslands. Um mitt ár var skipaður heildarstefnuhópur undir forystu Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu, en í honum áttu sæti 15 fulltrúar frá öllum fræðasviðum háskólans og fyrirtækjum og stofnunum utan skólans. Heildarstefnuhópurinn fundaði reglulega allan síðari hluta ársins og rýndi gögn og hafði m.a. samráð við formenn starfsnefnda háskólaráðs, fyrrverandi prófessora, fulltrúa erlendra starfsmanna, stofnana, stúdenta og ýmsa fleiri aðila innanlands og utan. Fyrstu drög að nýrri stefnu voru síðan send til umsagnar í október og Stefna Háskóla Íslands 2011–2016 loks samþykkt á háskólaþingi 7. desember og í háskólaráði 17. desember 2010.

Í hinni nýju stefnu er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni eru sett markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Rekstur háskólans

Tekjur hækkuðu um 3.1% frá fyrra ári og námu 14.116,2 m.kr. samanborið við 13.696,4 m.kr. árið áður. Tekjurnar skiptust í fjárveitingu, 9.163,5 m.kr., sem var samdráttur um 1.9% frá fyrra ári, og sértekjur, 4.952,6 m.kr., sem jukust um 13.7%.

Tekjur Háskóla Íslands 2000–2010 í m.kr.



*Á árunum 2003 og 2007 var framlag HHÍ til nýbygginga mun hærra en venjulega.

Gjöld námu 13.695,0 m.kr. en 13.572,1 m.kr. árið áður. Rekstrarliðir lækkuðu um 1,3%, úr 12.995,3 m.kr. í 12.882,6 m.kr., en framkvæmdaliðir lækkuðu um 51,3%, úr 576,7 í 872,4 m.kr. Helstu skýringar fyrir þessari aukningu á framkvæmdum voru gagngerar endurbætur á VR-I, Læknagarði og Nýja-Garði, auk þess sem hellulagt var fyrir framan Aðalbyggingu Háskóla Íslands og ný lyfta sett í húsið. Ársverk voru 1.275,1 og fjölgaði þeim um 1,2% milli ára. Laun á hvert ársverk jukust um 0,38% og launakostnaður jókst alls úr 8.700,8 m.kr. í 8.836,5 m.kr. Fjölgun starfsmanna er m.a. rakin til þess að kennsla sem áður var unnin í yfirvinnu hefur nú færst yfir í stundakennslu, en stundakennsla kemur inn í mælingu á ársverkum. Annars er hækkun rekstrarkostnaðar á undanförunum árum mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum.

Háskóli Íslands var rekinn með 209,5 m.kr. tekjuafgangi en 240,6 m.kr. afgangi árið áður. Hagnaðurinn skiptist þannig að af reglulegri starfsemi var 421,2 m.kr. afgangur en 124,3 m.kr. árið áður. Hluti þessarar afkomu skýrist af 135 m.kr. tekjufræslu frá Happpdrætti Háskóla Íslands, sem er leiðrétting á fjárveitingu ársins 2009. Af þessum sökum var framlag HHÍ 735 m.kr. í stað 600 m.kr. eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Fjármagnsgjöld námu 211,7 m.kr. en 116,2 m.kr. tekjur árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnsgjalda á árinu er vegna gengisbreytinga og er því óregluleg gjöld.

Opinber framlög til háskólans hafa dregist saman á undanförunum árum í kjölfar efnahagskreppunnar. Viðbrögð skólans hafa byggst á þeim meginsjónarmiðum að tryggja skuli stúdentum kennslu í samræmi við gæðakröfur háskólans, að standa beri vörð um störf og að ekki sé misst sjónar á stefnumarkmiðum skólans heldur sé haldið áfram að byggja upp öflugan rannsóknaháskóla. Í því felst mikilvægasta framlag Háskóla Íslands til framtíðar þjóðarinnar á erfiðum tímum.

Starfsfólk

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna var 1.259 og skiptust þeir í 643 akademíska starfsmenn og 616 aðra starfsmenn. Akademískur starfsmennirnir skiptust í 238 prófessora, 172 dósentar, 158 lektora og 75 aðjunktur. Af akademískum starfsmönnum voru erlendir kennarar um 40 talsins. Stundakennarar voru 2.284 og komu þeir víðsvegar að úr atvinnulífi og frá erlendum og innlendum háskólum og stofnunum. Fjöldi akademískra gestakennara var 37 og akademískir nafnbótarhafar frá Landspítala voru 131. Þá störfuðu 44 nýdóttarar við Háskóla Íslands.

Áframhaldandi fjölgun nemenda og brautskráðra kandídata

Ekkert lát var á aðsókn nemenda að Háskóla Íslands og undir lok árs 2010 voru um 14.000 nemendur skráðir til náms. Skiptist nemendahópurinn þannig að um 10.300 nemendur voru í grunnnámi og um 3.700 í meistaranámi, þar af um 450 í doktorsnámi. Í Háskóla Íslands voru um 380 námsleiðir í boði, 160 í grunnnámi og 220 í framhaldsnámi. Fjöldi erlendra nemenda við Háskóla Íslands var um 1.100. Flestir koma erlendu nemendurnir frá Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Ítalíu, Spáni, Bandaríkjunum, Noregi og Kanada. Þegar litið er til helstu ákvörðunarstaða íslenskra nemenda Háskóla Íslands sem taka hluta af námi sínu erlendis er röðin aftur á móti þessi: Danmörk, Svíþjóð, Bandaríkin, Spánn, Frakkland, Bretland, Þýskaland, Ítalía, Noregur og Japan.

Brautskráðum kandídötum fjölgaði einnig umtalsvert á árinu og luku tæplega 1.600 nemendur grunnnámi, ríflega 300 viðbótar- og starfsréttindanámi, tæplega 800 meistaranámi og 36 doktorsnámi. Við árlega brautskráningu í júní brautskráðust 1.780 kandídatar sem er mestur fjöldi sem brautskráður hefur verið frá Háskóla Íslands á einum degi. Þá fjölgaði umsóknnum um nám fyrir kennsluárið 2010–2011 enn um 18%. Samtals sótu á sjötta þúsund nýnema um grunnnám, sem er 12% aukning á milli ára en umsóknir um meistaranám voru 2.700 talsins sem jafngildir 32% aukningu.

Doktorsnám og doktorsvarnir

Doktorsnafnbótin er æðsti lærdómstíll sem háskólar veita. Háskóli Íslands hefur heimild til að brautskrá doktora af öllum fræðasviðum sínum, en sú heimild var í öllum tilvikum veitt að undangenginni faglegri úttekt erlendra sérfræðinga. Stöðugt fleiri nemendur stunda doktorsnám innan ólíkra sviða. Uppbygging doktorsnámsins styrkir stöðu háskólans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og gerir honum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland standist öðrum snúning í vísindum, nýsköpun, atvinnuþróun og menningu innan þekkingarsamfélags þjóðanna.

Forsenda uppbyggingar doktorsnáms eru öflugir styrktarsjóðir sem gera framhaldsnemum kleift að helga sig námi sínu. Tímamót urðu í þessu efni árið 2005 þegar ákveðið var að úthluta úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, en sjóðurinn var stofnaður árið 1964 með gjöf frá Vestur-Íslendingum. Þá hafa fjölmargir doktorsnemar hlotið styrki úr öðrum innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

Aðstaða fyrir doktorsnema hefur einnig tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Í því sambandi ber sérstaklega að geta þess áfanga sem náðist þegar nýjustu byggingar Háskóla Íslands, Háskólatorg og Gimli, voru vígðar 1. desember 2007. Þar hefur stór hópur doktorsnema fasta vinnuaðstöðu. Háskóli Íslands hefur enn fremur unnið markvisst að því að treysta faglega umgjörð doktorsnámsins. Árið 2004 voru skilgreind formleg viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við skólann og í byrjun árs 2009 tók til starfa sérstök Miðstöð framhaldsnáms sem hefur það hlutverk að fylgja eftir faglegum kröfum og tryggja gæði námsins.

Á árinu 2010 stunduðu um 450 doktorsnema nám við Háskóla Íslands og fóru 36 doktorsvarnir fram við skólann, sem var nokkur fjölgun frá fyrra ári. Skiptust doktorsvarnir þannig eftir fræðasviðum að 21 vörn fór fram frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, 11 varnir frá Heilbrigðisvísindasviði, tvær frá Hugvísindasviði, ein frá Félagsvísindasviði og ein frá Menntavísindasviði. Gera áætlanir ráð fyrir að doktorsnemum fjölgi hratt á næstu árum og að þær fylli fimmta tuginn þegar árið 2011. Nánar er gerð grein fyrir doktorsvörnum við Háskóla Íslands aftar í þessari Árbók.

Háskóli Íslands aðili að Council of Graduate Schools

Háskóli Íslands hlaut á árinu aðild að bandarísku samtökunum Council of Graduate Schools, CGS. Samtökin eru hin fremstu sinnar tegundar í Bandaríkjunum, með aðsetur í Washington D.C. og eiga sér yfir 40 ára sögu. Meginmarkmið þeirra er að vinna að framförum og eflingu framhaldsnáms og rannsókna við háskóla, jafnt á meistara- sem doktorsstigi, í þágu nýrrar þekkingar. Yfir 500 háskólar eiga aðild að CGS, flestir eru í Bandaríkjunum og Kanada en 19 utan þeirra. Sameiginlega brautskrá háskólarnir í CGS meira en 95% af doktorsnemum og yfir 78% af meistaranemum í Bandaríkjunum. Með aðild háskólans að Council of Graduate Schools opnast möguleikar á auknu samstarfi við fjölmarga ólíka háskóla og ráðgjöf frá þeim um uppbyggingu og þróun framhaldsnáms. Að auki felur aðildin í sér fjölbreyttan aðgang að upplýsingaveitum og gagnasöfnum og tengir Háskóla Íslands stóru samfélagi rannsóknaháskóla. Aðildin að CGS er mikil viðurkenning og jafnframt mikilvægur þáttur í að efla enn frekar Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Miðstöðin var sett á laggirnar í kjölfar setningar Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 og er hlutverk hennar að hafa umsjón með og fylgja eftir samræmdum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands.

Heiðursdóttarar

Fimm heiðursdóttarar voru kjörnar við Háskóla Íslands á árinu 2010. Hans-Olov Adami var sæmdur heiðursdóttarsnafnbót frá Læknadeild í júní. Sigfús J. Johnsen var kjörinn heiðursdóttari frá Jarðvísindadeild í ágúst og á fullveldisdaginn 1. desember var þremur rithöfundum, þeim Álfrúnu Gunnlaugsdóttur, Matthíasi Johannessen og Thor Vilhjálmsyni veitt heiðursdóttarsnafnbót fyrir sköpunarstarf þeirra frá Íslensku- og menningardeild. Þess má geta í þessu sambandi að 24 ár eru liðin frá því að rithöfundur var síðast sæmdur heiðursdóttarsnafnbót við Háskóla Íslands en aðrir rithöfundar í hópi heiðursdóttara eru Snorri Hjartarson (1986), Gunnar Gunnarsson (1974), Þórbergur Þórðarson (1974) og Halldór Kiljan Laxness (1972). Ítarlegri umfjöllun um heiðursdóttara er að finna aftar í þessari Árbók.

Nýsköpun

Háskóli Íslands leggur mikla áherslu á nýsköpunarverkefni á öllum sviðum vísinda og fræða innan skólans. Úr rannsóknavinnu kennara og stúdenta Háskóla Íslands hafa á undanförnum árum orðið til fjölmörg nýsköpunarverkefni og sprotafyrirtæki sem velta á annan milljarð króna og veita um 150 manns vinnu. Þekktasta dæmið um velgengni sprotafyrirtækis sem varð til við Háskóla Íslands er Marel. Marel er nú í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja Íslands og framarlega á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Marel er alþjóðlegt fyrirtæki og hjá því starfa nú um 3.500 manns um allan heim. Fyrirtækið starfrækir skrifstofur og dótturfyrirtæki í meira en 30 löndum, auk 60 umboðsmanna og dreifingaraðila.

Háskóli Íslands hefur stutt nýsköpunarstarf stúdenta með þátttöku í uppbyggingu frumkvöðlasetursins Innovit á háskólalóðinni. Markmið setursins er að auka þátt stúdenta í frumkvöðlastarfi og auðvelda þeim stofnun sprotafyrirtækja. Sem dæmi um slík sprotafyrirtæki má nefna hugbúnaðarfyrirtækið CLARA, sem nemendur í verkfræði, heimspeki, sálfræði og tölvunarfræði stofnuðu, símafyrirtækin Global Call og Ýmir Mobile, sem verkfræðingar stofnuðu, Meniga hugbúnað fyrir



fjármálastjórnun heimila, en að því standa brautskráðir nemendur úr rafmagns- og tölvuverkfræði og sagnfræði, KinWins samskiptaleik fyrir snjallsíma og internet, sem ætlaður er allri fjölskyldunni og á rætur að rekja til fyrirtækis sem stofnað var af tveimur ungum konum úr hagfræði og verkfræði, og ferðaskrifstofuna Pink Iceland sem var stofnuð af nemendum í ferðamálafræði og hjúkrunarfræði.

Þegar allt er talið eru á annað þúsund ársverk unnin innan Háskóla Íslands gegnum rannsóknavinnu kennara, vísindamanna, doktors- og meistaranema og nemenda í grunnnámi. Í þessum verkum leynast mikil verðmæti og mun Háskóli Íslands kappkosta á næstu misserum að leiða saman hugmyndavinnu þessa fólks og þekkingu og reynslu fólks úr atvinnulífnum og menningarlífi með það fyrir augum að vinna nýjum hugmyndum brautargengi.

Nýsköpunarmessa

Árleg nýsköpunarmessa var haldin um miðjan nóvember þar sem fjölmörg sprotafyrirtæki kynntu starfsemi sína. Nýsköpunarmessa er hluti af alþjóðlegri athafnavíku og er markmið hennar að frumkvöðlar verði brautryðjendur efnahagslegrar og samfélagslegrar hagsældar um allan heim. Mennta- og menningarmálaráðherra setti nýsköpunarmessuna og lagði áherslu á mikilvægi nýsköpunar í samfélaginu. Óskaði hún háskólafélki jafnframt til hamingju með nýsköpunarmessuna en hugmyndin með henni er m.a. að næsta kynslóð frumkvöðla innan háskólans fái innblástur og hvatningu til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Á messunni veitti rektor hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands í tólfta sinn, en að þessu sinni bárust 13 hugmyndir af ýmsum fræðasviðum Háskóla Íslands. Fyrstu verðlaun hlaut tillagan „handrit.is“ en að henni standa Sigurgeir Steingrímsson vísindamaður á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns, og Matthew Driscoll, forstöðumaður Árnastofnunar í Kaupmannahöfn. Önnur verðlaun hlaut verkefnið „Ný tækni til flúrljómunarrannsókna á lifandi frumum“, sem lagt var fram af Birni Agnarssyni, doktorsnema við Háskóla Íslands, og Kristjáni Leóssyni, eðlisfræðingi á Raunvísindastofnun. Þriðju verðlaun voru veitt Auði Hauksdóttur, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, fyrir verkefnið „frasar.net. Danskt – íslenskt máltæki.“

Íslenska þjóðin treystir Háskóla Íslands

Frá árinu 1993 hefur farið fram árleg könnun á vegum fyrirtækisins Capacent á trausti almennings til helstu stofnana íslensku þjóðarinnar. Frá upphafi hefur Háskóli Íslands notið mests eða næstmests trausts og mældist það 76% á árinu 2010. Aðeins lögreglan mælist með heldur meira traust, eða 81%. Traust til Háskóla Íslands skapast ekki síst af skýrri framtíðarsýn skólans og stefnu hans. Undanfarin ár hefur háskólinn sótt fram. Hann hefur hert kröfur um árangur og lagt viðurkennda alþjóðlega mælikvarða á starf skólans. Næst á eftir Háskóla Íslands í þjóðarpólssi Capacent kom heilbrigðiskerfið sem naut trausts 70% landsmanna, 57% sögðust bera mikið traust til embættis sérstaks saksóknara, en fjármála- og bankakerfið rak lestina í hinum árlega þjóðarpólssi Capacent.

Byggingarverkefni og nýframkvæmdir

Ýmis byggingarverkefni voru í undirbúningi við Háskóla Íslands eða í tengslum við skólann.

Nýbygging Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs

Unnið var að undirbúningi nýbyggingar Landspítala þar sem verður jafnframt til húsa í framtíðinni Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir um 10.000 m² undir starfsemi Háskóla Íslands í fyrsta áfanga byggingarinnar. Áætlaður kostnaður Háskóla Íslands er um 4.000–5.000 m.kr. og verður hlutur skólans aðallega fjármagnaður með framlagi Happpdrættis Háskóla Íslands og með sölu eigna.

Nýbygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Áfram var unnið að fjáröflun og undirbúningi að nýbyggingu Stofnunar Vigdísar

Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Gert er ráð fyrir um 3.000 m² byggingu vestan Suðurgötu gegnt Háskólatorgi. Þar verður Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Hugvísindasvið Háskóla Íslands til húsa til frambúðar. Áætlað er að byggingin verði fjármögnuð að einum þriðja hluta af háskólanum og að tveimur þriðju hlutum með frjálsum framlögum.

Hús íslenskra fræða og Íslensku- og menningardeildar

Einnig var áfram haldið undirbúningi Húss íslenskra fræða. Þar verða m.a. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands til húsa. Áformað er að byggingin verði 6.000–7.000 m² og verður hlutur Háskóla Íslands líklega um 800 m.kr. og hann fjármagnaður af Happraætti Háskóla Íslands.

Nýbygging Menntavísindasviðs

Enn fremur var í undirbúningi nýbygging fyrir Menntavísindasvið vestan Suðurgötu. Samþykkt hefur verið breytt deiliskipulag og endurskoðun þarfagreiningar er í vinnslu. Líklegt er að byggingin verði um 14.000–15.000 m² að stærð og áætlað er að fjármagna hana með sölu eigna í Stakkahlíð.

Vísindagarðar Háskóla Íslands

Áfram var unnið að undirbúningi Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Nýtt deiliskipulag liggur fyrir og gerir það auðveldara um vik að byggja Vísindagarða upp í áföngum.

Stúdentagarðar Félagsstofnunar stúdenta

Hafinn var undirbúningur að bygging nýrra stúdentagarða á lóð Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Í stúdentagörðunum verða íbúðir og herbergi fyrir stúdenta og er gert ráð fyrir að tvö hús verði reist í fyrsta áfanga, samtals um 150-170 einingar.

Jafnréttismál

Mikið starf er unnið innan Háskóla Íslands á sviði jafnréttismála og hefur verulegur árangur náðst á því sviði innan skólans. Þetta má ljóslega sjá á nokkrum kennitölum: Árið 1911 þegar Háskóli Íslands var stofnaður var aðeins ein kona í hópi þeirra 45 stúdenta sem hófu nám þá um haustið. Árið 2010 stunduðu um 14.000 nemendur nám við skólann og var hlutfall kvenna í nemendahópnum um 66%. Hlutfall kvenna meðal prófessora var 23%, meðal dósentna 38% og fjöldi kvenna í hópi lektora var 56%. Þegar horft er til æðstu stjórnenda, rektors og forseta fræðasviða, voru 33% þeirra konur og hlutfall kvenna meðal fulltrúa í háskólaráði var 64%. Þá voru 40% formanna starfsnefnda háskólaráðs konur og hlutfall kvendeildarforseta 48%.

Alþjóðlegt samstarf

Þrátt fyrir smæð Háskóla Íslands í alþjóðlegum samanburði er hann eftirsóttur til samstarfs. Það má rekja til vísindaárangurs skólans og einnig til afbrigðisárangurs nemenda frá Háskóla Íslands í framhaldsnámi við erlenda háskóla. Hvort tveggja hefur opnað fyrir samstarf við stofnanir í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu og skapað þannig nemendum Háskóla Íslands tækifæri til að taka hluta af námi sínu við þessar stofnanir án þess að greiða skólagjöld. Meðal sterkustu samstarfsaðila Háskóla Íslands á alþjóðlegum vettvangi má nefna bandarísku háskólana Harvard University, California Institute of Technology, University of California, Columbia University og University of Minnesota, University of Manitoba í Kanada, Oxford University í Englandi, Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku, Karolinska Institutet í Svíþjóð, kínversku háskólana Fudan University og Beijing University, TERI vísinda- og tæknistofnunina í Delhi á Indlandi, auk Waseda University í Japan.

Háskóli Íslands og Harvard-háskóli endurnýja samstarfssamning

Háskóli Íslands og Harvard School of Public Health endurnýjuðu í júní samstarfssamning um sameiginlegt hágæðavísindastarf sem felur í sér samvinnu í rannsóknnum, kennslu, þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna. Samningurinn er milli Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og Faraldsfræðideildar Harvard-háskóla. Hornsteinn samstarfsins er rannsókn á krabbameini í blöðruhálskirtli sem hefur ekki verið rannsakað jafnframtlega og mörg álíka algeng krabbamein.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Hans-Olov Adami, prófessor og forseti Faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health, undirrituðu samninginn. Rannsóknarverkefni Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og Faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health á krabbameini í blöðruhálskirtli byggjast á einstökum íslenskum efniviði frá Hjartavernd og Krabbameinsskrá. Krabbamein í blöðruhálskirtli hefur farið ört vaxandi og er í dag næstalgengasta dánarorsökin af völdum krabbameins hérlandis. Samanborið við önnur álíka algeng krabbamein er fátt er vitað um áhrifaþætti nýgengis og framvindu sjúkdómsins.

Miðstöð í lýðheilsuvísindum vinnur nú að stórtækum og metnaðarfullum rannsóknum í samvinnu við Faraldsfræðideild Harvard School of Public Health, Krabbameinsfélag Íslands, Hjartavernd og Landspítala Háskólasjúkrahús á þessu alvarlega krabbameini. Rannsóknirnar snúa að áhættuþáttum sem og forspárþáttum um framvindu sjúkdómsins, t.d. um áhrif mataræðis ásamt áhrifum streitu og svefvenja á frampróun sjúkdómsins. Tveir doktorsnemar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og tveir nýdóttorar vinna við þessar rannsóknir í samvinnu við fræðimenn allra ofantalinna stofnana. Miðstöð í lýðheilsuvísindum var formlega stofnuð 16. febrúar 2007 og hófu fyrstu nemendurnir nám á haustmisseri 2007. Á þeim stutta tíma sem liðinn er hefur stofnunin komið á laggirnar öflugum rannsóknatengdu námi. Árið 2010 stunduðu um 60 meistaranámsnemar og 20 doktorsnemar nám í lýðheilsuvísindum við stofnunina. Samstarf Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og Faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health hefur leitt til sameiginlegra rannsóknarverkefna ásamt samvinnu um kennslu og þjálfun ungra vísindamanna.

University of Colorado og Háskóli Íslands hefja samstarf

Um haustið var undirritaður samstarfssamningur á milli Háskóla Íslands og University of Colorado. Er um að ræða gagnkvæman samstarfssamning um sameiginlegt framhaldsnám í jarðvísindum, þ.e. til meistara- og doktorsgráðu. Mikill fengur er að samstarfinu fyrir Háskóla Íslands þar sem University of Colorado er meðal fremstu háskóla í Bandaríkjunum á sviði umhverfísvísinda. Íslenskir stúdentar hafa sótt framhaldsnám í University of Colorado í gegnum árin, en tengslin milli háskólanna tveggja hafa eflst verulega undanfarin ár. Það er einkum í gegnum rannsóknastofnun CU, er nefnist Institute of Arctic and Alpine Research (INSTAAR) og sérhæfir sig í heimskaufraeðum, bæði í jarðfræði og líffræði. Á árinu 2010 voru tveir bandarískir doktorsnemar við rannsóknir hjá Háskóla Íslands og munu þeir útskrifast með sameiginlega doktorsgráðu frá báðum háskólunum. University of Colorado er sá tólfth í hópi kunnra háskóla, sem Háskóli Íslands á samstarf við um sameiginlegt nám til meistara- eða doktorsgráðu, og sá fyrsti í Bandaríkjunum.

Háskóli Íslands, Stanford-háskóli og NASA í samstarf

Raunvísindastofnun háskólans og Stanford-háskóli undirrituðu í ágúst samkomulag um þróun líkans af Vetrarbrautinni til úrvinnslu gagna úr Fermi-gervitungli NASA. Verkefnisstjóri á Íslandi er Guðlaugur Jóhannesson sem hefur unnið að hliðstæðum rannsóknum við Stanford-háskóla undanfarin þrjú ár og verið virkur þátttakandi í Fermi-samstarfinu. Það er mikill fengur fyrir Raunvísindastofnun og Háskóla Íslands að þessu samkomulagi sem efla mun enn frekar rannsóknir í stjarnvísindum á Íslandi. Um borð í Fermi-gervitunglinu er stór sjónauki, svenefndur Large Area Telescope (LAT), sem næmur er fyrir háorkugamma-geislun, en sjónaukinn er helsta mælitæki gervitunglsins. Fermi-tunglinu var skotið á loft 11. júní 2008 og hefur það síðan þá aukið gríðarlega við þekkingu okkar á háorkugeislun utan úr geimnum. Á fyrstu mánuðum mælinganna fann tunglið t.d. 16 áður óþekktar tistjörnur og hefur síðan gert fjölda annarra uppgötvana. Tímaritið Science taldi niðurstöður Fermi-mælinganna á meðal stærstu uppgötvana ársins 2009, en mælitæki þess skanna alla himinhvelvinguna á um þremur klukkustundum. Að Fermi-rannsóknarverkefninu vinnur alþjóðlegur hópur um 400 vísindamanna frá meira en 10 löndum. Verkefnið er að mestu leyti fjármagnað af Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) og orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna (DOE) en einnig taka virtar stofnanir í Frakklandi, Ítalíu, Japan og Svíþjóð stóran þátt í því. Nú þegar hafa niðurstöður mælinganna verið birtar í yfir 100 ritrýndum greinum í virtum tímaritum, meðal annars í Science og Nature. Gangi allt að óskum mun gervitunglið halda áfram mælingum næstu átta árin.

Samstarf Háskóla Íslands við kínverska háskóla

Samstarf Háskóla Íslands við kínverska háskóla hefur aukist og styrkst mikið á síðustu árum. Í tengslum við nám í kínversku og kínverskum fræðum hefur Háskóli Íslands gert samninga við kínverska háskóla og geta íslenskir nemendur nú tekið þriðja námsár sitt við Beijing University, Beijing Normal University, Communication University of China (Beijing), Fudan University (Shanghai), Jilin

University (Changchun), Nanjing University og Ningbo University. Þá var Konfúsíusarstofnun (e. Confusius Institute) sett á laggirnar við Háskóla Íslands árið 2008 og er stofnunin styrkt fjárhagslega af kínverska menntamálaráðuneytinu. Enn fremur eru í gildi samningar vegna kennara- og nemendaskipta í fjölmörgum greinum, s.s. við Peking-háskóla, Fudan-háskóla og Jilin-háskóla. Íslenskir og kínverskir vísindamenn eiga í öflugum samstarfi, einkum á sviði heilbrigðisvísinda, hugvísinda, jarðvísinda, loftslagsfræða og verkfræði, svo að nokkuð sé nefnt. Þá er Háskóli Íslands aðili að norrænu setri við Fudan-háskóla (e. Nordic Centre Fudan) ásamt öðrum háskólum á Norðurlöndunum. Norræna setrið gengst m.a. fyrir samarnámskeiðum og hefur verið góð þátttaka nemenda úr ýmsum greinum Háskóla Íslands. Loks er töluvert samstarf á milli Háskóla Íslands og kínverskra háskóla á sviði kennslu og hefur hópur kennara við Háskóla Íslands kennt við kínverska háskóla, m.a. á sviði rafmagnsverkfræði, heimspeki o.fl.

Ísland tengiliður við öflugustu rannsókn- og háskólanet heims

Öflugur tengipunktur, sem settur hefur verið upp í vélasal Reiknistofnunar Háskóla Íslands við Sturlugötu, gerir Ísland að nýjum tengilið öflugustu rannsókn- og háskólaneta heims. Jafnframt tengist Rannsókn- og háskólanet Íslands (RHnet) norræna rannsókn- og háskólanetinu og bandarískum og evrópskum rannsóknanetum með afkastamiklum tengingum. Tengipunkturinn „IceLink“ er settur upp af NORÐUnet sem tengir saman rannsókn- og háskólanet á Norðurlöndunum.

Hvatt til sérmenntunar túlka á Íslandi

Í október komu hingað til lands þrjár aðalframkvæmdastjórnar túlkunar frá þremur meginstofnunum Evrópusambandsins, þau Olga Cosmidou frá Evrópuþinginu, Marco Benedetti frá framkvæmdastjórninni og Patrick Twidle frá Evrópuþómstólum. Þar sem túlkun leikur lykilhlutverk í samskiptum manna innan ESB er nauðsynlegt að næg þekking sé til staðar hér á landi til að sinna slíkum samskiptum. Þetta á ekki einungis við ef af aðild Íslands verður því að það sama gildir um sjálfar aðildarviðræðurnar og undirbúning hugsanlegrar aðildar. Framkvæmdastjórnarnir þrír kynntu sér með hvaða hætti íslensk stjórnvöld undirbúa þessa miklu þörf fyrir túlka og hvetja til sérmenntunar þeirra hér á landi. Slík sérmenntun hefur ekki verið fyrir hendi nema í litlum mæli. Mennta- og menningar- málaráðuneytið hefur falið Háskóla Íslands að annast þá kennslu og þjálfun í túlkun og nýttjaþýðingum sem nauðsynleg er til að Ísland geti orðið virkur aðili í Evrópusamstarfi. Þjálfun og menntun þýðenda tekur að jafnaði 1–2 ár á meistara- stigi. Námið er mjög krefjandi og ólíklegt að margir útskrifist á hverju ári. Þeir sem ljúka náminu hafa mjög góða starfs- og tekjumöguleika. Í máli Patrick-Twidle kom fram að burtséð frá aðild þurfi Íslendingar að mennta þýðendur og túlka. Það varðar t.d. grundvallarmannréttindi sakborninga að geta talað eigið tungumál í réttarkerfinu og eiga aðgang að hæfum túlkum. Að áliti þeirra mun íslenska styrkjast í þessu ferli, hún verður alþjóðlegt tungumál og eitt opinberra tungumála í ESB verði af aðild.

Innlent samstarf

Samstarf Háskóla Íslands og Landspítala

Mjög náið og gott samstarf er á milli Háskóla Íslands og Landspítalans. Markmið samstarfsins er að menntun heilbrigðisstétta á Íslandi sé sambærileg því sem best gerist á hliðstæðum stofnunum erlendis, að skapa sem bestar aðstæður fyrir klínískt nám í heilbrigðisvísindagreinum, að stuðla sameiginlega að framgangi vísindarannsókna og fræðilegri framþróun og að stuðla að sem bestri nýliðun heilbrigðisstétta á Íslandi. Árangur samstarfs Háskóla Íslands og Landspítalans hefur verið mikill eins og glögg mætti sjá á ráðstefnunni Vísindi á vordögum, en um 90% þeirra vísindaverkefna sem þar voru kynnt eru unnin í samvinnu vísindamanna beggja stofnana.

Akademískar nafnbætur veittar sérfræðingum á Landspítala

Í maí voru starfsmönnum Landspítalans veittar 19 akademískar nafnbætur. Þær skiptast þannig á milli deilda, að 10 eru í Læknadeild, 6 í Hjúkrunarfræðideild, tvær í Sálfræðideild og ein í Lyfjafræðideild. Um er að ræða tvær prófessorsnafnbætur, 7 dósentsnafnbætur og 10 lektorsnafnbætur. Háskóli Íslands og Landspítali eiga mjög nána samvinnu sem miðar fyrst og fremst að því að efla kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum og að bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur. Vegna samvinnunnar veita heilbrigðisvísindadeildir Háskóla Íslands, og í sumum tilvikum aðrar deildir skólans, háskólamenntuðu starfsfólki Landspítala akadem-



íska nafnbót. Nafnbótin er viðurkenning sem veitt er að undangengnu mati dómnefndar á vísindastörfum viðkomandi sérfræðings.

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Matís ohf.

Í mars undirrituðu rektor Háskóla Íslands og forstjóri Matís ohf. samning um að efla verklega kennslu og vísindastarf á sviði matvælafræði, matvælaferkfræði, líftækni og matvælaöryggis. Hugmyndin með samningnum er að efla fræðilega og verklega menntun nemenda Háskóla Íslands og auka rannsóknir á framan- greindum sviðum. Þá er markmiðið að nýta möguleika til samreksturs tækja í þágu sameiginlegra verkefna en háskólinn og Matís hyggjast kaupa og reka sameiginlega ýmiss konar búnað til rannsókna. Háskóli Íslands og Matís ætla sér með samstarfinu að vera í fararbroddi í nýsköpun á þeim fræðasviðum sem tengjast matvælafræði, matvælaferkfræði, líftækni og matvælaöryggi. Með samningnum mun verkleg leiðbeining meistara- og doktorsnema Háskóla Íslands fara fram hjá Matís en hugmyndin er að tryggja að gæði rannsókna hjá samnings- aðilum séu sambærileg við það sem best gerist á alþjóðlegum vettvangi á framangreindum fræðasviðum. Með samstarfinu á einnig að tryggja faglega sérstöðu í því skyni að laða að nemendur og fræðimenn á alþjóðlegum vettvangi. Þá er ætlunin er að fjölga nemendum í grunn- og framhaldsnámi í matvælafræði, matvælaferkfræði og líftækni. Í vikunni sem samningurinn var undirritaður varð Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís, jafnframt gestaprófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og var samningur þess efnis undirritaður.

Össur hf. og Rannsóknastofa í hreyfivísindum í samstarf

Í september var undirritaður samningur milli Rannsóknastofu í hreyfivísindum við námsbraut í sjúkrapjálfun og Össurar hf. Samningurinn felur í sér að Rannsóknastofa í hreyfivísindum og Össur munu hafa með sér samstarf við rannsóknir og prófanir á stoð- og stuðningstækjum úr framleiðslulínu Össurar, auk grunnrannsóknar sem gætu leitt til þróunar á nýrri vöru. Tveimur samstarfsverkefnum er þegar lokið og kom Nýsköpunarsjóður námsmanna að öðru þeirra.

Rannsóknastofa í hreyfivísindum við námsbraut í sjúkrapjálfun við Læknadeild Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun. Með hreyfivísindum er átt við öll þau fræði sem tengjast hreyfingum mannlíkamans á einn eða annan hátt. Rannsóknastofan er vettvangur þekkingarmiðlunar og rannsókna- og þróunarstarfs á sviði hreyfivísinda og sjúkrapjálfunar. Össur hf. er leiðandi á alþjóðavísu í hönnun stoð- og stuðningstækja og einn af stærstu stoðtækjaframleiðendum í heiminum. Samningurinn felur því í sér mikla viðurkenningu á öfluglu starfi rannsóknastofunnar. Hann er þó ekki síður stuðningur við áframhaldandi rannsóknir á sviði hreyfivísinda við Háskóla Íslands. Samningurinn gerir rannsóknarstofu í hreyfivísindum kleift að efla og þróa rannsóknir sínar enn frekar, m.a. annars með því að nýta sérfræðiþekkingu Össurar á sviði stoð- og stuðningstækja og verkfræði. Össur mun á hinn bóginn fá prófanir og rannsóknarniðurstöður tengdar vörum sínum og nýta sér sérfræðiþekkingu starfsmanna rannsóknastofunnar í hreyfingarfræði, lífafræði og lífeðlisfræði.

Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining og Landspítalinn stofna Mannerfðafræðistofnun

Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining og Landspítali gerðu í júní með sér samkomulag um stofnun Mannerfðafræðistofnunar, nýrrar rannsóknastofnunar sem ætlað er að verða vettvangur rannsókna á sviði mannerfðafræði á Íslandi og stuðla að aukinni samvinnu innan vísindasamfélagsins hér á landi.

Þessir þrír aðilar eiga nú þegar með sér umfangsmikið samstarf og hafa átt um árabíl en Mannerfðafræðistofnun er ætlað að festa það í sessi og verða þunga- miðja þróunar þess til framtíðar. Stefnt er að því að stofnunin verði leiðandi á sínu sviði á hér á landi sem og á heimsvísu. Hún byggir starfsemi sína á þeim orðstír sem Íslensk erfðagreining hefur skapað sér í samvinnu við vísindamenn Háskóla Íslands og Landspítala og mun leitast við að vernda hann og efla. Einnig er ætlunin að aðrir háskólar, stofnanir og fyrirtæki í mannerfðafræðirannsóknum geti síðar meir gengið til liðs við stofnunina. Gert er ráð fyrir að samstarfsaðilarnir myndi samstillta rannsóknareiningu sem nýtir það besta sem hver stofnun hefur fram að færa í formi sérþekkingar, mannauðs, rannsóknareynslu, gagnasafna og lífsýnabanka, til framfara í vísindum og til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og alþjóðasamfélagið. Lögð verður rík áhersla innan stofnunarinnar á að mennta og þjálfu unga vísindamenn og veita doktorsnemum og nýdoktorum sem best brautargengi. Þegar hefur verið hafist handa við undirbúning að fyrsta langtíma- verkefninu sem unnið verður innan hinnar nýju rannsóknastofnunar þar sem könnuð verða kerfisbundið tengsl milli arfgerða og ýmissa svipgerða (eiginleika)

mannsins, s.s. erfðastjórn minnis, hlutfallslegt vægi erfða og umhverfis í tjáningu þess.

Hafrannsóknastofnun og Háskóli Íslands efla samstarf sitt

Í byrjun október undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektors Háskóla Íslands, og Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, samstarfssamning um haf- og fiskirannsóknir og kennslu í greinum sem tengjast haf- og fiskifræðum. Með því að auka samstarf sín á milli vilja Hafrannsóknastofnunin og háskólinn stuðla enn frekar að aukinni þekkingu á vistkerfi hafsvæðisins við Ísland og tryggja að sjálfbær nýting sjávarauðlinda byggist á eins góðri vísindalegri þekkingu og vöð er á hverju sinni. Með samningnum hyggjast Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnunin efla rannsóknir á auðlindum sjávar og umhverfisþáttum þeim tengdum. Markmiðið er að efla einnig menntun, einkum á framhaldsstigi, á sviði haf- og fiskirannsóknna, að auka þekkingu á viðfangsefnum íslensks sjávarútvegs og að samnýta aðstöðu og færni háskólans og Hafrannsóknastofnunar. Samstarf Hafrannsóknastofnunarinnar og Háskóla Íslands hefur verið mikilvægt báðum aðilum. Stofnanirnar hafa um árabil átt í samstarfi um kennslu og rannsóknir en starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafa m.a. kennt við háskólann og kennarar skólans hafa haft rannsóknnaaðstöðu á stofnuninni. Þá hafa kennarar og nemendur háskólans um árabil haft aðgang að rannsóknaskipum stofnunarinnar bæði vegna kennslu og í tengslum við gagnasöfnum vegna rannsókna. Stofnanirnar eiga einnig í margvíslegum samrekstri, t.d. á rannsóknasetrum og á minni rannsóknastofum víða úti um land. Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnun hafa einnig sótt sameiginlega í erlenda rannsóknasjóði á síðustu árum. Stofnanirnar hafa unnið saman að stórum verkefnum sem fengið hafa verulega styrki úr rannsóknasjóðum Evrópusambandsins. Í því sambandi má nefna verkefni sem tengdist hrygningu og stofneiningum þorsks við Ísland, verkefni þar sem unnið var að fjölstofna líkanagerð til notkunar við stofnmat og rannsóknir sem beindust að flutningi koltvísýrings á milli lofta og sjávar. Öll þessi verkefni byggðust m.a. á þeim miklu gögnum sem Hafrannsóknastofnun safnar í tengslum við reglubundna umhverfissvöktun og mat á fiskistofnum, oft með virkri þátttöku nemenda á framhaldsstigi við háskólann. Jafnframt hafa báðar stofnanirnar unnið í samstarfi við Björn Birnir, prófessor við Kaliforníuháskóla og gestaprófessor við Háskóla Íslands, að rannsóknum á göngum, vexti og kynþroska loðnu. Auðlindir sjávar hafa verið og munu áfram verða ein meginundirstaða íslensks efnahagslífs, ekki síst í uppbyggingunni í kjölfar efnahagshrunsins. Með samningnum eru lykilaðilar í rannsóknum á þessum auðlindum að styrkja tengsl sín enda mun nýting auðlindanna byggjast á öflugum rannsóknum sem grundvallast á vel menntuðu fólki á mörgum sviðum.

Háskólinn og Þjóðminjasafnið efla rannsóknir á menningararfnum

Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands gerðu í september með sér samning um að efla samstarf sín á milli um kennslu og rannsóknir. Starfsemi háskólans og Þjóðminjasafnsins tengist á margan hátt og með samningnum hyggjast þessar stofnanir leggja saman krafta sína og nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem þær búa yfir. Samstarfið snýr m.a. að kennslu og rannsóknum í fornleifafræði, listfræði, safnafræði, hagnýtri menningarmiðlun, forvörslu, þjóðfræði og sagnfræði. Samningurinn tekur til starfsemi allra fræðasviða Háskóla Íslands og er hann endurnýjun samnings sem áður gildi milli þessara aðila. Markmið samningsaðila eru m.a. að efla fræðilega og verklega menntun nemenda, að auka rannsóknir og kynningu á menningararfi þjóðarinnar og að tryggja gæði rannsóknastarfs hjá báðum stofnunum. Háskóli Íslands mun bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistöðum og prófum. Þjóðminjasafnið verður vettvangur fyrir verklegt nám háskólanema og rannsóknir, þar verður aðstaða til kennslu og rannsókna en Þjóðminjasafnið mun auk þess eiga aðild að kennslu. Þannig mun kennslan stuðla að safnastarfi og eflingu á varðveislu þjóðminja en markmiðið er að efla rannsóknatengt framhaldsnám á sviði greina sem tengjast menningararfi og minjavörslu. Þjóðminjasafnið mun einnig veita styrki til verkefna meistaranema.

Samstarf Öryrkjabandalags Íslands og Háskóla Íslands um fötlunarfræði

Í lok júní undirrituðu rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir, og Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, tvo samstarfssamninga um kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræða við Háskóla Íslands. Markmið samninganna er að efla fræðistörf á sviði fötlunarfræða og styrkja þannig kennslu, rannsóknir, framþróun og stefnumörkun á fræðasviðinu og í málefnum fatlaðs fólks. Samstarfssamningarnir eru á sviði kennslu og rannsókna og fela annars

vegar í sér að Öryrkjabandalagið kostar 50% starf lektors í fötlunarfræðum til tveggja ára og hins vegar er samningur um 6 m.kr. framlag frá Öryrkjabandalagi Íslands til rannsókna á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og mannréttindum fatlaðs fólks. Til samstarfsins var stofnað í tilefni af 50 ára afmæli Öryrkjabandalags Íslands árið 2011. Með samningunum vill Öryrkjabandalagið efla samstarf og tengsl við fræðasamfélagið, stuðla að frekari rannsóknum og framþróun í málefnum fatlaðs fólks og styrkja fræðilegan grundvöll að stefnumótun og ákvörðunartöku í þessum mikilvæga málaflokki. Framlag Öryrkjabandalagsins endurspeglar vaxandi áherslu á að vönduð fræðileg þekking verði höfð að leiðarljósi í framþróun og nýsköpun í málefnum fatlaðs fólks hér á landi.

Samningur um kennslu og rannsóknir í þágu barna með fötlun

Háskóli Íslands og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins gerðu í september með sér samstarfssamning um kennslu og rannsóknir í þágu barna með fötlun. Samningurinn tekur til samvinnu háskólans og greiningarstöðvarinnar um kennslu, rannsóknir og þjálfun í félags-, mennta- og heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við háskólann og stundaðar eru hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni. Samningurinn tekur einnig til samvinnu um þróun þeirrar þjónustu sem veitt er á fagsviðum greiningar og ráðgjafar en þar undir fellur endurmenntun starfsfólks. Með samningnum er stefnt að því að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu hjá Háskóla Íslands og hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni. Samningnum er ætlað að styrkja nýliðun fagfólks í starfi með fötludum börnum, að tryggja að starfsfólk sem sinnir greiningu, ráðgjöf og úrræðum á fagsviðum Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hafi greiðan og gagnkvæman aðgang að sérþekkingu. Það sama á við um nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands. Samningurinn er gerður til fimm ára og gildir til ársloka 2015.

Nýtt þverfræðilegt nám í talmeinafræði

Haustið 2010 hófst í fyrsta sinn kennsla í talmeinafræði á meistarastigi við Háskóla Íslands. Námið er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og Læknadeild og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Læknadeild hefur umsjón með náminu og brautskrást nemendur þaðan. Heyrnar- og talmeinafræði styrkir námsbrautina með stöðu stundakennara auk þess að hafa yfirumsjón með starfsþjálfun nemenda. Meistaránám í talmeinafræði er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita vísindalega þjálfun og búa nemendur fyrst og fremst undir störf talmeinafræðinga á ýmsum vettvangi og vísindastörf af ýmsu tagi.

Háskóli Íslands bauð 128 störf í sameinuðu átaki á vinnumarkaði

Háskóli Íslands tók með afgerandi hætti þátt í átaki á vinnumarkaðnum sem félags- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun hleyptu af stokkunum á árinu. Háskólinn bauð samtals 128 störf til handa námsmönnum eða fólki á atvinnuleysisrá.

Starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni

Starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni stóð með miklum blóma á árinu. Starfrækir skólinn m.a. sjö fræðasetur á 10 stöðum víðs vegar um landið, í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Starfsemi fræðasetranna fer fram í Sandgerði, Stykkishólmi, Bolungarvík, Patreksfirði, Húsavík, Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Selfossi, Gunnarsholti og Vestmannaeyjum. Fræðasetrin eru faglega sjálfstæðar einingar sem eru skipulagðar undir merkjum Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Markmið fræðasetranna er að skapa aðstöðu til rannsókna, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf. Einnig býður Háskóli Íslands upp á fjarnám í ýmsum greinum, auk þess sem kennsla í íþróttufræðum á Menntavísindasviði fer fram á Laugarvatni og starfrækt er Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi. Loks á Háskóli Íslands í margvíslegu samstarfi við aðra innlenda háskóla og rannsóknastofnanir á landsbyggðinni, s.s. Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, Háskólann á Akureyri, Hólaskóla – Háskólann á Hólum, Náttúruvísindastöðina á Mývatni, Sjávarvísindasetrið á Ólafsfirði, Selasetrið á Hvammstanga o.fl. Á árinu bættist enn í flóruna þegar Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra tók formlega til starfa á degi bókarinnar 23. apríl 2010. Vigslan fór fram á Skagaströnd þar sem setrið starfar en starfssvið þess er sagnfræði. Mikil fjölmenni var við víslu setursins og Katrín

Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Kristín Ingólfssdóttir rektor fluttu ávörp þar. Forstöðumaður hins nýja rannsókn- og fræðaseturs er Lára Magnúsardóttir.

Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar

Vísindamenn Háskóla Íslands með forsíðugrein í Nature

Jarðvísindamenn við Háskóla Íslands skrifuðu í nóvember forsíðugrein í Nature, sem er eitt virtasta vísindatímarit heims. Í greininni er fjallað um aðdraganda elds-umbrotanna í Eyjafjallajökli og ráðið er í hvernig draga megi lærdóm af þeirri atburðarás, gjósi svipuð eldfjöll í heiminum. Birting greina í Nature er ekki einungis heiður fyrir viðkomandi vísindamenn og rannsóknastofnanir, heldur styrkir birtingin stöðu beggja. Greinarnar vekja gjarnan mikla athygli innan viðkomandi vísindasviðs. Að eiga forsíðugrein er metið ofar öðrum birtingum í tímaritinu. Rannsóknin var leidd af Freysteini Sigmundssyni, sérfræðingi við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, og Sigrúnu Hreinsdóttur, dósent í jarðeðlisfræði við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. Aðalhöfundar greinarinnar eru jarðvísindamenn sem hafa fylgst með kvikuhreyfingum í Eyjafjallajökli undanfarin ár.

Í greininni fjalla vísindamennirnir um innstreymi nýrrar kviku og á hvaða hátt er talið að hún hafi ýtt af stað ferli sem varð til þess að gosin hófust, fyrst hraungos á Fimmvörðuhálsi og síðan sprengigos í Eyjafjallajökli. Upplýsingar frá langtímaathugunum á færslu lands og þenslu fjallsins gerði rannsóknateyminu unnt að gera líkan af færslu kvikunnar undir Eyjafjallajökli í aðdraganda gossins. Greinin í Nature heitir „Intrusion triggering of the Eyjafjallajökull explosive eruption.“ Í rannsókninni voru hreyfingar á yfirborði jarðar ákvarðar af mikilli nákvæmni með GPS-landmælingum og bylgjuvíxl-mælingum úr gervitunglum. Þær niðurstöður voru svo notaðar til að ákvarða líkan af tilfærslu kviku undir eldfjallinu í tengslum við eldgosin tvö í Eyjafjallajökli fyrr á árinu. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig önnur eldfjöll víðs vegar um heim, sem hafa legið hafa lengi í dvala, kunna að rumska. Þar má búast við mælanlegum kvikuinnskotum sem undanfara eldgosa. Kvikuinnskot sem rekst á aðra bergkviku, sem liggur fyrir í rótum eldstöðva, kann að leysa úr læðingi sprengigos líkt og gerðist í Eyjafjallajökli. Rannsóknin var unnin í samvinnu Jarðvísindastofnunar Háskólans, Tækniháskólans í Delft í Hollandi, Veðurstofu Íslands, Háskólans í Gautaborg, og Wisconsin-háskólans í Madison í Bandaríkjunum.

Íslensk rannsókn á sviði hjarta- og heilasjúkdóma hlaut viðurkenningu

Rannsókn, sem Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, stýrði að hluta, var í lok ársins 2009 valin ein af tíu mikilvægustu rannsóknum ársins á sviði hjarta- og heilasjúkdóma. Að valinu stóðu bandarísku hjartaverndarsamtökin (American Heart Association). Rannsóknin var unnin í samstarfi Hjartaverndar, evrópskra og bandarískra vísindamanna og stýrði Vilmundur íslenska rannsóknateyminu en hann er jafnframt forstöðulæknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar. Rannsóknin leiddi í ljós gen sem stýra blóðþrýstingi hjá mönnum. Bandarísku hjartaverndarsamtökin velja árlega tíu bestu rannsóknirnar á sviði hjarta- og æðasjúkdóma og heilaáfalla. Í fréttatilkynningu samtakanna kemur fram að rannsóknirnar sem komu til álitu, spanni víðfeðmt svið frá grunnvísindum til klínískra rannsókna. Þetta er því afar mikill heiður og mikilvæg viðurkenning á því starfi sem Hjartavernd hefur staðið fyrir í 40 ár.

Uppgötvun gens sem stjórnar leiðni hjartans

Í ársbyrjun birtist grein í vefriti hins virta vísindatímarits Nature Genetics eftir vísindamenn Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar þar sem greint frá er uppgötvun þeirra á genasvæðum sem tengjast innra leiðsluferfi hjartans. Rannsóknin fer fram í samvinnu við alþjóðlegan hóp vísindamanna. Rannsóknin náði til tæplega 29.000 einstaklinga og er verkefnið byggt á samvinnu sjö stórra hóprannsókna, þ. á m. öldrunarrannsóknar Hjartaverndar. Vilmundur Guðnason, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og forstöðulæknir Hjartaverndar, leiddi hópinn af hálfu Hjartaverndar. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu hugsanlega átt þátt í að hægt verði að spá fyrir um hjartasláttartruflanir á borð við gáttaflökt. Jafnframt opnast möguleikar til að nýta niðurstöðurnar í fyrirbyggjandi lækisfræði.

Öndvegisstyrkir Rannsóknasjóðs til vísindamanna Háskóla Íslands

Á árinu var úthlutað tveimur öndvegisstyrkjum Rannsóknasjóðs og féllu þeir báðir í hlut vísindamanna Háskóla Íslands. Annar styrkurinn var til verkefnisins Afburðasetur í ljóskauteindatekni og nam styrkfjárhæðin 20,5 m.kr. Verkefnisstjóri er Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild. Aðrir þátttakendur eru Snorri Þ. Ingvarsson, prófessor við Raunvísindadeild, Sveinn Ólafsson vísindamaður, Friðrik Magnus, nýdoktor á Raunvísindastofnun, Alexey Kavokin við University of Southampton og Guillaume Malpuech við Université Blaise Pascal. Hinn öndvegisstyrkurinn var vegna verkefnisins Endurtekin mynstur þróunar höfuðbeina bleikju, erfðir og þroskunarfræðileg gangvirki og nam styrkurinn 16,4 m.kr. Verkefnisstjóri er Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. Aðrir þátttakendur eru Zophonias O. Jónsson dósent og Arnar Páls-son, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Sigríður Rut Franzdóttir, nýdoktor við Læknadeild, Bjarni K. Kristjánsson dósent, Skúli Skúlason, prófessor við Háskólann á Hólum, og Ian A. Johnston, prófessor við University of St. Andrews.

Lofsamleg umfjöllun um Háskóla Íslands í Der Spiegel

Í grein sem birtist í upphafi árs í hinu heimspekkta fréttatímariti Der Spiegel var sérstök umfjöllun um Háskóla Íslands þar sem farið var lofsamlegum orðum um námsaðstöðu og þjónustu við nemendur skólans. Lýsir blaðið Háskóla Íslands sem „háskólaperlu“ sem sé alþjóðleg, hafi á að skipa vel menntuðum kennurum sem hafi fjölbreyttan bakgrunn og að námsframboð fyrir erlenda nemendur sé ríkulegt. Greinin um háskólann birtist í UniSPIEGEL sem er sérstakt fylgiblað þýska tímaritsins um háskólamálefni. Í UniSPIEGEL er fjallað um æðri menntun og háskólamál á breiðum grunni. Í greininni segir frá markmiði Háskóla Íslands að komast í hóp fremstu háskóla heims og er farið lofsamlegum orðum um árangur skólans á þeirri vegferð. Greint er frá skipulagi Háskólans, ríkulegu námsframboði og sterkustu rannsóknasviðum skólans. Einnig er fjallað almennt um land og þjóð og ákjósanlegar námsaðstæður fyrir erlenda nemendur við Háskóla Íslands.

Dósent við Læknadeild hlaut hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands og forstöðu- maður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, hlaut hvatningar- verðlaun Vísinda- og tækniráðs fyrir árið 2010. Unnur Anna lauk doktorsprófi í klínískri faraldsfræði frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi árið 2003 og dvaldi að því búnu við rannsóknir við Karolinska Institutet. Þá kenndi hún doktorsnemum faraldsfræði og hlaut sérstakan styrk frá stofnuninni til að móta nýtt námskeið fyrir doktorsnema í sálfaraldsfræði krabbameina. Í desember 2006 var Unnur ráðin til að leiða nýstofnað þverfaglegt framhaldsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands. Miðstöð í lýðheilsuvísindum var formlega stofnuð í febrúar 2007 og hófu fyrstu nemendurnir nám þá um haustið. Hefur Unnur á undraskömmum tíma byggt upp öflugna stofnun sem er á fleygiferð inn í framtíðina og öflugt rannsókn- tengt nám. Á árinu 2010 stunduðu um 60 meistaranemar og 20 doktorsnemar nám í lýðheilsuvísindum við miðstöðina.

Heiðursvísindamaður og ungur vísindamaður ársins á Landspítala

Á árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala í maí var m.a. tilkynnt um heiðursvísindamann og ungan vísindamann ársins. Heiðursvísindamaður Landspítala árið 2010 var Þórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, yfirlæknir á lungnadeild Landspítala, gestaprófessor við University of Pennsylvania og dósent við Uppsalaháskóla, en ungur vísindamaður ársins var Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur. Berglind er löggiltur sálfræðingur og klínískur dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru afhent á Bessastöðum í byrjun mars. Tvö þeirra fimm verkefna sem tilnefnd höfðu verið til verðlauna voru unnin af nemendum Háskóla Íslands: Arfgeng heilablæðing – Ný tilgáta um sjúkdóms- myndun, byggð á rannsókn um genatjáningu, sem unnið var af Birni Þór Aðal- steinssyni, nemanda við Læknadeild Háskóla Íslands, og Fornleifar á eyðidal: skráning og kynning á fornum minjum í Seljadal, unnið af Ástu Hermannsdóttur, nemanda við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands.

NordForsk veitti styrk til tengslanets í texta- og menningarþýðingum á miðöldum

NordForsk veitti á árinu veglegan styrk til að setja á laggirnar norrænt tengslanet með þátttöku íslenskra fræðimanna og rannsóknarnema sem starfa á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Gottskálf Jenson, prófessor við Íslensku- og menningardeild, átti frumkvæðið að tengslanetinu fyrir Íslands hönd og leiðir íslenska hópinn. Netið verður breytilegt að umfangi og stærð eftir viðfangsefnum hverju sinni en þátttakendum er skipt í fjóra hópa eftir heimalöndum sem auk Íslands eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Styrkupp hæðin er allt að 300 þús. norskra króna á ári í þrjú ár.

Prófessor við Menntavísindasvið hlaut hvatningarverðlaun

Dóra S. Bjarnason, prófessor við Menntavísindasvið, hlaut í ársbyrjun hvatningarverðlaunin Rósina sem fjölskylda Ástu B. Þorsteinsdóttur og Þroskahjálp veita árlega í minningu Ástu. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi störf sem stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu til jafns við aðra. Ásdís Jenna Ástráðsdóttir, dóttir Ástu, afhenti Dóru verðlaunin.

Bók um jökla á Íslandi hlaut bókmenntaverðlaunin 2010

Jöklar á Íslandi, verk Helga Björnssonar jöklafræðings við Háskóla Íslands, fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2010 og afhenti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands verðlaunin. Bókin fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiriti og bóka almenns efnis. Helgi Björnsson er vísindamaður við Raunvísindadeild háskólans og einn helsti sérfræðingur Íslendinga í jöklarannsóknunum. Helgi hefur aflað grundvallargagna um alla helstu jökla Íslands. Meginverkefni hans hefur verið kortlagning á yfirborði og botni jökla með íssjarmælingum, afmörkun vatnasviða jökulfljótanna, mælingar á afkomu jökla og tengsl við veðurfar. Á grundvelli þessara gagna hefur Helgi kannað hegðun jökla í nútíð og fortíð og hvornig ætla má að loftslagsbreytingar hafi áhrif á jökla til framtíðar. Jöklar Íslands rýrna nú hratt og rannsóknir Helga og samstarfsmanna hans benda til þess að Langjökull verði horfinn eftir 120 til 130 ár og Hofsjökull verði aðeins smáskella eftir 200 ár gangi spár veðurfræðinga eftir um hlýnun. Suðurhluti Vatnajökuls hverfi líka á sama tíma en norðurhluti hans gæti staðist áhlaupið í þrjú aldir.

Fyrrverandi prófessor hlaut Gad Rausings verðlaunin

Vésteini Ólasyni, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands og forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, voru veitt Gad Rausings verðlaunin 2010 fyrir framúrskarandi rannsóknarstörf á sviði hugvísinda. Verðlaunaféð er 800 þús. sænskar krónur. Þetta er mikill heiður fyrir Véstein, íslenskt vísindasamfélag og þær stofnanir sem hann hefur starfað fyrir. Vésteinn hefur í rannsóknunum sínum fengist mest við íslenskar fornbókmenntir og þjóðfræði, en hann hefur einnig stundað rannsóknir á bókmenntum síðari alda. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá 2003 af akademíu sögulegra hugvísinda og fornfræði í Stokkhólmi (Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitetsakademien) og tók Vésteinn við þeim í Stokkhólmi 19. mars.

Prófessor við Íslensku- og menningardeild hlaut riddarakross frönsku lista- og bókmenntaorðunnar

Torfi Tulinius, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, tók í marsmánuði við riddarakrossi frönsku lista- og bókmenntaorðunnar. Orðan er veitt fyrir störf á sviði lista og bókmennta og fyrir að stuðla að útbreiðslu á frönskum hugverkum. Orðuna hlaut Torfi fyrir ritstörf sín og þýðingar á merkum frönskum bókmenntum.

Lektor í fornleiffræði og fyrrverandi dósent í bókmenntafræði hlutu menningarverðlaun DV

Gavin Lucas, lektor í fornleiffræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, og Kristján Árnason, fyrrverandi dósent í almennri bókmenntafræði, voru meðal þeirra sem hlutu menningarverðlaunum DV í mars. Verðlaunin, sem eru veitt í átta flokkum – bókmenntum, byggingarlist, fræðum, hönnun, kvikmyndalist, leiklist, myndlist og tónlist – eru fyrir framúrskarandi árangur á listasviðinu á síðastliðnu ári en alls voru tilnefningarnar fjörutíu talsins. Gavin Lucas hlaut verðlaunin fyrir Hofstaðaverkefnið og bókina Hofstadir, Excavations of a Viking Age Feasting-hall. Kristján Árnason, sem gegndi stöðu dósents í almennri bókmenntafræði fram til ársins 2004, hlaut verðlaun í bókmenntum fyrir þýðingu sína á Ummyndunum Óvíds.

Styrkir til sjö nýdoptora við Háskóla Íslands

Í marsmánuði hlutu sjö nýdoptorar við Háskóla Íslands styrk til rannsóknarverkefna úr Eggertssjóði. Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði jarðfræði og líffræði. Styrkuppahæð nam samtals 6 m.kr.. Styrkhafar voru: Bergrún Arna Ólafsdóttir og Eyjólfur Magnússon úr Jarðvísindadeild, Brynhildur Thors, Lena Rós Ásmundsdóttir og Stefán R. Jónsson úr Læknadeild og Valerie H. Maier og Ægir Þór Þórsson úr Líf- og umhverfisvísindadeild. Styrkveitingin hvetur til frekara rannsóknarstarfs innan Háskóla Íslands og styður við hið metnaðarfulla langtíamarkmið um að efla rannsóknir innan skólans og að komast í hóp fremstu háskóla á alþjóðavísu. Eggertssjóður var stofnaður af Háskóla Íslands árið 1995. Eggert V. Briem, sem lést árið 1996, ánafnaði Háskóla Íslands í erfðaskrá sinni eignir, erlend verðbréf og fjárhæð á gjaldeyrissreikningi. Eggert styrkti um átuga skeið margvísleg vísindaverkefni við Háskóla Íslands, mest ný og álitleg verkefni, sem hann valdi af mikilli kostgæfni. Styrkir Eggerts hafa örvað rannsóknir í eðlisfræði og jarðeðlisfræði á ómetanlegan hátt.

Þrír styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræðum

Á degi Hjúkrunarfræðideildar, 1. október, voru veittir þrír styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræðum úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Styrkhafarnir eru Ingibjörg Hjaltadóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, Ásta St. Thoroddsen, dósent við Hjúkrunarfræðideild, og Anna Ólafía Sigurðardóttir, klínískur lektor og sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala. Heildaruppahæð styrkjanna nemur einni m.kr. Þetta í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann var stofnaður við Háskóla Íslands í júní árið 2007. Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur vinnur að því að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum og veitir sjóðurinn styrki til rannsóknaverkefna sem samræmast markmiðum sjóðsins. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur og stofnandi sjóðsins, er fyrrverandi námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ingibjörg hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar hjúkrunarmenntunar á Íslandi og var ein þeirra sem stóð að stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 1973.

Doktorsnemi í heimspeki hlaut styrk

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, doktorsnemi í heimspeki við Hugvísindasvið, hlaut í maí 200 þús.kr. styrk úr Heimspekisjóði Brynjólfs Bjarnasonar. Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta í framhaldsnámi í heimspeki. Sjóðurinn var stofnaður árið 1990 af Elínu Brynjólfsdóttur og eiginmanni hennar, Godtfred Vestergaard. Godtfred er danskur verkfræðingur af íslenskum ættum og forstjóri fyrirtækisins Vestergaard Company A/S. Elín Brynjólfsdóttir var dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, fyrrverandi menntamálaráðherra og heimspekings, en hún lést árið 2001.

Þrír nemendur Háskóla Íslands hlutu styrk til náms við Caltech

Þrír grunnemar frá Háskóla Íslands hlutu styrk til að vinna að 10 vikna verkefni við California Institute of Technology (Caltech) í Pasadena í Bandaríkjunum. Styrkhafarnir voru þeir Björn Brynjólfur Björnsson, nemi í iðnaðarverkfræði, Eiríkur Þór Ágústsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði og Hafsteinn Einarsson nemi í stærðfræði. Þetta var í þriðja sinn sem þessum styrk var úthlutað en skólarnir undirrituðu árið 2008 samning um aukið samstarf í kennslu og rannsóknum. Um er að ræða svokölluð SURF-verkefni (Summer Undergraduate Research Fellowship) hjá Caltech en SURF gengur út á rannsóknasamstarf á milli leiðbeinanda og nemenda í grunnnámi. Caltech er einn fremsti rannsóknaháskóli í heiminum. Skólinn er lítill, með um 2.000 nemendur, og leggur aðaláherslu á raunvísindi, verkfræði og lífvísindi. Það er frábært tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands að vinna í samstarfi við nemendur og starfsfólk Caltech í SURF-verkefnum. Þess má geta að meðal starfsfólks Caltech hafa verið 23 Nóbelsverðlaunahafar.

Tólf nýnemar hlutu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands

Í júní voru veittir tólf styrkir til nýnema úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Um er að ræða styrki til nemenda sem náð hafa afburðaangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands. Hver styrkur nemur 300 þús.kr. auk niðurfellingar skráningargjalds í háskólann sem er 45 þús.kr. Þetta var í þriðja sinn sem styrkir voru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður árið 2008. Stjórn sjóðsins velur styrkhafana en við valið er einkum tekið mið af framúrskarandi námsárangri á stúdentsprófi.



Einnig er horft til virkni í félagsstörfum og árangurs stúdenta á öðrum sviðum, s.s. í listum og íþróttum.

Nýnemar við Háskóla Íslands verðlaunaðir á Ólympíuleikum í eðlisfræði

Ísland hefur í nær þrjú áratugi sent keppnislíð á árlega Ólympíuleika í eðlisfræði (International Physics Olympiad) sem að þessu sinni voru haldnir í júlí í Zagreb í Króatíu. Þar kepptu 370 nemendur frá yfir 80 löndum víðs vegar um heim. Íslensku nemendurnir stóðu sig allir með mikilli þrýði og unnu þrír þeirra til verðlauna. Þar af voru tveir nýnemar í eðlisfræði við Háskóla Íslands. Þetta er besti árangur íslenskra nemenda á Ólympíuleikum í eðlisfræði til þessa en Íslendingar sendu líð á leikana í fyrsta skipti árið 1984. Í óformlegri keppni Norðurlandaþjóðanna var íslenska liðið í öðru sæti á eftir Finnum.

Tveir nemar í vélaverkfræði hlutu styrk

Tveir nemar við Háskóla Íslands hlutu í maí námsstyrk Godtfreds Vestergaard og Elínar Brynjólfsdóttur. Nemendurnir eru Sóley Emilsdóttir og Ólöf Andrjesdóttir en þær hlutu 450 þús.kr. hvor. Báðar eru þær afburðanemendur og stunda nám í vélaverkfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Megintilgangur styrksins er að styrkja stúdenta sem hafa lokið minnst tveimur árum í grunnnámi í vélaverkfræði, til námsdvalar erlendis. Markmiðið er að styrkþegar geti þannig aukið þekkingu sína og reynslu.

Hlaut viðurkenningu Félags náms- og starfsráðgjafar

Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, hlaut í október viðurkenningu fyrir störf sín í þágu fagstéttarinnar á degi náms- og starfsráðgjafar sem var haldinn hátíðlegur í fimmta sinn á árinu. Félag náms- og starfsráðgjafar (FNS) veitti viðurkenninguna. Jónína hefur starfað við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands frá árinu 1999 og tekið virkan þátt í uppbyggingu hennar.

Fornleifarannsókn á Skriðuklaustri hlaut hæsta styrk úr Fornleifasjóði

Hæstan styrk úr Fornleifasjóði á árinu 2010, að fjárhæð 3,5 m.kr., hlaut Fornleifarannsókn á Skriðuklaustri, en þeirri rannsókn stýrir Steinunn J. Kristjánsdóttir, dósent í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf hlaut styrk

Starfsmenntasjóður félags- og tryggingamálaráðuneytisins veitti um haustið Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf styrk að fjárhæð 1,7 m.kr. fyrir verkefnið Upplýsingakerfi og vefráðgjöf um nám og störf; þarfagreining og framkvæmdaráætlun. Markmið verkefnisins er að leggja drög að upplýsingakerfi og vefráðgjöf um nám og störf. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fagráð verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og Starfsgreinasamband Íslands.

Styrkur til rannsókna á einelti

Í júní var veittur styrkur að fjárhæð 2,2 m.kr. úr Styrktarsjóði Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar til rannsóknar á einelti gegn börnum á Íslandi. Um er að ræða heildstæða, þverfræðilega rannsókn en markmið sjóðsins er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að koma í veg fyrir einelti og bæta fyrir afleiðingar þess. Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar er þriðji sjóðurinn sem Bent Scheving Thorsteinsson hefur stofnað við Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður árið 2001. Hinir tveir eru Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar barnalæknis, sem styrkir rannsóknir á sviði barnalækninga, og Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar, sem styrkir rannsóknir á sviði lyfjafræði.

Styrkur til norrænna miðaldafræða

Hugvísindasvið Háskóla Íslands fékk á árinu styrk frá norrænu ráðherranefndinni til að setja upp alþjóðlegt meistaranám í norrænum miðaldafræðum – Nordic Masters Programme in Viking and Medieval Norse Studies. Verkefninu er stjórnað af Háskóla Íslands í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskólann í Ósló, Háskólann í Árósum og Árnasafn í Kaupmannahöfn. Fyrstu nemendur hefja nám haustið 2012 og er stefnt að því að innrita 25 til 35 nemendur á hverju ári. Allt fyrsta árið í meistaranáminu fer fram við Háskóla Íslands en á þriðja misseri stunda nemendur nám við einn af samstarfsháskólunum. Lokaverkefni skrifa þeir við einn ofangreindra háskóla að eigin vali. Námið fer fram á ensku og er opið fyrir nemendur alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem koma saman sagnfræðingar, bókmenntafræðingar,

málfræðingar, fornleifafræðingar, þjóðfræðingar og trúarbragðafræðingar við fimm ólíkar stofnanir. Alls bárust nefndinni 34 umsóknir um styrki. Þær voru allar metnar af alþjóðlegu fagráði og er styrkurinn til Íslands einn af sex sem voru veittir að þessu sinni. Áður hefur ráðherra nefndin veitt tíu styrki til norræns meistaranáms en þetta er fyrsti styrkurinn sem fer til verkefnis sem er stjórnað frá Íslandi. Styrkurinn er upp á eina milljón danskra króna.

Máltæknisetur fékk Evrópustyrk

Áætlun Evrópusambandsins um stuðning við stefnumörkun í samskipta- og upplýsingatækni, ICT Policy Support Programme, veitti á árinu styrk að upphæð 2.250 þús. evrur til verkefnisins META-NORD sem Norðurlöndin fimm og Eystra-saltslöndin þrjú standa að. Það er eitt þriggja systurverkefna (í Norður-, Austur- og Suður-Evrópu) sem eru útvíkkun á verkefninu META-NET og hafa að markmiði að efla málleg gagnasöfn (e. language resources, s.s. textasöfn og orðasöfn af ýmsu tagi) sem nýst geti í margvíslegum máltækniverkefnum. Ekki er ætlunin að byggja slík söfn frá grunni, heldur ljúka við söfn sem eru í vinnslu, staðla þau og gera aðgengileg. Styrkupphæðin nemur helmingi af áætluðum heildarkostnaði við verkefnið. Megintilgangur verkefnisins er að skapa tæknilegar forsendur fyrir margmála upplýsingasamfélagi í Evrópu þar sem allir geti notað móðurmál sitt við öflun og úrvinnslu hvers kyns upplýsinga. Máltæknifyrirtækið Tilde í Riga í Lettlandi leiðir verkefnið sem hefst árið 2011 og stendur í tvö ár. Aðrir þátttakendur eru háskólarnir í Kaupmannahöfn, Bergen, Gautaborg, Helsinki, Tartu og Vilnius, auk Máltækniseturs sem er stofa innan Málvísindastofnunar háskólans rekin í samstarfi við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Stjórnandi íslenska hlutans er Eiríkur Rögnvaldsson prófessor en verkið verður unnið í nánnum tengslum við Árnastofnun. Hlutur Máltækniseturs af styrknum er ríflega 200 þús. evrur.

Styrkur til eflingar samskipta og rannsóknasamstarfs Háskóla Íslands við danskar stofnanir og háskóla

Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfærð, hlaut í september styrk úr sjóði Selmu og Kays Langvads. Styrkurinn var veittur til að efla samskipti og rannsóknasamstarf Háskóla Íslands við danskar stofnanir og háskóla. Styrkurinn hljóðar upp á 70 þús. danskra krónur. Guðmundur hefur sérhæft sig í tölfræðilegum rannsóknum á umferðaröryggi og ferðavenjum, auk hagrannsóknna sem tengjast samgöngum. Nýlegar rannsóknir Guðmundar hafa beinst að tengslum heilsu við umferðaröryggi. Til dæmis hafa rannsóknir hans sýnt fram á mikla slysatíðni hjá öikumönnum með vissa sjúkdóma í mörg ár áður en þeir voru metnir ófærir um akstur. Guðmundur mun hagnýta styrkinn til að efla rannsóknasamstarf á milli Íslands og Danmerkur á sviðum samgangna og skipulags, sér í lagi við Danmarks Tekniske Universitet Institut for Transport, m.a. með rannsóknardvöl við þá stofnun. Sjóðurinn Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark var stofnaður með peningagjöf hjónanna Selmu, fæddrar Guðjohnsen, og Kays Langvads verkfræðings árið 1964. Tilgangur sjóðsins er að efla menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur.

Þrír doktorsnemar í lyfjafræði hlutu styrk

Berglind Eva Benediksdóttir, Jenny Sophie R. E. Jensen og Martin Messner, doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, hlutu í apríl viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Þetta var í fimmta sinn sem sjóðurinn veitir doktorsnemum í lyfjafræði við Háskóla Íslands viðurkenningu fyrir framúrskarandi rannsóknir. Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala er ætlað að styrkja vísindaleg afrek á sviði lyfjafræði, rannsóknir og framhaldsnám í faginu. Hefur sjóðurinn stutt við kraftmikla uppbyggingu doktorsnáms í lyfjafræði við háskólann og gert nemendum kleift að kynna rannsóknir sínar erlendis og taka þátt í erlendu samstarfi í tengslum við doktorsnámið.

Nemandi í ferðamálafræði hlaut verðlaun fyrir lokaverkefni

Rannsóknamiðstöð ferðamála veitti í fimmta sinn verðlaun fyrir lokaverkefni í ferðamálafræði á aðalfundi SAF (Samtaka ferðapjónustunnar) á árinu. Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, nemandi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, vann verðlaunin að þessu sinni fyrir verkefnið, Kjölur: Fjölbreytt landslag, ferðamennska og upplifun.

Styrkur til afburðanemanda í verkfræði

Í desember var úthlutað úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents við háttíðlega athöfn í Norræna húsinu. Styrkinn hlaut að þessu sinni Eiríkur Þór Ágústsson, BS-nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands. Styrkur-

inn fellur í skaut þeim verkfræðinema sem hæsta meðaleinkunn hefur eftir tvö fyrstu árin í grunnnámi en tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega stúdenta til framhaldsnáms í verkfræði. Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents var stofnaður af foreldrum hans, Sigríði Eiríksdóttur og Finnboga Rúti Þorvalds-syni, fyrrverandi forseta verkfræðideildar Háskóla Íslands, á 21 árs afmæli Þorvalds, þann 21. desember 1952.

Styrkur til meistaránema í íslenskri málfræði

Kristín Lena Þorvaldsdóttir, meistaránemi í íslenskri málfræði, hlaut styrk úr Minningarsjóði dr. phil. Jóns Jóhannessonar að fjárhæð 200 þús.kr. Meistaraverkefni hennar er á mörkum tveggja fræðasviða, táknafræði og íslenskrar málfræði, og stuðlar að hagnýtri nýsköpun fyrir Háskóla Íslands og kemur m.a. til með að nýtast við greinaskrif, íðorðasöfn og kennslu. Tilgangur Minningarsjóðs dr. phil. Jóns Jóhannessonar er að veita stúdentum eða kandídötum í íslensku og sagnfræði styrki til einstakra rannsóknarverkefna sem tengjast námi þeirra. Sjóðurinn var stofnaður árið 1983 til minningar um prófessor Jón Jóhannesson með gjöf ekkju, frú Guðrúnar Helgadóttur, og með minningargjöfum samstarfsmanna, nemenda, ættingja og vina hans.

Vísindamenn Háskóla Íslands hlutu styrk úr sjóði Bjarna Benediktssonar

Kristín Benediktsdóttir, doktorsnemi við Lagadeild Háskóla Íslands, hlaut í maímánuði styrk úr Rannsóknarsjóði Bjarna Benediktssonar til rannsóknar á réttarstöðu aldraðra. Styrkfjárhæðin er ein m.kr. Á sama tíma hlaut Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, 500 þús.kr. styrk vegna rannsókna á Íslandi í síðari heimsstyrjöldinni. Þá hlaut Sigríður Matthíasdóttir hjá Hugvísindastofnun Háskóla Íslands 500 þús.kr. styrk til að rannsaka hugmyndir og viðhorf í stjórnarstefnu viðreisnarstjórnarinnar á sviði velferðar- og menntamála.

Þýðingafraeðinemi hlaut verðlaun Susan Sontag stofnunarinnar

Í árlegri þýðingasamkeppni Susan Sontag stofnunarinnar hlaut þýðingafraeðinemi Salka Guðmundsdóttir verðlaunin „Honorable Mention“ sem er mikil viðurkenning. Þýðingasamkeppnin fór nú fram í þriðja sinn og hlaut Salka viðurkenningu sína fyrir lokaverkefni sitt í þýðingafraeði sem er ensk þýðing á verki eftir Steinar Braga og nefnist Rafflesíublómíð.

NordMaG-nemi hlaut rannsóknastyrk

Um haustið veitti Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands Guðrúnu Hallgrímsdóttur styrk vegna rannsóknar sinnar á karlmönnum og karlmennsku á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem er hluti af námi hennar í norrænu meistaránámi í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Norrænt MA-nám í öldrunarfræði er sameiginleg námsleið Háskóla Íslands, Lunds Universitet og University of Jyväskylä. Markmið námsins er að dýpka þekkingu þátttakenda á mállefnum aldraðra með það að leiðarljósi að kynna þeim svið öldrunarfræða, kenningar og vinnuaðferðir ásamt því að gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra. Sérstök áhersla er lögð á að kynna nemendum norræna öldrunarþjónustu og gera þá hæfari til að taka þátt í norrænu rannsóknasamstarfi.

Heimsóknir

Rektor heimsótti Kína

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, tók í maí ásamt rektorum norrænna háskóla þátt í stefnumóti við Fudan-háskóla í Shanghai í tilefni 15 ára afmælis Norræna setursins við skólann og opunar nýrrar byggingar þar sem setrið verður til húsa. Heimsókn rektors var liður í því að efla samstarf Háskóla Íslands við kínverska háskóla og virkja enn frekar samstarfsnet norrænna og kínverskra háskóla við Fudan-háskóla. Við þetta tækifæri hélt rektor fyrirlestur um samstarfsmöguleika Íslands og Kína í vísindum og háskólakennslu. Rektor gerði í erindi sínu grein fyrir umfangsmiklu samstarfi sem Háskóli Íslands á þegar við kínverska háskóla og ræddi möguleika á aukinni samvinnu á ýmsum sviðum. Í erindi sínu fjallaði rektor um vísindasamstarf milli Háskóla Íslands og kínverskra vísindamanna á sviðum jarðvísinda, heimspeki, verkfræði o.fl. greina. Þá greindi hún frá samstarfi vísindamanna við Háskóla Íslands og Fudan-háskóla í rafmagns- og tölvuverkfræði á sviði fjarkönnunar og tölvugreindar (e. computational intelligence). Í undirbúningi er samstarf Háskóla Íslands og Fudan-háskóla á sviði eðlisfræði, nanótækni og bókmennta. Rektor nefndi einnig samstarfsmöguleika á sviði félagsvísinda, en kínverskir nemendur stunda hagfræðináms og viðskipta-

fræði við Háskóla Íslands og MBA-nemendur við skólann fara reglulega í námsferðir til Kína. Enn fremur greindi rektor frá samstarfsmöguleikum á sviði heilbrigðisvísinda, m.a. lyfjafræði, lýðheilsu, heilbrigðisverkfræði og læknisfræði, ekki síst varðandi rannsóknir og meðferð á lífsstíllssjúkdómum á borð við hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma og sykursýki. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur spáð tvö- til þreföldun tilfella sykursýki í Austur-Asíu á komandi árum og gæti góður árangur við meðferð sykursýki á Íslandi komið þar að gagni.

Michel Rocard í Háskóla Íslands

Michel Rocard, fyrrverandi utanríkisráðherra Frakka og nú sérlegur sendimaður Frakklandsforseta, flutti fyrirlestur í Háskóla Íslands um málefni heimskautanna í byrjun nóvember. Fyrirlesturinn var haldinn í boði forseta Íslands og í samvinnu við Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð forseta Íslands, „Nýir straumar“, en ýmsir þekktir fræðimenn og forystumenn hafa á undanförunum árum tekið þátt í henni. Michel Rocard á að baki langan feril sem stjórnmálamaður. Hann var um tíma landbúnaðarráðherra og svo forsætisráðherra á árunum 1988-1991. Hann sat þrjú kjörtímabil á Evrópuþinginu og lét til sín taka í ýmsum málum, svo sem utanríkismálum, menntamálum og atvinnumálum.

Michael Porter hélt fyrirlestur í Háskólabíói

Michael Porter, einn þekktasti vísindamaður heims á sviði stjórnunar, stefnumótunar og samkeppnishæfni, flutti erindi í Háskólabíói 1. nóvember. Michael Porter, sem einnig er upphafsmaður svokallaðra klasafræða, er heiðursdoktor við Háskóla Íslands og prófessor við Harvard Business School. Á árinu 2010 fór fram viðamikil kortlagning á íslenskum jarðvarmaklasa út frá kenningum Porters og leiddi hann sjálfur vinnuna.

Afmæli

Vísindavefur Háskóla Íslands tíu ára

Í lok janúar fagnaði Vísindavefur Háskóla Íslands tíu ára afmæli og var af því tilefni boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Á sjálfan afmælisdaginn, 29. janúar, var haldið málþing um vísindamiðlun frá ólíkum sjónarhornum. Í kjölfarið fylgdi fjögurra fyrirlestra röð fyrir almenning. Í marsmánuði var haldin fyrirlestraröð sérstaklega ætluð fjölskyldufólki. Þá voru kynntar nokkrar nýjungar á afmælisárinu, m.a. nýr möguleiki fyrir notendur til að sækja svör með hlaðvarpi (podcast) og stuttar hreyfimyndir sem notendur geta horft á, hvort sem er á YouTube eða Vísindavefnum. Á afmælisárinu lauk þriggja ára Evrópuverkefni Vísindavefsins sem fjallaði um miðlun vísinda á Netinu til barna og unglinga.

Á árinu heimsótti rúmlega 1 milljón manns Vísindavefinn og fletti þar rúmlega 2,3 milljónum síðna. Á meðal þeirra spurninga sem lesendur fengu svar við má nefna hvernig öldur myndast á hafinu, hvernig rafhlöður verka í farsímum, hvaða afleiðingar pólskipti hafa fyrir lífið á jörðinni, hvort til séu vísindalegar útskýringar á Nóaflöðinu og hvernig hægt sé að berja eitthvað augum.

Hlutverk Vísindavefsins er að miðla vísindum til almennings og frá því vefurinn var stofnaður hafa birst um 8.200 svör um vísindi við spurningum frá almenningi. Alls hafa um 800 höfundar svarað spurningunum.

Afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, stóð á tímamótum á árinu 2010 því að auk stórafmælis hennar 15. apríl, voru liðin 30 ár frá þeim sögulega atburði þegar Íslendingar, fyrstir þjóða, kusu konu sem forseta í lýðræðislegri kosningu hinn 29. júní 1980. Eftur var til ýmissa viðburða við þessi tímamót og var Vigdís sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, eftur var til hátíðardagskrár í Háskólabíói á afmælisdaginn og haldin var alþjóðleg vísindaráðstefna dagana 15. til 17. apríl.

Aðalbygging Háskóla Íslands 60 ára

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní árið 1911 og fyrstu 29 árin fór starfsemi hans fram í Alþingishúsinu við Austurvöll. Sautjándi júní 1940 var einstakur áfangi í sögu Háskóla Íslands þegar háskólabyggingin við Suðurgötu var vígð við virðulega athöfn í hinum nýja hátíðasal en daginn áður hafði kapellan verið vígð sérstaklega. Háskólabyggingin var á sínum tíma eitt stærsta hús á Íslandi og afar vandað að allri smíð og frágangi.

Andlát

Dr. juris Ármann Snævarr prófessor, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands og hæstaréttardómari lést 15. febrúar 2010 á 91. aldursári. Með Ármanni er genginn einn okkar merkasti fræðimaður á sviði lögfræði. Hann var prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands 1948-1972 og rektor skólans 1960-1969. Þá var hann hæstaréttardómari 1972-1984. Eftir hann liggja fjölmörg ritverk, s.s. Almenn lögfræði, Þættir úr refsirétti, Fyrirlestrar úr sífjarétti, Barnaréttur og Erfðaréttur. Vorið 2008, þegar Ármann var á 89. aldursári, kom út eftir hann viðamikil fræðirit, Hjúskapar- og sambúðarréttur. Ármann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands og erlenda háskóla og fékk ýmsar fleiri viðurkenningar fyrir störf sín. Framlag hans til lögfræðinnar um málefni fjölskyldunnar verður seint ofmetið. Árið 2009 var sett á laggirnar við Háskóla Íslands stofnun sem ber nafn hans: Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, sem heyrir undir Lagadeild og ætlað er að verða vettvangur lögfræðirannsókna og þróunarstarfs í málefnum fjölskyldna og barna í þverfaglegu samstarfi við aðrar deildar og fræðasvið.

Opinn háskóli

Háskóli Íslands býður allan ársins hring upp á mikinn fjölda opinna fyrirlestra, málþinga, ráðstefna og umræðufunda um aðskiljanlegustu efni til að mæta þörf fyrir fræðslu og upplýsingar. Þúsundir Íslendinga leggja vikulega leið sína í Háskóla Íslands til að taka þátt í ýmsum viðburðum sem eru auglýstir jafnóðum á heimasíðu háskólans og á vefsíðum fræðasviða og deilda. Daglega koma vísindamenn og kennarar háskólans fram í fjölmiðlum landsins til að svara í krafti sérfræðipækkingar sinnar spurningum sem brenna á almenningi.

Háskóladagurinn

Háskóli Íslands bauð landsmönnum í opið hús á námskynningu skólans 20. febrúar. Allt grunnnám við Háskóla Íslands var kynnt á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda og þar svöruðu nemendur og kennarar úr öllum deildum og námsleiðum skólans spurningum gesta. Einnig var helsta þjónusta sem stúdentum háskólans stendur til boða kynnt, félagslíf og margt fleira. Þá var haldin sérstök námskynning framhaldsnáms 25. mars.

Japanshátíð haldin í sjötta sinn

Japanshátíð var haldin í sjötta sinn við Háskóla Íslands í lok janúar. Hátíðin er skipulögð af námsleið í japönsku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands í samvinnu við japanska sendiráðið á Íslandi. Dagskrá hátíðarinnar var m.a. á höndum þeirra 40 nemenda sem stunda nám í japönsku við háskólann. Mikill mannfjöldi sótti hátíðina að vanda og var honum boðið að kynna Japan í gegnum ýmsa atburði og kynningar, s.s. japanska matreiðslu, japanska leturgerð, sýningu á budo (jujitsu, aikido, judo), kimono kitsuke (hvernig klæðast skal japönskum kimono), origami pappírsmoti, igo (japanskt borðtafl) og japanska tónlist og kvikmyndir. Einnig fór fram spurningakeppni um japönsk málefni, teathöfn að japönskum sið og gestir gátu spreytt sig í karaoke.

Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins hefur verið starfræktur í Háskóla Íslands hvert sumar frá árinu 2004 en hann er opinn öllum krökkum á aldrinum 12 til 16 ára. Þessir fróðleiksfúsu og fjörugu krakkar leggja þá háskólasvæðið undir sig og setja einstakan svip á umhverfið. Í Háskóla unga fólksins er boðið upp á fjölmörg stutt og markviss námskeið af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands þar sem áherslan er á fjör og fræði. Námskeiðin, sem hafa verið kennd við Háskóla unga fólksins, skipta mörgum tugum og brautskráðir nemendur skólans eru hátt í tvö þúsund. Sumarið 2010 tóku um 1.500 börn þátt í skólastarfinu. Þá var heimildamynd um Háskóla unga fólksins sýnd í Sjónvarpinu í apríl.

Opnir umræðufundir um lærdóm af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Í apríl efndu Hagfræðideild, Lagadeild, Sagnfræði- og heimspekideild, Félags- og mannvísindadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild til syrpu opinna umræðufunda um þann lærdóm sem draga má af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Markmið umræðufundanna var að draga fyrstu atriði í lærdómnum af niðurstöðum skýrslunnar og koma með ábendingar um mikilvæg framtíðarverkefni.

Tilraunaland Norræna hússins og Háskóla Íslands

Tilraunaland Norræna hússins og Háskóla Íslands var starfrækt frá byrjun apríl til loka september 2010 og tóku þúsundir barna og fjölskyldur þeirra þátt í verkefnum. Tilraunalandið er lifandi og gagnvirk sýning þar sem vísindin eru kynnt á óvenjulegan og skemmtilegan hátt með virkri þátttöku gesta. Í Tilraunalandinu eru allir jafnvígir, það þarf enga sérstaka forkunnáttu til að geta tekið þátt en markmið hennar er að kynna og kanna undraheima vísindanna í sýningunni, veita innblástur og vekja upp forvitni um tilraunir, tæki og lögmál náttúrunnar. Tilraunalandið er að miklu leyti grundvallað á hugmyndafræði og tækjum Tom Tits Experiment í Svíþjóð en jafnframt leggur Tilraunasmiðja Háskóla Íslands til tæki, tilraunir og faglega leiðsögn. Friðlandið í Vatnsmýrinni er einstakt. Þar getur fólk notið villtrar náttúru og fuglalífs í miðri Reykjavíkurborg. Með endurbótum á friðlandinu getur það þjónað hlutverki sínu enn betur sem griðastaður fugla, vatnalífvera og gróðurs. Votlendi friðlandsins á að geta verið sjálfbært um hreinleika og endurnýjun sem stuðlar að fjölbreytni lífvera og gróðurs.

Árlegar ráðstefnur fræðasviða Háskóla Íslands

Líkt og undanfarin ár héldu fræðasvið Háskóla Íslands árlegar ráðstefnur sínar á árinu. Ráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs fór fram í byrjun janúar. Hugvísindaping Hugvísindasviðs var haldið í Aðalbyggingu 5.-6. mars. Menntakvikan, árleg ráðstefna í menntavísindum, var haldin við Menntavísindasvið 22. október og Þjóðarspegillinn, ráðstefna Félagsvísindasviðs, fór fram 29. október.

Tugir þúsunda notenda Icelandic Online

Í byrjun september voru þrjú ný námskeið á vefnum Icelandic Online formlega opnuð. Námskeiðin eru bæði ætluð háskólanemum og öðrum sem áhuga hafa á að læra íslensku hér á landi og erlendis. Námskeiðin hafa notið mikilla vinsælda frá því að þau hófu göngu sína árið 2004 en alls eru um 67.000 manns skráðir notendur og 600 heimsækja námskeiðin á degi hverjum. Icelandic Online hefur frá fyrsta degi verið öllum opið án endurgjalds.

Vefnámskeiðin Icelandic Online voru þróuð hér á landi og byggjast á kennslufræði og aðferðum sem reynst hafa best í kennslu á Netinu. Kennarar á Hugvísindasviði voru brautryðjendur á Norðurlöndum í kennslu á Netinu. Nýju námskeiðin eru unnin í samvinnu Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Fjölmenningsseturs, Fjölmenningar ehf. og fimm háskólastofnana annars staðar á Norðurlöndum. Háskólinn í Wisconsin í Bandaríkjunum veitir aðgang að rafrænni íslensk-enskri orðabók, sem unnin var í sambandi við fyrsta hluta verkefnisins. Norræna tungumálaáætlunin, Nordplus sprog, Háskóli Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa styrkt gerð nýju námskeiðanna þriggja.

Reynslan af Icelandic Online I og II hefur verið framar björtustu vonum eins og fjöldi notenda ber með sér. Námskeiðin eru notuð sem fornám að sumarnámskeiðum og BA-námi í íslensku sem öðru máli. Þau eru notuð sem stoðnámskeið eða í sjálfstýrðu einingabæru námi og þau eru notuð í fjarnámi á vegum Tungumálamiðstöðvar háskólans. Innflytjendur í sjálfstýrðu námi og námi á vegum símenntunarstöðva hafa einnig nýtt sér námskeiðin í sívaxandi mæli.

Á fimmta þúsund manns heimsóttu Vísindavöku

Á fimmta þúsund gestir lögðu leið sína á Vísindavöku þetta árið og var að vanda boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Vísindavaka er árlegur viðburður þar sem almenningi gefst kostur á að hitta vísindamenn, sem stunda rannsóknir í ýmsum vísindagreinum, og kynnast viðfangsefnum þeirra. Fjölmargir vísindamenn og framhaldsnemar við Háskóla Íslands tóku þátt í Vísindavökunni og voru þátttakendur af öllum fræðasviðum og frá fræðasetrum háskólans af landsbyggðinni.

Heilsumánuður og háskólahlaup

Í apríl var haldinn heilsumánuður með margvíslegri dagskrá fyrir stúdenta og starfsfólk. Lauk dagskránni með háskólahlaupi 16. apríl.

Blómstrandi lista- og menningarstarf í Háskóla Íslands

Mikil gróska er í lista- og menningarlífi Háskóla Íslands. Meðal reglulegrar starfsemi á þessu sviði má nefna að yfir veturinn eru haldnir mánaðarlegir háskólatónleikar þar sem iðulega eru frumflutt íslensk tónverk. Frá árinu 1980 hefur Listasafn Háskóla Íslands verið starfrækt og prýða listaverk í eigu safnsins allar byggingar háskólans. Þá hefur í nokkur ár verið starfrækt svonefnd jazzakademia

sem gengst fyrir tónleikum á Háskólatorgi. Háskólakórinn hefur verið starfræktur um áratugaskeið og syngur hann á háskólahátíðum og stendur fyrir tónleikahaldi og tónlistarútgáfu. Fyrir nokkrum árum var enn fremur stofnaður kvennakór við Háskóla Íslands sem heldur tónleika og efnir til samsöngs. Á vegum stúdenta hefur Stúdentaleikhús verið starfrækt í fjölda ára og setur það upp leiksýningar að hausti og vori. Enn fremur starfrækja stúdentar Stúdentadansflokkinn sem stendur fyrir danssýningum og námskeiðum og hópur stúdenta stendur fyrir stúdentadansi, svo nokkuð sé nefnt.

Undirbúningur aldarafmælis Háskóla Íslands 2011


Á árinu var unnið af kappi að undirbúningi dagskrár aldarafmælis Háskóla Íslands árið 2011. Afmælisárið hefst formlega 7. janúar þegar Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, kynnir í senn afmælisdagskrána og nýja stefnu Háskóla Íslands til næstu fimm ára. Við sama tækifæri opnar Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, nýjan aldarafmælisvef Háskóla Íslands.

Árið 2011 verða hundrað ár liðin frá því að Háskóli Íslands var stofnaður á Alþingi 17. júní 1911. Allar götur síðan hefur háskólinn verið hornsteinn vísinda og menntunar á Íslandi. Aldarafmælinu verður fagnað með fjölbreyttri dagskrá undir yfirskriftinni „Fjársjóður framtíðar“ og verða viðburðir afmælisársins öllum opnir. Heimspæktir vísindamenn, þ. á m. Nóbelsverðlaunahafar, munu halda fyrirlestra. Háskólalestin ferðast um landið með lifandi dagskrá, haldnir verða opnir vefyfyrirlestrar, stúdentar efna til litríkrar dagskrár um ungmenningu, sérfræðingar háskólans í menntamálum heimsækja skóla landsins, vísindamenn bregða sér í hlutverk leiðsögumanna í skipulegum gönguferðum, opið hús verður í Háskóla Íslands og efnt verður til samstarfs við menningarstofnanir og söfn. Í boði verða einnig örnámskeið, vísindasýningar, gosafmæli, tónleikar, knattspyrnumót, sjónvarpsþættir, nýsköpunardagar, útvarpsdagskrá, sögusýningar, alþjóðlegar ráðstefnur, háskólahlaup, danskennsla, tjaldspjall á Austurvelli, sýndarréttarhöld og ótal margt fleira. Þá verður gefin út aldarsaga Háskóla Íslands. Hápunktur afmælisársins verður hátíðarmálþing um áskoranir framtíðarinnar 7. október og afmælishátíð og árshátíð Háskóla Íslands sem verður haldin í Hörpu, hinu nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Reykjavíkurhöfn 8. október.




Háskólinn í hnotskurn 2010

Tekjur Háskóla Íslands 2000–2010 í m.kr.




Á árunum 2003 og 2007 var framlag HHÍ til nýbygginga mun herra en venjulega.

Þróun fjölda nemenda og starfsmanna HÍ




Árið 2008 sameinuðust Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands


Fjöldi starfsmanna skipt eftir kyni og störfum



Skipting heildarútgjalda



Skipting útgjalda fræðasviða





Starfsnefndir háskólaráðs

Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður á árinu 2010. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og sitja forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jón Torfi Jónasson fyrir Menntavísindasvið, Kristín Vala Ragnarsdóttir fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Ólafur Þ. Harðarson fyrir Félagsvísindasvið og Sigurður Guðmundsson fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Sigurður J. Hafsteinnsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi.

Nefndin hélt 27 fundi á árinu, 13 á vormisseri og 14 á haustmisseri. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor, háskólaráði og háskólafundi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans,
- að hafa umsjón með samningum háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsóknna,
- að vinna fjárhagsáætlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans,
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkön sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnsýslueininga,
- að yfirfara ársreikning háskólans,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnsýslueininga,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnsýslueiningum við gerð fjárhagsáætlana,
- að móta fjárhagsáætlun háskólans á grundvelli þessara fjárhagsáætlana og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs,
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnsýslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum,
- að stuðla að umræðum og málþingum innan háskólans og utan um fjármál og rekstur háskólans.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2011, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2011 milli sviða, deilda og annarra skipulagseininga.

Mikil vinna fór í að endurskoða deililíkan háskólans og skiptingu fjárveitinga ársins 2011. Fjárlagafrumvarp ársins 2011 gerði ráð fyrir verulegum niðurskurði á fjárveitingum til viðbótar við niðurskurð á árinu 2010. Háskólinn fær færri krónur fyrir hvern virkan nemanda en áður. Niðurskurður á fjárveitingum á sama tíma og nemendum fjölgaði gerði vinnu fjármálanefndarinnar umfangsmikla og erfiða í þröngri fjárhagsstöðu. Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu vegur þungt og eru þreyttu einingarnar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkaninu minnkaði milli ára úr 64,0% í 56,5%. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Vægi rannsókna óx milli ára úr 19,8% í 23,9%. Innan deililíkansins er

húsnæðislíkan sem hvetur til aukinnar hagræðingar við nýtingu húsnæðis. Einkingar fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en um leið er unnt að skila húsnæði og þar með lækka kostnað án þess að fjárveitingin lækki. Húsnæðislíkanið hefur verið innleitt í áföngum og var að fullu tekið í notkun árið 2011. Sérstaklega hefur verið hugað að stöðugleika deililíkansins og var tryggt að skerðing á fjárveitingu til einstakra fræðasviða yrði ekki meiri en 5,7% að krónutölu. Fyrir vikið var skerðing fjárveitinga á bilinu 1,3% til 5,7%, minnst hjá Hugvísindasviði þar sem kennsla og rannsóknir jukust mest milli ára.

Í ljósi aðstæðna var ákveðið að fjármálanefndin fengi aftur það hlutverk að samþykkja allar auglýsingar á nýjum stöðum sem greiddar eru af fjárveitingu.

Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu. Heildartekjur námu 13.981 m.kr. og afgangur af rekstri var 74 m.kr. en afgangurinn var 241 m.kr. árið áður.

Gæðanefnd

Gæðanefnd háskólaráðs var fyrst skipuð 26. júní 2006. Núverandi nefnd hefur starfað frá árinu 2008 og er skipunartími hennar til 30. júní 2011. Á árinu 2010 áttu sæti í gæðanefnd þau Jón Atli Benediktsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, aðstoðarrekktor vísinda og kennslu, formaður, Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið, Bryndís Brandsdóttir, vísindamaður við Raunvísindastofnun, Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, Júlía Þorvaldsdóttir, fulltrúi framhaldsnema, og Valdimar Tr. Hafstein, dósent við Félagsvísindasvið. Börkur Hansen tók sæti í háskólaráði á árinu og vék af þeim sökum úr gæðanefnd en í stað hans kom Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið. Með nefndinni starfar Magnús Diðrik Baldursson, gæðastjóri Háskóla Íslands og skrifstofustjóri rektorsskrifstofu.

Í erindisbréfi gæðanefndar er hlutverki hennar lýst svo:

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja gæði kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja gæðakerfi háskólans og efla gæðameningu innan hans. Með gæðakerfi Háskóla Íslands er miðað að því að mæta væntingum nemenda, starfsmanna, íslensks samfélags og hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Verkefni gæðanefndar eru m.a.

- að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með gæðakerfi Háskóla Íslands,
- að byggja upp Miðstöð framhaldsnáms sem hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands,
- að skilgreina og fylgja eftir hliðstæðum viðmiðum og kröfum um gæði meistaranáms annars vegar og grunnnáms hins vegar,
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegum viðmiðum og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Network for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið,
- að beita sér fyrir því að fram fari reglubundið innra og ytra gæðamat á háskólanum í heild, einstökum deildum og stjórnsýslu hans. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur,
- að vera rektor, háskólaráði, háskólafundi, deildarforsetum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og framkvæmdastjórum til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að gæðamálum háskólans,
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni.

Gæðanefnd hélt 10 fundi á árinu, auk þess sem töluvert starf fór fram á milli funda. Helstu verkefni nefndarinnar voru þessi:

- Eftirfylgni með Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 á sviði gæðamála. Á árinu fjallaði gæðanefnd, í samvinnu við kennslumálanefnd, sérstaklega um aðgerðir til að draga úr brottfalli, auka námsástundun nemenda og efla gæði kennslu. Voru tillögur nefndanna um þessi efni samþykktar á fundi háskólaráðs í maí. Á haustmisseri fjallaði gæðanefnd um drög að nýrri Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016.
- Umsjón með starfsemi Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) en gæðanefnd gegnir hlutverki stjórnar miðstöðvarinnar. Miðstöð framhaldsnáms tók til starfa 1. febrúar 2009 og er aðstoðarrekktor

vísinda og kennslu starfandi forstöðumaður hennar. Pétur Ástvaldsson gegndi starfi verkefnisstjóra Miðstöðvar framhaldsnáms.

- Umfjöllun um þróun gæðamála háskóla á innlendum og erlendum vettvangi. Sérstaklega var fjallað um fyrirhugaða stofnun sérstaks gæðaráðs háskóla á Íslandi.
- Mat á umsóknum deilda og fræðasviða um ráðningu gestakennara m.t.t. þess hvort þær uppfylli ótvírætt akademískar hæfiskröfur. Á árinu voru afgreiddar nokkrar umsóknir deilda og fræðasviða um ráðningu akademískra gestakennara.
- Umsögn um nýjar og breyttar reglur Háskóla Íslands er lúta að gæðamálum. Á árinu var einkum fjallað um nýjar verklagsreglur um stofnun nýrra námsleiða við Háskóla Íslands, verklagsreglur um greiðslur vegna aukastarfa og breytingu á 56. og 57. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.
- Umsjón og eftirfylgni með ytri úttektum á háskólanum í heild og einstökum skipulagseiningum hans. Á árinu fóru fram að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins úttektir á námi og kennslu í lögfræði, viðskiptafræði, ferðamálafræði og guðfræði, auk eftirfylgniúttekta með hugvísindum og raunvísindum. Þá fór fram að frumkvæði háskólans sjálfs úttekt á námsbraut í fornleifafræði, eins og kveðið var á um við stofnun námsbrautarinnar og í samræmi við verklag samþykkt af háskólaráði. Í lok ársins birti Ríkisendurskoðun skýrslu um eftirfylgni með úttekt á kennslu fjögurra íslenskra háskóla í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði sem fram fór á árunum 2003–2005. Er það mat Ríkisendurskoðunar að Háskóli Íslands hafi framkvæmt allar ábendingar sem settar voru fram í kjölfar úttektarinnar.
- Umfjöllun og afgreiðsla ýmissa erinda sem háskólaráð og háskólaþing vísuðu til nefndarinnar. Stærsta einstaka málið af þessu tagi var erindi háskólaþings um að gæðanefnd færi yfir þær ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna er snúa að háskólasamfélaginu. Hafði gæðanefnd samráð við aðrar starfsnefndir háskólaráðs, félög akademískra starfsmanna, Stúdentaráð og höfunda þess hluta skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem fjallar um háskólasamfélagið. Skilaði nefndin umsögn sinni í byrjun október. Einnig veitti gæðanefnd umsögn um erindi háskólaráðs um árangur í rannsóknum og skiptingu fjárveitinga og um tillögur háskólaráðs um samkenndu.
- Gæðastjóri átti sæti í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og íslenskra háskóla um gerð viðmiða fyrir ytra og innra eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.
- Gæðastjóri sat ráðstefnu EUA, ENQA, ESU og EURASHE, 5th European Quality Forum, sem fram fór í Lyon í Frakklandi dagana 18.–20. nóvember.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hélt sjö fundi á árinu og nefndin var þannig skipuð í lok árs 2010: Brynhildur Flóvenz, dósent í Lagadeild, formaður, skipuð af rektor án tilnefningar, Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, tilnefnd af Hugvísindasviði, Karl Örn Karlsson, lektor í Tannlæknadeild, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði, Ólafur Páll Jónsson, dósent í Uppeldis- og menntunarfræðideild, tilnefndur af Menntavísindasviði, Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, tilnefnd af Félagsvísindasviði, og Guðrún Sóley Gestsdóttir, fulltrúi stúdenta.

Með nefndinni störfuðu þau Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, Amalía Skúladóttir, ritari nefndarinnar, og Kolbrún Einarsdóttir, starfandi ritari nefndarinnar.

Meðal þeirra málefna sem rædd voru á fundum nefndarinnar voru eineltismál, framkvæmd stefnu gegn mismunun, fræðsla fyrir stjórnendur og annað starfsfólk um jafnréttismál, jafnréttisstarf á fræðasviðum og nýjar verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni í Háskóla Íslands en nefndin skipaði starfshóp sem hefur það hlutverk að semja drög að slíkum verklagsreglum og er áætlað að hópurinn ljúki þeirri vinnu árið 2011. Starfshópin skipa Brynhildur Flóvenz, formaður, Arnfríður Guðmundsdóttir, Arnar Gíslason, Hildur Halldórsdóttir og Guðrún Sóley Gestsdóttir.

Jafnréttisnefnd styrkti á árinu gerð fræðsluritsins Kynungabók en það er mennta- og menningarmálaráðuneytið sem hefur umsjón með ritinu, sem finna má á rafrænu formi á vef ráðuneytisins.

Jafnréttisnefnd stóð í mars fyrir opnum umræðufundi um menningu og klám í Háskóla Íslands. Í samstarfi við jafnréttisnefndir Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Stúdentaráðs, ásamt jafnréttisfulltrúa HÍ. Fundurinn vakti mikla athygli og mikil umræða varð innan skólans og utan í framhaldi af honum. Á fundinum héldu þeir Ólafur Páll Jónsson og Thomas Brorsen Smidt erindi en fundarstjóri var Brynhildur Flóvenz.

Í september voru haldnir árlegir jafnréttisdagar í Háskóla Íslands í annað sinn og var jafnréttisnefnd einn helsti bakhjarl þessarar þriggja daga hátíðar ásamt ráði um málefni fatlaðra. Nefndin stóð einnig fyrir umræðufundi á jafnréttisdögum sem bar titilinn „Allt sem þú vildir ekki vita... um klámvæðingu“ og var framhald af umræðufundinum í mars en fundurinn var haldinn í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviðanna fimm og jafnréttisnefnd Stúdentaráðs. Þar fluttu þau Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Katrín Anna Guðmundsdóttir erindi en fundarstjóri var Ólafur Páll Jónsson.

Kennslumálanefnd

Skipan nefndarinnar var óbreytt frá fyrra ári og í henni sátu: Róbert H. Haraldsson, formaður, Hafdís Ingvarsdóttir, Menntavísindasviði, Helgi Þorbergsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, María Guðjónsdóttir, fulltrúi stúdenta, Sesselja S. Ómarsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði, Sveinn Yngvi Egilsson, Hugvísindasviði, og Þórhallur Guðlaugsson, Félagsvísindasviði. Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson prófstjóri sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni.

Nefndin hélt 18 fundi árið 2010 og á meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

- Verklagsreglur um stofnun nýrra námsleiða sem voru samþykktar af háskólaráði 4. mars.
- Nýjar verklagsreglur um kennslukönnun sem voru samþykktar af háskólaráði 8. apríl 2010.
- Inntökuskilyrði og inntaka nýnema.
- Námskrá framhaldsskóla.
- Samráðs- og kynningarfundir með fulltrúum úr Félagi íslenskra framhaldsskólakennara.
- Kynningarfundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um námskrá framhaldsskóla.
- Samráðsfundur með skólameisturum framhaldsskóla og fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Tillögur til að draga úr brottfalli, auka námsástundun nemenda og bæta kennslu.
- Ályktun um sumarnám.
- Námsleið í kennslufræði fyrir háskólakennara.
- Stefna um opinbera háskóla.
- Endurskoðun á stefnu Háskóla Íslands 2011–2016.
- Endurskoðun á fyrirkomulagi endurtökuprófa; breytingar á 56. og 57. gr. reglna nr. 569/2009.
- Um góða starfhætti við kennslu og próf.
- Formenn kennslunefnda einstakra fræðasviða kynntu starf nefndanna.
- Fundur með rektor.
- Kennsluferilsskrá.

Síðasta atriðið verður að teljast til helstu nýmæla sem nefndin stóð fyrir. Kennsluferilsskráin var undirbúin í náninni samvinnu nefndarinnar með fulltrúum vísindasviðs og hugbúnaðardeild RHÍ. Kennsluferilsskráin er samþættuð við framtal starfa, þ.e. hina árlegu rannsóknarskýrslu þar sem akademískir starfsmenn gera grein fyrir rannsóknum sínum og kennslu. Báðar skýrslurnar eru rafrænar og fylltar út í Uglu.

Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna.

Samráðsnefndin er skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni en formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara. Nefndin var þannig skipuð árið 2010: Guðmundur R. Jónsson, prófessor, formaður, Guðmundur Ragnarsson, sviðsstjóri starfsmannasviðs, og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Starfsmaður nefndarinnar var Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögræðingur starfsmannasviðs.

Á árinu 2010 hélt nefndin 20 fundi með fulltrúum frá fjórum stéttarfélögum. Meginefni fundanna var að leysa úr ágreiningi um framkvæmd og túlkun kjara- og stofnanasamninga og afgreiðsla erinda sem nefndinni bárust. Félögunum var auk þess kynntur niðurskurður á fjárveitingum til háskólans og ræddar við þau leiðir til að mæta honum. Auk þessa var unnið að heildarútgáfu stofnanasamnings Félags háskólakennara þar sem felldar voru inn í texta þær breytingar sem urðu á stofnanasamningi vegna samruna Félags háskólakennara og Kjarafélags Kennaraháskóla Íslands.

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2011 átti sér stað í lok ársins, eins og áður, og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunarvinnu. Faglegt mat önnuðust fimm fagrád, fagrád fræðasviða skólans. Í hverju fagráði voru um 5–8 fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráðin mátu allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda.

Umsóknir voru 232 og voru alls 177 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 175 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2011. Meðalstyrkur var 991 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Á árinu 2010 voru einnig veittir styrkir til nýdóktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 11 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2011. Þá voru veittir 68 styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi.

Ekki reyndist unnt að úthluta nýjum styrkjum til doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands að þessu sinni (sjá nánar kafla um Háskólasjóð). Sjóðurinn stendur þó við fyrri skuldbindingar sínar.

Þá voru veittir sérstakir styrkir til doktorsnema úr Rannsóknasjóði svipaðir þeim sem veittir hafa verið úr Háskólasjóði. Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferli stúdents. Vísindanefnd úthlutaði síðan styrkjum til 20 verkefna í febrúar.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að úttekt og endurskoðun vegna úthlutana úr sjóðum í umsjá nefndarinnar. Einnig voru veittar umsagnir um stofnun vísindasíðanefndar á sviði félags- og atferlivísinda og tillögur starfshóps um árangur í rannsóknum og skiptingu fjárveitinga. Þá lagði nefndin fram tillögur um stuðning við unga vísindamenn og um aukna sókn í erlenda samkeppnisjóði. Nefndin hélt einn fund með formönnum vísindanefnda fræðasviðanna.

Skipan vísindanefndar 2010

Til 1. október 2011 var vísindanefnd þannig skipuð: Helga Ögmundsdóttir, prófessor í Læknadeild, frá Heilbrigðisvísindasviði, formaður, Jón Gunnar Bernburg, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, frá Félagsvísindasviði, Steinunn Gestsdóttir, lektor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, frá Menntavísindasviði, Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður á Jarðvísindastofnun, frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Herdís Sveinsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild, frá Heilbrigðisvísindasviði, og Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild, frá Hugvísindasviði. Viðbótarfulltrúar, skipaðir til 1. september 2010, voru: Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild, frá Heilbrigðisvísindasviði, og Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði.



Stjórnsýsla

Skrifstofa rektors

Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

Skrifstofa rektors

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskóla- rektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningum kandiðata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnum og fyrirlestrum á vegum rektors, útgáfu ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors.

Starfslið

Rektor Háskóla Íslands er Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Aðrir starfsmenn á skrifstofu rektors á árinu 2010 voru Jón Atli Benediktsson prófessor, aðstoðar- rektor vísinda og kennslu, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri og gæðastjóri háskólans, Sæunn Stefánsdóttir sérfræðingur, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur háskólans, Guðbjörg Jóhannesdóttir verkefnisstjóri og Margrét Ludwig verkefnisstjóri. Guðbjörg skipti um starfsvettvang innan háskólans síðla árs og Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjóri hóf störf á skrifstofunni.

Stefnumótun, þróunarmál og gæðamál

Rektor hefur frumkvæði að mótun sameiginlegrar stefnu Háskóla Íslands og eftirlit með framkvæmd hennar. Rektorsskrifstofa hefur umsjón með þróunar- og gæðamálum háskólans, m.a. í samvinnu við gæðanefnd háskólaráðs.

Áherslumál

Í kaflanum um helstu viðburði 2010 framar í þessari Árbók er vikið að fjölmörgum áherslumálum Háskóla Íslands sem með einum eða öðrum hætti var sinnt á vettvangi rektorsskrifstofu.

Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar setningar Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011.

Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Markmiðið með því gæðaeftirliti er að viðhalda gæðum námsins, stuðla að ábyrgð leiðbeinenda, námsgreina og deilda. Enn fremur er markmiðið að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú orðnir um fimm hundruð talsins.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnsýslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Starfandi forstöðumaður er Jón Atli Benediktsson en verkefnisstjóri er Pétur Ástvaldsson.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að kortleggja doktorsnámið, í breiðum skilningi, með öflun gagna og að sinna því að öllum almennum reglum um námið sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndum. Miðstöðin leggur enn fremur mat á hæfni andmælenda við doktorsvarnir. Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurskoðun á reglum fræðasviða um meistara- og doktorsnámið og hefur þar verið lögð áhersla á að festa hlutverk miðstöðvarinnar enn frekar í sessi. Með skýrari reglum um framhaldsnámið skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnámið við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og sameiginlegar prófgráður með erlendum háskólum en sá þáttur í starfsemi Háskóla Íslands fer vaxandi. Sömuleiðis sér hún um auglýsingu og úthlutun aðstoðarkennarastyrkja sem skólinn veitir til doktorsnema árlega, í samvinnu við vísindasvið.

Einn liður í gagnaöflun miðstöðvarinnar eru rafrænar kannanir almenns eðlis sem gerðar hafa verið meðal doktorsnema undanfarin tvö ár. Slíkar kannanir eru gagnlegar um það hvaða málefni brenna á doktorsnemum. Síðasta könnun sem gerð var, í október 2010, sýndi niðurstöður sem endurspegluðu ánægju með námið og voru þær skólanum almennt hagfelldar þótt ákveðin áhyggjuefni kæmu þar fram, eins og t.d. varðandi fjármögnunarbátt námsins.

Á vef miðstöðvarinnar er að finna, á íslensku og ensku, rafræna handbók um doktorsnámið, sem einkanlega hefur verið ætluð nemendum. Endurskoðun handbókarinnar stendur yfir en stefnt er að því að hún verði yfirgripsmeiri og taki til allra þátta doktorsnámsins, frá upphafi til útskriftar, bæði þess er snýr að nemendum og starfsfólki stjórnsýslunnar.

Helsta verkefni miðstöðvarinnar, sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið, er gagnagrunnur yfir alla skráða doktorsnema við Háskóla Íslands á hverjum tíma, þar sem upplýsingar frá fræðasviðum mynda grunn að heildarskrá með nákvæmum upplýsingum um hvern doktorsnema, leiðbeinendur, doktorsnefndir, framgang námsins og fleira. Verk þetta hefur verið unnið í samvinnu við Reiknistofnun og mun tengjast Uglunni. Hér er um ákaflega þýðingarmikið hjálpargagn að ræða sem verður í umsjón miðstöðvarinnar en jafnframt miðlægt, þ.e.a.s. með aðgangi tengiliðar eða umsjónarmanns frá hverju fræðasviði sem tryggir að þar séu ávallt nýjustu upplýsingar og nákvæmstu um nemendur og stöðu þeirra í náminu.

Markaðs- og samskiptamál

Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnsýslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga skólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals skólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs ráðast að miklu leyti af eftirfarandi þáttum:

- Mörkun stefnu um fagleg innri og ytri samskipti Háskóla Íslands.
- Yfirstjórn ytri vefs og mörkun vefstefnu í samvinnu við sérstakan vefstjórnarhóp.
- Eftirfylgni við framangreindar stefnur.
- Upplýsingamiðlun á innri vef og þróun hans.
- Samskipti við fjölmiðla.
- Stjórnun viðburða á vegum Háskóla Íslands ásamt faglegri ráðgjöf og aðstoð í tengslum við viðburði.
- Útgáfa markaðs-, kynningar- og fréttæfnis í nafni Háskóla Íslands.
- Aðstoð og ráðgjöf við vinnslu markaðs- og kynningarefnis fyrir allar einingar.
- Auglýsingamál Háskóla Íslands.
- Mótun hollvinastarfs og innleiðing á slíku starfi.
- Umsjón og umsýsla með starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands.
- Gerð samninga við samstarfsaðila um markaðs- og kynningarmál.

Stjórn og starfslið

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál á árinu voru í höndum hans og Guðrúnar J. Bachmann. Hún var að auki skólastjóri Háskóla unga fólksins og stýrði þætti Háskóla Íslands í verkefninu Tilraunalandinu sem unnið var í samvinnu við Norræna húsið.

Vefritstjóri háskólans var Díana Dögg Víglundsdóttir en hluta af árinu var hún í barneignarleyfi. Droplaug Margrét Jónsdóttir leysti hana af. Helga Brá Árnadóttir var verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands. Pétur Georg Markan var ráðinn tímabundið til aðstoðar við vinnslu á Tímariti Háskóla Íslands og við kynningar á námsleiðum skólans en hann var í grunnnámi við háskólann. Dagný Ósk Aradóttir sinnti ýmsum verkefnum á sviðinu tímabundið undir lok ársins en hún var í framhaldsnámi við Háskóla Íslands.

Upplýsingaskrifstofa háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka og þar störfuðu einnig Guðrún Pétursdóttir, Guðbjörg S. Haraldsdóttir og Anna Vigdís Ólafsdóttir. Anna Vigdís lét af störfum á árinu sökum aldurs. Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Helstu verkefni upplýsingaskrifstofu eru símsvörun í aðalnúmer háskólans, bókanir í stofur og gestaíbúðir og dreifing á kynningarefni Háskóla Íslands.

Undirbúningur aldarafmælis Háskóla Íslands

Gríðarleg vinna fór fram á sviðinu við undirbúning aldarafmælis Háskóla Íslands árið 2011 en eftirfarandi var meðal verkefna sem sviðið sinnti á árinu og tengdist aldarafmæli skólans:

- Sérstök vísindaveisla allra fræðasviða á háskóladeginum árið 2011.
- Undirbúningur sérstakrar dagskrár einstakra fræðasviða skólans á aldarafmælisári.
- Háskóli unga fólksins með aldarafmælisniði.
- Svokölluð Háskólalest, sem byggist á heimsóknum Háskóla Íslands á fjölmarga staði á landsbyggðinni í tilefni af aldarafmæli skólans. Í Háskólalestinni verða viðburðir og vísindi, fjör og fræði fyrir alla aldurshópa.
- Sérstakur aldarafmælisvefur Háskóla Íslands.
- Gönguferðir undir heitinu Með fróðleik í fararnesti í samvinnu við Ferðafélag Íslands.
- Formleg setningarathöfn afmælisárs í janúar 2011.
- Framleiðsla á sjónvarpsefni fyrir kynningu á aldarafmæli Háskóla Íslands og stefnu hans í janúar 2011.
- Framleiðsla vísindapátta til sýningar í ríkissjónvarpinu.
- Almanntengslaáætlanir fyrir alla helstu viðburði ársins.

Á árinu 2010 voru auk þess miklar annir við að hanna sérstakt viðmót á prentgripum og kynningarefni sem tengist aldarafmæli Háskóla Íslands. Vöruhönnuðirnir Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins voru fengnar til verksins en þær eru grunnhönnuðir á því útliti sem stuðst er við á aldarafmæli skólans. Þær hönnuðu einnig sérstakt vísindadagatal á árinu sem gefið var út í lok ársins í samstarfi við Vísindavef Háskóla Íslands. Auglýsingastofan Pipar-TBWA vann áfram með hönnun Hildigunnar og Snæfríðar og lagaði að fjölmörgum prentgripum og auglýsingum.

Aðalbjörg Þórðardóttir hannaði nýtt afmælismerki skólans og Pallas Aþena, aðalmerki Háskóla Íslands, var uppfært lítillega í tilefni af aldarafmælinu. Auglýsingastofan Pipar-TBWA sá um þá breytingu. Af þessu tilefni var hönnunarstaðall skólans uppfærður í heild sinni og útbúinn sérstakur staðall fyrir gögn sem tengjast sérstaklega aldarafmæli skólans.

Útgáfa kynningarefnis

Árið 2010 kom út efnismikið Háskólatímarit með áherslu á rannsóknir innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar en ljósmyndun í höndum Kristins Ingvarssonar, Stefáns Helga Valsssonar, Gunnars Sverrissonar, Ragnars Axelssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar. Ritstjórnar voru Jón Örn Guðbjartsson og Guðrún J. Bachmann. Efnisöflun og vinnsla var að mestu í höndum starfsmanna markaðs- og samskiptasviðs en nokkur hluti greina kom frá nemendum í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Kynningarfolk á fræðasviðum lagði einnig til efni. Á árinu var jafnframt unnið að efnisöflun fyrir sérstaka afmælisútgáfu tímaritsins sem kemur út árið 2011.

Annað kynningarefni um starfsemi háskólans var af ýmsum toga, m.a.:

- Efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands sem innihélt einnig að þessu sinni nauðsynlegar upplýsingar fyrir nýnema við Háskóla Íslands.
- Yfirlit yfir allar námsleiðir í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands.
- Kynningarbæklingur á ensku um starfsemi Háskóla Íslands.

Fjölmargar deildir og námsleiðir innan háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefni. Markmiðið með útgáfu á kynningarefni háskólans er að veita samfélaginu skilvirka þjónustu og koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan háskólans.

Vefmál Háskóla Íslands

Heildarumsjón með inntaki og útliti ytri vefsvæða Háskóla Íslands er í höndum markaðs- og samskiptasviðs. Sviðið vinnur náið með sérstökum vefstjórnarhóp. Í honum voru, auk Jóns Arnar Guðbjartssonar sviðsstjóra, þau Dána Dögg Víglundsdóttir, vefritstjóri skólans, Ingi Rafn Ólafsson, fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir, fyrir Menntavísindasvið, María Ásdís Stefánsdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, og Sigurjón Ólafsson, fyrir Hugvísindasvið.

Dána Dögg, ritstjóri ytri vefsvæða skólans, fór í barneignarleyfi á árinu en Droplaug Margrét Jónsdóttir leysti hana af. Hlutverk vefritstjóra er m.a. að tryggja öruggt flæði gagna inn á ytri vefsvæði skólans og að útlit sé samkvæmt stöðlum. Ytri vefsvæði háskólans eru afar efnismikil og með þeim fjölsóttustu á landinu. Þau eru knúin með vefumsjónarkerfinu Drupal. Vefsvæði háskólans eru mikilvægasta gátt fyrir upplýsinga til verðandi stúdenta auk þess sem þar er sótt rafrænt um nám. Ytri vefsvæði háskólans gegna því afar mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um starf innan skólans og þá þjónustu sem þar er veitt.

Jafnframt vinnu við ytri vefsvæði skólans vinnur vefritstjóri að endurbótum á innri vef og sér um öll samskipti við Reiknistofnun. Sú stofnun ber nú ábyrgð á rekstri vefþjóna og vefumsjónarkerfa sem knýja ytri vefi Háskóla Íslands. Reiknistofnun sér auk þess um þróun, nýsmíði og aðlögun á sömu vefjum. Mikil vinna fór fram við smíði sérstaks aldarafmælisvefs Háskóla Íslands á árinu en Ása Baldursdóttir, nemi við Háskóla Íslands, var ráðin til að vinna efni á aldarafmælisvefinn undir leiðsögn Eggerts Þórs Bernharðssonar, prófessors á Hugvísindasviði, og Sæunnar Stefánsdóttur, sérfræðings á rektorsskrifstofu.

Á árinu var sérstakt átak gert til að koma gögnum á enskum og íslenskum vef í betra horf auk þess sem lítilsháttar breytingar voru gerðar á útliti. Þessu átaki lauk 1. desember. Samfara endurbótum á vefnum var stofnaður rýnihópur með notendum, vefstjórnarfolkum og hagsmunahópum ásamt því sem fengin var aðstoð frá ráðgjafarfyrirtækinu Sjá við að útbúa sérstaka þarfagreiningu fyrir nýjan enskan vef skólans. Leitað var til hönnunarstofunnar Skapalóns með hönnun á nýju útliti fyrir enska vefinn. Samhliða þessu var gert átak til að bæta skráningar starfsmanna í innri vefinn Uglu en ytri vefur nýtir gögn þaðan í leitarvélur sem allar voru endurnýjaðar á árinu. Einnig voru gerðar breytingar á student.is til að einfalda aðgengi að upplýsingum en sá vefur er rekinn í samvinnu við meistaranám í blaða- og fréttamennsku, Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta.

Fjöldamargir starfsmenn innan háskólans hafa umsjón með vefjum einstakra deilda, stofnana og starfseininga. Kennurum er einnig ætlað að halda úti eigin síðum með gögnum um rannsóknir, kennslu og útgáfur. Margir leituðu þjónustu, ráðgjafar og fræðslu hjá markaðs- og samskiptasviði og til úrlausnar á framan- greindum verkefnum. Markaðs- og samskiptasvið stóð auk þess fyrir námskeið- um á árinu til að þjálfa notendur.

Fjölbreyttir viðburðir

Markaðs- og samskiptasvið stýrði kynningu á námsframboði Háskóla Íslands á háskóladeginum í febrúar ásamt kynningum á landsbyggðinni, m.a. á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði. Námskynningin á háskóladeginum var afar fjölsótt. Þá stýrði markaðs- og samskiptasvið sérstakri kynningu á framhaldsnámi við skólann undir vorið í samvinnu við fræðasviðin. Auk þessa sá sviðið um fjölda kynninga á helstu námsleiðum bæði innan skólans og utan.

Markaðs- og samskiptasvið sá um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og tímabundnum verkefnum á árinu 2010, annaðhvort eitt og sér eða í samvinnu við aðrar einingar innan háskólans.

Á meðal verkefna á þessu sviði voru:

- Háskóladagurinn.
- Háskóli unga fólksins.
- Vísindavaka á degi evrópska vísindamannsins í Listasafni Reykjavíkur.
- Brautskráningar frá Háskóla Íslands.
- Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands þar sem m.a. voru kynnt nýsköpunarfyrirtæki sem sprottið hafa upp innan háskólans.
- Alþjóðdagur þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar í skiptinámi í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.
- Átak Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til að byggja hús fyrir alþjóðlega tungumálamiðstöð og kennslu og rannsóknir í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.
- Kynning á háskólatónleikum.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar.
- Fjölmargar úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands.
- Fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra í sagnfræði var opnað formlega á Skagaströnd.
- Úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands.
- Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands og sérlegur sendimaður Frakklandsforseta um málefni heimskautanna, flutti fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Kínverski jöklafræðingurinn Yao Tandong flutti erindi í Hátíðasal um jökul- svæðin í Himalajafjöllum. Yao Tandong er forystumaður í jöklarannsóknum í Kína.
- Michael Porter, heiðursdoktor við Háskóla Íslands og prófessor við Harvard Business School, flutti fyrirlestur í Háskólabíói.
- Þjóðarspegill 2010.

Vísindamiðlun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Eitt helsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs í vísinda- miðlun árið 2010 var Háskóli unga fólksins, þar sem ár hvert koma saman mörg hundruð nemendur grunnskólanna sem fá að kynnast um stund námi og starfi við Háskóla Íslands. Að þessu sinni var um 1500 grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna en Háskóli unga fólksins var haldinn í samvinnu við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Skólinn stóð að þessu sinni yfir í tvo daga.

Tilraunalandið, sem var samstarfsverkefni Norræna hússins og Háskóla Íslands, var gríðarlega fjölsótt á árinu. Um 20 þúsund gestir heimsóttu Vatnsmýrina vegna þessa verkefnis en það var lifandi og gagnvirk sýning þar sem vísindin voru kynnt á óvenjulegan og skemmtilegan hátt með virkri þátttöku gestanna. Markmiðin með Tilraunalandinu voru að kynna og kanna undraheima vísindanna, veita inn- blástur og vekja forvitni á lögmálum náttúrunnar. Bæði framangreind verkefni voru í umsjón Guðrúnar J. Bachmann.

Markaðs- og samskiptasvið vann að gerð sjónvarpsþátta um vísindarannsóknir við skólann nær allt árið 2010. Tilgangurinn með þáttunum er að veita fólki skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn skólans sinna og hvernig þeir vinna við rann-

sóknir við afar ólíkar aðstæður. Þættirnir ná yfir vísindarannsóknir á öllum fræðasviðum skólans. Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a. á Skjálfaflóa, á Eyjafjallajökli, bæði á meðan á eldsumbrotunum stóð og í framhaldi af þeim, á Langjökli, undir Snæfellsjökli, í Fljótshlíð, við Hekfurætur, á Skriðuklaustri, í Reykjavík, Hvalfirði og víðar. Þættirnir, sem eru teknir upp í háskerpu, verða sýndir í ríkissjónvarpinu á árinu 2011 í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands. Framleiðandi er Kukl, kvikmyndatökumaður er Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sér Konráð Gylfason en dagskrárgerð og stjórn upptöku er í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar. Handrit unnu Jón Örn Guðbjartsson, Guðrún J. Bachmann og Bjarni Felix Bjarnason.

Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Markaðs- og samskiptasvið háskólans starfar náið með íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi háskólans sem snerta m.a. vísindarannsóknir, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, nýsköpun, tengsl við atvinnulíf, úthlutun styrkja, afrek og kennslu. Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkara mæli til að varpa ljósi á ólík málefni. Með samskiptum við fjölmiðla miðlar háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar til almennings.

Markaðs- og samskiptasvið aðstoðaði fjölda innlendra og erlendra fjölmiðla við að nálgast sérfræðinga háskólans á árinu 2010. Sérfræðingar háskólans voru áberandi í umræðunni hér heima á árinu sökum álitsgjafar á ýmsum áskorunum í samfélaginu, sem vörðuðu m.a. stöðu hagkerfisins, stjórnsmál, siðfræði, lögfræði, heilsu og hag almennings. Háskóli Íslands er í hópi þeirra aðila sem oftast eru nefndir í íslenskum fjölmiðlum.

Mikill áhugi var á aðstæðum á Íslandi í útlöndum, ekki síst vegna eldsumbrota í Eyjafjallajökli og vegna eftirkasta bankahrunsins. Jarðvísindamenn Háskóla Íslands voru afar áberandi í fjölmiðlum víða um heim vegna túlkunar á eldsumbrotunum, öskufallinu sem gosinu fylgdi og þeirrar truflunar sem varð á alþjóðlegri flugumferð vegna gossins.

Fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans leituðu ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla. Sviðið stóð jafnframt fyrir námskeiðum í almannatengslum og fjölmiðlasamskiptum fyrir starfsfólk sem sinnir kynningarmálum fyrir hönd Háskóla Íslands og hélt einnig námskeið fyrir sérfræðinga í líftækni við Læknadeild Háskóla Íslands.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið og hefur Helga Brá Árnadóttir umsjón með sjóðunum. Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands, kemur að fjármálaumsýslu sjóðanna. Sjóðir háskólans eru nú ríflega sextíu, ásamt gjöfum sem Háskóla Íslands hefur verið ánafnað. Sjóðirnir starfa flestir eftir staðfestri skipulagsskrá sem ætlar þeim að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna nemenda, kennara og vísindamanna í samræmi við tilgang og markmið sjóðanna.

Veittir voru 276 styrkir úr sjóðum Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu 2010, 253 úr Sáttmálasjóði og 23 úr öðrum sjóðum. Í upphafi árs var fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands breytt þannig að hún endurspegli betur það ástand sem ríkir á fjármálamörkuðum. Fjárfestingarstefna sjóðanna gerir ráð fyrir 75% fjárfestingu í skuldabréfum, 2% í innlendum hlutabréfum og 23% í erlendum hlutabréfum.

Á árinu var vinnu við vef Styrktarsjóða Háskóla Íslands haldið áfram. Með opnun vefsins á árinu 2011 mun aðgengi allra stórbatna að upplýsingum um sjóðina og mögulega styrki.

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands var endurnýjuð á fundi háskólaráðs á árinu. Stjórnarmenn eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, hrl. og lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Þá situr Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna, sem haldinn er í upphafi hvers árs. Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, er varamaður í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands til næstu þriggja ára.

Innri tengsl og samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu í ýmsum vinnuhópum og nefndum um verkefni innan og utan háskólans á árinu. Jón Örn Guðbjartsson og Guðrún J.

Bachmann sátu í markaðs- og kynningarráði skólans ásamt Ásu Kolka. Í markaðs- og kynningarráði sátu einnig Ingi Rafn Ólafsson, fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, fyrir Menntavísindasvið, María Ásdís Stefánsdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, og Sigurjón Ólafsson, fyrir Hugvísindasvið. Jón Örn og Diana Dögg Víglundsdóttir leiddu vefstjórnarhóp skólans. Þá sátu Jón Örn og Guðrún J. Bachmann í sérstakri verkefnisstjórn um aldarafmæli Háskóla Íslands. Guðrún sat einnig í stjórn undirbúningsfélags um svokallað Tilraunahús. Jón Örn sat einnig sem varamaður í stjórn Vísindavefsins.

Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón með kennslu- og nemendamálum skólans, reglusetningu og samningagerð, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, og jafnréttismálum og undirbúningur og afgreiðsla mála fyrir háskólaráð.

Kennslusvið annast sameiginleg mál háskólans er varða kennslu, próf, skráningu stúdenta, kennsluhúsnæði og búnað. Á vegum þess er jafnframt starfrækt Kennslumiðstöð, Námsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborð í Háskólatorgi sem sérstakar starfseiningar. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins er starfrækt á kennslusviði skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem og ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofa um viðurkenningu náms frá öðrum löndum.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár og skiptist kennsluárið í tvö misseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Stúdentar sem ljúka námi í september geta fengið námslok sín staðfest og prófskírteini afhent í október. Áfram voru nýttar heimildir til að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum háskólaárið 2010–2011, skv. ákvörðun háskólaráðs, en þessar heimildir höfðu ekki verið nýttar um árabíl allt til háskólaársins 2007–2008. Nýskráningar á haustmisseri 2010 voru ? og á vormisseri 2011.

Skrifstofa, prófahald – kennsluskrá – lög og reglur

Á skrifstofu kennslusviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum þess og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Náði samstarf er við lögfræðing háskólans. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – Háskólasjúkrahúss og enn fremur umsjón með tengslum við Samtök norrænna háskóla (NUS) og Samtök evrópskra háskóla (EUA). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennslusviðs í tengslum við heildarfráhragsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli sjö starfseininga þess.

Í byrjun árs 2010 var öll þjónusta kennslusviðs við nemendur komin í Háskólatorg. Á 3. hæð hússins eru Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matsskrifstofa kennslusviðs, ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofa og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins en tvær síðastnefndu skrifstofurnar eru starfræktar eru skv. samningum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á 2. hæð er Þjónustuborð og skrifstofur jafnréttisfulltrúa háskólans og táknaáhrif Náms- og starfsráðgjafar.

Enn meiri áhersla var lögð á aðhald og hagræðingu í rekstri og sókn til að afla tekna. Unnið var að sérstakri gjaldskrá fyrir þjónustu við nemendur sem er ekki innifalin í skráningargjaldi. Samræmd heimasíða allra eininga kennslusviðs er stöðugt verkefni sem unnið er að, svo og skráning á öllum nefndum, stjórnnum og starfshópum skólans. Verkefnum einstakra starfseininga kennslusviðs er lýst sérstaklega aftur í þessum kafla.

Lög og reglur

Reglur nr. 569/2009 tóku gildi 1. júlí 2009, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands höfðu verið sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008. Endurskoðun á öðrum reglum skólans og stofnana hans í kjölfar nýrra laga, svo og heildarreglna, stóð yfir allt árið og verður haldið

áfram. Birtingar nýrra reglna og breytinga á eldri reglum voru 26 á árinu. Samþykktar voru verklagsreglur um kennslukönnun og undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða og unnið að öðrum verklagsreglum m.a. um gjaldskrá vegna þjónustu við nemendur og innheimtu skrásetningargjalds. Lögfræðingur háskólans, Ingibjörg Halldórsdóttir, hafði aðsetur í húsnæði kennslusviðs og vann náið með sviðsstjóra.

Kennsluskrá

Kennsluskrá háskólans er eingöngu gefin út á vefnum og hefur svo verið frá háskólaárinu 2007–2008. Í kennsluskránni (kennsluskra.hi.is) eru m.a. tilgreindar allar námsleiðir og öll námskeið sem kennd eru við skólann og skipulagi námsins lýst. Gerð er grein fyrir hverri námsleið, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta skráningu, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur.

Kennsluskráin er unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskrár en kennslusvið ræður ritstjóra. Hver deild skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskrárvinnu fyrir hönd deildarinnar. Kennarar koma einnig að gerð kennsluskrár, á þann hátt að þeir eru ábyrgir fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Um 40 manns komu með beinum hætti að gerð kennsluskrár 2010–2011, fyrir utan fjölda kennara. Kennsluskráin er alfarið unnin og birt í Uglu, hugbúnaðarkerfi Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Ritstjóri kennsluskrár er Sveinn Klausen.

Um efni kennsluskrár, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum verklagsreglum um kennsluskrá, í samræmi við ákvæði í 23. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ritnefnd kennsluskrár vann að mótun verklagsreglnanna í samvinnu við kennslusvið og voru þær samþykktar í háskólaráði 5. nóvember 2009. Verklagsreglurnar eru hluti af gæðakerfi háskólans. Í framhaldi af setningu þessara reglna og í samræmi við ákvæði 53. gr. reglna nr. 569/2009 voru samdar verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða, sem tengjast með beinum hætti vinnu við kennsluskrá. Verklagsreglur þessar tóku gildi 4. mars 2010. Þar er að finna skilgreiningar á ýmsum viðmiðum og hugtökum, auk þeirra ákvæða sem þarf að uppfylla þegar ný námsleið er sett á stofn.

Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/skolinn/verklagsreglur>.

Vinna við undirbúning kennsluskrár háskólaársins 2010–2011 hófst í byrjun október 2009. Ritnefnd fundaði með reglulegum hætti og efnt var til nokkurra samráðs- og vinnufunda með tengiliðum deilda. Skipulag og efnistöð kennsluskrár byggðust á verklagsreglunum og því fyrirkomulagi sem tekið var upp 2008–2009 en þó voru gerðar endurbætur á ýmsum tæknilegum þáttum í vinnsluferlinu til að auka skilvirkni, öryggi og yfirsýn. Sömuleiðis voru gerðar nokkrar breytingar á viðmóti og virkni kennsluskrár í því skyni að auðvelda notkun hennar. Á vettvangi fræðasviða og deilda var áfram unnið að því að skilgreina og skrá hæfniviðmið námskeiða og gekk sú vinna prýðilega í mörgum tilvikum en síður í öðrum. Það er í verkahring kennara að skilgreina hæfniviðmið námskeiða. Ýmislegt var gert til að hvetja þá til dáða og m.a. útbúnar sérstakar leiðbeiningar og efnt til námskeiða á vegum Kennslumiðstöðvar háskólans.

Í kennsluskrá ársins 2010–2011 voru birtar upplýsingar um alls 4360 námskeið eða námsatvik (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, lokaverkefni, málstofur o.fl.). Þar af voru um 3500 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í rúmlega 2500 námskeiðum voru nemendur 5 eða fleiri. Í um 290 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri, en 200 eða fleiri í um 90 námskeiðum.

Af 2045 kenndum námskeiðum voru 1275 í grunnnámi, 600 í framhaldsnámi og 170 í grunn- og framhaldsnámi. Af þessum námskeiðum voru 270 kennd á ensku, þar af 120 í grunnnámi. Um 165 námskeið voru kennd á öðrum erlendum tungumálum, flest í grunnnámi. Námskeið í fjarnámi voru tæplega 300, þar af um 190 í grunnnámi. Rúmlega helmingur fjarnámskeiða var á vegum Menntavísindasviðs. Birtar voru upplýsingar um alls 326 námsleiðir, þar af 103 í grunnnámi og 223 í framhaldsnámi. Undanskildar eru 54 aukagreinar í grunnnámi en þess má geta að 5 námsgreinar voru eingöngu í boði sem aukagreinar. Meðtaldar eru hins vegar 5 diplómaleiðir í grunnnámi (60–90 e) og 34 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30–60 e). Til doktorsprófs voru í boði 55 skipulagðar námsleiðir.

Rétt er að nefna að námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin almenn bókmenntafræði er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraþrófs og til doktorsþrófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskrá reiknast þetta sem fimm mismunandi námsleiðir. Ef grannt er skoðað voru alls ríflega 100 námsgreinar í boði við Háskóla Íslands háskólaárið 2010–2011.

Ugla – vefkerfi Háskóla Íslands

Mikilvægur hluti af starfi miðlægrar stjórnsýslu og stjórnsýslu deilda snýr að þjónustu og aðstoð við nemendur, við skráningu, miðlun upplýsinga, skýringar á námsframvindu og reglum og aðstoð við tölvu- og nettengingu. Ugla er innri náms- og upplýsingavefur sem skólinn rekur og auðveldar upplýsingaflæði og samskipti í námi og skipulagi þess með ýmsum hætti. Þróun Uglunnar fer fram í nánú samstarfi kennsluviðs og Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Á árinu náðist sá áfangi að allar umsóknir um nám við skólann eru nú rafrænar.

Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum, þ.e. í vor- og haustprófum, á árinu 2010 voru haldin skrifleg próf í 1.061 námskeiði og prófúrlausnir í öllum námskeiðunum voru um 45.000. Haldin voru sjúkra- og upptökupróf í janúar, maí og júní í 550 námskeiðum og prófúrlausnir þar voru tæplega 3.400. Á eftirfarandi yfirliti sést nánari skipting eftir námsstöðu (úrsögn, veikindi, fjarverandi, staðið, fall) og próftímabilum. Hafa ber í huga að einn og sami námsmaðurinn getur verið með mismunandi námsstöðu og að yfirlitið miðast við hvert próftímabil fyrir sig en ekki endanlega niðurstöðu í hverju námskeiði. Sá sem fellur í einu prófi getur staðist próf í sama námskeiði á öðrum tíma. Fjöldi prófa vísar til fjölda námskeiða sem lauk með skriflegum prófum. Á yfirlitinu sést að úrsagnir eru að meðaltali 32% en þó sýnu flestar á reglulegum próftímabilum að hausti og vori. Úrsagnir að vori eru 41% og vafalítið á þar hlut að máli að nemendur skráðu sig upphaflega til prófs árið áður í árlegri skráningu sem fram fór í mars eða í nýskráningu sem lauk í júní 2009. Úrsagnir eru hlutfallslega færri á öðrum próftímabilum enda hafa nemendur styttri tíma til að skrá sig úr þeim prófum en þeir hafa á reglulegum próftímabilum.

Hér að ofan sést að hlutfallslega fleiri standast próf að vori en að hausti og meginskýringin er sennilega sú að hluti nemenda hefur horfið frá námi um áramót. Sömuleiðis sést að árangur í sjúkra- og upptökuprófum (í janúar, maí og júní) er talsvert lakari en í hefðbundnum haust- og vorprófum.

Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir	Veikindi	Fjarverandi	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	227	153 9%	55 3%	228 13%	884 51%	429 25%	1.467 100%
Vorpróf 2010	523	15.158 41%	1550 4%	2434 7%	15.974 43%	1.834 5%	36.950 100%
Maí	165	322 18%	156 9%	250 14%	821 47%	213 12%	1.762 100%
Júní	159	96 7%	104 7%	160 11%	790 56%	261 18%	1.411 100%
Haustpróf	538	9.740 26%	2338 6%	2312 6%	19.711 52%	3.597 10%	37.698 100%
Samtals	1.612	25.469 32%	4203 5%	5384 7%	38.180 48%	6.334 8%	79.288 100%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófrauna eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	227	884 67%	429 33%	1313 100%
Vorpróf 2010	523	15974 90%	1834 10%	17808 100%
Maí	165	821 79%	213 21%	1034 100%
Júní	159	790 75%	261 25%	1051 100%
Haustpróf	538	19711 85%	3597 15%	23308 100%
Samtals	1612	38180 86%	6334 14%	44514 100%

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi		Veikindi		Staðið		Fall		Samtals		
	prófa	Úrsagnir									
Vor	1.170	9.630	41%	112	0%	13.500	57%	510	2%	23.752	100%
Sumar	275	1.569	49%	108	3%	1.354	42%	183	6%	3.214	100%
Haust	1.060	6.570	33%	130	1%	12.750	63%	763	4%	20.213	100%
Samtals	2.505	17.769	38%	350	1%	27.604	59%	1.456	3%	47.179	100%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals			
Vor	1.170	13.500	96%	510	4%	14.010	100%
Sumar	275	1.354	88%	183	12%	1.537	100%
Haust	1.060	12.750	94%	763	6%	13.513	100%
Samtals	2.505	27.604	95%	1.456	5%	29.060	100%

prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um fjölda prófa og prófurlausna ekki heildarmynd af námsmati við háskólann. Í eftirfarandi töflu vísar fjöldi prófa til námskeiða, ritgerða og verkefna þar sem lokaeinkunnir voru gefnar.

Starfsmenn kennslusviðs aðstoðuðu við framkvæmd rúmlega 100 prófa sem haldin voru á kennslutíma og prófurlausnir þar voru rúmlega 8.600. Haldin voru þrjú skrifleg TOEFL-próf á árinu 2010 og prófin þreyttu einungis 42 þátttakendur. GRE-próf (e. Graduate Record Examinations) voru haldin haust og vor og þau þreyttu um 30 manns. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem háskólinn annast fyrir erlendar stofnanir en á meðal fastra viðskiptavina vegna fjarnáms Íslendinga eru University of South Africa, Heriot-Watt University í Edinborg og University of London en kennslusvið hefur umsjón með prófum frá fleiri skólum á hverju ári. Ótalin eru enn fremur fjarpróf sem send eru frá háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan. Þegar lagt er saman er ljóst að starfsmenn kennslusviðs komu að u.þ.b. 53.000 próftökum á árinu 2010.

Þá ber að nefna að inntökupróf í Læknadeild, sex tveggja stunda próf, voru haldin 14. og 15. júní, þrjú hvorn dag, og samtals voru 356 manns skráðir í þau.

Starfsfólk

Ársverk á skrifstofu kennslusviðs og við prófahald voru 6,0. Þar störfuðu árið 2010: Þórður Kristinsson, sviðsstjóri, Amalía Skúladóttir, deildarstjóri skrifstofu, Björn Gíslason, verkefnisstjóri prófahalds, Hreinn Pálsson prófstjóri og verkefnisstjóri Uglu, Kolbrún Einarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu, og Sveinn Klausen, ritstjóri kennsluskrár og vefstjóri kennslusviðs, öll í fullu starfi. Lögfræðingur háskólans hafði aðsetur á skrifstofu kennslusviðs og vann náið með sviðsstjóra.

Þjónustuborð í Háskólatorgi

Þjónustuborð í Háskólatorgi veitir nemendum, starfsmönnum og gestum Háskóla Íslands fjölbætta þjónustu og almennar upplýsingar sem lúta að námi í skólanum. Þar fá nemendur vottorð um skólavist til handa ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, yfirlit yfir námsferla og afrit brautskráningarskírteina, kaupa prentkvóta Reiknistofnunar og fá afhent stúdenta- og strætókort. Skráning nemenda á námskeið Náms- og starfsráðgjafar fer fram á Þjónustuborði og þar er veittur aðgangur að námsvef Uglunnar. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi Háskólatorgs og þar kaupa starfsmenn háskólans matarmiða fyrir Hámu.

Á árinu 2010 áttu alls um 530.000 manns viðskipti við Þjónustuborðið. Hámu og Bóksölu stúdenta sem öll eru til húsa í Háskólatorgi. Afgreiðsla erinda og velta Þjónustuborðsins jókst mikið frá árinu 2009 til 2010, sem og allir aðrir þjónustubættir. Þegar álag var mest í ágústlok komu á Þjónustuborðið um 780 viðskiptavinir á einum degi. Þrátt fyrir þetta gríðarlega álag fór biðtími viðskiptavina ekki yfir 15 mínútur og meðalafgreiðslutími var um þrjár mínútur. Þá afgangur starfsmenn Þjónustuborðsins um 4.800 rafrænar fyrirspurnir sem bárust á netföngin

haskolatorg@hi.is og studentakort@hi.is og var það rúmlega 80% aukning frá fyrra ári.

Ársverk á Þjónustuborði voru 4,1. Þar störfuðu árið 2010: Anna Birna Halldórsdóttir, þjónustustjóri í fullu starfi, Ásta Gunnlaug Briem, þjónustufulltrúi í starfi hluta ársins, Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi í starfi hluta ársins, Sigríður Þórsdóttir, þjónustufulltrúi í fullu starfi, og Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, þjónustufulltrúi í starfi hluta ársins.

Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag námsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur, skipulag prófa og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram nýskráning, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta skráningar-gjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttaðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá.

Á ákveðnum tímabilum sem kynnt eru í kennsluáskrá skólans geta stúdentar nýtt sér sjálfvirka rafræna skráningu í Uglu. Sjálfvirka þjónustan er nú í boði t.d. við árlega skráningu, skráningu úr prófi, skráningu í sjúkra- og upptökupróf og við endurskoðun skráninga bæði í byrjun haust- og vormisseris. Sjálfvirk þjónusta breytir verkefnum starfsmanna, heimsóknnum nemenda fækkar en fjarþjónusta í tölvupósti eykst. Fyrirspurnir og þjónustubeiðnir við skráningu nemenda á netfang Nemendaskrár voru 30.093 á árinu 2010 og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2006 er þær voru 13.852 þrátt fyrir bætta og aukna sjálfvirka þjónustu við stúdentana í Uglu. Líklega er skýringin, a.m.k. að hluta til, aukinn fjöldi nemenda og sameining háskólanna tveggja. Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, á árinu 2008 en um mitt ár 2009 fluttist skráning nemenda Menntavísindasviðs að fullu til miðlægrar nemendaskrár í Háskólatorgi. Önnur möguleg skýring er að með stöðugri þróun nemendakerfisins og þar með aukinni sjálfþjónustu nemenda um Uglu, innra net Háskóla Íslands, hafa starfsmenn Nemendaskrár getað veitt nemendum betri þjónustu og því leita þeir í auknum mæli til Nemendaskrár með ýmsar fyrirspurnir.

Umsóknarkerfi

Þróun nýs rafræns umsóknarkerfis fyrir öll námsstig í Háskóla Íslands hélt áfram árið 2010 í nánú samstarfi við marga aðila innan skólans, aðallega við Reiknistofnun. Árið 2009 var fyrst hægt að sækja um grunnám og framhaldsnám í sama umsóknarkerfinu. Var smíðaður nýr svokallaður forsalur þar sem umsóknir bíða afgreiðslu. Umsækjendur um grunnám hafa nokkur undanfarin ár getað fylgst með framvindu umsóknar sinnar á vef háskólans og með nýja forsalnum geta einnig umsækjendur um framhaldsnám við skólann fylgst með afgreiðslu umsókna sinna á vefnum.

Í byrjun desember 2010 gátu erlendir umsækjendur í fyrsta sinn sótt rafrænt um nám í Háskóla Íslands. Þessi þróun umsóknarkerfis háskólans hefur kallað á breytt vinnulag hjá starfsmönnum miðlægrar stjórnsýslu, Reiknistofnun Háskóla Íslands og deildarskrifstofum og samskipti þeirra í millum sem enn er verið að móta umsækjendum til hagsbóta.

Afgreiðsla umsókna um grunnám er sem fyrr í höndum Nemendaskrár. Afgreiðsla umsókna um framhaldsnám er í höndum kennara og starfsfólks deilda og námsbrauta sem er tengt tölvukerfi nemendaskrárinnar með tilteknum aðgangsheimildum. Mat á erlendum prófskrifteinum fer fram á matsskrifstofu, sem og afgreiðsla erlendra umsókna, í samvinnu við Nemendaskrá og deildarskrifstofur. Ef umsóknir um nám eru samþykktar fá umsækjendur upplýsingar um það ýmist frá Nemendaskrá, matsskrifstofu eða deildarskrifstofu ásamt leiðbeiningum um hvernig standa skuli að greiðslu skrásetningargjaldsins. Þegar umsækjandi hefur greitt gjaldið fyrir háskólaárið færir hann úr fyrirnefndum forsal umsóknarkerfisins yfir í nemendakerfið og er þá formlega orðinn nemandi í skólanum. Næsta skref í frágangi kerfisins er forritun þess fyrir skiptinema en þeir hafa hingað til verið skráðir í vefkerfi (Soloweb-nemendakerfið) en það er í stöðugri þróun í því augnamiði að skráning allra nemenda háskólans verði á einum stað.

Nemendaskrá sér einnig um brautskráningu í samvinnu við rektorsskrifstofu og deildir háskólans. Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við brautskráða

nemendur sem óska eftir hvers kyns staðfestingu og vottorðum um nám sitt í skólanum.

Um langt árabíl hefur Nemendaskrá séð um að senda út kannanir til nemenda skólans sem það leyfa. Yfirleitt eru þessar kannanir fyrir aðra nemendur Háskóla Íslands sem eru að vinna að ýmiss konar lokaverkefnum. Nemendaskrá sinnir einnig beiðnum frá nemendafélögum skólans, t.d. um netfangalista nýnema á haustin.

Nemendaskrá sér um rafrænar sendingar um námsframvindu nemenda vegna námslána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN. Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar stúdenta vegna búseturéttar í námsmanna-íbúðum. Vinnuálastofnun fékk auk þess leyfi á árinu til að fá upplýsingar um námsstöðu nemenda til að keyra saman við gagnagrunn Vinnuálastofnunar vegna þeirra sem höfðu sótt um atvinnuleysisbætur. Háskólinn leitaði áhlits persónuverndar á þessu árið 2009 og í ljósi m.a. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 heimilaði Persónuvernd að afhenda Vinnuálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Þessu til viðbótar má nefna að Nemendaskrá veitir aðilum innan sem utan skólans ýmsa þjónustu. Það má nefna að Stúdentaráð þarf á Nemendaskrá að halda í kringum kosningar til að sannreyna hvaða nemendur eru á kjörskrá. Einnig ber við að Nemendaskrá sendir út upplýsingar til ákveðinna nemendahópa, t.d. erlendra stúdenta vegna viðburða sem tengjast landi þeirra og þjóð.

Starfsfólk

Ársverk á Nemendaskrá voru 7.6. Þar störfuðu árið 2010: Aníta Hannesdóttir verkefnisstjóri (100%), Droplaug Jóhannsdóttir verkefnisstjóri (100%), Elín Ágústa Ingimundardóttir verkefnisstjóri (100%), Erla Ósk Hermannsdóttir (100%) frá 1. júní í sumarafleysingum en ráðning hennar var framlengd til áramóta. Guðrún Valgerður Bóasdóttir verkefnisstjóri (100%), Jóna Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (100%), Kristín Jónasdóttir skrifstofustjóri (100%), Stefanía Lóa Jónsdóttir deildarstjóri (100%) og Vilborg Norðdahl (100%) verkefnisstjóri.

Tafla 1

Fjöldi stúdenta í grunnnámi, þrep 1, stig 1, 2009–2010 og brautskráðir úr grunnnámi, þrep 1, stig 1 á árinu 2010. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2010.*

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	4	6	10	0	0	0
Heilbrigðisvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Hugvísindasvið	28	81	109	2	10	12
Menntavísindasvið	54	77	131	12	15	27
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Samtals	86	164	250	14	25	39

*Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í námsleyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Matsskrifstofa – ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennsluviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC/NARIC-upplýsingaskrifstofa og í er samstarfi norrænna ENIC/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC.

Tafla 2

Fjöldi stúdenta í bakkalárnámi, þrep 1, stig 2, 2009–2010 og brautskráðir úr bakkalárnámi á árinu 2010. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2010.*

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1.157	1.748	2.905	139	237	376
Heilbrigðisvísindasvið**	259	1.039	1.298	50	195	245
Hugvísindasvið	740	1.331	2.071	72	151	223
Menntavísindasvið	230	1.329	1.559	51	362	413
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1.013	713	1.726	124	108	232
Samtals	3.399	6.160	9.559	436	1.053	1.489

*Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í námsleyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.
 **Stúdentar í kandiðatsnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru ekki taldir með hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1. stigi 2.

Tafla 3

Fjöldi stúdenta í framhaldsnámi á meistarastigi, þrep 2, stig 3, 2009–2010 og brautskráðir úr því námi á árinu 2010. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2010.*

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	138	335	473	48	133	181
Heilbrigðisvísindasvið**	138	346	484	18	106	124
Hugvísindasvið	48	164	212	1	9	10
Menntavísindasvið	57	187	244	25	91	116
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	33	44	77	18	22	40
Samtals	414	1.076	1.490	110	361	471

*Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í námsleyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.
 **Stúdentar í kandiðatsnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru allir taldir hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1. stigi 2.

Tafla 4

Fjöldi stúdenta í meistaranámi, þrep 2, stig 4, 2009–2010 og brautskráðir úr meistaranámi á árinu 2010. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2010.*

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	486	968	1.454	116	229	345
Heilbrigðisvísindasvið	65	313	378	22	74	96
Hugvísindasvið	110	264	374	15	45	60
Menntavísindasvið	107	610	717	10	60	70
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	240	167	407	37	33	70
Samtals	1.008	2.322	3.330	200	441	641

*Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í námsleyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Tafla 5

Fjöldi stúdenta í doktorsnámi, þrep 3, 2009–2010 og brautskráðir úr doktorsnámi á árinu 2010. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá janúar 2010.*

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	32	44	76	1	0	1
Heilbrigðisvísindasvið	29	67	96	5	6	11
Hugvísindasvið	27	41	68	1	1	2
Menntavísindasvið	19	47	66	0	1	1
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	81	63	144	14	7	21
Samtals	188	262	450	21	15	36

*Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í námsleyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Alls bárust háskólanum 1.355 umsóknir frá erlendum aðilum á árinu 2010, af þeim komu 798 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 557 umsóknum. Þá bárust 748 umsóknir um undanþágur frá inntökuskilyrðum en af þeim kom 371 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 377 umsóknum. Alls bárust matsskrifstofunni 147 mál til úrlausnar frá ENIC/NARIC-skrifstofunni á árinu 2010. Einnig var á árinu unnið að skráningu verkferla fyrir vinnu við umsóknir sem berast Háskóla Íslands og var sú vinna í samstarfi við starfsfólk Nemendaskrár, fræðasviða og deilda.

Matsskrifstofa er til húsa á efstu hæð Háskólatorgs. Í upphafi ársins var einungis einn starfsmaður á skrifstofunni en í apríl kom Ína Dögg Eypórsdóttir til starfa við skrifstofuna. Ársverk voru 1,75.

Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands býður deildum, námsbrautum og kennurum upp á faglega ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun kennslu og kennsluhátta, hvort sem er á sviði upplýsingatækni eða kennslufræði. Boðið er upp á málstofur, vinnustofur, kynningar og námskeið þar sem fjallað er m.a. um kennsluaðferðir, kennslutækni, markmiðasetningu og námsmat. Þá býður Kennslumiðstöð kennurum upp á að taka út kennsluhætti þeirra, annaðhvort með því að koma á staðinn og fylgjast með kennslu eða taka kennslustundina upp á myndband.

Kennslumiðstöð hefur umsjón með tæknilegri útfærslu fjarkennslu við Háskóla Íslands. Deildir skólans ákveða framboðið en Kennslumiðstöð veitir ráðgjöf um útfærslu og skipulagningu einstakra þátta og á í samskiptum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur um land allt.

Kennslumiðstöð sér enn fremur um framkvæmd kennslukönnunar, skönnun og útreikning á fjölvalsprófum og tekur þátt í þróunarverkefnum sem styrkt eru af Kennslumálasjóði.

Í Kennslumiðstöð hafa kennarar aðgang að ýmiss konar tækjabúnaði, s.s. myndbandsupptökuvélum, klippitölvu, mynda- og skjalaskanna og fleira. Starfsfólk hennar aðstoðar við gerð tölvutækra gagna, t.d. myndvinnslu, hljóðglæsur, gerð pdf-skjala og vídeóstrauma (e. video on demand). Einnig geta kennarar fengið lánaðar handbækur og fleira les- og fræðsluefni sem tengist námi og kennslu. Á leiðbeiningavef Kennslumiðstöðvar, www.kemst.hi.is, má sjá leiðbeiningar um kennsluvef Uglunnar, QuestionWriter, Moodle, K2, gerð hæfniviðmiða, Handbók kennara og margt fleira.

Námskeið og kynningar

Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Kennslumiðstöðvar árið 2010:

Vor- og haustmisseri:

- Námskeið í kennslufræði fyrir háskólakennara. Námskeiðið er kennt á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við Kennslumiðstöð og er ætlast til að þátttakendur stundi það samhliða kennslustörfum. Námskeiðið er sérstaklega hugsað fyrir nýja háskólakennara en opið öllum sem sinna háskólakennslu að staðaldri (t.d. fastráðnum stundakennurum og doktorsnemendum).
- Námskeið fyrir nýja kennara. Fjallað var um nám og kennslu á háskólastigi og þjónusta sem kennurum býðst kynnt.
- Starting to Teach at the University of Iceland. Námskeiðið var á ensku. Fjallað var um nám og kennslu á háskólastigi og þjónusta sem kennurum býðst kynnt.

Vormisseri 2010

- Kynning á kennsluvef Uglunnar. Ítarlega var farið í helstu þætti kennsluvefsins og hvaða möguleika hann hefur upp á að bjóða fyrir kennara.
- Moodle í kennslu. Farið var yfir hvernig hægt er að nota námsumsjónarkerfið Moodle til viðbótar við kennsluvef Uglu.
- Námskeið um hæfniviðmið.
- Teaching Toolkit. Fyrirlestur á ensku um verkfærakistu háskólakennara í Stjórn málafræðideild.
- Að stýra hópvinnu.
- Fyrirlestur um fyrirlestra.

Haustmisseri 2010

- Námskeið fyrir aðstoðarkennara.
- Röddin: lífandi verkfæri. Fjallað var um grundvallaratriði góðrar framsagnar, raddbeitingu, öndun, líkamsstöðu og notkun talfæra. Enn fremur var rætt um þætti sem nauðsynlegt er að þjálf með sér til að ná athygli áheyrenda.
- Vinnustofa um gerð matsviðmiða.

Í samvinnu við Kennslumiðstöð hélt Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafn átta kynningar á vor- og haustmisseri: Google – Google Scholar, Kynning á Karger tímaritasafninu, Oecd_ilibrary_tímaritaskrá, Science Direct, Tímaritasafnið SpringerLink, ProQuest, Gagnasafnið CSA, Gagnasafnið Web of Science.

Kennslumiðstöð bauð einnig upp á námskeið sérsniðin að þörfum einstakra deilda, t.d. „Ugla“ og „Að kenna stórum hópum“ fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið og „Fjölbreytt kennsla“, „Stórir hópar“ og „Fjarkennsla“ fyrir Hjúkrunarfræðideild.

Námskeið fyrir nýja kennara

Undanfarin misseri hefur Kennslumiðstöð staðið fyrir námskeiðum fyrir nýja kennara um nám og kennslu í háskólum, þar sem m.a. er farið yfir ýmsa þá þætti er snúa að kennurum Háskóla Íslands. Í stefnu háskólans 2006–2011 var kveðið á um að nýjum kennurum verði gert skylt að sækja námskeið í kennsluaðferðum og tækni á vegum Kennslumiðstöðvar. Námskeiðið er haldið bæði á haustmisseri og á vormisseri. Námskeiðið á haustmisseri er heldur viðameira og stendur í heilan dag en á vormisseri er námskeiðið hálf dagsnámskeið.

Helsta markmiðið með námskeiðinu er að styrkja nýja kennara í starfi og veita þeim innsýn í kennslufræði háskólakennslu. Þátttakendur á vornámskeiðinu voru 20 og 17 á haustnámskeiðinu. Einnig voru haldin námskeið fyrir erlenda kennara skólans og mættu samtals 10 manns á þau.

Leiðsögn leiðbeinanda (mentors) og upptaka á kennslu

Nýjum kennurum stendur einnig til boða að fá eina kennslustund tekna upp á myndband. Þannig er hægt að skoða kennslustundina og greina hana, annaðhvort í einrúmi eða í samstarfi við leiðbeinanda eða fulltrúa Kennslumiðstöðvar. Kennarar fá endurgjöf á kennslu sína þar sem farið er í þætti eins og fas og framkomu kennarans, hvort og hvernig hann virkjar nemendur og hvaða kennslutækni hann beitir. Ef kennslustundin hefur verið tekin upp á myndband fær kennarinn afhenta upptökuna til eignar.

Öllum nýjum kennurum sem mæta á slík námskeið býðst frekari leiðsögn og aðstoð í kennslu með því að fá úthlutað leiðbeinanda (mentor). Kennslumiðstöð hefur milligöngu um að útvega leiðbeinanda í fagi viðkomandi kennara. Leiðbein-

andi og nýr kennari koma sér saman um tímasetningar og fyrirkomulag. Leiðsögnin er hugsuð til að auðvelda nýjum kennurum fyrstu skrefin í kennarastarfi innan Háskóla Íslands með því að gefa þeim kost á að leita til leiðbeinanda með viðfangsefni og vangaveltur sem upp kunna að koma í tengslum við kennsluna.

Handbók fyrir kennara

Kennslumiðstöð lauk við handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands og er hún á heimasíðu Kennslumiðstöðvar. Einnig var skrifuð minni handbók ætluð aðstoðarkennurum. Með útgáfu handbókarinnar er ætlunin að koma til móts við vaxandi áhuga og þörf háskólakennara fyrir stuðning og fræðslu um kennslufræði.

Miðmisserismat

Í því felst að starfsfólk Kennslumiðstöðvar leggur fyrir nemendur í ákveðnu námskeiði mat á kennslu þar sem könnuð er upplifun nemenda af gæðum kennslunnar. Kennarar fá niðurstöður matsins auk faglegs mats frá starfsfólki Kennslumiðstöðvar. Auk þess geta kennarar fengið aðstoð við að leggja rafrænt miðmisserismat fyrir nemendur um gæði kennslunnar.

Málstofur og ráðstefnur um kennslu og kennsluhætti

Kennslumiðstöð hefur á undanförunum misserum staðið fyrir ýmsum málstofum um nám og kennslu. Tilgangurinn með þeim er að hvetja til umræðu um kennslu og kennsluhætti innan háskólans. Á vormisseri var haldin málstofuröð þar sem kennarar sem hlotið af viðurkenningu fyrir afburðakennslu við Háskóla Íslands fjölluðu um kennslu sína. Sjö kennarar tóku til máls og eru upptökur af málstofunum á heimasíðu Kennslumiðstöðvar: kemst.hi.is.

Fjarnám

Kennslumiðstöð hefur á undanförunum árum veitt fræðilega ráðgjöf á sviði fjarkennslu en starfsfólk miðstöðvarinnar aðstoðar starfsfólk skólans við uppbyggingu fjarkennslu, gefur ráð um gerð kennsluefnis og nýtingu tækni við fjarkennslu. Útfærsla námskeiða er með mismunandi hætti og leggur Kennslumiðstöð áherslu á að þær aðferðir og kennslutækni sem beitt er hæfi sérhverju námskeiði.

Kennslumiðstöð er í samstarfi við háskólasetur og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni vegna fjarnáms við skólann. Jafnframt er formlegt samstarf á milli hugbúnaðardeildar Reiknistofnunar og Kennslumiðstöðvar vegna þróunar á kennsluvef Uglunnar.

Kennsluárið 2010 voru samtals í boði 475 námskeið í fjarnámi við Háskóla Íslands. Þar af voru 123 í boði á Félagsvísindasviði, 14 á Heilbrigðisvísindasviði, 39 á Hugvísindasviði og 299 á Menntavísindasviði.

Fjarkennslubúnaður

eMission – Nepal er upptökuhugbúnaður sem miðlar kennslustundum til nemenda. Hann keyrir á tölvum í kennslustofum og tekur upp allt það sem kennarinn segir og gerir á skjánum meðan á kennslustund stendur. Að kennslustund lokinni sendir hugbúnaðurinn upptökuna beint yfir í kennsluvef Uglunnar og er hún þá strax aðgengileg nemendum til afspilunar.

Starfsfólk

Ársverk í Kennslumiðstöð voru 5,1. Þar störfuðu árið 2010: Anna Kristín Halldórsdóttir fræðslustjóri (100%), Anna Guðmundsdóttir verkefnastjóri (100%), Grettir Sigurjónsson tæknimaður (100%), Guðrún Geirsdóttir stjórnarformaður Kennslumiðstöðvar (30%), Kristbjörg Olsen verkefnastjóri (80%) og Rúnar Sigurðsson tæknimaður (100%).

Jafnréttismál

Hin árlega námskynning á háskóladegi fór fram í febrúar með þátttöku þeirra sem starfa að jafnréttismálum innan háskólans en þar voru m.a. kynnt þau hagsmunafélög stúdenta sem starfa að jafnréttismálum. Áhugasamir umsækjendur um nám í Háskóla Íslands fengu þar tækifæri til að kynna sér stefnu háskólans og starfsemi á sviði jafnréttismála.

Þann 24. mars stóðu jafnréttisnefndir Háskóla Íslands, Stúdentaráðs, Félagsvísindasviðs og Menntavísindasviðs, ásamt jafnréttisfulltrúa háskólans, fyrir opnum umræðufundi sem nefndist Menning og klám í Háskóla Íslands. Á fundinum fjölluðu þeir Ólafur Páll Jónsson og Thomas Brorsen Smidt um klámvæðingu og

fundarstjóri var Brynhildur Flóvenz. Markmiðið með fundinum var að veita þeirri gagnrýnu og lifandi umræðu sem átt hafði sér stað innan skólans út í samfélagið. Fjölmennt var á fundinum og vakti efni hans athygli almennings og fjölmiðla en meðal annars var fjallað um hann í Kastljóspætti ríkissjónvarpsins. Með fundinum sýndi háskólinn umtalsvert frumkvæði að umræðu um klámvæðingu sem samfélagslegt fyrirbæri.

Í apríl kom út skýrsla ráðs um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007–2009 en skýrsluna er að finna á rafrænu formi á vefgáttinni www.jafnretti.hi.is.

Nýjar reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands (nr. 481/2010) tóku gildi í maí en þær má nálgast á www.jafnretti.hi.is. Í reglunum er kveðið á um skipun ráðs um málefni fatlaðs fólks og tók nýtt ráð til starfa sumarið 2011. Í ráðinu sitja Arnar Gíslason, formaður, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ingólfur Aðalbjörnsson, Ingunn Margrét Ágústsdóttir og Friederike Hesselmann, sem er fulltrúi stúdenta í ráðinu.

Sumarið 2010 voru gerðar verulegar endurbætur á Aðalbyggingu háskólans sem gera þessa frægu byggingu miklum mun aðgengilegri en verið hefur. Löggö var ný stétt fyrir framan húsið, nýjum og lengri rampi var komið fyrir við aðaldyrnar, aðgengi að lyftu var bætt til muna auk þess sem kjallari hússins er nú opin endá milli og fer nýja lyftan einnig í kjallara. Mikil ánægja var með þessar framkvæmdir og er það gleðiefni að þessi fallega bygging sé nú aðgengileg öllum stúdentum, starfsfólki og gestum háskólans.

Jafnréttisdagar voru haldnir dagana 20.–24. september og var þar boðið upp á fyrirlestra og ýmsa aðra viðburði en jafnréttisdagar eru samstarfsverkefni fjölmargra aðila innan Háskóla Íslands sem starfa að jafnréttismálum – nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Helstu bakhjarlar jafnréttisdaga 2010 voru jafnréttisnefnd háskólans og ráð um málefni fatlaðs fólks en mennta- og menningarmálaráðuneytið, Q – félag hinsegin stúdenta, og markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands styrktu verkefnið. Yfirumsjón með skipulagningu hafði jafnréttisfulltrúi háskólans.

Fjölmarginir viðburðir voru á jafnréttisdögum og má þar nefna Tár, bros og testósterón, þar sem þeir Ingólfur V. Gíslason og Páll Óskar Hjálmtýsson fjölluðu um karlmennsku og gagnkynhneigðarhyggju (e. heteronormativity); Kvöldstund með rauðsokkum, þar sem Fríða Rós Valdimarsdóttir ræddi við rauðsokkurnar Gerði Óskarsdóttur, Lilju Ólafsdóttur og Rannveigu Jónsdóttur um upplifun þeirra af baráttunni fyrir réttindum kvenna; tónleika Táknmálskórsins á Háskólatorgi; fyrirlestur Jónínu Einarsdóttur um mansal barna í Gíneu-Bissá; fyrirlestur Magnúsar Guðmundssonar um jafnrétti í sögu Aðalbyggingar Háskóla Íslands; fyrirlestur Arnþrúðar Ingólfsdóttur um sýn og hugmyndir geðlækna um þunglyndi kvenna; og málþing um rétt og raunveruleika fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands. Jafnréttisdagar hafa öðlast sess sem árlegur viðburður í starfi háskólans og verða aftur á dagskrá í október 2011.

Á fræðslufundi stjórnenda háskólans í nóvember voru jafnréttismál til umfjöllunar en þar fjölluðu þau Arnar Gíslason, Brynhildur Flóvenz og Thomas Brorsen Smidt um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, klámvæðingu samfélagsins og þá ábyrgð og skyldur sem jafnréttislög og jafnréttisstefna Háskóla Íslands leggja á herðar stjórnenda skólans.

Nokkrar lykiltölur um jafnréttismál í Háskóla Íslands

Stúdentar

Í október 2010 var 13.981 nemandi skráður í nám við Háskóla Íslands. Konur voru, eins og undanfarin ár, í töluverðum meirihluta meðal stúdenta. Hlutfall kvenna meðal stúdenta var 65,1% og þar með hlutfall karla 34,9%. Hlutfall karla hefur því aukist lítillega síðustu tvö ár en það var 33,7% í október 2010 og 32,2% í október 2009 – sem var fyrsta og eina skiptið sem innan við þriðjungur skráðra nemenda voru karlar.

Þegar horft er til framhaldsnema sérstaklega eru hlutföll kynjanna ójafnari, þar eru konur 68,9% nema og karlar þar með 31,1% og hefur hlutfall karla minnkað lítillega undanfarin tvö ár en það var 31,9% í október 2009 og 32,2% í október 2008.

Starfsfólk

Í lok árs 2010 voru starfsmenn Háskóla Íslands samtals 1383; 50,7% konur og 49,3% karlar. Ársverk voru alls 1208,3 og skiptust einnig tiltölulega jafnt milli kynja (51,2% konur og 48,8% karlar). Prófessorar voru fjölmennastir í hópi fastra kennara við Háskóla Íslands eða 39,5%. Hér er fjallað um prófessora, dósentar, lektora og aðjunktta en ekki stundakennara. Ef einungis er litið til þriggja fyrstnefndu starfsheitanna þá hækkar hlutfall prófessora meðal kennara úr 39,5% í 44,9%. Þegar hópurinn er þrengdur með þeim hætti er hlutfall karla hærra meðal kennara, eða 62,2%, og hlutfall kvenna því 37,8%.

Af prófessorum voru 73,9% karlar og 26,1% voru konur, og er þetta hlutfall ögn jafnara en árið 2009, þegar 77% prófessora voru karlar og 23% voru konur. Í störfum dósentar voru 39,6% konur og 60,4% karlar, sem er einnig ögn jafnara hlutfall en árið 2009, þegar 38% dósentar voru konur og 62% voru karlar. Í störfum lektora voru 56,2% konur og 43,8% karlar, sem er nánast sama hlutfall og árið 2009. Í störfum aðjunktta var hlutfall kvenna hæst af öllum starfsheitunum, eða 62,8% en karlar voru 37,2% og er þetta hlutfall ögn jafnara en árið 2009.

Fjöldi og hlutföll karla og kvenna í akademískum störfum innan Háskóla Íslands í árslok 2010

	Karlar	Konur	% karlar	% konur
Aðjunktur	29	49	37%	63%
Lektorar	64	82	44%	56%
Dósentar	99	65	60%	40%
Prófessorar	187	66	74%	26%
Alls	379	262	59%	41%

Meðal sérfræðinga (akademískir starfsmenn með starfsheitin vísindamenn, fræðimenn eða sérfræðingar) eru fleiri karlar en konur, eða 36 karlar (72%) og 14 konur (28%). Meðal rannsóknafólks (í störfum sem ekki gera ráð fyrir akademísku hæfismati) eru fleiri konur en karlar, eða 146 konur (54,7%) og 121 karl (45,3%).

Meðal skrifstofufólks í Háskóla Íslands eru kynjahlutföllin 73,2% konur og 26,8% karlar. Til þessa hóps telst starfsfólk í miðlægri stjórnsýslu, á skrifstofum fræðasviða og skrifstofum stofnana utan sviða. Í hópi skrifstofufólks í miðlægri stjórnsýslu eru konur 72,6% og karlar 27,4%, í hópi skrifstofufólks sem starfar innan fræðasviða eru konur 84,5% og karlar 15,5% og í hópi skrifstofufólks á stofnunum utan fræðasviða eru konur 47,9% og karlar 52,1%.

Í hópi fólks í tæknistörfum eru karlar fleiri en konur, eða 50 karlar (74,6%) og 17 konur (25,4%). Til þessa hóps teljast m.a. umsjónarmenn, tæknifólk, iðnaðarmenn og baðverðir.

Æðsti stjórnandi háskólans, rektor, er kona. Aðstoðarrektor og framkvæmdastjóri skólans eru karlar og fimm af sex sviðsstjórum í miðlægri stjórnsýslu eru karlar og einn er kona. Fjórir af fimm sviðsforsetum í Háskóla Íslands eru karlar en á hinn bóginn eru fjórir af fimm rekstrarstjórum fræðasviða konur. Af 25 kjörnum deildarforsetum eru 14 karlar (eða 56%) og 11 konur (44%). Konum meðal deildarforseta fjölgaði því á árinu úr 9 í 11. Hlutföllin eru misjöfn eftir fræðasviðum. Bæði á Félagsvísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði eru þrjár konur og þrjár karlar deildarforsetar, á Menntavísindasviði eru tvær konur og einn karl deildarforsetar, á Hugvísindasviði eru þrjár konur og einn karl deildarforsetar og á Verkfræði- og náttúruvísindasviði eru sex karlar deildarforsetar en engin kona, en það er jafnframt eina fræðasviðið þar sem forseti sviðsins er kona.

Háskólaráð, háskólaþing og starfsnefndir háskólaráðs

Í lok árs 2010 var háskólaráð skipað 11 manns, sex konum og fimm körlum. Á háskólaþingi í desember 2010 sátu 67 fulltrúar með atkvæðisrétt, 33 karlar (49,3%) og 34 konur (50,7%). Á vegum háskólaráðs starfa sex fastanefndir og voru þær allar fullskipaðar árið 2010. Í þessum sex nefndum sitja samtals 37 manns, 21 karl (57%) og 16 konur (43%) og gegna karlar formennsku í fjórum nefndanna (fjármála-nefnd, gæðanefnd, kennslumálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál) og konur í tveimur þeirra (jafnréttisnefnd og vísindanefnd).

Skv. 15. gr. jafnréttislaganna skal þess gætt að hlutfall beggja kynja sé að lágmarki 40% í nefndum á vegum hins opinbera þegar um er að ræða fleiri en 3 fulltrúa. Samsetning fimm af sex starfsnefndum háskólaráðs er í samræmi við þetta ákvæði en í fjármálanefnd sitja 5 karlar (83%) og 1 kona (17%). Allir fulltrúar í fjármálanefnd eiga þar sæti starfs síns vegna. Það sama á við um tvo af þremur fulltrúum í samráðsnefnd um kjaramál og fimm af sjö fulltrúum í kennslumálanefnd en samsetning beggja síðastnefndu nefndanna er í samræmi við áður nefnt ákvæði 15. gr. jafnréttislaganna.

Konur eru fjölmennari í tveimur nefndanna – jafnréttisnefnd og vísindanefnd, sem eru einnig þær nefndir þar sem konur gegna formennsku – en karlar í fjórum nefndanna (þeim sömu og þar sem karlar gegna formennsku).

Af þeim 37 manns sem eiga sæti í þessum nefndum eru fjórir fulltrúar stúdenta, þrjár konur og einn karl, en stúdentar eiga fulltrúa í gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd.

Með hverri nefnd starfa á bilinu einn til þrjú starfsmenn sem jafnframt sitja fundi nefndanna. Alls er um að ræða 12 manns, átta karla (67%) og fjórar konur (33%).

Náms- og starfsráðgjöf

Mikil fjölgun nemenda við Háskóla Íslands á undanförunum misserum og aðsókn að þjónustu Náms- og starfsráðgjafar, á sama tíma og starfsmannafjöldi hefur staðið í stað, hefur kallað á áherslubreytingar í þjónustu og aukna hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Á árinu var vefsíða Náms- og starfsráðgjafar endurskoðuð með það að leiðarljósi að efla upplýsingamiðlun og hafa tiltækt fræðsluefni á vefnum. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem nemendur geta fyrirvaralaust fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa en einnig er hægt að bóka viðtöl. Auk þess geta nemendur í fjarnámi fengið ráðgjöf í síma eða tölvupósti. Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar er fyrir nemendur allra fræðasviða Háskóla Íslands og í árslok varð starfsemin öll miðlæg, með aðsetur á Háskólatorgi eins og stefnt hafði verið að frá því að nýtt stjórnskipulag tók gildi 2008. Markmið starfsfólks Náms- og starfsráðgjafar er að veita nemendum Háskóla Íslands ráðgjöf og margvíslegan stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brottfalli. Leitast er við að mæta þörfum nemenda hvar sem þeir eru staddir á námsferli sínum, þ.e. veita þeim heildræna náms- og starfsráðgjöf. Með heildrænni náms- og starfsráðgjöf er átt við skipulagða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að nemendur ihuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

Á árinu 2010 leituðu 7.080 nemendur ráðgjafar hjá Náms- og starfsráðgjöf.

Samstarf við fræðasvið

Gott samstarf við starfsfólk fræðasviða er nauðsynlegur þáttur í að tryggja skilvirka miðlun upplýsinga og skipulagningu á þjónustu Náms- og starfsráðgjafar við fræðasviðin. Kynningar á þjónustu Náms- og starfsráðgjafar eru hluti af nýnemakynningum í öllum deildum og náms- og starfsráðgjafar Náms- og starfsráðgjafar halda stutt námskeið eða fyrirlestra um vinnubrögð í háskólanámi fyrir nýnema sem hluta af nýnemadögum í deildum eða sem hluta af vinnulagsnámskeiðum sem nýnemar taka á fyrsta misseri í námi. Einnig felst samstarf við fræðasvið í sérhæfðum fyrirlestrum eða stuttum námskeiðum t.d. um starfsráðgjöf, viðtalstækni fyrir mentora, prófundirbúning og tímastjórnun.

Náms- og starfsráðgjafar Náms- og starfsráðgjafar bera hver um sig ábyrgð á samskiptum við fræðasvið sem tengiliðir við sviðin. Árið 2010 voru tengiliðir við fræðasvið eftirfarandi: Jónína Kárdal var tengiliður við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Hrafnhildur Kjartansdóttir við Heilbrigðisvísindasvið, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir við Menntavísindasvið, Ingunn Margrét Ágústsdóttir við Hugvísindasvið og Hildur Katrín Rafnsdóttir við Félagsvísindasvið.

Náms- og starfsval

Veitt voru 3.904 viðtöl vegna náms- og starfsvals eða upplýsinga varðandi nám. Þessi þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar stendur til boða almenningi sem hyggur á nám í Háskóla Íslands jafnt og nemendum háskólans.

Áhugasviðskönnunin Strong hefur verið notuð um árabíl til að leiðbeina við námsval. Strong-könnunin er lögð fyrir í hópum og mætir hópurnum aftur að viku

liðinni til að fá niðurstöðu og úrlausn könnunarinnar. Að öllu jöfnu er Strong-könnunin lögð fyrir tvisvar í mánuði yfir skólaárið og eru ítarlegar upplýsingar um áhugasviðskönnunina að finna á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar.

Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í skipulagningu á dagskrá nýnemadaga sem haldnir eru í samráði við Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta í upphafi kennslu á haustmisseri.

Vorið 2010 var boðið upp á þá nýjung hjá Náms- og starfsráðgjöf að halda námskeið um val á háskólanámi fyrir útskriftarnema framhaldsskóla. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum kynntu námskeiðið í skólum sínum og var tilgangur námskeiðsins að stuðla að markvissri og upplýstri ákvarðanatöku um háskólanám en sýnt hefur verið fram á að slík ákvarðanatöku dregur út brotthvarfi.

Námstækni og vinnubrögð í háskólanámi

Fræðsla og námskeiðahald um námstækni og vinnubrögð í námi er veigamikill þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar. Haldin eru námskeið og fyrirlestrar um efnið, á íslensku og ensku fyrir erlenda nemendur. Einnig geta nemendur fengið einstaklingsráðgjöf um vinnubrögð í námi og lögð hefur verið áhersla á að fræðsluefni og fyrirlestrar séu aðgengilegir á vef Náms- og starfsráðgjafar. Fjöldi námstækninámskeiða er í boði í upphafi hvers kennslumisseris og haldnir eru örfyrirlestrar um sérhæfð efni tengd vinnubrögðum í takt við það sem er á döfinni í náminu á kennslumisserinu. Fjölmennt var á fyrirlestrunum og þóttu þeir hafa mikið fræðslugildi. Á árinu sóttu 362 nemendur námstækninámskeið og 502 fengu ráðgjöf um vinnubrögð.

Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf

Hjá Náms- og starfsráðgjöf starfar sálfræðingur í hlutastarfi. Hlutverk hans er m.a. að greina sálræn og geðræn vandkvæði hjá nemendum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Samstarf er við geðsvið Landspítalans og er nemendum t.d. vísað á námskeið við geðrænum vandkvæðum sem haldin eru þar. Einnig fá nemendur ráðgjöf í persónulegum málum hjá náms- og starfsráðgjöfum. Árið 2010 voru veitt 535 viðtöl vegna sálfræðilegrar eða persónulegrar ráðgjafar. Einnig voru haldin þrjú sjálfstyrkingarnámskeið og þrjú prófkviðanámskeið á árinu og var fullbókað á öll námskeiðin. Fræðsluvefur um geðspeki er í umsjón Náms- og starfsráðgjafar en þar er að finna gagnlegar upplýsingar og fræðslu um geðheilbrigði.

Starfsráðgjöf

Nemendum háskólans stendur til boða að fá ráðgjöf sem undirbýr þá fyrir atvinnuleit. Ráðgjöfin felur í sér kennslu í gerð ferilsjár (CV) og kynningarbréfa. Einnig er lögð áhersla á að kenna nemendum að meta styrkleika sína, gildi og viðhorf og farið er yfir hegðun í atvinnuviðtölum. Námskeið í atvinnuleit eru haldin á vegum Náms- og starfsráðgjafar, sem og örfyrirlestrar, og einnig geta nemendur fengið einstaklingsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjöf hefur verið í samstarfi við deildir um námskeið á þessu sviði ásamt því að taka þátt í árlegum framadögum.

Starfsþjálfun

Á hverju ári koma nemendur í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands í starfsþjálfun á vettvangi hjá Náms- og starfsráðgjöf sem fer fram undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa. Á árinu 2010 urðu breytingar á starfsþjálfunarhluta MA-náms í náms- og starfsráðgjöf og verður þeim tímum sem nemendur eru á starfsvettvangi fjölgað og fyrirkomulagi breytt þannig að starfsþjálfun fer fram bæði á fyrsta og öðru ári. Samstarfssamningur liggur fyrir um þetta verkefni við Félagsvísindasvið. Það er ánægjulegt að taka þátt í þjálfun nýliða í fagstéttinni og miðla af ríkulegri þekkingu, reynslu og fagmennsku á starfsvettvangi náms- og starfsráðgjafa við Háskóla Íslands.

Sérúrræði í námi

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar. Á árinu 2010 var samþykkt af háskólaráði ný stefna og verklagsreglur Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra samkvæmt lögum nr. 85/2008 og féllu þá úr gildi eldri reglur sem hafa verið í gildi frá 2002.

Nýjar reglur fela í sér verklag sem gerir ráð fyrir að nemendur geri samning um sérúrræði í námi við háskólann. Ástæður þess geta verið af ýmsum toga en sérúrræðin byggjast á greiningu sérfræðings og mati náms- og starfsráðgjafa á viðeigandi tilhliðrunum, s.s. vegna líkamlegrar fötlunar, geðraskana, prófkviða,

lesblindu, taugasálfræðilegra vandamála eða langvarandi veikinda. Nemendum sem leita til Náms- og starfsráðgjafar til að fá sérúrræði í námi hefur fjölgað í takt við fjölgun nemenda undanfarin ár og fékk 661 nemandi sérúrræði í námi á árinu 2010.

Innlend og erlend samstarfsverkefni

Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í mörgum samstarfs- og þróunarverkefnum á árinu 2010 bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Markmiðið með þessum verkefnum er að bæta þá þjónustu sem boðið er upp á og ekki síst að starfsfólk fái tækifæri til starfsþróunar og þátttöku í faglegri umræðu.

Samstarfs- og þróunarverkefni voru eftirfarandi:

- Samstarf við Félagsvísindasvið um starfsþjálfun á vettvangi í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf.
- Samstarf við markaðs- og samskiptasvið vegna móttöku nýnema.
- Stjórn Þórsteinssjóðs.
- Ráð um málefni fatlaðs fólks.
- NUAS, norrænt samstarf námsráðgjafa við háskóla á Norðurlöndum.
- NNDC, norrænt netverk um aðgengi fatlaðra að æðri menntun.
- Leónardó da Vinci verkefnið Transfer of Innovation: DARE 2 Disability Awareness – A New Challenge for Employees.
- NNK (Nordisk Network for Karriervejledande), samstarf við starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum.
- HEAG (Higher Education Accessibility Guide), upplýsingagátt um aðgengi fatlaðra að háskólum í Evrópu.
- SAENS-fulltrúi í stjórn Seturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf.
- Stjórn Greiningarsjóðs um sértæka námsörðugleika.
- Fulltrúi í námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði.
- Fulltrúi í inntökunefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði.

Auk formlegra erlendra samskiptaverkefna leita erlendir fagmenn á sviði náms- og starfsráðgjafar gjarnan eftir því að fá að heimsækja Náms- og starfsráðgjöf til að fræðast og kynnst starfsemi.

Starfsfólk

Ársverk í Náms- og starfsráðgjöf voru 10,25. Þar störfuðu árið 2010: Arnfríður Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri (100%, kom úr leyfi 1.8.2010), Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri til 1.8.2010 (100%), Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Ásta Gunnlaug Briem, náms- og starfsráðgjafi (100% í afleysingu til 1.8.2010), Dröfn Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (75%), Hrafnhildur Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Magnús Stephensen, skrifstofustjóri (100%), María Dóra Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (í námsleyfi, 100%), Ragna Ólafsdóttir, sálfræðingur (50%), og Sigrún Edda Theódórsdóttir, táknaáskrá (100%).

Skjalasafn

Starfsfólk

Starfsfólk skjalasafnsins árið 2010 var: Sjöfn Hjörvar, forstöðumaður í fullu starfi (hætti störfum í nóvember), Magnús Guðmundsson, skjalavörður í fullu starfi (var í leyfi frá störfum til 1. maí), Nils Kjartan Guðmundsson, kerfisstjóri skjalastjórnunarkerfisins Námunnar (GoPro), og Áslaug J. Marinósdóttir, verkefnisstjóri ljósmyndasafns.

Aðbúnaður og geymslur

Katakomburnar svonefndu voru teknar í gegn og kassarnir þar fluttir í nýjar geymslur.

Skjalastjórnunarkerfið Náman (GoPro)

Umsjón með skjalastjórnunarkerfinu Námunni (GoPro) var eitt af helstu verkefnum skjalasafnsins. Samtals voru 2.373 ný mál skráð í málaskrá á árinu 2010 með 23.486 málsskjöl, sem gera 9,0 færslur á hvert mál að jafnaði, auk þess sem mikið af málsskjölum eru færð undir eldri mál. Heildarfjöldi málsskjala í Námunni var í lok árs 2010 167.419 talsins.

Tekin var í notkun geymsluskrá á árinu, svokallað eBox, þar sem eldri gögn voru skráð inn og mun sú vinna halda áfram þar til öll eldri skjöl skjalasafnsins hafa verið skráð þar.

Fjöldi nýrra mála, færslur við þau og meðalfjöldi af málsskjölum við hvert mál á árunum 2000–2010

	Ný mál	Málsskjöl	Meðalfjöldi skjala á mál
2000	712	4.760	6,7
2001	666	4.134	6,2
2002	695	5.476	7,8
2003	800	6.000	7,5
2004	843	7.992	9,5
2005	1.048	10.199	9,7
2006	1.404	14.578	10,4
2007	1.488	15.573	10,5
2008	2.375	17.785	7,5
2009	3.153	32.629	10,3
2010	2.373	23.486	9,9

Reglulega voru haldin námskeið um Lotus Notes forritið þar sem kennt var á tölvupóst, dagatal og fleiri möguleika kerfisins. Sérstök námskeið voru einnig um notkun á skjalastjórnunarkerfinu Námunni (GoPro). Námskeiðum var skipt upp í kennslu fyrir byrjendur annars vegar og lengra komna hins vegar.

Nokkuð var um að fólk kæmi á safnið og fengi fræðslu á staðnum en að jafnaði var kennt í kennslustofum í Stapa. Þá voru haldin einstaklingsnámskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum eftir því sem notendum kerfisins fjölgaði. María Hjaltalín kerfisfræðingur kom reglulega frá fyrirtækinu Hugviti og hjálpaði til við verkefni sem út af stóðu.

Námubíkarinn

Námubíkarinn 2010 hlaut Helga Brá Árnadóttir fyrir óþreypandi elju við notkun Námunnar. Var hún öðrum til fyrirmyndar varðandi jákvætt viðhorf og vandvirkt starf.

Myndakerfið Birtingur (FotoStation)

Sigurður Örn Magnason, kerfisstjóri hjá Reiknistofnun, hafði umsjón með uppsetningu og utanumhaldi kerfisins. Skráning mynda var í höndum Áslaugar J. Marinósdóttur.

Á árinu var mikill fjöldi mynda skráður í Birting og eru myndirnar aðgengilegar á vefslóðinni: <http://myndasafn.hi.is>.

Skil til skjalasafns háskólans

Ýmsar sendingar tengdar háskólanum bárust skjalasafninu til skráningar og varðveislu, sem og gjafir til skólans í formi muna og bóka.

Ýmiss konar þjónusta

- Starfsmenn safnsins fóru í fjölda skjalavítjana á skrifstofur skólans og veittu ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, auk þess sem hollráð eru daglega veitt í síma og með tölvupósti.
- Fjöldi fólks úr stjórnýslu hefur reglulega samband til að leita skjala og fá ljósmyndir að láni.
- Safnið fékk mikið af gestum í heimsókn á árinu bæði innlendum og erlendum. Sumir voru að fræðast um starfsemi safnsins en aðrir að nota gögn safnsins vegna skrifa og rannsókna sinna.
- Skráning á stafrænum ljósmyndum í umsjón Áslaugar J. Marinósdóttur hélt áfram á árinu. Myndirnar eru geymdar á drifi hjá Reiknistofnun og skráðar í FotoStation-forritið.
- Áslaug J. Marinósdóttir sá um útgáfu doktorsskírteina fyrir skólann.

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands annast formleg alþjóðasamskipti Háskóla Íslands, s.s. stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, og gerð samstarfssamninga við erlenda háskóla. Skrifstofan sinnir þjónustu við stúdenta og starfsmenn Háskóla Íslands sem fara utan á vegum samstarfsáætlana, annast móttöku umsóknna skiptistúdenta og móttöku erlendra skiptistúdenta sem koma til landsins.

Í gildi er samningur Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Sá samningur kveður á um ýmsa þjónustu sem er opin öllum landsmönnum, s.s. rekstur upplýsingaþjónustu um nám erlendis, rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar ESB í samvinnu við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og rekstur upplýsingaskrifstofu fyrir Erasmus Mundus og e-twinning áætlun ESB um rafrænt skólasamstarf og kynningarstarf vegna Bologna-ferlisins. Alþjóðaskrifstofan hefur einnig, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, umsjón með þátttöku íslenskra fulltrúa í vinnustofum/námskeiðum sem haldin eru á vegum tungumálamiðstöðvar Evrópuráðsins í Graz í Austurríki. Skrifstofan hefur einnig, í umboði menntamálaráðuneytisins, umsjón með European Label viðurkenningu Evrópusambandsins, sem er veitt fyrir nýjungar í tungumálakennslu. Alþjóðaskrifstofan hefur einnig verið upplýsingaskrifstofa fyrir Þróunarsjóð EFTA hér á landi, þ.e. þeim þætti er lýtur að menntasamstarfi.

Alþjóðaskrifstofan er landskrifstofa fyrir Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt samningi við norrænu ráðherranefndina er Alþjóðaskrifstofan aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar. Í því felst að skrifstofan tekur við umsóknum frá öllum Norðurlöndunum, metur þær í samstarfi við Nordplus-skrifstofur annars staðar á Norðurlöndunum og gerir tillögu um úthlutun til stjórnar sem tekur endanlega ákvörðun um hana. Skrifstofan sér síðan um styrkúthlutanir, samningagerð við styrkhafa, fylgist með framkvæmd verkefna og innheimtir lokaskýrslur, uppgjör og annað sem lýtur að utanumhaldi og framkvæmd áætlunarinnar. Alþjóðaskrifstofan er jafnframt meðstjórnandi í öðrum undiráætlunum Nordplus (Nordplus junior, Nordplus vögsen, Nordplus horisontal og Nordplus fyrir háskólastig). Þátttökulönd í Nordplus eru Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin. Undanskilin er Nordplus tungumála- og menningaráætlunin en einungis Norðurlöndin taka þátt í henni.

Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet

Helstu áætlanirnar sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru menntaáætlun Evrópusambandsins, einkum undiráætlanirnar Erasmus og Leónardó, Nordplus-áætlun Norðurlandaráðs og International Student Exchange Programme, sem er bandarísk stúdentskiptaáætlun. Einnig hefur háskólinn gert tvíhliða samstarfssamninga við fjölmarga háskóla og stofnanir víðs vegar um heiminn. Upplýsingar um alla samninga eru aðgengilegar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar, www.ask.hi.is, eða á slóðinni www.hi.is/is/skolinn/skiptinam. Háskóli Íslands er einnig þátttakandi í stóru evrópsku samstarfsneti háskóla, svonefndu Utrecht-neti. Utrecht-netið er samstarfsnet 30 háskóla í Evrópu og hefur netið gert samstarfssamninga við um 14 háskóla í Bandaríkjunum og 7 Ástralíu. Þetta er því samstarfsnet um 50 háskóla í þremur heimsálfum. Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofunnar sat í stjórn Utrecht-netsins frá 2004 og var forseti þess á tímabilinu frá apríl til september 2010. Á þeim tíma fór forstöðumaðurinn í ferð til Tyrklands á vegum netsins til að heimsækja háskóla og velja samstarfsaðila. Fyrir valinu varð Bogazici University í Istanbul. Netið hefur staðið fyrir sumarnámskeiðum sem stúdentar Háskóla Íslands hafa sótt og kennarar háskólans hafa kennt á þessum námskeiðum.

Í gildi eru 520 Erasmus-samningar við 227 evrópska háskóla. Erasmus-samningar eru gerðir í hverju fagi og því eru stundum margir samningar við suma skóla eða einn opin samningur. Árið 2010 voru gerðir 48 nýir Erasmus-samningar. Umfang stúdentskipta er mikið en einnig taka kennarar Háskóla Íslands þátt í kennarskiptum, námsefnisgerð, halda námskeið í samvinnu við evrópska samstarfsaðila, taka þátt í þemanetum o.fl. Frá 2007 hefur starfsmönnum háskóla staðið til boða að sækja um Erasmus-styrki til að fara í námsheimsóknir til Evrópu.

Þátttaka Háskóla Íslands í Nordplus-samstarfi er umfangsmikil en kennarar Háskóla Íslands eru þátttakendur í um 77 samstarfsnetum á um 15 fræðasviðum. Háskóli Íslands er þátttakandi í einu þverfaglegu Nordplus-neti, sem nefnist Nordlys, en starfsmaður á Alþjóðaskrifstofu sér um samskipti við það net. Skólaárið 2010–2011 fékk Nordlys-netið 37.000 evrur til að styrkja stúdenta við Háskóla

Íslands til að fara í skiptinám til Norðurlandanna. 23 stúdentar hlutu styrki frá Nordlys-netinu. Alþjóðaskrifstofan fékk 9.000 evra styrk frá Nordplus-áætluninni til að styrkja stúdenta frá Norðurlöndunum til að sækja íslenskunámskeið sem haldið er í ágústmánuði ár hvert. Háskólinn er í samstarfi innan Nordplus- eða Erasmus-áætlunarinnar við alla helstu háskóla á Norðurlöndunum.

Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu á sæti í „planeringsgruppe for internationalisering“ innan NUAS (Nordisk Universitets Administratørs Samarbejde) og sótti vinnufundi í hópnum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar sitja einnig í stjórnum Nordlys-netsins (norræna þverfaglega netsins sem hér að ofan er rætt um) og Norek-netsins (norræns samstarfsnets í viðskiptafræði). Starfsmenn skrifstofunnar eru einnig tengiliðir Háskóla Íslands við fjölmörg önnur Nordplus-net.

Nýir tvíhliða samningar við erlenda háskóla


Árið 2010 var gerður tvíhliðasamningar utan skipulagðra áætlana milli Háskóla Íslands og Oregon State University. Í gildi eru um 80 samningar við háskóla utan Evrópu og þar af veita sumir samningar, eins og Ísep og kanadíska Crepuq-netið, aðgang að mörgum skólum. Farið hefur í vöxt að gerðir séu samningar um sameiginlegt meistaranám og doktorsnám en slíkir samningar ná fyrst og fremst til einstakra stúdenta en ekki til skólans í heild.

Stúdentaskipti

Gagnkvæm stúdentaskipti eru umfangsmikill þáttur í alþjóðasamstarfi Háskóla Íslands og í starfi því sem fram fer á Alþjóðaskrifstofunni. Alþjóðaskrifstofan tekur við umsóknum frá skiptistúdentum Háskóla Íslands sem hyggjast taka hluta af námi sínu erlendis og sjá starfsmenn skrifstofunnar um að koma samþykktum umsóknum til réttra aðila erlendis. Starfsmenn skrifstofunnar héldu á árinu fjölmarga kynningarfundum um stúdentaskipti með stúdentum í einstökum deildum og einnig í húsakynnum skrifstofunnar á Háskólatorgi. Árlega stendur Alþjóðaskrifstofan ásamt fleirum fyrir alþjóðadegi en megingilgangur hans er að kynna stúdentum og starfsmönnum þá möguleika sem standa til boða í stúdenta- og starfsmannaskiptum. Starfsmenn skrifstofunnar taka einnig þátt í opnu húsi Háskóla Íslands og öðrum álika viðburðum eftir því sem við á. Alþjóðaskrifstofan tekur einnig við umsóknum frá erlendum skiptistúdentum og sér um inntöku þeirra í samvinnu við viðkomandi deildir.

Skólaárið 2010–2011 fóru 260 stúdentar utan sem skiptistúdentar frá Háskóla Íslands og 408 erlendir skiptistúdentar komu til náms í Háskóla Íslands. Þetta er umtalsverð fjölgun frá fyrra ári.

Skriptistúdentar til og frá HÍ 1992–2010




Kennara- og starfsmannaskipti Háskóla Íslands

Fjöldi kennara sem tekur þátt í Erasmus-kennaraskiptum hefur aukist verulega á undanföllum árum. Þar sem Alþjóðaskrifstofan sér um úthlutun styrkja til Erasmus kennara- og starfsmannaskipta liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda kennara- og starfsmanna sem taka þátt í þeirri áætlun.

Alþjóðaskrifstofan sér ekki um greiðslu styrkja til kennaraskipta í öðrum áætlunum eða vegna tvíhliðasamninga og hefur þar af leiðandi ekki yfirlit yfir þá starf-

Erasmus kennara- og starfsmannaskipti frá Íslandi þ.a. og frá HÍ



semi. Árið 2007 bauðst starfsmönnum öðrum en kennurum einnig að taka þátt í skiptum á vegum Erasmus-áætlunarinnar og geta þeir nú sótt um Erasmus-styrki til að fara í starfsþjálfun við erlenda háskóla. Mikill áhugi er á slíkum heimsóknum meðal starfsmanna Háskóla Íslands en einnig er mikill áhugi hjá starfsmönnum erlendra háskóla að koma hingað til lands í námsheimsóknir. Alþjóðaskrifstofan hefur tvívegis skipulagt vikulangar heimsóknir sem erlendum samstarfsaðilum, aðallega starfsfólki á alþjóðaskrifstofum, hefur verið boðið að taka þátt í. Þar fyrir utan eru gestakomur einstaklinga frá ýmsum stjórnsýsluskrifstofum erlendra háskóla tíðar og koma þeir gestir til að kynna sér starfsemi skólans um tíma.

Móttaka erlendra skiptistúdentu

Alþjóðaskrifstofan sér um móttöku erlendra skiptistúdentu. Umsóknir frá erlendum skiptistúdentum berast til Alþjóðaskrifstofunnar. Háskóli Íslands er samkvæmt samningum skuldbundinn til að aðstoða erlenda skiptistúdentu við að útvega sér húsnæði og er það eitt af verkefnum Alþjóðaskrifstofunnar. Einnig kemur það í hlut starfsmanna skrifstofunnar að aðstoða stúdentu utan Evrópu að sækja um dvalarleyfi og annast samskipti við Útlendingastofnun. Mikið er um fyrirspurnir frá erlendum stúdentum sem vilja stunda nám við Háskóla Íslands. Alþjóðaskrifstofan svarar gjarnan fyrstu fyrirspurnum um nám við skólann og vísar nemendum áfram eftir því sem við á.

Um árabíl hafa erlendir skiptistúdentar átt þess kost að sækja námskeið í íslensku máli og menningu í ágústmánuði áður en skólaárið hefst. Undanfarnir 3 ár hefur þetta námskeið verið haldið á Núpi í Dýrafirði og er það Háskólasetur Vestfjarða sem hefur haldið námskeiðið í samvinnu við Alþjóðaskrifstofuna með styrk frá Erasmus- og Nordplus-áætlunum. Námskeiðið er ætlað Erasmus- og Nordplus-skiptistúdentum sem koma til Íslands til náms við skóla á háskólastigi. Um 90 stúdentar sóttu námskeiðið sumarið 2010. Stúdentarnir hafa verið mjög ánægðir með námskeiðið og dvölinu fyrir vestan.

Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu skipuleggja kynningarfundu um starfsemi og þjónustu við stúdentu Háskóla Íslands fyrir nýja erlendu stúdentu sem hefja nám við skólann í upphafi missera. Kynningardagskrá um Ísland og íslensk málefni, „Introduction to Iceland“, er fastur liður í móttöku erlendra stúdentu og starfsmanna. Um þrjú til fimm viðburðir eru skipulagðir á misseri og eru það m.a. skoðunarferðir, fyrirlestrar um íslensk málefni, sýningar o. fl. Dagskráin „Introduction to Iceland“ er opin öllum erlendum stúdentum og starfsmönnum skóla á háskólastigi sem koma til landsins.

Alþjóðaskrifstofan starfrækir í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands aðstoðarmannakerfi fyrir erlendu stúdentu sem stunda nám við háskólann. Íslenskir stúdentar við Háskóla Íslands taka að sér að aðstoða og leiðbeina erlendum stúdentum. Tilgangurinn er að veita aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem þarf að leysa í upphafi námsdvalar og kynna erlendum nemendum félagslíf stúdentu og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Kynningarstarf

Ákveðið var að taka ekki þátt í sameiginlegri kynningu Norðurlandanna á háskóla-

námi á Norðurlöndum að þessu sinni á ráðstefnu NAFSA-samtakanna í Bandaríkjunum eins og undanfarin 17 ár. Kostnaður við sýninguna hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár og að þessu sinni drógu Svíar sig út úr samstarfinu og voru með sinn eigin kynningarbás, sem hleypti kostnaðinum nokkuð upp fyrir hinar fjórar þjóðirnar sem eftir voru.

Heimasíða Alþjóðaskrifstofunnar er stöðugt í endurskoðun og hafa ný veflén verið tekin í notkun til að auðvelda aðgang að ýmsum áætlunum sem skrifstofan sér um framkvæmd á. Landskrifstofa menntaáætlunar ESB er með sérstaka heimasíðu undir vefléninu LME.is og einnig eru veflénin Erasmus.is, Comenius.is, Grundtvig.is og Leonardo.is notuð fyrir undiráætlanirnar. Þá hefur veflénid Nordplus.is verið tekið í notkun fyrir samnefnda norræna menntaáætlun. Komið var á betri tengingu við lénið Nordplusonline.org sem er opinber síða fyrir allar Nordplus-áætlanirnar. Veflénid www.studyiniceland.is er ætlað erlendum aðilum sem eru að leita að upplýsingum um háskólanám á Íslandi. Sú síða er á ensku og er hún unnin í samráði allra skóla á háskólastigi. Uppfærsla síðunnar og hönnun var í höndum Alþjóðaskrifstofu. Síðan var opnuð í nýrri og endurbættri útgáfu vorið 2010.

Upplýsingastofa um nám erlendis

Innan Alþjóðaskrifstofunnar er starfrækt Upplýsingastofa um nám erlendis, sem er öllum opin. Markmið hennar er að safna, skipuleggja og miðla upplýsingum um nám erlendis. Hluti af starfsemiinni er að fylgjast með nýjungum og breytingum á Netinu og tengja gagnlegar slóðir við heimasíðu Alþjóðaskrifstofu/ Upplýsingastofu. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu/Upplýsingastofunnar stóðu fyrir alþjóðadegi sem haldinn var 14. október en þar voru kynntir möguleikar á skiptinámi erlendis. Ýmis erlend sendiráð voru með fulltrúa sína á staðnum og veittu upplýsingar um nám í landi sínu. Stúdentar frá viðkomandi löndum aðstoðuðu.

Fjölmarginir upplýsingafundir voru haldnir innan Háskóla Íslands og utan um möguleika á námi erlendis og á skiptinámi. Stærsti notendahópurinn að þjónustu Upplýsingastofunnar eru háskólastúdentar og þeir sem hafa áhuga á stúdentskiptum. Stór hópur fólks sem hyggur á nám á Norðurlöndunum, aðallega í Danmörku og Svíþjóð, leitar eftir upplýsingum á skrifstofunni. Samræmd um-sóknareyðublöð í háskóla í þessum löndum, sem starfsmenn skrifstofunnar hafa útbúið, eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar, ásamt leiðbeiningum um hvernig á að fylla þau út. Á heimasíðu Upplýsingastofunnar er Handbók um styrki, sem er mikið notuð af þeim sem eru að leita að styrkjumöguleikum. Styrkjahandbókin er uppfærð reglulega.

Menntaáætlun Evrópusambandsins – Landskrifstofa á Íslandi

Í desember 2006 undirrituðu menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands samning um rekstur nýrrar landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins, þar sem kveðið er á um að Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands sjái í sameiningu um rekstur nýrrar menntaáætlunar ESB. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins mun annast þau verkefni sem áður féllu undir Sókrates-áætlunina, þ.e. Erasmus-áætlunina fyrir háskólastig, Comenius-áætlunina fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og Grundtvig-áætlunina fyrir fullorðinsfræðslu. Rannsóknþjónustan mun annast rekstur Leónardó-áætlunarinnar. Sameiginlega munu skrifstofurnar sjá um þveráætlanir. Menntamálaráðherra skipaði stjórn menntaáætlunar Evrópusambandsins í henni sátu árið 2010: Stefán Stefánsson, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, formaður án tilnefningar, Þorbjörg Kristjánsdóttir, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, Eyrún Björk Valsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, tilnefnd af Landsamtökum íslenskra háskólanema, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Leikn – samtökum fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi, og Guðlaugur Pálmi Magnússon, tilnefndur af Félagi framhaldsskóla.

Styrkir til úthlutunar menntaáætlunar Evrópusambandsins hér á landi árið 2010 (í evrum):

Comenius	761.000
Erasmus	873.000
Leónardó da Vinci	1.159.000
Grundtvig	181.000
Námsheimsóknir (e. study visits)	8.000
Samtals	2.982.000

Auk þess fékk landskrifstofan framlag frá Brussel til reksturs skrifstofunnar að upphæð 426.000 evrur. Fjölmargir kynningarfundir voru haldnir víðs vegar um landið til að kynna menntaáætlunina.

Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar – Landskrifstofa á Íslandi

Eftir lokað útboð á Norðurlöndunum tók Alþjóðaskrifstofan árið 2004 að sér rekstur Nordplus-áætlunar norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi. Alþjóðaskrifstofan er aðalstjórnandi Nordplus sprog tungumála- og menningaráætlunarinnar og meðstjórnandi í Nordplus junior, Nordplus vogsen, Nordplus fyrir háskólastigið og Nordplus horisontal. Sérstakur samningur um rekstur landskrifstofu Nordplus er á milli Alþjóðaskrifstofunnar og norrænu ráðherranefndarinnar.

Nýrri og nokkuð breyttri Nordplus-áætlun var hleypt af stokkunum í janúar 2008 með opunarhátíð í Norræna húsinu. Alþjóðaskrifstofan er áfram aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar á Norðurlöndunum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar – Landskrifstofu Nordplus á Íslandi tóku þátt í samstarfsfundum með landskrifstofum Nordplus á Norðurlöndunum, stóðu fyrir viðamiklu kynningarstarfi hér á landi og aðstoðuðu umsækjendur eftir þörfum. Nordplus-kynningarráðstefna, sem ætlað var að ná til væntanlegra umsækjenda í Nordplus-áætluninni, var haldin í desember 2010 og sóttu hana um 100 manns. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar tóku þátt í áframhaldandi þróun á umsóknar- og skýrslukerfi norrænu ráðherranefndarinnar, ARS (e. Application and Report System), sem var tekið í notkun 2008. Eftir mikla erfiðleika við notkun kerfisins í upphafi virðist það vera komið í nokkuð gott og notendavænt horf.

Tungumálamiðstöðin í Graz

Alþjóðaskrifstofan hefur að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið tengiliður við Tungumálamiðstöðina í Graz og aðstoðað við val á þátttakendum á vinnustofur sem Tungumálamiðstöðin stendur fyrir. Árlega taka fjórir til fimm íslenskir tungumálakennarar þátt í vinnustofum þessum. Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu. Starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar felst m.a. í skipulagningu námskeiða og vinnustofa í Graz og víðar. Einnig er á vegum stöðvarinnar unnið að margvíslegum þróunar- og rannsóknaverkefnum á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu í tengslum við vinnustofur og námskeið. Aðildarþjóðir geta almennt sent einn þátttakanda á hvert námskeið (vinnustofu) sér að kostnaðarlausu. Starfsmaður Alþjóðaskrifstofunnar sótti einn samráðsfund í Graz vegna verkefnisins.

Erasmus Mundus

Alþjóðaskrifstofan er upplýsingaskrifstofa fyrir Erasmus Mundus á Íslandi. Áætlunin lýtur að samstarfi a.m.k. þriggja háskóla í þremur löndum við að bjóða upp á sameiginlegt meistaranám. Góðir styrkir eru í boði til handa stúdendum utan Evrópu til að taka Erasmus Mundus meistaranám. Er áætluninni ætlað að laða að afburðanemendum utan Evrópu. Ný Erasmus Mundus II áætlun fyrir tímabilið 2009–2013 hóf göngu sína 2009. Spænskudeild Háskóla Íslands er þátttakandi í Erasmus Mundus verkefni með háskólum á Spáni. Þetta verkefni lýtur að því að mennta verðandi kennara sem kenna spænsku sem erlent mál. Það er mikil viðurkenning fyrir spænskudeild Háskóla Íslands að vera valin til samstarfs í verkefni sem þessu (www.multiele.org). Árið 2010 varð Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands aðili að Erasmus Mundus meistaranámi þar sem lögð er áhersla á nýtingu landupplýsingatækni í umhverfisfræðum og í skipulagi og stjórnun umhverfisauðlinda (sjá nánar www.gem-msc.org). Þetta er samstarfsverkefni fimm landa í Evrópu.

E-twinning

E-twinning-áætlunin lýtur að rafrænum samskiptum í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Evrópu. Alþjóðaskrifstofan fékk framlag frá ESB að upphæð 75 þús. evrur til reksturs e-twinning-verkefnisins fyrir tímabilið janúar til desember 2010. Þessari upphæð er ætlað að standa undir 80% af raunkostnaði við áætlunina. Landskrifstofa e-twinning styrkir árlega hóp kennara til að sækja vinnustofur og viðburði.

Bologna experts

Framkvæmdastjórn ESB veitti Alþjóðaskrifstofu styrk fyrir tímabilið 1.7. 2009 – 30.6. 2011 að upphæð 21.274 evrur til að standa straum af kostnaði við kynningu á Bologna-samræmingarferli háskóla í Evrópu hér á landi. Þetta fjárframlag á að greiða um 80% af raunkostnaði við verkefnið.

Markmið Bologna-ferlisins er að til verði samevrópskt hágæðaháskólasvæði sem geri nemendum og háskólafólki kleift að flytjast auðveldlega á milli landa. Skipaðir eru Bologna-kynningarfulltrúar í hverju landi og vinna þeir með starfsmönnum á skrifstofum sambærilegum Alþjóðaskrifstofu og mennta- og menningarmálaráðuneyti að innleiðingu Bologna-ferlisins. Haldnir voru kynningarfundir og ráðstefnur um innleiðingu Bologna-ferlisins og Bologna-kynningarfulltrúar voru styrktir til að sækja vinnustofur og fundi erlendis. Bologna-kynningarfulltrúar á Íslandi voru árið 2010: Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri Háskólans á Akureyri, Sigurður Kári Árnason, fulltrúi stúdenta, Gísli Fannberg, Háskóla Íslands, Steinn Jóhannsson, Háskólanum í Reykjavík, Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Guðrún Geirsdóttir, lektor í kennslufræðum við Háskóla Íslands, og Anna Guðmundsdóttir, Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

Þróunarsjóður EFTA – upplýsingamiðlun

Alþjóðaskrifstofan gegnir hlutverki upplýsingaskrifstofu fyrir Þróunarsjóð EFTA að því er lýtur að samstarfi í menntamálum. Sjóðurinn styrkir ýmiss konar verkefni sem aðilar í 16 löndum ESB geta sótt um til samstarfs við EFTA-löndin. Mikið hefur verið um fyrirspurnir frá erlendum aðilum sem hafa áhuga á samstarfi við íslenskar menntastofnanir. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar leiðbeina og aðstoða í slíkum málum eftir föngum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar hafa sótt nokkra fundi erlendis vegna þessa verkefnis og kynnt þennan möguleika fyrir markhópum hér innanlands, auk þess að vera með upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu skrifstofunnar. Pólska landskrifstofan hélt fund hér á landi 9.–10. september í samvinnu við Alþjóðaskrifstofuna. Til fundarins mættu fulltrúar frá landskrifstofum sjóðsins í Noregi og Liechtenstein, auk íslenskra þátttakenda. Megintilgangurinn var að fara yfir starfið undanfarin ár og meta árangur. Miklum fjármunum hefur verið varið í verkefni sem styrkt eru af Þróunarsjóði EFTA og hefur samstarf Póllands við EFTA-ríkin eflst mikið á undanförunum árum fyrir tilstilli sjóðsins.

Framfærslustyrkir frá norrænu ráðherranefndinni til íslenskra nemenda í námi á Norðurlöndunum

Tvö undanfarin ár hefur Alþjóðaskrifstofan að ósk Mennta- og menningarmálaráðuneytisins annast umsýslu styrkveitinga til handa íslenskum námsmönnum sem eru í námi á Norðurlöndunum. Styrkirnir eru gjöf frá Norðurlöndunum til íslenskra stúdenta til að koma í veg fyrir að nemendur hrökklist úr námi af fjárhagsástæðum eftir bankahrunið hér á landi. Styrkirnir eru veittir þeim sem ekki fá vinnu og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum eða námslánum yfir sumarmánuðina. Rúmlega 500 einstaklingar hlutu styrki bæði árin.

Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örum vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan er mikilvægt skref í því langtímamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í þessu skyni hyggst háskólinn á næstu árum efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Þessu markmiði ætlar háskólinn að ná með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með fjölgun birtra greina í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, auka sókn í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggð.

Endurskoðun matskerfis

Í janúar 2007 úrskurðaði kjararáð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/2006, að ákvörðun launa og starfskjara prófessora skyldi ekki lengur heyra undir ráðið. Í kjölfarið fól fjármálaráðuneytið vísindasviði Háskóla Íslands að annast tímabundið umsjón með mati á verkum prófessora í ríkisháskólum og reikna út ritlaun og hækkun á milli launaflokka. Ákvörðun þessi var staðfest í samkomulagi prófessora í ríkisháskólum og fjármálaráðherra frá 26. september 2008. Með framangreindu samkomulagi var jafnframt skipuð nefnd sem falið var að útfæra framtíðarskipan verklags við mat á störfum prófessora. Nefnd þessa skipuðu fulltrúar samningsaðilanna (fjármálaráðuneytis og Félags prófessora) og fjórir aðrir fulltrúar: einn samkvæmt tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn fulltrúi annarra opinberra háskóla, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis og einn

fulltrúi án tilnefningar sem var oddamaður. Nefnd þessi komst að samkomulagi um fyrirkomulag við mat á störfum akademískra starfsmanna í ríkisháskólunum hinn 6. nóvember 2009.

Með framangreindu fyrirkomulagi er sett á laggirnar vísindanefnd opinberra háskóla sem ætlað er að þróa matskerfi fyrir háskólana í samráði við Félag prófessora og önnur kjarafélög sem kerfið tekur til. Vísindanefnd opinberra háskóla skipa fjórir fulltrúar Háskóla Íslands, auk eins fulltrúa annarra opinberra háskóla.

Samkvæmt samkomulaginu gerir vísindanefnd opinberra háskóla tillögu um breytingar á matskerfinu til svokallaðrar matskerfisnefndar sem staðfestir kerfið fyrir hönd þeirra sem að samkomulaginu standa. Í matskerfisnefnd sitja fjórir fulltrúar: einn frá fjármálaráðuneyti, einn frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn frá Háskóla Íslands og einn frá öðrum opinberum háskólum.

Á háskólaþingi Háskóla Íslands 15. maí 2009 var til umræðu tillaga að endurskoðuðu matskerfi fyrir Háskóla Íslands sem vísindanefnd háskólaráðs hafði unnið að um alllangt skeið. Á fundinum var enn fremur kynnt greinargerð um framkomnar athugasemdir við tillöguna frá fræðasviðum Háskóla Íslands, deildum og kjarafélögum kennara, auk athugasemda frá Háskólanum á Akureyri. Í kjölfar ítarlegrar umræðu samþykkti háskólaþingið að fela forsetum fræðasviða og rektor að leiða málið til lykta á grundvelli tillögu vísindanefndar og þeirra athugasemda sem fram höfðu komið. Ljúka skyldi endurskoðun kerfisins fyrir árslok 2009. Þann 5. nóvember 2009 samþykkti háskólaráð Háskóla Íslands endurskoðaða tillögu að breyttu matskerfi fyrir sitt leyti.

Vísindanefnd opinberra háskóla samþykkti nýtt matskerfi fyrir sitt leyti hinn 18. desember 2009. Í samþykkt sinni lagði nefndin áherslu á að endurskoðun reglnanna hefjist strax á næsta ári og myndi nefndin kalla eftir athugasemdum frá öllum sem málið varðar. Jafnframt mun hún skoða sérstaklega hvernig matskerfið reynist í samanburði við eldra kerfi. Við endurskoðun reglnanna mun nefndin leggja megináherslu á gæði með alþjóðleg viðmið að leiðarljósi.

Vísindanefnd opinberra háskóla leggur jafnframt áherslu á að ákvæði um sérstakt mat verði virkara en það hefur verið hefur og verði framkvæmt með gagnvirkum hætti. Slíkt jafningjamat annist viðurkenndir sérfræðingar sem standi utan hefðbundinna matsnefnda vegna vinnumats. Matskerfisnefnd staðfesti ákvörðun vísindanefndar opinberra háskóla 30. desember 2009 og tók nýtt kerfi gildi 1. janúar 2010.

Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur hún einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrr en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslu-


stig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhlíða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfis, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafolk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.


Nýtt matskerfi Háskóla Íslands tekur gildi frá með mati á störfum ársins 2010. Tölurnar sem fara hér á eftir eru miðaðar við það matskerfi sem hefur verið notað undanfarin ár.

Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2006–2009. Meðalritvirkni




Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2006–2009. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2009. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna á fræðasviðum árið 2009, reiknað á fjölda starfsmanna í deild annars vegar og á fjölda stöðugilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.


Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna 2006–2009. Allir starfsmenn




Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2009. Fræðasvið



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2009. Fræðasvið. Fjöldi starfsmanna/stöðugilda




Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2006–2009. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hve mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum hjá fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2009.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2009. Fræðasvið




Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2006–2009. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að 25% rannsóknastiga háskólans árið 2009 eru vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum en hlutfallið var það sama árið 2008. ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviðum félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. Hlutfall annarra ritrýndra greina í tímaritum var hærra en árið á undan. Erindi gefa 25%, bókakaflar (ritrýndar ráðstefnugreinar eru hluti þess flokks) gefa 19% en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bækur gefa 4% rannsóknastiga og 16% rannsóknastiga eru vegna annars efnis. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni deilda.

Mynd 8. Ritvirkni 2006–2009. Greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2008–2009. Fræðasvið




Rannsóknatengdir sjóðir

Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2010 voru greiddar 199,5 m.kr. úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst ársins 2009. Á mynd 10 má sjá hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði síðustu ár.

Mynd 10. Hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði 2007–2010 (%)



Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.


Rannsóknasjóður

Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna, ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafi verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2011 var úthlutað 175.350


þús.kr. til 177 verkefna eða að meðaltali 991 þús.kr. á hverja styrkta umsókn (sjá myndir 11–13). Þar af voru þrjú skráningarverkefni styrkt. Þá hlaut einn umsækjandi styrk vegna tímabundinnar lausnar frá kennslu (annarri en leiðbeiningu framhaldsnema).

Einnig veitir sjóðurinn styrki til nýdóktra sem starfa við háskólann (sjá mynd 14) og ferðastyrki til doktorsnema. Þessar styrkleiðir eru hluti af viðbótarfjárveitingu til styrktar rannsóknana við háskólann. Þá veitir Rannsóknasjóður launastyrki til doktorsnema en nánar er fjallað um það í sérkafla um framhaldsnám.


Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2008–2011 (m.kr. á verðlagi hvers árs)




Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2008–2011 (%)



Mynd 13. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2008–2011 (%)



Mynd 14. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Styrkir til nýdoktora. Fjöldi umsókna og styrkja og úthlutunarupphæð 2007–2010 (m.kr.)



Tækjakaupasjóður


Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Sjóðurinn hafði á árinu 2010 um 27 m.kr. til ráðstöfunar. Sjóðurinn skiptist í tvo undirsjóði, sérhæfðan tækjakaupasjóð og verkefnabundinn tækjakaupasjóð. Sérhæfðu tækjakaupafé er úthlutað á grundvelli umsókna frá kennurum og sérfræðingum, sem forgangsraðað er af deildum. Verkefnabundnu tækjakaupafé er úthlutað af vísindanefnd háskólaráðs samhliða úthlutun úr Rannsóknasjóði.

Þá eru einnig veittir s.k. mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Tækjasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru veittir 15 slíkir styrkir á árinu að upphæð 25,3 m.kr.

Verkefnabundin tæki

Til Rannsóknasjóðs má sækja um fé til kaupa á tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til einstakra rannsóknaverkefna. Ráðstöfunarfé til kaupa á tækjum í þessu skyni kemur úr Tækjakaupasjóði háskólans. Fyrir árið 2010 var úthlutað um 5 m.kr. eftir þessari leið.

Mynd 15. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2007–2010 (m.kr. á verðlagi hvers árs)




Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að

aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki (90 þús.kr. auk launatengdra gjalda) sem ætlaðir eru til launa aðstoðarmanns á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 sjá fræðasviðin um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Mynd 16. Aðstoðarmannasjóður. Fjöldi umsókna og styrkja 2006-2009



Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu þar sem í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 er meðal annars stefnt að því að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám við háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á tímabilinu. Það markmið er vel á veg komið. Þá er gert ráð fyrir að styrkjakerfi fyrir doktorsnám verði stóreflt í áföngum fyrir árslok 2011. Rannsóknasjóður háskólans hefur verið tvöfaldaður á tímabilinu og nemur árlegt ráðstöfunarfé hans 300 m.kr. og er a.m.k. helmingi þeirrar fjárhæðar varið í þágu doktorsnáms. Þá hafa deildir getað ráðið doktorsnema í aðstoðarkennarastörf.

Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Ekki var úthlutað nýjum styrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins á árinu 2010. Sjóðurinn greiðir hins vegar skuldbindingar sínar vegna fyrri úthlutana.

Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands og samning Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis var úthlutað sérstökum doktorsstyrkjum úr Rannsóknasjóði. Styrkirnir eru veittir leiðbeinanda á grundvelli rannsóknaverkefnis til að gera honum kleift að greiða doktorsnema styrk til framfærslu. Leiðbeinandi getur einnig sótt um fyrir verkefni þar sem samstarf hans og stúdents er hafið. Alls voru veittir 20 styrkir.


Eftirtaldir hlutu styrk eftir leið b: Eiríkur Steingrímsson, Helga M. Ögmundsdóttir, Már Másson, Erlingur Jóhannsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Kristján Leósson, Snorri Þór Sigurðsson.

Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Jón Gunnar Bernburg, Kristín Loftsdóttir, Terry Gunnell, Ingileif Jónsdóttir, Ástráður Eysteinnsson, Gunnar Harðarson, Vilhjálmur Árnason, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Kesara Ananthawat-Jónsson, Oddur Ingólfsson, Sigurður Erlingsson.

Styrkur til tveggja ára: Jón Jóhannes Jónsson.

Styrkur til eins árs: Sigurður Reynir Gíslason.


Mynd 17. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands – Doktorsstyrkir 2008-2010



Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs


Á árinu voru veittir styrkir til ráðstefnuferða doktorsnema. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Þá var ferðum á ráðstefnur erlendis raðað ofar í forgangs röð við mat á umsóknum. Skilyrði styrkveitingar var að fyrir lægi staðfest framlag nemandar á ráðstefnunni. Alls bárust 100 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 66 þeirra.

Mynd 18. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands – Ferðastyrkir 2008-2010



Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun úr kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 20 styrkir á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.



Rannsóknastöðustyrkir

Rannsóknastöðustyrkir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og voru þeir veittir til allt að þriggja ára. Um þessa styrki gátu akademískir starfsmenn Háskóla Íslands sótt í samstarfi við nýdoktor. Ekki var úthlutað nýjum rannsóknastöðustyrkjum á árinu 2010 en staðið var við skuldbindingar sjóðsins vegna úthlutunar á árinu 2008.

Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskráin tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísindasviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8.

Starfsmanna- og starfsþróunarmál


Meginhlutverk starfsmannasviðs sameiginlegrar stjórnsýslu er að stuðla að vönduðum vinnubrögðum í starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Eins og fram kemur í starfsmannastefnu Háskóla Íslands er leitast við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunngildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Starfsmannasvið er eitt af sex sviðum í sameiginlegri stjórnsýslu háskólans og heyrir undir fjármál og rekstur. Á sviðinu störfuðu fimm starfsmenn árið 2010 í 4,5 stöðugildum. Þeir eru: Guðmundur Ragnarsson sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher, Elísabet Þorsteinsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem einnig er lögfræðingur sviðsins. Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri var í launalauslu leyfi frá starfsmannasviði árið 2010.

Auglýsingar og umsóknir

Á árinu voru annars vegar auglýst 37 akademísk störf sem 180 einstaklingar sóttu um og hins vegar 50 önnur störf og um þau sóttu 1.053 manns. Sjá mynd 1. Þá voru auglýst 80 störf í tengslum við áttak á vegum Vinnuálastofnunar vegna sumarstarfa til tveggja mánaða.

Mynd 1. Meðalfjöldi umsókna um hvert starf




Starfsfólk

Fjöldi starfsmanna með ráðningarsamning við Háskóla Íslands í desember 2010 var 1.262 í 1.097 stöðugildum. Að Raunvísindastofnun meðtalinni eru þetta 1.383 starfsmenn í 1.208 stöðugildum. Talsvert fleiri en fastráðnir starfsmenn þiggja laun frá Háskóla Íslands og voru heildarlaun sem greidd voru með launatengdum gjöldum 8.836,5 m.kr., greidd til 4.354 einstaklinga.

Á mynd 2 og 3 má sjá skiptingu starfsfólks eftir starfsheiti og kyni. Raunvísindastofnun hefur ekki verið talin með í þessum tölum undanfarin ár og því eru tölurnar birtar nú bæði með starfsfólki Raunvísindastofnunar á mynd 2 og án þessa hóps á mynd 3.

Mynd 2. Fjöldi starfsmanna, eftir kyni og störfum, alls 1.383 einstaklingar



Til glöggvunar á starfsheitum eru „sérfræðingar“ akademískir starfsmenn og þá einnig „fræðimenn“ og „vísindamenn“. „Rannsóknarfólk“ eru starfsmenn sem ekki hafa hlotið akademískan hæfnisdóm en starfa við rannsóknir, s.s. starfsmenn á rannsóknastofum við þjónusturannsóknir, háskólanemar, nýdóttarar og starfsmenn við rannsóknir á sérstökum rannsóknastyrkjum. „Tæknifólk“ eru iðnaðarmenn, umsjónarmenn, starfsmenn lóðar, tanntæknar, baðverðir og ræstingarfólk.

Skrifstofufólki eru skipt í þrjá flokka: Starfsmenn í miðlægri stjórnsýslu, starfsmenn í stjórnsýslu fræðasviða og starfsmenn þjónustu- og rannsóknastofnana sem iðulega eru fjármagnaðar með sjálfsaflafé. Að gefnu tilefni eru hér nánari skýringar á þessum hópi:

„Skrifstofufólk á einingum utan fræðasviða“: Reiknistofnun, Endurmenntunarsstofnun, rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni, bókasafn í Stakkahlíð, Rannsóknþjónusta háskólans og Háskólaútgáfan.

Mynd 3. Allir starfsmenn á föstum launum

Háskóli Íslands án starfsmanna Raunvísindastofnunar. Fjöldi einstaklinga með ráðningarsamning í desember 2010

	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðjunktur	Sérfræðingar	Rannsóknir	Fræðasvið skrifstofufólk	Miðlægt skrifstofufólk	Stofnanir utan sviða skrifstofufólk	Tæknifólk	Alls í HÍ 2010
Konur	66	65	82	49	7	117	136	85	35	17	659
Karlar	187	99	64	29	13	74	24	32	38	43	603
Alls	253	164	146	78	20	191	160	117	73	60	1262

Háskóli Íslands að meðtöldum starfsmönnum Raunvísindastofnunar. Fjöldi einstaklinga með ráðningarsamning í desember 2010

	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðjunktur	Sérfræðingar	Rannsóknir	Fræðasvið skrifstofufólk	Miðlægt skrifstofufólk	Stofnanir utan sviða skrifstofufólk	Tæknifólk	Alls í HÍ 2010
Konur	66	65	82	49	14	146	142	85	35	17	701
Karlar	187	99	64	29	36	121	26	32	38	50	682
Alls	253	164	146	78	50	267	168	117	73	67	1383

„Skrifstofufólk í miðlægrri stjórn-sýslu“: Starfsmenn í Námsráðgjöf, Nemendaskrá, Alþjóðaskrifstofu, Kennslumiðstöð, kennslusviði, vísindasviði, starfsmannasviði, fjármálasviði, markaðs- og samskiptasviði, framkvæmda- og tæknisviði, stjórn-sýslu reksturs fasteigna, rektorsskrifstofu, hjá Háskólasjóði og skjalasafni.

„Skrifstofufólk fræðasviða og stofnana sem heyra undir fræðasvið“: Starfsmenn stjórn-sýslu fræðasviðs og deilda sem undir fræðasviðið heyrir. Auk þess teljast til þessa hóps allir starfsmenn á stofnunum sem tilheyra fræðasviðinu sem ekki eru í hópi akademískra starfsmanna eða nemenda. Þannig eru t.d. starfsmenn Félagsvísindastofnunar með í samtölu Félagsvísindasviðs og Líffræðistofnun er talin með Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Á launaskrá hjá Háskóla Íslands er einnig starfsfólk sem ráðið er í verkefna- og tímavinnu. Stundakennarar eru þar fjölmennasti hópurinn. Þeir sem komu að stundakennslu á árinu voru 2.301, sem er svipað og árið 2009, en vinnustundum hefur fækkað lítillega frá fyrra ári, eða um 6%. Þá fækkun má eflaust rekja til aukinnar kennsluskyldu fastráðinna kennara sem hafa sinnt kennslu í auknum mæli vegna mikillar fjölgunar nemenda. Sjá skiptingu og dreifingu stundakennslunnar á mynd 4 og fastra kennara á mynd 5.

Mynd 4. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands 2010, alls 2.301 einstaklingur

	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi stunda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi stunda	Stundir alls	Ígildi aðjunktá
Félagsvísindasvið	479	53.979	9	935	54.914	51
Heilbrigðisvísindasvið	642	47.613	20	1.881	49.494	46
Hugvísindasvið	196	37.159	7	98	37.257	35
Menntavísindasvið	268	18.152	4	147	18.299	17
Menntavísindasvið / vettvangskennsla	225	7.335	85	2.251	9.586	9
Verk- og náttúruvísindasvið	327	46.504	39	6.307	52.811	49
	2.137	210.742	164	11.619	222.361	207

1. Stundakennsla greidd í tímavinnu = starfsmenn utan HÍ.

2. Stundakennsla starfsmanna HÍ greidd í yfirvinnu = starfsmenn innan HÍ.

Stundakennsla 1 og 2 umreiknuð í kennslu aðjunktá í fullu starfi 1072,5 stundir/ári.

Mynd 5. Fjöldi fastráðinna kennara 2010, eftir starfsheitum, kyni, fræðasviðum og deildum

Deild	Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			Alls	
	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt	KK	KVK	Smt		
Heilbrigðisvísindasvið	Hjúkrunarfræðideild	0	9	9	1	6	7	2	8	10	1	1	2	28
	Læknadeild	5	10	15	31	11	42	37	4	41	0	5	5	103
	Lyfjafræðideild	0	0	0	1	2	3	3	3	6	0	0	0	9
	Matvæla- og næringarfræðideild	2	0	2	2	0	2	1	3	4	0	0	0	8
	Sálfræðideild	0	2	2	4	1	5	3	0	3	0	0	0	10
	Tannlæknadeild	7	0	7	3	1	4	3	1	4	0	0	0	15
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðadeild	2	0	2	0	1	1	5	1	6	0	0	0	9
	Íslensku- og menningardeild	2	2	4	3	3	6	10	5	15	4	5	9	34
	Deild erl. tungumála, bókm. og málvís.	2	7	9	4	3	7	2	4	6	4	7	11	33
	Sagnfræði og heimspekideild	0	1	1	1	1	2	17	2	19	1	1	2	24
	18	34	52	12	18	30	13	12	25	10	24	34	141	
Menntavísindasvið	Iðnaðar-, véla- og tölvunarfræðideild	2	1	3	4	1	5	12	1	13	0	0	0	21
	Jarðvísindadeild	0	0	0	2	2	4	6	1	7	0	0	0	21
	Líf- og umhverfisvísindadeild	1	2	3	5	5	10	9	5	14	0	0	0	27
	Rafmagns- og tölvunarverkfræðideild	4	1	5	1	0	1	4	1	5	0	0	0	11
	Raunvísindadeild	0	1	1	7	0	7	29	0	29	0	0	0	37
	Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	4	1	5	6	0	6	0	0	0	11
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Félagsráðgjafadeild	1	3	4	0	3	3	0	2	2	1	0	1	10
	Hagfræðideild	2	1	3	3	0	3	5	0	5	0	0	0	11
	Lagadeild	6	2	8	5	2	7	3	4	7	0	0	0	22
	Viðskiptafræðideild	7	2	9	4	2	6	5	0	5	5	3	8	28
	Stjórn málafræðideild	1	2	3	0	0	0	5	1	6	1	3	4	13
	Félags- og mannvísindadeild	2	2	4	2	2	4	7	8	15	2	0	2	25
Alls	64	82	146	99	65	164	187	66	253	29	49	78	641	


Heildarstarfsmannavelta við Háskóla Íslands er 7,6%. Hún er fundin með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á árinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Tímabundnir starfsmenn eru ekki taldir með. Ekki er gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover) en sjálfviljug velta telst einungis þegar menn hætta að eigin ósk. Þannig eru starfsmenn sem hætta vegna aldurs taldir með í þessum tölum en þeir voru 13 á árinu. Þeir sem eru skammtímaráðnir eru allir afleysingafólk, nemendur og rannsóknafólk. Heildarviðmiðunartalan er því miðuð við þá sem voru í starfi í desember 2010, samtals 1.262 einstaklingar að frádregnum þeim 244 sem voru í ótímabundnu starfi við háskólann, alls 1.018 einstaklingar. Þeir sem hættu voru 77 og heildarstarfsmannaveltan er því 7,6% fyrir árið 2010. Starfsmannavelta var einnig tekin saman fyrir akademíska starfsmenn annars vegar og aðra starfsmenn skólans hins vegar. Talsverður munur er á milli hópanna þar sem starfsmannavelta akademískra starfsmanna er mun minni, eða 4,7%, en annarra starfsmanna, 12,7%.

Fræðsla

Árið 2010 var 91 viðburður í boði sem telst til fræðslu og endurmenntunar fyrir starfsfólk Háskóla Íslands. Viðburðina sóttu 1.675 starfsmenn í samtals 3.832 klst. Fastur liður eru námskeið til að auka færni starfsfólks í notkun skjalavistunarkerfisins Námu, póstkerfinu og dagbókarnotkun í Lotus Notes og námskeið ætlað efnisriturum heimasíðu háskólans. Á haustmánuðum var áhersla lögð á námskeið til að auka færni í ritvinnslu- og reikniforritum, glærugerð og töflureikni. Tvö námskeið voru í boði sem miðuðu að því að efla einstaklinginn og bæta þjónustu. Fyrir starfsfólk í framlínu var boðið upp á öryggisnámskeið. Í tungumálum var eftirspurn eftir ensku í háskólastarfi, tali og ritun, ásamt íslensku fyrir erlenda starfsmenn. Fastir samstarfsfundir og fræðsla um starfsmannamál voru á dagskrá fyrir stjórnendur fræðasviða og deilda.

Aðrir viðburðir á vegum starfsmannasviðs eru heilsumánuður í apríl, golfmót starfsfólks vor/haust, jólaball stúdenta og starfsfólks, kaffifundir með fræðslu fyrir erlenda starfsmenn og morgunfræðsla fyrir svonefndan Skólabæjarhóp, þ.e. fyrrverandi starfsfólk Háskóla Íslands sem látið hefur af störfum sökum aldurs. Móttaka fyrir nýja starfsmenn var haldin að vori og hausti á íslensku en aðeins að hausti fyrir erlenda starfsmenn. Fræðsluáætlun er birt á Uglu – innri vef (https://uglu.hi.is/sv/vefsv/static_sida.php?sid=519).

Mynd 6. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs mælt í vinnustundum starfsmanna



Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri sviðsins er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi einingar heyra undir sviðið:

- Byggingar og tækni, sem hefur umsjón með viðhaldi fasteigna, hirðingu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innan- sem utanhúss. Hjá deildinni starfa 13 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingarmagn háskólans er um 105 þúsund m². Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- Rekstur fasteigna, sem sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefni eru almenn umsjón með húsnæðinu og aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum, þ.m.t. flokkun til endurvinnslu en unnið er markvisst að því að auka og bæta hana. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld, rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 22 auk þess hluta ræstingafólks sem er starfsmenn Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri fasteigna er jafnframt starfsmaður öryggisnefndar Háskóla Íslands en aðbúnaður, hollustuhættir og almennt öryggi starfsmanna heyrir bæði undir starfsmannasvið og öryggisnefnd. Rekstrarstjóri er Sigríður Björnsdóttir.
- Íþróttahús háskólans, þar sem nemendum og starfsfólki er boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfímmissal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús í Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttafraeðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.
- Póst- og sendisþjónusta. Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með póstsendingum frá og til skólans.

Helstu viðhalds- og framkvæmdaverkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu

Aðalbygging

Aðgengi fyrir fatlaða var stórlega bætt með tilkomu nýrrar lyftu sem fer á milli kjallara og 3. hæðar. Opnað var á milli suður- og norðurálmu í kjallara. Lagt var nýtt aðkomutorg við aðalinngang byggingarinnar og nýjar hellur lagðar að norðan- og sunnanverðu við húsið.

Hús Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Á árinu 2008 fór fram samkeppni um hönnun húss Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sigurvegarar samkeppninnar voru Hornsteinar arkitektar sem luku hönnun byggingarinnar haustið 2010. Byggingin mun hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuhluta Íslensku- og menningar- deildar á Hugvísindasviði.

Landspítali – Háskólasjúkrahús

Framkvæmda- og tæknisvið hefur frá árinu 2006 komið að undirbúningsvinnu vegna nýs háskólasjúkrahúss í samráði við heilbrigðisvísindadeildir skólans. Sumarið 2010 fór fram samkeppni um frumhönnun á 66 þúsund m² byggingum fyrir Landspítala–Háskólasjúkrahús og 10 þúsund m² byggingu fyrir Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands ásamt gerð nýs deiliskipulags fyrir spítalavæðið. Vinningshafi var SPITAL-hópurinn. Frá hausti 2010 hefur framkvæmda- og tæknisvið tekið þátt í vinnu vegna frumhönnunarinnar og átt sína fulltrúa í byggingarnefnd og verkefnisstjórn verkefnisins og hópi er fjallar um deiliskipulag spítalalóðarinnar.

Laugarvatn

Unnin voru fjölmörg viðhaldsverkefni í skólahúsi, íþróttahúsi og sundlaug.

Læknagarður

Gagngerar endurbætur voru gerðar á ytra byrði hússins. Gert var við steypu-skemmdir, útveggir holufylltir og málaðir, svo og gluggar. Vesturhluti lóðarinnar var þökulagður.

Stakkahlíð

Á árinu var ráðist í mörg smærri viðhaldsverkefni sem komin voru á tíma.

Neshagi 16

Salerni fyrir fatlaða var komið fyrir á 1. hæð hússins auk smærri viðhaldsverkefna innanhúss.

Nýi-Garður

Um sumarið fóru fram endurbætur á vesturhluta hússins og skipt var um þak. Árið áður hafði austurhliðin verið lagfærð.

VR-I

Umfangsmesta viðhaldsverkefni ársins 2010 voru löngu tímabærar endurbætur á VR-I, verkkenndluhúsi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Í byrjun árs fékkst heimild til að ráðast í verkefnið sem boðið var út á Evrópska efnahagssvæðinu. Skipt var um nær allar innréttingar í húsinu og lagnakerfi.

VR-II

Þriðja hæð hússins var endurskipulögð, m.a. var settur upp glerveggur sem skilur nú að kennslustofu og lesrými. Á fjórðu hæð voru útbúnar skrifstofur fyrir framhaldsnema.

VR-III

Útbúið var nýtt kennslurými á fyrstu hæð í suðurenda hússins og endurskipulagt lesrými fyrir framhaldsnema á annarri hæð.

Fjárreiður og rekstur

Starfsemi fjármálasviðs

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að skiptingu fjármagns innan skólans og hinna fimm fræðasviða.


Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2010 með samanburði við árið 2009

Háskóli Íslands var rekinn með 209,5 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 240,6 m.kr. afgang árið áður. Hagnaðurinn skiptist þannig að af reglulegri starfsemi var 421,2 m.kr. afgangur samanborið við 124,3 m.kr. árið áður. Hluti þessarar afkomu skýrist af 135 m.kr. tekjufærslu frá Happprætti Háskóla Íslands, sem leiðrétting á fjárveitingu ársins 2009. Af þessum sökum var framlag HHÍ kr. 735 m.kr. í stað 600 m.kr. eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Fjármagnsgjöld námu 211,7 m.kr. samanborið við 116,2 m.kr. tekjur árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnsgjalda á árinu er vegna gengisbreytinga og því óregluleg gjöld.

Fjárveiting á fjárlögum nam 8.976,4 m.kr. Til viðbótar komu fjárheimildir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna sérstakra verkefna og launabóta, ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora að upphæð 187,1 m.kr. Samtals námu fjárheimildir 9.163,5 m.kr. og minnkuðu um 1,9% frá fyrra ári.


Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 8.905,1 m.kr. og batnaði staða Háskóla Íslands við ríkissjóð um 258,4 m.kr. og skuldaði háskólinn ríkissjóði 105,9 m.kr. í árslok. Sértekjur námu alls 4.952,6 m.kr. samanborið við 4.357,7 m.kr. árið áður og munar þar mest um aukið fé frá Happprætti Háskóla Íslands. Sértekjur jukust um 594,9 m.kr., sem skýrist m.a. af aukningu á tekjum frá HHÍ og innlendum styrkjum. Skrásetningargjöld námu 572,1 m.kr. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 474,1 m.kr., sem er rúmlega 17% samdráttur frá fyrra ári.

Mynd 1. Tekjur Háskóla Íslands 2000–2010 í m.kr.




Skýring: Á árunum 2003 og 2007 var framlag HHÍ til nýbygginga mun hærra en venjulega

Mynd 2. Skipting útgjalda Háskóla Íslands 2010



Mynd 3. Skipting útgjalda eftir fræðasviðum 2010



Erlendar tekjur (styrkir) námu 962,1 m.kr. og hækkuðu um 10,2% frá fyrra ári, þrátt fyrir styrkingu krónunnar.

Innlendir styrkir voru 1.309,4 m.kr. og hækkuðu um 34,8%. Rekstrartekjur alls hækkuðu um 3,1% og námu 14.116,2 m.kr. samanborið við 13.696,4 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrir fram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum og til skuldar í efnahag. Samtals nam þetta 267,8 m.kr. vegna 2008 og vegna 2009 var þessi upphæð kr. 1.062,4 m.kr. Þessi upphæð fyrir 2010 nam 1.470,6 m.kr. Nettóaukning milli ára er því 408,2 m.kr., sem skýrist af styrkjum sem aflað hafði verið og voru hærri en sýnt er í ársreikningi.

Útgjöld námu alls 13.695 m.kr. samanborið við 13.572,1 m.kr. árið áður. Afgangur var af reglulegum rekstri og nam hann 421,2 m.kr. samanborið við 124,3 m.kr. árið áður. Hluti þessarar afkomu skýrist af 135 m.kr. tekjufærslu frá Happpdrætti Háskóla Íslands, sem leiðrétting á fjárveitingu ársins 2009. Af þessum sökum var framlag HHÍ kr. 735 m.kr. í stað 600 m.kr. eins og fjárlög gerðu ráð fyrir.

Heildarútgjöld jukust um 122,9 m.kr., eða 0,9% milli ára. Þetta skiptist þannig að rekstrarútgjöld drógust saman um 172,8 m.kr., eða 1,3%, milli ára en framkvæmdaliðir hækkuðu um 295,7 m.kr. Þessi hækkun framkvæmdaliða endurspeglar framkvæmdir á VR-I, Læknagarði, Nýja-Garði og Aðalbyggingu. Ársverkum fjölgaði um 1,2% milli ára og voru þau 1.275,1 árið 2010. Laun á hvert ársverk jukust um 0,38% og fór launakostnaður alls úr 8.700,8 m.kr. í 8.836,5 m.kr.

Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlags- hækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni Háskóla Íslands aukist.

Framkvæmd kennslusamnings

Hinn 11. janúar 2007 var undirritaður samningur milli Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um framkvæmd kennslu og rannsókna. Samningurinn var til fimm ára, 2007 til 2011, en honum hefur nú verið frestað. Framlög skólans voru hækkuð um 300 m.kr. á fjárlögum 2007 og 640 m.kr. á fjárlögum 2008 í tengslum við samninginn. Í samningnum var gert ráð fyrir að rannsóknafamlög til skólans skyldu hækka um 640 m.kr. árlega á tímabilinu 2008–2011 og hefðu þá hækkað um tæpa þrjá milljarða í lok samningstímabilsins, árið 2011. Vegna efnahagsástands var framkvæmd samningsins frestað á árinu 2009 og því kemur ekki til þeirra viðbótarframlaga sem þar er getið. Í fjárveitingu til Háskóla Íslands 2009, 2010 og 2011 var þessi viðbót felld niður.

Háskóli Íslands hefur skilað af sér kennsluuppgjöri vegna ársins 2010 í samræmi við kennslusamning. Þar kom fram að á árinu 2010 var 13.981 nemandi skráður við háskólann. Virkni nemenda var að meðaltali 66,9% og virkir nemendur alls 9.353. Þar af voru 144 nemendur í MBA- og MPM-námi sem greiddu kennslukostnað að fullu og því utan kennslusamnings. Að viðbættum 33 nemendum frá Keili komu til uppgjörs samkvæmt kennslusamningi 9.242 virkir nemendur. Á fjárlögum ársins 2010 var gert ráð fyrir samtals 8.635 virkum nemendum. Virkir nemendur umfram fjárlög voru því 607.

Kennsla

Skráðum nemendum fjölgaði um 24 á árinu eða 0,2%. Bókfærð gjöld kennsludeilda námu 8.203,9 m.kr., sértekjur námu 2.113,8 m.kr. og fjárveiting 6.100,3 m.kr. Afgangur varð því af rekstri deilda. Tekjur vegna endurmenntunar og símenntunar drógust saman á árinu um 17,2% og voru 474,1 m.kr. samanborið við 572,8 m.kr. árið áður.

Rannsóknir

Styrkir til rannsókna á árinu 2010 jukust um 427 m.kr. frá 2009. Styrkir námu 2.272,1 m.kr. samanborið við 1.845,1,6 m.kr. árið áður. Tekjur af innlendum styrkjum jukust um 337,8 m.kr. og erlendir styrkir jukust um 89,3 m.kr. Styrkirnir eru að mestu til rannsókna en þó er hluti erlendu styrkjanna sérstaklega ætlaður til aukinna erlendra samskipta nemenda og kennara. Aðrar sértekjur af þjónustu og rannsóknum námu 899,3 m.kr. samanborið við 1.074,8 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrir fram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum og til skuldar í efnahag. Samtals nam þetta 267,8 m.kr. vegna 2008 og vegna 2009 var þessi upphæð kr. 1.062,4 m.kr. Þessi upphæð fyrir 2010 nam 1.470,6 m.kr. Nettóaukning milli ára er því 408,2 m.kr., sem skýrist af styrkjum sem aflað hafði verið og voru hærri en sýnt er í ársreikningi.

Sameiginleg stjórnsýsla og rekstur fasteigna

Jafnvægi var í rekstri sameiginlegrar stjórnsýslu á árinu 2010 þrátt fyrir aukin umsvif skólans. Rekstur fasteigna var rekinn með 56,2 m.kr. afgangi samanborið við 40,8 m.kr. afgang árið áður. Gripið hefur verið til margvíslegra hagræðingar- aðgerða í rekstri fasteigna sem skýra þennan afgang.

Framkvæmdafé

Framlög frá Happpdrætti Háskóla Íslands til viðhalds bygginga, framkvæmda og tækjakaupa námu 735 m.kr. árið 2010 samanborið við 280 m.kr. árið 2009. Til viðbótar við þær 600 m.kr. sem voru á fjárlögum voru tekjufærðar 135 m.kr. sem voru settar á bið árið 2009. Stærstu viðhaldsverkefni voru unnin við VR-I, Læknagarð og Aðalbyggingu.

Byggingar og tækjakaup

Fjárhæðir í þús.kr.	2010	2009
Aðalbygging	52.305	223
Askja	24	27.578
FS-húsið (Stapi)	88	60.512
Háskólatorg	10.177	68.763
Læknagarður	57.928	0
VR-I	364.670	10.020
Tækjakaup	57.536	37.609
Húsgögn og búnaður	29.997	15.876
Annað	51.488	84.246
SAMTALS	624.213	304.827

Ársreikningur Háskóla Íslands 2010

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur:	2010 þús.kr.	2009 þús.kr.	Breyting %
Fjárlög	8.976.400	9.088.100	-1,2%
Fjárukalög og fjárheimildir	187.142	250.603	-25,3%
Fjárveiting alls	9.163.542	9.338.703	-1,9%
Framlag Happprættis Háskóla Íslands	735.000	280.000	162,5%
Skrásetningargjöld	572.088	584.965	-2,2%
Endurmenntun, símenntun	474.080	572.778	-17,2%
Erlendar tekjur (styrkir)	962.788	873.529	10,2%
Innlendir styrkir	1.309.353	971.577	34,8%
Aðrar sértekjur	899.306	1.074.837	-16,3%
Sértekjur	4.952.615	4.357.687	13,7%
Rekstrartekjur alls	14.116.157	13.696.390	3,1%
Rekstrargjöld:			
Sameiginleg stjórnarsýsla	837.250	853.433	-1,9%
Félagsvísindasvið	1.577.127	1.553.052	1,6%
Heilbrigðisvísindasvið	1.950.015	1.894.909	2,9%
Hugvísindasvið	1.096.944	1.047.140	4,8%
Menntavísindasvið	1.495.473	1.631.672	-8,3%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.084.310	1.946.407	7,1%
Rannsóknastofnanir utan deilda	277.661	309.306	-10,2%
Þjónustustofnanir	1.354.019	1.557.517	-13,1%
Endurmenntunarstofnun	327.120	367.418	-11,0%
Sameiginlegur kostnaður deilda	864.674	898.281	-3,7%
Rekstur fasteigna	957.961	936.178	2,3%
Rekstur alls	12.822.556	12.995.313	-1,3%
Viðhald fasteigna	248.186	271.912	-8,7%
Tækjakaup	80.881	38.098	112,3%
Nýbyggingar	543.331	266.729	103,7%
Viðhald og nýbyggingar	872.399	576.739	51,3%
Útgjöld alls	13.694.955	13.572.052	0,9%
Rekstrarniðurstaða	421.202	124.338	
Fjármagnstekjur	-211.707	116.212	
Tekjuafgangur ársins	209.495	240.550	

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	2010 þús.kr.	2009 þús.kr.
Eignir		
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.211.554	1.330.539
Sjóðir og innlendar bankainnstæður	401.534	266.958
Skammtímakröfur	624.303	490.056
Hlutfé**	335.371	315.371
Eignir alls	2.572.762	2.402.924
Skuldir		
Langtímaskuldir	42.947	56.869
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	105.892	364.324
Skammtímaskuldir	1.538.846	1.306.150
Eigið fé	885.077	675.582
Skuldir alls	2.572.762	2.402.924

** Einkum Vísindagarðar ehf. og Keilir ehf.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun vinnur fyrir háskólaráð og á hún að bæta rekstur háskólans með því að aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum, meta árangur, bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun. Aðaláhersla innri endurskoðunar er því að kanna og meta hvort innra eftirlitið sé virkt svo að starfsemi háskólans sé í eðlilegum farvegi. Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem heyrir faglega undir háskólaráð og stjórnsýslulega undir rektor. Við innri endurskoðun starfar einn starfsmaður, Gunnlaugur H. Jónsson.

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk innri endurskoðunar eftirfarandi:

- Að aðstoða stjórnendur við að greina og meta áhættuþætti í rekstri háskólans.
- Að meta hvort innri stjórn tæki háskólans, upplýsingakerfi, vinnuferlar, skipulag og stjórnun séu árangursrík, hæfi markmiðum skólans og séu örugg.
- Að meta hvort reikningshald, uppgjör og ársreikningar séu í samræmi við innri og ytri lög og reglur.
- Að meta hvort rekstur háskólans stefni að sameiginlegu markmiði og enn fremur að háskólaráð og stjórnendur skólans fái réttar og nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvarðanir.
- Að ráðleggja um málefni er varða rekstur, fjármál og málefni er varða innri stjórnun og stýringu.
- Að leggja til breytingar sem geta bætt rekstur og stjórnun háskólans og breytt verklagi og stjórnkerfum til hins betra.
- Að gera ýmsar úttektir á starfsemi skólans í samráði við háskólaráð og rektor skólans.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins þarf að fylgja vottorð frá endurskoðanda um að fjárhagsleg uppgjör á rannsóknaverkefnum séu í samræmi við bókhald Háskóla Íslands og reglur sambandsins. Innri endurskoðun vottar reglulega uppgjör til Evrópusambandsins, svo og norrænu ráðherranefndarinnar, vegna verkefna sem unnin hafa verið innan skólans.

Í janúar 2010 skilaði innri endurskoðun úttekt á fjármálum, rekstri og starfsmannamálum námsbrautar í fornleifafræði, sem og tengslum hennar við aðila utan háskólans. Skýrslan var skrifuð á ensku og var hluti af alþjóðlegri úttekt á námsbrautinni. Innri endurskoðun lagði til:

- að reglulega yrði metið hvort réttlæt看legt væri að halda úti námsbrautum sem draga að sér takmarkaðan fjölda nemenda.
- að þeir kennarar sem starfa við Fornleifafræðistofnun Íslands verði að hluta í starfi við Háskóla Íslands og að hluta við Fornleifastofnun Íslands, líkt og kennari sem er að hluta í starfi við Háskóla Íslands og að hluta í starfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Nemendaskrárkerfið er eitt mikilvægasta upplýsingakerfi skólans. Innri endurskoðun hefur bent á að jafnframt sé mjög mikilvægt að það nýtist vel sem stjórn tæki. Þá muni aukin samvinna háskóla og væntanleg samnýting þeirra á nemendaskrárkerfi Háskóla Íslands leiða til þess að enn frekari kröfur verða gerðar til kerfisins. Bent hefur verið á nokkur atriði sem þarfnast úrbóta:

- að gefin verði út notendahandbók.
- að hugtök verði skilgreind nánar og samræmd alþjóðlegum venjum.
- að skerpt verði á hugtakinu nemandi, þannig að fjöldi nemenda sé í samræmi við tölur Hagstofu Íslands.
- að aðgreind verði hugtök/gagnabreytur sem varða skipulag háskóla en undir það falla fræðasvið, deildir og námsbrautir annars vegar og hins vegar hugtök sem varða fræðin, þ.e. námsgreinar, en undir námsgreinar falla námsleiðir og námskeið sem miða að tiltekinni prófgráðu.
- að háskólaráð, að fenginni tillögu kennslusviðs, skilgreini þær námsgreinar og þær prófgráður sem nám við skólann skuli falla undir.
- að allar námsleiðir skuli falla undir tiltekna námsgrein og ljúka með tiltekinni prófgráðu.
- að skráning nemenda verði ítarlegri en nú þannig að nemendur tilgreini við skráningu hvort þeir ætli að vera í fullu námi eða hlutanámi.
- að úrvinnsla á árangri nemenda taki mið af einstaklingum/kennitölum en ekki námsferlum sem eru mun fleiri en nemendurnir.
- að vegna aukinnar samvinnu og væntanlegrar samnýtingar háskóla á nemendaskrárkerfinu og aukinna nemendaskipta milli skóla verði allir ríkisháskólarnir í sama nemendaskrárkerfinu þannig að nemendur geti skráð

sig í einu kerfi í námskeið óháð skólum og kennarar skráð námsárangur nemenda óháð skólum.

- að númer námskeiða og námsleiða verði samræmd þannig að ekki séu í gangi gömul og ný númer samtímis.
- að námsleiðum verði fækkað með því að fella niður fámennustu námsleiðirnar.
- að skráðum námskeiðum verði fækkað með því að samræma námsframboð milli greina, sameina námskeið og fella niður námskeið sem hafa ekki verið kennd í nokkur ár eða laðað að sér fáa virka nemendur.

Háskólabíó var opnað á 50 ára afmæli Háskóla Íslands árið 1961. Lengi vel bar það sig fjárhagslega og naut þess að vera með stóran sal. Með breyttum aðstæðum var talið nauðsynlegt að bæta við fleiri sölum og var bætt við nýbyggingu með fjórum bíósölum sem teknir voru í notkun á árinu 1989. Reksturinn hefur ekki borið sig árum saman og hefur Háskóli Íslands þurft að styðja við reksturinn fjárhagslega. Reksturinn verður enn erfiðari eftir að Sinfóníuhljómsveitin flytur í Hörpu. Lagt er til að rekstri Háskólabíós verði hætt, efnahagsreikningur bíósins sameinaður efnahagsreikningi háskólans og byggingin rekin sem ein af byggingum háskólans.

Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknþjónustan sinna sameiginlega ýmsum verkefnum, þar á meðal úthlutun styrkja fyrir ESB. Innri endurskoðun leggur til að hugað verði að því að sameina innan Háskóla Íslands alla umsjón með úthlutun erlendra styrkja. Þá verði að tryggja að bókhald Háskóla Íslands gefi rétta mynd af stöðu allra verkefna sem sinnt er fyrir ESB, enda er það eina lögformlega kerfið til þess að halda utan um fjármál verkefna skólans. Þeir sem bera fjárhagslega ábyrgð á þessum verkefnum þurfa í samræmi við reglur ESB að tryggja að bókhaldið endurspegli rétta stöðu verkefna á hverjum tíma.

Innri endurskoðun vann með reikningshaldi og Ríkisendurskoðun að fjárhagslegu uppgjöri ársins 2010. Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu 2010. Heildarvelta nam 13.981 m.kr. og afgangur af rekstri var 74 m.kr. samanborið við 241 m.kr. afgang árið áður. Innri endurskoðun telur að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Háskóla Íslands á árinu 2010 en minnir á fyrri ábendingar um að ríkið viðurkenni formlega eignarhald skólans á tilteknum eignum, svo sem Vísindagörðum ehf., Herdísarvík og fleiri fasteignum sem skólanum hafa verið gefnar. Eigið fé í lok árs 2010 var 750 m.kr. og þar af voru 335 m.kr. bundnar í hlutafé, einkum í Vísindagörðum og Keili. Enn fremur er lagt til að komið verði á samræmdri skráningu á eignum skólans og aukin vinna verði lögð í að sinna innheimtu krafna og samræma viðskiptamannabókhald Háskóla Íslands viðskiptabókhaldi viðkomandi viðskiptamanna.

Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru rúmlega sextíu sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá sem ætlar þeim að úthluta styrkjum til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrtækið PWC og fyrir hönd þess þeir Gunnar T. Ásgeirsson og Kristinn Kristjánsson, löggiltir endurskoðendur. PWC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið í miðlægrri stjórnsýslu Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Styrktarsjóðanna er Helga Brá Árnadóttir, starfsmaður sviðsins. Þá hefur Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands, komið til liðs við Helgu Brá við fjármálaumsýslu sjóðanna.

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands var endurnýjuð á fundi háskólaráðs þann 2. desember 2010. Þar var samþykkt eftirfarandi skipun stjórnar Háskóla Íslands til 31. desember 2013, sbr. 82. gr. reglna 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Stjórnarmenn eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, hrl. og lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Þá situr Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna sem haldinn er í

upphafi hvers árs. Þá var samþykkt á fundi háskólaráðs þann 17. mars sl. að Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, taki varanlega sæti sem varamaður í stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands til næstu þriggja ára.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2010

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum. Enginn nýr styrktarsjóður var stofnaður undir umsjón Styrktarsjóðanna á árinu.

- Í janúar afhenti Jón Sigvaldason Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur gjafabréf að upphæð 100 þús.kr. Gjöfin er til minningar um eiginkonu hans, Mary Alberty Sigurjónsdóttur heilsuverndarhjúkrunarkonu. Sóley Bender, formaður sjóðsins, tók við gjöfinni en hún er jafnframt formaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.
- Í mars var úthlutað sjö styrkjum úr Eggertssjóði til nýdoptora við Háskóla Íslands. Styrkhafar voru Bergrún Anna Ólafsdóttir og Eyjólfur Magnússon, nýdoptorar frá Jarðvísindadeild, Brynhildur Thors, Lena Rós Ásmundsdóttir og Stefán R. Jónsson, nýdoptorar frá Læknadeild, og Valerie H. Maier og Ægir Þór Þórsson, nýdoptorar frá Líf- og umhverfivísindadeild.
- Í mars var Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar lagður niður að ósk Bents Schevings Thorsteinssonar og sameinaður Verðlaunasjóði Óskars Þórðarsonar læknis. Tilgangur beggja sjóðanna er að styðja við nemendur á sviði læknisfræði.
- Þá voru einnig veittir tveir aðrir styrkir úr Eggertssjóði á árinu, nánar tiltekið í apríl. Annars vegar var Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum veittur styrkur til tækjakaupa. Hins vegar var veittur styrkur til Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands til jöklarannsóknar, til þess að hanna og smíða endurbætta íssjá til mælinga á þykkt jökla.
- Í apríl var Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni veittur styrkur til þverfaglegar rannsóknar á einelti gagnvart börnum. Að rannsókninni koma fulltrúar Lagadeildar, Félagsráðgjafardeildar og frá Menntavísindasviði. Í nóvember var hluti af styrknum veittur MA-nemendum í þessum deildum til að taka þátt í rannsóknaverkefninu og skrifa meistararitgerð sem hluta af rannsókninni. Niðurstöðurnar verða samþættar og gefnar út á haustmánuðum árið 2011.
- Guðrún Þengilsdóttir og María Dolores Moya Ortega, doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, hlutu viðurkenningar úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala í apríl. Þetta er í sjötta sinn sem doktorsnemunum í lyfjafræði við Háskóla Íslands er veitt viðurkenning úr sjóðnum fyrir framúrskarandi rannsóknir í lyfjafræði.
- Í maí hlutu tveir nýnemar í vélaverkfræði námsstyrk Godtfreds Vestergaard og Elínar Brynjólfssdóttur. Nemendurnir eru Sóley Emilsdóttir og Ólöf Andrjesdóttir, báðar afburðanemendur sem stunda nám í vélaverkfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Um var að ræða peningagjöf sem velunnari Háskóla Íslands, Godtfred Vestergaard, afhendi rektor skólans á haustmánuðum árið 2009.
- Í maí var úthlutað í fyrsta skipti úr Heimsspekisjóði Brynjólfs Bjarnasonar en auglýst var eftir umsóknum á haustmánuðum árið 2009. Guðbjörg R. Jóhannsdóttir, doktorsnemi í heimspeki, hlaut styrkinn.
- Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur auglýsti eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í maí. Um er að ræða styrki til doktorsnema í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands.
- Úthlutað var úr Minningarsjóði dr. phil. Jóns Jóhannessonar í júní og rann styrkurinn að þessu sinni til Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur, meistaraneina í íslenskri málfræði. Auglýst var eftir styrkumsóknum í apríl.
- Í september hlaut Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði, styrk úr sjóði Selmu og Kays Langvads en tilgangur sjóðsins er að efla menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur. Guðmundur hefur sérhæft sig í tölfræðilegum rannsóknnum á umferðaröryggi og ferðavenjum, auk hagrannsóknar sem tengjast samgöngum. Hann hyggur á frekari rannsóknir í samstarfi við danska háskóla.
- Í október var, á degi Hjúkrunarfræðideildar, voru veittir þrjú styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræðum úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Styrkhafarnir voru Ingibjörg Hjaltadóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Ásta St. Thoroddsen, dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, og Anna Ólafía Sigurðardóttir, klínískur lektor og sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala. Heildarupphæð styrkjanna nemur einni m.kr. Þetta í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann var stofnaður við Háskóla Íslands í júní árið 2007.

- Í október var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands og er þetta í fyrsta skipti sem veitt er úr sjóðnum. Um er að ræða styrki til handa japönskum nemendum sem vilja stunda hluta af námi sínu á Íslandi eða íslenskum í Japan en tilgangur sjóðsins er að veita styrki til námsdvalar í þessum löndum, bæði nemendum í grunn- og framhaldsnámi, auk þess að stuðla að kennaraskiptum. Úthlutun fer fram á vormánuðum 2011.
- Á árinu voru veittir tveir styrkir úr Almanakssjóði. Í nóvember hlaut Íslenska stærðfræðafélagið styrk til að þróa frekar hugtakasafn félagsins. Stefnt er að því að þar megi finna skilgreiningar og útskýringar á öllum stærðfræðihugtökum sem íslenskir nemendur, foreldrar skólabarna og allur almenningur gæti haft ástæðu og áhuga á að forvitnast um. Í desember hlaut Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í eðlisfræði og vísindasögu, styrk úr Almanakssjóði til að vinna að útgáfu á bókinni Efni og eindir, ljós og skammtar, sem er þýðing á ritgerðum eftir Albert Einstein frá árinu 1905, ásamt inngangsorðum og öðru stoðefni fyrir almenna íslenska lesendur.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Þetta er í fyrsta skipti sem veitt er úr sjóðnum og er áætlað að úthlutað verði í apríl 2011.
- Í desember árið 2010 var Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands skipuð ný stjórn. Í stjórninni sitja Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs Landsbankans, Steinþór Pálsson bankastjóri og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands. Auglýst var eftir umsóknum um styrki í desember og er umsóknarfrestur til 15. janúar 2011. Fyrirhugað er að veita doktorsnemum við Háskóla Íslands u.þ.b. 15 styrki á vormánuðum. Sjóðurinn er ávaxtaður hjá Landsbanka Íslands og er ekki lengur hluti af sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Veittir voru 276 styrkir úr sjóðum Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu, 253 úr Sáttmálasjóði og 23 úr öðrum sjóðum. Eins og fram hefur komið var enginn styrkur veittur úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélagsins á árinu.

Í upphafi árs var fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands breytt þannig að hún endurspegli betur það ástand sem ríkir á fjármálamörkuðum. Í fjárfestingarstefnu sjóðanna er gert ráð fyrir 75% fjárfestingu í skuldabréfum, 2% í innlendum hlutabréfum og 23% í erlendum hlutabréfum.

Stjórn styrktarsjóðanna fól á árinu 2010 Guðjóni Ólafi Jónssyni hrl. að gæta réttar styrktarsjóðanna vegna þess tjóns sem varð við fall Landsbanka Íslands haustið 2008. Hefur hann sótt um greiðslu bóta f.h. styrktarsjóðanna úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda auk þess sem lýst hefur verið almennri kröfu styrktarsjóðanna við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. Ekki hefur fengist niðurstaða í þessum málum.

Hrein eign styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2010 nam 2.220.807.653 kr. og voru tekjur umfram gjöld á árinu kr. 99.002.580. Hrein eign styrktarsjóðanna jókst á árinu úr kr. 2.201,5 m.kr. í 2.220,8 m.kr. Rúmlega 1.400 m.kr. verðbréfaeign styrktarsjóðanna var í fjárvörslu og eignastýringu hjá Íslandsbanka. Íslandsbanki náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 7% raunávöxtun. Raunávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um tæp 7,3% frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2010 eru þessar:

- Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2010 var 99 m.kr. samanborið við 68,5 m.kr. hagnað árið 2009. Lítið var um fjárfestingarkosti á árinu og voru innlán og ríkistryggð verðbréf meginuppistaðan í safninu.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2010, samkvæmt reikningsskilunum, nam 2.261.076.694 kr.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna, sem var í umsjón Íslandsbanka, var jákvæð um 9,85%. Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 8,52%.

Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	2010	Hrein eign 2009
Almanakssjóður	92.263.607	85.578.076
Canada Trust – gjöf		
Columbia-sjóður	13.838.189	12.709.029
Det Danske Selskabs Studentterlegat	470.122	432.346
Eggertssjóður	106.108.053	106.693.324
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse	1.259.116	1.427.558
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns	275.939	253.766
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs	85.566.039	78.690.685
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar	5.480.691	5.040.310
Gjöf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðasal HÍ	4.057.322	3.731.310
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar	617.897	568.248
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen	3.376.424	3.105.125
Háskólasjóður	177.152.195	166.228.733
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ	22.351.113	20.555.169
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur	521.648	480.471
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	3.031.493	2.997.975
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur	8.332.120	7.662.624
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr	306.224.742	309.181.973
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	3.624.570	3.333.330
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar	58.984.729	54.245.221
Minningarsjóður Bjargar og Magnúsar	29.725.943	27.337.420
Minningarsj. dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	2.460.367	2.527.987
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar	18.371.681	16.895.490
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	927.962	852.428
Minningarsjóður John McKenna Pearson	15.806.518	14.536.442
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	2.502.920	2.301.807
Minningarsjóður norskra stúdenta	1.841.464	1.693.501
Minningarsjóður Theódórs Johnson	18.827.233	17.314.439
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	1.812.722	1.680.690
Minningarsj. Þórunnar og Davíðs Sch. Thorsteinssonar	0	2.281.594
Norðmannsgjöf	24.405.188	22.444.195
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	10.372.891	10.233.128
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	7.716.906	7.108.628
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	550.226.653	508.939.112
Selma og Kay Langvads Legat	49.936.494	56.359.890
Sjóðasafn Háskóla Íslands	28.309.023	26.042.806
Sjóður Árna Magnússonar	14.198.527	13.057.656
Sjóður Nielsar Dungals prófessors	5.086.484	4.677.778
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	15.220.914	14.660.605
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	17.816.730	16.317.072
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	14.232.200	13.094.343
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	1.815.980	1.670.064
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	2.454.307	2.257.098
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	1.037.701	954.320
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	12.675.401	11.656.915
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	19.566.999	20.167.724
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur	10.039.112	9.232.455
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	21.239.549	19.532.660
Styrktarsj. Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	21.776.070	24.082.508
Sögusjóður stúdenta	1.702.432	1.565.640
Tækjasjóður Verkfræðideildar – Landmælingar	1.735.876	1.596.396
Verðlaunasjóður Alfreds Benson	2.448.424	2.251.689
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	17.570.588	17.197.779
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	22.462.211	18.375.746
Þórsteinsjóður	33.203.039	29.943.965
Watanabe-styrktarsjóðurinn	354.917.736	381.211.298
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða	(27.172.366)	(19.883.828)
	2.220.807.889	2.165.084.714

Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2009 og 2010

	2010	2009
Almanakssjóður	750.000	2.140.000
Eggertssjóður	9.450.000	0
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	200.000	0
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	200.000	0
Minningarsjóður Porvalds Finnbogasonar stúdents.	200.000	0
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	1.000.000	750.000
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	53.640.927	49.528.764
Selma og Kay Langvads Legat	1.419.250	3.362.170
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	700.000	385.000
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	0	387.774
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar	2.200.000	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	0	105.000
Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	4.187.499	678.808
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala	1.050.000	0
Þórsteinssjóður	0	500.000
	74.997.676	57.837.516

Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2010

	2010	2009
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur.	11.406.070	18.743.824
Verðhækkun (lækkun) verðbréfa	91.517.825	103.162.335
Fjármagnstekjuskattur	(8.893.484)	(10.926.693)
	94.030.411	110.979.466
Rekstrartekjur		
Framlög	56.085.890	48.930.000
Aðrar tekjur	56.807.969	21.042.725
	112.893.859	69.972.725
Rekstrargjöld		
Veittir styrkir	74.997.676	57.837.516
Annar rekstrarkostnaður	32.923.778	54.600.694
Verðlækkun verðbréfa	0	0
	107.921.454	112.438.210
Tekjur umfram gjöld	99.002.816	68.513.981

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2010

	2010	2009
Eignir		
Fasteign	173.700.000	185.800.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	1.142.978.510	778.873.643
Aðrar eignir	539.079.246	499.261.431
Innstæður á bankareikningum	405.319.174	737.564.986
	<u>2.261.076.930</u>	<u>2.201.500.060</u>
Eignir samtals	2.261.076.930	2.201.500.060
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	2.165.084.714	1.702.552.662
Stofnfé Watanabe-styrktarsjóðsins	0	278.040.000
Stofnfé Minningarsjóðs Bjargar og Magnúsar	0	25.000.000
Aðrar breytingar	86.902.816	62.763.981
Þýðingarmunur	(31.179.641)	96.728.071
	<u>2.220.807.889</u>	<u>2.165.084.714</u>
Skuldir		
Fjármagnstekjusk. skuldbinding vegna verðbréfasjóða		
	27.172.366	19.883.828
Skammtímaskuldir	13.096.675	16.531.518
	<u>40.269.041</u>	<u>36.415.346</u>
Eigið fé og skuldir samtals	2.261.076.930	2.201.500.060



Fræðasvið

Félagsvísindasvið

Almennt yfirlit, stjórn, stefna og helstu þættir í starfseminni 2010

Félagsvísindasvið varð til við stjórnsýslubreytingar og innleiðingu nýs skipulags og stjórnkerfis Háskóla Íslands í kjölfar sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þann 1. júlí 2008. Þrjár deildir í eldra skipulagi, félagsvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild, tilheyra hinu nýja sviði og mynda nú sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórnmálafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor var forseti Félagsvísindasviðs á árinu. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta. Þeir voru árið 2010: Björg Thorarensen var forseti Lagadeildar til 1. júlí en þá tók Róbert R. Spanó við starfinu, Guðný Björk Eydal var forseti Félagsráðgjafardeildar, Jónína Einarisdóttir var forseti Félags- og mannvísindadeildar til 1. júlí en þá tók Guðbjörg Linda Rafnsdóttir við starfinu, Gunnar Helgi Kristinsson gegndi starfi forseta Stjórnmálafræðideildar til 10. maí og Þorgerður Einarisdóttir tók við starfinu þann 12. maí, Þórólfur Matthíasson var forseti Hagfræðideildar og Ingjaldur Hannibalsson var forseti Viðskiptafræðideildar. Rútur Örn Birgisson var fulltrúi nemenda til 1. október en þá tók Þóra Flygenring Sigurðardóttir við því starfi.


Forseti hélt tvo upplýsingafundi á árinu, þann fyrri 4. júní og hinn síðari 17. september. Á fundunum var gerð grein fyrir stöðu mála og hvað væri fram undan á vettvangi sviðs og deilda.

Starfsfólk

Félagsvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	86	77
Karlar	90	78
Samtals	176	155

Fjöldi starfsmanna eftir starfsheimum



Stoðþjónusta og stjórnarsýsla

Stjórnarsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Félagsvísindasvið	2	6	8
Félagsráðgjafardeild	0	3	3
Lagadeild	0	3	3
Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild	0	6	6
Stjórnmálafræðideild	0	2	2
Félags- og mannvísindadeild	0	5	5
	Einstaklingar		27
	Starfsígildi		24,5

Í apríl framkvæmdi Capacent vinnustaðagreiningu með netkönnun hjá starfsfólki stjórnarsýslu og þjónustu á Félagsvísindasviði. Markmiðið með könnuninni var að safna þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru í umbótastarfi sviðsins. Þann 22. júní var haldinn kynningar- og vinnufundur um greininguna með starfsfólki stjórnarsýslu, forseta sviðs og deildarforsetum. Að kynningu lokinni var unnið í þremur hópum að tillögum að úrbótum og aðgerðaáætlun m.t.t. til niðurstaðna í skýrslunni og lauk þeirri vinnu með kynningu á niðurstöðum hópavinnunnar.

Þann sama dag var einnig stofnað starfsmannafélag á sviðinu og skipa stjórn þess Aðalbjörg Lúthersdóttir, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Laufey Sigurðardóttir, Pia Hansson og Stella Vestmann (formaður).

Þá var haldinn starfsdagur 26. nóvember. Unnið var í hópum að verklagsreglum og umbótatillögum í ýmsum málaflokkum sviðs og deilda. Einnig voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum.

Breytingar á starfsliði stjórnarsýslu urðu nokkrar á árinu. Guðni Geir Jónsson var ráðinn fjármálastjóri frá 30. mars í stað Halldórs Zoëga sem lét af störfum að eigin ósk. Ásdís Ýr Arnardóttir lét af starfi deildarstjóra Félagsráðgjafardeildar að eigin ósk og tók við starfi verkefnisstjóra kennslumála í Félagsráðgjafardeild í 50% starfi í september. Stella Vestmann, verkefnastjóri á skrifstofu Lagadeildar, lét af störfum sem verkefnisstjóri og tók við starfi deildarstjóra Félagsráðgjafardeildar frá sama tíma og í hennar stað var Sigrún á Heygum Magnúsdóttir ráðin. Kolbrún Hanna Jónasdóttir var ráðin í starf fulltrúa á skrifstofu Félagsráðgjafardeildar frá 15. nóvember. Anna Lilja Þórisdóttir, verkefnisstjóri í 50% starfi á skrifstofu Félags- og mannvísindadeildar, lét af störfum að eigin ósk þann 1. júní og við starfi hennar tók Anna Margrét Eggertsdóttir sem einnig er í 50% starfi á skrifstofu Stjórnmálafræðideildar. Sigurbjörg Elfa Bergsteinsdóttir, starfsmaður Þjónustuborðs í Gimli, lét af störfum og við starfi hennar tók Guðfinna Inga Sverrisdóttir frá og með 25. ágúst.

Gerður var samningur við Félagsvísindastofnun um aðstoð við gerð umsókna og vöktun á styrkjum fyrir kennara sviðsins.

Settur var á stofn aðstoðarmannasjóður fyrir kennara sviðsins og fengu allir umsækjendur úthlutað úr honum. Stærsti hluti umsækjenda sótti um úthlutun vegna rannsókna.

Stofnanir

Alþjóðamálastofnun voru settar nýjar reglur og heyrir hún nú undir Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið en er staðsett á Félagsvísindasviði. Stjórn er skipuð sjö mönnum og tilnefnir Félagsvísindasvið tvo. Sviðið skipaði þau Alyson Bailes aðjunkt og Baldur Þórhallsson prófessor í stjórn fyrir sína hönd.

Samþykktar voru breytingar á reglum Lagastofnunar, Hagfræðistofnunar og Viðskiptafræðistofnunar. Þessar breytingar voru fyrst og fremst formbreytingar komnar til vegna skipulagsbreytinga og breytinga á lögum og reglum um Háskóla Íslands.

Nefndir

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var skipuð í stjórn Stofnun Sæmundar fráða fyrir hönd sviðsins. Daði Már Kristófersson, dósent í Hagfræðideild, átti sæti í starfshópi háskólaráðs um aukna samkennslu. Hann og Guðbjörg

Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, áttu sæti í starfshópi háskólaráðs um stefnu Háskóla Íslands.

Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent í Viðskiptafræðideild, átti sæti í kennslumálanefnd Háskóla Íslands. Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði, átti sæti í gæðanefnd Háskóla Íslands.

Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, var skipuð fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.

Eftirtaldir voru skipaðir í dóm- og framgangsnefnd sviðsins: Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, Helgi Gunnlaugsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild.

Afmælisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð Sif Sigfúsdóttur, fulltrúa Viðskiptafræðideildar (formaður), Tinnu Ásgeirsdóttur, fulltrúa Hagfræðideildar, Margréti S. Björnsdóttur, fulltrúa Stjórn málafræðideildar, Sigrúnu Júlíusdóttur, fulltrúa Félagsráðgjafardeildar, Helga Gunnlaugssyni, fulltrúa Félags- og mannvísindadeildar, og Maríu Thejll, fulltrúa Lagadeildar.

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Þorgerði Einarsdóttur, fulltrúa Stjórn málafræðideildar (formaður), Ársæli Valfells, fulltrúa Viðskiptafræðideildar, Hervöru Ólmu Árnadóttur, fulltrúa Félagsráðgjafardeildar, Ingólfi V. Gíslasyni, fulltrúa Félags- og mannvísindadeildar, Maríu Thejll, fulltrúa Lagadeildar, og Helga Tómassyni, fulltrúa Hagfræðideildar. Fulltrúi nemenda hafði ekki verið skipaður í árslok.

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Þórhalli Guðlaugssyni, fulltrúa Viðskiptafræðideildar (formaður), Péttri Leifssyni, fulltrúa Lagadeildar, Anni G. Haugen, fulltrúa Félagsráðgjafardeildar, Alyson Bailes, fulltrúa Stjórn málafræðideildar, Sif Einarsdóttur, fulltrúa Félags- og mannvísindadeildar, Helga Tómassyni, fulltrúa Hagfræðideildar. Fulltrúi nemenda var Snæfríður Ólafsdóttir.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Jónínu Einarsdóttur, fulltrúa Félags- og mannvísindadeildar, Steinunni Hrafnadóttur, fulltrúa Félagsráðgjafardeildar, Tor Einarsyni, fulltrúa Hagfræðideildar, Aðalheiði Jóhannsdóttur, fulltrúa Lagadeildar, Baldri Þórhallssyni, fulltrúa Stjórn málafræðideildar, Snjólfí Ólafssyni, fulltrúa Viðskiptafræðideildar. Fulltrúi nemenda var Sif Jónsdóttir.

Kjörtímabil kjörinna fulltrúa sviðsins á Háskólaþingi rann út 30. júní og voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir frá 1. júlí 2010 – 30. júní 2012: Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Helgi Tómasson, dósent í Hagfræðideild, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í Stjórn málafræðideild, Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í Félagsráðgjafardeild.

Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á Háskólaþingi ásamt forsetum deilda.

Húsnæðismál

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Lagadeild hefur aðsetur í Lögbergi. Viðskiptafræðideild í Gimli, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild og Stjórn málafræðideild í Odda, en kennarar Félags- og mannvísindadeildar eru bæði í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuástaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaranema og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur, þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.

Fjármál Félagsvísindasviðs*

Fjárveiting	1.242.574
Sértekjur	97.277
Tekjur alls	1.339.851

Útgjöld	1.270.945
Tekjuafgangur	68.906

Ársverk	154,7
Skráðir nemendur	4.554**
Virkir nemendur	2.824
Nemendur/ársverk	29,4
Virkni nemenda	62,0%

* Upphæðir eru í þús. kr.

** Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætta að taka nemendur í leyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Markaðs- og kynningarmál

Félagsvísindasvið skipulagði móttöku nýnema á grunn- og framhaldsstigi í samráði við deildir sviðsins í upphafi beggja missera. Þá skipulagði sviðið námskynningu á grunnnámi þann 20. febrúar og kynningu á framhaldsnámi þann 5. mars, í samráði við deildir. Gefið var út fréttabréf sviðsins.

Ráðstefnur

Ráðstefnan Þjóðarspejillinn, tíunda félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands, var haldin þann 29. október. Markmið ráðstefnunnar var að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi. Gefið var út rafrænt ráðstefnurit með öllum erindum sem flutt voru á ráðstefnunni. Slóð á ritið er á heimasíðu Félagsvísindasviðs.

Félags- og mannvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2010: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, þjóðfræði og safnafræði. Bláða- og fréttamennska er einnig námsgrein innan Félags- og mannvísindadeildar. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta. Á síðasta ári var Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, deildarforseti fyrri hluta ársins og frá 1. júlí var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, deildarforseti. Guðbjörg Linda var varadeildarforseti fyrri hluta ársins og Jónína Einarsdóttir gegndi því embætti seinni hluta ársins.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu Jónína Einarsdóttir (formaður) en hún er einnig formaður vísindanefndar fræðasviðsins, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði, Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði, Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í bókasafns- og upplýsingafræði, og Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf.

Fulltrúi deildar í kennslunefnd fræðasviðsins er Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf. Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði, er fulltrúi Félagsvísindasviðs í gæðanefnd Háskóla Íslands.

Fulltrúi deildar í jafnréttisnefnd fræðasviðsins er Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði. Hann tók um mitt ár við af Ingólfi V. Gíslasyni, dósent í félagsfræði.

Alþjóðleg ráðstefna var haldin á vegum deildarinnar í lok maí 2010 sem hafði yfirskriftina „After the Gold Rush: Economic Crisis and Consequences“ og fjallaði um ýmsar hliðar efnahagskreppunnar frá sjónarhorni félagsvísindanna. Aðalfyrirlesarar voru Karin Ho, lektor í mannfræði við háskólann í Minnesota, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, og Fantu Cheru, prófessor í mannfræði við Uppsalaháskóla. Fjölmarginir erlendir fræðimenn héldu fyrirlestra á ráðstefnunni, sem þótti heppnast mjög vel.

Á vegum deildarinnar voru haldnir þrjú prófessorsfyrirlestrar vegna framgangs kennara í prófessorsstöður.

Á árinu 2010 voru 40 ár liðin frá upphafi kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands og var þess minnst með veglegum hætti þann 2. desember 2010. Árið 1976 urðu þær greinar sem um var að ræða – félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði – hluti af Félagsvísindadeild sem þá var stofnuð. Jafnframt var þess minnst að 25 ár voru liðin frá því að kennsla í þjóðfræði hófst, 20 ár frá upphafi kennslu í náms- og starfsráðgjöf og Félagsvísindastofnun var sett á stofn fyrir 25 árum.

Á afmælishátíðinni var litið yfir farinn veg og hugað að stöðu félagsvísinda í samtímanum, m.a. hugsanlegum hliðstæðum hrunsins sem nú skekur samfélagið og „68 uppreisnarinna“. Spurt var hvað félagsvísindi hefðu lagt af mörkum, hversu vel hefði tekist og hvert væri hlutverk þessara fræða í dag.

Dagskrá afmælishátíðarinnar var fjölbreytt og þótti takast vel í alla staði.

Starfsfólk

Í lok ársins 2010 voru fastráðnir kennarar 26, sem skiptust þannig: 16 prófessorar, 4 dósentar, 4 lektorar og 2 aðjuntar sem hvor um sig er í 49% starfi. Í hópi fastráðinna kennara voru 15 konur og 11 karlar. Auk fastráðinna kennara kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina, auk rannsóknadósentis og gestaprófessors.

Breytingar á starfslíði fastráðinna kennara á árinu voru þær að Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf, fékk framgang í starf prófessors.

Tveir nýir kennarar komu til starfa í Félags- og mannvísindadeild árið 2010: Aðalheiður Guðmundsdóttir og Kristín Einarsdóttir, aðjuntar í þjóðfræði.

Fjórir verkefnisstjórar, auk deildarstjóra, starfa á skrifstofu deildarinnar í samtals 4,25 stöðugildum.

Félags- og mannvísindadeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	5	4,75
karlar	0	0
Samtals	5	4,75
Aðjuntar		
konur	2	0,98
karlar	0	0
Lektorar		
konur	2	2
karlar	2	2
Dósentar		
konur	2	2
karlar	2	2
Prófessorar		
konur	2	2
karlar	7	7
Samtals	25	23,98
Annað rannsóknafólk í deildinni		
konur	8	7,25
karlar	16	13,02
Samtals	24	20,27

Nám og kennsla

Grunnnám

Í námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunn-nám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs eru kenndar eftirfarandi námsgreinar: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt er að taka 120 e í aðalgrein og 60e í aukagrein innan og utan deildar. Auk framan-greindra námsgreina má nefna aukagreinar svo sem atvinnulífsfræði, fjölmiðla-fræði og safnafræði.

Framhaldsnám

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, rannsóknatengt og starfsmiðað. Boðið er upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: fötlunarfræði, þróunarfræði og safnafræði, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði og mannfræði með margvíslegum áherslulínum. Meistaránám getur bæði verið skipulagt sem einstaklingsmiðað og/eða með námskeiðum. Boðið er upp á meistaranám (120 e) í blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, þjóðfræði, hagnýtri þjóðfræði og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar nema blaða- og fréttamennsku. Í lok ársins 2010 voru 54 doktorsnemendur við nám í deildinni.

Nýjar námsleiðir

Boðið var upp á nýtt diplómanám í fötlunarfræði með áherslu á opinbera stjórnsýslu í samstarfi við Stjórn málafræðideild. Enn fremur var boðið upp á nýtt meistaranám í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræðum en það nám tengist námsbraut í mannfræði.

Fjarnám

Boðið er upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, þróunarfræði, þjóðfræði og safnafræði má taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir bjóða einstök námskeið í fjarnámi.

Í lok ársins stunduðu u.þ.b. 1.140 nemendur nám í námsbrautum deildarinnar.

Rannsóknir

Kennarar við deildina reka öflugt rannsóknastarf, bæði í einyrkjastarfi og í samstarfi við aðra aðila, innlenda sem erlenda. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa hlotið styrki, bæði erlenda og innlenda.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir rannsóknasetur/-stofur sem heyra undir Félagsvísindastofnun. Félags- og mannvísindadeild er ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun, sjá <http://www.fel.hi.is>.

Kynningarmál

Deildin gaf út nýjan námsbækling fyrir námsbraut í náms- og starfsráðgjöf. Deildin tók þátt í árlegum námskynningum Háskóla Íslands í febrúar og mars ásamt öðrum deildum fræðasviðsins. Unnið var markvisst að endurskoðun og uppfærslu heimasíðu deildarinnar.

Alþjóðasamskipti

Nemendur í námsbrautum deildarinnar sýndu skiptinámi erlendis mikinn áhuga og fóru 19 nemendur í skiptinám í margvíslegum námsgreinum.

Á hverju ári koma erlendir gestakennarar í heimsókn til námsbrauta deildarinnar og var árið 2010 engin undantekning. Námsbrautir í þjóðfræði og mannfræði fengu gestakennara til að kenna í einstökum námskeiðum hjá sér. Deildin tók einnig á móti fjórum erlendum doktorsnemum á síðasta ári til náms og rannsókna.

Námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði

Helstu rannsóknarvið eru m.a. upplýsingahegðun, upplýsingalæsi, miðlun upplýsinga og þekkingar, upplýsingafræði og heilsuefling, upplýsingaöflun, rafræn miðlun og öflun upplýsinga, hindranir við upplýsingahegðun, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við eldri borgara, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkennningar.

Kennarar taka þátt í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum og má nefna m.a. samstarfsnet um doktorsnám í bókasafns- og upplýsingafræði meðal háskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum (NORSLIS – Nordic Research School in Information Studies).

Í tengslum við námsleiðina upplýsinga- og upplýsingastjórn var haldið málþing sem hafði yfirskriftina „Láttu þitt ekki eftir liggja“. Málþingið var um rekjanleika og gegnsæi í stjórnsýslu og rekstri fyrirtækja í kjölfar skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Samstarfsaðilar voru Gagnavarslan, Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Félag um skjalastjórn.

Námsbraut í félagsfræði

Helstu rannsóknasvið eru m.a. atvinnulífsfræði, afbrotufræði, birtingarmyndir valds, frávikshegðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafræði, lífskjör og lífhættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnu- markaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar.

Kennarar taka þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum. Meðal erlendra verkefna má nefna norræna rannsókn þar sem verið er að kanna afstöðu almennings og dómara til refsinga við afbrotum. Norræna sakfræðiráðið hefur veitt stóran rannsóknastyrk til þessa verkefnis. Þá hefur norræna ráðherranefndin styrkt samanburðarathugin á fæðingarorlofi, kynjajafnrétti og líðan barna á Norðurlöndum. Ráðherranefndin hefur einnig styrkt samanburðarrannsókn sem ber heitið „Kyn og völd“ og norræna embættismannanefndin um jafnrétti hefur styrkt rannsókn á stöðu kvenna og þróun velferðar í vestnorrænu löndunum. Einnig má nefna norrænt verkefni um endurmat á norrænu velferðarríkjunum (www.reassess.no) og evrópsk verkefni um samfélagsþátttöku og lífskjör.

California State University í San Marcos í Kaliforníu er í samstarfi við kennara félagsfræðinnar um verkefni sem lýtur að samfélagsáhrifum álversframkvæmda á Austurlandi og nokkrir evrópskir háskólar eru í samstarfi um rannsókn á kynbundinni stöðu æstu stjórnenda og akademískra starfsmanna.

Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið eru m.a. þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, kenningasmíð um fötlun, kyn og fötlun, börn og ungmenni og fötlun, mannréttindi, sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð, fjölmening, fjölskyldur og fötlun og velferð og fötlun.

Af sérstökum innlendum rannsóknaverkefnum má annars vegar nefna verkefnið Fátækt og félagslegar aðstæður sem unnið var í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands og hins vegar verkefnið Jafnrétti til náms: Fatlaðir nemendur við Háskóla Íslands en það verkefni var unnið í samvinnu við Lagadeild og styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannsóknasetri í fötlunarfræðum og Vinnuálastofnun.

Af sérstökum erlendum rannsóknaverkefnum má m.a. nefna samstarf við Manchester Metropolitan University vegna skipulagningar á ráðstefnunni „Theorising Normalcy and the Mundane“ sem haldin var í maí 2010. Evrópuverkefnið „Fundamental Rights of People with Intellectual Disabilities and Mental Health Problems“ sem er fjármagnað af Fundamental Rights Agency of the European Union, norrænt öndvegissetur um velferðarrannsóknir sem er fjármagnað af NordForsk og Evrópuverkefnið „ANED, A Network of European Disability Experts“ sem er fjármagnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Námsbrautin stóð fyrir veglegri ráðstefnu í samvinnu við Félag um fötlunarrannsóknir þar sem yfirskriftin var „Mannréttindi og sjálfstætt líf“. Námsbrautin skipulagði enn fremur tvö málþing. Annars vegar var um að ræða málþing í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands sem hafði yfirskriftina „Málefni fatlaðs fólks á tímamótum“ og hins vegar málþing um jafnrétti til náms sem var í samvinnu við Ráð um málefni fatlaðra, jafnréttisnefnd, þar sem yfirskriftin var „Réttur til náms: réttur og raunveruleiki fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands.“

Í júní 2010 undirritaði námsbraut í fötlunarfræði samstarfssamning við Öryrkjabandalag Íslands um kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræða. Námsbraut í fötlunarfræði og Rannsóknasetur í fötlunarfræði fengu tveggja ára styrk frá Öryrkjabandalaginu í tengslum við þennan samstarfssamning.

Námsbraut í mannfræði

Helstu rannsóknasvið eru fjölmeningarlegt samfélag, alþjóðleg þróunarmál, hreyfanleiki, börn, erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni, áhrif loftslagsbreytinga, hnattvæðing, fjölskyldutengsl, skynjun, vistfræðileg mannfræði, inúítar, innflytjendur, sjávarbyggðir, hirðingjar, frumbyggjar, listsköpun og heilsa. Rannsóknirnar snúa að íslenskum samtíma og sögulegri fortíð og hafa verið unnar í Afríku, á norðurslóðum og í Eyjaálfu.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum.

Námsbraut í mannfræði í samvinnu við Mannfræðistofnun stóð fyrir málþingi sem hafði yfirskriftina „Vettvangsrannsóknir í hnattrænum heimi“ sem haldin var í tilefni af útgáfu bókarinnar „Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsókna“. Kennarar í námsbrautinni eru í víðtæku alþjóðlegu rannsóknasamstarfi, jafnt sem innlendu, og má þar nefna m.a. samstarfsverkefni við Roskilde-háskóla. „The Nordic Colonial Mind“. Ráðstefna sem tengist þessu samstarfsverkefni var haldin á Íslandi í maí 2010 og fékk yfirskriftina „Nordic Colonial Legacy and Contemporary Immigration“.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

Helstu rannsóknasvið eru rannsóknaverkefni sem snúa að starfsáhuga og persónuleikaþróun, viðhorfum Íslendinga til sálfræðilegrar ráðgjafar, námsferli og námshæfni ungmenna, brotthvarfi frá námi, mati á náms- og starfsráðgjöf við fullorðna, stefnumótun og þróun mælitækis um aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Af erlendum samstarfsverkefnum má nefna nýtt stórt norrænt rannsóknaverkefni sem hefur yfirskriftina „Voice of Users, Promoting Quality of Guidance for Adults in the Nordic Countries“ en verkefnið fór af stað í byrjun ársins. Verkefninu er stýrt af námsbrautinni ásamt starfsfólki á Sérfræðisetri ævilangrar náms- og starfsráðgjafar. Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er starfrækt í nánnum tengslum við námsbrautina. Setrið fékk styrk frá norrænu ráðherranefndinni vegna verkefnisins hér að framan.

Í tilefni af 20 ára afmæli námsbrautarinnar var haldinn einn fyrirlestur á haustmisseri 2010. Yfirskrift hans var „Þetta er í góðu lagi hjá okkur, en almennt er þessu ábótavant“: Náms- og starfsráðgjöf í ríki Noregskonungs.

Námsbraut í þjóðfræði/safnafræði

Helstu rannsóknasvið eru hversdagsmenning, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólítík, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Kennarar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Helst má þar nefna stórt evrópskt samstarfsverkefni sem ber heitið „Copyrighting Creativity: Creative Values, Cultural Heritage Institutions and Systems of Intellectual Property“. Samstarfsverkefnið er til þriggja ára og stutt af HERA, rannsóknasjóði evrópska rannsóknaráðsins. Sá hluti verkefnisins sem námsbrautin ber ábyrgð á snýr að sambandi höfundarréttar og höfundarleysis, þ.m.t. að eignarhaldi á alþýðuhefðum, þjóðlögum og hefðbundinni þekkingu en Rannís styrkir framhaldsnemendur sem tengjast þessu verkefni.

Námsbrautin stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu sem hafði yfirskriftina „Gods and Goddesses on the Edge: Myth and Liminality: An Interdisciplinary Conference on Nordic Mythology“ í nóvember 2010. Fjölmargir erlendir fræðimenn tóku þátt í ráðstefnunni.

Þrjú opinir meistarafyrirlestur voru haldnir á vegum námsbrautarinnar árið 2010 auk frumsýninga á þáttaröð um rannsóknir í þjóðfræði sem nemendur stóðu að í tengslum við lokaverkefni sín.



Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
MA-próf í blaða- og fréttamennsku	4	9	13
MA-próf í félagsfræði	1	6	7
MA-próf í fötlunarfræði	1	4	5
MA-próf í mannfræði	0	5	5
MA-próf í náms- og starfsráðgjöf	0	13	13
MA-próf í umhverfis- og auðlindafræði (bókasafns- og upplýsingafræði)	0	1	1
MA-próf í umhverfis- og auðlindafræði (mannfræði)	0	1	1
MA-próf í þjóðfræði	4	0	4
MA-próf í þróunarfræði	0	3	3
MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði	2	5	7
MPH-próf í lýðheilsuvísindum	0	1	1
Diplómanám í afbrotufræði	1	3	4
Diplómanám í fjölmiðlafræði	2	0	2
Diplómanám í fötlunarfræði	1	6	7
Diplómanám í náms- og starfsráðgjöf	0	45	45
Diplómanám í rannsóknaraðferðum félagsvísinda	0	2	2
Diplómanám í safnafræði	1	5	6
Diplómanám í upplýsingafræði og þekkingarmiðlun	0	1	1
Diplómanám í upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum	0	1	1
Diplómanám í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagsheildum	0	1	1
Diplómanám í þróunarfræði	1	2	3
BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði	1	13	14
BA-próf í félagsfræði	5	20	25
BA-próf í mannfræði	5	20	25
BA-próf í þjóðfræði	0	13	13
Samtals	29	180	209

Félagsráðgjafardeild

Almennt yfirlit og stjórn

Félagsráðgjafardeild er á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Skrifstofa deildarinnar er til húsa í Gimli og skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og er staðsett á Félagsvísindastofnun. Deildin var einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans en stofnfundur þess var í nóvember. Deildin er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal gegndi starfi deildarforseta á árinu og Steinunn Hrafnadóttir starfi varadeildarforseta. Ásdís Ýr Arnardóttir gegndi starfi deildarstjóra til 31. ágúst en Stella Vestmann tók við starfinu 1. september.

Félagsráðgjafardeild á fulltrúa í eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands, sérfræðinefnd, sbr. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999, og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf, sbr. reglugerð nr. 555/1999.

Starfsfólk

Við lok ársins 2010 störfuðu við deildina 14 starfsmenn í 10,7 stöðugildum, 13 konur og 1 karl, en stöðurnar skiptust þannig: 2 prófessorar, 3 dósentar, 4 lektorar, 2 aðjuntar, 1 deildarstjóri, 1 verkefnisstjóri og 1 fulltrúi.

Breytingar á starfsmannahaldi árið 2010 voru þessar: Guðný Björk Eydal hlaut framgang í starf prófessors, Freydis Jóna Freysteinsdóttir hlaut framgang í starf dósents og Sigurveig H. Sigurðardóttir hlaut framgang í starf dósents.

Hrefna Ólafsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir voru ráðnar í stöðu lektors í félagsráðgjöf frá 1. ágúst. Báðar höfðu þær áður gengt stöðu adjunktta við deildina. Hrefna í hálfu starfi en Hervör Alma í fullu starfi.

Í lok ágúst hætti Ásdís Ýr Arnardóttir sem deildarstjóri en var þá ráðin í hlutastarf

sem verkefnisstjóri kennslu. Stella Vestmann var á sama tíma ráðin í stöðu deildarstjóra. Í byrjun nóvember var Kolbrún Hanna Jónasdóttir ráðin í 50% starf fulltrúa.

Við deildina starfar einnig stór hópur stunda- og starfsþjálfunarkennara.

Félagsráðgjafardeild – fjöldi starfsmanna á árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	3	2
karlar	0	0
Samtals	3	2
Aðjuntar		
konur	1	0,49
karlar	0	0
Lektorar		
konur	3	3
karlar	1	1
Dósentar		
konur	3	3
karlar	0	0
Prófessorar		
konur	2	1,49
karlar	0	0
Samtals	10	8,98
Annað rannsóknafólk í deildinni		
konur	0	0
karlar	2	1,25
Samtals	2	1,25

Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir árið 2010: BA í félagsráðgjöf, MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda, MA í félagsráðgjöf, MA í öldrunarfræði, norrænt MA-nám í öldrunarfræði (NordMaG), diplómanám í öldrunarþjónustu, ásamt doktorsnámi í félagsráðgjöf. Á árinu 2010 var unnið er að endurskoðun reglna deildarinnar um framhaldsnám.

Nemendur í framhaldsnámi við Félagsráðgjafardeild voru um 76 talsins á árinu.

Doktorsnám

Við Félagsráðgjafardeild voru skráðir fimm doktorsnemar. Haldnar eru reglulega málstofur doktorsnema og annarra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komur erlendra sérfræðinga til landsins. Umsjón með doktorsnámi hefur Sigrún Júlíusdóttir prófessor.

Alþjóðasamskipti

Tveir grunnnemar í félagsráðgjöf fóru í skiptinám til Danmerkur á árinu. Til Félagsráðgjafardeildar komu tveir erlendir doktorsnemar, frá Noregi og Póllandi.

Félagsráðgjafardeild er aðili að átta NordPlus-samstarfsnetum og sinnir for-mennsku í tveimur slíkum. Félagsráðgjafardeild er aðili að Nordiska social-högskolekommittén (NSHK), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er Félagsráðgjafardeild aðili að FORSA (Samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

Rannsóknir

Kennarar Félagsráðgjafardeildar taka þátt í öflugum rannsóknastarfi, m.a. norrænum öndvegissætum, REASSESS og Nordwell.

Rannsóknasvið kennara eru meðal annars félagsmálastefnur, sjálfböðastörf, barnavernd, aðferðafræði rannsókna í félagsráðgjöf, ofbeldi í fjölskyldum, atvinnuleysi, matsaðferðir og mælitæki, öldrunarfræði og fjölskyldurannsóknir.

Félagsráðgjafardeild er aðili að ÍSFORSA sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á Íslandi.

Gæðamál

Deildin hefur á haustmisseri unnið að ýmsum gæðamálum. Skrifstofa deildar og deildarforseti hafa unnið að mótun verkferla. Deildin hefur lokið reglubreytingum m.a. fyrir inntöku í starfsréttindanámi og almennar reglur um framhaldsnám en vinna við endurskoðun annarra reglna deildarinnar var einnig hafin á haustmisseri.

Deildin heldur reglulega málstofur annars vegar með grunnnemendum og hins vegar með framhaldsnemendum deildarinnar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

Markaðs- og kynningarmál

Félagsráðgjafardeild gaf út nýtt kynningarefni fyrir námsleiðir deildarinnar. Deildin tók þátt í kynningarstarfsemi með Félagsvísindasviði ásamt því að taka þátt í starfsdegi félagsráðgjafa hjá Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, Háskóla unga fólksins og Vísindavöku.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi beggja kennslumissera. Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf, stýrði mentorakerfi til stuðnings fyrir nýnema við Félagssráðgjafardeild á haustmisseri en Margrét Arngrímsdóttir, meistaranemi í félagsráðgjöf, á vormisseri.

Brautskráðir stúdentar frá Félagssráðgjafardeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
MA-próf í félagsráðgjöf	0	6	6
MA-próf í öldrunarfræði	0	1	1
MA-próf til starfsréttinda í félagsráðgjöf	0	14	14
MSW-próf í félagsráðgjöf	0	1	1
Diplómanám í barnavernd	2	13	15
Diplómanám í öldrunarþjónustu	0	4	4
BA-próf í félagsráðgjöf	6	52	58
BA-próf til starfsréttinda í félagsráðgjöf	0	1	1
Samtals	8	92	100

Hagfræðideild

Almennt yfirlit

Nemendur í grunnnámi í hagfræði voru 166 á árinu 2010. Fjöldi þeirra var svipaður og árið áður. Í meistaranámi í Hagfræðideild var 121 nemandi skráður. Í meistaranám í hagfræði voru skráðir 58 nemendur, 31 í meistaranám í fjármálhagfræði og 32 í meistaranám í heilsuhagfræði. Í doktorsnámi í hagfræði voru 6 nemendur skráðir á árinu 2010.

Stjórn

Þórólfur Matthíasson var deildarforseti Hagfræðideildar á árinu 2010 og Birgir Þór Runólfsson varaforseti.

Gylfi Zoëga prófessor, Ragnar Árnason prófessor og Þorvaldur Gylfason prófessor voru í rannsóknaleyfi á vormisseri 2010.

Nýir kennarar

Engar nýráðningar voru á árinu 2010. Hersir Sigurgeirsson lét af störfum lektors 31. desember.

Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar urðu þær breytingar á árinu 2010 að Sif Sigfúsdóttir, markaðsstjóri Hagfræðideildar og Viðskiptafræðideildar, fór í 50% starf hjá Félagsvísindasviði 1. júlí 2010.

Hagfræðideild* – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar		
konur	1	1,0
karlar	2	1,0
Dósentar		
konur	0	0,0
karlar	3	3,0
Prófessorar		
konur	0	0,0
karlar	5	5,0
Samtals	11	10,0
Hagfræðistofnun		
konur	0	0,0
karlar	3	3,0
Samtals	3	3,0

* Stjórnsýsla Hagfræðideildar og Viðskiptafræðideildar er að mestu sameiginleg og því er starfsfólk í stjórnsýslu deildanna skráð sameiginlega (sjá undir Viðskiptafræðideild).

Kennsla og rannsóknir

Á árinu 2010 voru ekki gerðar miklar breytingar á kennslu í deildinni og fjöldi stundakennara var svipaður og árið áður.

Hagfræðideild, með stuðningi Hollvinafélags deildarinnar, veitti verðlaun við brautskráningu í júní 2010 þeim nemanda sem hlaut hæstu einkunn á BS-prófi. Verðlaunahafinn var Ólafur Garðar Halldórsson sem brautskráðist með BS-gráðu í hagfræði.

Að auki veitti Hollvinafélag deildarinnar verðlaun til þess nemanda sem hlaut hæstu einkunn að loknu fyrsta námsári. Verðlaunin voru veitt í október 2010 og var það Hugrún Jónsdóttir BA-nemi sem hlaut þau.

Útgáfa

Norðurlönd í kreppu eftir Þorvald Gylfason prófessor, Bengt Holmström, Sixten Korkman, Hans Tson Söderström og Vesa Vihriälä.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir

- 22. janúar: Komu efnahagserfiðleikarnir á óvart? Gylfi Zoëga prófessor.
- 5. febrúar: Continuity or Discontinuity? Robert Wade, prófessor við London School of Economics.
- 12. febrúar: Mortgage Products and Government Policies to Help Troubled Mortgagors: Responses to the Credit Crisis. Kath Scanlon, prófessor við London School of Economics.
- 19. febrúar: Viðbrögðin við kreppunni – þá og nú. Jónas Haralz heiðursdoktor.
- 26. febrúar: Hagfræði í EVE Online. Eyjólfur Guðmundsson, hagfræðingur hjá CCP.
- 5. mars: Understanding Overeating and Obesity. Christopher Ruhm, prófessor við University of North Carolina at Greensboro.
- 12. mars: Rannsóknir á launamun kynjanna. Eyjólfur Sigurðsson doktorsnemi.
- 19. mars: Verðlagning langlífisáhættu. Rafn Sigurðsson meistaranemi.
- 25. mars: Fyrstir inn – fyrstir út? Staða þjóðarbúsins í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra.
- 26. mars: Áhrif stjórnrotar á óheiðarleika og traust í mælgileik. Kári Kristinsson, lektor í Viðskiptafræðideild.
- 9. apríl: Nokkur atriði um normal ARMA-líkön í samfelldum tíma. Helgi Tómasson dósent.
- 16. júní: Penalties Before or After Extra-Time? Liam Lenten, prófessor við La Trobe University.
- 1. september – „Arms or Legs: Isomorphic Dutch Auctions and Centipede Games“. J. Duncan.
- 13. september – Effects of Financial Insecurity on Social Interactions. Nancy E. Reichman, prófessor við Medical School University of Medicine and Dentistry of New Jersey.
- 24. september: Is ICT a Jack-in-the-Box? A Counterfactual Approach for Identifying Productivity Spillovers. Battista Severgnini, lektor í hagfræði í CBS.
- 8. október: Marketization, Basic Economic Concepts, and Confucius Thought. Bing Wang, prófessor við vísinda- og tækniskólann í Huazhong.

- 22. október: Er hægt að fjalla á faglegan hátt um ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens 1980–1983? Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur.
- 12. nóvember: Lífskjör sem siðferðilegt mat á velferð. Ólafur Páll Jónsson, lektor í heimspeki á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 19. nóvember: Hagnýtingar á Markov-keðjum í félagsvísindum, tekjudreifingar og giftingaráhætta. Helgi Tómasson dósent.
- 26. nóvember: Alþjóðlegir íbúðamarkaðir í ljósi bankakreppu og hruns íslenska íbúðamarkaðarins. Magnús Árni Skúlason hagfræðingur.
- Ráðstefnan Þjóðarspejill var haldin var 29. október. Þar voru haldin fjögur erindi um hagfræði. Ráðstefnan var haldin í Háskólatorgi og var aðsókn góð.

Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
MS-próf í fjármálhagfræði	8	4	12
MS-próf í hagfræði	9	1	10
MS-próf í heilsuhagfræði	2	6	8
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði	0	2	2
BA-próf í hagfræði	6	6	12
BS-próf í hagfræði	14	10	24
Samtals	39	29	68

Lagadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Björg Thorarensen prófessor var forseti Lagadeildar fyrir hluta árs 2010 og Eiríkur Tómasson prófessor var starfandi varaforseti, í fjarveru kjörins varaforseta Róberts R. Spanó.

Á deildarfundum í Lagadeild 26. janúar 2010 var Róbert R. Spanó prófessor kjörinn forseti deildarinnar frá 1. júlí 2010 og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor var kjörin varadeildarforseti.

Starfsfólk

Á árinu 2010 fékk María Elvira Mendéz-Pinedo framgang í stöðu prófessors við deildina. Eiríkur Jónsson, Eyvindur G. Gunnarsson og Hrefna Friðriksdóttir fengu framgang í stöðu dósents.

Hafsteinn Þór Hauksson var ráðinn í starf lektors í almennri lögfræði og réttarheimspeki.

Róbert R. Spanó prófessor kom aftur til starfa í júní, eftir að hafa tímabundið verið skipaður umboðsmaður Alþingis. Viðar Már Matthíasson kom aftur til starfa í júní eftir að hafa verið í tímabundinni skipun sem dómari við Hæstarétt. Viðar Már var síðan í september skipaður dómari við Hæstarétt og lét þá af starfi við deildina.

Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Eyvindur G. Gunnarsson lektor voru í rannsóknaleyfi á vормisseri 2010. María Elvira Mendéz-Pinedo var í rannsóknaleyfi á haustmísseri 2010.

Stella Vestmann, verkefnastjóri á skrifstofu Lagadeildar, lét af störfum í september og í hennar stað var ráðin Sigrún á Heygum Ólafsdóttir.

Lagadeild* – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	3	2,8
karlar	0	0
Samtals	3	2,8
Lektorar		
konur	2	0,7
karlar	6	4,09
Dósentar		

konur	2	1,5
karlar	5	3,09
Prófessorar		
konur	4	4
karlar	3	3
Samtals	22	16,38
Lagastofnun og Hafréttarstofnun		
konur	3	2,5
karlar	2	1,25
Samtals	55	36,51

Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraþrófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstílinn „magister juris“ (mag.jur.).

Nemendum í meistaranámi er boðið upp á að auka sérhæfingu sína í náminu, með því að taka eitt af 10 áherslusviðum sem í boði eru. Meistaraneimar Lagadeildar sinna umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta þeir fengið kennsluna metna til allt að 6 eininga inn í meistaranám sitt.

Nemendur í flestum námskeiðum BA-námsins taka heimapróf, sem gildir sem hluti af heildareinkunn í námskeiðum.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft meistaranám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið fer fram á ensku, skipulagt sem eins árs 90 eininga nám sem samanstendur af 10 námskeiðum og 30 eininga ritgerð.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaranámi í skattarétti og reikningssskilum. Námið veitir fræðilega menntun á sviðum er snerta skattamál og reikningssskil. Námið er 90 eða 120 eininga nám og lýkur með ritgerð.

Doktorsnám

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og í upphafi árs 2010 stunduðu fimm nemendur doktorsnám við deildina.

Alþjóðasamskipti

Á árinu 2010 stunduðu 29 íslenskir laganemar skiptinám erlendis auk þess sem Lagadeild tók á móti 31 erlendum nema til náms við deildina. Þá voru 10 nemendur í LL.M.-námi við deildina.

Alþjóðafulltrúi Lagadeildar sækir árlega samráðsfundi og ráðstefnur á vegum ELPIS (Hannover Law Network), Rotterdam Law Network og Nordplus Law Network.

Norræna sakfræðiráðið (Nordisk samarbejdsråd for kriminologi, NSfK) flutti aðsetur sitt til Íslands í byrjun árs og er til húsa í Lögbergi. Ragnheiður Bragadóttir prófessor tók þá við sem formaður ráðsins. Markmið ráðsins er m.a. að efla norrænar rannsóknir í afbrotufræði, refsirétti og skyldum greinum.

Samstarf var tekið upp við lagadeild háskólans í Árósum um að skattasérfræðingar skólans sæju um kennslu í sérstökum hluta alþjóðlegs skattaréttar. Vorið 2010 komu fjórir gestakennarar frá háskólanum í Árósum og kenndu í námskeiðinu. Stefnt er að frekara samstarfi skólanna.

Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr eru vísindalegar rannsóknastofnanir sem heyra undir Lagadeild. Undir Lagastofnun heyra Rannsóknastofa í Evrópurétti og Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti. Þá starfar Mannréttindastofnun Háskóla Íslands innan vébanda Lagadeildar samkvæmt þjónustusamningi við Lagastofnun. Forstöðumaður Lagastofnunar og Mannréttindastofnunar er María Thejll og forstöðumaður Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr er Þórhildur Línal.

Mikil áhersla er lögð á rannsóknir og mikil rannsóknavirkni kennara einkennir starf deildarinnar. Auk fjölda birtra greina í innlendum og erlendum fræðiritum og

bókum komu rit og bækur út á árinu skrifuð af kennurum deildarinnar og er þeirra getið á öðrum stað í árbókinni.

Fastir kennarar deildarinnar tóku þátt í fjölmörgum málstofum og fundum á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Um þær er fjallað í kafla Lagastofnunar. Einnig voru kennarar deildarinnar framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda innan Háskóla Íslands og á vegum Orators, félags laganema.

Á ráðstefnu í félagsvísindum, Þjóðarspegli, sem haldinn var 29. október voru kennarar Lagadeildar með 10 erindi.

Í október var haldin alþjóðleg tveggja daga ráðstefna á vegum Lagadeildar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Heiti ráðstefnunnar var Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland. Auk innlendra fyrirlesara voru átta erlendir gestafyrirlesarar á ráðstefnunni.

Tveir dósentar úr Lagadeild, þær Brynhildur G. Flóvenz og María Elvira Méndez-Pinedo, fengu styrk úr PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins að fjárhæð 99 þús. evrur. Styrkurinn var veittur til verkefnisins Equality Legislation in Iceland and European Union Law. Verkefnið felur í sér rannsókn á vernd gegn mismunun í íslenskum rétti og hvernig hún samræmist þeim réttindum og skyldum sem felast í Evrópurétti. Þá felur verkefnið í sér skipulagningu og framkvæmd alþjóðlegrar ráðstefnu um efnið í Reykjavík, útgáfu fræðibókar og skipulagningu og framkvæmd meistaranámskeiðs um jafnrétti og bann við mismunun.

Lagadeild og Hafréttarstofnun Háskóla Íslands skrifuðu undir samning um kostun starfs dósents í auðlindarétti með áherslu á auðlindir hafsins. Samningurinn tók gildi þann 1. janúar 2010 og greiðir Hafréttarstofnun 2 m.kr. árlega til þriggja ára. Pétur Dam Leifsson LL.M. dósent við Lagadeild gegnir stöðunni. Markmið samningsins er að efla kennslu og rannsóknir í auðlindarétti.

Í maí fékk Kristín Benediktsdóttir, doktorsnemi við Lagadeild, styrk úr Rannsóknasjóði Bjarna Benediktssonar, að fjárhæð 1 m.kr. Styrkurinn er til rannsóknar á réttarstöðu aldraðra.

Gæðamál

Í upphafi árs lauk vinnu við sjálfsmatsskýrslu Lagadeildar þar sem gerð kennsla og nám í lögfræði við Lagadeild Háskóla Íslands var tekið út. Skýrslan var liður í ytri úttekt menntamálaráðuneytisins á kennslu og námi við lagadeildir háskóla á Íslandi. Í kjölfarið var skipuð ytri úttektarnefnd sem heimsótti Háskóla Íslands og Lagadeild í upphafi haustmisseris og átti fundi með starfsmönnum.

Markaðs- og kynningarmál

Lagadeild tók þátt í lagadegi Lögmannafélags Íslands sem haldinn var 30. apríl og voru kennarar deildarinnar meðal framsögumanna í málstofum dagsins.

Lagadeild tekur þátt í árlegri námskynningu skóla á háskólastigi þar sem lagamenar, kennarar og starfsmenn deildarinnar kynna námið, auk þess sem fulltrúar úr Orator, félagi laganema, fara með námskynningar í framhaldsskóla.

Hollvinafélag Lagadeildar veitir árlega viðurkenningu þeim nemanda sem nær bestum námsárangri í BA-námi ár hvert. Þá heldur Hollvinafélagið móttöku í apríl ár hvert fyrir afmælisárganga kandidateita frá deildinni, í samstarfi við deildina.

Í ágúst komu fulltrúar lagadeildar Ohio Northern háskólans í heimsókn til Lagadeildar Háskóla Íslands í tilefni af 50 ára samstarfsafmæli skólanna. Í hófi sem þeir buðu til heiðruðu þeir minningu Ármanns Snævarr.

Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Kandídatspróf í lögfræði, cand.jur.	0	1	1
LL.M.-próf í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti	0	4	4
Meistarapróf í lögfræði, mag.jur.	39	50	89
BA-próf í lögfræði	39	33	72
Samtals	78	88	166



Stjórn málafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor gegndi starfi deildarforseta til 10. maí 2010. Þann 12. maí tók Þorgerður Einarsdóttir prófessor við starfi deildarforseta. Baldur Þórhallsson prófessor gegndi starfi varadeildarforseta en Ómar H. Kristmundsson tók við starfi varadeildarforseta 1. júlí 2010. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir. Verkefnisstjóri í hálfu starfi var Anna Margrét Eggertsdóttir.

Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar deildarinnar hafa aðsetur í Odda og Gimli. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála starfar undir Stjórn málafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun.

Á árinu 2010 voru 40 ár liðin frá upphafi kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands og var þess minnst með veglegum hætti þann 2. desember 2010. Árið 1976 urðu þær greinar sem um var að ræða – félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði – hluti af félagsvísindadeild sem þá var stofnuð. Á afmælishátíðinni var litið yfir farinn veg og hugað að stöðu félagsvísinda í samtímanum, m.a. hugsanlegum hliðstæðum hrunsins sem nú skekur samfélagið og „68 uppreisnarinnar“. Spurt var hvað félagsvísindi hafi lagt af mörkum, hversu vel hafi tekist og hvert væri hlutverk þessara fræða í dag.

Dagskrá afmælishátíðarinnar var fjölbreytt og þótti takast vel í alla staði.

Stjórn deildar

Deildarforseti ásamt deildarfundi fór með stjórn deildar.

Starfsfólk

Við deildina eru níu fastráðnir kennarar, sex prófessorar, þrjú lektorar. Auk þess eru fjórir aðjunktur með rannsóknaskyldu og einn aðjunktur án rannsóknaskyldu. Alls eru þetta sjö konur og sjö karlar. Auk fastráðinna kennara starfa fjölmargir stundakennarar við deildina.

Ómar H. Kristmundsson fékk framgang í stöðu prófessors 1. febrúar 2010.

Stjórn málafræðideild* – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	2	2
karlar	0	0
Samtals	2	2
Aðjunktur		
konur	3	3,0
karlar	1	1,0
Lektorar		
konur	2	2,0
karlar	1	1,0
Dósentar		
konur	0	0,0
karlar	0	0,0
Prófessorar		
konur	1	1,0
karlar	5	5,0
Samtals	13	13,0

Tveir nýir starfsmenn hófu störf 1. júlí 2010

Maximilian Conrad, lektor í Evrópufræðum, og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í stjórnsýslufræðum, hófu störf við deildina 1. júlí 2010.

Nám og kennsla

Í Stjórn málafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórnmálafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga. Annaðhvort skal nemandi ljúka 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi

námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórn málafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30 e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smárikjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórn málafræði.

Deildin átti einnig aðild að þverfræðilegu meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði.

Ný námsleið

Tekin var upp kennsla í meistara- og diplómanámi í Evrópufræðum.

Doktorsnám

Doktorsnemar við deildina voru 16, þar af hófu þrír nám á árinu.

Samningur um sameiginlega doktorsgráðu „Christian Rebhan“ var gerður við Humboldt-háskóla í Þýskalandi. Leiðbeinandi fyrir hönd Háskóla Íslands er Baldur Þórhallsson.

Alþjóðasamskipti

Á árinu var boðið upp á 10 námskeið kennd á ensku, samtals 66 einingar.

Þá stóð Rannsóknasetur um smárikí fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla 21. júní – 3. júlí þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

Erlendir gestakennarar

Einn erlendur gestakennari, Matthew T. Johnson, var við deildina á haustmisseri 2010. Kennði hann námskeiðið The Politics of Culture í grunnnámi.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Helstu rannsóknasvið kennara eru: lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smárikí og samrunaþróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði, kynja- og margbreytileikafræði.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum. Sameiginlegur bæklingur yfir allt framhaldsnám við deildina var gefinn út, ásamt nýjum bæklingi um BA-nám. Nemendur deildar tóku þátt í námskynningum í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Brautskráðir stúdentar frá Stjórn málafræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
MA-próf í alþjóðasamskiptum	5	8	13
MA-próf í kynjafræði	0	3	3
MPA-próf í opinberri stjórnsýslu	9	8	17
Diplómanám í alþjóðasamskiptum	1	6	7
Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði	0	1	1
Diplómanám í opinberri stjórnsýslu	10	19	29
Diplómanám í smárikjafræði	0	1	1
BA-próf í stjórn málafræði	26	20	46
Samtals	51	66	117

Viðskiptafræðideild

Almennt

Í BS-námi í viðskiptafræði á árinu 2010 voru skráðir 429 nemendur og þar af voru nýnemar 236.

Í MS-námi í Viðskiptafræðideild var 521 nemandi skráður og 52 nemendur voru skráðir í MBA-nám. Í doktorsnámi í viðskiptafræði voru skráðir 12 nemendur á árinu 2010.

Eftirfarandi yfirlit lýsir starfsemi deildarinnar á árinu 2010 í stórum dráttum.

Stjórn

Ingjalður Hannibalsson var deildarforseti Viðskiptafræðideildar á árinu 2010 og Runólfur Smári Steinþórsson varaforseti til 1. júlí en þá tók Snjólfur Ólafsson við.

Nýir kennarar

Ásmundur G. Vilhjálmsson og Elmar H. Hallgrímsson voru ráðnir sem aðjuntar 1. júlí 2010. Árelía E. Guðmundsdóttir dósent fór í 50% starf 1. júlí 2010 til áramóta. Kristján Jóhannsson lektor var í launalausum leyfi frá 1. sept. 2010.

Skrifstofa og starfsfólk

Á skrifstofu deildarinnar urðu þær breytingar á árinu 2010 að Sif Sigfúsdóttir, markaðsstjóri deildarinnar, fór í 50% starf á móti 50% starfi fyrir Félagsvísindasvið.

Viðskiptafræðideild* – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	6	5,25
karlar	0	0
Samtals	6	5,25
Aðjuntar		
konur	3	2,5
karlar	5	4,37
Lektorar		
konur	2	2
karlar	7	6,5
Dósentar		
konur	2	2
karlar	4	4
Prófessorar		
konur	0	0
karlar	5	4,35
Samtals	28	25,72
Viðskiptafræðistofnun		
konur	2	1,5
karlar	0	0
Samtals	2	2

Kennsla og rannsóknir

Á árinu 2010 voru ekki gerðar miklar breytingar á kennslu í deildinni og fækkaði stundakennurum nokkuð í kjölfar nýráðninga kennara.

Mjög góð aðsókn var á opinbera fyrirlestra á vegum deildarinnar. Á ráðstefnu í félagsvísindum, Þjóðarspegli, sem haldin var 29. október voru haldin 11 erindi um viðskiptafræði. Ráðstefnan var haldin í Háskólatorgi og var aðsókn góð. Fjárveiting til Viðskiptafræðideildar á árinu 2010 var um 300 m.kr.

Viðskiptafræðideild, með stuðningi Hollvinafélags deildarinnar, veitti verðlaun við brautskráningu í júní 2010 þeim nemanda sem hlaut hæstu einkunn á BS-prófi. Verðlaunahafar voru tveir frá Viðskiptafræðideild árið 2010, þær Kolbrún Eva Sigurjónsdóttir og Hanna Magnea Hallgrímsdóttir, sem brautskráðust með BS-gráðu í viðskiptafræði. Að auki veitti Hollvinafélag deildarinnar verðlaun til þess nemanda sem hlaut hæstu einkunn að loknu fyrsta námsári. Verðlaunin voru veitt í október í tengslum við Þjóðarspegilinn 2010 og var það Sigurjón Ernir Kárason sem hlaut verðlaunin.

Ráðstefnur, málstofur, erlendir fyrirlesarar og heimsóknir

- 8. janúar: Efnahagsþróunin í Kína og viðskipti Kína og Íslands. Ingjalður Hannibalsson prófessor.
- 28. janúar: Tækifæri og áskoranir í viðskiptum Íslands við Kína. Pétur Yang Li doktorsnemi.
- 29. janúar: Research in an Era of Social Media Marketing. Harry F. Krueckeberg, prófessor emeritus við Colorado State University.
- 12. febrúar: Markaðshneigð, markaðsleg færni og árangur. Friðrik Eysteinnsson aðjunkt.
- 5. mars: Protect Me from What I Want. Örn D. Jónsson prófessor.
- 9. apríl: Stefna í raun og veru. Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.

- 4. og 5. maí: William K. Black, prófessor frá háskólanum í Missouri, hélt tvo fyrirlestra í Háskóla Íslands í samvinnu við Lagadeild, Viðskiptafræðideild og Samtök fjárfesta: Bankarín um bjartan dag – Besta leiðin til að ræna íslenskan banka var að „eigann“. (Never “Fuzzy” & No “Boundaries”: The Best Way to Rob an Icelandic Bank Was to Own One) og Ábyrgð þeirra réðu ferðinni – Sviksemdarmenn sóttir til ábyrgðar (Holding Abusive and Fraudulent Elites and Enablers Accountable).
- 28. maí: Bankarnir, traust til þeirra og hagsæld. Friðrik Eysteinnsson aðjunkt.
- 28. september: Hvernig er best að fjölga störfum á Íslandi? Snjólfur Ólafsson prófessor.
- 5. október: Að vinna til að búa til eða búa til vinnu? Örn Daníel Jónsson prófessor.
- 12. október: Áhrif hæfni stjórnenda í upplýsingatækni á nýhugsun. Gunnar Óskarsson doktorsnemi.
- 26. október: Tryggingafélög og hrein tækni. Lára Jóhannsdóttir doktorsnemi.
- 9. nóvember: Porter er dauður. Lengi lifi Barney? Friðrik Eysteinnsson aðjunkt.
- 16. nóvember: Kvartandi viðskiptavinir: Nöldurseggir eða verðmætir vinir? Auður Hermannsdóttir aðjunkt.
- 7. desember: Sjónarhorn á stefnu. Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.

Útgáfa

Bókin Stafróf viðskiptafræðinnar var endurútgefin. Ársæll Valfells lektor sá um útgáfuna.

Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í viðskiptafræði	1	0	1
M.Acc.-próf í reikningshaldi og endurskoðun	9	11	20
MBA-próf	19	6	25
MS-próf í fjármálum fyrirtækja	5	6	11
MS-próf í mannauðsstjórnun	0	38	48
MS-próf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum	9	19	28
MS-próf í sjálfbærri orku og viðskiptafræði	0	1	1
MS-próf í stjórnun og stefnumótun	5	14	19
MS-próf í viðskiptafræði	3	5	8
BS-próf í viðskiptafræði	38	51	89
Samtals	99	151	250

Félagsvísindastofnun

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans. Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísindanna. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2010 starfrækt 14 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa, auk þess sem stofnunin er í nánu samstarfi við fræðimenn deildanna og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985 og fagnaði því 25 ára afmælinu sínu haustið 2010.

Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja deildarforsetar þeirra þriggja deilda sem að stofnuninni standa. Auk þess sitja í stjórninni þrjú fulltrúar til viðbótar sem kjörnir eru af deildunum, tveir úr Félags- og mannvísindadeild og einn úr Stjórn málafræðideild. Ef enginn kennari úr námsbraut deildar er fulltrúi í stjórn stofnunarinnar á námsbrautin rétt á að hafa áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar skal sitja fundi stjórnar, með tillögurétt, án atkvæðisréttar, sem og einn fulltrúi starfsmanna. Í stjórninni eru: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, deildarforseti Félags- og mannvísindadeilda, Steinunn Hrafnadóttir, varadeildarforseti Félagsráðgjafardeilda, Þorgerður Einarsdóttir, deildarforseti Stjórn málafræðideilda, Ágústa Pálsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmadóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir,

Helgi Gunnlaugsson, Ómar H. Kristmundsson, Sveinn Eggertsson, Terry Gunnell og Andrea G. Dofradóttir.

Nýr forstöðumaður

Á árinu 2010 lét Magnús Árni Magnússon stjórn málafræðingur af störfum en við tók Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, félagssálfræðingur. Hún tók til starfa 1. ágúst.

Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið 2010, var sem hér segir: Andrea G. Dofradóttir, Auður Magnús Leiknisdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðlaug J. Sturludóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir, Sóley Lúðvíksdóttir og Vala Jónsdóttir. Að auki komu að starfi stofnunarinnar á annað hundrað aðrir einstaklingar sem spyrjar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum störfum fyrir stofnunina.

Fjármál

Árið 2010 var velta Félagsvísindastofnunar tæplega 91 m.kr. Til viðbótar veltu rannsóknastofur sem starfa undir stofnuninni um 68 m.kr. Heildarvelta á starfsemi sem heyrir undir Félagsvísindastofnun var því um 159 m.kr. á árinu 2010. Félagsvísindastofnun hefur þá sérstöðu meðal rannsóknastofnana Háskóla Íslands að fá enga fjárveitingu frá hinu opinbera, hvorki til rannsóknastarfa né fyrir stöðuheimildir starfsmanna. Stofnunin hefur líkt og fyrri ár, að mestu leyti fjármagnað starfsemi sína með því að aðstoða kennara við rannsóknir sínar og sinna hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans. Stofnunin fjármagnar sjálf allan tækjabúnað sinn og rekstur.

Rannsóknir

Viðamestu rannsóknaverkefni með þátttöku Félagsvísindastofnunar árið 2010 voru European Values Study (EVS), sem er reglubundið evrópskt rannsóknaverkefni, International Social Survey Programme (ISSP), sem er alþjóðlegt rannsóknaverkefni, rannsókn á viðhorfum til afbrota, rannsókn á samspili fjölskyldu og vinnu, borgarvitund ungs fólks og rannsóknin „RAPID: A Referendum on Debt: The Political Economy of Icesave“ sem unnin var í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og var gerð fyrir University of Colorado í Boulder. Einnig var í samstarfi við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hafinn undirbúningur að viðamiklu verkefni fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið við að meta faglegan ávinning af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga og unninn fjöldi smærri kannana og verkefna fyrir ýmsa aðila, sem og þjónustu- og viðhorfskannanir fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Rannsóknastofur

Nokkrar rannsóknastofur (rannsóknasetur) starfa í tengslum við Félagsvísindastofnun. Á árinu 2010 var velta þessara stofa um 68 m.kr. Virkustu rannsóknastofnunar árið 2010 voru: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (Félag-sráðgjafardeild), Þjóðmálastofnun (Stefán Ólafsson), Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (Rannveig Traustadóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir), Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir) og Rannsóknastofa í afbrotufræði (Helgi Gunnlaugsson). Nýtt rannsóknasetur, sem stofnað var á árinu 2010, er Fræðasetur þriðja geirans (Steinunn Hrafnisdóttir og Ómar H. Kristmundsson).

Ráðstefnur og útgáfa

Félagsvísindastofnun hefur lengst af haldið utan um framkvæmd og útgáfu í tengslum við stærsta viðburð félagsvísindanna á Íslandi, Þjóðarspegilinn. Ellefti Þjóðarspegillinn var haldinn föstudaginn 29. október 2010. Alls voru 168 erindi flutt á ráðstefnudaginn í 43 málstofum.

Eins og fyrri ár voru erindi ráðstefnunnar gefin út á ráðstefnudaginn. Útgáfa ársins 2010 er tímamótaútgáfa þar sem efni ráðstefnuritsins var gefið út rafrænt í opnum aðgangi á Skemmunni (www.skemman.is). Greinar voru settar inn undir nafni höfundu, sem tryggir að allir höfundar eru leitarbærir. Jafnframt voru greinarnar settar saman í bækur og birtar á Skemmunni. Alls voru gefin út 12 bindi, tvö fyrir hverja af sex deildum Félagsvísindasviðs.

Námskeið

Félagsvísindastofnun, í samstarfi við námsbraut í sálfræði, keypti árið 1999 einkarétt á Íslandi til að halda námskeið sem nefnast SOS! Hjálp fyrir foreldra. Á

Þessum námskeiðum er fólk þjálfað í því að nota ýmsar meginreglur atferlisfræði við uppeldi barna. Á árinu 2010 voru níu námskeið haldin fyrir foreldra og starfsfólk leikskóla og grunnskóla.

Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina og upplýsingar um aðgengi að öllum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er: www.felagsvisindastofnun.is.

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir undir Félagsvísindastofnun. Stjórn setursins skipa Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, stjórnarformaður Félagsvísindastofnunar, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur og borgarfulltrúi.

Á árinu 2010 tóku eftirtaldir þátt í verkefnum á vegum setursins: Ásdís Hrefna Haraldsdóttir, MA í uppeldis- og menntunarfræði, deildarstjóri á Menntavísindasviði, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Kristjana Stella Blöndal, lektor við Félagsvísindasvið og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir, MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræði, Ragný Þóra Guðjohnsen, lögfræðingur og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, og Steinunn Gestsdóttir, dósent við Menntavísindasvið.

Rannsóknir

Unnið var að þremur meginrannsóknaverkefnum:

Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi.

Um er að ræða tvö verkefni:

Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi – Framfarir í skólastarfi. Rannsóknaverkefnið stóð yfir skólaárið 2009–2010 í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins var að kanna hvort nemendur í þessum skólum, sem fá sérstaka fræðslu í bekkjarstarfi um ýmis félagsleg og siðferðileg efni og hvað það merki að vera borgari í lýðræðissamfélagi, sýni framfarir á þessu þroskasviði. Annað markmið verkefnisins var að styðja við bakið á kennurunum við að efla ofangreinda þroskaþætti með því að halda vetrarlangt námskeið fyrir þá og hvetja þá til þess að ígrunda uppeldis- og menntunarsýn sína og daglegt starf. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti rannsóknina.

Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Gagnasöfnun í rannsókninni lauk í desember. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er m.a. eftir hugmyndum þeirra um lýðræði, mannréttindi, þeim áhrifum sem þau telja sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif þau vildu hafa og hvert gildismat þeirra er. Ungmennin eru á aldrinum 11, 14 og 18 ára í þremur byggðakjörnum hér á landi (1500 ungmenni). Gögnum var safnað bæði með viðtölum og spurningalistum. Vísindasjóður Rannís styrkir þessa rannsókn.

Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara

Menntasýn kennara: Hönnun mælingar á uppeldis- og menntasýn leiðtoga og kennara: Samvinnurannsóknaverkefni við rannsóknahóp við Harvard-háskóla. Uppeldissýn foreldra: Kaflasskrif (Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir).

Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn

Forspárþætti brotthvarfs frá námi. Greinaskrif í erlend rit (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir).

Kynningarstarfsemi

Útgáfa

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Margrét A. Markúsdóttir. (2010). Hlúð að samskiptaþroska: Framfarir í skólastarfi. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið SRR – Rannsóknasetur um lífshætti barna og ungmenna.



Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

Paul Harris, prófessor við Harvard-háskóla, flutti fyrirlesturinn Trust in Testimony
13. mars 2010.

Helen Haste, gestaprófessor við Harvard-háskóla, flutti fyrirlesturinn
Einstaklingur og samfélag: Hvernig menning gerir frumkvæði og ábyrgð mögulega
28. september 2010.

Málstofa í doktorsskóla Menntavísindasviðs 26. mars 2010

Kynning á rannsóknasetrinu og rannsóknaverkefnum (forstöðumaður rannsóknasetursins og doktorsnemarnir fjórir). Starfsfólk setursins flutti jafnframt fjölda fyrirlestra um niðurstöður ofangreindra rannsókna á ráðstefnum erlendis, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, og innanlands, á ráðstefnum og á öðrum starfsvettvangi.

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

Starfslið

Engin föst stöðugildi eru við rannsóknasetur í fötlunarfræðum. Við setrið starfa fastir kennarar í fötlunarfræðum og margir framhaldsnemar í greininni. Allt starf á vegum rannsóknasetursins er fjármagnað af styrkjum sem forstöðumaður eða aðstoðarforstöðumaður hafa aflað. Umsvif jukust á síðasta ári og meiri fjöldi starfaði við setrið en á árinu 2009. Flestir starfsmenn eru í hlutastörfum og sumir í mjög litlu starfshlutfalli.

- Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum, forstöðumaður.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum, aðstoðarforstöðumaður.
- James G. Rice, nýdoktor (á nýdoktorastyrk styrk frá REASSESS, norrænu öndvegissetri um velferðarrannsóknir).
- Kristín Björnsdóttir, lektor í þroskaþjálfarafræðum, starfaði sem verkefnisstjóri í hlutastarfi við rannsóknasetrið 2010.
- Eiríkur Karl Ólafsson Smith, doktorsnemi í fötlunarfræðum, verkefnisstjóri (hlutastarf).
- Knútur Birgisson, MA-nemi í fötlunarfræðum, rannsóknamaður (hlutastarf).
- Embla Ágústsdóttir vefstýra (hlutastarf).
- Þrjú doktorsnemar í fötlunarfræðum tengjast rannsóknasetrinu (auk Eiríks sem talinn er að ofan).
- Nokkrir MA-nemar í fötlunarfræðum unnu að verkefnum í hlutastarfi, bæði að rannsóknaverkefnum á vegum setursins og verkefnum fjármögnuðum af Nýsköpunarsjóði námsmanna eða Vinnumiðlun.
- Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Háskólann á Akureyri, var í samstarfi um rannsóknir og ráðstefnuhald.

Rannsóknir

Rannsóknasetrið tók þátt í þremur stórum alþjóðlegum verkefnum og nokkrum innlendum á árinu 2010. Rannveig Traustadóttir var ábyrgðarmaður þeirra allra.

- Evrópuverkefnið ANED, A Network of European Disability Experts. Fjármagnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (þátttakendur voru allar ESB- og EFTA-þjóðir).
- Evrópuverkefnið Fundamental Rights of People with Intellectual Disabilities and Mental Health Problems. Fjármagnað af Fundamental Rights Agency of the European Union (þátttakendur eru allar 27 aðildarþjóðir ESB).
- Norrænt öndvegissetur um velferðarrannsóknir, REASSESS, Nordic Centre of Excellence: Reassessing the Nordic Welfare Model. Fjármagnað af NordForsk (þátttakendur eru allar Norðurlandþjóðirnar).

Ný innlend verkefni á árinu 2010

- Verkefnið Jafnrétti til náms: Fatlaðir nemendur við Háskóla Íslands. Verkefnið er unnið í samvinnu við Lagadeild og styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannsóknasetri í fötlunarfræðum og Vinnumálastofnun. Verkefnisstjóri: Hanna Björg Sigurjónsdóttir.
- Verkefnið Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja. Rannsóknaverkefnið er unnið í tilefni af Evrópuári 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun. Fjármagnað af styrkjum frá Evrópuárinu í gegnum velferðarráðuneytið (sem þá hét félags- og tryggingamálaráðuneytið). Verkefnið unnið í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands. Verkefnisstjóri: Rannveig Traustadóttir.
- Rannsóknaverkefni sem unnið er að beiðni velferðarráðuneytisins vegna

yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Verkefnið felst í því að kortleggja aðstæður fatlaðs fólks á þessum tímamótum þannig að unnt verði að meta árangur af yfirfærslunni. Unnið í samstarfi Félagsvísindastofnunar, Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum og Stofnunar stjórnsýslu og stjórnmála. Verkefnisstjóri: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir.

Samstarfssamningur um rannsóknir og kennslu í fötlunarfræðum

Í júní 2010 var undirritaður samningur við Öryrkjabandalag Íslands um kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræða. Framlag ÖBÍ er 6 m.kr. á ári í tvö ár, alls 12 m.kr., sem skiptist jafnt milli námsbrautar í fötlunarfræðum og Rannsóknasetursins.

Kynningarstarfsemi

Fyrirlestrar

Tveir erlendir fræðimenn komu til landsins á vegum fötlunarfræða og héldu fyrirlestra:

- Jan Tössebro, prófessor við NTNU, Norwegian University of Science and Technology, hélt erindið Defining Disability: Theoretical and Measure Issues.
- Maurice Feldman, prófessor við Brock University í Ontario í Kanada, hélt erindið Preventing Child Neglect: Competence-Based Assessment and Intervention for Parents with Learning Difficulties and Their Children.

Ráðstefnur og málþing

- Ráðstefna á Grand-hótel Reykjavík í mars 2010, haldin í samvinnu við Félag um fötlunarrannsóknir, og nefndist hún Mannréttindi og sjálfstætt líf.
- Samstarf við Manchester Metropolitan University um að skipuleggja ráðstefnuna Theorising Normalcy and the Mundane sem haldin var í maí 2010 við Manchester Metropolitan University.
- Málþing á Grand-hótel Reykjavík í september 2010: Málefni fatlaðs fólks á tímamótum, í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Samband íslenskra sveitarfélaga og félags- og tryggingarmálaráðuneytið.
- Málþing haustið 2010 í Háskóla Íslands um jafnrétti til náms í samvinnu við ráð um málefni fatlaðra, jafnréttisnefnd: Réttur til náms: réttur og raunveruleiki fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands.

Hagfræðistofnun

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar eru Ragnar Árnason, formaður, Tór Einarsson, Þórólfur Matthíasson, Jón Ásbergsson og einn fulltrúi frá Ökonomiu, félagi hagfræðinema við Háskóla Íslands. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar er Sveinn Agnarsson og tók hann við af Gunnari Haraldssyni í ársbyrjun, en Gunnar hvarf þá til starfa hjá OECD. Aðrir fastir starfsmenn við stofnunina eru Sigurður Jóhannesson og Jónas Hlynur Hallgrímsson. Þá störfuðu fimm til sjö lausráðnir starfsmenn við stofnunina að jafnaði. Flestir þeirra eru í grunn- eða meistaranámi í hagfræði eða hafa nýlengi prófi en stofnunin hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér grunnatriði í fræðilegri rannsóknavinnu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega komið að ýmsum verkefnum Hagfræðistofnunar.

Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að rannsóknaverkefni Deepfishman (sjá <http://deepfishman.hafro.is/doku.php>), sem styrkt er af sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. Franska hafrannsóknastofnunin IFREMER leiðir verkið sem rannsóknastofnanir frá 12 Evrópulöndum eiga aðild að. Deepfishman er þriggja ára verkefni sem ætlað er að kanna ýmsa þætti tengda veiðum á djúpsjávafiskistofnum. Verkinu lýkur árið 2012.

Hagfræðistofnun gerðist á árinu aðili að tveimur evrópskum rannsóknahópum, annars vegar European Network of Experts on Employment and Gender Equality Issues og hins vegar European Employment Observatory.

Á árinu 2010 voru gefnar út eftirtaldar sex rannsóknaritgerðir í ritröð Hagfræðistofnunar:

- W10:06 Kári S. Friðriksson og Gylfi Zoëga: Advertising as a Predictor of Investment.
- W10:05 Helga Kristjánsdóttir og Sverrir Kristján Þorvaldsson: Icelandic

Development Assistance: A Comparative Assessment.

- W10:04 Þórhildur Ólafsdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir: Does Month of Birth Affect Individual Health and Educational Attainment?
- W10:03 Gylfi Magnússon: Lessons from a Small Country in a Financial Crisis.
- W10:02 Ólafur G. Halldórsson og Gylfi Zoëga: Iceland's Financial Crisis in an International Perspective.
- W10:01 Ju-Fu Chen og Gylfi Zoëga: Life-Cycle, Effort and Academic Deadwood.

Þjónustuverkefni

Hagfræðistofnun tók að sér fjölmörg þjónustuverkefni á árinu 2010 og vann m.a. eftirfarandi skýrslur:

- C10:01 Ástand og horfur á húsnæðismarkaði.
- C10:02 Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða.
- C10:03 Áhrif Keflavíkurflugvallar og Ásbrúar á atvinnuástand á Suðurnesjum.
- C10:04 Skilvirkni markaða fyrir aflaheimildir.
- C10:05 Staða og horfur garðyrkjunnar: Ísland og Evrópusambandið.
- C10:06 Notendastýrð persónuleg aðstoð og kostnaður við þjónustu við aldraða og fatlaða.
- C10:07 Opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla.
- C10:08 Gjaldtaka fyrir notkun samgöngumannvirkja.

Flestar skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar, www.ioes.hi.is, og á heimasíðu Byggðastofnunar er einnig að finna skýrslu um hagvöxt landshluta 2003–2008 sem Hagfræðistofnun vann í samvinnu við Byggðastofnun.

Starfsmenn stofnunarinnar héldu fjölmörg erindi jafnt innan lands sem utan á árinu, tóku þátt á ráðstefnum og gáfu álit við ýmis tækifæri. Þá voru starfsmenn Hagfræðistofnunar áberandi í fjölmiðlaumfjöllun um efnahagsmál bæði hérlendis og erlendis.

Lagastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð fyrri hluta árs 2010: Stefán Már Stefáns-son prófessor, formaður, Páll Sigurðsson prófessor, Ragnheiður Bragadóttir prófessor, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Jón Gunnar Ásbjörnsson laganemi, meðstjórnendur. Seinni hluta árs hætti Stefán Már í stjórn og María Elvira Méndez-Pinedo prófessor var kosin í stjórn auk þess sem Eyvindur G. Gunnarsson lektor var kosinn varamaður. Forstöðumaður var María Thejll hdl.

Rannsóknir

Lagastofnun vann eftirgreindar álitstærðir, skýrslur og frumvörp á árinu:

- Álitstærð fyrir Landssamband veiðifélaga um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga.
- Álitstærð fyrir Kópavogskaupstað um lagalega stöðu sveitarfélaga gagnvart kostnaði sem fellur á kjörna fulltrúa vegna meidyrðamála sem höfðuð eru gegn þeim persónulega.
- Skýrsla fyrir nefnd um erlenda fjárfestingu um fjárfestingar Magma Energy Sweden AB í HS Orku hf.
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/2002 um útlendinga, með síðari breytingum, fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Málstofur, fræðafundir og ráðstefnur

- 13. janúar: Opinn fundur í samvinnu við Orator, félag laganema. Eiríkur Tómasson prófessor: Á þjóðin að setja lög? Beint lýðræði eða fulltrúalýðræði? Björg Thorarensen prófessor: Valkostir um að vísa málum til þjóðarinnar. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor: Þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarviljinn.
- 4. mars: Málstofa. Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins: State Aid to Banks in the Financial Crisis.
- 26. maí: Opinn fundur. Carlo van Heuckelom, deildarstjóri fjármunarannsóknardeildar EUROPOL, og Roger Fuller, fyrirverandi lagasérfræðingur við Asset Recovery Agency og SOCA í Bretlandi: Eignaupptaka án sakfellingar.
- 1. september: Málstofa í samvinnu við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Hrefna Friðriksdóttir lektor, Heimir Örn Herbertsson hrl. og Gunnar Matthíasson, formaður fagræðs Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota: Tilkynningarskylda – trúnaðarskylda.
- 20. september: Opinn fundur í samstarfi við Orator, félag laganema. Eyvindur

G. Gunnarsson lektor og Benedikt Bogason dósent: Dómur Hæstaréttar í máli um vexti af gengistryggðum lánum.

- 6. október: Opinn fundur í samstarfi við Rauða kross Íslands. Antoine A. Bouvier, lögfræðingur hjá Alþjóðaráði Rauða krossins: Mannúðarréttur.
- 20. október: Opinn fundur í samvinnu við Sakfræðifélag Íslands. Vagn Greve, prófessor við Copenhagen Business School: Trends in Modern Criminal Law Politics.
- 16. nóvember: Opinn fundur í samvinnu við Sakfræðifélag Íslands. Beth Grothe Nielsen: Lolita – A Stereotype for the Victimized Girl.
- 24. nóvember: Málstofa. Sigurður Líndal, prófessor emeritus: Áhrif rómversks réttar og kristinna hugmynda á Grágás. Rannsóknir Þjóðverja á íslenskri réttarsögu. Hans Henning Hoff hdl.: Hafliði Másson og áhrif rómversks réttar og kristinna hugmynda á Grágás.

Annað – Kynningarefni um Icesave

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti leitaði til Lagastofnunar um að semja hlutlaust kynningarefni vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninga. Stofnunin samdi og ritstýrði texta í prentuðum kynningarbæklingi sem dreift var á öll heimili í landinu. Lagastofnun sá einnig um að setja upp kynningarvef með sama texta og í kynningarbæklingi auk þess sem þar var ítarlegri umfjöllun um samningana og annað efni sem tengdist málinu.

Mannréttindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Mannréttindastofnunar var þannig skipuð árið 2010: Björg Thorarensen prófessor við Lagadeild, formaður, Hjördís Hákonardóttir, fyrrv. hæstaréttar-dómari, Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Varamenn í stjórn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Leifsson, lektor við Lagadeild. Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl.

Rannsóknir

Rannsókn um þjóðaratkvæðagreiðslur

Mannréttindastofnun fékk á árinu styrk frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, til að rannsaka beina þátttöku kjósenda í lagasetningu og töku ákvarðana um málefni sem varða hag almennings. Dóra Guðmundsdóttir, LL.M. og aðjunkt við Lagadeild Háskóla Íslands, framkvæmdi rannsóknina, sem fólst í því að bera saman ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrám 29 Evrópuríkja auk Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að kanna inntak og þróun stjórnarskrárákvæða um þjóðaratkvæðagreiðslur undanfarna áratugi og það hvernig sú þróun tengist hugmyndum um beint lýðræði. Í niðurstöðunum er stjórnarskrárákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslur lýst, einkum:

- í hvaða tilvikum stjórnarskrár mæla fyrir um að tiltekin mál fari alltaf í þjóðaratkvæðagreiðslu,
- hvenær halda má þjóðaratkvæðagreiðslu,
- hvenær stjórnarskrárákvæði setja skorður við því að atkvæðagreiðsla fari fram um tiltekin málefni,
- frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslum.

Þá eru stjórnarskrárákvæðin skoðuð með tilliti til þess hvort niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu eru bindandi eða ráðgefandi og hvort gerðar eru kröfur um lágmarkspáttöku eða annar þröskuldur settur til þess að atkvæðagreiðslan teljist gild. Loks er fjallað um önnur úrræði, þ.e. reglur um tillögurétt og þjóðarfrumkvæði, en í því felst að ákveðinn fjöldi kjósenda getur krafist atkvæðagreiðslu um tiltekið málefni eða tiltekin lög.

Kynningarstarfsemi – Útgáfa

Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu. Í tímaritinu eru reifaðir valdir dómur sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða sáttmálans. Þá eru teknir með dómur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskan rétt, einkum í málum gegn hinum Norðurlöndunum þar sem oft er til umfjöllunar löggjöf eða ákvarðanir sem eiga hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Loks eru birtar í heild sinni í íslenskri þýðingu ákvarðanir og dómur í kærumálum gegn íslenska ríkinu.

Annað hefti ársins 2009, en þar eru reifaðir dómur uppkveðnir á tímabilinu júlí til desember 2009, kom út í apríl 2010. Fyrsta hefti ársins 2010, með dómum frá janúar til júní 2010, kom út í október 2010.



Ráðstefnur og fundir

- 16. júní: Opinn fundur í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Navanethem Pilley, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna: Efling og verndun mannréttinda.
- 5. nóvember: Opinn fundur í samvinnu við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Ann-Cathrin Jungar, dósent við Södertörn-háskóla, og Bruno Kaufmann, forseti Evrópustofnunar um þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæðagreiðslur: National Initiative and Referendums – Means to Strengthen Democracy.

Annað

Norrænt doktorsseminar

Dagana 6.–10. september var haldið norrænt doktorsseminar í samvinnu Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, Mannréttindastofnunar Noregs og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þar var fjallað um það hvort ríki eigi að staðfesta mannréttindasamninga. Þátttakendur voru flestir frá Norðurlöndunum.

Styrkir til framhaldsnáms í mannréttindum

Mannréttindastofnun auglýsti eftir umsóknum um styrki til framhaldsnáms í mannréttindum og bærust þrjár umsóknir, sem allar voru mjög frambærilegar. Var styrkuppheðinni, 500 þ.kr., því skipt á milli umsækjenda, sem voru:

- Gunnar Narfi Gunnarsson, meistaranemi við lagadeild háskólans í Lundi,
- Erna Margrét Þórðardóttir, meistaranemi við lagadeild háskólans í Lundi,
- Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, meistaranemi við lagadeild Columbia-háskóla.

Rannsóknastofa í Evrópurétti

Almennt yfirlit og stjórn

Engar breytingar á stjórn stofnunarinnar urðu á árinu 2010.

Rannsóknir

Nokkrum rannsóknaverkefnum var lokið á árinu 2010.

- Hlutverk dómstóla við að tryggja réttindi einstaklinga sem leiða af Evrópurétti: Íslensk sjónarhorn. Rannís styrkti rannsóknina sem tekur til árána 2010–2012 (3.280 þús.kr. á árinu 2010). Framhald á rannsókn um lög í Evrópusambandinu og á Evrópska efnahagssvæðinu II (e. Judicial Protection of European Individual Rights in EU and EEA Law: An Icelandic Perspective). Aðalrannsakandi: María Elvira Méndez-Pinedo. Aðstoðarrannsakandi: Ólafur Ísberg Hannesson, doktorsnemi við Evrópsku háskólastofnunina.
- Access to Justice in Icelandic and European Law: A Comparative Perspective (2010–2012).
- Access to Justice in European and Icelandic Law. Fyrsti hluti. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2010 (750 þús.kr.). Matthea Oddsdóttir aðstoðarrannsakandi rannsakaði íslenska hlutann.
- Access to Justice and Non-Discrimination in European Law. Annar hluti: Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland. Þátttöku stofunnar í rannsóknaverkefninu stjórnaði Brynhildur Flóvenz dósent. Verkefninu var stjórnað af Mannréttindaskrifstofu Íslands. Evrópusambandið styrkti verkefnið um 99 þús. evrur á árinu 2010. María Elvira Méndez-Pinedo hafði yfirumsjón með verkefninu. Á árinu lauk teymi 18 erlendra og innlendra rannsakenda verkefninu sem fjallaði um nýjustu strauma og verkefni í evrópskum jafnréttislögum og íslenskum lögum gegn mismunun svo að hægt sé að semja og hrinda í framkvæmd alhliða lagasetningu um jafnrétti á Íslandi með hliðsjón af nýjustu reglugerðum Evrópusambandsins gegn mismunun.

Um útgáfu og fyrirlestra Mariu Elviru Méndez-Pinedo, stjórnarformanns stofunnar, sjá heimasíðu stofunnar.

Gestafyrirlestur

30. júlí. Ruth Rubio-Marín, prófessor við Evrópsku háskólastofnunina og háskólann í Sevilla: European Contemporary Approaches to Non-Discrimination.

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti var sett á laggirnar síðla árs 2009 og hóf starfsemi vorið 2010. Stofan lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er til þriggja ára. Stjórnina skipa Aðalheiður Jóhannsdóttir, formaður, Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður og Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur og doktorsnemi við Lagadeild. Hlutverk stofunnar er að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, efla samvinnu innanlands og utan, styðja við þátttöku meistara- og doktorsnema í rannsóknum á fræðasviðinu, svo og kynning og birting niðurstaðna rannsókna á sviðinu.

Rannsóknir

Á vegum stofunnar er m.a. unnið að útgáfu heildstæðs rits um íslenskan umhverfis- og auðlindarétt og er stefnt að útgáfu í lok ársins 2011. Jafnframt er unnið að öðrum umfangsminni rannsóknaverkefnum á sviði umhverfisréttar Evrópusambandsins vegna innleiðingar tiltekinna tilskipana á þessu sviði í íslenskan rétt. Á árinu 2010 var unnið að rannsókn á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar, nánar tiltekið á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og var það gert í samvinnu nokkurra fræðimanna. Samstarfinu lauk með útgáfu tímaritsgreinar. Höfundar hennar eru Aðalheiður Jóhannsdóttir, Ian Cresswell og Peter Bridgewater. Greinin nefnist *The Current Framework for International Governance of Biodiversity: Is It Doing More Harm than Good?* og er hún birt í tímaritinu *RECIEL* 19 (2) 2010, bls. 139–149. Greinin er aðgengileg á heimasíðu stofunnar.

Kynningarstarfsemi

Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna margvíslegt efni á sviði umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. lista yfir ýmsar áhugaverðar heimasíður, opinberar áætlanir sem máli skipta, gagnagrunna, þ.m.t. ECLOLEX og Directory of Open Access Journals, og alþjóðleg tengslanet, þ.m.t. NELN (e. Nordic Environmental Law Network). Einnig er á heimasíðu virk upplýsingamiðlum fyrir doktorsnema og aðra sem varðar ráðstefnur, námskeið og styrki. Heimasíða stofunnar er http://www.lagastofnu.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti.

Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum

Forstöðumaður setursins er Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Honum til aðstoðar hafa verið Snorri G. Bergsson MA, sagnfræðingur, Sigurgeir Orri Sigurgeirsson BA, bókmenntafræðingur, umbrotsmaður og kvikmyndagerðarmaður, Friðbjörn Orri Ketilsson hagfræðinemi og George Leite laganemi.

Setrið lauk 2009 við rannsóknaverkefni um skattamál og hófst þá þegar næsta verkefni þess, Umhverfisvernd, eignaréttindi og auðlindanýting. Umsjón hefur forstöðumaður.

Rannsóknir

Umsjónarmaður setursins flutti fyrirlestur undir heitinu Skapa eigendur auðlindar engan arð? í Þjóðarspeglinum 29. október 2010 og birtist hann í ráðstefnuriti Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þá vann umsjónarmaður verkefnisins í nokkra mánuði að rannsóknum á nýtingu auðlinda í Rio de Janeiro í Brasilíu, en þar er hann í samstarfi við Millenium Institute, Cato Institute (Brasilíudeild) og Friedrich Naumann Stiftung í Sao Paulo.

Kynningarstarfsemi

Bókin Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör kom út seint á árinu hjá Bókafélaginu og geymir helstu niðurstöður rannsóknaverkefnisins um skattamál. Auk ritgerðarinnar Skapa eigendur auðlindar engan arð? í ráðstefnuriti Félagsvísindastofnunar er í verkefninu Umhverfisvernd, eignaréttindi og auðlindanýtingu unnið að ýmsum ritgerðum sem birtast munu í tímaritum árið 2011 og bók undir vinnuheitinu Frelsið er grænt, sem áætlað er að birtist árið 2012 hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Einnig er unnið að handriti heimildarmyndar fyrir sjónvarp undir vinnuheitinu Raddir vorsins fagna.

Annað

Setrið fékk styrk frá fjármálaráðuneytinu og úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands vegna rannsóknaverkefnisins í skattamálum en unnið er að því að útvega fjármagn í rannsóknaverkefnið í umhverfismálum. Setrið er til húsa á skrifstofu forstöðumanns í Odda.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni var þannig skipuð árið 2010: Hrefna Friðriksdóttir, frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, frá Heilbrigðisvísindasviði, Guðrún Kristinsdóttir, frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir, frá Félagsráðgjafardeild og Vilhjálmur Árnason, frá Hugvísindasviði. Forstöðumaður í 50% starfi er Þórhildur Líndal lögfræðingur. Árið 2010 var fyrsta heila starfsár stofnunarinnar en hún hóf formlega starfsemi sína 1. nóvember 2009.

Rannsóknir

Um mitt ár 2010 fékk Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, í samvinnu við Félagsráðgjafardeild og Menntavísindasvið, 2.2. m.kr. styrk úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar til að rannsaka einelti meðal barna. Þrjú meistaranemar á sviði lögfræði, félagsráðgjafar og menntavísinda hafa fengið úthlutað styrkjum af ofangreindu fé til að vinna að þessu verkefni, sem m.a. felst í því að skrifa meistararitgerðir undir handleiðslu umsjónarkennara hlutaðeigandi deildar og í framhaldinu vinna að sameiginlegri skýrslu um helstu niðurstöður, sem birtar verða opinberlega haustið 2011. Sérstök verkefnisstjórn stýrir rannsóknavinnunni. Í henni eiga sæti Hrefna Friðriksdóttir, dósent í Lagadeild, Halldór S. Guðmundsson, lektor í Félagsráðgjafardeild, og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, en þau eru jafnframt öll leiðbeinendur við samningu meistararitgerðanna. Brynja Bragadóttir, vinnu- og heilsusálfræðingur, starfar með stjórninni en formaður hennar er Þórhildur Líndal.

Á árinu 2010 gerði Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr samning við þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra um samningu frumvarps til breytinga á lögum um staðfesta samvist o.fl. (ein hjúskaparlög). Verkefninu lauk í mars það ár. Annar samningur var gerður af hálfu Rannsóknastofnunarinnar við sama ráðuneyti um gerð skýrslu um ættleiðingar á Íslandi. Í lok desember 2010 var viðamikilli skýrslu um málefnið skilað til ráðuneytisins, sem stefnir á að gefa hana út, á prenti, á árinu 2011.

Kynningarstarfsemi

Ármann Snævarr lést hinn 15. febrúar 2010 og til að heiðra minningu hans ákvað stjórn Rannsóknastofnunarinnar að gefa út, í samstarfi við Bókaútgáfuna Codex, fræðirit sem fjallar á breiðum grundvelli um fjölskyldumálefni á þverfræðilegan hátt. Ritnefnd skipuðu: Hrefna Friðriksdóttir, Valborg Snævarr hrl. og Þórhildur Líndal, sem jafnframt var ritstjóri. Á þriðja tug fræðimanna, lögfræðingar, m.a. úr hópi kennara við Lagadeild, sem og aðrir sérfræðingar innan háskólans, auk fjögurra norrænna fræðimanna, skrifa greinar í ritið og stefnt er að útkomu þess þegar ár er liðið frá dánardægrí Ármanns heitins, hinn 15. febrúar 2011. Um helmingur höfunda hefur óskað eftir að greinar þeirra verði ritrýndar. Auk fræðigreinnanna verður að finna í ritinu ýmislegt annað fróðlegt efni. Ritið ber titilinn Heiðursrit – Ármann Snævarr – 1919–2010.

Í tilefni af umræðu um svokallað „biskupsból“ ákvað Rannsóknastofnunin að efna til málstofu sem nefndist Trúnaðarskylda – tilkynningarskylda. Erindi fluttu Hrefna Friðriksdóttir, Heimir Örn Herbertsson hrl. og Gunnar Matthíasson, sjúkrahúsprestur og formaður fagræðs Þjóðkirkjunnar í kynferðisbrotamálum. Málstofan var haldin í samvinnu við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Rannsóknastofnunin boðaði einnig til málþings sem nefnt var Samræða um fjölskyldumálefni en markmiðið var að finna samhljóm milli fulltrúa unga fjölskyldufólksins og fræðimanna innan Háskóla Íslands svo að rannsóknir leiði til raunverulegra úrbóta fyrir íslenskt samfélag í þágu fjölskyldunnar. Hugleiðingar fluttu Guðný Eydal, Jón Torfi Jónasson, Röbert R. Spanó, Sigurður Guðmundsson og Sólveig Anna Bóasdóttir. Háskólanemar frá ýmsum fagsviðum ræddu saman og svöruðu spurningum sem framangreindir deildar- og sviðsforsetar vörpuðu fram í lok hugleiðinga sinna. Niðurstöður þessarar samræðu hafa m.a. verið birtar á heimasíðu Orators, félags laganema, og á student.is.

Annað

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr var við stofnun tryggt rekstrarfé af fjármunum Háskóla Íslands til þriggja ára, auk þess sem Lagadeild samþykkti sérstaklega að leggja fram fasta fjárhæð til sama tíma. Þessi fjárveiting dugar þó rétt fyrir launum forstöðumanns í hálfu starfi. Til að geta gegnt fjölpættu hlutverki sínu er stofnuninni því lífsnauðsynlegt að afla styrkja og taka að sér ýmiss konar þjónustuverkefni, s.s. fyrir opinberar stofnanir.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun, starfrækt á vegum Stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands, sem sjálfstæður aðili en í tengslum við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Hún hóf starfsemi sína á árinu 2003.

Stjórn

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Í henni eiga sæti Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, Ómar H. Kristmundsson prófessor, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari, Ólafur P. Harðarson prófessor, Trausti Fannar Valsson lektor og Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra. Sú breyting varð á starfsárinu að Ómar H. Kristmundsson tók við af Gunnari Helga Kristinssyni sem formaður stjórnar stofnunarinnar á haustdögum 2010.

Nýr forstöðumaður

Í janúar 2010 tók Ásta Möller við starfi forstöðumanns stofnunarinnar af Margrét S. Björnsdóttur sem hafði starfað sem forstöðumaður frá upphafi. Forstöðumaður er í fullu starfi. Margrét S. Björnsdóttir starfaði sem verkefnastjóri við stofnunina í 20% starfi til 31. ágúst 2010. Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á 2. hæð í Gimli.

Fjármál

Föst framlög til stofnunarinnar á árinu 2010 voru 2,5 m.kr. Að öðru leyti er fjármagns til rekstrar aflað með verkefnum sem stofnunin vinnur að, m.a. skipulagningu og umsjón með málþingum og námskeiðum, rannsóknaverkefnum og öðrum verkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og styrkjum. Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2011 var um 17 m.kr. Rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi á árinu.

Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála leggur sig fram um að leita samstarfs við þá sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála. Stofnunin er formlega rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er það samstarf mikilvægur styrkur fyrir starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt hefur stofnunin víðtækt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend eftir því sem tilefni gefast. Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum og eru þeir þar í samstarfi við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. ráðuneyti, stjórnsýslustofnanir, eins og Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun, og aðrar opinberar stofnanir en einnig stjórn málaflökka, stéttarfélög og önnur félagasamtök, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Sérstaklega skal nefna samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana en það hefur leitt af sér viðamikla og farsæla samvinnu um fræðslu og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Jafnframt hefur stofnunin átt gott og náð samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórn málafræðinga m.a. við skipulagningu á opnum viðburðum er varða áhugasvið aðila.

Stofnunin leggur áherslu á að horfa til annarra landa um stjórnsýslu og stjórn mála og hefur hún verið í margvíslegu samstarfi í þá veru. Á hverju ári koma m.a. til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, alþjóðasamtökum, stjórnsýslu og stjórn málum sem hafa haldið opna fyrirlestira á vegum stofnunarinnar. Sem dæmi um samstarfsverkefni stofnunarinnar má nefna að á haustdögum 2010 átti stofnunin frumkvæði að umfangsmiklu samstarfi margra aðila vegna flutnings málaflökks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010–2011. Þar starfaði stofnunin m.a. með Rannsóknasetri í fötlunarfræðum, viðkomandi ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga en einnig hagsmunaaðilum, s.s. Öryrkjabanda-

laginu og Proskahjálpi. Afrakstur samstarfsins var m.a. málþing um flutning á málefnum fatlaðra á haustdögum 2010, sem um 350 manns sóttu, og rannsóknaverkefni um mat á faglegum ávinningi af flutningi málaflokksins milli stjórnsýslustiga (sjá síðar).

Eitt af samstarfsverkefnum stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar var skipulagning og stjórnun á starfsdegi þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í júní 2010 í tilefni af 5 ára afmæli þeirra. Verkefnið var að gera stöðumat á starfsemi þar sem lögð var áhersla á að draga fram reynslu þeirra sem þar starfa með því að beita aðferðafræði sem kölluð er „appreciative inquiry“ og þýdd hefur verið sem „verðleikagreining“. Á starfsdeginum voru m.a. leiddir saman stjórnendur og fagstjórar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og háskólafróðir frá Félagsvísindasviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Málþing, ráðstefnur, opnir fyrirlestrar og námskeið

Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópur þessarar fræðslu og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Þá stendur stofnunin fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórnmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila, m.a. stofnanir og deildir innan háskólans, ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, ráðgjafarfyrtæki og félagasamtök. Á árinu 2010 voru haldnir um 30 slíkir atburðir og sóttu þá hátt á þriðja þúsund manns.

Rannsóknaborð í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum

Rannsóknaborð í stjórnmála- og stjórnsýslufræðum tók til starfa snemma árs 2010 en það er samstarfsvettvangur kennara Stjórnmálafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Tilgangur rannsóknaborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnmála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórnmál og vera vettvangur miðlunar, þekkingar og hagnýtrar reynslu.

Fundir rannsóknaborðs hafa að jafnaði verið haldnir mánaðarlega. Hlutverk stofnunarinnar hefur verið að skipuleggja þennan vettvang, sinna rannsóknum og aðstoð við rannsóknir. Jafnframt sér stofnunin um kynningu rannsókna og niðurstaðna þeirra meðal annars með útgáfu, fundum og ráðstefnum.

Rannsóknir

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur á undanförunum árum veitt kennurum Stjórnmálafræðideildar aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknaverkefna. Viðamest hafa verið tvö stór rannsóknaverkefni, Stjórnun og starfs- umhverfi ríkisstofnana 2006–2008 og Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007–2010, sem bæði voru unnin í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands. Á árinu 2010 vann stofnunin að tveimur rannsóknaverkefnum sem voru afrakstur samstarfs við Félagsvísindastofnun. Annars vegar hafði stofnunin umsjón með fjölmiðlagreiningu á rannsókninni „RAPID: A Referendum on Dept. The Political Economy of Icesave“ en sú rannsókn var gerð fyrir University of Colorado í Boulder í Bandaríkjunum. Þá starfaði stofnunin með Félagsvísindastofnun og Rannsóknasetri í fötlunarfræðum að viðamiklu verkefni fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) við að meta faglegan ávinning af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Á árinu 2010 var hafinn undirbúningur að samstarfi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar að Evrópuverkefninu EGOV4U eða „Rafrænar lausnir fyrir alla“, sem er þriggja ára verkefni og felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Stjórnmál og stjórnsýsla – veftímaritið www.stjornmalogstjornsysla.is

Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er að stuðla að rannsóknum og faglegri sem fræðilegri umræðu um íslensk stjórnmál og stjórnsýslu. Í því skyni hefur stofnunin gefið út veftímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla frá árinu 2005. Tvö tölublöð koma út á ári hverju, í júní og desember, og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni www.stjornmalogstjornsysla.is. Prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Höfundar efnis eru

fræðimenn í stjórnmálafræði, stjórnsýslufræði, hagfræði, viðskiptafræði, sagnfræði, kynjafræði, lögfræði, félagsfræði, stjórnunarfræði, sálfræði, fötlunarfræði, fjölmiðlafræði og fleiri tengdum greinum. Þá hafa stjórnmálamenn, embættismenn og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lagt tímaritinu til efni m.a. í almennum greinum. Bókadómar eru jafnframt fastur þáttur í útgáfunni. Í 6. árgangi 2010 birtust alls 11 ritryndar greinar og 9 greinar almenns eðlis. Í desemberhefti tímaritsins birtust jafnframt 14 ritdómar um bækur sem komu út á árinu á sviði stjórnmála og stjórnsýslu.

Gert var átak á árinu 2010 í að fjölga áskrifendum að tímaritinu til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Tókst vel til og fjölgaði áskrifendum nokkuð.

Ritstjórar tímaritsins eru Arnar Þór Másson, Gunnar Helgi Kristinsson, Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir. Vefstjóri er Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur. Að auki starfar ráðgefandi ritstjórn að tímaritinu.

Nýsköpun í opinberum rekstri og nýsköpun í þjónustu við aldraða

Á árinu 2010 var aukin áhersla lögð á að vinna að framgangi hugmynda um nýsköpun í opinberum rekstri. Á vordögum 2010 var undirritað samkomulag milli stofnunarinnar, Rannís og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um samstarf um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri m.a. með því að standa saman að námskeiðahaldi, ráðstefnum, þróunarverkefnum, rannsóknum og skapa umræðuvettvang fræðimanna og þeirra sem daglega starfa við opinbera þjónustu. Jafnframt tók stofnunin upp samstarf við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Landssamband eldri borgara á haustdögum 2010 um að vinna saman að verkefnum sem lúta að nýsköpun í þjónustu við eldri borgara m.a. með námskeiðahaldi, ráðstefnum, málþingum og rannsóknaverkefnum.

Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu

Stofnunin hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnsýslu og hefur tekist vel til og nemendum fjölgað jafnt og þétt. Nemendur eru nú um 200 talsins. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og margir þeirra eru í störfum innan stjórnsýslunnar samhliða námi. Stjórnmálafræðideild hefur verið í fararbroddi að bjóða upp á fjarnám og hefur það sérstaklega gagnast nemendum í opinberri stjórnsýslu en um 40 fjarnemar eru skráðir í námið og búa þeir utan höfuðborgarsvæðisins og erlendis.

Sérniðið diplómanám fyrir stjórnendur í opinberum rekstri og stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Á árinu 2009 var gerður samstarfssamningur milli fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands um þróun sérniðs diplómanáms fyrir núverandi og verðandi stjórnendur hins opinbera. Námið hófst haustið 2009.

Vorið 2010 var síðan gerður samstarfssamningur um nýja námsleið fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu háskólaárið 2010–2011, sem er sérstaklega skipulögð með þarfir núverandi og verðandi stjórnenda í heilbrigðisþjónustu í huga. Námið er ætlað þeim sem vilja efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluti af opinberum rekstri.

Samstarfsaðilar Stjórnmálafræðideildar innan háskólans um námið eru Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið en samstarfsaðilar í heilbrigðisþjónustu eru velferðarráðuneytið, Landspítalinn, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hafði forgöngu um þessar námsleiðir og annast framkvæmd samstarfssamninga vegna þeirra. Námsleiðirnar eru hluti af meistaranámsframboði Stjórnmálafræðideildar og lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með diplómagráðu. Kjósi nemendur að halda áfram námi og ljúka MPA-gráðu fá þeir diplómanámið að fullu metið.

Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR

Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR verður haldin dagana 25.–27. ágúst 2011 og hefur stofnunin umsjón með skipulagningu ráðstefnunnar innanlands í samstarfi við Stjórnmálafræðideild. Áætlað er að um 2.300 stjórnmálafræðingar víða úr heiminum sækji ráðstefnuna. Ráðstefna af þessari stærð kallar á margra ára undirbúning og miðaði honum vel á árinu 2010.

Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, m.a. atburði á hennar vegum. Þar er einnig að finna upplýsingar um rannsóknáherslur fræðimanna deildarinnar.

Viðskiptafræðistofnun

Almennt

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Viðskiptafræðistofnun hvetur til hagnýtra og fræðilegra rannsókna, stendur að útgáfu rita og býður upp á vettvang fyrir kynningar og umræðu um rannsóknir á sviði viðskipta. Viðskiptafræðistofnun hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á alþjóðlegt rannsóknasamstarf og leggur metnað sinn í að viðhalda góðum tengslum við erlenda fræðimenn, jafnframt því sem stöðugt er unnið að því að mynda ný tengsl, bæði erlendis og innan lands. Viðskiptafræðistofnun annast einnig umsýslu með MBA-námi og námskeiðum í viðskiptafræðum á BS-stigi sem ætlað er nemandum sem jafnframt eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Stjórn og starfsfólk

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar eru Þórhallur Guðlaugsson formaður, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Jón Snorri Snorrason, Runólfur Smári Steinþórsson og Þóra Christiansen. Auður Hermannsdóttir var forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar árið 2010. Magnús Pálsson er forstöðumaður MBA-námsins og námskeiða í viðskiptafræðum á BS-stigi. Aðrir starfsmenn eru Ester Rós Gústavsdóttir, verkefnisstjóri MBA-náms og námskeiða á BS-stigi, og Lena Heimisdóttir, verkefnisstjóri rannsóknaverkefna.

Rannsóknir

Á árinu tók Auður Hermannsdóttir þátt í rannsóknaverkefninu COBEREN en það er samstarfsverkefni rannsakenda frá 31 landi í Evrópu og er styrkt af Evrópusambandinu. Markmið verkefnisins er að þróa þekkingargrunn um neytendahegðun (e. consumer behaviour). Rannsóknahópurinn mun beita sömu aðferðafræði í öllum löndunum við að afla gagna um hegðun neytenda. Vinna við rannsóknina hófst árið 2009 og er gert ráð fyrir að henni verði lokið seinni part árs 2012. Þá vann Þórhallur Guðlaugsson að rannsóknaverkefni um Strætó bs. fyrir hönd Viðskiptafræðistofnunar.

Á árinu voru gefnar út tvær ritgerðir, „vinnugreinar“ (e. working papers), í ritróð Viðskiptafræðistofnunar og eru þær birtar á heimasíðu Viðskiptafræðistofnunar, www.ibr.hi.is:

- W10:01 Þórhallur Guðlaugsson og Elísabet Eydís Leósdóttir: Glögg er gests augað, eða hvað?
- W10:02 Þórhallur Guðlaugsson og Margrét Sigurjónsdóttir: Bankahrunið og ímynd Íslands.

Ráðstefnur

Viðskiptafræðistofnun stóð fyrir vorráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði. Var þetta í annað sinn sem ráðstefnan var haldin en hún er vettvangur fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknir á sviði viðskipta til að kynna viðfangsefni sín og niðurstöður. Kynntar voru 17 ritryndar greinar um ólík svið viðskipta, svo sem um fjármál, mannauð, markaðsmál, menningu og stjórnun. Haldið er utan um greinar sem kynntar voru á ráðstefnunni á vef Viðskiptafræðistofnunar: www.ibr.hi.is.

Málstofur

Á árinu 2010 stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir 24 málstofum um rannsóknir. Þær eru vettvangur rannsakenda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar. Eftirtalin erindi voru flutt:

Vorið 2010

- Lára Jóhannsdóttir: Rannsóknaráætlun og leit að rannsóknarspurningu
- Svala Guðmundsdóttir: Geert Hofstede og þjóðmenning
- Árelía Guðmundsdóttir: Leiðtogahæfni
- Gunnar Óskarsson: Miðlun ytri upplýsinga í nýsköpun
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir: Hvað eru gæði? Fagskoðunarkerfi

- Runólfur Smári Steinþórsson: Greining á klösum
- Friðrik Eysteinnsson: Hvað þurfa markaðsstjórar að kunna og geta?
- Sif Jónsdóttir: Kaupréttarsamningar til stjórnenda
- Inga Jóna Jónsdóttir: Kenningarleg viðmið og/eða aðferðafræðilegar vangaveltur
- Bjarni Frimann Karlsson: Samþjöppun endurskoðunarfyritækja

Haustið 2010

- Þór Sigfússon: Evaluating Relationship Portfolios for Internationalizing Entrepreneurs: A Resource Based Approach
- Bragi H. Magnússon: Erlend fjölmiðlaumfjöllun um Ísland og íslenskt atvinnulíf
- Friðrik Eysteinnsson: Samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannastaðar
- Kári Kristinsson: Does a Different View Create Something New?
- Þórhallur Guðlaugsson: Áhrif efnahagshrunsins á ímynd Íslands
- Kristín Atladóttir: Flaggað á tilgátutindi
- Einar Guðbjartsson: Skipan endurskoðunarnefnda
- Friðrik Eysteinnsson: Mikilvægi hæfnisþátta markaðsstjóra og undirbúningur fyrrverandi nemenda
- Gylfi Magnússon: Morguninn eftir Ponzi
- Runólfur Smári Steinþórsson: Rýnt í stefnumótunarferlið
- Kári Kristinsson: Reynsla og samdómaskekkingar í vínsmökkun
- Þór Sigfússon: Áhrif vefsins á samskipti frumkvöðla í sprotafyrirtækjum
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Rannsóknir á verkföllum og verkfallstíðni á Íslandi 1977–2009
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir: Umfang skapandi greina á Íslandi

Rannsóknamiðstöðvar

Innan Viðskiptafræðistofnunar eru starfræktar fimm rannsóknamiðstöðvar. Hver um sig er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu til fræðaheimsins sem og til íslensks þjóðlífs.

- Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði alþjóðaviðskipta þar sem stundaðar eru rannsóknir í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Forsvarsmaður er Snjólfur Ólafsson prófessor.
- Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði er vettvangur fyrir fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á sviði markaðs- og þjónustufræða. Forsvarsmaður er Friðrik Eysteinnsson aðjunkt.
- Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Forsvarsmaður er Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.
- Rannsóknamiðstöð skapandi greina er vettvangur rannsókna á menningu og sköpun innan viðskiptafræða. Markmið miðstöðvarinnar er m.a. að rannsaka og efla skilning og þekkingu á menningu og sköpun í hagrænum skilningi. Rannsóknamiðstöðin kom að verkefni um kortlagningu skapandi greina á árinu 2010. Forsvarsmaður er Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Viðskiptafræðideild.
- Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti er rannsóknastofa sem starfrækt er í tengslum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Eyþór Ívar Jónsson, gestadósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.



Heilbrigðisvísindasvið

Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Innan Heilbrigðisvísindasviðs eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Sigurður Guðmundsson. Auk forseta sitja forsetar deilda Heilbrigðisvísindasviðs í stjórn sviðsins og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundum.

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:	Guðrún Kristjánsdóttir prófessor
Fyrir Lyfjafræðideild:	Þórdís Kristmundsdóttir prófessor
Fyrir Læknadeild:	Guðmundur Þorgeirsson prófessor
Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:	Inga Þórsdóttir prófessor
Fyrir Sálfræðideild:	Jörgen Pind prófessor, til 30. júní Daníel Þór Ólason dósent, frá 1. júlí
Fyrir Tannlæknadeild:	Inga B. Árnadóttir prófessor, til 30. júní Teitur Jónsson dósent, frá 1. júlí
Fulltrúi nemenda:	Össur Ingi Emilsson, til 30. júní Íris Gunnarsdóttir, frá 1. júlí

Á árinu var haldið áfram vinnu við stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs en ákveðið var að biðja með að ljúka þeirri vinnu þar til ný stefna háskólans yrði birt í ársbyrjun 2011. Í stefnunni verður lögð áhersla á rannsóknir, kennslu, stoðþjónustu, mannauð og samfélagið.

Fyrsta þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið 28. janúar 2010. Forseti og rekstrarstjóri gerðu grein fyrir stefnu og áherslum sviðsins. Formaður kennslumálanefndar fjallaði um samþáttun, kennslu auk þess sem húsnæðismál sviðsins voru til umfjöllunar.

Upplýsingafundur með starfsfólki Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn 28. september. Á fundinum gerðu forseti og formenn kennslumálanefndar og vísindanefndar grein fyrir stöðu mála auk þess sem staða og horfur í fjármálum sviðsins voru kynntar. Þá var rætt um stefnumótun og aðgerðaáætlun og fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins kynnti þau málefni sem helst brunnu á nemendum.

Starfsfólk

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs starfa nú, auk forseta, rekstrarstjóri, markaðs- og vefstjóri, starfsmannastjóri og kennslustjóri.


Á árinu 2010 voru 68 prófessorar, 64 dósentar, 35 lektorar og sjö aðjunktur með kennsluskyldu starfandi á Heilbrigðisvísindasviði, í heild voru stöðugildi þeirra 113,8. Stundakennarar voru alls 832 og aðjunktur án kennsluskyldu 68 talsins. Rannsóknafólk, nemar og nýdóttarar voru alls 44 í 38,3 stöðugildum.

Heilbrigðisvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	166	129,4
Karlar	127	85,9
Samtals	293	215,3

Í árslok voru 26 starfsmenn í 21,9 stöðugildum í stjórnsýslu og stoðþjónustu á deildarskrifstofum og á sviðsskrifstofu. Níu manns í 6,5 stöðugildum sinntu störfum í klíník og sem aðstoðarfólk. Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði var alls 18 manns í 14,4 stöðugildum. Starfsfólk Rannsóknastofu í næringarfræði var alls 16 manns í 10,3 stöðugildum. Starfsfólk Rannsóknastofu í hjúkrunarfræði var alls sex manns í 3,4 stöðugildum.

Fjöldi starfsmanna eftir starfsheimum



Stoðþjónusta og stjórnsýsla

Stjórnsýsla sviðsins og stoðþjónusta* – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Heilbrigðisvísindasvið	1	4	5
Hjúkrunarfræðideild	0	6	6
Læknadeild	1	10	11
Lyfjafræðideild	0	1	1
Matvæla- og næringarfræðideild	0	0	0
Sálfræðideild	0	2	2
Tannlæknadeild	0	9	9
Einstaklingar			34
Starfsígildi			26,8

* Þar með talið starfsfólk á klíník í Tannlæknadeild og tæknifólk deilda

Starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs er mjög dreifð um háskólasvæðið, allt frá Hofsvallagötu að Eiríksgötu, og setur það sitt mark á skipulag og uppbyggingu stoðþjónustu sviðsins. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar, í samráði við forseta sviðsins. Innan hversrar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnsýslu og stoðþjónustu, tveir á hvoru misseri. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu funda mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Stefnumótunardagur stoðþjónustunnar var haldinn 16. apríl þar sem m.a. var fjallað um verkefni framundan og áherslur í starfi stoðþjónustunnar, farið yfir vinnustaðamenningu, vinnustaðgreining (Q12) kynnt og unnið í hópum.

Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Bókasafnsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs skipuðu Ásta Thoroddsen, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, formaður, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Gísli Einarsson, fulltrúi Læknadeildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur Bjarni Arnkelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, Peter Holbrook, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Unnur Björk Arnfj. Jóhönnudóttir, fulltrúi nemenda.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Sesselja Ómarsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, formaður, Sigrún Gunnarsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Ingibjörg Harðardóttir, fulltrúi Læknadeildar, Ingibjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Urður Njarðvík, fulltrúi Sálfræðideildar, Bjarni Elvar Pjetursson, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Sigurbjörg Sæunn Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda. Starfsmaður nefndarinnar var Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir kennslustjóri.

Jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs skipuðu Þórana Elín Dietz, starfsmannastjóri, formaður, Bryndís Benediktsdóttir, dósent við Læknadeild, Páll Biering,

dósent við Hjúkrunarfræðideild, og Jóhanna Hildur Jónsdóttir, fulltrúi nemenda. Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Einar Guðmundsson, fulltrúi Sálfræðideildar, formaður, sem tók við formennsku og sem fulltrúi deildarinnar af Árna Kristjánssyni á vormisseri, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Már Músson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Vilhjálmur Rafnsson, fulltrúi Læknadeildar, Inga Þórsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, og Peter Holbrook, fulltrúi Tannlæknadeildar. Starfsmaður nefndarinnar var Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir kennslustjóri.

Þá starfaði afmælisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs hluta ársins að undirbúningi hátíðadagskrár á vegum sviðsins í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Nefndina skipuðu María Ásdís Stefánsdóttir, markaðs- og vefstjóri, formaður, Jórunn Erla Eyfjörð, fulltrúi úr afmælisnefnd Háskóla Íslands, Helga Bragadóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Pálmi V. Jónsson, fulltrúi Læknadeildar, Kristberg Kristbergsson, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Magnús Kristjánsson, fulltrúi Sálfræðideildar, Sigfús Þór Eliasson, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Sara Lillý Þorsteinsdóttir, fulltrúi nemenda.

Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs*

Fjárveiting	1.394.467
Sértekjur	78.240
Tekjur alls	1.472.707
Útgjöld	1.447.457
Tekjuafgangur	25.250
Ársverk	215,34
Skráðir nemendur	2.275**
Virkir nemendur	1.708
Nemendur/ársverk	10,6
Virkni nemenda	75,1%

* Upphæðir eru í þús. kr.

** Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætta að taka nemendur í leyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Heiðursdóttorar

Ein heiðursdóttorsnafnbót var veitt frá deildum Heilbrigðisvísindasviðs á árinu. Hans-Olov Adami, prófessor og forseti faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health, var sæmdur heiðursdóttorsnafnbót við Læknadeild.

Doktorsvarnir

Ellefu doktorsvarnir fóru fram frá deildum Heilbrigðisvísindasviðs á árinu 2010: ein frá Lyfjafræðideild, þrjár frá Matvæla- og næringarfræðideild og sjö frá Læknadeild.

Akademískar nafnbætur

Nítján manns, allt starfsmenn Landspítala, hlutu akademískar nafnbætur við deildir Heilbrigðisvísindasviðs á árinu. Þær skiptast þannig milli deilda að tíu eru í Læknadeild, sex í Hjúkrunarfræðideild, tvær í Sálfræðideild og ein í Lyfjafræðideild. Um er að ræða tvær prófessorsnafnbætur, sjö dósentnafnbætur og tíu lektorsnafnbætur.

Húsnæðismál

Starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs er dreifð á 13 mismunandi staði um allt háskólasvæðið og setur það töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemi sviðsins mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að deildir sviðsins muni fá aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 20. febrúar. Á háskóladeginum kynna allir háskólar á Íslandi, auk danskra háskóla, námsframboð sitt. Kynning á námi við Háskóla Íslands var haldin á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda og var mjög vel sótt. Allar

deildir Heilbrigðisvísindasviðs tóku þátt í háskóladeginum og kynntu það grunnnám sem í boði er. Margar deilda og námsbrauta sviðsins gáfu út nýja kynningarbæklinga af tilefninu. Rannsóknir vísindamanna frá öllum deildum sviðsins voru kynnar í veglegu tímariti Háskóla Íslands, sem kom út fyrir kynninguna. Háskóladagurinn var einnig haldinn á þremur stöðum utan höfuðborgarsvæðisins: á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði, og fór markaðs- og vefstjóri sviðsins, ásamt fulltrúum nemenda, og kynnti námsframboð á þessum stöðum. Kynningar á grunnnámi voru einnig í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi.

Í mars var haldin sameiginleg kynning allra sviða á framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Kynningin fór fram á Háskólatorgi og þótti takast með ágætum.

Vefur Heilbrigðisvísindasviðs og deilda sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk upplýsinga um viðburði og fréttu. Vefur sviðsins og deilda hefur verið í stöðugri þróun og vinnslu enda er vefurinn í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu. Á árinu voru opnaðir nýir vefir nokkurra stofnana og nokkurra kennara.

Fjögur tölublöð komu út af innanhússfréttabréfi sviðsins og var það sent var öllum starfsmönnum á sviðinu og ýmsum tengiliðum innan skólans.

Hjúkrunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er boðið upp á grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfraði. Á rannsóknasviðinu hefur meðal annars verið lögð áhersla á að efla klínískar rannsóknir og fjölga doktorsnemum undanfarin ár. Deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar er Guðrún Kristjánsdóttir prófessor og varadeildarforseti er Helga Bragadóttir dósent.

Starfsfólk

Í lok árs störfuðu tíu prófessorar, sjö dósentar, tíu lektorar og tveir aðjuntar með kennsluskyldu við deildina. Þá voru 10 aðjuntar án kennsluskyldu í starfi. Sex manns hlutu akademíska nafnbót við Hjúkrunarfræðideild á árinu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir ljósmóðir, Brynja Ingaadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðar-sjúklinga, Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, Hildur Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og innlagnastjóri, Katrín Blöndal, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðarsjúklinga, og Valgerður Lísa Sigurðardóttir ljósmóðir. Bættust þær í hóp þeirra þrettán klínísku lektora sem fyrir voru. Um 300 stundakennarar komu að kennslu við deildina. Deildin hefur áður gert samning við fjóra einstaklinga um gestastöður kennara. Ásta Thoroddsen dósent varði doktorsritgerð sína á árinu við Örebro-háskólann í Svíþjóð.

Á deildarskrifstofu störfuðu fimm manns í 4,15 stöðugildum en stöðugildi fastráðinna kennara voru rúmlega 25 og við verknámsstofu er starfandi verkefnisstjóri í 60% starfi.

Rósa G. Bergþórsdóttir lét af störfum sem deildarstjóri við Hjúkrunarfræðideild og tók Sunna Sigurðardóttir við starfi hennar. Lilja Harðardóttir lét af störfum við stjórnsýslu deildarinnar og tók Björk Bjarkadóttir við starfi hennar. Hálft starf alþjóðafulltrúa var lagt niður á árinu. Hrun Sch. Thorsteinsson lektor lét af störfum um mitt árið og Ingibjörg Hjaltadóttir lektor lét af störfum í lok árs.

Nám og kennsla

Nám til BS-gráðu í hjúkrunarfræði er 240 einingar. Embættispróf í ljósmóðurfraði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og einnig er í boði diplómanám í skurð- og svæfingahjúkrun til 54 eininga á meistarastigi. Meistaránám er einnig í boði í ljósmóðurfraði. Doktorsnám er til 180 eininga.

Grunnnám í hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám sem lýkur með BS-gráðu og gefur jafnframt leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Námskrá fyrir grunnnám árið 2010 var í öllum meginatriðum sú sama og á fyrra ári. Övenjulega margir nemar, eða um 240 nýnemar, hófu nám við deildina á haustmisseri. Á árinu út-skrifuðust 80 nemendur úr BS-námi við Hjúkrunarfræðideild.



Hjúkrunarfræðideild– fjöldi starfsmanna á árslok 2010

Stjórnsýsla og stoðþjónusta	Fjöldi	Starfsígildi
konur	6	4,85
karlar	0	0
Aðjuntar		
konur	1	0,5
karlar	1	0,5
Lektorar		
konur	9	7,5
karlar	0	
Dósentar		
konur	6	5
karlar	1	1
Prófessorar		
konur	8	6,74
karlar	2	2
Samtals	28	23,24
Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði		
konur	6	3,43
karlar	0	0
Samtals	6	3,43

Á haustmisseri 2010 hófst diplómanám á meistarastigi í skurð- og svæfinga-hjúkrun. Í námsleiðirnar eru skráðir 23 nemendur.

Við Hjúkrunarfræðideild voru í lok árs skráðir 85 meistaranemar. Alls hófu 25 nemendur meistaranám við Hjúkrunarfræðideild á haustmisseri 2010, þar af fjórir í meistaranámi í ljósmóðurfræði. Aðrir meistaranemendur leggja áherslu á klíníska sérhæfingu, rannsóknþjálfun eða stjórnun. Tveir meistaranemendur í lýðheilsuvísindum stunda nám við Hjúkrunarfræðideild.

Á árinu luku sautján nemendur meistaraþrófi frá Hjúkrunarfræðideild: tólf í hjúkrunarfræði, þrír í upplýsingatækni á heilbrigðisviði (MHI), einn í ljósmóðurfræði og einn í lýðheilsuvísindum (MPH).

Á árinu voru tveir nýir doktorsnemendur teknir inn í doktorsnám við Hjúkrunarfræðideild. Við Hjúkrunarfræðideild voru í árslok átta nemendur í doktorsnámi og allt útlit er fyrir að deildin nái markmiðum um fjölgun doktorsnemenda á árinu 2011.

Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum. Norlys er samstarfsnet fyrir grunnnám í hjúkrun og hefur það net einkum nýst fyrir klínískt skiptinám. Í framhaldsnámi taka nemendur aðallega þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordinnet (gjörgæslu-hjúkrun), Nordejordemodern (ljósmóðurfræði) og Nordsnet sem er þverfaglegt net. Hafa netin bæði nýst nemendum og kennurum.

Meðal erlendra gesta sem komu að kennslu við deildina á árinu voru Margaret Wilson, dósent við University of Nebraska, en hún kenndi námskeið í meistaranámi.

Rannsóknir

Öflug rannsóknastarfsemi er við deildina. Sem dæmi má nefna rannsóknir Helgu Jónsdóttur prófessors um eflingu heilbrigðis og sjálfsumönnunar hjá fólki með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra. Rúnars Vilhjálmssonar prófessors um mun á aðgengi að lækniþjónustu eftir atvinnuþátttöku og tekjum, Helgu Sifjar Friðjónsdóttur lektors um áhrif stuttrar hvatningaríhlutunar á óhóflega áfengisneyslu meðal íslenskra unglinga í framhaldsskólum og rannsókn Herdísar Sveinsdóttur prófessors um inntak starfa hjúkrunarfræðinga á skurðlækninga-sviði Landspítala.

Málþing voru haldin fjórum sinnum á árinu, öll í samstarfi við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði. Það fyrsta var Dagur vísinda og klínískrar þróunar í geðhjúkrun, sem haldinn var í samstarfi við Landspítala þann 29. janúar, þá var Vísindadagur

fagráðs um kynheilbrigði haldinn þann 10. nóvember og 2. desember var haldið málþing í tengslum við útgáfu bókarinnar Ofbeldi: Margbreytileg birtingarmynd í ritstjórn Erlu Kolbrúnar Svavarsdóttur prófessors. Að lokum var málþing um rannsóknir á fræðasviðum Hjúkrunarfræðideildar haldið þann 3. desember.

Markaðs- og kynningarmál

BS-nám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á sameiginlegri námskynningu háskólanna í febrúar. Hermann, hermisjúklingur Hjúkrunarfræðideildar, lék stórt hlutverk á námskynningunni líkt og árið áður og vakti þar mikla athygli. Framhaldsnámið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámskynningu í mars. Einnig var námið í heild kynnt á landsbyggðinni og sérstaklega var farið með kynningu á framhaldsnámi til Akureyrar. Kynningarnar heppnuðust vel og fjölgaði umsóknnum á öllum námsstigum við deildina.

Annað

Hjúkrunarfræðideild hefur á árinu unnið náið með Landspítala – háskólasjúkrahúsi við uppbyggingu á nýju skipulagi í tengslum við samvinnu hjúkrunar á Landspítala og Hjúkrunarfræðideildar. Meðal annars hefur verið komið á sameiginlegu stefnuráði hjúkrunar og verið er að endurskoða skipulag fagráða á sérsviðum hjúkrunar og aðkomu forstöðumanna fræðasviða við Hjúkrunarfræðideild að rannsóknnum og faglegri forystu á Landspítala.

Dagur Hjúkrunarfræðideildar er haldinn hátíðlegur ár hvert og að þessu sinni var hann haldinn 1. október. Deildarforseti hélt ávarp og þrír kennarar deildarinnar, auk Önnu Ó. Sigurðardóttur, fluttu erindi. Auk þess voru afhentir styrkir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur og styrkþegar kynntu doktorsverkefni sín.

Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Kandídatpróf í ljósmóðurfræði	0	10	10
MHI-próf í upplýsingatækni á heilbrigðissviði	0	1	1
MPH-próf í lýðheilsuvísindum	0	1	1
MS-próf í hjúkrunarfræði	1	11	12
Diplómanám á meistarastigi á sérsviðum hjúkrunar	1	42	43
Diplómanám á meistarastigi á sérsviðum hjúkrunar (skurðhjúkrun)	0	1	1
BS-próf í hjúkrunarfræði	4	76	80
Samtals	6	142	148

Lyfjafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Þórdís Kristmundsdóttir prófessor var deildarforseti Lyfjafræðideildar og Már Másson prófessor var varadeildarforseti.

Starfsfólk

Á árinu 2010 störfuðu hjá Lyfjafræðideild sex prófessorar og þrír dósentar, auk tveggja aðjunta, deildarstjóra og eins aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Einnig kemur fjöldi stundakennara að kennslunni. Tveir nýdoktorar störfuðu við deildina. Þórunn K. Guðmundsdóttir lyfjafræðingur hlaut nafnbótina klínískur lektor á árinu en fyrir voru einn klínískur lektor og einn klínískur dósent við deildina.

Kristín Ingólfssdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir nú starfi rektors Háskóla Íslands.

Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild eru stundaðar rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðað að því að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavisindum. Við deildina eru menntaðir lyfjafræðingar en markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf, í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir. Auk þess er boðið upp á rannsóknamiðað nám til MS-prófs í lyfjavisindum.

Lyfjafræðideild– fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	1	1
karlar	0	0
Lektorar		
konur	0	0
karlar	0	0
Dósentar		
konur	2	2
karlar	1	1
Prófessorar		
konur	3	3
karlar	3	3
Samtals	9	9
Aðrir starfsmenn deildarinnar		
konur	5	4,32
karlar	3	3
Samtals	8	7,32

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og tveggja ára MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til landlæknisembættisins. Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga MS-nám í lyfjavísindum (e. pharmaceutical sciences) fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum.

Að loknu MS-námi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum sem er 180 eininga nám.

Þann 20. október 2010 voru 149 nemendur skráðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af 89 í BS-nám, 42 í MS-nám í lyfjafræði og fjórir í MS-nám í lyfjavísindum.

Kristján Guðmundsson gestaprófessor kenndi við deildina á vormisseri og Einar Mäntylä gestadósent kenndi við deildina á haustmisseri.

Doktorsnám

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn og árið 2010 voru 14 doktorsnemar skráðir við deildina, þar af tveir í þverfaglegu doktorsnámi í samvinnu Lyfjafræðideildar og Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

Einn doktorsnemi lauk námi frá Lyfjafræðideild 2010. Phatsawee Jansook lyfjafræðingur varði doktorsritgerð sína í lyfjafræði 23. apríl.

Alþjóðasamskipti

Sjö erlendir skiptinemar, þrír frá Frakklandi, þrír frá Spáni og einn frá Hollandi, stunduðu nám við deildina á árinu og nokkrir íslenskir lyfjafræðinemar fóru út í skiptináms og tóku hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Meðal erlendra gesta sem héldu erindi við deildina voru William Douglas Figg frá National Cancer Institute í Bethesda í Maryland í Bandaríkjunum, Tadeusz Molinski frá Kaliforníuháskóla í San Diego í Bandaríkjunum og Per Mølgaard frá lyfjafræðideild Kaupmannahafnarháskóla en hann tók einnig þátt í kennslu námskeiðsins Lyfjaefnafræði I.

Ráðstefnan Nordic Pharmacoepidemiology Network (NorPEN) var haldin 14.–15. október á Hótel Sögu. Ráðstefnan var skipulögð af Önnu Birnu Almarsdóttur prófessor.

Rannsóknir

Mikil áhersla er lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf deildarinnar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknnum eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritsmíðalista sína. Fjöldi birtinga í ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur sem mælikvarði á rannsóknvirkni og þar er árangur kennara Lyfjafræðideildar með því besta sem gerist í Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknvirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar Lyfjafræðideildar eru iðnir við að sækja um og fá rannsókn-



styrki bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til að standa straum af styrkjum til launa doktorsnema og reksturs rannsóknastofa.

Kynningarstarfsemi

Lyfjafræðinámið var kynnt á háskóladeginum 20. febrúar. Lyfjafræðinemar hafa tekið að sér að fara í framhaldsskólana og kynna námið fyrir nemendum þar. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar deildarinnar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofu Lyfjafræðideildar.

Annað

Lyfjafræðideild veitir árlega viðurkenningu þeim nemendum sem hljóta hæsta einkunn á BS- og MS-prófi, sem og þeim nema sem nær bestum árangri á prófum 1. árs. Viðurkenningar vegna háskólaársins 2010 voru veittar á degi lyfjafræðinnar, sem haldinn var 7. nóvember 2010. Viðurkenningarnar hlutu Dóra Björg Ingadóttir, fyrir besta árangur á MS-prófi, Íris Gunnarsdóttir, fyrir besta árangur á BS-prófi, og Katrín Alma Stefánsdóttir, fyrir besta árangur á prófum 1. árs.

Þann 7. apríl var þremur doktorsnemendum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Berglind Eva Benediktsdóttir, Martin Messner og Sophie Jensen.

Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í lyfjafræði	1	0	1
MS-próf í lyfjafræði	5	17	22
MS-próf í lyfjavísindum	0	1	1
BS-próf í lyfjafræði	7	15	22
Samtals	13	33	46

Læknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarráð Læknadeildar var óbreytt frá fyrra ári undir stjórn forseta Læknadeildar, Guðmundar Þorgeirssonar prófessors og Kristjáns Erlendssonar dósents, varadeildarforseta. Aðrir fulltrúar deildarráðs voru þau Gísli H. Sigurðsson prófessor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Tómas Guðbjartsson prófessor, Karl K. Andersen prófessor og Kristín Ólafsdóttir dósent, auk tveggja fulltrúa stúdenta úr hópi læknanema. Formenn námsbrauta tóku aftur sæti á deildarráðsfundum Læknadeildar um mitt árið eftir nokkurt hlé.

Námsbraut í sjúkrapjálfun, Námsbraut í geislafræði og Námsbraut í lífeindafræði heyra undir Læknadeild, auk þess sem Miðstöð þverfaglegs meistara- og doktorsnáms í lýðheilsuvísindum er vistuð í deildinni, sem og nýstofnað þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautir hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundum þeirra (sjá sérstakan kafla um námsbrautir).

Þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði er nýtt af nálinni og hófst haustið 2010. Námið er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og Læknadeild og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Námið er skipulagt sem tveggja ára nám. Fimmtán nemendur hófu nám í talmeinafræði um haustið en áætlað er að taka inn nýja nemendur annað hvert ár.

Skrifstofa Læknadeildar er í Læknagarði. Þar starfa deildarstjóri, verkefnisstjóri og fulltrúi í fullu starfi. Anna Harðardóttir, sem lengst af starfaði sem skrifstofustjóri Læknadeildar en var komin í 20% starf verkefnisstjóra, hætti störfum á árinu. Í Læknagarði er einnig skrifstofa rannsóknatengda námsins, þar starfar Helga M. Ögmundsdóttir prófessor sem forsvarsmáður, auk fagstjóra.

Starfsfólk

Við kennslu og rannsóknir í læknisfræði störfuðu á árinu 89 fastráðnir kennarar, þar af 58 í hlutastörfum (37–75%). Fastráðnir kennarar voru í ársbyrjun 42 prófessorar, 39 dósentar og átta lektorar. Aðjunktur voru 50. Hlutastörf klínískra kennara við Læknadeild (yfirleitt 37% og 50%) eru yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á Landspítala eða annarri stofnun sem Læknadeild hefur samstarfssamning við. Á öðrum stað í þessu riti má sjá lista yfir ráðningar í deildinni.

Ella Kolbrún Kristinsdóttir dósent lét af störfum í upphafi árs fyrir aldurssakir. Finnboi Jakobsson, dósent í taugasjúkdómafræði, sagði starfi sínu lausu frá 1. ágúst 2010.

Læknadeild– fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	10	7,63
karlar	1	0,5
Aðjuntar		
konur	5	2,24
karlar	0	0
Lektorar		
konur	10	7,2
karlar	5	1,99
Dósentar		
konur	11	6,1
karlar	31	16,1
Prófessorar		
konur	4	4
karlar	37	21,9
Samtals	103	59,1
Akademískir sérfræðingar		
konur	1	1,0
karlar	1	1,0
Samtals	2	2,0
Aðrir starfsmenn deildarinnar (rannsóknafólk)		
konur	25	21,7
karlar	8	7,3
Samtals	33	29
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði		
konur	14	12,2
karlar	3	2,3
Samtals	17	14,4

Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkráþjálfun fóru fram dagana 14. og 15. júní og tókst framkvæmd þeirra með ágætum. Þetta var í fyrsta skipti sem heimilt var að innheimta próftökugjald. Það virðist ekki hafa dregið úr áhuga stúdenta á því að þreyta prófið. Alls hófu 287 stúdentar próf í læknisfræði en 285 luku því og 57 stúdentar hófu próf í sjúkráþjálfun en 56 luku því. Samtals lauk því 341 stúdent inntökuprófi. Þeir 49 efstu hófu nám í læknisfræði um haustið og 26 í sjúkráþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 25 karlar og 24 konur og í sjúkráþjálfun 7 karlar og 19 konur.

Í júní voru í fyrsta skipti brautskráðir læknanemar með BS-gráðu í læknisfræði, 36 talsins. Alls luku 44 nemendur embættisprófi í læknisfræði árið 2010. Þar af voru 17 karlar og 27 konur. Rannsóknatengt framhaldsnám deildarinnar er í miklum blóma. Málstofa á vegum námsins var haldin mánaðarlega yfir veturinn og voru þær jafnan vel sóttar. Þar fluttu bæði nemendur í rannsóknatengdu námi og kennarar erindi. Rúmlega 130 nemendur voru í rannsóknatengdu námi á árinu. 75 í meistaranámi og 57 í doktorsnámi. Í líf- og læknávisindum hófu 17 nemendur hófu meistaranám. Á árinu 2010 luku 23 meistaraprófi í líf- og læknávisindum.

Læknadeild sendi skýrslu í samstarfi við NBME (National Board of Medical Examiners) um árangur íslenskra læknanema á bandarísku CCSe-prófunum (Comprehensive Clinical Science Examination), fyrir þing AMEE (An International Association for Medical Education). Samantekt á árangri síðastliðin þrjú ár gefur til kynna að íslenskir læknanemar standa afar vel í samanburði við bandaríska nemendur og árangur þeirra er jafnvel betri en bandarísku nemanna. Er þetta mikið fagnaðarefni og viðurkenning á klíniskri kennslu á vegum deildarinnar.

Doktorspróf

Í doktorsnám innrituðust 12 nemendur og sjö doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu: Rannveig Björnsdóttir, Magnús Haraldsson, Benedikta S. Hafliðadóttir, Lárus S. Guðmundsson, Ásta Björk Jónsdóttir, Harpa Helgadóttir og Hélène L. Lauzon. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Læknadeild hefur nú brautskráð samtals 57 nemendur með doktorspróf, 28 karla og 29 konur.

Alþjóðasamskipti

Nemendaskipti við erlenda háskóla árið 2010 voru með þeim hætti að sjö erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir komu frá Þýskalandi og Danmörku. Enginn nemandi í læknisfræði var í skiptinámi erlendis á árinu. Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild.

Edwin L. Zalneraitis, prófessor í barnalækningum við læknadeild háskólans í Connecticut í Bandaríkjunum, var veitt starf gestaprófessors við Læknadeild Háskóla Íslands. Haraldi Bjarnasyni, prófessor í myndgreiningu við Mayo Clinic í Rochester í Minnesota í Bandaríkjunum, var veitt starf gestaprófessors í myndgreiningu við Læknadeild Háskóla Íslands.

Hans-Olov Adami, prófessor og forseti faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health, var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Læknadeild. Nafnbótina hlaut hann fyrir einstakt vísindaframlag á sviði krabbameinsfaraldsfræði og fyrir framlag til uppbyggingar framhaldsnáms í faraldsfræði og lýðheilsuvísindum, m.a. við Háskóla Íslands.

Rannsóknir

Öflugt rannsóknastarf er stundað af kennurum og öðrum vísindamönnum Læknadeildar. Auk sjálfstæðra verkefna tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – Háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhlíða störfum við Háskóla Íslands og Landspítalann. Vísindanefnd Læknadeildar, undir forystu Vilhjálms Rafnssonar prófessors, starfar í umboði deildarforseta og deildarráðs og var hún þeim til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra í samvinnu við fulltrúa úr öðrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs, auk þess sem hún stendur fyrir rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum.

Vísinda- og rannsóknasetur/klínískt rannsóknasetur Landspítala – Háskóla-sjúkrahúss og Háskóla Íslands var opnað með formlegri athöfn í ársbyrjun. Rannsóknasetrið starfar á vegum Vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala – Háskólasjúkrahúss, undir sameiginlegri stjórn Landspítalans og Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að efla og styðja við rannsóknir, einkum klínískar rannsóknir á Landspítala og bæta aðstöðu og þjónustu við vísindamenn spítalans.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf Læknadeildar var með hefðbundnum hætti á árinu. Deildin tók þátt í tveimur sameiginlegum námskynningum HÍ: háskóladeginum, þar sem námsframboð í grunnnámi var kynnt, og síðar kynningu á framhaldsnámi. Að auki var grunnnámið kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu óskað eftir því.

Samningur var gerður á milli Heilbrigðisvísindasviðs og fyrirtækjanna Astra-Zeneca og Novartis um eflingu kennslu og rannsókna í ofnæmisfræði og klínískri ónæmisfræði innan Læknadeildar. Fyrirtækin tvö fjármagna tímabundna stöðu dósentis í 20% starfshlutfalli í þessu skyni.

Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og Læknadeild efndu til málstofu, Samtímaatburðir og saga læknisfræðinnar, í lok október í tilefni af 100 ára afmæli Læknadeildar á árinu 2011. Sérstakur gestur fundarins var norski prófessorinn Öivind Larsen. Ávarp flutti Guðmundur Þorgeirsson, deildarforseti Læknadeildar. Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs, flutti fyrirlesturinn Kreppur og heilsa og Vilhjálmur Árnason, prófessor í Sagnfræði- og heimspeki-deild, flutti fyrirlestur sem hann nefndi Siðferðilegar afleiðingar hrunsins.

Læknadeild og sendiráð Frakklands á Íslandi stóðu fyrir opnum fyrirlestri, Heilbrigðiskerfi á tímum heimskreppu, í Hátíðasal í nóvember. Fyrirlesari var Gilles Duhamel, prófessor og háttsettur embættismaður hjá IGAS, opinberri stjórnar-

matsstofnun á sviði heilbrigðis- og félagsmála í Frakklandi. Duhamel er einnig sérfræðingur í heilbrigðismálum við hina virtu námsstofnun í stjórnmálafræði, Sciences Po, í París.

Annað

Eftirtaldir starfsmenn Landspítala – Háskólasjúkrahúss voru metnir til akademískra nafnbóta við Læknadeild á árinu: Andrés Magnússon geðlæknir, prófessorshæfi, Jens Kristjánsson lýtaskurðlæknir, prófessorshæfi, Ari Jón Jóhannesson lyflæknir, dósentshæfi, Hrefna Guðmundsdóttir lyflæknir, dósentshæfi, Linn Getz trúnaðarlæknir, dósentshæfi, Ólafur Baldursson lungnalæknir, dósentshæfi, Páll Matthíasson geðlæknir, dósentshæfi, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir hjartalæknir, dósentshæfi, Elsa Björk Valsdóttir skurðlæknir, lektorshæfi, Helgi Kjartan Sigurðsson skurðlæknir, lektorshæfi.

Sú hefð hefur skapast hjá Félagi læknanema að heiðra kennara deildarinnar sem þykja skara fram úr á sviði kennslu. Í ár hlaut Karl K. Andersen, prófessor í hjarta-sjúkdómafræði, viðurkenningu fyrir kennslu og skipulagningu á hjartavikum á lyflæknisfræðinámskeiði. Einnig hlaut Ella Kolbrún Kristinsdóttir, fráfarandi dósent í líffærafræði, sérstök heiðursverðlaun læknanema fyrir framlag sitt til kennslu og rannsókna.

Námsbraut í sjúkraþjálfun

Stjórn og starfsfólk

Árið 2010 störfuðu átta fastráðnir kennarar við námsbrautina, fjórir dósentar í 100% stöðu, og fjórir lektorar, einn í 100% stöðu, einn í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Einn aðjunkt starfaði einnig við námsbrautina. Árni Árnason dósent gegndi formennsku námsbrautarinnar. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnsýslu námsbrautarinnar. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar og deildarstjóri Læknadeildar voru áheyrnarfulltrúar á námsbrautarfundum.

Kennslumál

Inntökupróf voru haldin í júní og að þeim loknum fengu 26 nemendur sæti á fyrsta ári. Kynning á BS-verkefnum brautskráningarkandidata fór fram í maí og kynntu 17 nemendur sex verkefni. MS-nám í hreyfivísindum er skipulagt af Námsbraut í sjúkraþjálfun í tengslum við framhaldsnám Læknadeildar. Fastráðnir kennarar námsbrautarinnar voru aðalleiðbeinendur í alls 12 MS-verkefnum og þremur doktorsverkefnum á árinu. Þrjú MS-nemar voru brautskráðir á árinu.

Stúdentaskipti

Árið 2010 fór einn íslenskur nemi til Noregs í skiptinám.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í hreyfivísindum hefur aðsetur í húsnæði Námsbrautar í sjúkraþjálfun. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda. Rannsóknastofan fékk í lok árs 2009 nýjan og fullkominn tækjabúnað til rannsókna á hreyfingum í þrívídd. Búnaðurinn er gerður úr átta myndavélum og hugbúnaði sem má tengja við kraftplötur og þráðlaust vöðvarafrit sem þegar er til staðar í rannsóknastofunni. Þessi nýi búnaður hefur gjörbreytt aðstöðu rannsóknastofunnar og gert hana samanburðarhæfa við fullkomnar rannsóknastofur á þessu sviði erlendis. Árið 2010 stunduðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi rannsóknir m.a. á hreyfingu og þreki barna, hreyfingu fullorðinna, meiðslum í handknattleik og knattspyrnu, samanburði á mismunandi aðferðum við meðhöndlun á einkennum frá stoðkerfi, beitingu fótleggja við uppstökk og landingar hjá ungu knattspyrnufólki, gönguþjálfun hjá fólki með parkinsonssjúkdóm, hreyfistjórn eftir hálsáverka o.fl. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi.

Samningur var undirritaður við Össur um samstarf varðandi rannsóknir. Samningurinn gerir Rannsóknastofu í hreyfivísindum kleift að efla og þróa rannsóknir sínar enn frekar, m.a. annars með því að nýta sérfræðipækkingu Össurar á sviði stoð- og stuðningstækja og verkfræði. Össur mun á hinn bóginn fá prófanir og rannsóknaniðurstöður tengdar vörum sínum og nýta sér sérfræðipækkingu starfsmanna rannsóknastofunnar í lífaflfræði og lífeðlisfræði. Samstarf hefur einnig verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar.

Unnið hefur verið að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn, sem er unnið í samstarfi kennara og nemenda í sjúkraþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði.

Kennarar námsbrautarinnar fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu í febrúar. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemandur í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

Námsbrautir í geisla- og lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbrautir í geisla- og lífeindafræði starfa átta fastráðnir kennarar, fjórir við hvora námsbraut, flestir í hlutastarfi og samhliða starfi á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Martha Á. Hjálmarsdóttir er námsbrautarstjóri fyrir lífeindafræði og Díana Óskarsdóttir er námsbrautarstjóri fyrir geislafræði. Eitt 50% stöðugildi er við stjórnsýslu námsbrautanna.

Kennsla

Kennsla í geislafræði og lífeindafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009. Það próf veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur eða lífeindafræðingur, eftir því sem við á. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi. Í grunnnámi eru samkeppnispróf um áframhaldandi nám eftir fyrsta misseri og var hámarksfjöldi nemenda í geislafræði 15 og í lífeindafræði 30. Námsbraut í lífeindafræði er þátttakandi í Nordplus-samstarfsnetinu BIONord og voru meginviðfangsefni þess nemenda- og kennaraskipti, uppsetning kennslunets í blóðmeinafræði og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum og Röntgen Domus. Rannsóknir voru stundaðar í beinþéttimælingum, geisla-meðferð, tölvusneiðmyndun, storkurannsóknum og sýklafræði. Í sýklafræði var, auk sameindafaraldsfræði pneumókokka, fengist við mælingar á áhrifum sjítósan-afleiða á bakteríur sem voru unnar í samvinnu við Lyfjafræðideild.

Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í líf- og læknávisindum	1	5	6
Doktorspróf í læknisfræði	1	0	1
Embættispróf í læknisfræði	15	29	44
MPH-próf í lýðheilsuvísindum	0	5	5
MS-próf í heilbrigðisvísindum	3	0	3
MS-próf í lífeindafræði	0	1	1
MS-próf í líf- og læknávisindum	5	15	20
MS-próf í lýðheilsuvísindum	0	3	3
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði	0	1	1
Viðbótardiplóma í geislafræði	0	5	5
Viðbótardiplóma í lífeindafræði	0	9	9
Viðbótardiplóma í lýðheilsuvísindum	0	5	5
BS-próf í geislafræði	2	6	8
BS-próf í lífeindafræði	0	4	4
BS-próf í læknisfræði	18	24	42
BS-próf í sjúkraþjálfun	7	11	18
Samtals	52	123	175


Surfactant Layer

Lipophilic bioactive or drug component

No exchange
Less degradation

Solid Lipid Nanoparticle

ISLANDS



Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði og lífeindafræði á háskóladegi í febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynningarmálin af hálfu nemenda á háskóladeginum og með ferðum í framhaldsskóla. Gott samstarf var við viðkomandi fagfélög.

Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Almennt yfirlit og stjórn

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa allar deildir Heilbrigðis- og Félagsvísindasviðs ásamt Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands sem jafnframt hefur umsjón með náminu. Breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda námskeiða og móta þannig námið í átt að áhuga-sviði sínu. Í námsstjórn þverfræðilegs náms í lýðheilsuvísindum sitja: Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og forseti Félagsvísindasviðs, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor og forseti Hjúkrunarfræðideildar, Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir, sem einnig er dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, gegnir starfi forstöðumanns. Einn rannsóknasérfræðingur starfar við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og einn verkefnisstjóri. Tveir nýdoktorar starfa við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, annar í fullri stöðu en hinn í hlutastöðu á móti stöðu við Harvard School of Public Health. Við lok ársins var Thor Aspelund, dósent í líftölfræði, ráðinn í hálfu kennarastöðu við deildina. Hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum hafa 11 doktorsnemar aðstöðu og koma flestir að stunda- og dæmatímakennslu.

Nám og kennsla

Sem áður er megináhersla í MPH-náminu lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Verið er að þróa þrjár námslínur innan námsins þar sem áherslurnar verða sérþekking á megindlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, heilbrigðisstjórnun og forvarnir og heilsuefling. Kennarar og gestafyrirlesarar í skyldnámskeiðum koma flestir frá öðrum deildum/námsbrautum Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum innanlands. Við árslok stunduðu 60 nemendur meistaranám og 19 nemendur diplómanám. Árið 2010 brautskráðust 10 nemendur með MPH-gráðu og fimm nemendur með diplómagráðu. Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er í stöðugri sókn, í desember árið 2010 voru 20 nemendur skráðir í námið.

Alþjóðasamskipti

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Harvard School of Public Health endurnýjuðu samstarfssamning um sameiginlegt hágæðavísindastarf sem felur í sér samvinnu í rannsóknum, kennslu og þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna. Unnur Anna Valdimarsdóttir varð gestavísindamaður við faraldsfræðideild Harvard School of Public Health. Námsbrautin bauð upp á eitt vikulangt námskeið í samstarfi við Nordic School of Public Health: Scientific Communication og kennari í því var Alexandra Krettec. Einnig stóð námsbrautin fyrir málþingi um blöðruhálskirtilskrabbamein, Prostate Cancer at Solstice, í samstarfi við Harvard-háskóla. Málþingið var sótt af fjölmörgum fræðimönnum, nýdoktorum og doktorsnemunum við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir og Harvard-háskóla sem stunda rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli. Auk þess sóttu málþingið krabbameinslæknar og þvaggærasérfræðingar Landspítalans. Christopher McClure, MPH-nemi frá Yale-háskóla í Bandaríkjunum, stundaði gestarannsóknir við Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Um tugur meistara- og doktorsnema sóttu námskeið við Nordic School of Public Health og Karolinska Institutet.

Rannsóknir

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu 19 greinar birtar eða samþykktar árið 2010 í erlendum ritrýndum tímaritum. Helstu rannsóknasvið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru:

1. Áföll og streita: afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð.
2. Áhrifaþættir langvinnra sjúkdóma.
3. Umhverfi og heilsa: loftgæði og notkun öndunarfæralyfja.
4. Heilsuefling barna og unglinga.
5. Jafnrétti til heilsu: öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu.

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema snúa öll að einhverju ofangreindra sviða. Rannsóknir Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru flestar unnar í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsskrá, Lýðheilsustöð, landlæknisembættið og Landspítalann. Rannsóknaverkefni nemenda og kennara í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði LSH, EDDU – öndvegissetri, Rannsóknánámssjóði Rannís og Nýsköpunarsjóði námsmanna, auk fjölmargra smærri styrkja frá ýmsum félagasamtökum. Unnur Anna Valdímarsdóttir, dósent og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum hlaut hvatningarverðlaun vísinda- og tækniráðs fyrir árið 2010 og voru þau afhent á Rannsóknþingi Rannís 27. maí.

Markaðs- og kynningarmál

Námið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámskynningu háskólans og einnig voru haldnir tveir kynningarfundir. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum voru haldnar mánaðarlega og þar kynntu doktorsnemar rannsóknáætlanir og/eða fyrstu niðurstöður sínar. Nokkrir af meistara- og doktorsnemendum kynntu fyrstu niðurstöður sínar á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis.

Matvæla- og næringarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, og varadeildarforseti Ágústa Guðmundsdóttir prófessor. Í leyfi Ágústu gegndu Guðjón Þorkelsson dósent og Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor starfi varadeildarseta.

Innan deildarinnar störfuðu átta fastráðnir kennarar í mismunandi starfshlutföllum, þrír í næringarfræði og fimm í matvælafræði, auk þess sem fræðimaður og Laufey Steingrímsdóttir gestaprófessor á Rannsóknastofu í næringarfræði kenndu næringarfræði. Starfandi fræðimenn á Matís ohf. sinntu einnig stundakennslu við deildina. Tveir gestaprófessorar voru við deildina, Laufey Steingrímsdóttir prófessor, starfsmaður Rannsóknastofu í næringarfræði, og Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri MATÍS.

Í október 2010 var starfshlutfall í stoðþjónustu við deildina aukið í 50% og var Auður Ingólfssdóttir ráðin í starf deildarstjóra á deildarskrifstofunni. Gerða Sigmarsdóttir, sem hafði sinnt 30% starfi deildarstjóra, lét af störfum frá sama tíma.

Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð meðal matvæla- og næringarfræðideilda á alþjóðavísu með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Matvæla- og næringarfræðideild er nú ein öflugasta eining

Matvæla- og næringarfræðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	0	0
karlar	2	1,37
Dósentar		
konur	0	0
karlar	2	0,87
Prófessorar		
konur	3	2,2
karlar	1	1
Samtals	8	5,48
Akademískir sérfræðingar		
konur	0	0,0
karlar	1	1,0
Samtals	1	1,0
Rannsóknastofa í næringarfræði		
konur	13	8,7
karlar	3	1,6
Samtals	16	10

Háskóla Íslands í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og kemur um helmingur fjárframlags til deildarinnar vegna framleiðni á rannsóknasviðinu. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Lögð er áhersla á sterkt fræðilegt og lausnamiðað nám.

Árið 2010 bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Haustið 2008 hófst í fyrsta skipti á Íslandi grunnnám í næringarfræði til BS-prófs en næringarfræði hafði um nokkurra ára skeið verið kennd til meistaraþrófs og doktorsnemum leiðbeint.

Háskóli Íslands hefur boðið upp á nám í matvælafræði um alllangt skeið, fyrst eingöngu til BS-prófs, en síðar til meistara- og doktorsprófs.

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 ásamt aðstöðu fyrir deildarforseta, Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Alvarlegur skortur á húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrífum og hefur sá skortur reynst dýrkeyptur. Unnið er að aukinni samvinnu við Matís ohf. til að auka frekari möguleika nemenda og kennara, auk þess sem gerð var áætlun um stækkun húsnæðis Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala. Einnig miðar samvinnan að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstöðu á Landspítala gegnum samstarfssamning milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfræði.

Deildin leggur áherslu á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallar um umsóknir í námið og framgang þess á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám er í miklum blóma við deildina og stunduðu um 30 nemendur nám til meistara- eða doktorsgráðu á árinu en alls voru 111 nemendur skráðir við Matvæla- og næringarfræðideild á haustmíssi 2010.

Doktorsnám

Þrjú luku doktorsprófi í matvælafræði á árinu 2010, þau Mai Thy Tuyet Nga, Þrándur Helgason og Gholamreza Shaviklo.

Alþjóðasamskipti

Nokkrir erlendir gestakennarar voru við deildina á árinu, samstarfsmenn kennara við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla, sem komu til funda á Íslandi og tímabundinna starfa. Nokkrir nemendur í framhaldsnámi við deildina héldu einnig utan í skiptinám. Fimmtungur nemenda í rannsóknanámi við Matvæla- og næringarfræðideild eru erlendir nemar, sem meðal annars hafa öðlast tengsl við deildina gegnum nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna.

Kennarar deildarinnar áttu þátt í skipulagi erlendra ráðstefna og námskeiða.

Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta í tengslum við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Lýðheilsustöð, Rannsóknastofu í matvælaefnafræði og Matís ohf. Sjá nánari upplýsingar í skýrslum um Rannsóknastofu í næringarfræði og Rannsóknastofu í matvælaefnafræði, auk ársskýrslu Matís ohf.

Markaðs- og kynningarmál

Á námskynningu háskólans var unnið að því að kynna námsleiðir deildarinnar. Kynningin tókst afar vel og skilaði vinnan við hana sér í fjölgun nýnema í grunnnámi í deildinni. Vefur deildarinnar tilheyrir Heilbrigðisvísindasviði og sér deildarstjóri um uppfærslu og innsetningu á vefinn, ásamt markaðs- og vefstjóra Heilbrigðisvísindasviðs.

Sálfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Daníel Þór Ólason dósent var kjörinn deildarforseti á deildarfundum 8. júní 2010 og tók við af Jörgen Pind prófessor 1. júlí 2010. Varadeildarforseti var kjörinn Árni Kristjánsson dósent.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir en þrjú aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundum 8. júní 2010, þau

Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í matvælafræði	2	1	3
MS-próf í matvælafræði	0	2	2
MS-próf í næringarfræði	0	2	2
Viðbótardiplóma í matvælafræði	0	1	1
BS-próf í matvælafræði	2	6	8
Samtals	4	12	16

Einar Guðmundsson prófessor, Sigurður J. Grétarsson prófessor og Urður Njarðvík lektor. Deildarráðsfundi sitja einnig einn fulltrúi BS-nema og einn fulltrúi framhaldsnema í sálfræði.

Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði og deildarafundir einu sinni til tvisvar á misseri.

Starfsfólk

Við Sálfræðideild störfuðu fimm prófessorar, fimm dósentar, tveir lektorar og þrjú aðjuntar, auk tveggja starfsmanna á skrifstofu deildarinnar.

Tveir prófessorar létust á árinu 2010. Jakob Smári lést 19. júlí og Friðrik H. Jónsson lést 12. desember.

Fanney Þórsdóttir var ráðin lektor frá 1. júlí 2010. Á deildarráðsfundi 26. febrúar voru Páll Magnússon og Pétur Tyrfingsson samþykktir aðjuntar við deildina. Samþykkt var á deildarráðsfundi 19. mars að veita Berglindi Guðmundsdóttur nafnbótina klínískur dósent og Guðmundi Ágúst Skarphéðinssyni nafnbótina klínískur lektor.

Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda.

Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 718 þann 20. október 2010. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 300, sem er svipað og á fyrra ári. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundins rannsóknatengds náms), MS-prófs í félags- og vinnusálfræði, cand.psych.-prófs og doktorsprófs. Inn í cand.psych.-nám voru teknir 20 nemendur, 18 nemendur voru teknir inn í MS-nám í félags- og vinnusálfræði og fimm nemendur í einstaklingsbundið rannsóknatengt MS-nám. Alls voru 89 nemendur í meistaranámi haustið 2010.

Doktorsnám

Fjórir doktorsnemar bættust við á árinu og voru þeir í árslok átta talsins.

Sálfræðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
konur	2	1,5
karlar	0	0
Lektorar		
konur	2	2
karlar	0	
Dósentar		
konur	1	1
karlar	4	4
Prófessorar		
konur	0	
karlar	3	3
Samtals	10	10
Sérfræðingar		
konur	1	1
karlar	0	0
Samtals	1	1
Rannsóknafólk		
konur	2	1,1
karlar	1	0,9
Samtals	3	2

Alþjóðasamskipti

Sálfræðideild tekur þátt í Evrópuverkefninu Europlat (European Psychology Learning and Teaching). Daníel Þór Ólason og Urður Njarðvík fóru sem fulltrúar Sálfræðideildar á ráðstefnu í Edinborg í Skotlandi í lok júní. Sálfræðideild tekur einnig þátt í Nordic Baltic Doctoral Network in Psychology. Tveir kennarar, Árni Kristjánsson og Jörgen Pind, og fimm doktorsnemar fóru á þing NBDNP til Jurmala í Lettlandi í ágúst.

Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar. Veglegur styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir rannsókn Árna Kristjánssonar. Áhrif áreita sem vekja tilfinningaleg viðbrögð á hugarstarf og sjónskynjun. Jakob Smári fékk veglegan styrk frá Rannís fyrir doktorsverkefni Ragnars P. Ólafssonar. Hugsanastjórn og stýriferli í árátta og þráhyggjuröskun. Árni Kristjánsson fékk 192 tíma (25%) flutta af kennsluskyldu sinni yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta.

Reglur um Sálfræðistofnun voru samþykktar á fundi háskólaráðs 3. júní. Eftirtaldir voru tilnefndir í stjórn Sálfræðistofnunar á deildarráðsfundi 12. október: Guðmundur B. Arnkelsson dósent, Friðrik H. Jónsson prófessor, Fanney Þórsdóttir lektor og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent. Guðmundur B. Arnkelsson var kjörinn formaður stjórnar Sálfræðistofnunar á stofnfundi 26. október.

Málstofur

Málstofur Sálfræðideildar á vormisseri voru þrjár:

- 21. janúar: Andri Steinþór Björnsson doktor hélt fyrirlesturinn Hugræn atferlismeðferð við félagsfælni meðal háskólanema.
- 30. mars: Haakan Jarvaa, sænskur sálfræðingur, hélt fyrirlesturinn Áhrifamáttur, sértrúarsöfnuðir og bókstafstrúarhreyfingar.
- 21. apríl: Þrúður Gunnarsdóttir sálfræðingur, sem er að klára doktorsnám í lýðheilsuvísindum, flutti fyrirlesturinn Meðferðarúrræði fyrir of feit börn á Íslandi.

Málstofur á haustmisseri voru fjórar:

- 6. október: Árni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild, flutti fyrirlesturinn Áhrif fjárhagslegrar umbunar á hugarstarf.
- 20. október: Erla S. Grétarsdóttir, sálfræðingur á geðsviði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, flutti fyrirlesturinn Lifað með Alzheimers-sjúkdómnum – Niðurstöður forrannsóknar.
- 10. nóvember: Ari Kristinn Jónsson, doktor í tölvunarfræði og rektor Háskólans í Reykjavík, hélt fyrirlesturinn Gervigreind: Háleit markmið til framtíðar og hagnýt notkun í dag.
- 22. nóvember: Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur á geðsviði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, hélt fyrirlesturinn Íþróttasálfræði.

Sálfræðideild hélt Sálfræðiþing í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands 23. apríl. Þar fluttu sex kennarar, tveir doktorsnemar, þrír MS-nemar og einn cand.psych.-nemi frá deildinni erindi.

Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi.

Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Cand.psych.-próf í sálfræði	6	13	19
MS-próf í sálfræði	1	1	2
BS-próf í sálfræði	10	51	61
Samtals	17	65	82

Tannlæknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Nokkrar breytingar urðu á fulltrúum í nefndum og embættum frá fyrra ári. Þann 1. júlí tók Teitur Jónsson dósent við stöðu deildarforseta af Ingu B. Árnadóttur prófessor og Bjarni Elvar Pjetursson prófessor varð varadeildarforseti í stað Peters Holbrook prófessors. Á sama tíma tók við endurnýjað deildarráð, skipað Birni Ragnarsyni lektor, Ellen Flosadóttur dósent, Sigurjóni Arnlaugssyni lektor og Vigdís Valsdóttur, verkefnisstjóra Námsbrautar í tannsmíði, ásamt tveim fulltrúum stúdenta. Deildarráðsfundir eru haldnir tvisvar í mánuði og þá sitja einnig deildarstjórnarnir Guðrún Ívars og Hanna G. Daníelsdóttir.

Svend Richter dósent tók við formennsku Tannlækningastofnunar í júlí 2010.

Deildarfundir eru haldnir tvisvar á hverju misseri og þar eiga sæti allir fastráðnir kennarar deildarinnar, þrír fulltrúar stúdenta og áheyrnarfulltrúi úr hópi kennara tanntækna.

Starfsfólk

Tannlæknadeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Stjórnsýsla og klíník	Fjöldi	Starfsígildi
konur	9	6,55
karlar	0	0
Lektorar		
konur	0	0
karlar	7	4,9
Dósentar		
konur	1	0,7
karlar	3	3
Prófessorar		
konur	1	1
karlar	3	3
Samtals	15	12,3

Við deildina starfa 16 fastráðnir kennarar í tæplega 13 stöðugildum. Það eru fjórir prófessorar, fjórir dósentar og átta lektorar, auk nokkurra stundakennara. Við deildina starfa einnig deildarstjóri á skrifstofu, verkefnisstjóri tannsmíðanáms, tannsmíðameistari, deildarstjóri á klíník og fjórir tanntækna á klíník í alls 6,35 stöðugildum.

Ása Sæmundsdóttir tannsmíðameistari hætti störfum og í hennar stað kom Ásdís Friðriksdóttir tannsmíðameistari í tímabundna stöðu. Jónas Geirsson lektor hætti störfum í árslok. Aðalheiður Svana Sigurðardóttir, BS í tannsmíði, varð adjunkt í hlutastarfi við Námsbraut í tannsmíði.

Bjarni Elvar Pjetursson, fagstjóri í munn- og tanngervælkingum, hlaut framgang í prófessorsstarf á árinu 2010.

Nám og kennsla

Við Tannlæknadeild er í boði kandidateitnáms í tannlæknisfræði og meistara- og doktorsnáms, auk náms í tannsmíði til BS-prófs. Að loknu fyrsta haustmisseri kandidateitnámsins eru haldin samkeppnispróf og öðlast þá sjö efstu nemendurnir rétt til áframhaldandi náms. Við Námsbraut í tannsmíði, sem tók til starfa 2009, fá fimm efstu nemendurnir á sama hátt rétt til áframhaldandi náms.

Á haustmisseri 2010 voru 85 nemendur við Tannlæknadeild skráðir í kandidateitnáms í tannlækningum og 15 í BS-nám í tannsmíði. Í framhaldsnámi við deildina voru á haustmisseri fimm meistaranemar og tveir doktorsnemar.

Bóklegt 60 eininga viðbótarnám í tannsmíði til BS-gráðu fyrir útskrifaða tannsmíði með sveinspróf er einnig í boði og voru 16 tannsmíðir skráðir í það á haustmisseri.

Verkleg þjálfun tanntæknanema ásamt fræðilegum fyrirlestrum fer fram eins og áður í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla.

Alþjóðasamskipti

Deildin fékk til sín skiptinema frá Stokkhólmi og þrjár tannlæknanemar frá Hong Kong komu og kynntu sér nám við deildina. Tveir starfsmenn Námsbrautar í tannsmíði fengu Erasmus-styrk og heimsóttu Manchester Metropolitan University í mars 2010 til að kynna sér tannsmíðanámið þar.

Hafsteinn Eggertsson, sem hefur síðastliðin 10 ár starfað við Oral Health Research Institute við Indiana University, hélt fyrirlestur um greiningarkerfið ICDAS í janúar.

Álfheiður Ástvaldsdóttir lauk doktorsprófi frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi í september en hafði stundað doktorsnámið að hluta til við Tannlæknadeild.

Rannsóknir

Í framhaldi af löngu samstarfi við Lyfjafræðideild útskrifaðist einn meistaranemi í lyfjafræði en verkefni sitt vann hann að hluta til á rannsóknastofu Tannlækna-deildar.

Nemendur hafa vaxandi áhuga á rannsóknaverkefnum og taka þau sem valgrein til viðbótar við kandidatsnámið.

Kennarar kynntu rannsóknir sínar meðal annars á 21. vetrarfundi Tannlækningastofnunar í desember, á ráðstefnum íslenskra tannlækna og í Tannlæknaþingi. Niðurstöður íslenskra rannsókna í tannlækni-fræði voru kynntar á alþjóðlegum ráðstefnum víða um heim og 10 kennarar deildarinnar áttu alls 14 greinar í PubMed á árinu.

Peter Holbrook prófessor varð á árinu aðalritstjóri eins helsta tannlæknatímarsins á Norðurlöndum, Acta Odontologica Scandinavica.

Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi og námsframboði, meðal annars í Háskóla unga fólksins og á háskóladeginum. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja athygli á deildinni þar sem fjöldi nýnema er jafnan langt umfram þann hóp sem hægt er að veita kennslu í klínískum greinum í húsakynnum deildarinnar.

Samningur við Sjúkratryggingar Íslands

Við upphaf haustmisseris 2010 var undirritaður samningur milli Sjúkratrygginga Íslands annars vegar og Tannlæknadeildar og Landspítala – Háskólasjúkrahúss hins vegar um samstarf þessara aðila. Ein forsenda samningsins var nýleg staðfesting stefnunefndar háskólans og Landspítalans á stöðu Tannlæknadeildar sem einnar af göngudeildum spítalans. Samningurinn ber með sér að Tannlæknadeild sé ekki einungis menntastofnun heldur einnig hluti af heilbrigðiskerfi landsins og að Sjúkratryggingar muni því greiða fyrir tannlæknaþjónustu sem þar er veitt.

Tannlæknaþjónustan sem veitt er almenningi er einn helsti þátturinn í tannlæknánáminu og á árinu var sá þáttur styrktur enn frekar með endurnýjun á röntgenbúnaði deildarinnar. Nýju stafrænu röntgentækin nýtast enn fremur til rannsókna og til að bæta þjónustu við starfandi tannlækna.

Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjú áratugi. Stofnunin er til húsa Læknagarði en aðstaða til rannsókna á lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalandi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Kandidatspróf í tannlækningum	2	4	6
MS-próf í tannlækni-fræði	1	0	1
BS-próf í tannsmíði	0	2	2
Samtals	3	6	9

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaaðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru, s.s. Læknadeild, Líf- og umhverfivísindadeild og Hjúkrunarfræðideild. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklægrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

Lífefna- og sameindalíffræðistofa

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreinum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Auk þess að reka Lífefna- og sameindalíffræðistofu tengist fræðasviðið erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofnunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson dósent. Aðrir háskólakennarar eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Reynir Arngrímsson dósent og Stefán Þ. Sigurðsson dósent. Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, sem verið hefur með rannsóknaaðstöðu á stofnunni, fluttist yfir á Raunvísindastofnun á árinu. Guðrún Valdimarsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild og vinnur að stofnfrumurannsóknum. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífefnafræðingur. Á rannsóknastofnunni starfa á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum.

Eftirfarandi rannsóknanemar luku námi á árinu:

Benedikta S. Hafliðadóttir lauk doktorsverkefninu „Conservation of the Mitf Gene, Its Role in Drosophila and the Effect of Micro-RNA's“ og Anna Þóra Pétursdóttir lauk meistaraverkefninu „MITF in the Mouse Central Nervous System“, báðar undir leiðsögn Eiríks. Guðbjörg Jónsdóttir lauk meistaraverkefni í líf- og læknávisindum, „Effects of Aqueous Extracts from Bogbean and Yarrow on Human Dendritic Cells and Their Ability to Activate Allogeneic CD4+ T Cells in Vitro“, og Erna Óladóttir diplómaverkefni í lífefnafræði, „Áhrif bragðefna úr sjávarfangi á þroskun og ræsingu angafruma í rækt“, undir leiðsögn Ingibjargar Harðardóttur og Jónu Freysdóttur, dósents í ónæmisfræði.

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genalækningar, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á bananaflugu og rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafósturvísnum. Helstu einstök verkefni voru:

- Hlutverk og starfsemi Mitf-umritunarpáttarins í þroskun og starfsemi litfruma (e. melanocytes), þ.e. markgen, boðleiðir, innangensuppbót og bælistökkbreytingar.
- Áhrif fitusýra og náttúruafna á ónæmiskerfið.
- Umrítun DNA með RNA-pólýmerasa II.
- Tengsl umritunar við DNA-viðgerð.
- Greining erfðabreytileika og DNA-skemmda í erfðaefnissýnum. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Lífeind ehf. sem er með starfsaðstöðu á stofnunni.
- Hlutverk TGF-vaxtarþáttarins í stofnfrumum (ES-frumum) úr fósturvísnum músa og mannsins.
- Utangenaerfðir hjá manningum.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – Háskólasjúkrahúss.

Kynningarstarfsemi

Eiríkur Steingrímsson hélt boðsfyrirlestrana „The MITF Structure Provides Novel Functional Insights“ á ráðstefnunni Emerging Concepts in Melanoma Biology: Pave the Road to New Therapies, sem haldin var í Nice í Frakklandi, og fyrirlesturinn „Regulation of MITF by Acetylation and Novel Insights from the Crystal Structure“ á 16. ráðstefnu European Society for Pigment Cell Research, sem haldin var á Wellcome Trust Genome Campus í Cambridge. Hann hélt einnig tvo almenna fræðslufyrirlestra á árinu, „Frá litfrumum til sortuæxla: bygging og hlutverk stjórnpóteinsins MITF“ hjá Vísindafélagi Íslendinga og „Braf, Craf og Mitf í sortuæxlum“ á málþingi Samtaka um krabbameinsrannsóknir á Íslandi um sortuæxli. Guðrún Valdimarsdóttir hélt fyrirlesturinn „TGF-Beta Superfamily Members in Human Embryonic Stem Cells“ á TGF-Beta Meeting í Leiden í Hollandi á vegum Leiden University Medical Center. Ingibjörg Harðardóttir hélt erindi á 39th Meeting of the Scandinavian Society of Immunology í Tallinn í Eistlandi. Jón Jóhannes hélt boðsfyrirlestrana „Work of Genetic Counsellors in Multi-Disciplinary Clinics“ á European Meeting on Psychosocial Aspects of Genetics í Gautaborg og „How Do We Deal with Uncertain Information“ á norrænu lífsiðfræðiráðstefnunni Prenatal Diagnosis – Individuals and Society í Osló. Starfsfólk og nemar voru með fyrirlestra og veggspjöld á margvíslegum ráðstefnum erlendis og innanlands.

Annað

Rannsóknir á stofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, þ.m.t. með styrkjum frá Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknánámsjóði, doktorsnemasjóði, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Vísindasjóði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Nýsköpunarsjóði námsmanna og National Institute of Health í Bandaríkjunum. Samtals nam ytra fé úr samkeppnisstyrkjum til rannsókna á Lífefna- og sameindalíffræðistofu tugum milljóna króna.

Stefán Þ. Sigurðsson er verkefnastjóri GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences). Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council. Hann sat einnig í fagráði NordForsk í náttúru-, tækni- og heilbrigðisvísindum.

Lífvísindasetur Læknagarðs

Lífefna- og sameindalíffræðistofa er hluti af Lífvísindasetri Læknagarðs (e. Biomedical Center, University of Iceland) en það er formlegt samstarf þeirra rannsóknæininga á sviði lífvísinda sem starfa í Læknagarði og sambærilegra rannsóknæininga innan Læknadeildar og Landspítala. Markmið Lífvísindaseturs er að efla rannsóknir með auknu samstarfi og samnýtingu aðstöðu.

Ónæmisfræðideild Landspítala

Almennt yfirlit og stjórn

Ónæmisfræðideild tilheyrir Rannsóknasviði Landspítalans. Yfirlæknir er Björn Rúnar Lúðvíksson prófessor. Við árslok störfuðu við deildina læknar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar, hjúkrunarfræðingar og skrifstofufólk. Af þeim höfðu sex klínískar nafnbót prófessors, dósentis eða lektors. Við deildina störfuðu alls um 40 manns, þar af ellefu doktorsnemar og níu meistaranemar. Þrír meistaranemar luku námi á árinu.

Kjarnastarfsemi deildarinnar skiptist í þrjá meginþætti:

- Alhliða þjónusta við einstaklinga sem hafa eða grunað er að hafi galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins.
- Að veita fræðilega og hagnýta kennslu og þjálfun í ónæmisfræði.
- Að stunda ónæmisfræðilegar klínískar rannsóknir og grunnrannsóknir, auk þróunarvinnu.

Helstu áherslur í rannsóknum

Helstu þættir grunnrannsókna eru: meðfæddir ónæmisgallar, sérstaklega er varðar IgA, lektínferla og hóstarkirtil; stjórnun bólgusvars, sérstaklega er varðar Th/Tc17, T-stýrfrumur, VCP og lífvirkniþætti TNF; þáttur ónæmissvars í hjarta- og æðasjúkdómum; áhrif náttúruvefna og aspiríns í sérhæfingu ónæmissvars og stjórnun bólgusvars; þroskun ónæmissvars nýbura, með sérstaka áherslu á áhrif

bólusetninga; sjúkdómstilurð psoriasis, sérstaklega í tengslum við áhrif Bláa lóns meðferðar, auk tengsla við kverkeittatöku og streptókokka.

Klínískar rannsóknir eru: faraldsfræði, erfðir og sjúkdómsmyndir meðfæddra ónæmisgalla og æðabólugusjúkdóma; langtímaafleiðingar EBV-sýkingar í bernsku á heilsufar; ónæmisviðbrögð í fjölvöðvagit; rannsóknir á erfðum, faraldsfræði og orsakatengslum fæðuofnæmis hjá börnum; meðferðarvirkni afnæmismeðferða; bólusetningar barna og fullorðinna.

Próunarvinna: Arfgerðir MBL, magnframleiðsla VCP.

Styrkir og samningar

Ónæmisfræðideild ásamt samstarfsaðilum hlaut um 121 m.kr. í styrki og rannsóknasamninga á árinu (háð gengi). Styrkirnir voru meðal annars frá Vísindasjóði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Rannsóknasjóði, Rannsóknánámssjóði og Tækniþróunarsjóði Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurlíða Kristínssonar, Minningarsjóði Bergþóru Magnúsdóttur og Jakobs J. Bjarnasonar, Vísindasjóði Félags íslenskra gigtlækna, Nýsköpunarsjóði námsmanna og sjöttu rammaáætlun Evrópusambandsins, ásamt erlendum ferðastyrkjum.

Kynningarstarfsemi og kennsla

Starfsmenn deildarinnar fluttu tugi fyrirlestra, auk veggspjaldakynninga á ýmsum innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Þeir birtu 11 greinar í ritrýndum innlendum og erlendum tímaritum ásamt bókarkafli. Starfsmenn deildarinnar kenna nemendum í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, lyfjafræði, líffræði, lífefnafræði og næringarfræði við Heilbrigðisvísindasvið ónæmisfræði, auk ónæmisfræðinámskeiða fyrir nemendur í framhaldsnámi. Að jafnaði koma þrír til fimm læknanemar í verkefni á deildina ár hvert, auk líffræðinema í BS-námi, lífeindafræðinema í diplómanámi og lyfjafræðinema í MS-námi. Almennir fræðslufundir eru haldnir vikulega á vegum deildarinnar, auk vikulegs tímaritafundar.

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði er ein sérstofnana Háskóla Íslands við Læknadeild. Rannsóknastofan er til húsa í Stapa við Hringbraut. Forstöðumaður er Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði og faraldsfræði.

Starfsmenn

Starfsmenn úr hópi kennara eru: Haraldur Briem dósent og Vilhjálmur Rafnsson prófessor. Hrafn Tulinius, prófessor emeritus, hefur starfsaðstöðu á rannsóknastofunni. Oddný S. Gunnarsdóttir, sem er við doktorsnám við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, er með aðstöðu á rannsóknastofunni og vinnur undir handleiðslu Vilhjálms Rafnssonar.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði sinnir faraldsfræðilegum rannsóknum, einkum á sviði krabbameina, bráðalækninga og smitsjúkdóma.

Doktorsnemar

Oddný S. Gunnarsdóttir doktorsnemi hefur birt fimm greinar um afdrif sjúklinga er sóttu til bráðmóttöku Landspítala – Háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Vinnutitill ritgerðar hennar er „Users of the Hospital Emergency Department Who Are Discharged Home.“ Áætlað er að hún verji doktorsritgerðina á árinu 2011.

Meistaraneinar

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir lauk meistaraþrófi af umhverfis- og auðlindabráut Læknadeildar haustið 2010. Ritgerð hennar nefndist „Air Pollution in Reykjavik and Dispensation of Drugs for Angina Pectoris.“ Aðrir meistaraneinar eru Ólöf Másdóttir og Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, báðar í lýðheilsuvísindum.

Kennsla

Nemendum á sjötta ári í læknisfræði er kennd heilbrigðis- og faraldsfræði (forvarnarlækningar) á vegum stofunnar. Í kennslunni taka þátt, auk fastra kennara, um tíu stundakennarar, sem margir vinna annars staðar en við Háskóla Íslands. Í kennslunni er lögð áhersla á aðferðafræði við faraldsfræðilegar rannsóknir, bæði í fyrirlestur og umræðutímum, þar sem niðurstöður rannsókna eru ræddar, einkum með tilliti til aðferðafræðinnar.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á vegum stofunnar voru á árinu 2010 birtar fjórar vísindalegar ritgerðir og fimm útdrættir vegna ráðstefna en niðurstöður rannsókna voru kynntar erlendis, vestan hafs og austan, og á Íslandi.

Samstarf er við fjölmarga aðila um þau rannsóknaverkefni sem í gangi eru hverju sinni, bæði innlenda og erlenda.

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

Stjórn og starfsfólk

Forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Hákansson. Fast starfslið, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum, er 21 starfsmaður (sjá nánar á vefsíðu stofunnar: www.hi.is/rle). Fjórir nemar voru í rannsóknatengdu námi á rannsóknastofunni á árinu, öll í doktorsnámi. Það eru þau Brynhildur Thors, Lárus S. Guðmundsson, Bjarni Sigurðsson og Gunnar Skúli Ármannsson en Lárus lauk doktorsnámi sínu í lok árs. Auk þess stunda fjórir doktorsnemar og einn meistaranemi nám við Rannsóknastofu í stofnfrumfræðum sem rekin er í Læknagarði í samstarfi Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og kennara í líffærafræði við Læknadeild.

Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í kennslu læknanema, tannlæknanema, hjúkrunarfræðinema, geislafræðinema, nema í sjúkrahjálfun, líffræðinema og lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum námskeiðum öðrum.

Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknaverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn, og eru þær helstu eftirtaldar:

- Kopar-, serúlóplasmín- og súperoxíðdismútasi í sjúklingum með hrörnunarsjúkdóma í miðtaugakerfi (með öldrunarlæknum og taugasjúkdómalæknum á LSH).
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum (hluti af doktorsverkefni Brynhildar Thors).
- Rannsókn á lyfjahvörfum parasetamóls ásamt styrk glútatíons, sýsteins, hómósýsteins og sýstein-glýsins í blóði (með læknum á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Gunnars Skúla Ármannssonar).
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortísól og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi).
- Rannsókn á tengslum mígrenis við hjarta- og æðasjúkdóma, í samvinnu við Hjartavernd (doktorsverkefni Lárusar S. Guðmundssonar).
- Þrávirk lífræn efni í blóði íslenskra mæðra. Samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norðurheimskautssvæðinu, AMAP.
- Tengsl þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Þrávirk lífræn efni í lofti og úrkomu við Stórhöfða, með Veðurstofu Íslands.
- Samnorræn rannsókn: Alkohol og andre rusmidler blant nordiske drepte motorvognførere 2001–2002.
- Eitranir á Íslandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum og dauðsföllum af völdum eitrana.
- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnar á Rannsóknastofu í stofnfrumfræðum í samvinnu við kennara í líffærafræði við Læknadeild.

Þjónusturannsóknir

Stundaðar voru umfangsmiklar þjónusturannsóknir í fjórum deildum: réttarefnafræðideild (deildarstjóri: Jakob Kristinsson), lyfjarannsóknadeild (deildarstjóri: Elísabet Sólbergadóttir), alkóhóldeild (deildarstjóri: Kristín Magnúsdóttir) og eiturefnafræðideild (deildarstjóri: Kristín Ólafsdóttir). Rannsóknir þessar eru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, Heilbrigðiseftirlitið, rafveitur, Matís, Nýsköpunarstofnun, vatnsframleiðendur, Össur hf. o.fl. Unnið var að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna. Elín



Magnúsdóttir lyfjafræðingur, starfsmaður stofunnar, hélt áfram að þróa gagnagrunn fyrir skráningu á móttöku sýna og niðurstöður rannsókna.

Húsnæði

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga við Hofsvallagötu. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundarherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands er einnig til húsa í Haga. Veffang Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er: www.hi.is/rle.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Heimasíða stofnunarinnar er www.rsh.hi.is.

Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði árið 2010 sátu: Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, formaður, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefndur af deildinni, Auðna Ágústsdóttir, tilnefnd af framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, og Sigríður Gunnarsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, varamaður, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild. Alls voru haldnir 10 stjórnarfundir á starfsárinu.

Starfsmenn voru eftirtaldar: Helga Garðarsdóttir, verkefnisstjóri daglegs reksturs, í 50% starfi til 25. janúar. Við hennar starfi tók Sigrún Ólafsdóttir, sem var í því til 1. desember. Frá þeim tíma tók Sólfríður Guðmundsdóttir við starfinu. Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, rannsóknasérfræðingur í aðferða- og tölfræði var í 80% stöðu og Sólfríður Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri klínískra rannsókna í 50% stöðu.

Stofnunin réð til sín þrjá sumarstarfsmenn í tengslum við atvinnuáttak Vinnuálagastofnunar og Háskóla Íslands. Það voru þau Hallbjörn Þór Guðmundsson, nemandi við Háskóla Íslands, til að vinna við forritun, Helga Garðarsdóttir til að vinna við gagnagrunnsvinnslu og Jón Einar Hjartarson við vefhönnun. Þau voru ráði í tvo mánuði og fólst vinna þeirra aðallega í skráningu rannsókna í forritinu Access, að hanna rannsóknakannanir og uppfæra heimasíðu stofnunarinnar.

Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi við Eiríksgötu. Á annarri hæð í A-álmu hefur stofnunin til afnota tvær skrifstofur fyrir starfsmenn, tölvuver og lesaðstöðu fyrir meistaranema. Á þriðju hæð A-álmu er ein skrifstofa starfsmanns og vinnuáðstaða fyrir doktorsnemendur. Á fyrstu hæð í C-álmu er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa). Markmið setursins er að auðvelda kennurum Hjúkrunarfræðideildar og samstarfsfólki þeirra á Landspítala að stunda meðferðarrannsóknir. Keypt var ný tölva í Rannsóknasetrið á árinu.

Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, fyrst og fremst með aðstoð starfsliðs stofnunarinnar. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri með málstofum og fyrirlestrum og með því að birta þær á heimasíðu stofnunarinnar.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2006–2011 kemur fram að stuðlað skuli að eflingu hágæðarannsókna í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem standast alþjóðleg viðmið. Til að ná því er meðal annars stefnt að því að auka rannsóknavirkni og sókn í rannsóknasjóði, tvöfalda fjölda meðferðarrannsókna, auka samstarf í rannsóknum héraðs sem erlendis og fjölga doktorsnemunum.

Helsti mælikvarði á rannsóknavirkni kemur fram í rannsóknastigum deildarinnar. Ekki liggja fyrir tölur um rannsóknastig fyrir árið 2010 en árið 2009 var meðaltal rannsóknastiga á starfsígildi alls 26 stig yfir allan háskólann en á Heilbrigðisvísindasviði var meðaltalið 30 stig og í Hjúkrunarfræðideild 27 stig. Tólf rannsóknaverkfeni fengu styrki á árinu, samtals að upphæð 36.490 þús.kr., til mjög fjölbreytilegra verkefna.

Útgáfur

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði gefur út fréttabréfið Rannsóknafréttir fjórum sinnum á ári og er það sent til allra sem eru á rafrænum póstlista stofnunarinnar. Þar er sagt frá markverðum rannsóknum og helstu viðburðum á vegum stofnunarinnar. Vegna sparnaðaraðgerða er fréttabréfið ekki lengur prentað heldur sent rafrænt á póstlista stofnunarinnar.

Gefin var út bókinn Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd og var hún kynnt á málþingi sem fór fram á Háskólatorgi þann 2. desember. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor er ritstjóri bókarinnar.

Kynningarstarfsemi Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði fólst í opinberum erindum, málstofum, vinnusmiðjum, málþingum og umræðufundum. Markmiðið er að miðla niðurstöðum rannsókna og styðja við og efla rannsóknavirkni hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Á árinu 2010 stóð Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði að tólf málstofum, þremur opnum fyrirlesturum, fimm hádegissamræðum, fjórum málþingum og þremur kynningardögum á lokaverkefnum meistaranema.

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiði sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrk að upphæð eina m.kr. árið 2010. Styrkþegar voru þrír, Anna Ólafía Sigurðardóttir doktorsnemi, Ásta Thoroddsen og Ingibjörg Hjaltadóttir doktorsnemi.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar

Hinn 22. desember 2008 var stofnaður bónda við Háskóla Íslands Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar. Stofnfé var 25 m.kr. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Stendur til að veita fyrstu styrki úr sjóðnum á árinu 2011 í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og til að minnast 250 ára menntunarafræðis ljósmæðra hérlendis.



Hugvísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinnsson. Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varadeildarforseti Matthew Whelpton, dósent í ensku. Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar fyrri hluta ársins var Pétur Pétursson prófessor og gegndi hann starfinu í föllum Hjalta Hugasonar deildarforseta sem var í rannsóknaleyfi en Sólveig Anna Bóasdóttir dósent tók við sem deildarforseti 1. júlí. Pétur Pétursson prófessor varð þá varadeildarforseti. Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku, fyrri hluta ársins, en Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku, tók við starfinu frá 1. júlí. Varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingfræði. Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varadeildarforseti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og að auki einn áheyrnarfulltrúa. Heiðar Lind Hansson var fulltrúi nemenda framan af ári og eftir mitt ár tóku Arnaldur Máni Finnsson og Brynhildur Stefánsdóttir við. Frá miðju árinu breyttust kynjahlutföll í stjórn sviðsins en þrír af fjórum deildarforsetum eru nú konur.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnáslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnáslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnáslu háskólans. Sérstakt húsnæði var hannað fyrir þessa starfsemi og er skrifstofa Hugvísindasviðs á þriðju hæð í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Á skrifstofunni eru ellefu starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins. Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri hóf störf hjá sviðinu á miðju ári.

Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út fimm sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl. Á árinu var gert átak í að stofna vefi fyrir kennara sviðsins og hafa fjölmargir vefir litið dagsins ljós.

Á árinu voru lögð drög að stofnun vefrits Hugvísindasviðs þar sem m.a. verða birtar greinar og pistlar fræðimanna í hugvísindum.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst ber háskóladaginn í febrúar og kynningu á framhaldsnámi í mars. Auk þess voru margir framhaldsskólar heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið eflað og fjárveitingar til hennar auknar. Þetta hefur skilað sér í bættri rannsóknþjónustu á sviðinu og í auknum stuðningi

við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðiritra og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um rannsóknir á sviðinu í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspeki- stofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Í árslok 2009 höfðu tvær stofnanir fengið slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun og Edda – öndvegissetur, og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) fékk aðild að Hugvísindastofnun á árinu 2010. Þetta eru öflugar stofnanir sem munu efla þverfræðilegar rannsóknir og tengsl Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar eða einstakra aðildarstofnana hennar geta einnig starfað sérhæfðar rannsóknastofur. Á árinu gengu í gildi nýjar reglur fyrir Hugvísindastofnun.

Á árinu var gengið frá samstarfssamningi GET, alþjóðlega jafnréttisskólans, og sviðsins.

Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

Stefna sviðsins

Boðað var til ársþings Hugvísindasviðs 2010 í stofu 101 í Odda miðvikudaginn 12. maí. Til þingsins voru boðaðir allir aðjuntar, lektorar, dósentar og prófessorar í deildum sviðsins, allt fast starfsfólk á skrifstofum og fulltrúar stúdenta (þeir sem sitja á deildarfundum og í sviðsstjórn).

Á þinginu voru lögð fram drög að jafnréttisstefnu sviðsins og hún síðan samþykkt. Einnig var fjallað um vefmál og eins var rætt um rafrænt tímarit fyrir sviðið.


Jafnréttisstefnu sviðsins má lesa í heild sinni á innri vef háskólans.

Starfsmannamál

Hugvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	71	63,58
Karlar	76	67,0
Samtals	147	130,6

Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum



Nánar er fjallað er um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Hugvísindasvið	4	7	11
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	0	0	0
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	0	0	0
Sagnfræði- og heimspekideild	0	0	0
	Einstaklingar		11
	Starfsígildi		10,5

Hugvísindastofnun – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Starfsmenn	Fjöldi	Starfsígildi
konur	3	2,5
karlar	1	1
Samtals	4	3,5
RIKK og Edda – öndvegissetur		
Starfsmenn	Fjöldi	Starfsígildi
konur	5	5,0
karlar	0	
Samtals	5	5,0
Stofnun Vigdísar, Bókmenntafræðist., Tungumálamiðstöð og Asíusetur		
konur	5	4,79
karlar	3	2,09
Samtals	8	6,9
Málvísindastofnun		
konur	4	2,03
karlar	7	5,63
Samtals	11	7,66
Siðfræði-, Sagnfræði- og Heimspekistofnun		
konur	4	3,25
karlar	4	4
Samtals	8	7,25

Fjármál Hugvísindasviðs*

Fjárveiting	817.065
Sértekjur	86.978
Tekjur alls	904.043
Útgjöld	902.145
Tekjuafgangur	1.898
Ársverk	130,6
Skráðir nemendur	2.520**
Virkir nemendur	1.595
Nemendur/ársverk	19,3
Virgni nemenda	63,3%

* Upphæðir eru í þús. kr.

** Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætt er að taka nemendur í leyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Vegsaukar og verðlaun

Rannsóknastyrkir og vísindaverðlaun

Torfi Tulinius prófessor tók við Riddarakrossi frönsku lista- og bókmenntaorðunnar ásamt Pétri Gunnarssyni rithöfundum þann 19. mars sl. Orðan er veitt fyrir störf á sviði lista og bókmennta og fyrir að stuðla að útbreiðslu

franskra hugverka. Torfi hlaut hana fyrir ritstörf og þýðingar og fyrir að stuðla að menningartengslum á milli Frakklands og Íslands.

Verkefni Auðar Hauksdóttur, dósents í dönsku, www.frasar.net, Danskt-íslenskt máltæki, hlaut 3. verðlaun í hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands 2010.

Þjóðhátíðarsjóður úthlutaði styrkjum í síðasta sinn 1. desember 2010. Hugvísindasvið fékk samtals styrki að upphæð 2,6 m.kr. Rannveig Sverrisdóttir lektor hlaut stærsta styrkinn, 1 m.kr., til að safna og skrá gögn um íslenskt táknmál. Höskuldur Þránínsson prófessor fékk 800 þús. kr. til að rannsaka íslenskan framburð. Steinn Kristjánsson dósent fékk 800 þús. kr. til að ljúka greiningu mannabeinasafnsins frá Skriðuklaustri og birta niðurstöður greininganna.

Bókaverðlaun og tilnefningar

Gavin Lucas, dósent í fornleifafræði, og Kristján Árnason, dósent emeritus í almenntri bókmenntafræði, hlutu menningarverðlaun DV 2010. Verðlaunin, sem eru veitt í átta flokkum, bókmenntum, byggingarlist, fræðum, hönnun, kvikmyndalist, leiklist, myndlist og tónlist, eru veitt fyrir framúrskarandi árangur á listasviðinu á síðastliðnu ári en alls voru tilnefningarnar í ár fjörutíu talsins. Gavin Lucas og Fornleifastofnun Íslands hlutu verðlaun fyrir Hofstaðaverkefnið og bókina Hofstadir, Excavations of a Viking Age Feasting-Hall í flokknum fræði. Kristján hlaut sín verðlaun fyrir þýðingu á Ummyndunum Óvíds en hann hlaut einnig þýðingarverðlaun Bandalags þýðenda og túlka fyrir sama verk.

Alþjóðlegir styrkir

NordForsk hefur veitt veglegan styrk til að setja á laggirnar norrænt tengslanet – Translatio – fyrir þverfaglega nálgun að texta- og menningarþýðingu á miðöldum með þátttöku íslenskra fræðimanna og rannsóknanema sem starfa á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Gottskálk Jensson prófessor átti frumkvæðið að tengslanetinu fyrir Íslands hönd og leiðir íslenska hópinn. Netið verður breytilegt að umfangi og stærð eftir viðfangsefnum hverju sinni en þátttakendum er skipt í fjóra hópa eftir heimalöndum sem, auk Íslands, eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Styrkupp-hæðin er allt að 300 þúsund norsk krónur á ári í þrjú ár, eða samtals um 17,5 m.kr. íslenskra, og skal hún standa straum af kostnaði við fundarhöld og ráðstefnur í löndunum fjórum. Translatio-tengslanetinu er ætlað að tengja fræðimenn og rannsóknanemendur í ýmsum greinum, s.s. norrænum fræðum, latínu, rómanskri og germanskri filológíu, auk bókmenntafræði og sögulegra rannsókna á sviði lista, hugmynda, lærdóms, kirkju og trúar.

Eiríkur Rögnvaldsson og Máltæknisetur eiga hlutdeild í stórum evrópskum styrk til að efla málleg gagnasöfn sem nýtast í máltækni-verkefnum. Hluttur Máltækniseturs er 31 m.kr. af 344 m.kr. verkefnisstyrk. Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar og tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Torfi Tulinius, prófessor í miðaldafræði, og Gísli Sigurðsson, rannsóknaprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fengu styrk frá norrænu ráðherranefndinni til að setja upp alþjóðlegt meistaranám í norrænum miðaldafræðum. Styrkurinn nemur 20 m.kr. og verkefninu er stýrt af Hugvísindasviði í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Aðrir þátttakendur eru Árnastofnun við Kaupmannahafnarháskóla, Háskólinn í Árósum og Háskólinn í Osló.

Heiðursdoktorar

Á árinu voru veittar heiðursdoktorsnafnbætur frá tveimur deildum Hugvísindasviðs.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðasendiherra tungumála hjá UNESCO, hlaut nafnbótina frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á átræðisafmæli sínu þann 15. apríl. Í tilefni af afmælinu var einnig haldin vegleg ráðstefna Vigdís til heiðurs.

Þann 1. desember var þremur rithöfundum veitt nafnbótin frá Íslensku- og menningardeild, Álfurúna Gunnlaugsdóttur, Matthíasi Johannessen og Thor Vilhjálmsyni. Athöfnin fór fram í Hátíðasal skólans að viðstöddu fjölmenni. Sviðsforseti flutti erindi og nemendur lásu úr verkum hvers höfundar fyrir sig. Að því búnu mæltu kennarar fyrir doktorsnafnbót viðkomandi höfundar, deildarforseti afhendi heiðurskjal þessu til staðfestingar og loks þakkaði hver hinna nýbökðu doktora fyrir sig. Tónlist var leikin á milli atriða.

Doktorsvarnir

Þann 11. júní fór fram doktorsvörn við Sagnfræði- og heimspekideild. Unnur Birna Karlsdóttir MA lagði fram til doktorsprófs bókina Náttúrusýn og nýting fallvatna. Um viðhorf til náttúru og vatnsaflsvirkjana í Íslandi 1900–2008. Bókin fjallar um viðhorf til íslenskrar náttúru og er byggð á ítarlegri rannsókn á umræðum um vatnsaflsvirkjanir á árabílinu 1900 til 2008. Aðalleiðbeinandi Unnar Birnu var Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði. Í doktorsnefnd ásamt Guðmundi voru Elfar Loftsson, prófessor í Svíþjóð, og Gunnar Karlsson, prófessor emeritus. Andmælendur voru Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði, og Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur.

Þann 29. október fór fram doktorsvörn í Íslensku- og menningardeild. Ragnar Ingi Aðalsteinsson lagði fram til doktorsprófs í íslenskum fræðum ritgerðina Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasætningar frá elstu þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir rannsókn á stuðlasætningu í íslenskum (norrænum) kveðskap allt frá elstu dæmum til nútímans. Rannsóknin fólst m.a. í því að valin voru kvæði til skoðunar og ljóðstafir slegnir inn í tölvu. Við hvert braglínupar voru slegnir inn þeir bókstafir sem tákna hljóðin sem mynda stuðlavenslin. Megináhersla var lögð á að skoða þær breytingar sem orðið hafa á stuðlasætningu á þessu tólf alda tímabili, einkum með greiningu þeirra hljóða er stuðla saman. Aðalleiðbeinandi Ragnars Inga var Kristján Árnason, prófessor í íslensku málfraeði. Í doktorsnefnd ásamt Kristjáni voru Guðrún Nordal prófessor og Jón Axel Harðarson prófessor. Andmælendur eru Þórhallur Eypórsson, málvísindamaður við Háskóla Íslands, og Michael Schulte, lektor við háskólann í Volda í Noregi.

Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur, innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindasviðs sem fyrst var haldið árið 1996. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

Árþing Hugvísindasviðs

Eins og þegar hefur verið getið var boðað til árþings Hugvísindasviðs 2010 í stofu 101 í Odda miðvikudaginn 12. maí. Á dagskrá voru ýmis mál en þau helstu voru:

- 1) jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs og
- 2) vefmál sviðsins og hugsanlegt vefrit.

Á þinginu var jafnréttisáætlun sviðsins samþykkt en Hugvísindasvið var fyrst fræðasviði Háskóla Íslands að setja sér jafnréttisáætlun. Jafnréttisnefnd sviðsins hafði unnið mikið verk við að móta tillöguna en í nefndinni sitja Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í guðfræði, formaður nefndarinnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku, Ármann Jakobsson, dósent í íslenskum bókmenntum, Már Jónsson, prófessor í sagnfræði, og einnig jafnréttisfulltrúi sviðsins, Ásdís Guðmundsdóttir, ásamt fulltrúa nemenda, Ingibjörgu Maríu Gísladóttur.

Kynningar- og vefstjóri sviðsins, Sigurjón Ólafsson, kynnti stöðu vefmála og reifaði forsendur þess að koma á laggirnar vef tímariti.

Hugvísindasvið 2010

Hugvísindasvið fór fram 5. og 6. mars. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá en tæplega 130 fyrirlestrar voru haldnir í 30 málstofum. Aðsóknin á þingið var mjög góð en talið er að um 500 manns hafi sótt þingið. Þingið fékk góða athygli í fjölmiðlum.

Noam Chomsky

Hugvísindasvið var í samvinnu við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík (RIFF) um fyrirlestur sem Noam Chomsky flutti 28. september og var sýndur í beinni útsendingu í Háskólabíói. Þar komust langtum færri að en vildu þannig að ljóst er að ekki skortir áhuga á framlagi þessa samfélagsgagnrýnanda og málvísindamanns. Chomsky verður heiðursgestur Hugvísindasviðs á aldarafmæli Háskóla Íslands 2011.

Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í sjötta sinn í janúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku í samstarfi við japanska sendiráðið. Hátíðin var fjölsótt að vanda.

Efnt var til kínverskrar hausthátíðar í október sem Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands og sendiráð Kína stóðu að í Öskju. Þessi hátíð var ekki síður skipulögð af metnaði og öllum til sóma sem að henni stóðu.

Námskynningar

Í febrúar var námskynning haldin í Háskóla Íslands á svonefndum háskóladegi. Dagurinn þótti takast mjög vel og var fjölsóttur að vanda. Í mars var kynning á framhaldsnámi þar sem öll svið kynntu sitt nám á Háskólatorgi. Sviðið tók enn fremur þátt í margvíslegum öðrum námskynningum í framhaldsskólum, ýmist með öðrum deildum og sviðum skólans eða á eigin vegum með kynningum á stökum námsgreinum eða deildum Hugvísindasviðs.

Doktorsdagur

Doktorsdagur Hugvísindasviðs var haldinn í lok október. Þetta var í annað sinn sem dagurinn er haldinn og þótti takast ljómandi vel en alls fluttu 29 nemendur erindi í 17 málstofum. Ljóst er að þessi viðburður er að öðlast sess sem annar af tveimur helstu viðburðum á sviðinu við hlið Hugvísindapings.

40 ára afmæli Árnagarðs

Haldið var upp á afmæli Árnagarðs þann 22. janúar með kökubóði en byggingin varð 40 ára seint á árinu 2009 (vígð 21. desember 1969).

Bókaútgáfa

- Auður Ava Ólafsdóttir, lektor í listfræði, gaf út sína fyrstu ljóðabók sem nefnist Sálmurinn um glimmer. Í bókinni er að finna sögulgjöld þar sem tekist er á við ástríður, þjáningu, dauða, endurfæðingu, tungumálið eða skáldskapinn og fegurðina sem „bjargar heiminum á endanum“. Að auki má þess geta að Afleggjarinn eftir Auði, sem nefnist á frönsku Rosa candida, hlaut Prix de Page bókmenntaverðlaunin sem besta evrópska skáldsagan 2010. Samtök bókabúða veita verðlaunin en um 700 háskólamentaðir starfsmenn bókaverslana eru í samtökunum.
- Björn Ægir Norðfjörð, lektor í kvikmyndafræði, hefur skrifað bókina Noi the Albino um samnefnda kvikmynd Dags Kára Péturssonar.
- Dagný Kristjánsdóttir prófessor hefur ritað nýja bók um bókmenntasögu 20. aldarinnar sem ber heitið Öldin öfgafulla. Bókin er ætluð framhaldsskólunemum en er áhugaverð fyrir alla sem unna íslenskum bókmenntum.
- Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í guðfræði, sendi frá sér tvær bækur, annars vegar Út í birtuna – Hugvekjur í máli og myndum, en bókin er unnin með Æju myndlistarkonu, og hins vegar Meeting God on the Cross. Christ, the Cross and the Feminist Critique. Bókin kom út á vegum Oxford University Press og fjallar um feminíska endurskoðun á hefðbundinni Kristfræði í ljósi guðfræði krossins.
- Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði, hefur ritað nýja bók sem ber heitið Sovét-Ísland, óskalandið. Í bókinni lýsir Þór í fyrsta sinn í samfelldu máli undirbúningi Kommúnistaflokksins á Íslandi að byltingu í landinu og viðbrögðum íslenska ríkisins. Umfangsmikil rannsókn liggur að baki bókinni. Hún bregður nýju ljósi á byltingarstarf kommúnista og eina mestu áttakátíma í sögu Íslands.
- Hið íslenska bókmenntafélag gaf út greinaker eftir Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki, sem heitir Ádrepar – um sannleika, hlutleysi vísinda, málfrelsi og gagnrýna hugsun. Í greinum þessa kvers er sjónum beint að meginviðfangsefnum heimspekilegra forspjallsvísinda í sex ritgerðum um gagnrýna hugsun og hvernig hún tengist hinni vísindalegu aðferð.
- Á árinu kom út ritið The Uses of the Middle Ages in Modern European States. History, Nationhood and the Search for Origins. Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, á grein í þessu riti með yfirskriftinni Interpreting the Nordic Past: Icelandic Medieval Manuscripts and the Construction of a Modern Nation.
- Í nóvember 2010 kom út greinasafnið Conversations with Landscape, sem Katrín Anna Lund, dósent í ferðamálafræði, og Karl Benediktsson, prófessor í landfræði, ritstýrðu hjá Ashgate-forlaginu á Bretlandi. Í bókinni eru greinar eftir heimspeklinga, landfræðinga, mannfræðinga, bókmennta- og listfræðinga og listamenn um landslagsfræði. Fjórir kennarar og þrír doktorsnemar á Hugvísindasviði eiga greinar í ritinu, þau eru Anna Jóhannsdóttir, stundakennari í listfræði, Ástráður Eysteinnsson, sviðsforseti og prófessor í bókmenntafræði, Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslensku, og doktorsnemarnir Gabriel Malenfant, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Oscar Aldred.
- Á árinu komu út nokkrar bækur sem Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, á hlut í. Þeirra á meðal er bókin Death, Birth, and Femininity. Philosophies of Embodiment, sem kom út í október hjá Indiana University Press í Bandaríkjunum. Bókin er samstarfsverkefni fjögurra heimspeklinga, þ.e., auk Sigríðar, Sara Heinämaa, Vigdis Songe-Möller og Robin Schott, sem ritstýrir bókinni.



Allar eru þær prófessorar í heimspeki við háskóla á Norðurlöndum. Sigríður skrifar tvo kafla bókarinnar og setur þar fram nýstárlega túlkun á heimspeki Nietzsches um fæðingu og dauða en hugtak Nietzsches um fæðingu hefur lítt verið rannsakað í Nietzsche-fræðum.

- Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræðilegri siðfræði, birti kafla um kristindóm og kynlíf í bókinni *Sex – för Guds skull. Sexualitet och erotik i världens religioner*, sem kom út á þessu ári hjá forlaginu Studentlitteratur í Svíþjóð. Bókin er ætluð nemendum í trúarbragðafræði, kynfræði (e. sexology), mannfræði og þjóðfræði og er m.a. kennd við Háskóla Íslands og háskólann í Lundi.
- Í apríl kom út fyrsta hefti Milli mála: Ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Í ritinu eru 14 greinar á sjö tungumálum: íslensku, dönsku, ensku, ítölsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Greinarnar fjalla allar um bókmenntir og tungumál með einum eða öðrum hætti. Ritstjórar bókarinnar eru Magnús Sigurðsson og Rebekka Bráinsdóttir.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, sendi frá sér þýðingu á frönsku riddarasögunni Perceval eða Sagan um gralinn eftir Chrétien de Troyes en hún er frá lokum 12. aldar. Þýðingin kom út í ritröðinni Lærdómsrit Hins íslenska bókmenntafélags.
- Í greinasafninu Rúnum birta tíu bókmenntafræðingar rannsóknir sínar á skáldskap og fræðistörfum Álfrúnar Gunnlaugsdóttur, prófessors emerita. Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði, ritstýrir og ritar inngang. Háskólaútgáfan gefur bókina út. Eins og fram kemur annars staðar var Álfrún sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands 1. des. 2010.

Alþjóðasamskipti

Erlendir nemendur

Erlendir nemendur við Háskóla Íslands voru 1097 talsins. Erlendir nemendur við Hugvísindasvið voru 443 talsins, þar af voru 78 nemendur skráðir í íslensku sem annað mál til BA-prófs og 40 nemendur í hagnýta íslensku sem annað mál.

Erlendir skiptinemendur

Erlendir skiptinemendur við Háskóla Íslands voru í heildina 370 talsins en af þeim voru 97 nemendur skráðir í skiptinámi við Hugvísindasvið. Þessir nemendur komu meðal annars á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar, ISEP-stúdentaskipta við Bandaríkin, AEN, sem er samstarfsnet á milli Utrecht-samstarfsnets evrópskra háskóla (sem Háskóli Íslands er aðili að) og sjö háskóla í Ástralíu, CREPUQ-samstarfs við háskóla í Kanada, samstarfs við háskóla á Indlandi, Japan og Kína, auk þess sem Háskóli Íslands er í samstarfi við háskóla í Taívan, Taílandi og Suður-Kóreu. Þá koma einnig til skólans skiptistúdentar á vegum tvíhliðasamninga við aðra háskóla.

Nemendur Hugvísindasviðs í skiptinámi

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemar til erlendra háskóla voru 299 talsins, þar af voru 96 nemendur Hugvísindasviðs. Frá Deild erlendra tungumála fóru 53 í skiptinám, 2 frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, 21 frá Íslensku og menningardeild og 20 frá Sagnfræði- og heimspekideild.

Þrettán nemendur í þýsku fóru til Tübingen í Þýskalandi í kennsluferð í tvær vikur í febrúar en það er í ellefta sinn sem slík ferð er farin þangað og er þetta samstarf mjög mikilvægt í þýskunámi. Oddný Sverrisdóttir, sem sér um námsferðina til Tübingen, var með í för ásamt verkefnastjóra alþjóðamála Hugvísindasviðs og Birnu Arnbjörnsdóttur, sem meðal annars kynnti vefnámskeiðið Icelandic Online. Nemendur í dönsku fóru einnig í sína árlegu námsferð á Schæffergården í Danmörku í verkefnavíkunni að hausti.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Á sviðinu var boðið upp á fjölda námskeiða á ensku í grunn- og framhaldsnámi og eru þar talin með námskeið gestakennara í styttri tíma. Námsleiðin MA in Medieval Icelandic Studies, sem aðallega fer fram á ensku, er 12 mánaða námsleið með fimm námskeið á haustmisseri og fimm á vormisseri. Námskeið námsbrautar í ensku fara að sjálfsögðu fram á ensku. Námskeið í tungumálagreinum fara að jafnaði fram á viðkomandi tungumáli og hefur orðið vart við aukinn áhuga erlendra skiptinemenda á námskeiðum í tungumálum á meðan þeir stunda skiptinám við Háskóla Íslands.

Kennaraskipti

Níu kennarar Hugvísindasviðs fóru til erlendra háskóla sem skiptikennarar á vegum Erasmus-kennaraskipta. Farið var til Frakklands, Spánar, Þýskalands og Írlands. Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi deildarinnar

og auka þær mjög fjölbreytni í kennslu. Gestakennarar dvelja í mislangan tíma og eru sumir með kennslu í málstofum daglega í nokkrar vikur.

Annað

Ýmis önnur alþjóðleg samskipti, eins og fyrirlestraferðir og samstarfsverkefni, eru hluti af starfsemi Hugvísindasviðs. Árið 2010 komu margir fyrirlesarar í heimsókn til sviðsins, eins og jafnan er raunin, og ýmis málþing voru haldin.

Verkefnastjóri alþjóðamála

Verkefnastjóri alþjóðamála við Hugvísindasvið sér um að aðstoða þá nemendur sviðsins sem fara í skiptinámi í erlenda samstarfsháskóla. Verkefnastjórinn sér um undirbúning fyrir skiptinámið, er tengiliður meðan á skiptinámi stendur og annast síðan mat á skiptináminu í samráði við kennara í viðkomandi fagi að því loknu. Verkefnastjórinn sér um umsóknir skiptistúdenta til og frá sviðinu og aðstoðar erlenda skiptistúdenta, sem og almenna erlenda nemendur sem stunda nám við sviðið. Aðstoð við gestakennara sem koma til sviðsins er einnig hluti af starfi verkefnastjóra alþjóðamála, sem og umsjón með umsóknum kennara sviðsins sem fara utan í kennaraskipti. Verkefnastjóri alþjóðamála kemur einnig að samningum við erlenda samstarfsskóla og annað alþjóðasamstarf innan sviðsins er jafnframt hluti af starfi hans og hann er tengiliður milli sviðsins og Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Í námi við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðaþjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

Stjórn

Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varadeildarforseti Matthew Whelpton, dósent í ensku.

Ráð og nefndir

Á árinu var deildinni skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

Námssgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námssgreinar: danska, enska, finnska (eingöngu á vormisseri), frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska og þýska í ferðaþjónustu og miðlun.

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
konur	7	5,16
karlar	4	3,0
Lektorar		
konur	7	7
karlar	2	1,31
Dósentar		
konur	3	3
karlar	4	3,51
Prófessorar		
konur	4	4
karlar	2	2
Samtals	33	29,0

Starfsmannamál

Við deildina voru í árslok 34 kennarar, þar af voru 5 prófessorar, 7 dósentar, 7 lektorar, 11 aðjuntar og 4 sendikennarar. Að auki er Tungumálamiðstöðin tengd deildinni og þar starfar forstöðumaður.

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Andrea Milde, lektor í þýsku, sagði upp starfi sínu frá 31. desember 2010.
- Anna Jeeves var ráðin aðjunkt í ensku til eins árs frá 1. ágúst í hlutastarfi.
- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, dósent í ensku, hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku, hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.
- Ida Busk Pedersen var ráðin í starf lektors í dönskum bókmenntum frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2012.
- Ingibjörg Ágústsdóttir var ráðin í starf lektors í breskum bókmenntum frá 1. ágúst 2010 til 31. júlí 2015.
- Jón Egill Eypórsson var ráðinn aðjunkt í hálfu starfi í kínversku og að auki í hálfu starfi verkefnastjóra við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós á árinu 2010.
- Oddný Sverrisdóttir, dósent í þýsku, hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.
- Sarah Moss, lektor í ensku, sagði upp starfi sínu frá 30. júní 2010.
- Sigríð Cecilia Juul Hansen var ráðin í hlutastarf aðjunktis í dönsku tímabundið seinni hluta ársins 2010.
- Susanna Antoinette Elmg var ráðin í hlutastarf aðjunktis í dönsku tímabundið seinni hluta ársins 2010.

Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2010

	Karlar	Konur	Samtals
MA-próf í ensku	0	5	5
MA-próf í frönskum fræðum	0	1	1
M.Paed.-próf í ensku	0	2	2
BA-próf í Austur-Asíufræðum	1	1	2
BA-próf í dönsku	0	7	7
BA-próf í ensku	12	33	45
BA-próf í finnsku	2	0	2
BA-próf í frönskum fræðum	2	4	6
BA-próf í ítölsku	0	2	2
BA-próf í japönsku máli og menningu	1	4	5
BA-próf í norsku	0	1	1
BA-próf í rússnesku	1	2	3
BA-próf í spænsku	0	10	10
BA-próf í sænsku	0	3	3
BA-próf í þýsku	0	4	4
Diplómanám í hagnýtri frönsku fyrir atvinnulífið	0	1	1
Diplómanám í hagnýtri ítölsku fyrir atvinnulífið	0	1	1
Diplómanám í hagnýtri þýsku fyrir atvinnulífið	0	2	2
Samtals	19	75	94

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samanburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna hérlendis.

Stjórn

Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Hjalti Hugason prófessor fyrri hluta ársins en vegna fjarveru hans í rannsóknaleyfi gegndi Pétur Pétursson prófessor og varadeildarforseti störfum deildarforseta fyrri hluta ársins. Frá 1. júlí var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent deildarforseti en Pétur Pétursson áfram varadeildarforseti.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar:
rannsóknánámsnefnd, námsnefnd, stjórn Trúarbragðafraeðistofu, stjórn
Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

Starfsmannamál

Við deildina voru 9 kennarar, þar af voru 6 prófessorar, 1 dósent og 2 lektorar, en lektorarnir eru í hlutastarfi.

Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	0	
karlar	2	0,5
Dósentar		
konur	1	1
karlar	0	
Prófessorar		
konur	1	1
karlar	5	4,49
Samtals	9	7,0

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: almenn trúarbragðafraeði, djáknanám og guðfræði. Unnið var að aðlögun námsins að Bologna-kerfinu: í þriggja ára grunnám og tveggja ára framhaldsnám. Nokkur samdráttur varð á námsframboði vegna sparnaðaraðgerða en fullt framboð var þó á öllum námsleiðum.

Gæðamál

Úttekt var gerð á kennslu og námi í deildinni og skilaði deild sjálfsmatsskýrslu í mars. Úttektarferlinu mun ljúka árið 2011.

Brautskráðir stúdentar frá Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Embættispróf í guðfræði, cand.theol.	2	2	4
Viðbótarnám – djáknanám (60 e)	0	6	6
BA-próf í guðfræði	4	5	9
BA-próf í guðfræði – djáknanám	0	5	5
Samtals	6	18	24

Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstöðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi en aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

Stjórn

Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku, fyrri hluta ársins en síðari hluta ársins Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku. Varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafraeði.

Ráð og nefndir

Við deildina starfar ein fóst stjórnunareiningar, auk deildarfundar:
framhaldsnámsnefnd.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: almenn bókmenntafraeði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafraeði, listfræði, ritlist,



samfélagstúlkun, táknmálsfræði, þýðingfræði, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, íslensk miðaldafræði og tungutækni. Í upphafi skólaársins 2010/2011 var menningarfræði flutt á meistarastig og verður kennd til sameiginlegrar meistaragráðu við deildina og Háskólann á Bifröst.

Starfsmannamál

Við deildina voru 34 kennarar í lok ársins, þar af voru 16 prófessorar, 6 dósentar, 5 lektorar og 7 aðjuntar.

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:
Björn Ægir Norðfjörð aðjunkt var ráðinn í starf lektors í kvikmyndafræði frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2014.

Íslensku- og menningardeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	5	4,8
karlar	4	2,65
Lektorar		
konur	2	1,5
karlar	2	2
Dósentar		
konur	3	3
karlar	3	3
Prófessorar		
konur	5	5
karlar	10	10
Samtals	34	32,0

Guðni Elísson dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.

Gottskálk Þór Jensonson dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.

Margrét Jónsdóttir dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.

Sigríður Sigurjónsdóttir dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.

Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í íslenskum fræðum	1	0	1
MA-próf í almennri bókmenntafræði	1	2	3
MA-próf í almennum málvísindum	0	1	1
MA-próf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu	0	5	5
MA-próf í íslenskri málfræði	0	1	1
MA-próf í íslenskum bókmenntum	1	3	4
MA-próf í íslenskum fræðum	0	1	1
MA-próf í Medieval Icelandic Studies	4	4	8
MA-próf í þýðingfræði	2	5	7
M.Paed.-próf í íslensku	0	1	1
BA-próf í almennri bókmenntafræði	5	11	16
BA-próf í almennum málvísindum	3	2	5
BA-próf í íslensku	3	20	23
BA-próf í íslensku sem öðru máli	0	10	10
BA-próf í kvikmyndafræði	3	1	4
BA-próf í listfræði	2	9	11
BA-próf í ritlist	1	2	3
BA-próf í táknmálsfræði og táknmálstúlkun	0	7	7
Diplómanám í hagnýtri íslensku	1	0	1
Diplómanám í hagnýtri íslensku sem öðru máli	2	6	8
Diplómanám í hagnýtri þýðingfræði	0	1	1
Samtals	29	92	121

Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefni. Í öflugum rannsóknarámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

Stjórn

Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varadeildarforseti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki.

Námsbrautir

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhalds-námsnefnd og deildarráð.

Starfsmannamál

Við deildina voru 24 kennarar í árslok, þar af voru 18 prófessorar, 3 dósentar, 1 lektor og 2 aðjuntar.

Sagnfræði- og heimspekideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	1	1
karlar	1	1
Lektorar		
konur	1	0,5
karlar	0	
Dósentar		
konur	1	0,55
karlar	1	1
Prófessorar		
konur	2	2
karlar	17	15,89
Samtals	24	21,9

Halldór Bjarnason, aðjunkt í sagnfræði, varð bráðkvaddur 9. janúar 2010. Halldór var fæddur 27. október 1959. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1981, lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1987 og cand.mag.-prófi í sömu grein árið 1994. Hann lagði síðan stund á doktorsnám í Department of Economic and Social History við University of Glasgow og lauk doktorsprófi í hagsögu árið 2001 og fjallaði doktorsritgerð hans um utanríkisverslun Íslendinga á árunum 1870–1914. Halldór var einstaklega áhugasamur kennari og afar vel metinn jafnt af nemendum sem samstarfsfólki.

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar bar þetta hæst:

- Gavin Lucas lektor hlaut framgang í starf dósent frá 1. mars 2010.
- Gunnar Á. Harðarson dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. apríl 2010.
- Orri Vésteinsson dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. janúar 2010.
- Svavar Hrafn Svavarsson dósent hlaut framgang í starf prófessors frá 1. mars 2010.

Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í sagnfræði	0	1	1
MA-próf í fornleifafræði	0	1	1
MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun	3	13	16
MA-próf í heilbrigðis- og lífsiðfræði	0	2	2
MA-próf í heimspeki	1	1	2
MA-próf í sagnfræði	1	0	1
M.Paed.-próf í heimspeki	0	1	1
BA-próf í fornleifafræði	3	3	6
BA-próf í heimspeki	12	5	17
BA-próf í sagnfræði	17	7	24
Samtals	37	34	71

Hugvísindastofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Árið 2010 var stjórn skipuð eftirtöldum frá stofnunum sem eiga aðild að Hugvísindastofnun: Gunnþórunn Guðmundsdóttir var fulltrúi Bókmennta- og listfræðastofnunar fyrri hluta árs, en þá kom Ármann Jakobsson í hennar stað. Einar Sigurbjörnsson var fulltrúi Guðfræðistofnunar. Páll Skúlason var fulltrúi Heimspekistofnunar. Sigríður Sigurjónsdóttir var fulltrúi fyrir Málvísindastofnun fyrri hluta árs en þá kom Höskuldur Þráinsson í hennar stað. Már Jónsson var fyrir Sagnfræðistofnun fyrri hluta árs en þá kom Valur Ingimundarson í hans stað. Auður Hauksdóttir var fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Vilhjálmur Árnason fyrir Siðfræðistofnun og Irma Erlingsdóttir fyrir öndvegissettið EDDU. Sigrún Sigurðardóttir tók við sem fulltrúi doktorsnema af Írisi Ellenberger. Ný stjórn fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) var ekki skipuð á árinu og því átti hún ekki fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar.

Margrét Guðmundsdóttir var verkefnisstjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson hóf störf sem rannsóknastjóri Hugvísindasviðs 1. júní en starfið telst til Hugvísindastofnunar.

Starfsreglur fyrir aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar voru endurskoðaðar á árinu, sem var nauðsynlegt í ljósi nýrra reglna Hugvísindastofnunar sem tóku gildi 1. janúar 2010. Voru reglur grunnstofnana samræmdar að verulegu leyti, en reglur sjálfstæðra rannsóknastofnana eru um sumt ólíkar þeim og innbyrðis vegna mismunandi hlutverks og skipulags. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum fékk aðild að Hugvísindastofnun sem sjálfstæð rannsóknastofnun en fulltrúi hennar í stjórn Hugvísindastofnunar hafði ekki verið skipaður í árslok.

Í reglum Hugvísindastofnunar og grunnstofnana innan hennar er gert ráð fyrir að hægt sé að koma á fót stofum sem sinna tilteknum rannsóknaverkefnum, rannsóknasviði eða samstarfi. Miðaldastofa hefur starfað innan Hugvísindastofnunar um nokkurra ára skeið á grundvelli eldri reglna. Árið 2010 var stofnuð Rannsóknastofa í máltileinkun sem byggist á samstarfi Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og heyrir þessi stofa einnig beint undir Hugvísindastofnun.

Rannsóknir og stoðþjónusta

Meginhlutverk Hugvísindastofnunar er að veita ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Alla jafna kemur frumkvæði að verkefnum, hvort sem um er að ræða rannsóknir, ráðstefnur eða útgáfu, frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum til starfsmanna,
- aðstoðar við umsóknagerð,
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja,
- aðstoðar við fundahöld sem tengjast alþjóðlegu samstarfi og ráðstefnuhaldi,
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu,
- aðstoðar aðildarstofnanir, einkum þær sem ekki hafa fastan starfsmann, við fjárumýslu og bókaútgáfu, sem og við heimasíðu og önnur kynningarmál í samvinnu við vef- og kynningarstjóra sviðsins.

Aðstoð við umsóknagerð getur verið margvísleg, allt frá því að gera kostnaðar-áætlanir, ganga frá samningum sem tengjast verkefni, lesa yfir umsókn og gera tillögur um breytingar eða taka þátt í því að skipuleggja verkefni, til þess að semja umsókn í öllum meginatriðum. Markmiðið með þjónustunni er að bæta umsóknir og auka þannig styrkjámöguleika en ekki síður að fjölga þeim sem sækja í sjóði og finna ný styrkjatækifæri fyrir starfsmenn sviðsins. Margir starfsmenn eru reyndir umsækjendur og þurfa litla aðstoð en þeir sækjast þó í síauknum mæli eftir ráðgjöf hjá Hugvísindastofnun, bæði hvað varðar sóknartækifæri og yfirlestur umsókna. Þessi hluti þjónustunnar hefur vaxið ár frá ári og með ráðningu rannsóknastjóra hefur gefist kostur á að vinna að markvissri stefnumótun rannsókna og sóknar í samkeppnissjóði og að skipulagi rannsókna á sviðinu. Umsóknir sem stofnunin aðstoðaði við á einn eða annan hátt voru á þriðja tuginn. Stærstu styrkir sem sviðið hlaut á árinu voru annars vegar úr Nordic Master áætluninni, rúmlega 20 m.kr. til tæplega tveggja ára, og hins vegar úr rammaáætlun Evrópusambandsins, um 30 m.kr. til tveggja ára. Verkefnisstjórar eru Torfi H. Tulinius og Eiríkur Rögnvaldsson.

Stuðningur Hugvísindastofnunar við rannsóknir á sviðinu felst einnig í styrkveitingum úr tveimur sjóðum sem komið var á fót árið 2009. Annars vegar styrkir Stuðningssjóður Hugvísindastofnunar þá starfsmenn sem ná miklum árangri við að sækja rannsóknafé í samkeppnissjóði heima og erlendis og hafa þá um leið umtalsverða verkefnastjórn með höndum. Þeir starfsmenn sviðsins sem eru mjög virkir í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi geta einnig sótt um styrk úr Stuðningssjóði. Hins vegar vinnur Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar að því að efla ýmsa rannsóknatengda starfsemi innan Hugvísindasviðs með styrkveitingum til stofnana, rannsóknateyma og einstakra fræðimanna á Hugvísindasviði. Meðal annars eru styrkir veittir til ráðstefnuhalds og útgáfu. Sjóðurinn er fjármagnaður með hluta af þeim mótfraumlögum sem Hugvísindastofnun fær frá Hugvísindasviði. Styrkir og styrkloforð sjóðanna námu hátt í 5 m.kr. á árinu.

Útgáfa, ráðstefnur og þing

Útgáfa Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og tveir ritstjórar stýra hverju hefti. Aðalritstjórar árið 2010 voru Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson en Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Helga Lára Þorsteinsdóttir voru gestarritstjórar fyrsta heftis ársins og Björn Ægir Norðfjörð og Úlfhildur Dagsdóttir annars heftis. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar standa líka fyrir umtalsverðri útgáfu tímarita og bóka.

Stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds er jafnan umsjón árlegs Hugvísindapings. Það var haldið 5. og 6. mars í Aðalbyggingu háskólans. Fluttir voru um 130 fyrirlestrar í fjölmörgum málstofum. Þingið hófst með sameiginlegri málstofu, „Gagnrýni háskólasamfélag? Ábyrgð og hlutverk háskóla á breytingatímum“ þar sem fjórir af kennurum háskólans tókust á við lykilsurningar um ábyrgð og gagnrýnihlutverk háskóla í samfélaginu. Frummælendur voru: Irma Erlingsdóttir, lektor í frönsku og forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í náttúrufræði. Að erindum loknum var efnt til pallborðsumræðna þar sem Páll Skúlason, prófessor í heimspeki og fyrrverandi rektor háskólans, slóst í hóp með frummælendum.

Aðrar fagráðstefnur sem starfsmenn Hugvísindastofnunar vinna að eru í flestum tilvikum á vegum einhverrar af aðildarstofnunum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar.

Húsnæðismál og starfsaðstaða

Skrifstofa Hugvísindastofnunar er í rými stjórnáslu sviðsins á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Verkefnisstjóri hefur eftir sem áður umsjón með vinnurými doktorsnema í Gimli. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar hafa allar herbergi til umráða fyrir gestafræðimenn og nýdoktora. Aðstaða fyrir starfslíð aðildarstofnana, en fjórar þeirra hafa fastráðið starfsfólk, er ýmist í Gimli eða Nýja-Garði.

Fjármál

Við úthlutun fjárveitingar frá Hugvísindasviði til Hugvísindastofnunar var tekið mið af þeim mótfraumlögum sem sviðið fékk vegna rannsóknastyrkja úr samkeppnissjóðum. Stofnunin fór ekki varhluta af lækkun fjárveitinga til háskólans og þá um leið Hugvísindasviðs þannig að fjárveiting lækkaði þó að aðildarstofnunum hefði fjölgað. Ríflega 60% fjárveitingar var varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnanna, sem fengu fast framlag og framlag byggt á hlutfallslegri skiptingu mótfraumlaga. Að auki var fé lagt til sjóða stofnunarinnar.

Asíusetur Íslands – ASÍS

Stjórn og starfsfólk

Á árinu 2010 var Asíusetur Íslands án starfandi stjórnar. Forstöðumaður og eini starfsmaður stofnunarinnar var Geir Sigurðsson í 50% starfshlutfalli en Geir gegnir einnig stöðu forstöðumanns Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa innan sama stöðugildis.

Hlutverk og rannsóknir

Hlutverk ASÍS er að stuðla og standa að rannsóknum og fræðistörfum sem snúa að Asíu. Einnig heldur setrið úti tengslum við innlendir og erlendir samstarfsstofnanir og ber þar helst að nefna Norrænu Asíustofnunina (NIAS) í Kaupmannahöfn og Nordic NIAS Council (NNC).

Forstöðumaður hefur stundað rannsóknir í nafni stofnunarinnar, einkum á sviði kínverskrar heimspeki. ASÍS hefur starfað með Heimspekistofnun í rannsóknaverkefni um náttúrusýn í fyrirbærafræði og asískri heimspeki og stóð m.a. að alþjóðlegri ráðstefnu, Junctures: Nature Within/Without in Eastern and Western Thought, innan þess ramma í ágúst.

Húsnæði og fjármál

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té aðstöðu og aðgang að stoðþjónustu og greiðir einnig laun forstöðumanns, sem gegnir þó samtímis stöðu forstöðumanns Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa innan sama stöðugildis. ASÍS hefur aðstöðu á fyrstu hæð í Nýja-Garði þar sem Konfúsíusarstofnunin er einnig til húsa. Virkni var lítil á árinu vegna fjárskorts og segja má að ASÍS sé í nokkurs konar dvala meðan svo stendur á.

Bókmennta- og listfræðastofnun

Tvær bækur komu út á vegum stofnunarinnar árið 2010: Rúnir, afmælisrit Álfrúnar Gunnlaugsdóttur (ritstjóri Guðni Elísson) og greinasafn um Þórberg Þórðarson, „Að skilja undraljós“ (ritstjórar Bergljót S. Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson).

Félagar Bókmennta- og listfræðastofnunar voru virkir í ýmsu erlendu samstarfi og héldu erindi um heim allan og á Íslandi. Þar má nefna að Ástráður Eysteinnsson skipulagði norræna ráðstefnu, „Translation, History, Literary Culture. Nordic Perspectives“, sem haldin var við Háskóla Íslands í júní en Hugvísindastofnun og Bókmennta- og listfræðifræðistofnun styrktu ráðstefnuna. Þá hélt áfram fyrirlestraröðin „Hvernig verður bók til?“ í umsjá Rúnars Helga Vignissonar og voru haldnir sjö fyrirlestrar í ár. Þessi fyrirlestraröð hafði m.a. þann tilgang að kynna ritlist sem nýendurvakta háskólagrein.

Bókmennta- og listfræðifræðistofnun flutti úr Gimli í Árnagarð. Heimasíða stofnunarinnar var uppfærð og mun Hugvísindastofnun héðan af sjá um að uppfæra hana. Mestur þungi í vinnu stjórnarinnar fólst í að setja saman nýjar útgáfureglur. Jafnframt voru ýmis verkefni félaga styrkt.

Ný stjórn var kosin á árinu. Forstöðumaður stofnunarinnar var Ármann Jakobsson en með honum í stjórn sátu Benedikt Hjartarson og Þórdís Edda Jóhannesdóttir.

Guðfræðistofnun

Skipulag og stjórn

Stjórn Guðfræðistofnunar var óbreytt á árinu. Fulltrúar kennara voru Einar Sigurbjörnsson prófessor, formaður, Gunnlaugur A. Jónsson prófessor og Pétur Pétursson prófessor. Fulltrúi stúdenta var Guðmundur Björn Þorbjörnsson. Á árinu voru samþykktar nýjar starfsreglur fyrir Guðfræðistofnun til samræmis við reglur annarra kjarnastofnana Hugvísindastofnunar. Samkvæmt hinum nýju reglum verður stjórnin skipuð tveim fulltrúum kennara og einum stúdent úr hópi doktorsnema deildarinnar.

Trúarbragðastofa

Stjórn Trúarbragðastofu, sem jafnframt er námsnefnd um þverfaglegt nám í almennum trúarbragðfræðum, er einnig óbreytt. Formaður hennar var Pétur Pétursson prófessor og aðrir stjórnarmenn Terry Gunnell dósent og Sigríður

Porgeirsdóttir dósent. Auk þess að skipuleggja þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum felst starfsemi Trúarbragðastofu einkum í að svara spurningum um trúarhreyfingar, undirbúa kennsluefni, flokka úrklippur úr dagblöðum og tímaritum um trúarhreyfingar og trúarefni, afla gagna um trúarhreyfingar á Íslandi af Netinu og taka þátt í ýmiss konar samvinnu í verkefnum á vegum Samráðsvettvangs trúfélaga á Íslandi sem vinnur að því að stuðla að friðsamlegum samskiptum milli ólíkra trúarhópa í landinu og málefnalegri samræðu milli þeirra. Þá hefur Trúarbragðastofa gengist fyrir málstofum og málþingum.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Á vegum Guðfræðistofnunar er gefið út tímaritið Ritroð Guðfræðistofnunar – Studia theologica islandica. Í ritstjórn hennar sitja Pétur Pétursson prófessor, Gunnlaugur A. Jónsson prófessor og Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræðilegri siðfræði, sem gegnir starfi ritstjóra. Á árinu komu út 30. og 31. hefti.

Málstofur og málþing

Guðfræðistofnun og Trúarbragðastofa gengust fyrir 11 málstofum á árinu og eitt málþing var haldið á vegum Trúarbragðastofu. Yfirskrift þess var Hefndin og réttlæti Drottins.

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapíngi sem var haldið dagana 5. og 6. mars og tóku starfsmenn hennar þátt í nokkrum málstofum.

Símenntunarnámskeið

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og íslenska þjóðkirkjan gerðu með sér samning um endurmenntunar- og símenntunarnámskeiðum fyrir presta og djákna árið 2007 og fól deildin Guðfræðistofnun skipulagningu þeirra námskeiða. Pétur Pétursson er fulltrúi stofnunarinnar í nefnd um símenntun ásamt fulltrúum Biskupsstofu, Prestafélags Íslands, Djáknafélags Íslands og rektor Skálholtsskóla. Á árinu voru haldin fjögur símenntunarnámskeið.

Rannsóknir

Starfsmenn Guðfræðistofnunar eiga aðild að alþjóðlegu samstarfi guðfræðinga, einkum þó norrænna.

Heimspekistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Forstöðumaður Heimspekistofnunar árið 2010 var Páll Skúlason prófessor en aðrir í stjórn eru Svavar Hrafn Svavarsson dósent og Eyja Margrét Brynjarsdóttir nýdoktor. Stofnunin hefur aðsetur í Gimli þar sem hún hefur til afnota herbergi á þriðju hæð. Við stofnunina hafa þrjú sérfræðingar aðstöðu, Björn Þorsteinsson, Eyja Margrét Brynjarsdóttir og Henry Alexander Henrysson, og eru þau í störfum sem m.a. eru styrkt af Rannís.

Útgáfustarfsemi

Árið 2010 kom ein bók út í ritroð stofnunarinnar: Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum eftir Kristínu Hildi Sætran. Auk þess hlaut Hugur: Tímarit um heimspeki, sem Félag áhugamanna um heimspeki gefur út, styrk frá Heimspekistofnun eins og undanfarin ár.

Fyrirlestrar

Haustið 2003 hleypti Heimspekistofnun af stokkunum fyrirlestraröð sem nefnist hádegisfundir Heimspekistofnunar. Árið 2010 voru eftirfarandi fyrirlestrar fluttir:

- 14. apríl: Lilian O'Brien, Cork-háskóla á Írlandi: Causalism and Deviance.
- 4. október: Dina Babushkina, háskólanum í Helsinki og háskólanum í Tampere í Finnlandi: Morality, Philosophy and Mystery in F.M. Dostoevsky.
- 22. október: Liva Muizniece, heimspeki- og félagsfræðistofnun háskólans í Lettlandi: The Many Senses of Part and Whole in Aristotle.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf sitt þriðja starfsár á árinu 2010. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamála-



ráðuneytisins. Í stjórn stofnunarinnar sátu Wang Wenbing, aðstoðarrektror Ningbo-háskóla og stjórnarformaður, Qiu Yun, Ningbo-háskóla, Ingjaldr Hannibalsson, Háskóla Íslands, Oddný Sverrisdóttir, Háskóla Íslands, og Geir Sigurðsson, sem jafnframt gegnir starfi forstöðumanns í 50% starfi. Á árinu störfuðu sendikennararnir He Qingqiang og Jia Yucheng við stofnunina en enn fremur gegndi Jón Egill Eyþórsson þar störfum sem verkefnisstjóri.

Hlutverk og rannsóknir

Meginhlutverk stofnunarinnar hefur verið að styðja við þróun námslínu í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði. Stofnunin vann aukin heldur að því að koma á kínverskukennslu við Menntaskólann við Hamrahlíð, Verzlunarskóla Íslands og Landakotsskóla. Auk þess hafa forstöðumaður og verkefnisstjóri stundað rannsóknir í nafni stofnunarinnar, einkum á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða.

Málþing, fyrirlestrar og viðburðir

Í apríl hafði stofnunin umsjón með málstofunni „Philosophical Rambles Through Chinese Culture“ á ráðstefnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Preserving the Future: Sustainability of Language, Culture and Nature.

Í ágúst tók stofnunin þátt í skipulagningu alþjóðlegs málþings, Junctures: Nature Within/Without in Eastern and Western Thought í samvinnu við Heimspekistofnun. Í október kom hún einnig að ljóðapínginu Space and Poetry í samvinnu við China-Iceland Cultural Fund en þar komu fram 17 ljóðskáld frá Kína, Japan, Íslandi og öðrum Norðurlöndum.

Á árinu voru haldin sjö stök erindi á vegum innlendra og erlendra fyrirlesara um ýmis efni er tengjast Kína og kínverskri menningu, viðskiptalífi og samfélagi á vegum stofnunarinnar. Á meðal erlendra gesta stofnunarinnar á árinu voru Kjeld-Erik Brødsgaard frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS), James Miller frá Queen's University í Kanada, Graham Parkes frá Cork-háskóla á Írlandi, Christoph Harbsmeier frá Oslóarháskóla og Wang Keping frá Beijing International University.

Haldið var upp á kínversku hausthátíðina í Öskju í október og stofnunin tók þátt í vísindavöku Rannís í september. Loks sýndi stofnunin 20 kvikmyndir á árinu.

Fjármál

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té aðstöðu og aðgang að stoðþjónustu og greiðir einnig laun forstöðumanns. Hanban, undirstofnun kínverska menntamálaráðuneytisins, hefur styrkt stofnunina fjárhagslega og var afkoman þrýðileg á árinu.

Húsnæðismál og vefsíða

Stofnunin er til húsa á fyrstu hæð í Nýja-Garði og hefur þar vinnuástöðu fyrir fjóra starfsmenn. Vefsíða stofnunarinnar er www.konfusius.hi.is.

Málvísindastofnun

Stjórn

Á ársfundi stofnunarinnar 30. mars 2010 tók Höskuldur Þránínsson við sem stjórnarformaður og fulltrúi í stjórn Hugvísindastofnunar af Sigríði Sigurjónsdóttur og Matthew Whelpton tók sæti í stjórn sem fulltrúi kennara. Solveig Brynja Grétarsdóttir var áfram fulltrúi stúdenta. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnisstjóra Hugvísindastofnunar. Stofnunin hefur skrifstofu í Gimli og höfðu þar aðstöðu Tania E. Strahan, málfræðingur frá Ástralíu og styrkþegi norræna öndvegissetursins NORMS, og Þórhallur Eyþórsson, verkefnisstjóri rannsóknarinnar „Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar“.

Útgáfumál

Útgáfa og bóksala er snar þáttur í starfi Málvísindastofnunar. Gefnar hafa verið út kennslu- og handbækur í málfræði, ýmis fræðirit um samtímalega og sögulega málfræði, kandídatritgerðir og klassísk rit um íslenska málfræði sem voru lengi vel ófáanleg. Háskólaútgáfan annast dreifingu flestra bóka stofnunarinnar. Þrjár bækur voru endurprentaðar á árinu.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Rask-ráðstefnan

Eins og undanfarin ár héldu Málvísindastofnun og Íslenska málfræðifélagið 24. Rask-ráðstefnuna í janúar 2010. Á ráðstefnunni, sem var vel sótt, héldu 17 fræðimenn 13 erindi.

Málstofa um tilbrigði í færeysku máli

Í tengslum við Frændafund var haldið málþing 23. ágúst um tilbrigði í færeysku máli þar sem flutt voru 10 erindi.

Ráðstefna um tilbrigði í máli

Dagana 7.–9. október stóð Málvísindastofnun, ásamt norræna samstarfsnetinu Nordic Language Variation Network (NLVN) og Research Infrastructure for Linguistic Variation Studies (RILiVS), fyrir ráðstefnunni Nordic Language Variation: Grammatical, Sociolinguistic and Infrastructural Perspectives. Fyrirlestrar voru vel á þriðja tuginn og komu fyrirlesarar víðs vegar að. Hinn 10. október sótti hluti þátttakenda samstarfsfund RILiVS.

Boðsfyrirlestrar og málvísindakaffi

Málvísindastofnun og Íslenska málfræðifélagið stóðu sameiginlega að fjórum fyrirlestrum árið 2010:

- 17. febrúar: Jóhanna Einarsdóttir: „Hvað köllum við stam hjá leikskóla-börnum?“ Hugsýn, félag um hugræn fræði, stóð einnig að fyrirlestrinum.
- 29. mars: Brian D. Joseph, prófessor í almennum og suður-slavneskum málvísindum við Ohio State University og lengi ritstjóri tímaritsins Language: „What s Wrong – and What Is Right – About Grammaticalization: A Critical Assessment“.
- 12. apríl: Markus Steinbach, prófessor við háskólann í Göttingen, og Roland Pfau, dósent við háskólann í Amsterdam: „Handwaving and Headshaking? On the Linguistic Structure of Sign Languages“.
- 29. september: Michael Schulte, prófessor við háskólann í Volda í Noregi: „Rúnaristan frá Hogganvík: ný heimild um frumnorrænu“.

Málvísindastofnun og Íslenska málfræðifélagið hafa um skeið staðið saman að vikulegum spjallfundum um málfræði, svokölluðu málvísindakaffi, sem Matthew Whelpton hleypti af stokkunum fyrir nokkrum árum.

Rannsóknir

Innan Málvísindastofnunar starfa málfræðingar í íslensku, almennum málvísindum og táknmálsfræði. Þeir vinna að fjölbreyttum rannsóknum og fengu árið 2010 styrki úr Rannsóknasjóði, Rannsóknasjóði háskólans og Þjóðhátíðarsjóði.

Tvö ný verkefni fengu styrk frá Rannsóknasjóði, „Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð“, sem Höskuldur Þránínsson stýrir, og „Málfræðilegar formdeildir og hlutverkliðir með hliðsjón af miðlunarhætti“, sem Jóhannes Gísli Jónsson stýrir. Aðrir þátttakendur í þessum verkefnum eru Kristján Árnason, Matthew Whelpton, Rannveig Sverrisdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eypórsson. Vinna við öndvegisverkefnið „Hagkvæm máltækni utan ensku – íslenska tilraunin“, sem Eiríkur Rögnvaldsson stýrir, og verkefnið „Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar“, undir stjórn Þórhalls Eypórssonar, hélt áfram á grundvelli framhaldsstyrkja. Rannveig Sverrisdóttir hlaut hæsta styrk Þjóðhátíðarsjóðs árið 2010 til gagnaöflunar um táknmál. Einnig fékk Höskuldur Þránínsson styrk til að safna heimildum um framburð. Þessu til viðbótar var unnið að nokkrum verkefnum sem fengu styrki frá Rannsóknasjóði háskólans. Viðfangsefni voru íslenskt mál á 19. öld (Jóhannes Gísli Jónsson), bragkerfi dróttkvæða og rímna (Kristjáns Árnasonar) og sögulegur íslenskur trjábanks (Eiríkur Rögnvaldsson), auk þess sem styrkur fékkst til að halda áfram umskráningu mállýskugagna. Rannsóknastyrkir hafa á undanförunum árum gert málfræðingum kleift að veita nemendum mikilsverða þjálfun í rannsóknum og árið 2010 var einnig starfsfólk ráðið í nokkur rannsóknaverkefnanna í tengslum við sérstakt átak Vinnumálastofnunar.

Af öðrum viðfangsefnum má nefna söguleg málvísindi, máltileinkun og millimál íslenskumálnema.

Tveimur rannsóknastofum var komið á fót innan Málvísindastofnunar á árinu.

Máltæknisetri, sem er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir og þróunarstarf á sviði máltækni, og Rannsóknastofu í táknafræðum, sem er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta. Einnig var Rannsóknastofu í máltileinkun komið á fót innan vébanda Hugvísindastofnunar en að henni standa Málvísindastofnun, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum

Almennt

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) er þverfagleg stofnun sem heyrir nú undir Hugvísindasviði. Samkvæmt nýrri tilhögun stofnana sem áður heyrðu undir háskólaráð, fluttist Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum yfir á Hugvísindasvið á árinu en verður þó eins og áður sjálfstæð og þverfagleg stofnun og helst hlutverk hennar óbreytt. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum miðlar þekkingu á á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakvið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og ræðingum þar sem fræðimenn kynna rannsóknaverkefni sín.

Stjórn og starfslið

Fyrri hluta árs 2010 starfaði bráðabirgðastjórn hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í samræmi við samþykkt háskólaráðs 5. nóvember 2009. Í bráðabirgðastjórn, sem rektor skipaði, voru: Herdís Sveinsdóttir prófessor, tilnefnd af háskólaráði, en hún var formaður, Jónína Einarsdóttir prófessor, tilnefnd af Félagsvísindasviði, Bryndís Benediktsdóttir dósent, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Valur Ingimundarson prófessor, tilnefndur af Hugvísindasviði, Gestur Guðmundsson prófessor, tilnefndur af Menntavísindasviði, og Ólafur Pétur Pálsson, prófessor og deildarforseti, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Varamenn voru Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Félagsvísindasvið, og Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við Hugvísindasvið. Eftir að skipunartíma bráðabirgðastjórnar lauk 30. júní 2010 var engin stjórn starfandi hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum það sem eftir var árs 2010. Fyrir utan forstöðumann, Irmu Erlingsdóttur, starfar Hildur Fjóra Antonsdóttir í hálfu starfi við stofnunina. Hún var fastráðin í starf verkefnisstjóra hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum að undangengnu ráðningarferli um mitt ár 2010.

Málþing

Auk hefðbundinna hádegisfyrirlestra, sem eru haldnir hálfsmánaðarlega, stóð stofnunin fyrir nokkrum stærri viðburðum. Í janúar skipulagði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, í samstarfi við Jafnréttisstofu og EDDU – öndvegissetur, málþing um kyn og völd í íslenskum stjórnmálum og efnahagslífi. Í febrúar stóð Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, í samstarfi við Jafnréttisstofu, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og EDDU – öndvegissetur, fyrir málþingi um kyn og loftslagsbreytingar. Í ágúst og september skipulagði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, í samstarfi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, fimm hádegiserindi um kirkjuna og kynferðisofbeldi. Í október stóð Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, í samstarfi við Skottarnar, regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar á Íslandi, fyrir málþingi um ástir og átök innan kvennahreyfingarinnar í þáttíð og nútíð í tilefni af kvennafrídegnum sem haldinn var í þriðja sinn. Í desember skipulagði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, í samstarfi við EDDU – öndvegissetur, málþing til heiðurs Helgu Kress, prófessors emerita.

EDDA – öndvegissetur

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er systurstofnun og samstarfsaðili EDDU – öndvegisseturs. EDDA er sjálfstæð rannsóknastofnun og heyrir undir Hugvísindastofnun. Öndvegissetrið EDDA er eitt af þremur verkefnum sem fengu styrk frá markáætlun Vísinda- og tækniráðs. EDDA – öndvegissetur er nýr vettvangur fyrir gagnrýnar samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórnmála- og menningarrýni með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Markmið öndvegissetra

eins og EDDU, sem reist er á markáætlun Vísinda- og tækniráðs, er að styrkja rannsóknir og tengslanet á tilteknu sviði sem síðan leiða til fræðilegrar þekkingarsköpunar og skila ávinningi fyrir samfélagið, eins og t.d. með áhrifum á stefnu stjórnvalda. Á öðru starfsári EDDU var áfram megináhersla lögð á rannsóknir á áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og bankahrunsins hér á menningu, stjórnmál og félagskerfi. Í stjórn EDDU sitja nú eftirtaldir: Valur Ingimundarson, prófessor í samtímasögu (formaður), Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, og Irma Erlingsdóttir, lektor í frönskum bókmenntum. Irma gegnir jafnframt stöðu framkvæmdastjóra setursins. Á öðru starfsári EDDU var haldið áfram að þróa setrið og rannsóknáherslur þess. Rannsóknastefna setursins skiptist í eftirfarandi þrjú rannsóknasvið: 1) sögulegar, menningarlegar og orðræðubundnar framsetningar á jafnrétti og margbreytileika, 2) velferðaríkið, stjórn málaumbætur og borgarasamfélagið, 3) orðræða um „endurreisn“ eftir kerfishrun: öryggi, réttlæti, minni og landfræðistjórnmál. Í tvígang var kallað eftir umsóknum fræðimanna og 15 styrkir veittir til rannsókna á sviðinu. EDDA stóð jafnframt fyrir fjölda viðburða á árinu. EDDA skilar ítarlegri ársskýrslu til Rannís á hverju ári.

Alþjóðlegur jafnréttisskóli

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er samstarfsaðili Alþjóðlegs jafnréttisskóla – GEST Programme (áður GET Programme) er stofnsettur var árið 2009 og er þróaður samhliða EDDU – öndvegissetri. Á árinu 2010 sátu eftirfarandi í stjórn skólans: Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki (formaður), Irma Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri EDDU og forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Elín R. Sigurðardóttir, starfandi deildarstjóri þróunar-samvinnudeildar utanríkisráðuneytisins, Kristín Ástgeirsdóttir, forstöðumaður Jafnréttisstofu, og Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands. Á öðru starfsári skólans tók GEST á móti sex nemendum frá Palestínu og Afganistan sem stunduðu nám við skólann í 15 vikur á haustmánuðum. Skólinn stóð jafnframt fyrir fjölda viðburða á árinu.

Kvennaslóðir

Heimasíðan www.kvennaslodir.is er gagnabanki með nöfnum og ferilskrám kvensérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmið Kvennaslóða er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega. Kvennaslóðir er vettvangur fjölmiðla, fyrirtækja og stjórnvalda til þess að finna hæfar konur til margvíslegra starfa með skjótvirkum hætti. Á Kvennaslóðum má finna nöfn kvenna sem eru tilbúnar til þess að leggja sitt af mörkum í samfélaginu, t.d. með því að veita sérfræðiálit í fjölmiðlum og sitja í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum hins opinbera og í einkageiranum. Forstöðumaður hefur unnið að þróun verkefnisins og fengið styrki til þess árlega.

Samstarfsnet

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum starfar náið með erlendum stofnunum á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. NIKK (Nordisk institutt for kunnskap om kön) við háskólann í Osló. Stofan er aðili að AOIFE (Association of Institutions for Feminist Education and Research in Europe) og ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Womens Studies in Europe), sem nýtur styrks úr Grundtvig-áætluninni. ATHENA-verkefnið er rannsóknanet á sviði kvenna- og kynjafræða og er Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum aðili að rannsóknaverkefnum á vegum þess. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum gerðist einnig aðili að ATGENDER (The European Association for Gender Research, Education and Documentation) sem stofnað var árið 2009. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum var aðili að umsókn netverksins „Gendering Asia“, sem hlaut styrk frá NordForsk til að gera fræðimönnum á sviði kynja- og Asíufræða á Norðurlöndum kleift að funda árlega í þrjú ár og þróa rannsóknasamstarf á sviðinu. Árið 2010 starfaði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í nefnd um konur og vísindi á vegum menntamálaráðuneytisins, í stjórn Kvennasögu-safnsins, í stjórn NIKK, í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu, í Jafnréttisráði og í nefnd fjármálaráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð.

Heimasíða

Á heimasíðu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir og sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu. Slóð heimasíðunnar er www.rikk.hi.is.



Sagnfræðistofnun

Sagnfræðistofnun annast grunnrannsóknir í sagnfræði og fornleifafræði sér í lagi og í samvinnu við aðrar stofnanir. Einnig gengst hún fyrir ráðstefnum, annast útgáfustarfsemi og tekur að sér þjónusturannsóknir fyrir opinbera aðila og einkaaðila. Stofnunin heldur til í Guðnastofu í Árnagarði en þar er einnig bókasafn hennar. Hún fær árlegt framlag af rannsóknafé Hugvísindasviðs og aflar auk þess viðbótarstyrkja til starfseminnar. Í stjórn sátu á árinu Valur Ingimundarson, forstöðumaður, Anna Agnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, og Ólafur Arnar Sveinsson, fulltrúi meistaranema. Fastalið er kennarar og aðjunktur í sagnfræði og fornleifafræði. Félagar eru einnig starfsfólk, sérfræðingar og styrkþegar stofnunarinnar og framhaldsnemar í sömu greinum. Loks eru kennarar á eftirlaunum félagar í Sagnfræðistofnun. Á árinu voru nýjar starfsreglur Sagnfræðistofnunar samþykktar í stjórn Hugvísindastofnunar. Stúdentar hafa gegnt tímabundnum verkefnum fyrir stofnunina, s.s. skrásetningu bókakosts, umsjón með vefsetrinu Söguslóðum og vinnu við bókalager. Forstöðumaður hafði á hendi framkvæmdastjórn og daglegan rekstur. Hann situr fundi Hugvísindastofnunar. Rannsóknir einstakra starfsmanna eru jafnframt helstu verk unnin á vegum Sagnfræðistofnunar og er gerð grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands. Að auki hefur stofnunin komið að ýmsum verkefnum í samstarfi við aðra (s.s. Reykholtssverkefni, ritun á sögu utanríkisverzlunar Íslands, verkefni vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar og neti um menningarsögu kalda stríðsins). Stofnunin starfrækir vefsetrið Söguslóðir (soguslodir.hi.is) þar sem vistuð eru upplýsingasöfn um sagnfræði og birtar fréttir úr fræðunum.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stjórn og starfsmenn

Hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum starfa 35 fræðimenn. Á árinu 2010 gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns stofnunarinnar og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Á ársfundi vorið 2010 var kosið nýtt fagráð til tveggja ára. Í því eiga sæti: Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Úr fagráði gengu Lars-Göran Johanson, Júlían M. D'Arcy og Hólmfríður Garðarsdóttir. Laufey Erla Jónsdóttir lét af starfi verkefnastjóra á vordögum og þá tók Svanhvít Aðalsteinsdóttir, sem ráðin var tímabundið til stofnunarinnar í byrjun árs 2010, við starfi verkefnastjóra. Svanhvít gegndi starfinu fram á haust eða þar til Hrefna Ingólfssdóttir var ráðin verkefnastjóri um miðjan október. Á árinu 2010 hlutu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Björk Guðsteinsdóttir framgang í starf prófessors.

Starfsemi stofnunarinnar

Alþjóðleg vísindaráðstefna og hátíðardagskrá

Í tengslum við stórafmæli Vigdísar Finnbogadóttur hinn 15. apríl stóð stofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu dagana 15.–17. apríl undir yfirskriftinni Varðveisla til framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru. Á ráðstefnunni var fjallað um bókmenntir, tungumál, menningu og náttúru frá ýmsum sjónarhornum og sérstök áhersla var lögð á þróun þessara þátta fyrir komandi kynslóðir.

Lykilfyrirlesarar voru:

- Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og friðarverðlaunahafi Nóbels, sem flutti opunarfyrirlestur í Hátíðasal háskólans.
- Bernard Comrie, forstöðumaður málvísindadeildar stofnunar Max-Planck í Leipzig í Þýskalandi.
- Claire Kramsch, prófessor við Berkeley-háskóla í Kaliforníu í Bandaríkjunum.
- Páll Skúlason, prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands.

Auk lykilfyrirlestra voru skipulagðar málstofur af fræðimönnum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Konfúsíusarstofnuninni og hins vegar samsettar af innsendum erindum hvaðan æva úr heiminum. Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel, þrátt fyrir að eldgosíð í Eyjafjallajökli hindraði komu allmargra ráðstefnugesta og fyrirlesara, m.a. Irinu Bokovu, framkvæmdastjóra hjá UNESCO, sem átti að vera ein lykilfyrirlesara.

Hátíðardagskrá í Háskólabíói

Í tilefni af stórafmæli Vigdísar hinn 15. apríl efndi stofnunin til hátíðardagskrár í Háskólabíói í samstarfi við stjórnvöld, Reykjavíkurborg og fjölda félaga- og hagsmunasamtaka, sem tengjast hugðarefnum Vigdísar. Fjöldi listamanna kom fram á hátíðinni, sem var haldin fyrir fullu húsi. Leikrænn stjórnandi var Kolbrún Halldórsdóttir

Við þetta tækifæri afhenti sendikvinna Færeyinga, Gunvør Balle, stofnuninni myndarlegan styrk frá færeyska Lögþinginu og færeyskum fyrirtækjum en honum skal varið til alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Kristín Ingólfsdóttir rektor veitti styrknum viðtöku.

Ráðstefnur, fyrirlestrar og málþing

Að venju stöð stofnunin fyrir fyrirlestrum, ráðstefnum og málþingum, bæði á vor- og haustmisseri.

- Í byrjun haustmisseris opnaði Vigdís Finnbogadóttir vefgáttina Icelandic Online, sem inniheldur námsefni fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku. Icelandic Online er afrakstur rannsókna og þróunar sem farið hafa fram í Háskóla Íslands í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugvísindastofnunar. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála.
- Vísindavaka Rannís fór fram í Listasafni Reykjavíkur 25. september og þar kynnti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur alþjóðlegu tungumálamiðstöðina og japanskt mál og menningu, auk þess sem kínversk fræði voru kynnt á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa. Rannsókn Auðar Hauksdóttur á dönskum orðtökum var kynnt og þýðingafraeðin veitti innsýn í samtímatúlkun á ráðstefnum. Einnig var kynning á vefnum Icelandic Online.
- Í tilefni af evrópska tungumáladeginum var efnt til málþings í samvinnu við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi undir yfirskriftinni Tungumál skapa tækifæri. Á málþinginu, sem var haldið 28. september, var fjallað um framtíð tungumálakennslu í grunn- og framhaldsskólum. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hafði framsögu á málþinginu og kynnti stefnu ráðuneytisins um tungumálakennslu.
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Félag dönskukennara efndu til málþings í Norræna húsinu 27. október í tilefni af opnun máltækisins www.frasar.net, sem er ætlað að auðvelda tjáskipti á dönsku og íslensku. Hjálpartækið byggist á samanburðarrannsókn Auðar Hauksdóttur á orðtökum í dönsku og íslensku. Søren Haslund, sendiherra Danmerkur, opnaði máltækið og Pia Jarvad, fræðimaður hjá Dansk Sprognævn, hélt fyrirlestur um orðtök (d. idiomer) í dönsku. Að því loknu kynnti Auður Hauksdóttir máltækið og notagildi þess, m.a. í dönskukennslu.
- Hinn 23. október efndi stofnunin til málþings í samvinnu við ítalska sendiráðið í Osló um Dante Alighieri í tilefni af nýútkominni þýðingu á Gleðileiknum guðdómlega. Málþingið fór fram í Þjóðmenningarhúsinu og voru fyrirlesarar Hjalti Snær Ægisson, Claudio Di Felice, Claudio Giunta og Halla Margrét Jóhannesdóttir. Málþingsstjóri var Stefano Rosatti.
- Hinn 10. desember var haldið málþing um Albert Camus undir yfirskriftinni Fjögur högg á dyr ógæfunnar. Málþingið fór fram í Þjóðminjasafninu og erindi fluttu Ásdís R. Magnúsdóttir, Torfi H. Tulinius, Irma Erlingsdóttir og Björn Þorsteinsson.

Fyrirlestrar á vormisseri

- Juan Pablo Mora, gestaprófessor frá háskólanum í Sevilla, leiddi umræður um stöðu spænskrar tungu í Katalóníu á Spáni.
- Michael Byram, prófessor emeritus við háskólann í Durham, hélt fyrirlesturinn Talking to Other People. Is Learning Their Language Enough?
- Leigh K. Mercher, dósent í spænsku við Washington-háskóla í Seattle, hélt fyrirlesturinn All the World's Her Stage: Women and the Theater in the Modern Spanish Novel.
- Gerd Hollenstein, lektor við miðstöð austurrískra fræða við háskólann í Skövde í Svíþjóð, flutti fyrirlestur sem hann nefndi Wien.
- Ewald Reuter, prófessor við Tampere-háskóla í Finnlandi, flutti erindið Deutsch im Tourismus.
- Gino Ruozi, prófessor við háskólann í Bologna, hélt fyrirlestur sem nefndist La letteratura del boom economico.
- Sarah Moss, lektor í ensku, og Sara Holloway, ritstjóri við útgáfufyrirtækið Granta á Englandi, fluttu fyrirlesturinn The Art of Crafting a Novel.
- Isabel R. Rodríguez Ortiz, lektor við háskólann í Sevilla, flutti fyrirlesturinn La comprensión de la lengua de signos por parte de las personas sordas.

Fyrirlestrar á haustmisseri

- Dörte Andres, prófessor í ráðstefnutúlkun við Johannes Gutenberg-háskólann í Mainz, flutti fyrirlesturinn Túlkun í evrópsku samhengi.
- Isidora Rubio, prófessor við Santiago de Compostela-háskóla á Spáni, flutti fyrirlestur um spænskar kvikmyndir.
- Natsumi Onaka, fræðimaður við Iwate University International Center í Japan, greindi frá alþjóðlegri dagskrá og verkefnum sem í boði eru fyrir erlenda stúdenta í Iwate-háskóla.
- Kjeld Erik Brødsgaard, prófessor við Handelshøjskolen í Kaupmannahöfn, flutti fyrirlestur um innviði kínverskra ríkisfyrirtækja í boði Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.
- Gunvor Kronman, forstöðumaður sænsk-finnsku menningarmiðstöðvarinnar Hanaholmen, flutti fyrirlestur í boði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Norræna hússins um verkefnið Svenska nu.

Kvikmyndasýningar

Reglulega voru haldnar kvikmyndasýningar fyrir nemendur og almenning. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýndi fjölmargar kínverskar kvikmyndir og einnig voru sýndar rússneskar kvikmyndir á vegum námsbrautar í rússnesku. Á vormisseri var argentínsk-spænsk þáttaröð sýnd á hverjum fimmtudegi og auk þess voru sýndar kvikmyndir frá Rómönsku-Ameríku og efnt til mexíkóskra kvikmyndadaga. Á haustmisserinu voru spænskar myndir sýndar á vegum kvikmyndaklúbbsins Cine Club Hispano.

Útgáfa fræðirita

- Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2009. Ársritið Milli mála, var gefið út í fyrsta sinn á vormisseri 2010. Efni ritsins einskorðast við fræðigreinar, bæði rannsóknagreinar og greinar með hagnýtari skírskotun. Alls eru í ritinu 14 greinar, þar af níu ritrýndar. Greinarnar birtast á alls sjö tungumálum og spannar efni þeirra mörg svið þó að allar tengist þær tungumálum eða bókmenntum með einum eða öðrum hætti. Bókinni ritstýrðu þau Magnús Sigurðsson aðjunkt og Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt. Ársritið er gefið út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.
- Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdís. Í tilefni stórafræðis Vigdísar Finnbogadóttur og þess að á árinu 2010 voru 30 ár liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar rituðu 27 þekktir íslenskir rithöfundar texta um mikilvægi tungumálakunnáttu. Með bókinni vilja þeir leggja Vigdís lið í baráttu hennar fyrir því að alþjóðleg tungumálamiðstöð geti orðið að veruleika. Textarnir eru afar litríkir og áhugaverðir og varpa með ólíkum hætti ljósi á gildi tungumála fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Ritstjórn var í höndum Auðar Hauksdóttur og prófarkalestur annaðist Uggi Jónsson. Allir gáfu vinnu sína og Prentsmiðjan Oddi gaf umbrot og prentun fimm tölusettra gjafaeintaka. Fyrsta tölusetta eintakið var afhent Vigdís Finnbogadóttur á evrópska tungumáladeginum hinn 26. september en hin fengu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóli Íslands, menntamálaráðherra og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Bókin hefur nú verið prentuð í stærra upplagi og mun ágóði af sóluinni renna til alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.

Heimasíða Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Unnið var að gerð nýrrar heimasíðu þar sem áhersla er lögð á að kynna rannsóknir starfsmanna stofnunarinnar. Þar er einnig sem fyrr greint frá nýjustu fréttum og öðru sem er á döfinni hjá stofnuninni. Vefsíðan var tilbúin í lok árs 2010 en formlega opnuð í janúar 2011.

Alþjóðleg tungumálamiðstöð

Eitt helsta verkefni stofnunarinnar var að vinna að undirbúningi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Í tilefni merkra tímamóta í lífi Vigdísar Finnbogadóttur og þjóðarinnar var ráðist í átak til að afla fjár fyrir húsbyggingu sem mun hýsa alla framtíðarstarfsemi stofnunarinnar og er ætlað að stórefla starfsemi hennar. Átakið tókst framur öllum vonum en alls námu styrkir á fjórða hundrað milljónir króna.

Í apríl var fundað með tveimur fulltrúum úr alþjóðlegu ráðgjafanefndinni, þeim Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, og Bernard Comrie, prófessor og forstöðumanni hjá Max-Planck í Leipzig.

Í lok árs unnu íslensk stjórnvöld að framgangi þess að alþjóðlega tungumálamiðstöðin hlyti vottun sem „Category II“ stofnun innan UNESCO – Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki, stofnanir og rannsókn- og menningarsjóðir lagt henni lið.

Promens hf. styrkti stofnunina með 1,5 m.kr. framlagi og Prentsmiðjan Oddi með einnar m.kr. framlagi. Loks hlaut stofnunin styrk frá Menningarsjóði VISA að upphæð 2 m.kr.

Vinir Vigdísarstofnunar

Hollvínasamtök til stuðnings alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni voru stofnuð 26. september á evrópska tungumáladeginum. Heiti þeirra er Vinir Vigdísarstofnunar og fyrir þeim fer Ragnheiður Jónsdóttir, formaður STÍL, Samtaka tungumálakennara á Íslandi. Samtökin hyggjast leggja á árar með stofnuninni og Vigdísí við að hrinda í framkvæmd áformum um að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð.

Þýðingasetur

Þýðingasetur starfar eftir sem áður innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og tekur þátt í mörgum verkefnum þess. Forstöðumaður Þýðingasetursins er Gauti Kristmannsson. Hann er í fagráði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, situr í ritstjórn tímaritsins Milli mála ásamt Ásdísi R. Magnúsdóttur og Erlu Erlendsdóttur. Forstöðumaður sat í ráðstefnufundinni sem undirbjó alþjóðlegu ráðstefnuna „Varðveisla framtíðar“ sem haldin var í apríl 2010 og flutti einnig fyrirlestur undir titlinum: „World Literature: New Story of a Concept“. Einnig tók Þýðingasetur virkan þátt í alþjóðlegu ráðstefnunni „Art in Translation“ í samvinnu við fjölda annarra innan og utan Háskóla Íslands og sat forstöðumaður einnig í ráðstefnufund.

Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni snerust um Ossian-þýðingar og heimsbókmenntir, auk rannsókna á þýðingum Halldórs Laxness og Álfrúnar Gunnlaugsdóttur.

Erindi

Forstöðumaður hélt nokkur erindi á árinu og eru þau helstu:

- „Sköpun og öpun eða fölsun að þjóðlegum hætti? Hugvísindapening 5.–6. mars.
- „World Literature: New Story of a Concept“. Preserving the Future. Sustainability of Language, Culture and Nature. Alþjóðleg ráðstefna Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 15.–17. apríl.
- „The Creation of High Culture Through Translation“. Art in Translation. Alþjóðleg ráðstefna haldin í Norræna húsinu í samstarfi innlendra og erlendra aðila 27.–29. maí.
- „Halldór Laxness as Translator“. Translation, History, Literary Culture. Nordic Perspectives. Alþjóðleg ráðstefna á vegum Bókmennta- og listfræðastofnunar 25.–26. júní.
- „Nationalization of Literature Through Translation“. Earthly and Cultural Metamorphoses. Samstarfsráðstefna Háskóla Íslands og Manitobaháskóla 17.–19. september.
- „Málstefna Evrópusambandsins og áhrif hennar á tungu smáþjóða.“ Evrópa: Samræður við fræðimenn. Fyrirlestraröð Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki 24. september.
- „The Epic Nature of the Nation: the Need for an Epic in European National Literatures“. 250 Years: Ossian and the ‘National Epics’. Lissabon 4.–5. nóv.

Útgáfa

- Þýðingasetur hefur lengi unnið með bókaútgáfunni Ormstungu að útgáfu tímarits um þýðingar undir titlinum Jón á Bægisá og var unnið að 14. hefti þess á árinu.
- Á vegum setursins kom út grein í tímariti sérfræðinga um 18. öldina skosku, Eighteenth Century Scottish Studies Society: „The Trial Continues. Ossian in the Court of Literary Appeal.“ Eighteenth Century Scotland. Newsletter of the Eighteenth Century Scottish Studies Society. Ritstj. Richard Sher. No. 24. Spring 2010.
- Einnig kom út grein í bókinni Rúnir. Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnar Gunnlaugsdóttur í ritstjórn Guðna Elíssonar: „Yfir frásagnarfljótið með Álfrúnu Gunnlaugsdóttur“. Rúnir. Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnar Gunnlaugsdóttur. Ritstj. Guðni Elísson. Bókmenntafræðistofnun HÍ. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Loks kom út stutt grein um þýðingafraeðinginn kunna, Hans J. Vermeer, í Jóni á Bægisá, en hann féll frá á árinu.

Nýjar námsleiðir og Evrópusamstarf

Þýðingasetur hefur unnið dyggilega að undirbúningi tveggja nýrra námsleiða í nýtjapýðingum og ráðstefnutúlkun og tekið þátt Evrópusamstarfi vegna þess. Af því tilefni komu þrjár aðalframkvæmdastjórar Evrópusambandsins í túlkun í heim-sókn til Háskóla Íslands og kynntu túlkunarstarfsemi Evrópusambandsins sem er grundvallarþáttur í jafnræði tungumála innan sambandsins.

Forstöðumaður tók einnig þátt samstarfi á vegum European Masters in Translation EMT. Verkefnið er Erasmus-net sem nefnist OPTIMALE.

Tungumálamiðstöð

Stjórn og starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson er forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Edda Ýr Meier, Lenka Kovárová, Anita Rubberdt, Natalia Kovachkina, Sabine Sennefelder og Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir.

Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin bæði nemendum og starfsfólki upp á tungumálanám-skeið. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og einnig var boðið upp á enskunámskeið fyrir starfsmenn á báðum misserum. Tungumálamiðstöðin bauð einnig upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Í boði voru bæði námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Miðstöðin hélt einnig reglulegar vinnustofur fyrir tungumálakennara og alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku (TestDaF) og spænsku (DELE).

Miðstöðin festi kaup á hugbúnaði sem kemur í stað málvers og á sumarmánuðum 2010 voru gerðar töluverðar breytingar á húsnæði miðstöðvarinnar þegar málveri var breytt í tölvuver og opnað var á milli þessara rýma. Í miðstöðinni er nú starfrækt tölvuvætt málver og fengu tungumálakennarar þjálfun í notkun þess á árinu.

Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin er í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur) sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi. Cervantes-stofu, sem verið hafði til húsa í Tungumálamiðstöð, var lokað á árinu samkvæmt tilskipun frá Cervantes-stofnuninni á Spáni. Elias Portela var umsjónarmaður hennar fram að lokun.

Miðstöðin hélt áfram þátttöku í Lingu@net World Wide, sem styrkt er af framkvæmdastjórn ESB, en verkefnið í lok árs 2009. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni Lingu@net Europa.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn ECML (European Centre for Modern Languages) í Graz í Austurríki. Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.



Menntavísindasvið

Skipulag og stjórn fræðasviðsins

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Forseti sviðsins var Jón Torfi Jónasson. Deildarforseti Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar var Erlingur Jóhannsson prófessor og varadeildarforseti Ástríður Stefánsdóttir dósent. Deildarforseti Kennaradeildar var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforseti Ingvar Sigurgeirsson prófessor. Deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Hanna Ragnarsdóttir dósent og varadeildarforseti Börkur Hansen prófessor.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Júlía Þorvaldsdóttir var fulltrúi nemenda á árinu. Alls voru haldnir 23 stjórnarfundir árið 2010.

Rekstrarstjórnarskipti urðu 1. nóvember, Kristín Indriðadóttir fór til annarra starfa og við starfinu tók Björg Gísladóttir.

Þing fræðasviðsins

Fyrsta ársþing Menntavísindasviðs var haldið þann 15. febrúar 2010. Umfjöllunar-efnið var stefna deilda, stjórnsýslu og þjónustu. Að loknu þinginu héldu deildir, þjónustustofnanir og stjórnsýsla áfram stefnumótunarvinnu í samræmi við heildarstefnu Háskóla Íslands.

Fjármál Menntavísindasviðs*

Fjárveiting	1.373.694
Sértekjur	33.028
Tekjur alls	1.406.722
Útgjöld	1.386.735
Tekjuafgangur	19.987
Ársverk	167,3
Skráðir nemendur	2.370**
Virkir nemendur	1.637
Nemendur/ársverk	14,2
Virkni nemenda	69,1%

* Upphæðir eru í þús. kr.

** Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætta að taka nemendur í leyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Í undirbúningsnefnd þingsins voru Ástríður Stefánsdóttir, fulltrúi Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar, Ingibjörg B. Frímannsdóttir, fulltrúi Kennaradeildar, Kristján Kristjánsson, fulltrúi Uppeldis- og menntunarfræðideildar, Fríða Margrét E. Þorsteinsdóttir, fulltrúi nemenda, og Kristín Indriðadóttir, fulltrúi stjórnsýslu og þjónustu.

Starfsfólk

Í lok árs 2010 voru 192 starfsmenn í 167,3 stöðugildum við Menntavísindasvið.

Menntavísindasvið og stoðþjónusta

Stjórnsýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn, Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR) og Menntavísindastofnun.

Menntavísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	132	113,7
Karlar	60	53,6
Samtals	192	167,3

Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Fjöldi	Starfsígildi
konur	24	20,9
karlar	6	5,4
Samtals	30	26,3
Kennarar		
Aðjuntar		
konur	24	16,5
karlar	10	7,7
Lektorar		
konur	34	33,75
karlar	18	16,98
Dósentar		
konur	18	16,98
karlar	12	10,98
Prófessorar		
konur	12	11,33
karlar	13	11,75
Samtals	141	125,97
Rannsóknastofur		
konur	8	5,54
karlar	1	0,8
Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf		
konur	3	1,8
karlar	0	0
Bókasafn		
konur	9	6,915
karlar	0	0
Samtals	21	15
Alls	192	167,3


Prófessorar, dósentar, lektorar og aðjuntar voru 141.

	Fjöldi	Stöðugildi
Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild	25	21,7
Kennaradeild	93	83,0
Uppeldis- og menntunarfræðideild	23	18,4
	141	122,9

Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu og kennslu-skrifstofu. Almenna skrifstofan sinnir stjórnsýslulegum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn

Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum



fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið.

Í byrjun nóvember fór Heiðrún Kristjánsdóttir til starfa á rektorsskrifstofu og í hennar stað kom Guðbjörg Jóhannesdóttir sem áður starfaði þar. Aðrar starfsmannabreytingar á skrifstofu voru þær að Guðrún Eysteinsdóttir tók við sem skrifstofustjóri kennsluskrifstofu, Sigríður Erla Jónsdóttir tók við starfi verkefnisstjóra starfsmannamála og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sem starfaði sem starfsmannastjóri á sviðinu á árinu, fór aftur til fyrri starfa sem sviðsstjóri starfsmannasviðs háskólans í lok árs.

Fjórir þjónustukjarnar störfuðu á Menntavísindasviði: Menntasmiðja, bókasafn, Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR) og Menntavísindastofnun, sem sett var á laggirnar í janúar.

Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Þjónusta Menntasmiðju er einkum við nemendur og starfsfólk vegna eigin tölvu- og tölvuvera, námsumsjónarkerfa, vefþjónustu og annarra upplýsingatækniverkefna með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Starfsmenn voru 6 í 5,5 stöðugildum eins og árið 2009.

Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérhæft safn fyrir þær námsgreinar sem kenndar eru á Menntavísindasviði. Bókasafnið er rekið fyrir miðlæga fjárveitingu en heyrir undir stjórn sviðsins. Það er staðsett í Hamri við Stakkahlíð en einnig er safndeild við Íþróttafraeðasetrið á Laugarvatni. Á árinu var mörkuð ný stefna fyrir safnið þar sem enn frekari áhersla er lögð á að veita starfsmönnum og nemendum Háskóla Íslands fyrirmyndarþjónustu og að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er mikilvægur þáttur starfseminnar og nýtur safnið þar oft góðs af samvinnu við Ritver. Safnið býður kennurum og fræðimönnum við skólann ýmsa þjónustu og leggur þannig sitt af mörkum til menntarannsókna. Góð samvinna er við önnur bókasöfn háskólans og á árinu gerðu söfnin sameiginlegan samning um kaup á rafrænum bókum. Árleg náms-efnissýning Námsgagnastofnunar var haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs í ágúst í samvinnu við bókasafnið. Starfsmenn voru í árslok 8 í 6,7 stöðugildum og einn starfsmaður í tímavinnu.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR) er stofnun við Menntavísindasvið sem stendur fyrir námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og vinnur þjónustuverkefni, einkum fyrir skóla og sveitarfélög. Stofnunin veitir einnig ráðgjöf og sér um útgáfu á sviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. Í árslok 2010 voru starfsmenn 3 í 1,8 stöðugildum. Í júní lét Sólrún B. Kristinsdóttir af störfum sem forstöðumaður stofnunarinnar og við starfinu tók Edda Kjartansdóttir.

Á árinu sóttu samtals 278 þátttakendur 12 auglýst námskeið á vegum SRR. Auk þess voru haldin námskeið í 9 skólum fyrir um 150 kennara í samstarfi við skóla- skrifstofur á landsbyggðinni.

Þá hefur stofnunin umsjón með Pestalozzi-námskeiðum á vegum Evrópuráðsins og fór einn framhaldsskólakennari á þess vegum á námskeið í upplýsingatækni.

SRR tók þátt í framkvæmd Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, í samvinnu við Menntavísindastofnun. Starfsmenn SRR komu einnig að undirbúningi doktorsnemanámskeiðsins Millennium Children: Their Perspectives and Experiences, sem haldið var fyrir rúmlega 30 doktorsnema frá Norðurlöndum í febrúar 2011 með styrk frá NordForsk.

Forstöðumaður SRR hefur unnið með vettvangsráði Menntavísindasviðs, fyrri hluta ársins sem sitjandi formaður og seinni hluta ársins sem starfsmaður ráðsins.

Stofnunin hefur haldið utan um viðbótarnám fyrir starfandi kennara og luku sex nemendur 30 einingum á árinu 2010. Þessi námsleið er ekki lengur í boði en hana sóttu alls 292 kennarar á árunum 2006–2010.

Umsýsla með dreifingu tímaritsins Uppeldis- og menntunar var á hendi SRR árið 2010.

Vinna við vefsíðugerð og aðstoð og kennsla á vefumsjónarkerfið Word Press var vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar árið 2010.

Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfa fjögur starfsráð: doktorsráð, kennsluráð, rannsóknaráð og vettvangsráð, auk jafnréttisnefndar.

Doktorsráð

Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það hefur eftirlit með náminu, er í samstarfi við deildir og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnáætlun sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið náði samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið.

Doktorsráð skipuðu Allyson Macdonald prófessor, formaður, Veturliði Óskarsson prófessor, varaformaður, Amalía Björnsdóttir dósent (vorönn), Anna Sigríður Ólafsdóttir lektor, Gretar L. Marínósson prófessor (haustönn), Gunnar Finnbogason prófessor og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, fulltrúi nemenda. Breytingar urðu á skipan doktorsráðs um sumarið þegar Veturliði fór utan. Gunnar Finnbogason tók við sem varaformaður og Guðrún Kristinsdóttir prófessor kom inn sem aðalmaður. Auk þess störfuðu tveir verkefnastjórar við skipulagningu doktorsnáms á árinu, Auður Pálsdóttir og Sólrún B. Kristinsdóttir. Varamenn voru Guðrún Kristinsdóttir prófessor (aðalmaður frá ágúst), Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og Kolbrún Pálsdóttir, fulltrúi doktorsnema.

Meginviðfangsefni doktorsráðs á árinu, auk þess að annast inntöku nema í doktorsnám, var að útfæra nokkur ákvæði í reglum um doktorsnám við Menntavísindasvið, svo sem að útfæra verklag fyrir mat á rannsóknáætlunum. Tekið var á móti átta erlendum sérfræðingum sem tóku þátt í mati á áætlunum og sumir hittu fleiri nema eða buðu upp á stutt námskeið. Einnig voru framvinduskýrslur færðar í ítarlegra form og matsblað doktorsráðs uppfært og notað við mat á framvindu. Handbók um doktorsnám á Menntavísindasviði 2010–2011 var gefin út á íslensku og ensku. Unnið var að nýjum vef um doktorsnám á Menntavísindasviði.

Rannsóknaráð

Hlutverk rannsóknaráðs er að efla rannsóknir við sviðið og fékk það í veganesti stefnu sviðsins um rannsóknir sem gildir til fimm ára frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2013.

Rannsóknaráð Menntavísindasviðs skipa Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna Einarsdóttir prófessor, Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og Sigurborg Matthíasdóttir, fulltrúi nemenda. Varamenn eru Gestur Guðmundsson prófessor og Sólveig Jakobsdóttir dósent.

Ráðið starfar einnig sem stjórn Menntavísindastofnunar (sjá kafla um hana hér að

aftan) og voru reglur fyrir stofnunina samþykktar af háskólaráði snemma árs 2010. Forstöðumaður stofnunarinnar, Kristín Erla Harðardóttir, tók til starfa 1. apríl 2010. Rannsóknaráð og forstöðumaður Menntavísindastofnunar höfðu samstarf um ýmis mál sem snerta rannsóknir við sviðið. Má þar helst nefna að Menntavísindastofnun hafði umsjón með Menntakvíku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, forstöðumaður sinni upplýsingagjöf og aðstoð við styrkumsóknir og fjármögnunarmöguleika rannsókna, ráðgjöf við rannsóknir og utanumhald rannsóknafjár og uppgjör þess. Að auki voru gerðir samningar við nýjar rannsóknastofur við sviðið og störfuðu ráðið og Menntavísindastofnun með stjórn sviðsins og doktorsráði um ýmis verkefni sem snúa að rannsóknum við sviðið, svo sem eflingu rannsóknánáms og reglur um doktorsnám.

Við úthlutun rannsókn- og doktorsstyrkja úr Rannsóknasjóði háskólans stýrði formaður ráðsins fagráði sviðsins sem gaf umsagnir um umsóknir frá Menntavísindasviði en þær voru lagðar til grundvallar úthlutun vísindanefndar háskólans úr fyrrnefndum sjóðum.

Vettvangsráð

Vettvangsráð Menntavísindasviðs hóf störf í mars 2009. Því er ætlað að efla samstarf við þann vettvang sem Menntavísindasvið þjónar, m.a. að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfi við vettvang, beita sér fyrir kynningu á þeim innan og utan sviðsins og setja fram hugmyndir um hvernig má sinna þeim betur. Ráðinu er einnig gert að setja fram hugmyndir að stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, símenntun, þróunarstarf, ráðgjöf, tengsl sviðsins við atvinnulíf, rannsóknir á vettvangi, samráð við hagsmunaaðila og kynningar-, útgáfu- og fræðslustarf.

Formaður vettvangsráðs er Ingvar Sigurgeirsson prófessor en hann var í rannsóknaleyfi á vormisseri og gegndi varaformaður ráðsins. Sólrún Björg Kristinsdóttir, forstöðumaður Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar, formennsku í hans stað. Aðrir í ráðinu voru Arna Hólmfríður Jónsdóttir lektor, Guðmundur B. Kristmundsson dósent, Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri Kennaradeildar, Vilborg Jóhannsdóttir lektor og Inga Lára Björnsdóttir, fulltrúi nemenda. Varamenn voru þær Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir lektor og Kristín Ísleifsdóttir aðjunkt og tóku þær fullan þátt í störfum ráðsins á árinu. Arna lét af störfum í ráðinu í mars og kom Bryndís Garðarsdóttir lektor í hennar stað. Sólrún B. Kristinsdóttir hvarf einnig úr ráðinu haustið 2010 er hún lét af störfum sem forstöðumaður Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar. Nýr forstöðumaður stofnunarinnar, Edda Kjartansdóttir, hefur unnið með vettvangsráðinu sem verkefnisstjóri en ákveðið hefur verið að vettvangsráð sé jafnframt stjórn Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar.

Á árinu fékkst ráðið einkum við stefnumótun um vettvangsnám, símenntun og kynningarmál. Þá beitti ráðið sér fyrir samstarfi um stóra leikskóladaginn, sem er viðburður á vegum leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, og að haustsýning Námshagnastofnunar væri haldin í húsakynnum sviðsins. Á árinu var opnuð sérstök heimasíða ráðsins: www.vefsetur.hi.is/mvsavettvangi/ en þar er stefnt að því að finna megi m.a. upplýsingar um vettvangstengd verkefni starfsmanna sviðsins.

Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs

Í byrjun árs 2009 var jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs skipuð til tveggja ára. Í nefndina voru skipuð Ólafur Páll Jónsson lektor, formaður, Sigríður Einarsdóttir verkefnisstjóri, Steinunn Helga Lárusdóttir lektor og Inga Lára Björnsdóttir, fulltrúi nemenda. Varamaður var Ingvar Ágúst Ingvarsson kerfisstjóri. Nefndinni var m.a. falið að vinna jafnréttisáætlun fyrir Menntavísindasvið í samræmi við jafnréttisáætlun Háskóla Íslands. Talsverðar breytingar urðu á starfi jafnréttisnefndar á árinu 2010. Á haustdögum baðst Ólafur Páll Jónsson lausnar sem formaður nefndarinnar þar sem hann hafði verið kjörinn varadeildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar.

Húsnæðismál

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan íþrótt- og heilsufræða fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgræinahúsi við Skipholt. Kennsla í íþrótt- og heilsufræði fer fram á Laugarvatni. Skrifstofur kennara, utan Laugarvatns, eru í Stakkahlíð en einnig í leiguhúsnæði í Skipholti 37 og 50c, í Bolholti 6 og 8 og í Odda. Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf er til húsa í Bolholti 6. Búið er að samþykkja deiliskipulag á reit A-1 vestan Suðurgötu fyrir byggingu yfir Menntavísindasvið.

Markaðs- og kynningarmál

Kynning á grunnnámi

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum sem haldinn var 20. febrúar. Þar kynntu fimm fræðasvið Háskóla Íslands grunnnám á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda. Í mars var farið til Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og á Selfoss og grunnnám kynnt. Kynningarstjóri fór ásamt nemendum sviðsins í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs.

Kynning á framhaldsnámi

Framhaldsnám var kynnt á Háskólatorgi 25. mars á sameiginlegri kynningu allra fræðasviða. Að auki kynntu tvær deildir framhaldsnám ítarlegar, Uppeldis- og menntunarfræðideild 26. mars og Kennaradeild 29. mars, í húsnæði sviðsins við Stakkahlíð.

Vefur

Á árinu var gert átak í að stofna kennaravefi og héldu Menntasmiðja og kynningar- og vefstjóri námskeið og opnar vinnustofur fyrir kennara reglulega. Allmargir kennarar nýttu sér þjónustuna og komu sér upp vef á árinu. Gerð var breyting á vefráði og í stað átta sitja nú fimm fulltrúar í ráðinu. Vefráðið er hugsað sem samstarfsvettvangur þeirra sem koma að vefmálum og vinnur það að þróun ytri og innri vefs sviðsins og setur verklagsreglur varðandi vefmál.

Á árinu voru fjölmargir nýir vefir stofnaðir. Þetta eru vefir rannsóknastofa, vefir einstakra rannsókna, vefir um vettvangsnám og kennaramenntun, upplýsingavefur um íþrótt- og heilsufræðinámið og samfélagið á Laugarvatni og vefur um tímaritið Uppeldi og menntun.

Útgáfa kynningarefnis

Gefnir voru út sex bæklingar um námsleiðir í grunnnámi:

grunnskólakennarafræði, leikskólakennarafræði, íþrótt- og heilsufræði, tómstunda- og félagsmálafræði, þroskaþjálfarafræði og uppeldis- og menntunarfræði. Þá var bæklingur um meistaranám við sviðið uppfærður og endurprentaður. Fréttabréf Menntavísindasviðs var gefið út þrisvar sinnum á árinu.

Útgáfa

Uppeldi og menntun

Á árinu komu út í einu riti tvö hefti 19. árgangs tímaritsins Uppeldi og menntun. Ritið var fyrst gefið út árið 1992 af Kennaraháskóla Íslands en er nú gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um efni tengt uppeldi og skólastarfi en einnig fer þar fram umræða og skoðanaskipti um álitæfni er varða starfshætti og stefnumótun fyrir mennta- og uppeldisstofnanir. Ritstjóri er Hanna Ragnarsdóttir dósent. Auk hennar eru í ritnefnd Guðrún Valgerður Stefánsdóttir dósent, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor, Ólafur Páll Jónsson dósent og Ragnhildur Bjarnadóttir dósent.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið gefur út vef tímaritið Netlu (<http://netla.khi.is>) en útgáfa þess hófst árið 2002 í Kennaraháskóla Íslands. Í Netlu birtast ritrýndar fræðigreinar, greinar af almennari toga, erindi, frásagnir af þróunarstarfi, umræðugreinar, hugleiðingar, pistlar, viðtöl, ritfregnir og dómur. Kostir vefmiðils eru nýttir eftir föngum og geta höfundar meðal annars birt vefi, hljóddæmi og myndskreið. Auk greina á íslensku birtast greinar á ensku í Netlu. Árið 2010 birtust alls 24 greinar í vef tímaritinu um fjölbreytt efni. Að auki voru birtar á árinu 55 greinar í sérriiti Netlu sem gefið var út í tengslum við ráðstefnuna Menntakviku og kom út í desember.

Kennarasamband Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands leggja útgáfunni lið með því að tilnefna fulltrúa í ritnefnd. Ritstjóri er Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið. Aðrir fulltrúar Menntavísindasviðs eru Bryndís Garðarsdóttir lektor, Ólafur Kvaran prófessor, Torfi Hjartarson lektor og Þorsteinn Helgason dósent. Fulltrúi Þroskaþjálfafélags Íslands er Laufey Elísabet Gissurardóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri, og Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar, er fulltrúi Kennarasambands Íslands. Áskrift að Netlu er ókeypis en hægt er að skrá sig á póstlista og fá upplýsingar um nýjar birtingar. Áskrifendur eru 1.639.



Helstu þættir í starfsemi sviðsins árið 2010

Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun var stofnuð við Menntavísindasvið í janúar 2010. Fjallað er um hana í sérstökum kafla hér að aftan.

Samráðsnefnd um námsframboð og samstarf deilda

Nefndinni var falið að tryggja faglega yfirsýn, umræðu um forgangsverkefni og samráð og samnýtingu á sviðinu og fara kerfisbundið yfir fyrirhugað námsframboð á námsbrautum og í deildum. Nefndin var skipuð deildarforsetum og varadeildarforsetum undir forsæti sviðsforseta en formenn námsbrauta voru boðaðir á alla fundi og mættu þeir alla jafna. Nefndin hafði formlega stöðu ráðgjafarhóps í viðgerð kennsluskrár. Haldnir voru fjórir fundir á tímabilinu september til nóvember.

Samningur um grenndarskóg Menntavísindasviðs Háskóla Íslands undirritaður

Menntavísindasvið Háskóla Íslands, umhverfis- og samgöngusvið og menntasvið Reykjavíkurborgar undirrituðu samning um grenndarskóg Háskóla Íslands við Öskjuhlíð í Reykjavík 21. apríl. Samningurinn felst í samstarfi tengdu skólaþróunarverkefninu Lesið í skóginn (LÍS). Markmið samstarfsins er að efla og þróa þverfaglegt nám og kennslu um skóg og skógarnytjar í grenndarskógi og í nærumhverfi á sjálfbærum grunni á öllum skólastigum.

Opnun Tungumálatorgs

Þann 16. nóvember var Tungumálatorg opnað á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun, Menntavísindasviðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Markmið Tungumálatorgsins er að styðja við nám og kennslu tungumála og fjölmennarlegt skólastarf með upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um Netið. Vettvangurinn hefur þýðingu fyrir fjölmenna hópa tungumálakennara, skólastjórnenda, foreldra og nemenda. Tungumálatorgið er ætlað öllum skólastigum og fullorðinsfræðslu.

Styrkir til Rannsóknastofu um menntunarfræði ungra barna

Tvær rannsóknir sem unnar eru á vegum Rannsóknastofu um menntunarfræði ungra barna (RannUng) hlutu styrki frá leikskólaráði Reykjavíkurborgar. Þetta eru rannsóknaverkefni Raddir barna, sem hefur það að markmiði að auka skilning á viðhorfum og reynslu ungra barna, og Á sömu leið, sem er starfendarannsókn þriggja leikskóla og þriggja grunnskóla, og er markmiðið með rannsókninni að tengja og mynda samfellu milli skólastiganna.

Dansk-íslenskt samstarfsverkefni

Á hverju skólaári eru ráðnir sendikennarar í dönsku til Íslands. Samstarfsverkefnið er greitt af danska og íslenska ríkinu með sérstakri fjárveitingu til að efla dönskukennslu. Á árinu starfaði Peter Raagaard sem sendikennari við sviðið og Else Brink Nielsen og Hanne Kjær-Rasmussen voru farkennarar í grunnskólum í Reykjavík og á Suðurlandi. Markmiðið með verkefninu er m.a. að efla munnlega þáttinn í dönskukennslu.

Samstarf við stofnanir og fyrirtæki

Rætt var á formlegum fundum um áframhaldandi samstarf við fjölmarga aðila og stofnanir, þar á meðal mennta- og menningarmálaráðuneytið, Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun.

Viðurkenningar til starfsmanna

Kristín Björnsdóttir lektor við Menntavísindasvið hlaut Múrbrjótinn 2010, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálpar, fyrir samvinnurannsóknir sínar með fólki með þroskahömlun. Viðurkenningin er veitt þeim sem brjóta niður múra í réttindamálum og viðhorfum til fatlaðs fólks að mati samtakanna.

Dóra S. Bjarnason, prófessor við Menntavísindasvið, hlaut hvatningarverðlaunin Rósina, sem fjölskylda Ástu B. Þorsteinsdóttur og Þroskahjálpar veita árlega í minningu Ástu. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi störf sem stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu til jafns við aðra.

Viðurkenningar til nemenda

Freyja Haraldsdóttir hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt til BA-prófs í þroskaþjálfun. Lokaverkefni Freyju, Fötluð börn og fjölskyldur. Mannréttindi og sjálfstætt líf, fjallar um fötluð börn fram til þriggja ára aldurs og fjölskyldur þeirra. Það er byggt á fræðilegri greiningu og

eigindlegum viðtölum við þrjár fjölskyldur. Markmiðið með rannsókninni var að öðlast skilning á upplifun og reynslu foreldra ungra, fatlaðra barna af þjónustu, viðhorfum og vinnubrögðum fagfólks og hvaða skilaboð það gefur foreldrunum um uppvöxt og framtíð barna þeirra.

Doktorsvörn við Menntavísindasvið

Þann 3. desember fór fram doktorsvörn við Menntavísindasvið í Hátíðasal. Þuríður Jóna Jóhannsdóttir varði doktorsritgerð sína, Teacher Education and School-Based Distance Learning: Individual and Systemic Development in Schools and a Teacher Education Programme (Kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla: Einstaklingsþróun og kerfisþróun í skólum og kennaramenntun). Andmælendur voru Yrjö Engeström, prófessor við Helsinki-háskóla og annar forstöðumanna CRADLE – Center for Research on Activity Development and Learning, og Anne Edwards, prófessor við Oxford-háskóla og einn af forstöðumönnum OSAT – Oxford Centre for Sociocultural and Activity Theory Research. Leiðbeinendur Þuríðar voru Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, og Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið. Þriðji maðurinn í doktorsnefndinni var Sten R. Ludvigsen, prófessor og forstöðumaður InterMedia við Oslóarháskóla. Hanna Ragnarsdóttir, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stýrði athöfninni.

Ráðstefnur og málþing

Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun

Ákveðið var að á árlegu málþingi Menntavísindasviðs yrði lögð ríkari áhersla á rannsóknir en fyrr og til að tengja ráðstefnuna við forvera hennar var heitinu breytt í Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun. Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í rannsóknum og þróun í menntavísindum á Íslandi og tengdum eignum. Menntakvikann var haldin föstudaginn 22. október með fjölbreyttri dagskrá þar sem 167 fyrirlestrar voru haldnir í 44 samhliða málstofum. Flytjendur voru fræðimenn frá Menntavísindasviði, af öðrum sviðum Háskóla Íslands og öðrum háskólum hér á landi, sem og framhaldsnemar og annað fólk sem vinnur á þessum vettvangi. Fjallað var um efni sem spannar öll fræðasvið Menntavísindasviðs. Þátttaka var mjög góð en yfir 700 manns sóttu ráðstefnuna. Í tengslum við ráðstefnuna var flytjendum gefinn kostur á því að birta greinar úr fluttu efni í sérriiti Netlu, ráðstefnuriti Menntakviku 2010. Þar voru birtar 55 greinar eftir 77 höfunda.

Ráðstefna Félags um menntarannsóknir um menntarannsóknir

Félag um menntarannsóknir (FUM) hélt sína fjórðu ráðstefnu um rannsóknir á sviði menntamála laugardaginn 27. febrúar. Þema ráðstefnunnar var menntarannsóknir og þróunarstarf á vettvangi. Aðalfyrirlesari var Megan Crawford frá Institute of Education við University of London.

Gæði eða geymsla – Ráðstefna um starfshætti tómsundaheimila

Ráðstefna um starfshætti tómsundaheimila var haldin 9. apríl í samstarfi Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Menntavísindasviðs, íþrótt- og tómsunda-sviðs Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Fjallað var um skóladagvistun, dægradvöl, frístundir, lengda viðveru og frístundaheimili.

Fundaröð Menntavísindasviðs um kennaramenntun

Menntavísindasvið hélt fimm opna fundi um kennaramenntun. Tilgangur fundanna var að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í umræðu um kennaramenntun og að kynna áætlanir um námsskipan í fimm ára kennaranáminu. Fyrsti fundurinn var haldinn 26. apríl og fjallaði hann um hugmyndafræðileg átök í mótun kennaramenntunar. Á fundinum var opnaður vefurinn Kennaramenntun í deiglu. Annar fundur var haldinn 3. maí og bar hann yfirskriftina Samfélagið og áherslur í kennaramenntun. Þann 18. maí var þriðji fundurinn haldinn en þar var fjallað um menntun kennara á vettvangi og tengsl við þróun skólastarfs. Fjórdi fundurinn, Hæfni kennara og leiðir í menntun, var á dagskrá 3. júní og fimmti og síðasti fundurinn var haldinn 23. júní en þar var fjallað um kennaramenntun í Evrópu.

Málþing um erindi Pierres Bourdieu við okkar tíma

Mánudaginn 17. maí fór fram opið málþing um kenningar franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu undir yfirskriftinni Heldur hugtak Pierre Bourdieu um

menningarauð gildi sínu á 21. öld? Fyrirlesarar voru Diane Reay, prófessor við Cambridge-háskóla í Bretlandi, og Donald Broady, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð.

PLA-Peer Learning Activity

Haldinn var evrópskur fundur dagana 21.–24. júní um kennaramenntun og þá sem mennta kennara, með þátttöku fimm kennara Menntavísindasviðs, fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands.

Nordic GeoGebra 2010

Dagana 12.–14. ágúst fór fram ráðstefnan Nordic GeoGebra 2010. Ráðstefnan var skipulögð af aðilum frá öllum Norðurlöndunum, ásamt Eistlandi og Litháen. Þetta var fyrsta ráðstefnan af þremur sem haldnar eru á vegum Nordic GeoGebra Network (NGGN) en það er net sem er styrkt af Nordplus horisontal áætluninni.

Staða innflytjenda í samfélagi og skólum á Íslandi

Í tilefni af útkomu bókarinnar Fjölmennning og skólastarf var haldið málþing á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum 20. ágúst. Á málþinginu voru flutt erindi um stöðu innflytjenda í samfélagi og skólum á Íslandi.

Menntun til sjálfbærni – ánægja og vellíðan barna

Sören Breiting frá danska menntamálaráðuneytinu hélt fyrirlestur 2. september. Í fyrirlestrinum fjallaði Breiting um hvernig samþætta megi menntun til sjálfbærrar þróunar í námskrána án þess að börnin fyllist sektarkennd og angist, t.d. vegna loftslagsbreytinga.

Purfa háskólarnir að endurskoða hlutverk sitt og starfshætti?

Rannsóknastofa um háskóla hélt kynningarfund og málstofu 2. september í tengslum við stofnun stofunnar. Markmið stofunnar eru að stuðla að rannsóknum á háskólum og starfsemi þeirra, halda til haga niðurstöðum íslenskra rannsókna á háskólum þannig að þær séu ætíð aðgengilegar, stuðla að aukinni fræðslu um háskóla á meðal fræðimanna, stjórnvalda og almennings og efla skilning á gæðum og gildum háskólastarfs. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra opnaði vefsíðu stofunnar á fundinum.

Fagmennska, gildi og dygðir í starfi kennarans

David Carr, prófessor emeritus í heimspeki menntunar við Edinborgarháskóla, flutti opinn fyrirlestur 24. september. Í erindinu fjallaði Carr um kenningu sína um að það sem helst einkenni góða kennara séu tilteknar dygðir sem þeir búi yfir fremur en tæknileg þekking á kennslufræði eða kennsluáferðum.

Eiga nemendur að skilja tilfinningarnar eftir heima?

Þann 13. október varð Erla Kristjánsdóttir lektor við Menntavísindasvið sjötug. Í tilefni af þessum tímamótum efndu samstarfsmenn hennar og vinir til ráðstefnu henni til heiðurs. Ráðstefnan var haldin í Skriðu þann 15. október undir heitinu Eiga nemendur að skilja tilfinningarnar eftir heima? Ráðstefnuna sóttu um 250 gestir.

Auk þessara viðburða voru haldnar fjölmargar ráðstefnur og málþing á vegum einstakra rannsóknastofa á sviðinu, sjá umfjöllun um rannsóknastofur.

Alþjóðasamskipti

Erlendir stúdentar og skiptistúdentar

Háskólaárið 2009–2010 stunduðu 94 stúdentar með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Um 70 nemar voru í alþjóðlegu námi í menntunarfræðum og 24 voru skiptistúdentar í eitt til tvö misseri.

Íslenskir skiptistúdentar

Fjórtán íslenskir stúdentar á Menntavísindasviði fóru í skiptináms um styttri eða lengri tíma háskólaárið 2009–2010. Þar af fóru fjórir stúdentar á vegum Spica Nordplus-netsins og fjórir á vegum Alka Nordplus-netsins, allir til Færeyja. Aðrir fóru á vegum annarra Nordplus-neta og Erasmus-áætlunarinnar.

Starfsmannaskipti

Um 30 kennarar og aðrir starfsmenn á Menntavísindasviði fóru í kennara- og starfsmannaskipti til samstarfsskóla Menntavísindasviðs. M.a. voru Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Holland, Noregur og Svíþjóð heimsótt. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.



Griðarleg aðsókn að hjálpavakt tannlækna

„Þetta er aðallega samfélagslegur þáttur í samvinnuþróuninni“ segir Sigga Þóra Vilhjálms, prófessor við Tannlæknaáttahúsið. Henni hefur séð áherslu á að tryggja að tannlæknaþjálfunin sé góð og að hún sé að hlutfylla þörf tannlækna í landinu. „Þetta myndi aðallega líkja við hvernig samfélagið er að vinna saman“ segir Sigga.



© 2014 RÚN. ÖLL HÖFUNDARRETTI ER AÐVARD.



Erlendir gestir

Heimsóknir erlendra gesta og gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi Menntavísindasviðs. Menntavísindasvið tekur ár hvert á móti dönskum sendi- og farkennurum sem vinna í skólum á Íslandi. Um er að ræða samstarfsverkefni milli danska og íslenska menntamálaráðuneytisins. Árið 2010 var ákveðið að halda samstarfsverkefninu áfram til næstu þriggja ára. Aðalhlutverk sendikennara er að stjórna málveri þar sem unnið er að talþjálfun kennaranema til að auka færni þeirra í dönsku talmáli ásamt því að eiga faglegt samstarf við fastráðinn lektor í dönsku.

Fjöldi erlendra gesta skólaárið 2009–2010 var vel á áttunda tuginn. Voru þeir meðal annars frá Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Lettlandi, Namibíu, Noregi, Póllandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Að auki komu erlendir doktorsnemar á málstofur og erlendir þátttakendur á alþjóðlegar ráðstefnur sem haldnar voru á Menntavísindasviði.

Áhugaverðir fyrirlestrar erlendra gesta voru meðal annars: „Framúrskarandi skóli – fyrirmynd hjá Sameinuðu þjóðunum“, haldinn af Milan Dixit, skólastjóra Rato Bangala School í Nepal, sem er margverðlaunaður skóli þar sem jafnrétti til starfs og náms er haft að leiðarljósi, fyrirlestur Maríu Eriksson frá háskólanum í Uppsölum, „Children Exposed to Violence and Family Law Proceedings: Social Workers Approaches, Children s Strategies and the Impact upon School“, og erindi Sofíu Ask frá Linné-háskólanum í Växjö um þær ströngu skorður sem fræðasamfélag háskólanna setur skrifum stúdenta og þessum vanda sem stúdentar glíma við til að öðlast viðurkenningu á þessum vettvangi.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Boðið var upp á 30 námskeið á ensku á Menntavísindasviði í grunn- og framhaldsnámi á námsleiðinni International Studies in Education. Einnig voru fáein námskeið sérsniðin fyrir skiptinema kennd á ensku. Auk þessa eru námskeið námsbrautar í enskukennslu kennd á ensku og námskeið námsbrautar í dönskukennslu kennd á dönsku.

Deildir

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Í öllu námi við Menntavísindasvið eru sterk tengsl við starfsvettvang þeirra stétta sem sviðið menntar, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði er náminu skipað á þrjár deildir: Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

Rannsóknamisseri

Árið 2010 fengu 20 kennarar úthlutað rannsóknamisseri, átta á vormisseri og tólf á haustmisseri.

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Stjórn og skipulag deildar

Í Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir:

- Íþrótt- og heilsufræði. Formenn námsbrautarinnar í grunnnámi: Kári Jónsson lektor (vormisseri 2010) og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor (haustmisseri 2010); í framhaldsnámi: Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent (vormisseri 2010) og Sigurbjörn Árni Arngrímsson (haustmisseri 2010).
- Tómstunda- og félagsmálafræði. Formenn námsbrautarinnar í grunnnámi: Árni Guðmundsson aðjunkt (vormisseri 2010) og Sigurlína Davíðsdóttir dósent (haustmisseri 2010); í framhaldsnámi: Sigurlína Davíðsdóttir dósent.
- Þroskaþjálfufræði. Formenn námsbrautarinnar í grunnnámi: Vilborg Jóhannsdóttir lektor (vormisseri 2010) og Ástríður Stefánsdóttir dósent (haustmisseri 2010); í framhaldsnámi: Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

Deildarforseti er Erlingur S. Jóhannsson prófessor og varadeildarforseti Ástríður Stefánsdóttir dósent. Deildarráð Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar skipa,

auk deildarforseta, varadeildarforseta, formanna og varaformanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þau Fabio La Marca og Helga Þ. Sigurðardóttir (vormisseri 2010), Eyrún Haraldsdóttir og Magnea Arnardóttir (haustmisseri 2010).

Starfsfólk

Í Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild voru 25 kennarar, 2 prófessorar, 3 dósentar, 6 lektorar og 14 aðjunktur í 21,7 stöðugildum. Nítján voru í fullu starfi en fimm í hlutastarfi. Sigurbjörn Árni Arngrímsson fékk framgang í stöðu prófessors og Anna Sigríður Ólafsdóttir fékk framgang í stöðu dósentis á árinu. Átta af kennurum deildarinnar stunda doktorsnám og tengist nám þeirra viðfangsefnum deildarinnar.

Nám og kennsla

Helsta viðfangsefni deildarráðs og starfsmanna deildarinnar hefur á undanförunum misserum hefur verið að móta stefnu Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeildar. Námsbrautir deildarinnar starfa sjálfstætt og vinna á margan hátt út frá mismunandi forsendum, byggja starf sitt á ólíkri hugmyndafræði og faglegar áherslur eru því margar og ólíkar. Nám í deildinni er í mikilli þróun og örum vexti en fræðigreinar deildarinnar eiga sér ekki langa sögu á háskólastigi hérlendis. Við slíkar aðstæður er rannsókn- og þróunarstarf afar mikilvægt og hefur í stefnu deildarinnar verið lögð rík áhersla á að efla þann þátt í starfsemi. Engu að síður er eitt helsta markmið deildarinnar að standa vörð um sérstöðu og sérhæfingu námsbrauta, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og örva þekkingarsköpun sem nýtist fagstéttum og á vettvangi.

Deildarráð samþykkti nýskipan fimm ára kennaranáms í íþróttá- og heilsufræði sem lýkur með M.Ed.- eða MS-gráðu.

Í deildinni er lögð áhersla á að bjóða metnaðarfullt nám fyrir þær fagstéttir sem deildin útskrifar og skipar vettvangsnám og tengsl við vettvang mikilvægan sess í skipulagi námsins. Þar sem deildin er samsett af þremur ólíkum fræðasviðum er lagt kapp á að hafa góð tengsl og samskipti við aðrar deildir á Menntavísindasviði sem og önnur fræðasvið Háskóla Íslands.

Í íþróttá- og heilsufræði er boðið upp á 180 eininga grunnnám til BS-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Einnig er íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 boðið 60 eininga viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á tveimur mismunandi kjörsviðum, þ.e. kjörsviðinu Kennari eða kjörsviðinu Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Kennari ljúka 80 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 100 einingum í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 130 einingum í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði íþróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Í M.Ed.-námi eru nemendur sérstaklega búnir undir íþróttakennslu í grunnskóla og ljúka þeir 40 eininga uppeldis- og kennslufræði og 80 einingum í faggreinum. Í MS-náminu eru nemendur búnir undir frekara nám í íþróttá- og heilsufræði auk sérhæfingar á sviði þjálfunar. Í MS-náminu er hægt að ljúka 10 einingum til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í íþróttá- og heilsufræði er samstarfsverkefni íþróttá- og heilsufræði á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tólmstunda- og félagsmálafræði er boðið 180 eininga grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tólmstunda- og félagsmálafræði sem 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tólmstundastarfs. Nám í tólmstunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast viðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tólmstundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tólmstunda- og félagsmálafræðanna.

Í þroskaþjálfufræði er boðið 180 eininga grunnnám til BA-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til M.Ed.- eða MA-gráðu. Einnig er hægt að stunda 30 eininga viðbótarnám til BA-gráðu fyrir þroskaþjálfu sem brautskráðust frá Þroskaþjálfaskóla Íslands og boðið er upp á starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Nám í þroskaþjálfufræði felur í sér að nemendur afla sér viðtækrar

og þverfaglegar þekkingar sem endurspeglar kunnáttu í að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla. Nemendur geta sérhæft sig annaðhvort í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðin fólk.

Í MA- og M.Ed.-námi í þroskaþjálfarafræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds og starfstengds náms. Í rannsóknatengdu námi er nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi geta nemendur sérhæft sig á tilteknum sviðum sem eru annars vegar þroskaþjálfarafræði með áherslu á þjónustu við fullorðna og aldraða og hins vegar með áherslu á þjónustu við fötluð börn og ungmenni.

Rannsóknir

Helstu viðfangsefni rannsókna kennara við deildina eru á sviði í íþrótt- og heilsufræða, næringarfræði, barna- og æskulýðsfræða, tómsundafræða, stjórnsýslu og félagsvísinda, þroskaþjálfarafræða, fötlunarfræða, sálfræði og siðfræði.

Í tengslum við Íþróttfræðasetur á Laugarvatni er starfandi öflug rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna, sjá nánar kafla um rannsóknastofur. Fjölmarginir styrkir til ýmiss konar rannsóknaverkefna fengust á árinu, samtals u.þ.b. 49,5 m.kr., og þrjár alþjóðlegar ritrýndar vísindagreinar voru birtar í erlendum vísindatímaritum, auk birtinga í innlend tímarit.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómsunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, einelti í ýmsum myndum og útivist og útlíf. Námsbraut í tómsundafræði er hluti af Rannsóknastofu í barna- og æskulýðs-rannsóknum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglunga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfarafræði hefur áhersla m.a. verið lögð á rannsóknir í samvinnu við fatlað fólk. Má þar nefna lífssögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notenda-stýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á greiningu á siðferðilegum álitamálum fagstétta og störfum þroskaþjálfara. Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræði var stofnuð á árinu en markmið hennar er meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum er varða fatlað fólk og í störfum þroskaþjálfara.

Gæðamál

Matsfundir hafa verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og niðurstöður þeirra notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar

Brautskráðir stúdentar frá Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
M.Ed.-próf í íþrótt- og heilsufræði	0	3	3
M.Ed.-próf í tómsunda- og félagsmálafræði	1	0	1
MS-próf í íþrótt- og heilsufræði	2	3	5
B.Ed.-próf í íþróttfræði	6	7	13
BS-próf í íþróttfræði	4	12	16
BA-próf í tómsunda- og félagsmálafræði	4	12	16
BA-próf í þroskaþjálfarafræði	4	53	57
Samtals	21	90	111

Kennaradeild

Stjórn og skipulag deildar

Í Kennaradeild voru fjórar námsbrautir á árinu 2010:

- Grunnskólakennarafræði. Formaður: Kristín Jónsdóttir lektor.
- Náms- og kennslufræði. Formaður: Hafþór Guðjónsson dósent.
- Leikskólakennarafræði. Formaður: Kristín Karlsdóttir lektor fyrri hluta árs og Þórdís Þórðardóttir lektor seinni hluta árs.
- Kennslufræði. Formaður: Hafdís Ingvarsdóttir dósent fyrri hluta árs og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor síðari hluta árs.

Í október 2010 var kosið um nýja skipan námsbrauta sem gengur í gildi um mitt ár 2011.

Deildarforseti er Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforseti Ingvar Sigurgeirsson prófessor. Deildarráð skipa, auk deildarforseta og formanna námsbrauta: Arna H. Jónsdóttir lektor, Guðbjörg Pálsdóttir lektor, Helgi Skúli Kjartansson prófessor og Guðrún Geirsdóttir dósent. Inga Lára Björnsdóttir var fulltrúi nemenda á vormisseri. Á haustmisseri kom Gunnar J. Gunnarsson inn sem varamaður Helga Skúla, sem hafði rannsóknamisseri. Deildarstjóri á kennsluskrifstofu er Sigríður Pétursdóttir.

Starfsfólk

Samtals voru í Kennaradeild 92 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjuntar í 83 stöðugildum. Sjöftu og sex voru í fullu starfi en 14 í hlutastarfi. Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti var ráðin í stöðu lektors á árinu og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson var ráðinn í 50% starf prófessors en hann gegnir enn fremur hálfri prófessorsstöðu á Akureyri. Anna Lind Pétursdóttir fékk framgang í stöðu dósentis og Hafdís Ingvarsdóttir og Ólöf Garðarsdóttir í stöðu prófessors. Sólveig Karvelsdóttir fékk lausn frá starfi vegna aldurs og Veturlíði Óskarsson lét af störfum að eigin ósk.

Stefna Kennaradeildar

Í október var samþykkt á deildarfundum ný stefna Kennaradeildar sem framlag deildarinnar til umræðu um stefnumörkun á Menntavísindasviði og í Háskóla Íslands. Helstu atriði í stefnu Kennaradeildar eru þessi: Meginhlutverk Kennaradeildar Menntavísindasviðs er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við vettvang, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

Nám og kennsla

Á árinu 2010 var skipulag náms og kennslu í Kennaradeild í stórum dráttum með sama hætti og árið 2009 en það ár var nýtt skipulag sem byrjað var að taka í gagnið árið 2007 að fullu innleitt. Þrjár námsleiðir voru í boði í grunnnámi í Kennaradeild: grunnskólakennarafræði og leikskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu og 60 eininga kennsluréttindanám fyrir iðnmeistarar. Í framhaldsnámi voru sex námsleiðir í boði: Í kennslufræði var í boði 60 eininga viðbótardiplóma til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi og 30 eininga viðbótardiplóma fyrir háskólakennara. Náms- og kennslufræði var kennd til M.Ed.-gráðu og MA-gráðu, ásamt tveimur viðbótardiplómum. Lögð hefur verið áhersla á fjölbreytt nám fyrir kennara á öllum skólastigum sem undirbýr þá undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins.

Grunnnám

Leikskólakennarafræði til B.Ed.-prófs, 180 e
Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs, 180 e

Kjörsvið:

- Almenn kennsla í grunnskóla
- Erlend mál (enska, danska)
- Hönnun og smíði
- Íslenska
- Íslenskt táknmál
- Kennsla yngstu barna í grunnskóla
- Matur, menning, heilsa
- Myndmennt
- Náttúrufræði
- Samfélagsgreinar
- Stærðfræði
- Textílmennt

- Tónlist, leiklist, dans
- Upplýsingatækni og miðlun

Kennslufræði (fyrir iðnmeistarara), grunndiplóma til kennsluréttinda, 60 e

Framhaldsnám

Náms- og kennslufræði til MA-/M.Ed.-prófs, 120 e

Kjörsvið:

- Íslenska – íslenskukennsla
- Kennslufræði og skólastarf
- List- og verkmenntun
- Mál og læsi
- Menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náttúrufræðimenntun
- Stærðfræðimenntun
- Upplýsingatækni og miðlun
- Kennslufræði, viðbótardiplóma, 60 e (til kennsluréttinda í framhaldsskóla)
- Kennslufræði, viðbótardiplóma, 30 e (fyrir háskólakennara)
- Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótardiplóma, 60 e

Helsta verkefni deildarinnar á árinu var þróun og skipulag fimm ára kennaranáms samkvæmt lögum um menntun kennara frá árinu 2008. Á haustdögum árið 2009 kom út reglugerð sem kvað nánar á um inntak fimm ára menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Í framhaldi af því voru skipaðar námsnefndir sem mótuðu inntak og áherslur nýrra námsleiða í kennaramenntun. Í apríl 2010 var tillögum námsnefndanna lýst í greinargerð sem send var mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ráðuneytið gerði ekki athugasemdir við tillögur Menntavísindasviðs og áfram var unnið að þróun námsins. Í nóvember voru eftirfarandi sjö nýjar eða breyttar námsleiðir stofnaðar í Kennaradeild og munu þær taka til starfa á skólaárinu 2011–2012:

- Kennsla ungra barna í grunnskóla til B.Ed.-prófs, 180 e
- Grunnskólakennsla til B.Ed.-prófs, 180 e
- Faggreinakennsla í grunnskóla til B.Ed.-prófs, 180 e
- Leikskólakennarafræði til M.Ed.-prófs, 120 e
- Kennsla ungra barna í grunnskóla til M.Ed.-prófs, 120 e
- Grunnskólakennsla til M.Ed.-prófs, 120 e
- Faggreinakennsla í grunnskóla til M.Ed.-prófs, 120 e

Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólastarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólastarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknirnar tengjast nokkrum rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólastarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla og þá sérstaklega við Háskólann á Akureyri.

Gæðamál

Haldnir voru matsfundir með nemendum á öllum námsbrautum.

Námsbrautarstjórar sáu um framkvæmdina. Niðurstöður fundanna voru ræddar innan brautanna.

Amalía Björnsdóttir dósent skoðaði viðhorf nema sem útskrifuðust vorið 2009 og aftur vorið 2010 til námsins í Kennaradeild. Markmiðið var að bera saman viðhorf þeirra sem hófu nám samkvæmt nýju skipulagi árið 2007 og þeirra sem höfðu lokið kennaranámi eftir eldri skipulagi. Til stendur að halda rannsókninni áfram og kanna viðhorf til kennaramenntunar meðal þeirra sem brautskrást frá deildinni vorið 2011.

Starfshópur um vettvangsnám gerði könnun meðal æfingakennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum um viðhorf þeirra til þeirra til skipulags og framkvæmdar vettvangsnáms kennaraefna. Skýrsla starfshópsins kemur út á árinu 2011.

Markaðs- og kynningarmál

Samstarf var við ýmsa aðila utan sviðsins vegna nýskipunar kennaranámsins þar sem áform deildarinnar var kynnt og óskað eftir ábendingum. Deildarforseti og formenn námsbrauta heimsóttu m.a. nokkrar skólaskrifstofur og deildarforseti mætti á ársfund samtaka skólaskrifstofa. Menntavísindasvið stóð fyrir opinni fundaröð í maí og júní undir yfirskriftinni Kennaramenntun í deiglu. Opnuð var sérstök vefsíða með sama heiti þar sem efni fundanna er birt ásamt ýmsu innlendu og erlendu efni sem tengist kennaramenntun.

Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
M.Ed.-próf í náms- og kennslufræði	1	17	18
MA-próf í kennslufræði	1	4	5
Viðbótardiplóma í kennslufræði	13	64	82
Viðbótardiplóma í kennslufr. til kennsluréttinda	0	5	5
Viðbótardiplóma til kennsluréttinda á meistarastigi	3	8	11
B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði	32	178	210
B.Ed.-próf í leikskólakennarafræði	0	83	83
Diplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda	1	1	2
Diplómanám til kennsluréttinda, 60 e	12	14	26
Samtals	68	374	442

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru fjórar námsbrautir:

- Menntunarfræði. Formaður: Ólafur Páll Jónsson dósent.
- Menntastjórnun og matsfræði. Formaður: Börkur Hansen prófessor.
- Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum. Formaður: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.
- Sérkennslufræði. Formaður: Dóra S. Bjarnason prófessor.

Deildarforseti er Hanna Ragnarsdóttir dósent og varadeildarforseti er Ólafur Páll Jónsson dósent, sem tók við því starfi af Berki Hansen prófessor í ágúst.

Deildarráð skipa, auk deildarforseta og formanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þær Aðalbjörg Guðmundsdóttir (grunnnám) og Alma Auðunardóttir (framhaldsnám). Deildarstjóri á kennsluskrifstofu er Ásdís Hrefna Haraldsdóttir.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum uppeldis- og menntunar og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn á sviði kennslu, rannsókna, stjórnunar eða í öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

Starfsfólk

Í deildinni voru samtals 22 kennarar: 11 prófessorar, 4 dósentar, 4 lektorar og 2 aðjunktur í 18,4 stöðugildum. Í fullu starfi eru 15 en 7 í hlutastarfi. Einn kennari hlaut framgang í stöðu dósentis. Tveir kennarar létu af störfum á árinu, annar vegna veikinda en hinn vegna aldurs.

Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám og þroska, uppeldi og menntun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang.

Árið 2010 var boðið upp á tvær nýjar námsleiðir í framhaldsnámi, annars vegar þroska, mál og læsi og hins vegar íslensku sem annað mál. Ákveðið var að hvíla nokkrar námsleiðir sem skipulagðar hafa verið við deildina þetta skólaár en það eru: fræðslustarf með fullorðnum – mannauðspróun, M.Ed., MA, heimspeki og félagsfræði menntunar, M.Ed., MA og matsfræði, MA. Á tveimur námsleiðum í deildinni fer kennsla eingöngu fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education.

Grunnnám

Í grunnnámi eru tvær námsleiðir innan menntunarfræði:

Uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180 e

Alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180 e

Framhaldsnám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Innan námsbrautanna fjögurra ljúka nemendur 120 eininga M.Ed./MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á ákveðna námsleið:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA
- Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA
- Fjölmeningarfræði, M.Ed., MA
- Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA
- Lífsleikni og jafnrétti, M.Ed., MA
- Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum – sérskipulagt MA-nám
- Sérkennslufræði, M.Ed., MA
- Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA
- Uppeldis- og menntunarfræði – sérskipulagt MA-nám
- Proski, mál og læsi, MA

Rannsóknir

Helstu rannsóknarvið kennara deildarinnar eru í heimspæki, fjölmeningarfræðum, menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, kynja- og jafnréttisfræðum, sálfræði í uppeldis- og menntavísindum, barna- og æskulýðsfræðum, sérkennslufræðum og skóla án aðgreiningar og á sviði þroska, máls og læsis. Taka þeir m.a. þátt í eða stýra rannsóknnum eftirtalinnna rannsóknastofa: Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmeningarfræðum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án að greiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglínga, Rannsóknastofu um skólafars, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi og Rannsóknasetrinu Lífshættir barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna: Starfshættir í grunnskólum, Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar, Jafnréttismál kynja í skólum og kennaramenntun, Þekking barna á ofbeldi á heimilum, Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, Áhættuhegðun, þroski og seigla ungmenna: Langtímarannsókn, Sjálfsmynd og lífsgildi ungmenna í fjölmeningarsamfélagi, Proski leik- og grunnskólabarna: Sjálfsstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4ra til 8 ára, Mál í notkun: Tal- og ritmál barna, unglínga og fullorðinna og Þróun á íslensku skimunarprófi vegna lestrarörðugleika.

Gæðamál

Árleg kennslukönnun var gerð vorið 2010 og einnig voru haldnir sérstakir matsfundir á öllum fjórum brautum deildarinnar með nemendum á lokastigi í meistaranámi. Niðurstöður fundanna voru ræddar í deildarráði og kennarahópnum. Einnig var hafin gerð rafrænnar viðhorfskönnunar fyrir nemendur í grunnnámi. Deildarforseti átti starfsmannasamtöl við alla kennara deildarinnar.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem sérstök kynning á framhaldsnámi var haldin í mars í húsakynnum deildarinnar við Stakkahlíð fyrir nemendur og starfandi kennara.

Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur sérstöðu meðal fræðasviða háskólans að því leyti að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs, sjá nánar um starfsemi doktorsráðs (Ráð og nefndir). Umsjónarmaður námsins er Allyson Macdonald prófessor sem jafnframt er formaður doktorsráðs. Alls voru um 75 doktorsnemar og 5 gestadoktorsnemar skráðir við sviðið í lok ársins.

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti.

- Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e
- Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Málstofur og fræðslufundir voru haldnir í doktorsskóla sviðsins allt árið. Alls voru níu málstofur haldnar í samvinnu við rannsóknastofur á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar ásamt leiðbeinendum kynntu verkefni sín og rannsóknir. Níu erlendir fræðimenn tóku þátt í starfsemi doktorsnámsins og héldu fimm þeirra opna fyrirlestra á Menntavísindasviði. Sjö doktorsnemar kynntu rannsóknáætlanir sínar á opnum kynningum áður en þær voru metnar á lokuðum fundum með matsnefnd. Boðið var upp á kynningar á heimildaskrárforritinu EndNote og styrkjamöguleikum doktorsnema. Félag doktorsnema hélt hádegisfundi þar sem doktorsnemar hittust og hlýddu á innlegg fræðimanna. Í júní var farið í heimsókn í Háskólann í Reykjavík. Framboð á lesnámskeiðum jókst í samræmi við stefnu um að bjóða doktorsnemum upp á sveigjanlegt námstilboð.

Sérstakri vefsíðu var komið upp um doktorsnámið:
<http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam>.

Doktorsvarnir

Ein doktorsvörn fór fram á Menntavísindasviði á árinu 2010. Þann 3. desember varði Þuríður Jóna Jóhannsdóttir ritgerð sína Teacher Education and School-Based Distance Learning: Individual, Collective and Systemic Development in Schools and a Teacher Education Programme.

Andmælendur voru Yrjö Engeström, forstöðumaður Center for Research on Activity, Development and Learning (CRADLE) við Helsinki-háskóla, og Anne Edwards, prófessor við Educational Studies og forstöðumaður Research, in the Oxford Department of Education. Leiðbeinandi Þuríðar Jónu var Jón Torfi Jónasson, sviðsforseti Menntavísindasviðs, og meðleiðbeinandi Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið. Sem sérfræðingur sat í doktorsnefndinni Sten Ludvigsen, prófessor við InterMedia við Oslóarháskóla.

Ritgerðin fjallar um kennaramenntun í fjarnámi og kennaranema sem búa á landsbyggðinni og kenna í grunnskólum samhliða kennaranámi. Vettvangur rannsóknarinnar var annars vegar fjarnámið við Kennaraháskóla Íslands þar sem fylgst var með háskólanámi kennaranemanna og hins vegar strandhérað þar sem lengi hafði verið kennaraskortur en þar var fylgst með kennaranemum í skólum. Kennaramenntun er í senn akademískt og starfstengt nám og rannsóknin lýtur að því hvernig námið í skólunum og háskólanámið er samtengt. Með því að greina samspil einstaklingsþróunar og stofnanaþróunar er varpað ljósi á hvernig möguleikar til að læra að vera kennari tengjast bæði þróun í skólum og þróun fjarnámsins.

Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræði	0	1	1
MA-próf í matsfræði	0	1	1
MA-próf í menntunarfræði	0	6	6
M.Ed.-próf í menntunarfræði	0	8	8
M.Ed.-próf í sérkennslufræði	0	5	5
M.Ed.-próf í stjórnunarfræði menntastofnana	3	8	11
M.Ed.-próf í uppeldis- og menntunarfræði	1	2	3
MA-próf í uppeldis- og menntunarfræði	1	3	4
Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun unglinga	0	1	1
Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á fjölmenningu	0	1	1
Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á fræðslustarf og stjórnun	1	0	1
Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði	0	10	10
Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana	1	3	4
BA-próf í alþjóðlegu námi í menntunarfræði	1	2	3
BA-próf í uppeldis- og menntunarfræði	0	15	15
Samtals	8	66	74



Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun sem stofnuð var við Menntavísindasvið í janúar 2010 og voru reglur fyrir stofnunina samþykktar af háskólaráði snemma árs 2010. Meginhlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknaumhverfi innan Menntavísindasviðs. Það er gert með því að styðja rannsóknastofur og aðstoða rannsakendur við að skipuleggja rannsóknir og sækja um í rannsóknasjóði, veita upplýsingar um aðrar fjármögnunarleiðir, bæði innlendar og erlendar, og veita ráðgjöf og aðstoða við að birta niðurstöður rannsókna. Stofnuninni er ætlað að greiða fyrir ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrahaldi og útgáfustarfsemi sem tengist rannsóknum á sviðinu. Menntavísindastofnun er einnig ætlað að bera faglega ábyrgð á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku, og stuðla að samstarfi rannsakenda við fræðimenn og tengdar stofnanir innan sem utan Háskóla Íslands. Þá er henni ætlað að sinna rannsókn- og þjónustuverkefnum sem tengjast fræðasviði Menntavísindasviðs, stuðla að sýnileika sviðsins og styðja við þróunarverkefni sem unnin eru á sviðinu. Rannsóknaráð sviðsins starfar sem stjórn Menntavísindastofnunar (sjá kafla um ráðið hér að framan). Kristín Erla Harðardóttir var ráðin forstöðumaður Menntavísindastofnunar, valin úr hópi fimm umsækjenda, og hún hóf störf 1. apríl. Rannsóknastofur Menntavísindasviðs heyra undir Menntavísindastofnun.

Rannsóknir á Menntavísindasviði

Á Menntavísindasviði eru starfræktar sautján rannsóknastofur og voru tvær þeirra stofnaðar á árinu:

- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfun

Áður höfðu verið stofnaðar eftirtaldar stofur:

- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga
- Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði (RÍH)
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum (BÆR)
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa í kennslufræði
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um þróun skólustarfs
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólustarfi

Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir hver á sínu fræðasviði með því m.a. að auka samvinnu rannsakenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, m.a. með ráðstefnum og málþingum. Sjá umfjöllun um einstakar rannsóknastofur.

Tveir rannsóknahópar störfuðu við sviðið auk þeirra rannsóknastofa sem hér er getið, annars vegar rannsóknahópur um náttúrufræðimenntun og hins vegar rannsóknahópur um kynjafræði.

Styrkir til rannsókna

Nokkur verkefni kennara á Menntavísindasviði hlutu allstóra styrki á árinu. Við úthlutun úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir árið 2010 hlutu starfsmenn ekki neina nýja verkefnastyrki en nokkrir framhaldsstyrkir voru endurnýjaðir. Má þar nefna verkefni Gerðar G. Óskarsdóttur og Önnu Kristínar Sigurðardóttur lektors um starfshætti í grunnskólum (sjá nánar undir Rannsóknastofu um þróun skólustarfs), verkefni Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors um borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi og verkefni Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors, Steinunnar Gestdóttur dósents og Freyju Birgisdóttir lektors um þroska leik- og grunnskólabarna. Erlingur S. Jóhannsson prófessor, ásamt Janusi Guðlaugssyni, hlutu styrk fyrir rannsókn á líkams- og heilsurækt aldraðra. Auk þess hlaut Erlingur styrk úr tækjakaupasjóði Rannís fyrir verkefnið „Hreyfing og þrek“. Allyson Macdonald fékk framhaldsstyrk frá Orkuveitu Reykjavíkur til verkefnis um sjálfbæra þróun.

Nokkrir rannsakendur hlutu erlenda styrki á árinu en til eftirtalinnna verkefna voru styrkirnir veittir: Ingi Þór Einarsson aðjunkt hlaut Leonardó-styrk fyrir verkefnið „Adapted Physical Activity in Vocational Education and Training“ ásamt tíu öðrum samstarfsaðilum frá átta löndum. Löndin eru Írland, Rúmenía, Spánn, Litháen, Finnland, Frakkland og Ungverjaland, auk Íslands. Ólöf Garðarsdóttir prófessor fékk styrk frá háskólanum í Minnesota til rannsóknarinnar „North Atlantic Population Project“. Freyja Hreinsdóttir dósent fékk Nordplus horisontal styrk fyrir „Nordic GeoGebra Network“. Hróbjartur Árnason var meðumsækjandi í tveimur Leonardó-verkefnum sem voru styrktir á árinu, annað er um „Job Abroad“ og hitt „Mobility Online in Vacation and Education“.

Auk þess voru veittir framhaldsstyrkir til nokkurra erlendra verkefna á árinu. Má þar nefna að Michael Dal, fyrir hönd Rannsóknastofu um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls, fékk styrk frá Evrópusambandinu fyrir verkefnið DIVIS, auk þess sem hann fékk rannsóknastyrki fyrir verkefnið Innovation and Entrepreneurship in Nordic Schools.

Hafþór B. Guðmundsson lektor hlaut framhaldsstyrk frá Evrópusambandinu í formi Leonardó-styrks fyrir verkefnið „TIES“, auk þess hlaut Jóhanna Einarsdóttir prófessor framhaldsstyrk frá Comenius-áætluninni fyrir verkefnið „Early Years Transition Programme“. Jóhanna hlaut einnig NordForsk-styrk á árinu til að halda alþjóðlegt doktorsnámskeið hér á landi.

Menntavísindasvið úthlutaði á árinu í annað sinn rannsóknastyrkjum til akademískra starfsmanna á grundvelli fjölda rannsóknastiga á síðustu þremur árum.

Rannsóknahópur um náttúrufræðimenntun

Rannsóknahópurinn var stofnaður árið 2004. Talsmaður árið 2010 var Allyson Macdonald prófessor en auk hennar skipa hópinn Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Eggert Lárusson, Gunnhildur Óskarsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Haukur Arason, Hrefna Sigurjónsdóttir, Kristín Norðdahl, Kristján K. Stefánsson, Meyvant Þórólfsson, Stefán Bergmann, Svanborg R. Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir. Rannsóknahópur um náttúrufræðimenntun einbeitir sér að eflingu rannsókna á náttúrufræðimenntun á öllum skólastigum, stendur fyrir umræðu og málþingum um náttúrufræðimenntun og stuðlar að tengslum Menntavísindasviðs við aðila utan Háskóla Íslands, sem láta sig varða náttúrufræðimenntun.

Verkefni 2010

- Á sömu leið. Kristín Norðdahl og Gunnhildur Óskarsdóttir taka þátt í rannsókn- og þróunarverkefni um notkun útiúthverfis í kennslu leikskóla- og grunnskólabarna um lífverur. Þær kynntu verkefnið í ráðstefnuriti Menntakviku.
- GETA til aðgerða – menntun til sjálfbærni (Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir, Kristín Norðdahl og Stefán Bergmann). Styrkt af Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur árin 2007–2010 (<http://skrif.hi.is/geta>). Efni tengt verkefninu var birt í Netlu og Environmental Education Research, haldnar voru málstofur í samstarfi við Menntavísindasvið í apríl og maí og erindi var haldið á málþinginu Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs. Erindi var haldið á Þjóðarspegli, ráðstefnu Félagsvísindasviðs, í október og grein var birt í ráðstefnuritinu í kjölfarið. Stefán Bergmann og Kristín Norðdahl tóku, ásamt öðrum sérfræðingum, saman skýrsluna Menntun til sjálfbærrar þróunar: Af reynslu átta íslenskra skóla 2008–2009.
- Heimur barnanna, heimur dýranna. Hrefna Sigurjónsdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir rannsökuðu hugmyndir barna um dýr ásamt nemanda við Menntavísindasvið. Niðurstöður voru kynntar í ráðstefnuriti Menntakviku.
- Menntun yngri barna. Kristín Norðdahl flutti fyrirlestra á tveimur ráðstefnum um menntun yngri barna, annars vegar Young Children's Ideas about Their School Outdoor Environment á ráðstefnu OMEP í ágúst og hins vegar Outdoor Environment: Children's Views and Preferences á ráðstefnu EECERA í september 2010. Kristín kynnti veggspjald, Viðhorf barna til útiúthverfis skóla, á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, í október ásamt öðrum.
- Námsfyrirbætur. Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir og Svava Pétursdóttir hafa ásamt fleirum rannsakað námsefni, þ.m.t. vefefni í náttúrufræði, uppbyggingu þess og notkun í kennslustundum. Rannsóknirnar voru kynntar í febrúar á ráðstefnu á vegum Félags menntarannsóknir (sjá

nánar <http://fum.is/radstefna-2010.htm>). Haukur Arason fjallaði um rannsóknir á kennslubókum í eðlisfræði og ritunarferli kennslutexta í þremur erindum á ráðstefnu Félags um menntarannsóknir á haustþingi Námsgagnastofnunar og á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs.

- Námskrárrannsóknir. Meyvant Þórólfsson hefur stundað rannsóknir á þróun námskrár í náttúrufræði á 50 ára tímabili til 2010 sem hann kynnti á ráðstefnu Félags um menntarannsóknir í febrúar, ráðstefnu Scottish Educational Research Association í Stirling í nóvember og Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, í október ásamt grein í ráðstefnuriti Menntakviku í kjölfarið. Hann kynnti einnig ásamt Eggerti Lárussyni rannsóknirnar á Þjóðarspegli, ráðstefnu Félagsvísindasviðs, í október og þeir birtu grein um efnið í ráðstefnuriti Þjóðarspeglis í kjölfarið.
- Nordisk miljøpedagogik. Stefán Bergmann hélt erindi á málþingi norræna netsins Nordmipede um The Icelandic Project GETA in Education for Sustainability.
- Nýsköpunarmennt – frumkvöðlamennt. Svanborg R. Jónsdóttir hefur stundað rannsóknir á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Hún flutti erindi um rannsóknir sínar ásamt fleirum á ráðstefnu Félags um menntarannsóknir í febrúar, á málstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í október og Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, einnig í október.
- Saga náttúrufræðimenntunar. Eggert Lárusson hefur rannsakað skrif Ógmundar Sigurðssonar og fleiri um landafræði- og náttúrufræðikennslu nálægt aldamótum 1900. Hann kynnti rannsóknir sínar á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, í október og skrifaði um þær ásamt Meyvant Þórólfssyni í ráðstefnurit Menntakviku.
- Trú á sameiginlegri getu – CTE (e. Collective Teacher Efficacy). Teymi innan hópsins (Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir, Svava Pétursdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir o.fl.) fékk styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til að rannsaka trú kennara á sameiginlegri getu sinni í náttúrufræði og á nýjum námssviðum eins og nýsköpunarmennt, notkun upplýsingatækni og menntun til sjálfbærni. Teymið kynnti vinnu sína á ráðstefnu Scottish Educational Research Association í nóvember.
- Um hugtakaskilning. Hrefna Sigurjónsdóttir ritaði kafla um skilning á hugtökum í bókina Arfleifð Darwins. Þróunarfræði, náttúra og menning, sem kom út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags á árinu.
- Upplýsingatækni við náttúrufræðikennslu. Svava Pétursdóttir hefur unnið að rannsókn á nýtingu upplýsingatækni við náttúrufræðikennslu. Hún kynnti efnið á ráðstefnu Félags um menntarannsóknir í febrúar.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan var stofnuð innan Kennaraháskóla Íslands vorið 2008 og fluttist með Kennaraháskóla Íslands yfir á Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1. júlí 2008. Tuttugu og þrjár einstaklingar sem kenna við sviðið hafa skráð sig til þátttöku í starfi stofunnar. Á aðalfundi 14. maí 2010 var kosin eftirfarandi stjórn: Guðrún Kristinsdóttir prófessor, formaður, Árni Guðmundsson aðjunkt og Gestur Guðmundsson meðstjórnendur. Varamenn eru Guðrún Valsdóttir aðjunkt, doktorsnemi, og Ólöf Garðarsdóttir prófessor. Skoðunarmenn reikninga eru Harpa Njális doktorsnemi og Þuríður Jóhannsdóttir lektor.

Rannsóknir

Markmið og rannsóknastefna stofunnar var ákveðin við stofnun hennar:

„Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum hefur frumkvæði að og sinnir rannsóknnum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglinga og ungmenna þar sem menntun og uppeldi eru séð í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Rannsóknir stofunnar hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu, félagsleg ferli og þátttöku barna og unglinga í mótun eigin lífs og hinna ýmsu samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta sem sinna málefnum barna og ungmenna.“

Meðal rannsókna sem meðlimir rannsóknastofunnar stunduðu 2010 innan vébanda hennar er rannsóknin Þekking barna á ofbeldi á heimilum undir stjórn Guðrúnar Kristinsdóttur. Að rannsóknaverkefninu störfuðu á árinu auk verkefnisstjóra: Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor, Margrét Ólafsdóttir, M.Ed..

sérkennari, Margrét Sveinsdóttir, aðjunkt, Nanna Þ. Andrésdóttir, M.Ed., sérkennari, og Ragnhildur Jónsdóttir, M.Ed., náms- og starfsráðgjafi. Aðrar rannsóknir eru: Hlutur Ólafar Garðarsdóttir í norræna rannsóknaverkefninu Frihet og líkhet for velferdsstatenes barn? Nordiske barndommer 1900–2000 og tvær ungmennarannsóknir Gestis Guðmundssonar, önnur á framhaldsskólagöngu barna innflytjenda og hin á atvinnuleysi ungs fólks í núverandi kreppu og úrræðum gegn því. Einnig eru tvö doktorsverkefni innan vébanda stofunnar: verkefni Hörpu Njáls, Lífsskilyrði, félagslegt umhverfi og heilsufar barna og barnafjölskyldna, og verkefni Guðrúnar Valsdóttur, Hvernig læra menn á Íslandi að verða rithöfundar? Þá hófu tveir meistaranemar á árinu 2010 athuganir á fóstri barna utan eigin heimilis, skólagöngu þeirra og afdrifum, sem tengjast rannsóknæfnum Guðrúnar Kristinsdóttur sem birti bókakafla á því sviði í Heiðursriti Ármanns Snævarr 2010 og nefnist kaflinn „Þurfti alla okkar athygli til að byrja með“. Þörf fósturforeldra fyrir stuðning.

Á árinu 2010 gekkst Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum fyrir eftirfarandi viðburðum:

Í tengslum við doktorsnemanámskeið á vegum NordForsk var efnt til opins málþings um kenningar franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu. Á málþinginu, sem fram fór 17. maí 2010, var leitað svara við spurningunni „Heldur hugtak Pierre Bourdieu um menningarauð gildi sínu á 21. öld?“ (e. Is the Concept of Cultural Capital still Valid in the 21st Century?). Framsögumenn voru: Diane Reay, prófessor í félagsfræði menntunar við háskólann í Cambridge (Bretlandi) og Donald Broady, prófessor í félagsfræði menntunar við háskólann í Uppsölum (Svíþjóð).

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum var gestgjafi doktorsnemanámskeiðs á vegum NordForsk 4.–5. október 2010 í samvinnu við doktorsnámið á Menntavísindasviði.

Maria Eriksson dósent við háskólann í Uppsölum hélt opinn fyrirlestur þann 5. október 2010. Hann fjallaði um börn sem búa við ofbeldi og störf félagsráðgjafa við forsjár- og umgengnisréttarmál og áhrif þeirra mála á börn og starfslið skóla. Fyrirlesturinn nefndist Children Exposed to Violence and Family Law Proceedings: Social Workers' Approaches, Children's Strategies and the Impact upon School.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum átti aðild að ráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2010 sem haldin var 5. nóvember 2010 í samvinnu Æskulýðsráðs, Tómsstunda- og félagsmálafræðibrautar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri og fleiri aðila. Ráðstefnan fór fram í Háskóla Íslands við Stakkahlíð.

Í tilefni af 20 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stóð Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum fyrir opinni dagskrá mánudaginn 23. nóvember 2010 í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð. Prófessorarnir Guðrún Kristinsdóttir og Gunnar Finnbogason fluttu ávörp um réttindi og málefni barna. Fulltrúar Barnaheilla –Save the Children á Íslandi og Rauði kross Íslands tóku þátt og kynntu stuðningsverkefni fyrir börn á þeirra vegum.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum hefur skrifstofuaðstöðu í aðalbyggingu Menntavísindasviðs við Stakkahlíð en hefur ekki haft fjárafla til að ráða starfskraft.

Heimasíða Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum er <http://stofnanir.hi.is/baer/>.

Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum sitja: Fríða B. Jónsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson lektor, Hanna Ragnarsdóttir dósent, Karen Rut Gísladóttir, Sabine Lebskopf og Toshiki Toma.

Elsa Sigríður Jónsdóttir og Einar Skúlason, fyrrverandi stjórnarmenn, eru ráðgjafar rannsóknastofunnar og sitja stjórnarfundum.

Rannsóknastofan hefur ekki fastan starfsmann en réð starfsfólk í afmörkuð verkefni árið 2010, m.a. til að þróa vef, skipuleggja málþing og aðstoða við rannsóknir.

Rannsóknir

Á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum var unnið að eftirfarandi rannsóknnum árið 2010:

- Langtímarannsókn á stöðu og reynslu ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (2005–). Rannsakendur: Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir.
- Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati ungmenna í nútímasamfélagi (2010–2013). Rannsakendur: Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Verkefnið er unnið í samstarfi við rannsóknahópa í Finnlandi og Svíþjóð.
- Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar (e. Diverse Teachers for Diverse Learners) (2010–2013). Rannsakendur: Hafdís Guðjónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Hildur Blöndal, Róbert Berman, Samúel Lefever, Sólveig Karvelsdóttir og Friða B. Jónsdóttir. Verkefnið er samstarfsverkefni alþjóðlegs rannsóknahóps með þátttakendum frá Englandi, Finnlandi, Kanada, Noregi, Skotlandi og Þýskalandi, auk Íslands.
- Rannsókn á áhrifum efnahagsþrenginga á skólastarf á Íslandi (2010–2013) með sérstakri áherslu á stöðu innflytjendabarna og ungmenna í skólum. Rannsakendur: Hanna Ragnarsdóttir og Anh-Dao Tran. Verkefnið er unnið í samstarfi við rannsakendur á Félagsvísindasviði og í Háskólanum á Akureyri.

Rannsóknastofan hefur fengið styrki til ofangreindra verkefna frá Rannsóknasjóði Kennaraháskóla Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannís.

Kynningarstarfsemi og viðburðir

- 27. apríl: Vörður á lífsleið barna: Málþing um hlutverk trúarbragða í uppeldi. Málþingið var haldið í samvinnu við leikskóla- og menntasvið Reykjavíkur.
- 7. maí: Málstofa doktorsnema á Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði um fólksflutninga og fjölmenningsfræðum. Málstofan var haldin á vegum rannsóknastofunnar. Átta doktorsnemar fluttu þar erindi um doktorsverkefni sín.
- 20. ágúst: Fjölmennings- og skólastarf. Málþing haldið í tilefni af útkomu samnefndrar bókar og voru þar flutt fimm fræðileg erindi. Bókin kom út í júlí kom út á vegum stofunnar í samvinnu við Háskólaútgáfuna. Bókin er afrakstur samstarfs fjórtán höfundar sem allir hafa með einum eða öðrum hætti komið að umræðu um hið breiða svið fjölmenningsfræða. Í bókinni er fjallað um marga þætti skólastarfs þar sem fjölmennings er snertiflötur eða meginviðfangsefni.

Rannsóknastofunni voru 21. október afhent gögn og skýrsla um könnunina Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum – upplifun fagfólks skólanna, sem unnin var af Huldu Karen Daníelsdóttur, Ara Klængi Jónssyni og Hilmu H. Sigurðardóttur, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Gögnin eru ætluð til frekari úrvinnslu stofunnar.

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

Almennt yfirlit og stjórn

Þann 17. júní 2008 gerðu Kennaraháskóli Íslands og Sigurður Konráðsson, fyrir hönd fagráðs í íslensku, með sér samning um stofnun og rekstur rannsóknastofu sem ber heitið Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa).

Í stjórn Íslenskustofu skólaárið 2010–2011 eru: Sigurður Konráðsson prófessor, formaður, Baldur Hafstað prófessor og Ingibjörg B. Frímansdóttir lektor. Aðrir meðlimir rannsóknastofunnar eru íslenskukennarar á Menntavísindasviði.

Helstu markmið rannsóknastofunnar eru að hafa frumkvæði að auknum rannsóknum á íslenskum menningararfi og skólastarfi, leggja áherslu á rannsóknir á íslensku sem fræðasviði og námsgrein, kanna hvernig kennsla í íslensku tengist öðrum námsgreinum og greiða fyrir samstarfi við stofnanir á sviði fræðslu- og menningarmála, bæði heima og erlendis.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni kennara eða kennarahópa tengjast rannsóknastofunni að nokkru leyti. Allt eru þetta verkefni sem fóru af stað árið 2009 og er í þeim lögð áhersla á rannsóknir á íslensku sem fræðasviði og námsgrein. Niðurstöður sumra verkefnanna hafa birst í tímaritsgreinum og verið kynntar á ráðstefnum, t.d. á Menntakvikunni. Styrkur sem Íslenskustofa hlaut styrk frá Menntavísindasviði til að borga fyrir aðstoð aðferðafræðinga við gagnaúrvinnslu var nýttur að hluta til á árinu.

Nemendur í framhaldsnámi hafa að hluta til fengið vinnu sem tengist rannsóknum á íslensku og íslenskukennslu í samstarfi við kennara. Til stendur að nemendur og kennarar birti niðurstöður rannsókna í sameiningu. Þessi störf nemenda eru í samræmi við markmið Íslenskustofu sem felast m.a. í því að virkja nemendur eftir því sem kostur er og beina þeim inn á tilteknar brautir sem tengjast rannsóknum leiðbeinenda og áherslum rannsóknastofunnar.

Kynningarstarfsemi

Stjórn Íslenskustofu og íslenskukennarar hafa unnið að því að þróa, hanna og skipuleggja vefsetur Íslenskustofu (<http://stofnanir.hi.is/islenskustofa/>) en mikil vinna hefur farið í vefinn. Honum er ætlað að kynna íslenskukennslu á Menntavísindasviði, rannsóknir og nám í greininni.

Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum tók til starfa á vormánuðum 2008 fyrir tilstilli Erlings Jóhannssonar prófessors. Þeir sem standa að Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum og rannsóknum á vegum hennar eru fyrst og fremst starfsmenn við íþróttfræðasetur Háskóla Íslands á Laugarvatni. Stjórn Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum skipa: Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor, formaður, Hafþór Guðmundsson lektor, Janus Guðlaugsson aðjunkt, Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri World Class, og Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi í stjórn íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Varamaður er Guðmundur Sæmundsson aðjunkt. Fimm nemendur útskrifuðust með meistarapróf 2010 og unnu lokaverkefni sín á Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum og 38 nemendur eru nú í meistaranámi í íþrótt- og heilsufræðum sem flestir skrifa meistararitgerðir sínar upp úr verkefnum unnum við Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum og fleiri meistaraneimar eru styttra á veg komnir. Sjö doktorsneimar vinna einnig að verkefnum eða ritgerðarskrifum við Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni sem unnin eru við Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum eru mörg og margbreytileg. Árið 2010 voru eftirfarandi verkefni í gangi:

- Technology and Innovation in Educating Swimming Coaches (TIES). Samstarfsverkefni Háskóla Íslands (Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum) Edinborgarháskóla, Kaupmannahafnarháskóla, CAPDM og Sundsambands Íslands. Meginmarkmið eru að auka gæði faglegrar þjálfaramenntunar og gera hana aðgengilega fyrir tilvonandi þjálfara og sundkennara. Verkefnið er að finna á: www.swimming-ties.is.
- Heilsuefling í framhaldsskólum. Samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítalans. Markmiðið er tvíþætt: að kanna heilsufarsleg áhrif af innleiðingu heilsueflandi framhaldsskóla og heilsuhegðun tengda henni á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja því verkefni eftir í fjögur ár.
- Staðbundin endurhæfing í heimahéraði og meðferðarheldni offitusjúklinga. Verkefnið er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, Reykjalundar, Endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS og Ferðafélags Íslands. Markmiðið er að rannsaka áhrif reglubundinnar útivistar á endurhæfingu offitusjúklinga á Reykjalundi.
- Hetjur nútímans – Orðræða fjölmiðla um afreks íþróttafólk. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvort munur sé á umfjöllun um einstaklinga í íþróttum, t.d. hvort konur séu fyrst og fremst sætar, fatlaðir íþróttamenn njóti fyrst og fremst samúðar eða hvort umfjöllunin hafi breyst síðustu 60 árin.
- Ýktar dygðir og leyndir lestir – Siðfræði íþrótt í íslenskum bókmenntum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort íþróttasiðferði bókmenntanna sé annað en siðferði samfélagsins og íþróttamannanna sjálfra, hvort munur sé á



eldri og yngri bókmenntum og hvort höfundar séu hugsanlega að blekkja lesendur eða jafnvel sjálfa sig.

- Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða. Markmið verkefnisins var að finna út hvort sértækar íhlutunaraðgerðir með áherslu á breytt matarræði og aukna hreyfingu hafi áhrif á holdafar, þol, matarvenjur, áhættuþætti lífsstílsjúkdóma og lífsgæði á meðal eldri Íslendinga.
- Classification of Swimmers with Intellectual Disability. Verkefnið er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í Íþrótt- og heilsufræðum og Katholieke Universiteit Leuven. Markmiðið var að hanna ferli/kerfi til að flokka sundmenn með þroskahömlun. Kerfið var prófað haustið 2010 og verður tekið í notkun að fullu vorið 2011 og verður keyrt stíft áfram fram að Ólympíumóti fatlaðra 2012 og eftir það verður kerfið endurskoðað.
- Lífsstíll 7 til 9 ára barna – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefnum: <http://vefsetur.hi.is/lifsstill/>. Markmið rannsóknarinnar var að auka hreyfingu og bæta mataræði barna í grunnskólum í Reykjavík með íhlutun á skólatíma sem bæði almennir kennarar og íþróttakennarar íhlutunarskólanna innleiddu.
- Atgervi ungra Íslendinga. Markmiðið er að rannsaka langtíma- og aldurshópabreytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlegra og félagslegra þátta, í tveimur hópum unglunga (17 ára) og ungmenna (23 ára). Þátttakendur verða fengnir úr hópi þeirra sem tóku þátt í rannsókninni Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga 2003–2004. Þessi rannsókn fékk nýlega þriggja ára verkefnisstyrk frá Rannís.

Kynningarstarfsemi

Unnið var að undirbúningi þess að tímarit rannsóknastofunnar, Íþróttufræði, verði gefið út rafrænt sem fræðilegt, ritrýnt tímarit, hugsanlega í samstarfi við vef tímarit Menntavísindasviðs, Netlu.

Annað

Rannsóknastofa í Íþrótt- og heilsufræðum er í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Rannsóknastofa í Íþrótt- og heilsufræðum er hluti af European Youth Heart Study (EYHS), sem er samstarf átta rannsóknastofa frá jafnmörgum háskólum, sem og hluti af International Children Accelerometry Database. Rannsóknastofa í Íþrótt- og heilsufræðum er einnig í góðu samstarfi við íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar.

Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Árið 2010 var annað starfsár rannsóknastofunnar. Stjórn rannsóknastofunnar er óbreytt frá fyrra ári og ráðgjafaráðið einnig. Formaður stjórnar er Ólafur H. Jóhannsson.

Hlutverk og markmið Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi eru tvíþætt:

1. að stunda rannsóknir á sviði menntastjórnunar, nýsköpunar og matsfræða,
2. að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og útgáfum á sínu sérsviði.

Undir 1. lið fellur rannsókn sem undirbúin var árið 2010 og ber vinnuheimtið „Áhrif efnahagskreppu á skólastarf“. Fyrirhugað er að rannsaka áhrif efnahagskreppu á leik- grunn- og framhaldsskóla. Valdir verða þrjár skólar á hverju þessara skólastiga. Haft var samráð við ráðgjafaráðið um val á rannsóknæfni og efnistöð. Forkönnun mun hefjast í byrjun árs 2011 og er áformað að ljúka gagnaöflun haustið 2011.

Undir 2. lið fellur málþing sem haldið var 18. mars 2010. Á málþinginu var rannsóknastofan kynnt og 12 manns kynntu efni meistaraprófsritgerða sinna, sem allar falla að sérsviði rannsóknastofunnar. Þingið sóttu um 40 manns.

Undir þennan lið fellur einnig málstofa sem rannsóknastofan stóð að á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem haldin var þann 22. október 2010 undir heitinu Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun. Á málstofunni voru flutt fimm erindi sem tengjast sérsviði rannsóknastofunnar. Slóðin á heimasíðu rannsóknastofunnar er: <http://stofnanir.hi.is/stjornun-nyskopun-mat/>.

Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna

Stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í menntunarfræði ungra barna eru: Jóhanna Einarsdóttir prófessor, Arna H. Jónsdóttir lektor, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda í leikskólum, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri á leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Rannsóknir

- Starfendarannsóknin Á sömu leið. Markmið rannsóknarinnar er að auka tengsl leikskóla og grunnskóla, skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að sveigjanleika í skólakerfinu og móta grunn að námskrá fyrir þennan aldurs- hóp. Rannsóknin er unnin í samstarfi við leikskóla- og menntasvið Reykjavíkurborgar. Um er að ræða starfendarannsókn (e. action research) sem unnin er í þremur leikskólum og þremur grunnskólum Reykjavíkurborgar og stendur rannsóknin í þrjú ár, frá og með janúar 2009. Markmið starfendarannsókna í skólum er að bæta vinnubrögð og þróa starfshætti til betri vegar. Kennarar sem taka þátt í slíkum rannsóknum beina athyglinni að eigin starfsháttum og áhrifum þeirra á börnin. Prófaðar eru nýjar leiðir sem kennararnir sjálfir taka þátt í að móta. Gerðar eru athuganir á því hvernig til tekst með því að afla gagna sem síðan eru greind og túlkuð. Í þessu verkefni er gert ráð fyrir að grunnskóla- og leikskólakennararnir taki þátt í verkefninu frá upphafi og móti í sameiningu hugmyndafræði og starfshætti. Verkefnið er styrkt af menntasviði og leikskólasviði Reykjavíkurborgar.
- Rannsóknaverkefnið Raddir barna. Rannsóknaverkefnið hófst í janúar 2008. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning og auka þekkingu á viðhorfum og hugmyndum ungra barna á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og skólagöngu. Jafnframt er markmiðið að þróa aðferðir til að rannsaka sýn barna og þá merkingu sem þau leggja í tilveru sína. Verkefnið er unnið með styrk frá leikskólaráði Reykjavíkurborgar og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Rannsóknin samanstendur af fjórum rannsóknaverkefnum sem hvert felur í sér tvö þemu. Verkefnið tengjast innbyrðis og eru: Tengsl og samfella í menntun ungra barna (sýn grunnskólabarna á leikskóladvöl sína, hvernig börn nýta reynslu sína úr leikskóla á fyrsta ári í grunnskóla), börn sem virkir þátttakendur í ákvörðunum í leikskólum (mat barna sem breytingarafl í leikskólastarfi, þátttaka yngstu barnanna í leikskólasterfinu), margbreytileiki (viðhorf fatlaðra barna til leikskólans, sýn barna á hlutverk kynjanna), nám og mat (mat á félags- og tilfinningaþroska/námssögur, hugmyndir barna um líkamann).

Kynningarstarfsemi

Útgáfa

Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna gaf á árinu 2010 út bókina John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði í samstarfi við Heimspeki- stofnun og Háskólaútgáfuna. Ritstjórar eru Jóhanna Einarsdóttir prófessor og Ólafur Páll Jónsson lektor. Í bókinni er safn frumsaminna greina auk þýðinga á nokkrum greinum Deweys. Undirtitillinn er samsettur úr þremur lykilhugtökum í hugmyndafræði hans: menntun, reynsla og lýðræði. Efnistökin eru ólík, sumir kaflarnir eru heimspekilegir, aðrir eru á sviði menntunarfræði og í enn öðrum er leitast við að setja hugmyndir Deweys í samhengi við skólastarf í íslenskum leik- og grunnskólum við upphaf 21. aldar.

Ráðstefnur og þing

- 19. febrúar: Morgunverðarfundur um leikskólann á Grand Hótel. Á fundinum var rýnt í málefni sem voru í brennidepli hjá leikskólafólki. Stutt innlegg voru frá Örn H. Jónsdóttur, Hrönn Pálmadóttur og Ásmundi Örnólfssyni og síðan fóru fram umræður í hópum.
- 4. júní: Það skal vanda sem vel skal standa. Málþing í samstarfi Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Rannsóknastofu í menntunarfræði ungra barna og leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Dagurinn er valinn með hliðsjón af því að 5. júní er stóri leikskóladagurinn, uppskeruhátíð leikskólanna í borginni.
- 10. júní: Kynning á starfendarannsókninni Á sömu leið.
- 22. október: Menntakvika. Á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku: rannsóknir, nýbreytni, þróun, var m.a. sagt frá starfendarannsókninni Á sömu leið. Þátttakendurnir, sem komu frá þremur leikskólum og þremur grunnskólum, sögðu frá þeim verkefnum sem þeir unnu með í rannsókninni og upplifunum sínum af þeim og rannsóknavinnunni sjálfri.

Fyrirlestrar

Á haustmisseri 2010 voru kynntar nýjar meistaraprófsritgerðir í hádegisrabbi Rannsóknastofu í menntunarfræði ungra barna:

- 10. september: Hrafnhildur Eiðsdóttir: Sannfæring Waldorfkennara um sköpunarkraft í kennslu.
- 23. september: Sigríður Sturludóttir: Hvernig nýta börn í 1. bekk sér reynsluna sem þau fengu úr leikskóladvöl sinni?
- 26. október: Erna Ingvarsdóttir: Spinnu þráðinn saman, foreldrar og kennarar. Starfendarannsókn um samstarf foreldra og kennara við grunnskólabyrjun.
- 10. nóvember: Fanný Heimisdóttir: „Undrun barnanna yfir líka við okkur“. Hvernig nýta deildarstjórar efnislegt umhverfi á deildum sínum?
- 18. nóvember: Inga María Ingvarsdóttir: Starfendarannsókn unnin í samstarfi við sex leikskólakennara.
- 25. nóvember: Agnes Ósk Snorradóttir: Hugmyndir leikskólakennara um framtíðarstarf.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun eru: Sólveig Jakobsdóttir dósent, Púríður Jóhannsdóttir lektor, Ágústa Pálsdóttir prófessor og fulltrúar stuðningsaðila, Sjöfn Þórðardóttir (Heimili og skóli) og Sólveig Friðriksdóttir (3f – félag um upplýsingatækni og menntun). Aðilar að stofunni 2009 voru 35. Fimm doktorsnemar bættust í hópinn 2010 svo að aðilar eru nú 40, þar af 15 háskólakennarar, þrettán doktorsnemar og fjórir meistaraneimar.

Rannsóknir

Aðilar Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum og/eða þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun hefur tekið þátt í umfangsmiklu samstarfsverkefni, Starfshættir í grunnskólum, sem fékk Rannís-styrk 2009 og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Samstarf er við Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, sem stofnuð var í tengslum við verkefnið. Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun fékk viðbótarstyrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir árið 2010. Hafa fulltrúar Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun skoðað þátt upplýsingatækni í þróun grunnskólastarfs. Einn meistaraneimi á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun vann starfendarannsókn um innleiðingu og notkun vefkerfisins Mentors í grunnskóla og lauk meistararitgerð um efnið. Tveir nýir meistaraneimar á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun tengdust verkefninu haustið 2010, annar þeirra með rannsókn á áhrifum upplýsingatækni á skólastjórnun en hinn á tölvuleikjum og skemmtimennt í skólastarfi.

Úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi var gerð fyrir mennta- og menningar- málaráðuneytið í samstarfi við Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR). Var gögnum safnað meðal stjórnenda, nemenda og kennara þriggja framhaldsskóla (stærstu fjarnámsskólanna).

Einn aðili stofunnar, Púríður Jóhannsdóttir, varði doktorsritgerð um kennara- menntun í fjarnámi og var það fyrsta doktorsverkefni á Menntavísindasviði sem er lokið. Önnur doktorsverkefni snúa m.a. að efnisgerð sem aðferð við nám, upplýsingalæsi framhaldsskólanema, stefnumótun á sviði upplýsingatækni og að tölvunotkun og stafrænni gjá í suður-afrískum grunnskólum.

Kynningarstarfsemi

Fimm málstofur voru haldnar á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun um fjölbreytt viðfangsefni: rafrænt einelti (í febrúar í samstarfi við SAFT/ Heimili og skóla), kennsla upplýsingalæsis (í mars, fyrirlesari frá Háskólanum á Akureyri í útsendingu á Netinu), Skólapúlsinn (í maí) og Evrópuverkefnið DIVIS um notkun myndbanda í tungumálanámi (í september, málstofan var haldin í samvinnu við Rannsóknastofu um nám og kennslu erlendra tungumála). Málstofan í nóvember var haldin á degi íslenskrar tungu. Tungumálatorgið var þá formlega opnað og kynnt að viðstöddu fjölmenni.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun tók þátt í undirbúningi Menntakviku, málþings Menntavísindasviðs í október, skipulagði þar tvær málstofur með sjö erindum. Þá voru kynnt átta veggspjöld á vegum stofunnar á málþinginu, þar á meðal veggspjald sem kynnti rannsóknastofuna sjálfa. Málstofurnar voru vel sóttar.

Tengslanet á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun, sem sett var upp á Ning (utmidlun.ning.com) 2009, var áfram þróað og eru þar nú skráðir yfir 170 meðlimir. Vefur Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun á <http://skrif.hi.is/rannum> hefur jafnframt verið þróaður, sem og heimildasafn stofunnar á Endnote Web.

Skýrsla um úttekt á fjarkennslu var gefin út af Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun og Símenntun – rannsóknum – ráðgjöf og var hún birt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins í september og niðurstöður hennar kynntar á Menntakviku.

Annað

Nokkrar beiðnir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og/eða stjórnendum á Menntavísindasviði voru lagðar fram um aðkomu Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun að verkefnum, s.s. UT-leiðtogaverkefni, dreifnámsverkefni og Tungumálatorginu. Verkefnisstjóri Tungumálatorgsins er aðili að Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun. Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun lagði fram áætlun til Menntavísindasviðs um rannsókn á samkenndu við sviðið sem var samþykkt. Gögnum verður safnað á vormisseri 2011.

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum var stofnuð á árinu 2010. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna, ráðgjafar og þróunarstarfs á sviði þroskaþjálfrafræða. Markmið rannsóknastofunnar er að stuðla að auknum rannsóknum á þessu sviði með það að leiðarljósi að auka þekkingu og skilning á lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri. Auk þess er henni ætlað að efla og frumkvæði að rannsóknum og þróunarstarfi á sviðinu með áherslu á störf og starfsvettvang þroskaþjálfra. Þá felst mikilvægur þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar í því að stuðla að aukinni þekkingu á sviðinu með fræðslu, ráðstefnuhaldi og málstofum og að þróa menntun fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla og efla rannsóknir og þróunarstarf á því sviði.

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar skipa: Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, formaður, Ástríður Stefánsdóttir dósent, Kristín Björnsdóttir lektor, Jóna Ingólfsdóttir aðjunkt og Vilborg Jóhannsdóttir lektor.

Í ráðgjafaráði stofunnar eiga eftirtaldir sæti: Friðrik Sigurðsson fyrir Landssamtökin Þroskahjálp, Hrefna Haraldsdóttir fyrir Sjónarhól, Laufey Gissurardóttir fyrir Þroskaþjálfafélag Íslands, María Hildipórsdóttir fyrir Fjölmennt og Ína Valsdóttir fyrir Átak.

Yfirstandandi rannsóknir

Þrjú rannsóknaverkefni standa nú yfir. Auk þess vinna þrír meistaranemar lokaverkefni sín í tengslum við verkefni rannsóknastofunnar.

Rannsókn um sjálfræði fólks með þroskahömlun

Undirbúningur fyrir rannsóknina Sjálfræði og fullorðinsár hófst árið 2010. Rannsóknin fjallar um sjálfræði fólks með þroskahömlun og er framkvæmd á breytingartímum, við erfiðar efnahagslegar aðstæður og eftir að málaflökkur og þjónusta við fatlað fólk fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Auk þess er Ísland aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem mikilvægi sjálfræðis og sjálfstæðis í lífi fatlaðs fólks er m.a. viðurkennt. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á skilning fólks með þroskahömlun á sjálfræði og fullorðinshlutverkum og reyndu þess af því að lifa sjálfstæðu lífi við nýjar samfélagsaðstæður. Þátttakendur í rannsókninni eru karlar og konur með þroskahömlun á aldrinum 26–66 ára og er áætlað að rannsóknin taki þrjú ár. Samstarfsaðili rannsóknastofunnar í þessu verkefni eru Landssamtökin Þroskahjálp.

Rannsókn á háskólanámi fólks með þroskahömlun

Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt rannsóknatengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við þroskaþjálfabraut. Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræðum hefur haft umsjón með tengingu námsins við rannsóknir. Gagnasöfnun fer fram með viðtölum við nemendur, aðstandendur, háskólakennara og mentora.

Könnun á námsvenjum nemenda í þroskaþjálfarafræðum

Rannsóknin hófst á vormisseri 2010 og er áætlað að henni ljúki á vormisseri 2011. Könnunin var lögð fyrir í námskeiðinu Einstaklingsmiðuð þjónusta: Starfshættir þroskaþjálfara. Könnunin er hluti fyrirhugaðrar lengri tíma starfendarannsóknar á vinnubrögðum nemenda og kennara í umræddu námskeiði. Markmiðið er annars vegar að átta sig á námsvenjum nemenda og að laga kennsluhætti og námsefni námskeiðsins sem best að þörfum þeirra og námsstíl. Hins vegar er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig nemendur meta inntak námskeiðsins og kennsluhætti. Tilgangur rannsóknarinnar er að nemendur þrói eigin vinnubrögð í kennslu á markvissan og réttmætan hátt í samræmi við þá nálgun sem þeir beita í námi sínu. Meðal þess sem leitað upplýsinga um í könnuninni eru lestrarvenjur, námsstíll, upplifun nemenda af samræmi milli námslýsingar og framkvæmdar, hvernig námskeiðið nýtist til undirbúnings undir vettvangsnám, um færni til að lesa á enskri tungu, hvort og hvernig nemendur nýta leiðbeiningarrit um fræðileg skrif, hvernig þeir meta eigin ástundun o.s.frv.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknir á vegum stofunnar voru kynntar á Menntaviku haustið 2010.

Rannsóknastofa um háskóla

Kynningarstarfsemi, málþing og ráðstefna

Eftir var til kynningarfundar og málstofu 2. september í Hátíðasal Háskóla Íslands. Titill málstofunnar var Þurfa háskólarnir að endurskoða hlutverk sitt og starfshætti? Menntamálaráðherra flutti ávarp og opnaði vef stofunnar. Germain Dondelinger, yfirmaður í ráðuneyti menningar, æðri menntunar og rannsókna í Lúxemborg, hélt inngangserindi. Páll Skúlason ræddi skipulag og starfshætti háskóla. Málstofunni lauk með pallborðsumræðum um málefni háskóla.

Tuttugasta og fjórða alþjóðaráðstefna CHER-samtakanna (Consortium of Higher Education Researchers) verður haldin á vegum stofunnar 23.–25. júní 2011. Titill ráðstefnunnar er What Are the Prospects for Higher Education in the 21st Century? Ideas, Research and Policy.

Styrkir

Rannsóknastofunni voru veittir tveir styrkir árið 2010:

1. Menntamálaráðuneytið veitti stofunni styrk að upphæð 1,5 m.kr. til að hleypa af stað rannsóknum á samfélagslegu hlutverki háskóla. Í framhaldi af styrknum skipaði stjórn stofunnar verkefnisstjórn. Í henni sátu Guðrún Geirsdóttir, dósent við Háskóla Íslands og fulltrúi stjórnar, Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Hulda Þórisdóttir, lektor við Háskóla Íslands. Auglýst var eftir hugmyndum að rannsóknaverkefnum.
2. Rektor Háskóla Íslands veitti stofunni styrk að upphæð 750 þús.kr.

Verkefni

Menntamálaráðuneytið óskaði eftir umsögn Rannsóknastofu um háskóla um endurskoðun laga um háskóla. Stjórn Rannsóknastofu um háskóla ákvað að leita til Guðmundar Heiðars Frímanssonar prófessors um að undirbúa umsögn stofunnar. Stjórnin fjallaði um umsögnina á fundi sínum 2. desember og formaður gekk frá henni 12. desember og sendi til ráðuneytisins.

Vefslóð stofunnar er: vefir.hi.is/ruh/.

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls

Almennt yfirlit

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið rannsóknastofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og

mun stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrsla, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds. Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Michael Dal lektor og aðrir starfsmenn eru Róbert Berman dósent og Samúel Lefever lektor.

Rannsóknir

Unnið hefur verið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknahópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu (e. digital videostreaming and multilingualism). Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comenius-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona, Kulturring Berlin, Talenacademie in Maastricht, Christ Church University í Canterbury, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.
- Dýslexía og tungumálakennsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlendu máli í grunn- og framhaldsskóla.
- Norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun m.a. í tungumálakennslu (d. Kreativitet, innovation og entreprenørskab i de nordiske uddannelser). Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bodø í Noregi, háskólann í Umeå í Svíþjóð, háskólann í Tammerfors í Finnlandi og háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk, samnorrænt rannsókn- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eystrasaltslöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í Ríga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og háskólann Vagtataus Magnus og háskólann í Vilnius í Litháen.
- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu.
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á árinu 2010 voru birtar tvær vísindalegar ritgerðir, sex útdrættir vegna ráðstefna, þrjár greinar í ráðstefnuriti og kafla í bókinni Handbook of Emergent Technologies in Social Research, sem gefin er út hjá Oxford University Press og ritstýrð af Sharlene Nagy Hesse-Biber. Niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar hafa verið á Menntavísindasviði.

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar

Almennt yfirlit

Í stjórn Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar eru Dóra S. Bjarnason prófessor, formaður, Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti Kennaradeildar, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor, Hermína Gunnþórsdóttir, aðjunkt við Háskólann á Akureyri og doktorsnemi við Háskóla Íslands, Hrunn Logadóttir, sérkennsluáðgjafi menntasviðs Reykjavíkurborgar og doktorsnemi við Háskóla Íslands, Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi, Berglind Magnúsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, Atli Lýðsson, varaformaður Þroskahjálpar, og fjórir MA-/M.Ed.-nemendur í sérkennslufræðum. Enginn starfsmaður vann hjá Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar 2010.

Rannsóknastofan stóð fyrir námskeiði um eiginlegar rannsóknaaðferðir fyrir doktorsnema 25. og 26. maí í samráði við doktorsskóla Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þá veitti Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar Alþingi og menntamálaráðuneytinu umsagnir um mál, lagafrumvörp og reglugerðir samkvæmt óskum frá þeim. Auk þessa leituðu ýmsir skólar og starfsfólk þeirra til Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar og einnig foreldrar fatlaðra barna.

Árið 2010 komu átta meistaranemar og tveir doktorsnemar að verkefnum rannsóknastofunnar.

Rannsóknir

- Rannsókn á reynslu foreldra af því að eiga og ala upp barn/börn með fötlun lauk 2010 og komu niðurstöður út á bók. Rannsóknin var styrkt af Rannís.

Rannsóknasjóði Kennaraháskóla Íslands og síðar Háskóla Íslands.

- Framhaldsrannsókn á reynslu sömu foreldra af stuðningi við fötluð börn og fjölskylduna eftir hrun var undirbúin 2010. Gagnasöfnun er hafin.
- Ragnheiður Axelsdóttir sérkennari lauk verkefninu Raddir barna – Barnafundur og skrifaði um það meistararitgerð á árinu. Verkefnið var stutt af rannsóknastofunni.
- Síðla árs 2010 hófst undirbúningur að rannsókn á vegum Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar sem ber vinnuheimtið Skóli margbreytileikans; sérskólar, almennir skólar og fjölmenningsmenntun: Hverju skilar sérkennslan á Íslandi? Í rannsóknahópnum eru sex háskólakennarar, tveir doktorsnemar, fimm meistaranemar og ráðgjafandi hópur starfsfólks skóla og hagsmunasamtaka. Áætlað er að forrannsókn geti hafist haustið 2011.

Kynningarstarfsemi

Útgáfa

Social Policy and Social Capital. Parents and Exceptionality 1974–2007 (2010). Höfundur er Dóra S. Bjarnason. Bókin var gefin út hjá NOVA Science publ. í New York. Í allt hafa níu greinar eða bókarkafar verið birtar hér og erlendis um afrakstur þessarar rannsóknar og fjöldi fyrirlestra um efnið hefur verið fluttur á alþjóðlegum og íslenskum vísindaráðstefnum, sem og á ráðstefnum ætluðum fagfólki og almenningsi.

Ráðstefnur

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar stóð fyrir málstofu um skóla án aðgreiningar á ráðstefnunni Menntakviku í október 2010.

Annað

Rannsóknastofan styður kennara og skóla sem vinna að skólaþróun í átt til skóla margbreytileikans með ýmsum hætti. Rannsóknastofan er ekki sérlega fjáð, enda var hún stofnuð sumarið 2008, rétt fyrir hrun. Verið er að leita að frekari fjármögnun. Framlag nemenda, kennara og fyrirlesara sem vinna á vegum rannsóknastofunnar eða í tengslum við hana hefur til þessa verið án endurgjalds og verður svo áfram.

Heimasíða Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar er vefir.hi.is/skolianadgreiningar.

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun var stofnuð í júní 2008. Stjórn hennar skipa Kristín Bjarnadóttir dósent, formaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor. Stofan hefur staðið fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun.

Rannsóknir

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðináms- og -kennslu, um notkun tölvuforríta í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Í undirbúningi er m.a. rannsókn á menntun stærðfræðikennara í grunnskólum.

Starfsemi

Í mars og apríl 2010 gekkst stofan fyrir opinni fyrirlestraröð um stærðfræðimenntun. Kristín Bjarnadóttir flutti erindi um Björn Gunnlaugsson og Tölvísi sem hún nefndi Upplýsing og einlæg trú í stærðfræðimenntun 19. aldar, Jónína Vala Kristinsdóttir nefndi sitt Stærðfræðináms- og kennsla í skóla fyrir alla, Guðný Helga Gunnarsdóttir flutti erindið Áhrif námsefnis á kennsluhætti og námsumhverfi nemenda, erindi Freyju Hreinsdóttur nefndist Rannsókn á hugbúnaðar-notkun – Forritið Geogebra og erindi Guðbjargar Pálsdóttur Að styðja stærðfræðikennara í starfi.

Rannsóknastofan sá um málstofu á ráðstefnu Félags um menntarannsóknir í febrúar 2010. Guðný Helga Gunnarsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir fluttu erindi um gagnrýna stærðfræðimenntun, Jónína Vala Kristinsdóttir fjallaði um þróunarstarf kennara um stærðfræðikennslu á miðstigi grunnskóla og Kristín Bjarnadóttir ræddi um Reikningsbók Eiríks Briem og áhrif hennar.

Rannsóknastofan sá um málstofu á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs í október 2010. Guðný Helga Gunnarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Freyja Hreinsdóttir og Rögnvaldur Möller fluttu erindi sem fjölluðu um stærðfræðikennslu og nemendur, ábyrgð þeirra á eigin námi, sjálfsmynd þeirra og kunnáttu nýnema í raunvísindum og verkfræði við Háskóla Íslands, auk umfjöllunar um ókeypis hugbúnað og kennsluefni. Rannsóknastofan átti þátt í alþjóðlegri ráðstefnu, Nordic GeoGebra 2010, sem norrænt og baltneskt samstarfsnet, Nordic GeoGebra Network, stóð fyrir 12.–14. ágúst 2010 um notkun stærðfræðiforritsins Geogebra í kennslu. Freyja Hreinsdóttir stýrði dagskrárnefnd sem skipuð var meðlimum samstarfsnetsins. Auk hennar sátu í undirbúningsnefnd Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. Ráðstefnuna sóttu rúmlega eitt hundrað manns. Samstarfsnetið undirbýr nú sams konar ráðstefnu í Litháen 30. september – 2. október 2011.

Liðsmenn stofunnar undirbúa nú sjöttu norrænu ráðstefnuna um rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar, NORMA 11, sem haldin verður dagana 11.–14. maí 2011. Undirbúningsnefnd skipa Guðný Helga Gunnarsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Freyja Hreinsdóttir og þær sitja einnig í dagskrárnefnd. Fjórir aðalfyrirlesarar munu halda erindi og um eitt hundrað erindi verða haldin í málstofum.

Rannsóknastofan mun standa að Second International Conference on the History of Mathematics Education í Lissabon, 2.–5. október 2011. Ráðstefnan er í framhaldi af fyrstu ráðstefnunni um sama efni sem haldin var á vegum stofunnar og Menntavísindasviðs 20.–24. júní 2009. Kristín Bjarnadóttir situr í dagskrárnefnd fyrir Íslands hönd.

Undanfarin þrjú ár hefur stofan tekið þátt í verkefninu NIL ásamt Háskóla Konstantíns heimspekings í Nitra í Slóvakíu. Tilgangur verkefnisins er að gera tillögu um sameiginlega meistaraþráðu háskólanna beggja í stærðfræðimenntun. Samskiptin voru kostuð af fé úr norskum sjóði og sjóði EFTA-ríkjanna. Samstarfinu lauk í september 2010. Niðurstaðan varð sú að sameiginleg meistaraþráða væri ekki tímabær að sinni.

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga

Almennt

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi var formlega stofnuð í desember 2007 og hóf starfsemi sína í kjölfar sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands haustið 2008 með stuðningi rektors. Forstöðumaður er Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor en stofan er einnig rannsóknaveitvangur dósentanna Önnu Lindar Pétursdóttur, Ragnhildar Bjarnadóttur og Steinunnar Gestsdóttur, lektoranna Freyju Birgisdóttur, Jóhönnu Einarsdóttur, Rannveigar A. Jóhannsdóttur og Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur aðjunktis. Rannveigar Oddsdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur doktorsnema, auk þriggja annarra doktorsnema og nokkurra meistarana. Árdís Hrönn Jónsdóttur starfaði sem verkefnisstjóri og aðstoðarmaður við rannsóknaverkefni í 50–70% starfi fram á mitt ár 2010 og Anna María Valdimarsdóttir cand.psych. frá byrjun nóvember 2010. Auk þeirra störfuðu Helga Hauksdóttir, Marta Gall Jörgensen, Valgerður Ólafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir o.fl. tímabundið við einstök rannsóknaverkefni.

Rannsóknir

Meginmarkmið stofunnar er að afla vísindalegrar þekkingar á þroska íslenskra barna með áherslu á málþroska, læsi og þá þroskaþætti aðra sem helst tengjast námi og farsælli skólagöngu. Stofan setur sér einnig að miðla nýrri þekkingu bæði til fræðasamfélagsins og til fagfólks og almennings. Auk rannsóknaverkefna var ýmiss konar starfsemi tengd vettvangi á vegum rannsóknastofunnar á árinu 2010, svo sem þróunarverkefni, fræðsla og ráðgjöf við skóla og sveitarfélög.

Helstu rannsókn- og þróunarverkefni

- Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfsstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára. Viðamikil langsiðsrannsókn á rúmlega 270 börnum sem fylgt verður eftir með margvíslegum mælingum og mati á málþroska, læsi og félags- og vitsmunapróska í a.m.k. þrjú ár. Árið 2009 lauk fyrstu lotu gagnasöfnunar, skráningar og úrvinnslu og annarri lotu 2010. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir og meðstjórnendur Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir en auk þeirra unnu sex aðstoðarmenn við rannsóknina. Verkefnið nýtur styrks

frá Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og menntasviði Reykjavíkurborgar. Doktorsverkefni Rannveigar Oddsdóttur, Ritun og textagerð íslenskra barna á aldrinum 4–8 ára, tengist rannsókninni og hvort tveggja tengist evrópsku samstarfsneti tuttugu og tveggja þjóða, COST IS0703 European Research Network on Learning to Write Effectively, MA-rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur á íslenskum orðaforða barna með annað móðurmál í íslenskum skólum tengdist einnig þessari rannsókn og á árinu 2010 bættust við doktorsverkefni Sigríðar og Þóru Sæunnar Úlfisdóttur, talmeinafræðings.

- Leið til læsis (LtL) er skimunarpróf fyrir 1. bekk sem hópur sérkennara, talmeinafræðinga og meistaranema hefur unnið við að þróa undanfarin ár undir stjórn Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur og Sigurgríms Skúlasonar á Námsmatsstofnun. Lokið var við að hanna og staðla skimunarprófið á árinu 2010 (Steinunn Torfadóttir, Sigurgrímur Skúlason, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir og Jóhanna E. Jónsdóttir). Í framhaldinu þróaðist Leið til læsis yfir í yfirgripsmikið stuðnings- og eftirfylgdarkerfi í lestrarkennslu þar sem kennsluleiðbeiningar eru byggðar á greiningarprófum, matslistum fyrir foreldra og stöðluðum lestrarprófum.
- Mál í notkun: Tal- og ritmál barna, unglinga og fullorðinna. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir. Þetta er íslensk rannsókn á textagerð 11, 14, 17 ára og fullorðinna sem styrkt var af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Rannsóknin er jafnframt liður í sjö landa samanburðarrannsókn, Developing Literacy in Different Contexts and Different Languages, sem styrkt var af The Spencer Foundation.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir eru MC-members í samstarfsnetinu COST IS0703. European Research Network on Learning to Write Effectively (ERN-LWE) 2008–2012. Doktorsverkefni Rannveigar Oddsdóttur tengist einnig rannsóknnum í samstarfsnetinu.
- Lestrarnám og lestrarkennsla fyrstu árin í grunnskóla. Rannveig A. Jóhannsdóttir (doktorsverkefni við Stokkhólmsháskóla).
- Bók í hönd og þér halda engin bönd. Þróunarverkefni í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ. Styrkt af Reykjanesbæ og Þróunarsjóði leikskóla. Árdís Hrönn Jónsdóttir, Inga María Ingvarsdóttir leikskólustjóri og Hrafnhildur Ragnarsdóttir standa að verkefninu.
- Á vit djúphyggjunnar. Rannsókn- og samvinnuverkefni leikskólustjóra í Seljahverfi í Reykjavík og Rannveigar Jóhannsdóttur um hugmyndir elstu barna í leikskóla um dvöl í leikskóla og væntanlega skólabyrjun í grunnskóla. Styrkt af Reykjavíkurborg.
- Málsýni íslenskra leikskólabarna. Gagnasafn með um 80 málsýnum (myndbandsupptökum) með sjálfsprottun tali barna í leik og spjalli við fullorðinn einstakling. Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhanna Einarsdóttir og samstarfsmaður Þóra Sæunn Úlfisdóttir.
- Gagnabankinn Íslenskt barnamál. Tölvuskráð langskurðargögn (alls 65 90 mínútna upptökur með börnum á aldrinum 2ja til 6 ára), 600 sögur sögumanna á aldrinum 3ja ára til fullorðinna og 320 rit- og talmálestextar samdir af 80 einstaklingum, 11, 14, 17 ára og fullorðnum, o.fl. Öll gögnin eru skráð í CHAT (MacWhinney, 2000). Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.
- Þróun norræns rannsóknans um rannsóknir, meðferðarúrræði og greiningarvæðing á stami. Verkefnisstjóri er Jóhanna Einarsdóttir.
- Rannsókn á áhrifum virknimats og stuðningsáætlunar á langvarandi hegðunarerfiðleika barna í grunns- og leikskólum. Verkefninu stýrir Anna Lind Pétursdóttir.
- Áhrif atferlisþjálfunar á færni barna með þroskahömlun. Verkefnið er samvinnuverkefni Önnu Lindar Pétursdóttur, Atla F. Magnússonar doktorsnema og fleiri sálfræðinga á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Rannsókn á starfsemi vistheimila á vegum ríkis og sveitarfélaga á miðri og síðustu öld, einkum á því hvort börn sem voru vistuð þar hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð. Ragnhildur Bjarnadóttir sér um rannsóknina ásamt nefnd skv. lögum nr. 26/2007.
- Rannsókn á þróun faglegrar starfshæfni kennaranema og stuðningi við það ferli. Ragnhildur Bjarnadóttir sér um rannsóknina, sem er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Rannsókn á áhrifum kennslu í félagsfærni með ART-félagsfærniþjálfun. Verkefnið er Nordplus-samstarfsverkefni sem Anna Lind Pétursdóttir tekur þátt í ásamt tveimur meistaranemum.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknir stofunnar voru kynntar á fjölda ráðstefna innan lands og utan, bæði fyrir fræðasamfélaginu og fyrir kennurum og öðrum fagaðilum í sálfræði og menntavísindum. Meðal annars stóð rannsóknastofan fyrir fjórum málstofum á Menntakviku 2010, þar sem allir aðstandendur stofunnar, samstarfsaðilar þeirra

og nemendur fluttu alls 17 erindi um rannsóknir og þróunarverkefni sem tengjast stofunni. Auk þess héldu þeir fjölda fyrirlestra og námskeiða í skólum fyrir foreldra og kennara og annað fagfólk tengt menntakerfinu. Rannsóknastofan hefur aðsetur í stofu E-204 í húsakynnum Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Slóð á heimasíðu rannsóknastofunnar er stofnanir.hi.is/mal-lestur/.

Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, sem var stofnuð 2009, er ætlað að vera vettvangur rannsókna, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum, miðla þekkingu um rannsóknir og styðja við rannsóknir með ráðgjöf og þjónustu. Markmið hennar er að skapa þekkingu og yfirsýn yfir þróun skólastarfs, þ.m.t. þróun starfshátta í skólum og ákveðinna námssviða eða námsgreina.

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar: Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti, formaður, Amalía Björnsdóttir dósent, Börkur Hansen prófessor, Ingvar Sigurgeirsson prófessor, Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Kristín Jónsdóttir lektor. Forstöðumaður: Gerður G. Óskarsdóttir (50% starf). Starfsmenn: Helga Jenný Stefánsdóttir (70% ársstarf) og Ýr Jónsdóttir (3 mánuðir). Stofan hafði aðstöðu í húsnæði Háskóla Íslands við Skipholt.

Stofan var starfsvettvangur um 25 fræðimanna og 10 doktors- og meistaranemar unnu að lokaverkefnum í tengslum við eitt verkefna stofunnar.

Ráðgjöf um rannsóknir

Stofan veitti nokkrum nemendum á vegum Rannsóknastofu í íslenskukennslu ráðgjöf og þjónustu við gagnaöflun, auk tilfallandi ráðgjafar.

Rannsóknaverkefni á vegum stofunnar

- Rannsókn á starfsháttum í grunnskólum. Rannsóknaverkefnið Starfshættir í grunnskólum (2009–2011) spannar helstu þætti skólastarfsins, þ.e. nám nemenda, kennslu kennara, stjórnun og skipulag, námsumhverfi, þátt foreldra og viðhorf. Samstarfsaðilar eru 20 fræðimenn úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, 20 grunnskólar, þrjú sveitarfélög og tvö fyrirtæki. Einn af tíu nemum í rannsókninni lauk meistaraþrófi á árinu. Rannsóknin hlaut tæplega 18 m.kr. styrk til þriggja ára frá Rannsóknasjóði og 2,4 m.kr. úr rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri á árinu, auk styrkja úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, 420 þús.kr., og atvinnuátaki Vinnumálastofnunar, 940 þús.kr. Gagnaöflun á vettvangi lauk að mestu á árinu. Lagðir voru þrjár spurningavagnar fyrir starfsmenn grunnskólanna tuttugu og nemendur í 7.–10. bekk. Skólarnir fengu sendar niðurstöður um skólann og samanburð við heildina. Fyrirlestrar voru haldnir um niðurstöður rannsóknarinnar á alþjóðlegum ráðstefnum á vegum NERA í mars og ENIRDELM í september og einnig á Menntakviku Menntavísindasviðs í október, auk kynninga í nokkrum grunnskólum.
- Rannsókn á starfsháttum í list- og verkgreinum tengist ofangreindri rannsókn sem sjálfstæð eining.
- SNÍGL – Skapandi nám í gegnum leiklist. Rannsóknaverkefnið hófst árið 2007. Markmiðið er að skoða leiklist sem kennsluaðferð og áhrif hennar á nám barna og kynna kennsluaðferðina í þáttökuskólunum. Samstarfsaðilar eru tveir fræðimenn við Háskóla Íslands og kennarar í sex grunnskólum. Gagna var aflað með vettvangsathugunum, viðtölum við kennara og nemendur, spurningakönnun til skólastjórnenda og starfendarannsóknnum kennara á eigin kennslu. Fyrirlestrar voru haldnir um niðurstöður rannsóknarinnar á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum IDEA í júlí og Menntakviku í október.
- Rannsókn á skilum skólastiga beggja vegna grunnskóla. Rannsóknin beinist að skilum leik- og grunnskóla annars vegar og skilum grunn- og framhaldsskóla hins vegar. Spurt er um mun á umgjörð og starfsháttum milli skólastiga og kastljósinu beint að samfellu í starfinu, auk þess sem tengsl milli skólastiganna eru skoðuð. Tilgangurinn er að renna stoðum undir umbótastarf. Gagna var aflað með vettvangsathugunum í 30 skólum í 45 skóladaga, viðtölum við nemendur og kennara ásamt spurningakönnunum. Verkefnið hófst árið 2007 og var styrkt af Reykjavíkurborg og Hagþenki. Fyrirlestrar voru haldnir um niðurstöður rannsóknarinnar í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ og á Akureyri á árinu. Handrit með niðurstöðunum er tilbúið til útgáfu.



Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Nánari upplýsingar um stofuna eru á slóðinni <http://skrif.hi.is/starfshaettir/>.

Stjórn og skipulag

Stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs hélst að mestu óbreytt á árinu.

Sviðsforseti var Kristín Vala Ragnarsdóttir. Kjörtímabili fyrstu deildar- og

varaðildarforseta sviðsins lauk 30. júní en þeir voru allir endurkjörnir.

- Forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar var Ólafur Pétur Pálsson og varaforseti Tómas Philip Rúnarsson.
- Forseti Jarðvísindadeildar var Magnús Tumi Guðmundsson og varaforseti Hreggviður Norðdahl. Magnús Tumi var í rannsóknamissari á haustmissari og leysti Hreggviður hann af á meðan.
- Forseti Líf- og umhverfísindadeildar var Sigurður S. Snorrason og varaforseti Karl Benediktsson. Sigurður var í rannsóknamissari á haustmissari 2010 og leysti Karl hann af á meðan.
- Karl Sölvi Guðmundsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar, sagði starfi sínu lausu frá og með 1. september 2010. Jóhannes R. Sveinsson, sem hafði gegnt forsetastarfi í fjarveru Karls frá því í apríl 2010, var kjörinn forseti í hans stað og Helgi Þorbergsson var kjörinn varaforseti.
- Forseti Raunvísindadeildar var Guðmundur G. Haraldsson og varaforseti Gunnar Stefánsson.
- Forseti Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar var Sigurður Magnús Garðarsson og varaforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson. Sigurður Magnús var í rannsóknamissari á haustmissari 2010 og leysti Guðmundur Freyr hann af á meðan.

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Berglind Ósk Bergsdóttir og Sunna Björg Reynisdóttir voru fulltrúar stúdenta á vormissari en á haustmissari þeir Eiríkur Þór Ágústsson og Sæmundur Óskar Haraldsson. Auk þess sitja stjórnarfundina rekstrarstjóri og upplýsingastjóri sviðsins. Stjórnin hélt 27 fundi á árinu.

Fyrsta þing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 17. febrúar og annað sviðsþing 24. nóvember. Í rafrænum kosningum í framhaldi af fyrsta sviðsþinginu var Fjóla Jónsdóttir kjörin fulltrúi kennara og sérfræðinga sviðsins á háskólaþingi. Sigríður Jónsdóttir var kjörin fyrsti varamaður og Kristján Leósson annar varamaður.

Drög að stefnu fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið voru rædd á fyrra þingi sviðsins en þar sem endurskoðun á stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 var fyrirhuguð var ákveðið að bíða eftir henni áður en lengra yrði haldið. Á árinu var umhverfisstefna sviðsins samþykkt í stjórn þess og sumar deildir og stoðþjónusta vinna eftir samþykktari stefnu.

Starfsfólk

Björn Gunnlaugsson, verkefnisstjóri á sviðsskrifstofu, lét af störfum í apríl en Hanna Þóra Hauksdóttir var ráðin til að sinna kennslu- og gæðamálum.


Verkfræði- og náttúruvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	66	62
Karlar	140	125
Samtals	206	188

Kerfislíffræðisetur (þverfaglegt) – vistað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Konur	3	2,5
Karlar	6	5,5
Samtals	9	8

Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum



Stjórnsýsla og tæknipjónusta fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4	11	15
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	0	0	0
Jarðvísindadeild	0	0	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	0	0
Rafmagns- og tölvunarverkfræðideild	0	0	0
Raunvísindadeild	2	1	3
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0
Einstaklingar*			18
Starfsígildi			0

* Þar af eru 5 manns tæknifólk.

Nefndir

Fastanefndir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru sjö talsins. Þær eru taldar upp hér fyrir aftan. Tölur innan sviga sýna fjölda funda árið 2010: alþjóðanefnd (0), fjármálanefnd (0), sviðsstjórn tók að sér hlutverk nefndarinnar), framhaldsnámsnefnd (4), jafnréttisnefnd (8), kennslunefnd (13), umhverfisnefnd (7) og vísindanefnd (7).

Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn sviðsins vísar til þeirra. Þær skila stjórninni fundargerðum og álitum og byggir stjórnin ákvörðun sína í ýmsum málum á umfjöllun nefndanna.

Fjármál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*

Fjárveiting	1.263.508
Sértekjur	174.671
Tekjur alls	1.438.179
Útgjöld	1.470.420
Tekjuafgangur/halli	-32.241
Ársverk	188
Skráðir nemendur	2.174**
Virkir nemendur	1.497
Nemendur/ársverk	11,6
Virkni nemenda	68,8%

* Upphæðir eru í þús. kr.

** Frá og með hausti 2010 hefur sú breyting orðið á forsendum heildartalna að hætta að taka nemendur í leyfi með í heildartölum. Þetta verður að hafa í huga þegar samanburður er gerður á milli ára/tímabila.

Húsnæðismál

VR-I, tilraunahúsnæði í efna- og eðlisfræði, var endurnýjað að innan, hátt sem lágt. Framkvæmdir stóðu frá mars til ársloka.

Skrifstofur kennara voru stokkaðar upp á árinu og var tilgangurinn sá að kennarar sömu deildar eða námsleiðar hefðu samliggjandi skrifstofur eftir því sem unnt væri. Kennarar í stærðfræði, með skrifstofur í VR-II, fluttust í Tæknigarð. Kennarar í rafmagns- og tölvuverkfræði fluttust flestir í skrifstofur sem innréttaðar voru á þriðju hæð í VR-II. Aðliggjandi rými var einnig innréttað fyrir framhaldsnema í rafmagns- og tölvuverkfræði. Af jarðhæð í VR-II voru stórar rafmagnsvélar, sem höfðu verið notaðar til kennslu í meira en 30 ár, fluttar annað. Rýmið, sem eftir varð, og næstu stafgölf voru innréttuð sem kennslustofur: ein 50 manna stofa (V-152) og önnur 12 manna (V-151). Ein 30 manna kennslustofa (V-148) var innréttuð með hringborðum og nýtist því vel fyrir kennslu með nýstárlegum aðferðum og fyrir hópavinnu. Nýju kennslustofurnar bættu úr mjög brýnni þörf fyrir kennsluhúsnæði hjá sviðinu.

Í Öskju var innréttuð kaffistofa og ákveðið var að sviðið tæki við rekstri á einni kaffistofu í hverri byggingu sem deildir sviðsins hafa aðstöðu í, þ.e. í Öskju, Aragötu 9, VR-I, VR-II, VR-III, á Smyrilsvegi og á annarri hæð í Tæknigarði.

Mikil og almenn ánægja var með allar þessar breytingar þegar þeim var lokið.

Markaðs- og kynningarmál

Eins og undanfarin ár hófust kynningar í framhaldsskólum strax eftir áramót og náðu þær hámarki með háskóladeginum sem haldinn var 20. febrúar. Nemendafélög á sviðinu tóku virkan þátt í kynningarstarfinu.

Unnið hefur verið markvisst að því að bæta kynningar á rannsóknastarfi innan sviðsins. Þetta er gert bæði með því að deila efni á vef sviðsins og skólans, sem og með beinum hætti til fjölmiðla.

Á vormánuðum hóf afmælisnefnd (vegna 100 ára afmælis Háskóla Íslands) undirbúning mánaðar sviðsins, sem var fyrirhugaður í apríl 2011. Hafist var handa við uppsetningu á WordPress-kennaravefjum. Kerfið er til mikilla bóta fyrir kennara og starfsmenn sem halda úti upplýsingasíðum.

Í lok árs var FLL-hönnunarkeppnin haldin hjá Keili á Ásbrú á Suðurnesjum. Lið víðs vegar af landinu tóku þátt í keppninni og var stemning góð hjá keppendum. Að þessu sinni vann lið frá grunnskóla Hornafjarðar.

Kennslumál

Fyrirkomulag náms og kennslu er stöðugt undir smásjóni og reynt er að sjá hvernig má gera betur. Vaxandi áhyggjur hafa verið af undirbúningi nemenda sem setjast á skólabekk á sviðinu. Stúdentspróf eru orðin sundurleit og námskeið, sem bera sama númer og heiti í framhaldsskólum, geta verið býsna ólík. Rætt hefur verið um inntökupróf og á árinu hófst vinna við að skilgreina viðmið um undirstöðu nemenda. Viðmiðin verða sett á vefsíður sviðsins. Væntanlegir nemendur eiga þá að geta mátað þekkingu sína við viðmiðin og séð á hverju þeir þurfa að kunna betri skil í náminu í framhaldsskólanum til að spjara sig í námi á sviðinu. Kennarar og námsráðgjafar í framhaldsskólum munu líka hafa mikið gagn af slíkum viðmiðum.

Nýir kennsluhættir hafa verið skoðaðir. Gerð hefur verið tilraun með lotukennslu. Í stað þess að tvö námskeið séu kennd samhliða er annað kennt af tvöföldu afli í hálfm misseri. Að því búnu ljúka nemendur prófi og hitt námskeiðið tekur við síðari helming misserisins.

Framhaldsnámskeið í umhverfis- og byggingarverkfræði voru stækkuð í 7,5 einingar og framhaldsnámskeið í rafmagns- og tölvuverkfræði voru stækkuð í 10 einingar. Fullt misserisnám verður þar af leiðandi þrjú eða fjögur námskeið í stað fimm námskeiða áður og meiri samfella næst í námi og í prófum.

Fyrstu nemendur í endurnýjanlegum orkufræðum, REYST, voru brautskráðir 29. janúar. REYST-námið var sett á fót í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Orkuveitu Reykjavíkur.

Styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents er veittur 21. desember ár hvert. Styrkinn hlýtur sá stúdent á síðasta ári í grunnnámi í verkfræði sem náð hefur bestum árangri. Eiríkur Þór Ágústsson, stúdent í rafmagns- og tölvuverkfræði, hlaut styrkinn 2010.

Helstu þættir í starfseminni 2010

Fjárveitingar til skólans og sviða hans hafa dregist saman, sparnaður og aðhald var þar af leiðandi eitt helstu viðfangsefna í rekstri deildanna. Aðgerðir, sem gripið

var til í því skyni, voru að fækka valnámskeiðum, sameina eða samkenna námskeið, færa texta sérfræðinga í sama horf og texta stundakennara og fækka vinnustundum við námskeið um 1/15 í samræmi við fækkun kennsluvikna. Frá haustmisseri 2009 urðu kennsluvikurnar 14 en voru 15 áður. Nokkrir fastir kennarar hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir, aðrir hafa fært sig í 49% starfshlutfall og nýir kennarar voru ekki ráðnir í þeirra stað. Sú ráðstöfun gengur ekki til lengdar og grefur undan náminu. Fyrirsjáanlegt er því að nýir kennarar verða ráðnir á næsta ári.

Á fyrsta sviðsþinginu og á sumum deildarfundum heyrðust raddir um að breytingarnar á stjórnkerfi Háskóla Íslands árið 2008 hefðu leitt til meira sambandsleysis milli fólks og að upplýsingar um hvað deildir og svið hefðust að næðu ekki til grasrótarinnar. Brugðist var við þessu með því að bæta aðgang að fundargerðum sviðsins, deilda og nefnda, gefa út fréttabréf o.fl. Þá var samþykkt á stjórnarfundum að deildir ættu að funda a.m.k. tvisvar á misseri. Almennur starfsmannafundur var haldinn 2. nóvember og á fyrsta sviðsþinginu var samþykkt að þingin yrðu ekki fulltrúaþing heldur þing allra starfsmanna. Einnig var stofnað starfsmannafélagið StarfsVon. Hlutverk þess er að efla tengsl og samstöðu starfsmanna sviðsins. Félagið hefur staðið fyrir samkomum í VR-II og Öskju.

Stofnun Sæmundar fróða heyrir undir öll fræðasvið háskólans en ákveðið var að formlega félli stofnunin undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið og skipar forseti sviðsins stjórn stofnunarinnar samkvæmt tilnefningum fræðasviða.

Starfshópur var skipaður á árinu til að semja nýjar reglur fyrir Líf- og umhverfisvísindastofnun, Raunvísindastofnun og Verkfræðistofnun. Var lögð mikil vinna í að samræma reglurnar innbyrðis og fella þær að reglum fyrir Háskóla Íslands.

Erlend úttektarnefnd skoðaði Raunvísindadeild árið 2006 og skilaði þá inn skýrslu. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir samantekt um til hvaða aðgerða hefði verið gripið í framhaldi af skýrslunni. Náttúruvísindadeildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs greindu hvernig skýrslu nefndarinnar hefði verið fylgt eftir og sendu frá sér greinargerð í febrúar. Úttektarnefndin sendi eftirfylgniskýrslu sína að fenginni þessari greiningu. Í desember skiluðu náttúruvísindadeildirnar svo svörum við eftirfylgniskýrslunni í desember.

Rannsóknþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 8. og 9. október. Þemu þingsins voru náttúruvá, mengun, orka, upplýsingatækni, nanótækni og sjálfbær þróun.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar er Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varadeildarforseti Tómas Philip Rúnarsson prófessor. Fyrri hluta árs var ákveðið að skipta deildinni í þrjár námsbrautir: iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði. Kristján Jónasson prófessor er námsbrautarstjóri í tölvunarfræði, Tómas Philip Rúnarsson í iðnaðarverkfræði og Ólafur Pétur Pálsson í vélaverkfræði. Deildarráð skipa þessir þrír, auk tveggja fulltrúa nemenda.

Breytingar á kennaraliði á árinu

Um mitt ár lét Klaus Marius Hansen prófessor af störfum og fluttist aftur til Danmerkur þar sem hann gegnir nú starfi prófessors í tölvunarfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Steinn Guðmundsson lektor var ráðinn tímabundið í hans stað.

Nám og kennsla

Deildin hefur átt því láni að fagna að mikil aðsókn hefur verið að því námi sem þar er í boði og stunda nú um 540 nemendur BS-nám við deildina. Á síðastliðnu ári brautskráðust tæplega áttatíu kandiðatar með BS-gráðu og var það um tuttugu fleiri en árið á undan. Mikil sókn er einnig í meistaranám við deildina og stunda rétt rúmlega tvö hundruð manns meistaranám á sjö mismunandi námsleiðum: iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði, tölvunarfræði, fjármálaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, reikniverkfræði og verkefnastjórnun. Rúmlega fimmtíu brautskráðust með meistaraþráðu í þessum greinum, langflestir með meistaraþráðu í verkefnastjórnun. Þess má einnig geta að

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	1	1
karlar	2	2
Dósentar		
konur	1	1
karlar	4	4
Prófessorar		
konur	1	1
karlar	12	10,69
Samtals	21	19,69
Aðrir starfsmenn		
konur	5	5
karlar	8	7,75
Samtals	13	12,75

átján kándídatar brautskráðust frá deildinni árið 2010 í endurnýjanlegum orkufræðum í samstarfi við Háskólann á Akureyri og þrír í sjálfbærum orkufræðum í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og Háskólann í Reykjavík.

Rannsóknir

Rannsóknir við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild hafa verið í örur vexti, ekki síst með tilkomu nýrra og kröftugra starfsmanna og fjölgun doktorsnema. Þessar rannsóknir eru stundaðar í góðu og öflugum samstarfi bæði við erlenda og innlenda háskóla, sem og fyrirtæki og stofnanir. Innlendir og erlendir rannsóknarsjóðir hafa styrkt rannsóknirnar og eru þær af margvíslegum toga. Af alþjóðlegum verkefnum má nefna Evrópuverkefnið CRISIS og norræna verkefnið ICEWIND, og auk þess má nefna að starfsfólk deildarinnar er leiðandi í uppbyggingu á Kerfislíffræðisetri við háskólann í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild og Læknadeild.

Doktorsvörn

Á árinu fór fram fyrsta doktorsvörn í tölvunarfræði við Háskóla Íslands þegar Steinn Guðmundsson varði ritgerð sína sem bar heitið „Flokkun tímaraða“.

Heimsóknir

Á árinu komu kollegar í heimsókn frá háskólum í Frakklandi, Spáni, Svíþjóð og Póllandi.

Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í tölvunarfræði	1	0	1
MPM-próf í verkefnastjórnun	17	20	37
MS-próf í fjármálaverkfræði	3	1	4
MS-próf í iðnaðarverkfræði	2	3	5
MS-próf í reikniverkfræði	0	1	1
MS-próf í sjálfbærri orku	2	0	2
MS-próf í sjálfbærri orku og verkfræði	0	1	1
MS-próf í tölvunarfræði	1	0	1
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði (véla- og iðnaðarverkfræði)	1	0	1
MS-próf í vélaverkfræði	2	0	2
BS-próf í hugbúnaðarverkfræði	3	0	3
BS-próf í iðnaðarverkfræði	21	15	36
BS-próf í tölvunarfræði	8	3	11
BS-próf í véla- og iðnaðarverkfræði	2	0	2
BS-próf í vélaverkfræði	19	8	27
Samtals	82	52	134

Jarðvísindadeild

Innan deildarinnar starfa allir sérfræðingar og kennarar Háskóla Íslands á sviði jarðvísinda. Þar fer fram kennsla í jarðfræði og jarðeðlisfræði. Rannsóknir deildarinnar fara fram á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, annarri hinna faglega sjálfstæðu stofnana Raunvísindastofnunar Háskólans. Seturétt í Jarðvísindadeild hafa 10 kennarar, auk 18 akademískra sérfræðinga Jarðvísindastofnunar.

Stjórn deildarinnar

Deildarforseti er Magnús Tumi Guðmundsson prófessor og varadeildarforseti Hreggviður Norðdahl fræðimaður. Stjórnun deildarinnar og Jarðvísindastofnunar háskólans er samtvinnuð, þ.a. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar en deildarfundi með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar. Deildarráð skipa nú, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Helgi Björnsson vísindamaður, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Jón Ólafsson prófessor, sem fer með kennslumál, Páll Einarsson prófessor, Elísabet Pálmadóttir, fulltrúi grunnnema, og Snæbjörn Guðmundsson, fulltrúi framhaldsnema. Magnús Tumi dvaldi erlendis í rannsóknamisseri seinni hluta ársins og gegndi varadeildarforseti störfum hans á meðan.

Jarðvísindadeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
konur		
karlar		
Lektorar		
konur	0	0
karlar	0	0
Dósentar		
konur	2	2
karlar	2	2
Prófessorar		
konur	1	1
karlar	6	5,49
Samtals	11	10,49
Aðrir starfsmenn		
konur	4	4
karlar	0	0
Samtals	4	4

Breytingar á kennaraliði

Í ársbyrjun kom til starfa nýr dósent í jarðeðlisfræði, Sigrún Hreinsdóttir. Gylfi Páll Hersir gegndi hálfu starfi aðjunktur í jarðeðlisfræði til 1. júní. Hreggviður Norðdahl gegndi tímabundið starfi dósents í jarðfræði seinni hluta ársins. Sigurður Steinþórsson lét af störfum í lok september þegar hann varð sjötugur. Sigurður hóf störf sem dósent 1974 og varð prófessor 1982. Í hálfan mannsaldur hefur Sigurður því alið upp kynslóðir jarðfræðinga og verið vinsæll og áhrifamikill kennari auk þess að stunda rannsóknir í bergfræði. Eru Sigurði þökkúð vel unnin störf fyrir jarðvísindi við Háskóla Íslands.

Nemendur, nám og kennsla

Á haustmisseri 2010 voru alls 248 nemendur í námi við deildina. Af þeim voru 22 doktorsnemar (10 konur og 12 karlar), 37 meistaranemar (15 konur og 22 karlar), þar af 3 í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræðum og 3 í M.Paed.-námi, og 189 nemendur í grunnnámi, 94 konur og 95 karlar. Tíu kandiðatar útskrifuðust með MS-próf á árinu, 3 í jarðeðlisfræði, 6 í jarðfræði, 2 á sviði endurnýjanlegar orku (frá REYST-orkuskólanum) og 1 í umhverfis- og auðlindafræði.

Doktorsvarnir

Þrjár kandiðatar vörðu doktorsritgerðir sínar á árinu:

- Ívar Örn Benediktsson varð ritgerð sína í jarðfræði þann 19. febrúar. Titill ritgerðarinnar var „End Moraines and Ice-Marginal Processes of Surge-Type Glaciers – Brúarjökull and Eyjabakkajökull, Iceland“. Leiðbeinendur hans voru Ólafur Ingólfsson prófessor og Kurt H. Kjær, dósent við jarðfræðisafn Kaupmannahafnarháskóla. Andmælendur voru Arjen P. Stoeven, prófessor við

háskólann í Stokkhólmi, og Emrys R. Phillips, vísindamaður við bresku jarðfræðistofnunina í Edinborg.

- Sædís Ólafsdóttir varði ritgerð sína í jarðfræði þann 21. apríl. Titill ritgerðarinnar er „Holocene Marine and Lacustrine Paleoclimate and Paleomagnetic Records from Iceland: Land-Sea Correlations“. Leiðbeinendur voru Áslaug Geirsdóttir prófessor og Gifford Miller, prófessor við háskólann í Colorado í Boulder, Ann Jennings, dósent við háskólann í Colorado, og Joseph Stoner, prófessor við fylkisháskólann í Oregon.
- Esther Ruth Guðmundsdóttir varði doktorsritgerð sína í jarðfræði þann 16. júní. Heiti ritgerðarinnar er „Tephra Stratigraphy and Land-Sea Correlations: A Tephrochronological Framework Based on Marine Sediment Cores off North Iceland“. Leiðbeinendur Estherar voru Jón Eiríksson vísindamaður og Guðrún Larsen fræðimaður, bæði við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Andmælingendur voru William E.N. Austin, dósent við háskólann í St. Andrews, og Stefan Wastegård, prófessor við Stokkhólmsháskóla.

Rannsóknir

Um rannsóknir í deildinni er fjallað í Árbókinni í kafla um Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Kennarar, sérfræðingar, nýdoktorar, verkefnisráðgir sérfræðingar, norrænir styrkþegar og framhaldsnemar lögðu áherslu á að birta niðurstöður vísindarannsókna í alþjóðlegum tímaritum. Ein grein, um jarðskorpuhreyfingar tengdar eldgosinu í Eyjafjallajökli, birtist í tímaritinu Nature.

Húsnæðismál

Deildin er til húsa í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Mjög er farið að þrengjast um aðstöðu á tilraunastofum í vatnsefnafræði, enda hefur framhaldsnemum á því sviði fjölgað mjög samfara auknum rannsóknaumsvífum á því sviði. Aðstaða fyrir flesta aðra hluta starfseminnar verður að teljast góð.

Brautskráðir stúdentar frá Jarðvísindadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í jarðfræði	1	1	2
Doktorspróf í raunvísindum	0	1	1
M.Paed.-próf í jarðfræði	1	0	1
MS-próf í jarðeðlisfræði	1	0	1
MS-próf í jarðfræði	3	2	5
MS-próf í sjálfbærri orku	2	1	3
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði	0	2	2
BS-próf í jarðeðlisfræði	2	1	3
BS-próf í jarðfræði	0	8	8
Samtals	10	16	26

Líf- og umhverfisvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti var Sigurður Sveinn Snorrason prófessor. Hann var í rannsóknaleyfi frá 1. júlí til ársloka. Varadeildarforseti til og með 30. júní var Guðrún Gísladóttir prófessor en þá tók Karl Benedíksson við sem varadeildarforseti og sem sitjandi forseti til ársloka. Auk þeirra sátu í deildarráði fyrri hluta ársins: Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent, Guðmundur Hrafn Guðmundsson prófessor, Páll Hersteinsson prófessor, Katrín Anna Lund, dósent og námsbrautarstjóri í land- og ferðamálafræði, og Ólafur Sigmar Andrésson, prófessor og námsbrautarstjóri í líffræði. Hinn 1. júlí tók Katrín Anna Lund við af Önnu Dóru, Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor tók við af Páli, Anna Karlsdóttir tók við af Katrínu Önnu sem námsbrautarstjóri í land- og ferðamálafræði og Ingibjörg Svala Jónsdóttir tók við af Ólafi sem námsbrautarstjóri í líffræði.

Starfsfólk

Í deildinni störfuðu í árslok 27 kennarar á tveim námsbrautum.

Helstu breytingar á starfslíði eru þær að Guðni Á. Alfreðsson prófessor minnkaði starfshlutfall niður í 49% í ársbyrjun og einn lektor í hlutastarfi (20%), Timothy Grabowski, lét af störfum um mitt árið.

Líf- og umhverfisvísindadeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	2	2
karlar	1	0,5
Dósentar		
konur	5	5
karlar	5	3,94
Prófessorar		
konur	5	5
karlar	9	8,49
Samtals	27	24,93
Líffræðistofnun		
konur	16	13,09
karlar	13	10,96
Samtals	29	24,05

Nám og kennsla

Aðsókn í BS-nám hélt góð í öllum námsleiðum deildarinnar. Haustið 2010 voru tæplega 500 nemendur skráðir í BS-nám í deildinni.

Á 10 ára tímabili, frá 2000–2009, útskrifuðust að jafnaði um 80 nemendur með BS-próf frá deildinni á ári.

Brautskráðum nemendum í landfræði og líffræði hefur fækkað nokkuð síðastliðin þrjú ár en nýskráningar 2009 og 2010 gefa til kynna að aðsóknin sé á uppleið og brautskráðum muni fjölga verulega næstu tvö ár.

Framhaldsnemum hefur fjölgað ört á síðustu árum, einkum doktorsnemum, og meistaranám við deildina helst öflugt. Meistaránám í líffræði hófst fyrst í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar en nokkrum árum síðar í landfræði. MS-námið er enn í sókn í land- og ferðamálafræði en aðsókn í líffræði hefur haldist nokkuð stöðug eftir að doktorsnámið eflist. Í líffræði er enn nokkuð um að nemendur með BS-próf taki eins árs viðbótarnám með rannsóknaverkefni (viðbótardiplóma). Þó nokkuð er um erlenda skiptinema í deildinni, einkum í líffræði.

Doktorsnám

Doktorsnám hefur vaxið mikið við deildina á allra síðustu árum og hefur efling doktorsnámsins leitt til mikillar grósku í rannsóknum á flestum sviðum deildarinnar. Að þessu leyti hefur deildin starfað vel í takt við stefnu háskólans 2006–2011. Sex brautskráðust með doktorsgráðu frá deildinni á árinu, fimm í líffræði og einn í landfræði:

- Eyjólfur Reynisson líffræðingur varði doktorsritgerð hinn 15. janúar. Heiti ritgerðarinnar var „Breytingar á örverusamfélögum í skemmdarferli fisk-afurða. Sameindalíffræðileg rannsókn ásamt þróun hraðvirkra greiningarprófa á sérvirkum skemmdarörverum“ (Fresh View in Fish Microbiology. Analysis of Microbial Changes in Fish During Storage, Decontamination and Curing of Fish, Using Molecular Detection and Analysis Methods).
- Skarphéðinn Halldórsson líffræðingur varði doktorsritgerð hinn 19. mars. Heiti ritgerðarinnar var „Frumulíkan af vörnum og starfsemi lungnaþekju“ (Modelling Bronchial Epithelial Defense Mechanisms).
- Edda Sigurðís Oddsdóttir líffræðingur varði doktorsritgerð hinn 18. júní. Heiti ritgerðarinnar var „Útbreiðsla og tegundagreining svepprótar- og skordýrasníkjusveppa í jarðvegi og áhrif þeirra á skordýrabeit á trjáplönturótum“ (Distribution and Identification of Ectomycorrhizal and Insect Pathogenic Fungi in Icelandic Soil and Their Mediation of Root-Herbivore Interactions in Afforestation).
- Deanne Katherine Bird varði ritgerð 3. september til sameiginlegrar doktorsgráðu í landfræði frá Háskóla Íslands og Macquarie University of Sydney í Ástralíu. Heiti ritgerðarinnar var „Social Dimensions of Volcanic Hazards, Risk and Emergency Response Procedures in Southern Iceland“ (Eldfjallavá og viðbragðsáætlanir á Suðurlandi: Samfélagslegar hliðar).
- Snædís Huld Björnsdóttir líffræðingur varði doktorsritgerð hinn 27. september. Heiti ritgerðarinnar var „Erfðabreytingar á bakteríunni *Rhodothermus marinus* (Genetic Engineering of *Rhodothermus marinus*).
- Bjarki Jóhannesson líffræðingur varði doktorsritgerð hinn 26. október. Heiti ritgerðarinnar var „Stofnsértæk Cfr-virkni umbreytir lungnasvipgerð ENaC-Tg



Sjá nánar um doktorsvarnirnar á slóðinni:

www.hi.is/skolinn/doktorsvarnir_vid_haskola_islands_arid_2010.

Rannsóknir

Rannsóknir deildarinnar fara fram í tveimur rannsóknastofum, í líffræðistofu (Líf-fræðistofnun) og land- og ferðamálafræðistofu. Rannsóknaverkefni eru mjög fjölbreytileg og endurspeglar þá fræðilegu breidd sem starfsfólk deildarinnar spannar.

Stefnt er að því að sameina rannsóknir í deildinni í nýrri stofnun, Líf- og umhverfisvísindastofnun, og hefur deildarfundur samþykkt drög að reglum fyrir hana sem lögð voru fyrir stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs á miðju ári 2010. Líf- og umhverfisvísindastofnun verður væntanlega sett á laggirnar árið 2011. Með þessu munu allir starfsmenn deildarinnar, sem tengjast rannsóknum, öðlast sama starfsvettvang.

Rannsóknir á fræðasviðum deildarinnar hafa eflst mjög á síðustu árum. Þetta má að verulegu leyti rekja til styrkingar sjóðakerfis Rannís og háskólans, bættis tækjakostar og stóreflingar doktorsnámsins. Þá hafa fleiri aðilar stofnað rannsóknasjóði sem nú nýtast á þessum vettvangi og má í því sambandi nefna Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar, Umhverfis- og orkurannsóknarsjóð Orkuveitu Reykjavíkur, Rannsóknasjóð Vegagerðarinnar og sjóði tengda sjávarútveginum. Þá má nefna að fjöldi rannsóknaverkefna byggist á öflugum samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og háskóla, svo og við aðrar deildir og stofnanir innan háskólans. Með slíku samstarfi hefur deildin getað boðið upp á mun fjölbreyttari tækifæri til framhaldsnáms en ella, jafnframt því að efla alþjóðleg tengsl og skjóta fleiri stoðum undir rannsóknastarfið hér heima. Í kjölfar bankahrunsins 2008 hefur styrktarkerfi akademískra rannsókna veikt verulega. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Áhersla er lögð á að kennarar, sérfræðingar og framhaldsnemar kynni niðurstöður rannsókna sinna með erindum á vísindaráðstefnum og með birtingu greina í viðurkenndum fræðitímaritum og bókum (sjá ritaskrá Háskóla Íslands). Áhersla hefur verið lögð á birtingar í ISI-tímaritum. Þá hafa margir kennarar deildarinnar unnið mikið starf við kynningu rannsókna á almennum vettvangi.

Nánar má lesa um rannsóknir í deildinni í kafla um Líffræðistofnun og land- og ferðamálafræðistofu.

Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í landfræði	0	1	1
Doktorspróf í líffræði	3	2	5
MS-próf í ferðamálafræði	1	0	1
MS-próf í líffræði	5	7	12
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði	2	3	5
Viðbótardiplóma í líffræði	0	1	1
BS-próf í ferðamálafræði	7	15	22
BS-próf í landfræði	8	4	12
BS-próf í líffræði	5	26	31
Samtals	31	59	90

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Stjórn

Forseti deildarinnar til loka apríl var Karl S. Guðmundsson og varaforseti var Jóhannes R. Sveinsson. Frá byrjun maí var Jóhannes R. Sveinsson deildarforseti og Helgi Þorbergsson varadeildarforseti.

Starfsmannamál

Ráðið var tímabundið til eins árs í tvö lektorstörf við deildina. Hrefna Marin Gunnarsdóttir var ráðin í fjarskiptaverkfræði og Ragnar Ólafsson í rafeindatækni.

Karl Sölvi Guðmundsson dósent lét af störfum við deildina í lok ágúst. Jón Tómas Guðmundsson prófessor fór í þriggja ára launalaust leyfi frá og með 1. september. Jón Atli Benediktsson var kosinn forseti IEEE Geoscience and Remote Sensing Society á árinu.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	1	1
karlar	4	2,69
Dósentar		
konur	0	
karlar	1	1
Prófessorar		
konur	1	1
karlar	4	3,4
Samtals	11	9,09
Upplýsinga- og merkjafrst., Kerfisfræðist.		
konur	0	0
karlar	5	4,2
Samtals	5	4,2

Nám og kennsla

Aðsókn að grunnnámi í deildinni hefur aukist mikið á síðustu þremur árum. Árið 2010 sóttu 84 um nám við deildina, 40 fleiri en árið á undan. Nemendur deildarinnar hafa margir hverjir staðið sig afar vel í námi. Til dæmis hlaut Eiríkur Þór Ágústsson verðlaun ársins úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar fyrir frábæran námsárangur. Hann var líka valinn á grundvelli námsárangurs, ásamt tveimur öðrum nemendum Háskóla Íslands, til að taka þátt í SURF (Summer Undergraduate Research Fellowship), verkefni Caltech-háskólans sumarið 2010.

Erlendir nemendur við deildina eru 15–20% af stúdentahópnum, bæði reglulegir nemendur og skiptistúdentar. Hlutfall erlendra nemenda í framhaldsnámi er enn hærra.

Á árinu voru undirbúnar breytingar á námskeiðum í grunnnámi þannig að verkleg kennsla við deildina var gerð sýnilegri. Sett voru á legg verkleg fög á 3. og 4. misseri í grunnnáminu. Af þessu hlýst talsvert hagræði, bæði fyrir stúdenta og deild.

Deildin útskrifaði tvo doktora á árinu, Sigurjón Árna Guðmundsson og Yuliyu Tarabalka. Verkefni Sigurjóns var unnið í samvinnu við DTU í Danmörku og Yuliyu hlaut sameiginlega doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Grenoble (INPG) í Frakklandi.

Rannsóknir

Rannsóknir í rafmagns- og tölvuverkfræði hafa verið öflugar á árinu og unnar í miklu samstarfi við erlenda háskóla, sem og fyrirtæki og stofnanir. Kennarar og nemendur deildarinnar birtu fjölmargar ISI-greinar og ritrýndar ráðstefnugreinar með samstarfsmönnum sínum m.a. frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Ítalíu, Ástralíu, Japan og Danmörku.

Opinberir fyrirlestrar og ráðstefnur

Flestir starfsmenn Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar eru í IEEE-samtökunum og voru margir opinberir fyrirlestrar haldnir við Háskóla Íslands í samvinnu þessara aðila. Þar má nefna:

- Rauntímaháhraðamyndataka með aðstoð tölvusjónar við rannsóknir á ávaxtaflugum.
- Greining á heilaafritunargögnum (e. EEG) í miklu magni.
- Bayesian Methods for Hyperspectral Image Unmixing.
- Change Detection in Retinal Images Using Different Multiple Classifier Approach.
- Fjarkönnun á Mars.

Deildin stóð að fjölsótttri alþjóðlegri ráðstefnu, „Whispers, 2nd Workshop on Hyperspectral Image and Signal Processing: Evolution in Remote Sensing“, sem

haldin var á Háskólatorgi 14.–16. júní. Eining hafa starfsmenn deildarinnar verið í undirbúningsnefndum margra virtra ritrýndra alþjóðlegra ráðstefna ásamt því að vera í ritstjórnnum virtra alþjóðlegra ritrýndra tímarita.

Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í rafmagnsverkfræði	0	1	1
Doktorspróf í rafmagns- og tölvuverkfræði	1	0	1
MS-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði	1	0	1
BS-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði	14	2	16
Samtals	16	3	19

Raunvísindadeild

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu og rannsókna í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir.

Nám og kennsla

Deildin býður nemendum sínum í grunnnámi upp á BS-próf í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði. Auk kennslu eigin nemenda hefur deildin með höndum víðtæka þjónustukennslu á fagsviðum sínum fyrir stóra hópa nemenda, meðal annars í verkfræði, tölvunarfræði, jarðfræði, líffræði, matvæla- og næringarfræði, læknisfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði.

Framhaldsnemum deildarinnar stendur til boða bæði MS-próf og doktorspróf í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði. Auk þess er boðið upp á M.Paed.-próf í öllum námsbrautum deildarinnar sem einkum miðar að menntun kennara fyrir framhaldsskólástigið í landinu.

Rannsóknir

Við Raunvísindadeild eru stundaðar umfangsmiklar og fjölbreyttar rannsóknir í stærðfræði og raunvísindum og er Raunvísindastofnun Háskólans vettvangur þeirra. Raunvísindastofnun er skipt í tvær undirstofnanir: Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun og Jarðvísindastofnun. Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun er því vettvangur rannsókna kennara og annarra vísindamanna Raunvísindadeildar og um leið framhaldsnema og nýdoktora við deildina. Starfsemi Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar er síðan skipt í þrjár stofur.

Á stærðfræðistofnu eru stundaðar rannsóknir í fræðilegri stærðfræði, hagnýttri stærðfræði, tölfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Þar er m.a. starfrækt þverfaglegt setur í hagnýttri stærðfræði og tölfræði með aðkomu kennara og sérfræðinga stærðfræðistofnu og verkfræðideilda, þ.m.t. tölvunarfræði. Á eðlisfræðistofnu eru stundaðar rannsóknir bæði í kennilegri eðlisfræði og tilraunaeðlisfræði og stjarn-eðlisfræði. Þar er m.a. starfrækt mjög öflugt setur í örtækni. Eðlisfræðistofna er einnig vettvangur vísindasögu og þar er Vísindavefur Háskóla Íslands staðsettur. Á efnafræðistofnu eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir í kennilegri efnafræði, eðlis-efnafræði, líffrænni og ólíffrænni efnafræði, efnagreiningum og lífefnafræði. Þar er starfrækt efnagreiningarsetur vel búið nýstárlegum og nútímalegum tækjabúnaði til hvers kyns efnagreininga. Reiknisetun, búið öflugum tölvubúnaði, er starfrækt þvert á stofur með virkri þátttöku kennara og sérfræðinga á efnafræðistofnu og eðlisfræðistofnu en einnig stærðfræðistofnu og deildum verkfræða.

Rannsóknirnar á Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun bera sterkan keim af viðamikilli og árangursríkri alþjóðlegri samvinnu, sem og tengslum við atvinnulíf, bæði íslenskt og alþjóðlegt, og við fyrirtæki er starfa á vettvangi hátækni. Birtingartíðni í ritrýndum alþjóðlega viðurkenndum fagtímaritum er mjög mikil meðal kennara og sérfræðinga deildarinnar með virkri þátttöku framhaldsnema. Vísindamenn við Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun eru mjög duglegir að afla sértekna og styrkja til rannsókna sinna, bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum og frá fyrirtækjum innan lands og utan. Allmargir öndvegisstyrkir hafa komið í hlut stofnunarinnar í tengslum við allar stofur hennar á undanförunum misserum. Deildin hefur brautskráð fjölda meistara- og doktorsnema og við hana starfa mjög margir slíkir um þessar mundir.



Starfsfólk

Á árinu 2010 hlaut einn kennari við deildina framgang í starf prófessors. Páll Jakobsson, í stjarnæðlisfræði. Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor í eðlisfræði lét af störfum fyrir aldurs sakir á árinu.

Raunvísindadeild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
konur	0	0
karlar	0	0
Lektorar		
konur	1	1
karlar	0	0
Dósentar		
konur	0	0
karlar	7	5,99
Prófessorar		
konur	0	
karlar	29	26,89
Samtals	37	33,88
Tæknifólk (telst með stjórnslu)		
konur	1	1
karlar	2	2
Samtals	3	3

Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í eðlisfræði	5	1	6
Doktorspróf í efnafræði	1	0	1
Doktorspróf í stærðfræði	1	0	1
M.Paed.-próf í stærðfræði	0	1	1
MS-próf í eðlisfræði	1	0	1
MS-próf í efnafræði	2	3	5
MS-próf í lífefnafræði	1	2	3
MS-próf í stærðfræði	2	0	2
BS-próf í eðlisfræði	6	1	7
BS-próf í lífefnafræði	2	10	12
BS-próf í stærðfræði	10	4	14
Samtals	31	22	53

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Mikil aðsókn hefur verið í nám í Umhverfis- og byggingarverkfræði síðustu ár. Ríflega 300 nemendur stunda nám á BS-, meistara- og doktorsstigi við deildina. Undanfarin ár hafa hátt í 30 útskrifast með BS-próf á ári. Framhaldsnám við deildina er öflugt og nú stunda um 60 nemendur meistaranám og 12 doktorsnám. Auk þess eru um 10–15 erlendra skiptinema á hverjum tíma við deildina. Meistara- og doktorsrannsóknir eru fjölbreyttar, m.a. á sviði skipulags, orku, straumfræði, vatnafræði, umferðaröryggis og jarðskjálftaverkfræði. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir í frekara framhaldsnám hjá virtum erlendum skólum og til starfa hjá atvinnurekendum.

Nám og kennsla

Nokkrar breytingar á námi í Umhverfis- og byggingarverkfræði tóku gildi haustmisserið 2010. Sett var á fót námskeiðið Starf og ábyrgð verkfræðinga, sem kennt er á fyrsta misseri í BS-námi. Námskeiðið er 6 einingar og tekur við af tveimur minni námskeiðum, Verkfræðingurinn og umhverfið og Starfssvið verkfræðinga, sem kennd hafa verið á haustmisseri og vormisseri fyrsta árs. Innihald nýja nám-

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild – fjöldi starfsmanna í árslok 2010

Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	0	0
karlar	0	0
Dósentar		
konur	1	1
karlar	4	2,24
Prófessorar		
konur	0	0
karlar	6	6
Samtals	11	9,24
Rannsóknamiðstöð og Vatnaverkfræðist.		
konur	4	3,8
karlar	6	5,5
Samtals	10	9,3

skeiðsins er kynning á umhverfismálum, verksviði verkfræðinga, siðfræði fag-sviðsins, sögu verkfræðinnar, heimildameðferð, vinnu í þverfaglegum hópum, nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Námskeiðið Eðlisfræði 2 var gert að valnámskeiði á þriðja ári og námskeiðið Umhverfisverkfræði var fært á 3. misseri frá 6. misseri til að tryggja samfellu í kennslu í umhverfisverkfræði. Í framhaldsnámi var gerð sú breyting að öll framhaldsnámskeið voru stækkuð úr 6 einingum í 7,5 einingar og samhliða því var lögð meiri áhersla en áður á verkefnavinnu í námskeiðunum.

Rannsóknir

Rannsóknir við deildina eru kraftmiklar og í góðu samstarfi við innlenda og erlenda háskóla, fyrirtæki og stofnanir, m.a. frá Norðurlöndunum, Evrópuríkjum, Bandaríkjunum og Asíu. Deildin leiðir verkefnið GEORG, GEOthermal Research Group (www.georg.hi.is), sem styrkt er af Vísinda- og tækniráði Rannís og er samstarfsverkefni þátttakenda af ýmsu þjóðerni. Niðurstöður rannsókna eru birtar á alþjóðlegum ráðstefnum og í vísindagreinum. Sjá má lista yfir birtingar og lokaritgerðir á heimasíðu deildarinnar.

Brautskráðir stúdentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2010

	Karlar	Konur	Samtals
Doktorspróf í verkfræði	1	0	1
MS-próf í byggingarverkfræði	2	1	3
MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði	1	1	2
MS-próf í umhverfisverkfræði	1	1	2
BS-próf í umhverfis- og byggingarverkfræði	19	11	30
Samtals	24	14	38

Raunvísindastofnun Háskólans

Raunvísindastofnun Háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun innan Verk- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfar nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir.

Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum og skýrslum, sem og á ráðstefnum.

Um síðustu áramót störfuðu 29 akademískir sérfræðingar ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslíð vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknaveitvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands en þeir voru 48 um síðustu áramót. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnunni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2010 nam velta stofnunarinnar 1.239,4 m.kr., sem er aukning um 121 m.kr. frá fyrra ári. Af veltu ársins komu 411,3 m.kr. af fjárveitingum, þar af 3var 2,4 m.kr. aukafjárveiting vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi. Frá norrænu ráðherranefndinni komu 103,6 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 745,9 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun Háskólans skiptist í Jarðvísindastofnun og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun, sem lýst er hér að neðan.

Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun

Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun skiptist í þrjár rannsóknastofur, stærðfræðistofu, eðlisfræðistofu og efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir. Þannig er reiknifræðideild hýst á stærðfræðistofu, háloftadeild á eðlisfræðistofu og lífefnafræðideild á efnafræðistofu. Forstöðumenn stofanna þriggja mynda stjórn stofnunarinnar ásamt forseta Raunvísindadeildar, sem er formaður (nú Guðmundur G. Haraldsson prófessor). Í árslok 2010 störfuðu við stofnunina 36 kennarar Raunvísindadeildar, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaaðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 11 akademískir sérfræðingar, en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar eru 8, nýdoktorar eru 8 og tæknimenn eru 3. Nemendur í framhaldsnámi eru samtals 80 og þar af eru 43 doktorsnemar. Sértekjur bókfærðar á Eðlis-, efna-, og stærðfræðistofnun námu 414,7 m.kr. árið 2010 en fjárveiting úr ríkissjóði var 135,9 m.kr.

Stærðfræðistofa

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfærðum. Þar af heyrar reiknifræði og tölfærðum undir reiknifræðideild innan stofunnar.

Stærðfræði og stærðfræðileg eðlisfræði

Við stærðfræði- og eðlisfræðihluta Stærðfræðistofu störfuðu á árinu 2010 níu fastir kennarar í raunvísindadeild og þrír sérfræðingar. Reyndar gegndi einn prófessoranna við stofuna, Lárus Thorlacius, einungis hlutastarfi þar eð hann er forstöðumaður NORDITA í Stokkhólmi. Jafnframt voru á stofunni fimm stúdentar í rannsóknatengdu námi á þessum fræðasviðum, þar af tveir í doktorsnámi.

Viðfangsefni stofunnar spanna margar sérgreinar stærðfræði og stærðfræðilegrar eðlisfræði. Þau helstu eru á sviði algebru og algebrulegrar rúmfræði, tvinnfallagreiningar og fagaðrar rúmfræði, skammtasviðsfræði, strengjafræði, óvixlinnar rúmfræði, diffurrúmfræði, Fourier-greiningar, fellagreiningar, ólínulegra hlutafleiðujafna, kvíslunarfræði, grúpufræði og fléttufræði.

Starfsmenn stofunnar birta niðurstöður rannsókna sinna einkum í alþjóðlegum fag tímaritum en einnig í innlendum tímaritum og skýrslum sem gefnar eru út af Raunvísindastofnun og öðrum háskólastofnunum.

Starfsmenn stofunnar eiga öflugt samstarf á fræðasviðum stofunnar við vísindamenn víða um heim og algengt er að samstarfsmenn erlendis frá dvelji við stofuna til að vinna að sameiginlegum rannsóknaverkefnum.

Þrír doktorar voru brautskráðir á árinu í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði: Olivier Moschetta í stærðfræði undir handleiðslu Roberts Magnus prófessors, Sigurður Örn Stefánsson í stærðfræðilegri eðlisfræði undir handleiðslu Þórðar Jónssonar prófessors og Erling Jóhann Brynjólfsson í stærðfræðilegri eðlisfræði undir handleiðslu Lárusar Thorlacius prófessors.

Forstöðumaður stærðfræðistofu var Jón Ingólfur Magnússon prófessor. Frekari upplýsingar um starfsfólk stofunnar og rannsóknaverkefni má finna á vefsíðunni www.raunvis.hi.is/Staerdf/Staerdf.html.

Málstofa í stærðfræði hefur verið starfrækt á vegum stofunnar frá árinu 1975. Í málstofunni kynna starfsmenn stofunnar, vísindamenn á skyldum fræðasviðum og erlendir gestir eða samstarfsmenn rannsóknir sínar eða aðrar nýjungar í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Stefán Ingi Valdimarsson hefur umsjón með málstofunni og birtir tilkynningar varðandi hana í dagbók háskólans.

Reiknifræði

Á reiknifræðideild stærðfræðistofu störfuðu á árinu 2010 fjórir fastir kennarar við Raunvísindadeild og tveir sérfræðingar. Jafnframt voru á reiknifræðideild níu nemendur í rannsóknatengdu námi, þar af sjö í doktorsnámi.

Á deildinni eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfraði og líkindafræði undir samheitinu „hagnýtt stærðfræði og tölfraði“. Undir reiknifræðideildina heyrir Tölfraðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfraði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfraði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfraði og þeir sem langt eru komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumanns. Á vegum Tölfraðimiðstöðvar Háskóla Íslands er einnig rekin málstofa í tölfraði.

Helstu viðfangsefni deildarinnar eru á sviði tölfraði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

Starfsmennirnir eiga margvíslegt samstarf á fræðasviðum deildarinnar við stofnanir, fólk og fyrirtæki, bæði innan lands og utan. Mætti þar nefna Menntavísindasvið, Hafrannsóknastofnun, Stanford Systems Optimization Laboratory og Systems Biology Research Group við Kaliforníuháskóla.

Starfsmenn stofunnar birta niðurstöður rannsókna sinna í skýrslum ýmissa stofnana og fyrirtækja sem þeir eiga í samvinnu við, sem og í innlendum og alþjóðlegum fag tímaritum.

Frekari upplýsingar um starfsfólk deildarinnar og rannsóknaverkefni má finna á vefsíðunni www.raunvis.hi.is/Reiknifr/.

Sértekjur bókfærðar á stærðfræðistofu (ásamt reiknifræðideild) námu 20 m.kr. árið 2010 en fjárveiting úr ríkissjóði var 40,6 m.kr.

Eðlisfræðistofa

Í árslok 2010 var eðlisfræðistofa rannsóknaveitvangur átta kennara við Raunvísindadeild Háskólans og fjögurra sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Á eðlisfræðistofu starfa einnig þrjú tæknimenn Raunvísindastofnunar, þar af einn við háloftadeild. Átta verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnisjóðum. Þá höfðu tveir fyrrverandi vísindamenn og tveir prófessorar emeriti starfsaðstöðu við stofuna. Stúdentar í rannsóknanámi árið 2010 voru 16 talsins, þar af 13 í doktorsnámi. Forstöðumaður eðlisfræðistofu var Haflíði Pétur Gíslason prófessor. Nöfn stofufélaga og upplýsingar um rannsóknaverkefni þeirra og ritsmíðar er að finna á vef eðlisfræðistofu á slóðinni: www.raunvis.hi.is/Edlisfr/Edlisfr.html.

Á eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttefnis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrjú hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars Mössbauer mælingar, mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

Háloftadeild Raunvísindastofnunar heyrir undir eðlisfræðistofu. Deildin rekur segulmælingastöð við Mosfellsbæ auk þriggja norðurljósastöðva í samvinnu við

Pólrannsóknastofnun Japans og tvær ratsjárstöðvar í samvinnu við breska og franska vísindamenn. Þá er Almanak Háskóla Íslands reiknað og búið til prentunar við deildina.

Mannabreytingar á árinu

Guðlaugur Jóhannesson hóf störf á háloftadeild í samvinnu Raunvísindastofnunar og Stanford-háskóla og Paul Vreeswijk hóf störf sem nýdoktor í öndvegisverkefni Páls Jakobsssonar Tengslum gammablossa við þróun vetrarbrauta og stjörnu-myndun í alheimi. Hamid Keshmiri hóf doktorsnám í verkefninu Nýting örljós-tækni málmyfirborða fyrir lífnema undir leiðsögn Kristjáns Leóssonar og þeir Ivan Savenko (verkefnið Fjöleindafyrirbrigði í hálfleiðaraljósholum) og Olexandr Kyriienko (verkefnið Virk víxlverkun í blönduðum örveindarafeindakerfum) undir leiðsögn Ivans Shelykh.

Porsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu, lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 2010 en hélt tímabundið aðstöðu sinni við stofuna. Jón Tómas Guðmundsson, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, hóf á árinu störf í Shanghai í þriggja ára launalaus leyfi frá Háskóla Íslands.

Í janúar varði Anna-Karin Eriksson doktorsritgerð sína Hydrogen Uptake in Low-Dimensional Structures. Leiðbeinendur í verkefninu voru Sveinn Ólafsson vísindamaður og Björgvin Hjörvarsson, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Anna-Karin starfar nú hjá sprotafyrirtæki við háskólann í Linköping.

Í ágúst varði Árni Sigurður Ingason doktorsritgerð sína Efni á örsmæðarskala, ræktun, greining og eiginleikar (e. Nanostructured Thin Films, Growth, Characterization and Properties). Leiðbeinendur Árna Sigurðar í doktorsnámi hans voru Sveinn Ólafsson og Björgvin Hjörvarsson. Árni Sigurður starfar nú sem nýdoktor við háskólann í Linköping.

Í desember varði Björn Agnarsson doktorsritgerð sína Ljósleiðandi örflögur fyrir yfirborðsbundna ljósörvun (e. Symmetric Evanescent-Wave Platform for Optical Excitation and Sensing in Aqueous Solutions). Aðalleiðbeinandi Björns var Kristján Leósson vísindamaður. Björn hélt áfram störfum sínum í rannsóknahópi Kristjáns sem nýdoktor.

Í desember varði Cosmin Mihai Gainar doktorsritgerð sína Merkjaflutningur um opna skammtavíra (e. Signal Propagation in Open Quantum Wires). Leiðbeinandi Cosmins var Viðar Guðmundsson. Cosmin starfar nú í Rúmeníu.

Nína Björk Arnfinnsdóttir lauk meistaraþrófi í verkefni Kristjáns Leóssonar og Nzar Rauf Abdullah í verkefni Viðars Guðmundssonar. Jennifer Halldorsson, nýdoktor í rannsóknahópi Kristjáns Leóssonar, hætti störfum á árinu.

Rannsóknastyrkir

Sértekjur bókfærðar á eðlisfræðistofu námu um 192 m.kr. árið 2010 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 52 m.kr.

Ivan Shelykh hlaut öndvegisstyrk til verkefnisins Afburðasetur í ljósskauteindatækni ásamt Kristjáni Leóssyni, Snorra Þorgeiri Ingvarssyni, Sveini Ólafssyni og Friðriki Magnus, auk erlendra samstarfsmanna. Styrkurinn er 20.470 þús.kr. á ári í þrjú ár. Viðar Guðmundsson hlaut ásamt verkefnisstjóranum Andrei Manolescu við Háskólann í Reykjavík 6.380 þús.kr. styrk árlega í þrjú ár til verkefnisins Coulomb-víxlverkun og straumfræði í skammtafræðilegum kerfum. Sveinn Ólafsson hlaut ásamt verkefnisstjóranum Oddi Ingólfssyni á efnafræðistofu árlegan styrk í þrjú ár að upphæð 7.010 þús.kr. til verkefnisins Sólorudrifin efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum.

Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 10 verkefni stofumanna árið 2009.

Evrópustyrkur í örtækni

Vísindamönnum við eðlisfræðistofu var veittur IRSES-styrkur (e. International Research Staff Exchange Scheme) úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins til rannsókna í skammtaljósfraði og ljóstækni, í samstarfi við rannsóknahópa í Frakklandi, Bretlandi, Rússlandi og Mexíkó. Ivan Shelykh, prófessor í eðlisfræði, er verkefnisstjóri fyrir Íslands hönd. Hlutverk IRSES-styrkja er að styrkja rannsóknasamstarf milli landa innan og utan Evrópu með heimsóknum, fundum og þjálfun vísindamanna. Heildarupphæð styrksins er 370 þús. evrur fyrir fjögurra ára tímabil og fær íslenski hópurinn 72 þús. evrur í sinn hlut. Styrkurinn er mikilvæg viðurkenning fyrir örtækni-rannsóknir við Háskóla Íslands.

Nýjar brautir í örljóstækni

Vísindamenn á eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar hafa sýnt fram á ljósmögnun í nýstárlegri tegund bylgjuleiðara þar sem ljósið er bundið í svokölluðum rafgas-skautunareindum. Rafgasskautunareindir eru samþætt ástand ljóss og rafeinda á málmyfirborði og hafa því bæði eiginleika ljóseinda og efniseinda. Niðurstöður rannsóknahópsins, sem Kristján Leósson stýrði, birtust í tímaritinu Nature Photonics í maímánuði. Rannsóknirnar voru unnar í samstarfi við háskólann í Köln, sem útvegaði flúrljómandi fjöllíður, og Fraunhofer-rannsóknastofnunina í Jena í Þýskalandi, þar sem gerðir voru líkanareikningar til að styðja við tilraunirnar.

Rannsóknir á rafgasskautunareindum hafa aukist hröðum skrefum á síðustu árum. Þessi aukni áhugi er bæði af fræðilegum toga og ekki síður vegna ýmissa möguleika til hagnýtingar. Ljós ferðast auðveldlega í gegnsæjum efnum en takmörk eru fyrir því hversu mikið er hægt að þjappa saman eða fókusera ljósið. Ljósrásir sem leiða ljós á svipaðan hátt og rafrásir leiða rafstraum eru vel þekkt fyrirbæri en af ofangreindri ástæðu er ekki hægt að smækka þær jafnmikið og t.d. örrásir sem notaðar eru í tölvum.

Raunvísindastofnun Háskólans, Stanford-háskóli og NASA starfa saman um þróun líkans af Vetrarbrautinni

Í ágúst mánuði var skrifað undir samkomulag milli Raunvísindastofnunar og Stanford-háskóla um þróun á líkani af Vetrarbrautinni sem notað verður við úrvinnslu gagna úr Fermi-gervitunglinu. Verkefnisstjóri á Íslandi er Guðlaugur Jóhannesson sem hefur unnið að hliðstæðum rannsóknum við Stanford-háskóla undanfarin þrjú ár og verið virkur þátttakandi í Fermi-samstarfinu. Það er mikill fengur fyrir Raunvísindastofnun og Háskóla Íslands að þessu samkomulagi sem efla mun enn frekar rannsóknir í stjarnvísindum á Íslandi.

Um borð í Fermi-gervitunglinu er stór sjónauki, svonefndur Large Area Telescope (LAT), sem næmur er fyrir háorkugammageislun en sjónaukinn er helsta mælitæki gervitunglsins. Að Fermi-rannsóknaverkefninu vinnur alþjóðlegur hópur um 400 vísindamanna frá rúmlega 10 löndum. Verkefnið er að mestu leyti fjármagnað af Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) og orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna (DOE) en einnig taka virtar stofnanir í Frakklandi, Ítalíu, Japan og Svíþjóð stóran þátt í því. Nú þegar hafa niðurstöður mælinganna verið birtar í yfir 100 ritrýndum greinum í virtum tímaritum, meðal annars í Science og Nature.

Efnafræðistofa

Í árslok 2010 var efnafræðistofa rannsóknaveitvangur 15 kennara við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, eins kennara í matvælafræði og þriggja sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Tíu verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru ýmist greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum, fjárveitingu stofnunarinnar eða af fyrirtækjum. Stúdentar í rannsóknanámi árið 2010 voru 36 talsins, þar af 19 í doktorsnámi. Forstöðumaður efnafræðistofu var Hannes Jónsson prófessor. Nöfn stofufélaga og upplýsingar um rannsóknaverkefni þeirra og ritsmíðar er að finna á vef efnafræðistofu og lífefnafræðideildar stofunnar á slóðinni www.raunvis.hi.is.

Á efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands, sjá <http://efnagreining.raunvis.hi.is/>, en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR og massagreiningar. Við lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Starfsemi stofunnar tengist ýmsum sprotafyrirtækjum, svo sem Carbon Recycling International (Oddur Ingólfsson) og Ensímtækni (Jón Bragi Bjarnason).

Reglulegar málstofur í efnafræði voru haldnar og komu m.a. nokkrir erlendir vísindamenn í heimsókn til að halda þar erindi og kynna sér starfsemi stofunnar. Málstofurnar eru nú skipulagðar sem námskeið við Háskóla Íslands.

Mannabreytingar á árinu

Egill Skúlason var ráðinn tímabundið sem sérfræðingur með hæfnisdóm á grundvelli rannsóknastöðustyrks sem hann fékk hjá Rannís.

Andreas Petersen var ráðinn akademískur sérfræðingur við Reiknisetur í

raunvísindum en Hannes Jónsson hlaut öndvegisstyrk til verkefnisins árið 2009.

Carlos Davíð Magnússon lauk doktorsprófi undir leiðsögn Guðmundar G. Haraldssonar í desember.

Rannsóknastyrkir

Sértekjur bókfærðar á efnafræðistofu (ásamt lífefnafræðideild) námu 197,8 m.kr. árið 2010 en fjárveiting úr ríkissjóði var 42,7 m.kr.

Hannes Jónsson fékk öndvegisstyrk 2009 úr Rannsóknasjóði vegna verkefnisins Reiknisetur fyrir hönnun efna og íhluta. Meðumsækjendur voru Viðar Guðmundsson á eðlisfræðistofu og þeir Andrei Manolescu og Sigurður Erlingsson í verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Á grundvelli þessa styrks var stofnað Reiknisetur í raunvísindum (sjá rir.is) og það hefur orðið að miðstöð reiknifræðilegra rannsókna á sviði efnafræði og eðlisfræði á Íslandi. Setrið sér um rekstur tveggja reikniklasa Raunvísindastofnunar og heldur reglulega málstofu um reiknifræði (e. computational science). Hátt á annan tug framhaldsnema og nýdoktora starfaði við setrið árið 2010. Verkefni við setrið fela meðal annars í sér þróun reikniritra fyrir þunga reikninga, þá sérstaklega dreifðra og samhliða reikninga á klösum. Einnig eru nýjar nálganir á grundvallarjöfnum eðlisfræðinnar þróaðar til að lýsa eiginleikum rafeindakerfa og fastra efna. Takmarkið er að geta spáð fyrir um eiginleika efna með tölvureikningum og notað slíka reikninga til að þróa ný efni og kerfi t.d. fyrir efnahvötun, sólhlöður, rafhleðslu og spunarásir og efnarafala.

Aðra nýja styrki úr Rannsóknasjóði 2010 hlutu: Guðmundur G. Haraldsson fyrir Methoxylated Ether Lipids, Oddur Ingólfsson fyrir Sólarorkudrifin efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum, Ingvar H. Árnason fyrir Sexhringir frumefna í flokki 14, Egill Skúlason fyrir Rafefnafræðileg binding CO₂ og Andreas Petersen fyrir Distributed Computing and Long Time Scale Evolution in Materials.

Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig fjölmörg verkefni stofumanna árið 2010.

Jarðvísindastofnun

Árið 2010 var viðburðaríkt hjá Jarðvísindastofnun. Umsvif vegna umbrotanna í Eyjafjallajökli voru mikil og hafði starfsfólk Jarðvísindastofnunar í nógu að snúast. Gos hófst í Fimmvörðuhálsi 20. mars og stóð nánast óslitið til 23. maí. Allt frá því að gosið hófst hefur starfsfólk stofnunarinnar unnið að rannsóknum á því auk þess að sinna upplýsinga- og almannavarnaskyldum á góðmáttum. Birtar hafa verið fræðigreinar um umbrotin og rataði ein þeirra í tímaritið Nature með forsíðumynd. Af öðrum birtingarmálum má nefna að Helgi Björnsson vísindamaður hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiritra árið 2010 fyrir rit sitt Jöklar á Íslandi en ritið kom út í nóvember 2009.

Stjórnsýsla og starfsfólk

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar. Jarðvísindastofnun er til húsa í Öskju, Náttúrufraeðahúsi háskólans í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Jarðvísindastofnun er alþjóðleg stofnun í jarðvísindum, sem fæst við einstaka jarðfræði Íslands og þá þekkingu í jarðvísindum sem orðið hefur til á Íslandi. Norræna eldfjallasetrið starfar innan Jarðvísindastofnunar að rannsóknum í eldfjallafræði og að eflingu rannsóknasamvinnu við önnur Norðurlönd auk annarra alþjóðlegra tengsla. Jarðvísindastofnun og Jarðvísindadeild hafa sameiginlega stjórn. Stjórnina skipa þeir sem sitja í deildarráði Jarðvísindadeildar að frátöldum fulltrúum nemenda. Í stjórn Jarðvísindastofnunar eru nú: Magnús Tumi Guðmundsson prófessor, formaður og deildarforseti, Hreggviður Norðdahl, fræðimaður og varadeildarforseti, Jón Ólafsson, prófessor og námsbrautarstjóri, Páll Einarsson, prófessor og formaður fagsviðs um jarðskorpuperli, Helgi Björnsson, vísindamaður og formaður fagsviðs um umhverfi og veðurfar, og Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður og formaður fagsviðs um eldfjallafræði. Við Eldfjallasetrið starfar norræn ráðgjafanefnd um málefni setursins og stofnunarinnar, auk þess sem hún velur norræna styrkþega við setrið. Í nefndinni sitja: Yngve Kristoffersen, prófessor við háskólann í Bergen, Christian Tegner, lektor við háskólann í Árósum, Ragnar Törnroos, prófessor við háskólann í Helsingfors, Sten-Åke Elming, prófessor við háskólann í Luleå, og Ingibjörg Kaldal, deildarstjóri við Íslenskar orkurannsóknir. Formaður fjárhagsnefndar Jarðvísindastofnunar er Helga Tuliníus, jarðeðlisfræðingur hjá Mannviti, en nefndin tekur þátt í að ákveða skiptingu fjárveitinga innan stofnunarinnar. Í nefndinni sitja auk



UNIVERSITATIS ISLAN

Jarðvísindad

OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

áðurnefnds formanns, formaður stjórnar Jarðvísindastofnunar, tveir formenn fagsviða og tveir fulltrúar norrænu ráðgjafanefndarinnar.

Í árslok 2010 var samanlagður fjöldi starfsfólks Jarðvísindastofnunar og þeirra sem hafa þar rannsóknáðstöðu rúmlega eitt hundrað. Starfsfólk Jarðvísindastofnunar skiptist þannig að akademískir sérfræðingar voru 18, verkefnaráðnir sérfræðingar 10, nýdóttarar 7 og skrifstofu- og tæknifólk 5 manns. Norrænir styrkþegar voru 6, kennarar með rannsóknáðstöðu 12 og framhaldsnemar um 50, þar af 14 doktorsnemar.

Sigurður Steinþórsson, prófessor í bergfræði, fór á eftirlaun eftir langt og farsælt starf við stofnunina. Hann var starfsmaður Raunvísindastofnunar 1970–1974 og kennari með starfsaðstöðu hjá jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar frá árinu 1974 og síðar hjá Jarðvísindastofnun.

Samanlögð velta Jarðvísindastofnunar á árinu 2010 var 563 m.kr. Tekjur til starfseminnar skiptust þannig: (1) fjárveitingar á fjárlögum 185 m.kr., þar af 32,4 m.kr. vegna gossins í Eyjafjallajökli 2010; (2) fjárveiting frá norrænu ráðherranefndinni 104 m.kr.; og (3) ýmsar sértekjur, aðallega frá innlendum og erlendum sjóðum og fyrirtækjum, 274 m.kr.

Starfsemi

Jarðvísindastofnun skiptist í sex faghópa og var starfssemi þeirra með hefðbundnu sniði árið 2010:

(1) Bergfræði og bergefnafræði

Berg- og bergefnafræði fæst við kvikumyndun (bergbráð) í iðrum jarðar og það hvernig kvikan breytist á leið sinni til yfirborðsins. Á þeirri leið kólnar kvikan og kristallar myndast og efnaskipti verða við grannbergið í gosrásinni. Niðurstaða alls þessa er mjög breytileg gerð storkubergs á yfirborði jarðar og í jarðskorpunni. Til skilnings á þessum ferlum er dreifing berggerða kortlögð (svæðabergfræði). Sýni eru skoðuð í smásjá og efnagreind. Greind eru aðalefni, snefilefni og samsetuhlutföll. Þessi gögn eru notuð til skilnings á ferlunum sem ráða ferðinni. Bergfræði Íslands er líkt og úpplýst ástarsaga. Enn þá er enginn hnyðlingur þekktur úr möttulefni undan Íslandi. Möttulefni og hitaflutningur eru foreldrar en kvikurnar sem stíga upp í jarðskorpuna eru börn þeirra. Bylgjuhraði jarðskjálfta- bylgna endurspeglar berggerð jarðskorpunnar og möttulsins. Í framtíðinni þarf að mæla jarðskjálfta- bylgjuhraða í hnyðlingum úr jarðskorpunni og líklegu möttulefni við mismunandi hita og þrýsting. Þannig væri aðferðum jarðskjálftafræði beitt til þess að kynnast berggerðinni, samsetningu þess efnis sem undir býr.

(2) Ísaldarjarðfræði og setlagafraði

Rannsóknir beinast að umhverfisbreytingum sem lesa má úr fornum jarðlögum og þeim eðlis-, efna- og líffræðilegu ferlum sem mótað hafa yfirborð jarðar á hverjum tíma. Helstu áherslupættir eru jöklabreytingar og jökulrof frá síðertíer (~3,3 millj. ár) fram á nútíma (0–10.000 ár), straumvatna- og afrennslisættir, vindrof, jarðvegseyðing og -myndun, setmyndun í stöðuvötnum og sjó, landmótun við strendur og sjávarstöðubreytingar, sem tengjast jöklabreytingum og hreyfingum lands (höggun) og saga lífríkis, sem lesin er úr steingervingum. Loftslagsbreytingar eru meginrannsóknæfni og tengsl þeirra við hafstrauma og veðurfar. Loftslagsbreytingar á Íslandi má lesa út úr setkjörnum stöðuvatna síðustu 12.000 árin.

(3) Jarðeðlisfræði og eðlisræn jarð- og landfræði

Innan fagsviðsins starfa jarðeðlis-, jarð- og landfræðingar að rannsóknnum í eldfjallafræði, gjóskulagafræði, jarðefnafræði skammlífra samsætna (helmingunartími ≤ dagar), varma- og vövafræði jarðefna, fornsegulfræði jarðlagastaflans, fjarkönnun og landupplýsingum, jarðlagafraði, jarðvegsfræði og frjókornarannsóknnum. Stundaðar eru rannsóknir á jarðfræðilegri uppbyggingu Íslands, kvikuferlum til yfirborðs og eldvirkni og áhrifum eldgosa á samfélagið, kolefnabúskap (þ. e. bindingu og losun kolefna) og áhrifum hans á loftlagsbreytingar og efnaveðrun (tæringu bergs) á vatnasviðum landsins. Starfsemin tengist mjög öðrum fagsviðum, jöklafræði, ísaldarjarðfræði, berg- og jarðefnafræði og jarðvegs- og fornvistfræði.

(4) Jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun

Unnið er að rannsóknnum á efnaskiptum vatns og gufu við berg, jarðveg, andrúmsloft, lífrænt efni og lífverur. Einkum er fengist við jarðhitavökva, samsætur vetnis, súrefnis og kolefnis, efnaveðrun og tilraunir með efnaskipti vatns, bergs og lífræns

efnis. Jarðefnafræði eykur skilning á efnaferlum, þróun og ástandi í há- og lághitakerfum, í grunnvatni, ölkelduvatni, straumvatni og sjó. Þekking á jarðefnafræði vatns er mikilvægur þáttur umhverfissrannsókna, t.d. vegna náttúrulegrar efnamengunar frá eldgosum. Gerðar eru geislakolsaldursgreiningar á vatni, jarðsýnum og fornleifum.

(5) Jarðafls- og jarðskjálftafræði

Innan fagsviðsins starfa jarðeðlisfræðingar og jarðfræðingar að rannsóknum á innri gerð eldstöðva og jarðskorpunnar og efri hluta möttulsins. Jarðskorpuhreyfingar af ýmsum toga eru mældar með GPS- og/eða bylgjuvíxlsmælingum (InSAR), t.d. vegna landreks, kvikuhreyfinga, fargbreytinga frá jöklum, snjóþekju og jafnvel vegna fargs stærstu mannvirkja á jarðskorpuna. Aukinn skilningur fæst með gerð líkana sem herma eftir mældum landhreyfingum. Til að fylgjast með kvikuhreyfingum í iðrum jarðar mælum við hreyfingar eldfjalla, og var mælt á eftirtöldum stöðum á árinu: Bárðarbungu, Grímsvötnum, Öskju, Heklu, Kötlu, Eyjafjallajökli, Kröflu, Kverkfjöllum, Torfajökli og umhverfi Upptyppinga, en við Upptyppinga fundust merki um kvikuhreyfingar djúpt í jarðskorpunni. Fylgst var með aukinni virkni Eyjafjallajökuls í upphafi árs, sem leiddi til eldsumbrota eins og áður var getið. Uppruni og uppbygging jarðskorpu Íslands og gerð möttulsins undir landinu og umhverfis það er rannsakað með aðferðum jarðskjálftafræði.

(6) Jökla- og hafísrannsóknir

Rannsóknir í jöklafræði eru fræðilegar og hagnýtar. Starfið beinist að jöklum Íslands, stærð þeirra og lögun, afkomu, hreyfingu og afrennsli jökulvatns. Lengsta samfellda tímaröð afkomu (þ. e. mismunar ákomu og leysingar) íslenskra jökla er frá Langjökli, og hún nær yfir tímabilið 1937 til 2010. Unnið er að gerð reiknilíkana af afkomu, hreyfingu og viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum ásamt umfangi og útbreiðslu hafíss við landið. Með gervitunglamyndun og landupplýsingakerfum er haldið uppi rauntímaeftirliti með vatnsstöðu Grímsvatna og hafísútbreiðslu á Norður-Atlantshafi. Niðurstöður eru birtar á vefsíðu Jarðvísindastofnunar. Fjarkönnunargögn nýtast líka við rannsóknir á þörungablóma, yfirborðshita sjávar og olíumengun í hafi. Breytingar jökla og hafíss við Ísland eru einnig rannsakaðar út frá eldri sagnfræðilegum gögnum.

Útgáfa og kynningar

Á árinu 2010 birtu starfsmenn Jarðvísindastofnunar 49 greinar í ISI-skráðum tímaritum, auk annarra greina á alþjóðlegum vettvangi og skýrslna og greina í íslenskum ritum. Þá tóku starfsmenn þátt í og stóðu að fjölda ráðstefna. Nánari upplýsingar um vikuleg erindi, verkefni og ritaskrár starfsmanna Jarðvísindastofnunar eru á vef stofnunarinnar: www.jardvis.hi.is. Sem dæmi um umræður á fagsviði Jarðvísindastofnunar skal nefndur fjölmennur fundur á vegum Vísindafélags Íslendinga, 24. október 2010. Stefán Arnórsson, prófessor í jarðefnafræði, og Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna og gistiprófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, rökræddu þar endurnýjanleika og sjálfbærni jarðhita á Íslandi.



HASKÓLAHLAUP
2010

Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur um smáríki

Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Ásamt Háskóla Íslands standa utanríkisráðuneytið, Samtök iðnaðarins og Alþýðusamband Íslands að Alþjóðamálastofnun. Stofnunin á auk þess í samstarfi við fjölda erlendra og innlendra fræðimanna og stúdenta. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknarvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Sjá nánar vefsíðu: <http://stofnanir.hi.is/ams>.

Rannsóknasetur um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur sett mark sitt á háskólasamfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritróð um rannsóknir í smáríkjafræðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum.

Stjórn og starfslíð

Ný stjórn Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki var skipuð til þriggja ára í kjölfar flutnings stofnunarinnar á Félagsvísindasvið. Stjórnarformaður er Baldur Þórhallsson stjórn málafræðiprófessor, Valur Ingimundarson sagnfræðiprófessor er varaformaður stjórnar en aðrir í stjórn eru: Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Jón Steindór Valdimarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og Auðunn Atlason, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu.

Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki er Pia Hansson. Meistaraneinar í alþjóðasamskiptum sinntu hlutastörfum hjá stofnuninum síðastliðið ár.

Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáríki starfrækt sumarskóla um smáríki og Evrópusamrunann í samstarfi við 14 erlenda háskóla. Sumarskólinn er fjármagnaður með Erasmus-styrk frá Evrópusambandinu. Sumarið 2010 kenndu tíu þekktir fræðimenn á sviði smáríkjarannsókna og Evrópu- og öryggismála við skólann. Námskeiðið sóttu 28 erlendir stúdentar frá 16 Evrópuríkjum og að auki tóku 17 BA- og MA-nemar frá Háskóla Íslands þátt í námskeiðinu. Þetta tveggja vikna hraðnámskeið býður upp á úrval kennslustunda, málstofa, heimsókna í opinberar stofnanir og til samtaka á vinnumarkaði, auk samverustunda með erlendu nemendum, sem fá tækifæri til að kynnast vel landi og þjóð.

Útgáfa

Rannsóknasetur um smáríki gaf út tvö ný fræðirit í ritróð setursins árið 2010. Fyrri ritið heitir *The Loophole Dispute from an Icelandic Perspective* og er eftir Bjarna Má Magnússon. Seinna ritið var *The Role of Small Powers in the Outbreak of Great*

Power War eftir Tim Sweijs. Í ritstjórn ritraðarinnar sitja sjö virtir fræðimenn á sviði smárikjarannsóknna, þau Anders Wivel frá Kaupmannahafnarháskóla, Annica Kronsell frá háskólanum í Lundi, Cliver Archer (sem er ritstjóri ritraðarinnar), Neill Nugent frá Manchester Metropolitan háskóla, Iver B. Neumann frá norsku Alþjóðamálastofnuninni (NUPI), Lee Miles frá Liverpool-háskóla og Richard T. Griffiths frá háskólanum í Leiden í Hollandi.

Önnur verkefni

Stofnanirnar sinntu að vanda fjölbreyttum verkefnum á árinu. Rannsóknasetur um smáriki rak sinn árlega sumarskóla með metþátttöku frá 15 skólum í Evrópu. Þá var fjöldi málstofa og ráðstefna haldinn á árinu en alls stóðu stofnanirnar fyrir 38 opnum viðburðum á árinu 2010. Hér fyrir neðan er stiklað á stóru í viðburðum ársins:

- Í janúar kom Ulf Dinkelspiel, fyrrverandi Evrópumálaráðherra og aðalsamningamaður Svíþjóðar í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, til landsins og hélt fyrirlestur á vegum stofnunarinnar og sænska sendiráðsins á Íslandi.
- Tatyana Parkhalina, forstöðumaður Rannsóknaseturs um öryggismál Evrópu í Moskvu, flutti fyrirlestur í sama mánuði á vegum stofnunarinnar, í samstarfi við Samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, um utanríkisstefnu Rússlands og samskiptin við NATO.
- Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, hélt erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki undir heitinu Icesave, Iceland and the EU – Whose Debt Is It Anyway? í febrúar.
- Í mars var haldinn opinn fundur með Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, en hann fjallaði um stækkunarstefnu Evrópusambandsins og aðildarferli Íslands.
- Lassi Heininen, aðjunkt við félagsvísindadeild háskólans í Lapplandi í Finnlandi, gerði umhverfis- og öryggismál Norðurslóða að umræðuefni sínu á opnum fundi stofnunarinnar í mars.
- Arkady Moshes, rússneskur fræðimaður við alþjóðamálastofnun Finnlands, hélt erindi um ástandið í Úkraínu í kjölfar nýafstaðinna kosninga þar í apríl.
- Haustdagskrá stofnunarinnar hófst með fyrirlestri Ivers B. Neumann, prófessors við Óslóarháskóla og yfirmanns rannsókna við norsku alþjóðamálastofnunina, seinni part ágústsmánaðar. Neumann fjallaði um stöðu Evrópumála í Noregi.
- Fundaröð Alþjóðamálastofnunar, Evrópa: Samræður við fræðimenn, hóf svo göngu sína með fyrirlestri Max Conrad, lektors í Evrópufræðum við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, í byrjun september. Fram að jólum var hvern föstudag boðið upp á málstofur og en á meðal þátttakenda voru t.d. Gauti Kristmannsson, Jón Karl Helgason, Magnfríður Júlíusdóttir, Þórólfur Matthíasson, Alyson Bailes og Brynhildur G. Flóvenz, en þau eru öll fræðimenn af mismunandi sviðum Háskóla Íslands.
- Að auki stóð stofnunin fyrir tveimur heils dags ráðstefnum, annars vegar um reynslu Finnlands og Svíþjóðar af Evrópusambandsaðild og hins vegar um Evrópusamrunann í norrænu samfélögunum.
- Klaus Naumann, fyrrverandi hershöfðingi og formaður hermálanefndar NATO, ræddi framtíðarstefnu bandalagsins á opnum fundi stofnunarinnar í samstarfi við Samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál í Norræna húsinu um miðjan september.
- Í lok september hélt Charles Emmerson rithöfundur erindi um framtíð norðurslóða í Hátíðasal háskólans en forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, kynnti höfundinn sérstaklega fyrir fundargestum.
- Pál Dunay, frá Geneva Centre for Security Policy, fjallaði um krísuna í Kirgistan í októbermánuði.
- Eva Jespersen, aðstoðarframkvæmdastjóri þróunarskýrslusviðs Sameinuðu þjóðanna, kynnti sérstaka 20 ára afmælisútgáfu þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna á opnum fundi í samstarfi við utanríkisráðuneytið í nóvember.

Fjáröflun

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki. Utanríkisráðuneytið styrkti Alþjóðamálastofnun um 2 m.kr. á árinu.

Samtök atvinnulífsins styrktu komu nokkurra fyrirlesara til landsins.

Evrópusambandið veitti sumarskóla Rannsóknaseturs um smáriki Erasmus-styrk líkt og undanfarin ár. Alþjóðamálastofnun er einnig með styrk úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins vegna rannsóknaverkefnis undir heitinu EU4SEAS en verkefnið stendur yfir til loka árs 2011.

Aðrir smærri styrkir t.d. frá sænska, finnska og norska sendiráðinu hafa auðveldað allt starf stofnunarinnar, t.d. varðandi komu erlendra fyrirlesara til landsins.

Lífvísindasetur Læknagarðs

Lífvísindasetur Læknagarðs (e. Biomedical Center, University of Iceland) er formlegt samstarf þeirra rannsóknæininga á sviði lífvísinda sem starfa í Læknagarði og sambærilegra rannsóknæininga innan Læknadeildar og Landspítala. Rannsóknahópar þessir stunda rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda, svo sem sameindalíffræði krabbameins, starfsemi og sérhæfingu stofnfruma, taugalíffræði, stjórnun genatjáningar, erfðalækninga, næringar- og matvælafræði, auk ýmissa sviða lífeðlisfræðinnar. Starfsmenn setursins koma einnig að kennslu á Heilbrigðisvísindasviði, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Allir eiga rannsóknahóparnir sameiginlegt að notast við sameindalíffræði og frumulíffræði til að greina starfsemi mannlíkamans og eðli sjúkdóma. Lífvísindasetrið er ein helsta miðstöð meistara- og doktorsnáms á Heilbrigðisvísindasviði, auk þess sem fjöldi fyrirlestra er haldinn þar, bæði með aðkomu innlendra og erlendra gestafyrirlesara. Árlega útskrifast fjöldi meistara- og doktorsnema sem hafa fengið rannsóknamenntun sína við setrið.

Yfirlit yfir rit sem birtust í tengslum við starfsemi setursins má finna á heimasíðu setursins: lifvisindi.hi.is/2010.

Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði tók til starfa á Selfossi árið 2000. Starfsfólk rannsóknamiðstöðvarinnar stundar fjölbreyttar rannsóknir og er lögð megináhersla á áhrif og eðli jarðskjálfta. Auk þess er fjallað um vág tengist náttúru landsins, svo og áhættugreiningu og áhættumat. Rannsóknastarfsemin skiptist í þrjú meginþætti: (a) undirstöðurrannsóknir, rekstur mælikerfa, úrvinnsla og túlkun gagna; (b) rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf, þar á meðal orkutengdar rannsóknir og áhættugreining; (c) miðlun upplýsinga og þjálfun fólks við rannsóknastörf.

Miðstöðinni var komið á fót að frumkvæði heimamanna og sett á fjárlög árið 1999 á vegum dómsmálaráðuneytisins vegna tengsla starfseminnar við almannavarnir. Staðsetning starfseminnar samræmist vel stefnu Háskóla Íslands um eflingu rannsókn- og fræðastarfsemi á landsbyggðinni, svo og áherslum í rannsóknasamningi milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands frá árinu 2000. Þá samrýmist einnig staðsetningin á helsta jarðskjálftasvæði landsins meginviðfangsefnum rannsóknamiðstöðvarinnar.

Dagleg stjórn:

Ragnar Sigbjörnsson prófessor, forstöðumaður, Símon Ólafsson rannsóknaprófessor, Benedikt Halldórsson, rannsóknalektor og aðjunkt, og Elinborg Gunnarsdóttir skrifstofustjóri.

Jónas Þór Snæbjörnsson prófessor var í leyfi árið 2010 er hann starfaði við háskólann í Stavanger í Noregi. Jónas Þór er nú gestaprófessor við rannsóknamiðstöðina. Auk hans voru eftirtaldir gestaprófessorar tengdir miðstöðinni í árslok 2010: Apostolos S. Papagorgiou frá háskólanum í Patras á Grikklandi, Athol J. Carr frá Canterbury-háskóla á Nýja-Sjálandi og John Douglas frá BRGM í Frakklandi. Þess ber að geta sérstaklega að John Douglas stundaði störf við rannsóknamiðstöðina á Selfossi háskólaárið 2009–2010.

Aðrir starfsmenn eru helstir:

Aldís Sigfúsdóttir MS og PE, rannsóknaverkfræðingur, Jónas Elíasson rannsóknaprófessor, Rajesh Rupakhety aðjunkt, rannsóknaverkfræðingur, Sigurður Unnar Sigurðsson doktorsnemi, Sólveig Þorvaldsdóttir, rannsóknaverkfræðingur og doktorsnemi, og Teraphan Ornthammarath doktorsnemi. Til viðbótar ofangreindum doktorsnemum unnu Ævar Harðarson og Ole A. Öiseth einnig við miðstöðina. Sumarstarfsmenn voru eftirtaldir: Arnar Kári Hallgrímsson, Steinar Þór Bachmann og Stefán Kári Sveinbjörnsson. Auk þeirra ber að nefna nemendur í rann-

sóknatengdu námi, þá Hrafnkel Má Stefánsson og Hannes Garðarsson. Til viðbótar þeim stundaði Kevin Foster rannsóknir í tengslum við meistaraverkefni sitt við Virginia Tech háskólann í Bandaríkjunum.

Láta mun nærri að sú vinna sem unnin var við jarðskjálftamiðstöðina árið 2010 jafngildi um 12 ársverkum. Fjárhagsleg umsvif stofnunarinnar námu um 66 m.kr. og þar til viðbótar er vinna samstarfsaðila og gestaprófessora. Frysting húsaleigu í kjölfar bankahrunsins auðveldaði reksturinn til muna.

Rannsóknir

Landsnet hröðunarmæla

Hornsteinninn í rannsóknastarfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar er rekstur landsnets hröðunarmæla sem teygir sig yfir helstu jarðskjálftasvæði landsins. Áhersla er lögð á að mæla áhrif jarðskjálfta sem eru svo stórir og valda það mikilli hreyfingu að hún getur valdið skemmdum á undirstöðum og burðarvirki bygginga, svo og búnaði og innbúi. Markmið mælinganna er: (a) öflun gagna um áhrif jarðskjálfta á byggingar og tæknikerfi; (b) öflun gagna og tengdra upplýsinga sem hægt er að nýta við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum; (c) öflun gagna sem nýtast við áhættumat og áhættustjórnun. Hröðun yfirborðs jarðar er mæld þegar jarðskjálftar verða og fer skráning gagna fram ef hröðun fer yfir tiltekin fyrir fram ákveðin mörk. Mælanetið skiptist í svonefndar grunnstöðvar og fjölnemakerfi. Grunnstöðvarnar eru í flestum tilvikum staðsettar á undirstöðum bygginga. Fjölnemakerfin eru staðsett í stíflum, orkumannvirkjum, byggingum og samgöngumannvirkjum. Alla jafna þjóna fjölnemakerfin einnig hlutverki grunnstöðva. Hröðunarmælingarnar eru nýttar til þess að meta þá eðlislegu áraun sem mannvirki verða fyrir í jarðskjálftum. Mælingarnar eru mikilvægar og nauðsynlegar í fyrirbyggjandi tilliti, meðal annars til þess að efla og auka áreiðanleika gildandi hönnunarstaðla fyrir byggingar á jarðskjálftasvæðum á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Fyrirkomulag mælinganna, úrvinnsla þeirra og dreifing gagna er í samræmi við þá stefnu og aðferðafræði sem tíðkast erlendis. Meira en aldarfjórðungur er liðinn frá því að íslenska hröðunarmælanetið var byggt upp í núverandi mynd. Margir hafa stutt við þessa starfsemi. Hér er ástæða til að nefna Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Vegagerðina, sveitarfélög á Suður- og Norðurlandi, Rannsóknaráð Íslands, Evrópusambandið og síðast en ekki síst Háskóla Íslands. Jarðskjálftagögn Rannsóknamiðstöðvarinnar eru aðgengileg öllum í alþjóðlegum gagnabanka sem nefnist ISESD (og má nálgast á vefsíðunni <http://www.ISESD.hi.is>) og er rekinn á vegum Rannsóknamiðstöðvarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi.

ICEARRAY-rannsóknanetið

Nýjung í rannsóknnum á áhrifum jarðskjálfta tengist útbreiðslu jarðskjálftabylgna og þeirri mismunaráraun sem hún veldur yfir stuttar vegalengdir (tugir til hundruð metra). Nýtt rannsóknataeki, sem nefnt hefur verið ICEARRAY (Icelandic Strong-Motion Array), er sérhannað þéttari net jarðskjálftamæla sem sett var upp árið 2007. Netið er staðsett í Hveragerði og nemur einkum jarðskjálfta með upptök í gosbeltinu, á Hengillssvæðinu og á Suðurlandsbrotabeltinu. ICEARRAY samanstendur af 14 þríasa hröðunarmælum (alls 42 nemum) og er mælunum dreift um svæði sem er um 1,23 km² að þvermáli. Til samanburðar er fjarlægð á milli einstakra mælistaða hins íslenska hröðunarmælanets af stærðargráðunni 10 kílómetrar að jafnaði en fjarlægð á milli mæla ICEARRAY er frá 50 til 1900 metrar. ICEARRAY hentar vel til rannsókna á upptökum og útbreiðslu jarðskjálftabylgna, en með þeim má leggja tölulegt mat á hegðun bylgnanna þegar þær breiðast út á svæði netsins. Það byggist á nákvæmri tímamælingu sem gerð er með aðstoð gervitungla. Önnur sérstæða ICEARRAY er sú að mælarnir eru í þráðlausu netsambandi við stjórnstöð Rannsóknamiðstöðvarinnar þar sem sérstakur hugbúnaður tryggir skilvirka skráningu í sömu andrá og jarðskjálfti mælist. ICEARRAY var sett upp á „réttum tíma“ því að tæpu ári eftir uppsetningu þess varð sterkur jarðskjálfti í Ölfusi, nánar tiltekið kl. 15:45 þann 29. maí 2008. Hann var af stærðinni 6,3 á Richter-kvarða og olli umfangsmiklum skemmdum þrátt fyrir að meirihluti bygginga hafi staðist þá miklu áraun sem jarðskjálftanum fylgdi án mikilla sýnilegra skemmda. Skemmdir á innanstokksmunum voru miklar í nágrenni við upptök jarðskjálftans. ICEARRAY mældi yfirborðshreyfinguna af völdum jarðskjálftans afar vel og eru þær mælingar taldar einstakar á heims mælikvarða. Mælingarnar leiddu í ljós að jarðskjálftinn hafði mikil áhrif í Hveragerði og enn fremur að áhrifin voru breytileg eftir bæjarhlutum. Þá mátti einnig ráða af mælingunum að sterkasti hluti hreyfingarinnar stóð stutt, eða einungis í u.þ.b. fimm sekúndur. Jarðskjálftinn varð þegar berg brotnaði á tveimur aðgreinanlegum sprungum í Ölfusi og voru hreyfingarnar það miklar að jörð færðist til í nágrenni

þeirra. Sem dæmi má nefna að mælistöð í Hveragerði færðist um 20 cm til norðvesturs í jarðskjálftanum. Á hröðunarmælum ICEARRAY og mælum hins íslenska hröðunarmælanets á Selfossi komu nærsviðsáhrif jarðskjálftanna fram sem „lágtíðnibylgjur“, og eru þær mælingar tilefni áframhaldandi rannsókna. Sérfræðingar við Rannsóknamiðstöðina og samstarfsmenn þeirra hafa unnið ötullega að úrvinnslu gagnanna og hafa þegar birt greinar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum um niðurstöðurnar. ICEARRAY-verkefnið hefur því þegar skilað árangri og sannað gildi sitt. Ljóst er að það mun skapa fjölda nýrra rannsóknatækifæra í framtíðinni. ICEARRAY-verkefnið er dyggilega stutt af Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Þess má geta að Síminn er sérstakur styrktaraðili þráðlausra fjarskipta ICEARRAY. Enn fremur ber að geta þess að Marie Curie áætlun Evrópusambandsins studdi verkefnið í upphafi.

Rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf

Í samræmi við lög og reglur um Háskóla Íslands og þá áherslu sem lögð er á að efla tengsl við atvinnulífið hefur verið reynt að veita íslensku atvinnulífi alla þá þjónustu sem eftir hefur verið leitað og sinna jafnt stórum og smáum verkefnum. Mjög hefur dregið úr þessari starfsemi í takt við samdrátt í atvinnulífni. Þó má nefna verk sem unnin voru í tengslum við byggingu Hörpunnar, sem og ýmis verk unnin fyrir verkfræðistofur og Viðlagatryggingu tengd skemmdum af völdum jarðskjálfta.

Vindverkfræði er eitt af þekkingarsviðum sérfræðinga Rannsóknamiðstöðvarinnar en vindáraun og áhrif hennar skipta miklu máli við hönnun og byggingu hárra húsa. Undanfarið hafa verið byggð allnokkur hús sem þykja há á íslenskan mælikvarða. Hönnuðir þessara bygginga hafa í mörgum tilfellum leitað ráða hjá sérfræðingum Rannsóknamiðstöðvarinnar. Í þessu sambandi má nefna mælingar á hreyfingum Höfðatorgs vegna áhrifa vetrarstorma og jarðskjálfta en Höfðatorg er hæsta bygging á Íslandi þegar þetta er ritað.

Rannsóknasamvinna og kynningarstarfsemi

Rannsóknasamvinna og þátttaka í fjölbjóðlegum verkefnum er mikilvægur hluti starfseminnar. Samstarfsaðilar eru fjölmargir og koma víða að. Sérstök ástæða er til þess að nefna Bandaríki Norður-Ameríku, Bretland, Búlgaríu, Frakkland, Grikkland, Ítalíu, Japan, Kína, Noreg, Nýja-Sjáland, Portúgal, Spán, Svíþjóð, Tyrkland og Tailand. Þess má geta að samstarf við stofnanirnar NTNU og UiS í Noregi hefur fengið aukið vægi og er vaxandi.

Rannsóknamiðstöðin eru kynntar reglulega á ráðstefnum víða um heim. Hæst ber þátttaka í heimsráðstefnum og Evrópuráðstefnum í jarðskjálftaverkfræði sem haldnar eru fjórða hvert ár. Á ráðstefnunum flytja starfsmenn miðstöðvarinnar gjarnan erindi og setja upp veggspjöld, ásamt því að stýra fundum og þeim umræðum sem fara fram. Þá má geta þess að Ragnar Sigbjörnsson prófessor á sæti í ritstjórn tímaranna Journal of Earthquake Engineering og Bulletin of Earthquake Engineering, sem og Journal of Wind Engineering, sem öll eru ISI-tímarit. Árið 2010 birtust á alþjóðavettvangi 11 tímaritsgreinar og 9 ritrýndar ráðstefnugreinar eftir starfsmenn miðstöðvarinnar.

Rannsóknamiðstöðin stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áhrif jarðskjálfta (ISSEE-2009) og var hún haldin í Háskóla Íslands föstudaginn 29. maí 2009 en þá var ár liðið frá jarðskjálftanum í Ölfusi. Rannsóknamiðstöðin stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu öðru sinni árið 2011 og hefur undirbúningur að ISSEE-2011 staðið yfir árið 2010. Ráðstefnan verður haldin 29. apríl 2011 og verður í formi fyrirlestra með megináherslu á upptakaferli jarðskjálfta og nærsviðsáhrif þeirra, jarðskjálftaáhrif og dvínun þeirra, jarðskjálftavörðun og skemmdir á byggingum og lagnakerfum. Þá verða haldnir sérstakir fyrirlestrar um stærstu og áhrifamestu jarðskjálfta í heiminum á undanförunum misserum og lögð megináhersla á áhrif þeirra og afleiðingar fyrir samfélög.

Árið 2010 störfuðu fjórir gestaprófessorar við miðstöðina (sjá hér að ofan) og gegna þeir mikilvægu hlutverki í starfsemi hennar. Þeir eru tengiliðir hennar við rannsóknastofnanir erlendis og koma reglulega til Íslands, flytja fyrirlestra og halda námskeið.

Rannsóknamiðstöðin hefur boðið grunnskólanemum í 5., 6. og 7. bekk fræðslu í jarðskjálftavörðun og viðbrögðum allt frá árinu 2001. Skólastjórnendur hafa verið mjög ánægðir með fræðsluna. Þess má geta að fræðslan er skóllumum að kostnaðarlausu. Tekið hefur verið á móti tæplega 3.000 nemendum og forráðamönnum þeirra.

Rannsóknatengt framhaldsnám

Aldrei hefur verið meiri gróska í rannsóknastarfsemi miðstöðvarinnar en nú. Átta nemendur í doktorsnámi tengjast starfsemi miðstöðvarinnar með beinum hætti. Þar af vörðu tveir þeirra doktorsritgerð árið 2010 en það voru þeir Rajesh Rupakhety og Teraphan Ornthammarath.

Rajesh Rupakhety varði doktorsritgerð sína 13. ágúst 2010 við Háskóla Íslands. Íslenska heiti ritgerðarinnar er Efst á baugi í jarðskjálftaverkfræðirannsóknunum: úrvinnsla hröðunarmæligagna, ólínuleg svörunarlíkon mannvirkja og ákvörðun nærsviðsáhrifa. Andmælendur voru Polat Gülkan, prófessor við Middle East Technical University í Tyrklandi, Carlos S. Oliveira, prófessor við Lissabon-háskóla í Portúgal, og Svein Remseth, prófessor við NTNU í Noregi. Leiðbeinandi Rajesh var Ragnar Sigbjörnsson prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands. Aðrir meðlimir doktorsnefndarinnar voru Apostolos S. Papageorgiou, prófessor við háskólann í Patras í Grikklandi, og Althol J. Carr, prófessor við Canterbury-háskóla á Nýja-Sjálandi. Að doktorsprófi loknu hóf Rajesh Rupakhety störf við Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði þar sem hann starfar við rannsóknir á sviði jarðskjálftaverkfræði, auk þess sem hann sinnir kennslu við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Greinar sem Rupakhety hefur ritað og birst hafa í tímaritum má finna á heimasíðu Rannsóknamiðstöðvarinnar.

Teraphan Ornthammarath varði doktorsritgerð sína 3. desember 2010 á Ítalíu. Ritgerðin nefnist Mismunandi aðferðir við mat á jarðskjálftahættu og áhrif óvissu dvínunarlíkinga á líkindafræðilegt jarðskjálftahættumat og byggist hún að mestu á rannsóknunum sem hann hefur unnið að við Rannsóknamiðstöðina. Leiðbeinendur voru Ragnar Sigbjörnsson, John Douglas (Frakklandi) og Carlo G. Lai prófessor (Ítalíu). Vörnin fór fram við ROSE School í háskólanum í Pavía á Ítalíu. Ornthammarath hefur ritað greinar í alþjóðleg vísindarit og flutt erindi á ráðstefnum og má finna greinarnar á heimasíðu Rannsóknamiðstöðvarinnar (sjá hér fyrir neðan). Enn fremur má geta þess að jarðskjálftakort sem hann gerði sem hluta af doktorsverkefninu eru nú hluti af þjóðarstaðli Taílands fyrir jarðskjálftahönnun. Að doktorsprófi loknu þá hóf Teraphan störf við RIMES (Regional Integrated Multi-Hazard Early Warning System for Africa and Asia, Tsunami Division) sem komið var á fót í kjölfar jarðskjálftans í Indlandshafi árið 2004. Meiriháttar atburðir sem hann þurfti að takast á við í nýju starfi voru jarðskjálftarnir í Japan og Myanmar.

Rannsóknamiðstöðin hefur, í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands á Selfossi, sett á fót nýtt alþjóðlegt sumarnámskeið á sviði náttúruhamfara. Námskeiðið, sem auglýst er á alþjóðlegum vettvangi, hentar einkum nemendum í rannsóknatengdu námi, ýmist meistara- eða doktorsnámi. Námskeiðið verður haldið 30. maí til 18. júní 2011 og stóð undirbúningur þess yfir á árinu 2010. Þess má geta að 21 útlendingur hefur skráð sig á námskeiðið. Allar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.earthquake.is.

Annað

Alþjóðleg samvinna er ein af mottarstólpum í starfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar og er lögð áhersla á að stofna til samstarfs við erlenda vísindamenn en að sama skapi taka á móti gestum sem ber að garði.

Á árinu 2010 hefur verið tekið á móti fjölda erlendra og innlendra gesta: sérstaklega ber að minnast á heimsókn vísindamanna frá Kína og Japan. Í tengslum við heimsókn Kínverjanna var Ragnari Sigbjörnssyni boðið til Kína þar sem hann flutti gestafyrirlestur á rannsóknabingi sem fjallaði um Wenchuan-jarðskjálftann mikla. Japanir voru mjög áhugasamir um rannsóknir tengdar öskudreifingu eldgossins í Eyjafjallajökli og í kjölfar heimsóknar þeirra á Rannsóknamiðstöðina var vísindamanni frá miðstöðinni boðið til Japans til þess að halda fyrirlestur um efnið á ráðstefnu viku eftir veru Japananna hér á landi. Líklegt er að framhald verði á því samstarfi, sérstaklega þar sem doktorsnemi við Rannsóknamiðstöðina hlaut í kjölfarið styrk frá Japan til þess að fara og vinna þar að rannsóknunum að samstarfsverkefni með gestunum sem hingað komu.

Upplýsingar um Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði og þá starfsemi sem þar fer fram má finna á heimasíðunni: www.eerc.hi.is. Jarðskjálftagögn Rannsóknamiðstöðvarinnar eru aðgengileg öllum í gagnabankanum ISESD og þau er hægt að nálgast á vefsíðunni www.ISESD.hi.is.

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands varð til þegar Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði, sem hafði starfað í 20 ár frá 1987, var sameinuð deildinni. Starfsemin fer nú fram á 4. hæð í Læknagarði og er hluti af Lífvísindasetri Læknagarðs. Með flutningi rannsóknastofunnar hafa skapast ný tækifæri vegna nálægðar við aðra vísindamenn. Rannsóknastofan er sú eina innan háskólans sem leggur stund á grunnrannsóknir í krabbameinsfræðum. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni starfar nú einn nýdóktor, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk tveggja doktorsnema og nokkurra meistaranema.

Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni rannsóknastofunnar voru á árinu:

- Áhættugen fyrir brjóstakrabbamein og sviperfðir, einkum tengsl við sjúkdómshorfur og svörun við meðferð, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við sérfræðinga á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.
- Sameindamynstur brjósta-, bris- og blöðruhálskirtilskrabbameina skoðuð með ýmiss konar örflögutækni, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við sérfræðinga á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi og Roche-Nimblegen á Íslandi.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Rannsóknir á nýjum sértækum krabbameinslyfjum, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Afbrigði í geislaskautum og DNA-viðgerð í frumum sem bera BRCA2-stökkbreytingar, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur.
- Óstöðugleiki erfðaefnis, DNA-viðgerð og litningaendar, undir stjórn Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð.
- Rannsóknir á áhrifum BRCA2-galla á frumuskiptingar, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samstarfi við háskólann í Leiden í Hollandi.

Ýmis smærri verkefni eru ónefnd. Rannsóknastofan er í virku erlendu samstarfi og má þar m.a. nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í „The International Cancer Genome Project“, samstarf við vísindamenn við Cambridge-háskóla um rannsóknir á BRCA2-tengdum krabbameinum og IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum. Verkefnið um mergfrumuæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við háskólann í Alberta í Kanada og National Institutes of Health í Bandaríkjunum og var Helgu M. Ögmundsdóttur boðin þátttaka sem fyrirlesari á 6. alþjóðlegu ráðstefnunni um Waldenströmsmakróglóbúlínemíu í Feneyjum í október. Á 21. Evrópuráðstefnunni um krabbameinsrannsóknir (EACR-21) sem fram fór í Osló í júní voru kynnt 5 verkefni.

Einn doktorsnemi, sem vann á rannsóknastofunni, lauk doktorsprófi í samstarfi við Leiden-háskóla og fimm meistaranemar luku meistaraþrófi.

Annað

Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannsóknasjóði háskólans og Rannís. Læknadeild styrkir einn nýdóktor. Fyrir nokkrum árum stofnuðu dugmiklar konur, sem flestar hafa sjálfar fengið brjóstakrabbamein, stuðningshópinn „Göngum saman“ sem aftar fjár til að styrkja rannsóknir á þessum sjúkdómi. Þessi sjóður hefur styrkt nokkur verkefni á rannsóknastofunni. Einnig fékkst framlag frá Avon-styrktarsölu.

Síðast en ekki síst er gaman að segja frá því að ungur læknanemi, Alissa Rannveig Vilmondardóttir, kom að máli við okkur í ársbyrjun og kynnti okkur hugmynd sína um að hjóla umhverfis landið og tengja við fjáröflun fyrir rannsóknastofuna. Ferðin var farin í ágúst og heppnaðist ljómandi vel. Var mjög ánægjulegt að taka á móti Alissu á sólbjörtum degi og fagna henni að loknu afreki, ásamt sérstökum verndara átaksins, Vigdís Finnbogadóttur. Væri óskandi að þetta framtak Alissu yrði öðrum fyrirmynd til dáða.

Rannsóknastofa í meinafræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í meinafræði er ein stofnana Landspítalans og jafnframt elsta rannsóknastofan tengd Háskóla Íslands, stofnsett 1917. Stofnuninni berast víða að lífssýni til meinafræðilegra greininga og hefur umfang þjónusturannsókna aukist ár frá ári þar til 2010, er samdráttur um u.þ.b. 6% varð miðað við meðaltal næstu fimm ára á undan. Rannsóknastofan skiptist í fjórar deildir: vefjarannsóknir, réttarlæknisfræði, frumulíffræði og lífsýnasafn. Í árslok 2010 voru starfsmenn 46, þar af voru átta tengdir Háskóla Íslands, þrír prófessorar, einn klínískur prófessor, einn dósent, einn lektor og einn prófessor emeritus.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í meinafræði innir af hendi umtalsverða kennslu og rannsóknir við Háskóla Íslands og samvinnast háskólastarfsemin og þjónustuhlutverk stofnunarinnar vel. Á rannsóknastofunni eru stundaðar umfangsmiklar vísindarannsóknir á krabbameinum. Grundvöllur þessara rannsókna eru lífssýni og sjúkdómsgreiningar þeirra en hvort tveggja hefur rannsóknastofan lagt metnað sinn í að varðveita frá því á fyrri helmingi 20. aldar. Langflest sýnanna eru hert í formalíni og steipt inn í vax. Þar sem stofnunin hefur frá upphafi séð um sjúkdómsgreiningar á meginþorra vefjasýna sem tekin hafa verið úr Íslendingum er unnt að framkvæma lýðgrundaðar vísindarannsóknir sem eru byggðar á meinafræðigögnum stofnunarinnar og hafa starfsmenn hennar nýtt sér það bæði til eigin rannsókna og samstarfsrannsókna bæði við innlenda sem erlenda vísindamenn. Undanfarin ár ber þar hæst samstarf við vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar. Einnig birtum við nýlega niðurstöður rannsókna okkar á fjölskyldum með háa tíðni brjóstakrabbameins þar sem möguleg litningastaðsetning á þremur óþekktum áhrifagnum kom fram. Niðurstöðurnar vöktu töluverða athygli innan fagsviðsins þar sem tengsl á milli myndunar brjóstakrabbameins og allra þriggja litningasvæðanna komu fram í einni fjölskyldu í rannsókninni. Fengist hafa myndarlegir styrkir til að framkvæma háhraðaraðgreiningu á völdum lífssýnum úr sjúklingum í þessari fjölskyldu. Háhraðaraðgreining byggist á nýrri raðgreiningartækni og krefst dýrra tækja og er unnið að verkefninu í samstarfi við Matís og Nimblegene sem eiga slíkan tækjakost. Eins og undanfarin ár hafa starfsmenn stofunnar tekið þátt í fjölda fjölþjóðlegra samstarfsverkefna. Nokkur þeirra leiddu til birtinga á síðasta ári. Einnig má nefna þátttöku okkar í „Consortium of Investigators of Modifiers of BRCA1/2“ (CIMBA), sem er alþjóðlegur samstarfshópur um rannsóknir á brjóstakrabbameinssjúklingum sem bera kímilínubreytingu í BRCA1- eða BRCA2-geninu. Markmið rannsóknahópsins er að finna og skilgreina gen sem draga úr eða auka krabbameinsmyndun í einstaklingum með stökkbreytingar í BRCA1/2. Á árinu 2010 og reyndar einnig árið þar á undan varð CIMBA-hópnun töluvert ágengt í rannsóknnum sínum og hefur það leitt til birtingar fjölda vísindagreina. Þátttaka okkar í norrænu samstarfi sem snýst um kortlagningu á erfðabrenslunum og tjáningarmynstri í brjóstaaðxlum með hjálp örflögutækninnar bar einnig góðan ávöxt og birtust m.a. þrjár greinar um sameinda-meinafræðilega flokkun brjóstaaðxla og mögulega nýtingu á slíkum upplýsingum. Sýndum við m.a. fram á að æxli með mögnun á ERBB2-geninu flokkast í þrjá undirhópa og er einn undirhópurinn með verri horfur en hinir tveir. Frekari rannsóknir eru í gangi til að kanna hvort tengsl séu á milli þess hvaða undirhópi æxli tilheyrir og árangurs sjúkdómsmeðferðar á sjúklingum. Einnig er unnið að kortlagningu og skilgreiningu á áhrifavöldum brjóstakrabbameins á litningasvæði 8p12-p11, sem er oft magnað í brjóstaaðxlum.

Akademískir starfsmenn rannsóknastofunnar tóku þátt í að leiðbeina fimm doktorsnemum og sjö meistaranemum. Auk þess er nokkuð um minni nematengd rannsóknaverkefni.

Kynningarstarfsemi

Starfsfólk Rannsóknastofu í meinafræði átti árið 2010 aðild að 38 ritrýndum vísindagreinum og 44 útdrætti.

Annað

Rekstur Rannsóknastofu í meinafræði nemur ríflega 300–400 m.kr. ári og er innan við 1% af heildarrekstri Landspítalans. Starfsmenn rannsóknastofunnar afa á hverju ári umtalsverðra vísindastyrkja innan lands og utan. Voru a.m.k. 13 styrkveitingar virkar árið 2010. Starfsemi Rannsóknastofu í meinafræði var í árslok 2010 í fjórum bygg-ingum og eru þrjár á Landspítalalóð, auk þess sem lífsýnasafn er til húsa í leiguhúsnæði Krabbameinsfélaganna við Skógarhlíð. Sérrannsóknastofa Rann-sóknastofu mun væntanlega flytjast á efri hæð Blóðbankahússins fyrri hluta árs 2011.

Rannsóknastofa í næringarfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og starfar frá árinu 2005, samkvæmt samningi milli Landspítala og Háskóla Íslands. Aðstaða er á Landspítala þar sem Rannsóknastofa í næringarfræði deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í árslok 2010 voru starfsmenn Rannsóknastofu í næringarfræði 19, sex fastir starfsmenn, þrír prófessorar, lektor, fræðimaður og verkefnastjóri, auk doktors- og meistaranema og verkefnaráðinna starfsmanna. Á árinu kom Laufey Steingrímsdóttir prófessor til starfa hjá Rannsóknastofu í næringarfræði.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sitja Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson dósent, Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og Oddný Gunnarsdóttir, ritari stjórnar. Inga Þórsdóttir prófessor er forstöðumaður stofunnar.

Tveir nemendur, sem unnu lokaverkefni sín á Rannsóknastofu í næringarfræði, útskrifuðust með meistaraþróf 2010. Í heildina unnu 15 meistara- og doktorsnemar að verkefnum á Rannsóknastofu í næringarfræði árið 2010, ásamt nokkrum starfsmönnum í öðrum verkefnum. Að auki voru fjórir sumarstarfsmenn í námsverkefnum og 15 unnu tímabundið við landskönnun á mataræði.

Rannsóknir

Helstu verkefni Rannsóknastofu í næringarfræði 2010 voru fjórar íhlutandi rannsóknir:

- Rannsókn á áhrifaþáttum fæðuval og næringar meðal barna og foreldra sem styrkt er af Evrópusambandinu (ProGreens: Promotion of Fruit and Vegetable Consumption of School Children (2008–2010) Supported by DG-SANCO). Rannsóknastofa í næringarfræði sér um gagnabankann fyrir öll löndin sem taka þátt í ProGreens. Þetta er viðamikil íhlutandi rannsókn meðal 11 ára skólabarna sem Ása Guðrún Kristjánsdóttir nýdoktor vinnur að.
- Rannsókn á áhrifum af lengd brjóstgjafar, styrkt af bandarískum rannsóknasjóðum og unnin í samstarfi við heilsugæsluna (IceAge: Exclusive Breastfeeding for 4 or 6 Months. A Randomized Controlled Trial).
- Rannsókn á næringu, hreyfingu aldraðra og vöðvauppbyggingu, sem er styrkt af Tækniþróunarsjóði (IceProQuality: Randomized Intervention Trial Conducted in Iceland Which Investigates the Effects of Protein Quality and Quantity in Combination with Resistance Exercise on Muscle Mass and Strength in Elderly People).
- Rannsókn á kerfislíffræðilegum þáttum tengdum næringu og efnaskiptavillu (SYSDIET – System Biology in Controlled Dietary Interventions and Cohort Studies – Understanding the Health Effects of Nordic Foods with Regard to Prevention of Metabolic Syndrome, Obesity, Insulin Resistance, Diabetic T2 and Cardiovascular Diseases), sem er norrænt öndvegisverkefni á sviði næringarfræði, styrkt af NordForsk.

NordForsk styrkir einnig HELGA-verkefnið (Nordic Health — Whole Grain Food) sem fluttist til Rannsóknastofu í næringarfræði með Laufeyju Steingrímsdóttur. Hún hefur einnig, í samstarfi við Lýðheilsustöð og MAST, yfirumsjón með landskönnun á mataræði, sem hófst haustið 2010, og verður framhaldið árið 2011. Reiknað er með að þeirri rannsókn ljúki árið 2012.

Önnur áherslusvið stofunnar eru rannsóknir á næringu og vexti snemma á lífsleiðinni, á meðgöngu, sem og á næringu og vexti ungbarna, barna og unglunga og áhrif þessara þátta á heilsufar bæði á barnaldri og síðar á ævinni. Rannsóknir á lífvirkni efna í fæðu, svo sem fiski og mysu, hafa verið fyrirferðarmiklar og sömuleiðis rannsóknir á viðbættum efnum og eiturefnum í mat. Rannsóknir á næringu ungra of þungra fullorðinna einstaklinga hafa staðið yfir undanfarin ár en verkefnið er byggt á verkefnisstyrk úr 6. rammaáætlun Evrópusambandsins og tilheyrði áætluninni Seafood Plus.

Rannsóknastofa í næringarfræði stundar einnig rannsóknir á næringarástandi mismunandi sjúklingshópa og undanfarið aðallega á næringarástandi aldraðra og miðar rannsóknin að því að bæta heilsu aldraðra og auka lífsgæði þeirra. Mikið samstarf er við Landspítala um nauðsynlegt klínískt verkefni og rannsókn á vannæringu sjúkra og hvernig megi meðhöndla hana hjá mismunandi sjúklingshópum.

Tveimur meistaraverkefnum var lokið árið 2010. Annað þeirra fjallaði um ástand járnþúskapar 9 og 15 ára íslenskra barna og unglunga, járninntöku og lífaðgengi járnfrá mismunandi máltíðum. Hitt fjallaði um grænmetisneyslu 7–9 ára barna og áhrif íhlutunar á ávaxta- og grænmetisneyslu í skóla og heima. Fjölmargar niðurstöður rannsókna hafa birst í alþjóðlegum ritrýndum fagtímaritum og fræðilegum álitserðum. Auk þess hefur starfsfólk Rannsóknastofu í næringarfræði haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

Verðlaun

Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði, Inga Þórsdóttir, fékk heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright í desember 2010. Verðlaunin hlaut Inga fyrir framúrskarandi árangur í rannsóknum á sviði næringarfræði sem haft hafa áhrif á fræðslu og forvarnir meðal fjölmargra þjóðfélagshópa.

Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar í rannsóknastörfum Rannsóknastofu í næringarfræði eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla og einnig ýmsar stofnanir innanlands. Rannsóknastofa í næringarfræði hlaut á árinu 2010 nokkra minni innlenda styrki en stærstur hluti rannsóknastyrkja Rannsóknastofu í næringarfræði kemur erlendis frá.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknastofa í næringarfræði veitir margs konar þjónustu út í samfélagið, bæði hérlandis og erlendis, þar sem sérfræðipækking og rannsóknaniðurstöður stofunnar eru nauðsynlegar og nýtast til að veita áður óþekktar upplýsingar.

Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði, www.rin.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um stofnunina, allar rannsóknir, allar birtar skýrslur og greinar sem eru tengdar þessum rannsóknum og margt fleira til fróðleiks sem tengt er starfsemi stofunnar.

Rannsóknastofa í sýklafræði

Starfsemi

Sýklafræðideildin tilheyrir rannsóknasviði Landspítalans. Yfirlæknir er Karl G. Kristinsson prófessor. Deildin er rannsóknastofa á sviði bakteríufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði og veitir heilbrigðisyfirvöldum, heilbrigðisstofnunum og öðrum sýklafræðirannsóknastofum ráðgjöf. Á deildinni er rekin áhætturannsóknastofa (P3) til greiningar á sérlega hættulegum sýklum. Deildin framleiðir æti til sýklarannsóknna fyrir eigin starfsemi og til sölu. Á deildinni eru auk þjónusturannsóknna stundaðar vísindarannsóknir og kennsla. Deildin er til húsa við Barónsstíg og í Ármúla 1A.

Starfsemi ársins einkenndist af miklu aðhaldi í rekstri og mannahaldi. Í upphafi árs var rætt um uppsagnir en sem betur fer kom ekki til þeirra. Einn starfsmaður á skrifstofu hætti störfum og var ekki ráðið í þá stöðu og fáein stöðugildi voru minnkuð. Á deildinni störfuðu í lok árs 46 starfsmenn, þ.e. 7 sérfræðilæknar, 32 lífeindafræðingar, einn líffræðingur og 6 aðstoðarmenn og ritarar. Fastir starfsmenn háskólans (Læknadeild) voru Karl G. Kristinsson prófessor, Ingibjörg Hilmarsdóttir lektor, Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor og Gunnsteinn Æ. Haraldsson, framkvæmdastjóri rannsóknanámsnefndar. Auk þeirra sinntu allir sérfræðingar deildarinnar og fjórir lífeindafræðingar stundakennslu í Lækna-, Lyfjafræði-, Tannlækna- og Hjúkrunarfræðideild og námsbrautum í lífeindafræði og sjúkrapjálfun.

Helstu vísindaverkefni

Unnið var að fjölmörgum rannsóknum á árinu en eftirtaldar rannsóknir voru viðamestar:

- The Use of Genotyping in *Streptococcus Pneumoniae* of Serotype 19A to Estimate the Risk of Vaccine Replacement. Markmiðið með rannsókninni er að kanna arfgerðir pneumókokka á Íslandi og í Tékklandi með tilliti til útbreiðslu og skyldleika við alþjóðlega klóna. Einnig var ætlunin að kanna mikilvægi yfirborðspráða á pneumókokkum (pili), svo og áhrifum bólusetninga á dreifingu þeirra. Forsvarsmáður verkefnisins á Íslandi er Karl G. Kristinsson en samstarfsaðili í Tékklandi er Helena Zemlickova, National Institute of Public Health í Prag í Tékklandi.
- Sameindafaraldsfræði penisillín-ónæmra pneumókokka. Doktorsverkefni

Mörthu Á. Hjálmarsdóttur lífeindafræðings, umsjónarkennari var Karl G. Kristinsson.

- Breiðvirkir beta-laktamasar í Gram-neikvæðum stöfum úr hópi Enterobacteriaceae (rannsókn á arfgerðum og greining faraldra). Umsjónarmaður var Ingibjörg Hilmarsdóttir.
- Sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun í Færeyjum – samanburður við Ísland og Danmörku. Doktorsverkefni Maritu Debess Magnussen líffræðings frá Færeyjum.
- Rannsókn á sameindafaraldsfræði methisillín-ónæmra *Staphylococcus aureus* á Íslandi. Umsjónarmaður var Hjördís Harðardóttir.

Þrír meistaranemar útskrifuðust á árinu, tveir þeirra, Erla Soffía Björnsdóttir og Eygló Ævarsdóttir lífeindafræðingar, höfðu unnið allt verkefni sitt á deildinni og einn, Agnar Bjarnason læknir, að hluta til.

Annað

Ólafur Steingrímsson dósent var formaður sóttvarnarráðs. Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor var formaður geisla- og lífeindafræðiskorar og sat í deildarráði Læknadeildar. Karl G. Kristinsson prófessor var formaður nefndar heilbrigðisráðuneytisins um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi, varamaður í sóttvarnaráði og deildarráði Læknadeildar. Hann var forseti Norðurlandasamtaka sýklafræðinga og smitsjúkdómalækna (Scandinavian Society for Antimicrobial Chemotherapy, SSAC), aðstoðarráðgjafi Eurosurveillance og í ritnefnd Scandinavian Journal of Infectious Diseases and Microbial Drug Resistance. Deildinni var formlega fengið það hlutverk 29. desember, af velferðarráðherra, að vera tilvísunarrannsóknastofa í sýklafræði fyrir Ísland.

Rannsóknastofa í veirufræði

Stjórn og starfsfólk

Yfirstjórn Rannsóknastofu í veirufræði er óbreytt frá fyrri árum. Forstöðumaður og yfirlæknir er Arthur Löve prófessor, sem ásamt Þorgerði Árnadóttur yfirnáttúrufræðingi stjórna deildinni.

Starfsmenn deildarinnar eru tveir læknar, þrettán náttúrufræðingar, einn lífeindafræðingur, einn rannsóknamaður og einn skrifstofumaður. Einn náttúrufræðingur lét af störfum á árinu.

Starfsemi

Hlutverk rannsóknastofunnar er þrjúþætt: þjónusturannsóknir í veirufræðum fyrir allt landið, grunnrannsóknir í veirufræði og kennsla heilbrigðisstétta.

Á árinu 2010 voru um 40.000 rannsóknir gerðar á sýnum frá sjúklingum. Nokkuð hefur borið á fækkun rannsóknabeiðna, ugglaut vegna núverandi efnahagsástands landsmanna. Auk þess er sýnafjöldi alltaf háður faröldrum veirusýkinga frá ári til árs. Langstærsta verkefni rannsóknastofunnar árið 2009 var greining influensu vegna nýs heimsfaraldurs. Árið 2010 hafði þessi influensa fjarad út og eingöngu greindust örfá tilfelli af henni síðla árs. Á deildinni eru ræktaðir upp stofnar influensuveira úr aðsendum sýnum. Margir þeirra eru síðar sendir til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna eftirlits með breytingum á influensuveirum í heiminum og þróunar og framleiðslu influensubóluefna.

Stór hluti vinnunnar lýtur að greiningu öndunarferasýkinga. Auk influensu má þar nefna árvissa faraldra af RS-veiru, sem herjar einkum á ung börn.

Faraldrar kveisuveira valda oft miklu raski, sérstaklega á sjúkrastofnunum og öldrunarheimilum. Nokkuð bar á calici (noro)veirum á árinu, einkum í lok ársins. Entero-veirur eru algengar veirur og greinast þær hér oftast árið um kring. Af þeim eru ræktaðir upp stofnar úr aðsendum sýnum og sendir til frekari greiningar til Helsinki vegna alþjóðlegs átaks til útrýmingar mænuóttar.

Eyðni- og lífrabólgurannsóknir skipa stóran sess í rannsóknavinnunni. Árið 2010 greindust 24 með HIV-smit og hafa nýgreiningar aldrei verið fleiri á einu ári. HIV-smit breiddist áfram út meðal fíkniefnaneytenda og eru nú nokkrir tugir fíkla HIV-sýktir hérlendis. Farið er að bera á ónæmi gegn HIV-veirulyfjum. Aðferðir til að greina ónæmi veirunnar gegn lyfjum eru flóknar og hefur rannsóknastofan ekki tekið þær upp enn sem komið er en haft er samstarf við rannsóknastofu í Kaupmannahöfn við framkvæmd þessara prófa.

Lifrabólguveira C breiðist enn hratt út meðal sprautufíkla. Mikilvægt er að greina sýkingarnar sem fyrst þar sem oft tekst að halda veirunum í skefjum með lyfjum og minnka smithættu.

Verkefni varðandi lifrabólguveiru C, aðrar lifrabólguveirur og einnig ýmsar illa skilgreindar veirur héldu áfram í samvinnu við háskólasjúkrahúsið í Málmei í Svíþjóð.

Einn náttúrufræðingur er við framhaldsnám í veirufræði við rannsóknastofuna til meistaraþrófs við Læknadeild Háskóla Íslands og hefur hluti verkefnisins verið unninn við veirufræðideild háskólasjúkrahússins í Málmei. Viðfangsefnið er nýuppgötvuð veira, parvóveira 4, en tengsl hennar við sjúkdóma eru enn óljós.

Kennsla var á árinu viðamikill þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar eins og fyrr. Starfsfólk hennar hélt fræðslufundi víða um ýmis efni innan greinarinnar. Starfsfólk kennir og kemur með ýmsu móti að námskeiðum í veirufræði fyrir nema í Háskóla Íslands í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og lífeindafræði. Einn meistaraþrófsnemi var skráður við rannsóknastofuna á árinu og annar hafði þar vinnuaðstöðu til veirurannsóknar.

Sem fyrr situr yfirlæknir í sóttvarnaráði og er formaður nefndar á Íslandi um útrýmingu mænuúsóttar í heiminum. Hann er einnig formaður stjórnar lífsýnasafns sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans.

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli

Almennt yfirlit og stjórnun

Magnús S. Magnússon, rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands, er sem fyrr forstöðumaður Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli. Guðberg K. Jónsson gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem rannsóknaaðili hjá Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli og er framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (hjáheiti: PatternVision Ltd., sjá www.patternvision.com). Náð samstarf er milli Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli og þessa fyrirtækis, sem stofnað var í beinu framhaldi af starfsemi Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli og í samstarfi við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands árið 2000 eftir að verkefni Guðbergs, sem byggðist á notkun aðferðafræði og hugbúnaði Magnúsar S. Magnússonar, hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni „Upp úr skúffunum“ á vegum Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

Rannsóknir og kynning

Starfsemi Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli 2010 varðaði sem fyrr atferlisrannsóknir með sérstakri áherslu á gagnvirkni.

Sjötta vinnustofa MASI, samstarfsnets þrettán evrópskra háskóla, auk Guadalajara-háskóla í Mexíkó, sem stofnað var í Sorbonne í París 1995 á grundvelli greiningarlíkans Magnúsar S. Magnússonar, var haldin við Parísarháskóla VIII 3.–4. desember 2010. Formlegu samstarfi var haldið áfram við rannsóknahópa í atferlislíffræði og sálarfræði við þessa háskóla og við rannsóknahópa við aðra erlenda háskóla sem einnig hafa tekið upp formgerðarlíkan og greiningaraðferðir Magnúsar S. Magnússonar varðandi tímalega formgerð atferlis.

Einnig var haldið áfram samstarfi við rannsóknaaðila í Bandaríkjunum varðandi rannsóknaverkefni um blekkingar í mannlegum samskiptum. Þetta verkefni á vegum National Science Foundation er unnið í samstarfi milli bandarískra háskóla (The University of Chicago, Rutgers University, University of Pittsburg, Michigan State University og Univeristy of Arizona), bresks háskóla (Imperial College London), þýsks háskóla (Kölnarháskóla) og Háskóla Íslands. Magnús S. Magnússon er formlega, í þessu sambandi, aðferðafræðilegur ráðgjafi Chicago-háskóla en nálgun hans hefur þar verið beitt í meira en 30 ár og hélt hann áfram kynningu og leiðbeiningu fyrir rannsóknafólk á árinu við Chicago-háskóla og við Arizona-háskóla sem leiðir umrætt verkefni.

Samstarf styrktist enn á árinu við rannsóknahópa í samskiptasálarfræði, geðlæknisfræði og taugalífeðlisfræði við Kaliforníuháskóla (Irvine), Arizona-háskóla og Chicago-háskóla er Magnúsi S. Magnússyni var boðið þangað á árinu vegna rannsóknasamstarfs. Framhald varð enn á framlagi Rannsóknastofnu um mannlegt atferli til trúvísinda með fyrirlestri Magnúsar S. Magnússonar við árlega ráðstefnu



Society for the Scientific Study of Religion í Baltimore 31. október 2010. Fyrirlesturinn nefndist: „From Number to Prayer: Can there Be a Bio-Mathematical Explanation of Religion?“

Samstarf hélt sömuleiðis áfram við Babraham Institute (University of Cambridge) í Bretlandi um rannsóknir á tímalegri formgerð gagnvirknimynstra taugafruma í heilataugavef (e. olfactory bulb).

Í framhaldi af formlegu samstarfi við tilraunalæknisfræðideild Palermóháskóla á Ítalíu kom á árinu út greinin „T-Pattern Analysis of Diazepam-Induced Modifications on the Temporal Organization of Rat Behavioral Response to Anxiety in Hole Board“ og var Magnús S. Magnússon meðhöfundur.

Magnús S. Magnússon þáði boð um að halda fyrirlestur við alþjóðlega ráðstefnu The American Institute of Mathematical Sciences í Dresden í Þýskalandi 25.–28. maí 2010.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli þar sem ofangreindri nálgun Magnúsar S. Magnússonar er beitt, m.a. verkefni í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, Stjórnun-Odda, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík um kvörðun sjávarfallalíkans og atferlisgreiningu á þorski, styrktu af Rannís, og HUMANOBS-verkefninu sem stýrt er af Gervigreindarsetri Íslands (CADIA) og fjármagnað af 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Guðberg kenndi einnig á námskeiði á árinu fyrir hönd Rannsóknastofnunar um mannlegt atferli, m.a. við Parísarháskóla og Barcelona-háskóla. Rannsóknastofnunin fékk aftur boð um að sækja um verkefnastyrk í COST-áætlunina vegna fjölþjóðlegs verkefnis í framhaldi af starfi MASI-netsins: MASP – Methods for the Analysis of Spatio-Temporal Patterns.

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli tók þátt í ráðstefnunni Measuring Behavior 2010 24.–27. ágúst í Eindhoven í Hollandi og stóð þar fyrir 6 erindum.

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli hefur aðsetur í Háskólabíói við Hagatorg. Heimasíða rannsóknastofnunarinnar er www.hbl.hi.is og var hún endurnýjuð á árinu.

Rannsóknastöðin í Sandgerði

Rannsóknastöðin var sett á laggirnar 1992 til að þjóna rannsóknaverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ (BIOICE). Rannsóknaverkefnið er unnið á vegum umhverfisráðuneytisins í samvinnu Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar háskólans, í samstarfi við Sandgerðisbæ og fjölda erlendra sérfræðinga og stofnana víða um heim. Hlutverk stöðvarinnar er að flokka og greina sýni BIOICE-verkefnisins í helstu fylkingar og flokka dýraríkisins til að auðvelda nánari greiningu þeirra og veita erlendum samstarfsmönnum aðstöðu til rannsókna.

Rannsóknastöðin er í sama húsi og Fræðasetrið í Sandgerði (FS), Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum (RHÍS) og Náttúrustofa Reykjaness (NR) og er aðstaðan að verulegu leyti samnýtt.

Í Rannsóknastöðinni unnu á árinu 2010 níu rannsóknamenn í sjö og hálfu stöðugildi. Þeir sáu um að flokka botndýr sem söfnuðust í rannsóknaverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ (BIOICE), auk þess að sinna öðrum tilfallandi verkefnum fyrir Hafrannsóknastofnunina, Líffræðistofnun háskólans og Náttúrufræðistofnun Íslands. M.a. voru botnsýni af svokölluðu Drekasvæði flokkuð og magainnihald grænleuskra sela greint. Einnig voru flokkuð sýni úr Barentshafi fyrir norska rannsóknaverkefnið Mareano.

Umsjón með rekstri stöðvarinnar hafði Guðmundur Víðir Helgason sjávarlíffræðingur.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum hefur verið í samstarfi við rannsóknastöðina. Starfsmenn fisksjúkdómadeildar hafa notað aðstöðuna í Sandgerði til að gera tilraunir með bóluefni gegn ýmsum fisksjúkdómum á lifandi fiski. Á árinu var hafist handa við að endurbæta aðstöðuna.

Sérfræðingar Líffræðistofnunar stunduðu margvíslegar rannsóknir við stöðina og

nemendur Líf- og umhverfisvísindadeildar nutu aðstöðunnar við rannsóknir sínar. Þá hafa meistaranemarnir Marinó Fannar Pálsson, Fannar Þeyr Guðmundsson, Óskar Sindri Gíslason og Sigríður Kristinsdóttir og doktorsneminn Gunnar Þór Hallgrímsson notað aðstöðuna í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Reykjaness.

Erlendir vísindamenn og nemendur dvöldu við rannsóknir í Sandgerði í um 350 daga á árinu, ýmist í tengslum við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eða Náttúrustofu Reykjaness. Stundaðar voru m.a. rannsóknir á burstaormum, öldrun kúfskeljar og á lifnaðarháttum og mögulegri nýtingu á grjótkrabba. Þá var haldinn vinnufundur vegna verkefnisins IceAge en það er alþjóðlegt verkefni í tengslum við rannsóknaleiðangur þýska rannsóknaskipsins Meteor sem fyrirhugaður er við Ísland árið 2011 en þá er m.a. áætlað að endurtaka sýnatöku á völdum stöðvum úr BIOICE-verkefninu.

Í stöðinni fór einnig fram kennsla á vegum Líf- og umhverfisvísindadeildar. Á vormánuðum fór umfangsmikill verklegur þáttur námskeiðsins Eiturefnavistfræði fram í stöðinni og í júlí var haldið alþjóðlegt námskeið í vistfræði fiska fyrir framhaldsnema í stöðinni. Stöðin lagði einnig til mikinn efnivið til verklegar kennslu í greinum er fást við lífríki sjávar.

Siðfræðistofnun

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir dósent, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal. Bankahrunið setti talsverðan svip á starf Siðfræðistofnunar á árinu þar sem rannsóknarnefnd Alþingis skilaði skýrslu sinni í apríl en stjórnarformaður og forstöðumaður stofnunarinnar voru skipuð af Alþingi í vinnuhóp um starfshætti og siðferði og skrifuðu þau eitt bindi skýrslunnar. Í framhaldi af útkomu hennar fylgdu fjölmargir fyrirlestrar, fundir og námskeið þar sem niðurstöður skýrslunnar voru kynntar.

Rannsóknir

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki og siðfræði læknisfræðinnar undir stjórn Linköping-háskóla: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Kaupmannahöfn í júní og Siðfræðistofnun skipulagði málþing og námskeið fyrir framhaldsnema í Skálholti 19.–21. september um siðfræði rannsókna.

Stjórnarformaður situr í stjórn Nordisk bioetisk komité. Hann sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Vilhjálmur situr einnig í stjórn European Society for Philosophy of Medicine and Health Care og sótti ársþing félagsins í Zagreb. Vilhjálmur situr í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy. A European Journal. Kluwer Academic Publishers, frá 2000, Genomics and Society, Online Journal, frá 2005 og Etik i Praxis. Nordisk tidskrift, frá 2007.

Önnur rannsóknaverkefni

Verkefnið Gildismat og velferð barna í neylusamfélagi nútímans lauk formlega starfi sínu með útkomu bókarinnar Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags hjá Háskólaútgáfunni. Bókin er sú fjórða í ritröð Siðfræðistofnunar. Siðfræði og samtími. Bókin inniheldur 12 greinar á sviði félagsráðgjafar, guðfræði, heimspeki, næringarfræði, sálfræði og uppeldisfræði um siðferðileg álitamál tengd börnum og skilyrði þess að þeim geti farnast vel. Inngangsorð ritar Vigdís Finnbogadóttir.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir forstöðumaður námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Fyrirlestrar og málþing

Síðfræðistofnun skipulagði í samvinnu við Ohio State University ráðstefnu að frumkvæði Sigrúnar Svavarsdóttur undir heitinu Value and Valuing 21.–24. júní. Ráðstefnan var lokuð og hana sótti hópur valinkunnra erlendra heimspekinga: Michael Bratman (Stanford University), John Broome (University of Oxford), Ruth Chang (Rutgers University), Justin D'Arms (Ohio State University), Harry Frankfurt (Princeton University), Allan Gibbard (University of Michigan, Ann Arbor), Pamela Hieronymi (UCLA), Victoria McGeer (Princeton University), Douglas MacLean (UNC, Chapel Hill), Philip Pettit (Princeton University), Peter Railton (University of Michigan, Ann Arbor), Samuel Scheffler (New York University), Tim Scanlon (Harvard University), Seana Shiffrin (UCLA), Michael Smith (Princeton University), Susan Wolf (UNC, Chapel Hill) og Sigrún Svavarsdóttir (Ohio State University) auk íslenskra heimspekinga og nemenda.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Almennt

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Stofnunin byggist á rannsókna- og fræðasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir háskólaráð. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar.

Átta rannsókna- og fræðasetur voru starfrækt allt árið 2010: á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var engin starfsemi síðustu mánuði ársins.

Setrin eru öll faglega sjálfstæðar einingar og tengjast rannsóknir þeirra sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Þrjú megin áherslusvið eru þó áberandi: umhverfisrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Árið 2010 var fyrsta heila starfsár setursins á Skagaströnd þar sem áhersla er lögð á rannsóknir á sviði hugvísinda. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setranna og Háskóla Íslands í Reykjavík.

Starfsmenn og stjórn

Ársverk voru rúmlega 19 hjá Stofnun fræðasetra á árinu og starfsmenn um 30, þar af 14 í starfi allt árið, auk þess sem fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum.

Forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður er Rögnvaldur Ólafsson. Þrjár verkefnisstjórar hjá Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, Birna Gunnarsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir og Úlfar Gíslason, önnuðust stjórnsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina, auk vinnu við vefsíður. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki.

Stjórn stofnunarinnar er auk stjórnarformanns skipuð þeim Erlu Björk Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Varar – sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Rannveigu Ólafsdóttur, dósent við Háskóla Íslands. Reglum stofnunarinnar var breytt á árinu til samræmis við reglur annarra stofnana háskólans og setrin öll færð beint undir stjórn Stofnunar fræðasetra en áður hafði hvert setur haft sérstaka stjórn.

Ýmislegt

Ársfundur Stofnunar fræðasetra var haldinn í Nýheimum á Höfn í Hornafirði 27. september. Yfirskrift ársfundarins var „Framtíðin í fámenni“ og sóttu hann um fimmtíu manns. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, flutti setningarávarp. Sjö framsöguerindi sem tengdust yfirskrift fundarins voru flutt og var þeim síðar útvarpað í Ríkisútvarpinu. Fundarstjóri var Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Vísindavaka Rannís var haldin í september eins og undanfarin ár. Fulltrúar setursins á Suðurnesjum kynntu rannsóknir á grjótkrabba og öðrum sjávardýrum í Hafnarhúsinu í Reykjavík, auk þess sem setrin á Húsavík, Höfn í Hornafirði, Skagaströnd og Sandgerði buðu heimamönnum á hverjum stað til vísindakaffis og kynntu starfsemi sína.

Fræðasetrið á Hornafirði

Fræðasetrið á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúrufari, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum aðstöðu til rannsókna- og fræðastarfs. Fræðasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í fjölbreyttri starfsemi sem þar á sér stað. Setrið hefur unnið að margvíslegum verkefnum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, klasana Ríki Vatnajökuls og Frið og frumkrafta, Vatnajökulspjóðgarð og fleiri aðila.

Forstöðumaður fræðasetursins er Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur. Auk hans störfuðu árið 2010 fjórir fastráðnir starfsmenn við setrið (í 3,5 stöðugildum) í aðalstarfsstöðinni á Höfn: Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur í stöðu sérfræðings og verkefnisstjórnarinnar Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir og Sandra Björg Stefánsdóttir. Ingibjörg Eiríksdóttir starfaði sem verkefnisstjóri í starfsstöðinni á Kirkjubæjarklaustri en hún var lögð niður í árslok 2010.

Doktorsnemar í verkefnum sem tengjast fræðasetrinu eða sérfræðingum þess voru tveir en meistaranemar átta, þar af tveir með aðsetur í Nýheimum. Tveir ofangreindra meistaranema útskrifuðust árið 2010.

Meginviðfangsefni fræðasetursins á Hornafirði eru annars vegar rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar (m.a. rannsóknir á landslagi og á stjórnum friðlýstra svæða) og hins vegar rannsókn- og þróunarverkefni sem varða sjálfbæra ferðaþjónustu og margvíslega nýsköpun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum (t.d. vetrarferðaþjónustu, fræðandi ferðaþjónustu, matarferðaþjónustu og ævintýraferðaþjónustu). Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Ekki fer fram skipulögð kennsla á vegum fræðasetursins en það hefur þó reglulega staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við ýmis svið og námsbrautir Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérfræðingar fræðasetursins sinna jafnframt stundakennslu við Háskóla Íslands og annast leiðbeiningu meistara- og doktorsnema.

Viðamestu verkefni fræðasetursins árið 2010 voru þessi:

- Northern Environmental Education Development Project (NEED), samstarfsverkefni með stofnunum í Finnlandi, Noregi og Írlandi um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðaþjónustu í tengslum við friðlýst svæði.
- Lokafrágangur tillagna að verndaráætlunum fyrir tvö af fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulspjóðgarðs.
- Rannsókn á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðaþjónustu á Suðausturlandi.

Meðal annarra verkefna má nefna rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, rannsóknir sem varða mat á sjálfbærni staðbundinnar matvælaframleiðslu, undirbúningur íbúðingis á Hornafirði og viðhorfskönnun á meðal hluthafa í Ríki Vatnajökuls ehf., ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasa Hornafjarðar.

Árið 2010 var haldið eitt vettvangsnámskeið við fræðasetrið fyrir íslenska nemendur. Setrið hafði einnig milligöngu um komu tveggja erlendra námshópa til Hornafjarðar og annaðist kennslu fyrir annan þeirra að hluta. Forstöðumaður annaðist stundakennslu í þremur námskeiðum, þar af einu hjá Listaháskóla Íslands. Haldnar voru þrjár ráðstefnur og tvö málþing á vegum fræðasetursins eða í samstarfi við það á árinu auk þess sem það tók þátt í skipulagningu á alþjóðlegri ráðstefnu, APEX: Arctic Paleoclimate Proxies and Chronologies, sem haldin var á Höfn. Forstöðumaður setursins flutti fyrirlestra á þremur erlendum og fimm innlendum ráðstefnum á árinu, auk fjölmarga smærri erinda. Hann var einnig andmælandi í doktorsvörn við Háskóla Íslands. Útgáfa fræðasetursins, starfsmanna eða nemenda á þess vegum árið 2010 var eftirfarandi: Bækur (1), ritrýndir bókarkafar (3), ritrýndar greinar (1), ritdómar (2), þýðingar (1), meistara- og doktorsritgerðir (2), útgefnar skýrslur (2) og aðrar skýrslur (4).

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Selfossi og Gunnarsholti

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009. Setrinu er ætlað að stunda rannsóknir sem auka þekkingu á hvers konar landnotkun og hefur það verið nefnt Landnotkunarsetur í daglegu tali. Aðsetur þess eru í Gláðheimum við Tryggvagötu 36 á Selfossi þar sem það deilir húsnæði með Háskólafélagi Suðurlands og Fræðsluneti Suðurlands, og í höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur er forstöðumaður setursins og eini fastráðni starfsmaður þess árið 2010. Vigfús Eyjólfsson vann í hlutastarfi við setrið við uppbyggingu og umsjá gagnagrunna. José Alves nýdokter starfaði við setrið sumarið 2010 en vinna hans er fjármögnuð af breska rannsóknaráðinu og starfar hann við University of East Anglia.

Rannsóknir í vistfræði hafa verið fyrirferðarmiklar í starfsemi setursins og áhersla verið lögð á vöktun líffræðilegrar fjölbreytni. Í samvinnu við vísindamenn við University of East Anglia og British Trust of Ornithology í Bretlandi var unnið að rannsókn á tengslum landbúnaðar og búsvæða á láglandi við líffræðilega fjölbreytni. Gagnaöflun hófst 2009 og er stefnt að því að ljúka henni 2011. Setrið vinnur með Landgræðslu ríkisins að rannsóknum á áhrifum uppgræðslu á líffræðilega fjölbreytni og hófust rannsóknir á áhrifum lúpínu á dýralíf árið 2010.

Við setrið eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á fuglum, jafnt fræðilegar rannsóknir sem þær sem tengjast nytjum og landnotkun.

Á árinu hófst vinna við verkefni sem miðar að því að lýsa og greina eðli og umfang landbreytinga frá 1900 til okkar tíma. Til að byrja með verður lögð áhersla á Suðurland þar sem landbreytingar hafa verið hraðar, m.a. með aukinni frístundabyggingu, iðnaði og breyttu búsetumynstri í sveitum. Rannsóknin miðar að því að greina landbreytingar á magnbundinn hátt, þá drifkrafta sem ráða hraða og eðli landbreytinga og afla upplýsinga sem geta nýst við stjórnun landnotkunar.

Tveir doktorsnemar vinna að rannsóknaverkefnum í tengslum við setrið og fimm meistaranemar. Þá leiðbeindi forstöðumaður þremur BS-nemum og luku tveir þeirra prófi á árinu.

Í janúar héldu setrið og Háskólafélag Suðurlands ráðstefnu á Selfossi um landnotkun. Margir af helstu sérfræðingum landsins á því sviði héldu yfirlitserindi og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra flutti setningarávarp. Á annað hundrað manns sótti ráðstefnuna og komu gestir víða að.

Rannsókn- og fræðasetrið á í samstarfið við fræðimenn frá ýmsum Evrópulöndum, m.a. University of East Anglia, Cambridge-háskóla og British Trust for Ornithology í Bretlandi. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru Háskólafélag Suðurlands, Landgræðsla ríkisins og Háskólasetur Snæfellsness.

Forstöðumaður setursins er umsjónarmaður fuglafræðikennslu við Háskóla Íslands og kenndi fuglafræðinámskeið á vormisseri og tók þátt í kennslu í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Af öðrum verkefnum má nefna að forstöðumaður setursins leiðir ásamt fleirum vinnu klasans „Fuglar á Suðurlandi“ sem ætlað er að efla fuglatengda ferðapjónustu en Suðurland býður upp á mikla möguleika á því sviði. Þá á forstöðumaður sæti í vinnuhópi um að efla starfsemi Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Þrjár greinar eftir forstöðumann birtust í ritrýndum tímaritum á árinu og hann hélt þrjá fyrirlestra á ráðstefnum erlendis, í Portúgal og Brasilíu. Á vegum setursins voru þrjú veggspjöld til sýnis á ráðstefnum erlendis.

Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði

Háskólasetur Suðurnesja var stofnað árið 2004 og er til húsa á Garðvegi 1 í Sandgerði. Við háskólasetrið eru stundaðar margvíslegar rannsóknir sem tengjast lífríki



sjávar og fuglum. Sérstök áhersla er á rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur.

Forstöðumaður setursins er Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur og var hann eini fastráðni starfsmaðurinn 2010. Óskar Sindri Gíslason var verkefnaráðinn en hann lauk meistaraþrófi við setrið 2009. Fannar Peyr Guðmundsson og Marinó Fannar Pálsson unnu áfram að meistaraverkefnum sínum við setrið og í samvinnu við Náttúrustofu Reykjaness höfðu doktorsneminn Gunnar Þór Hallgrímsson og Sigríður Kristinsdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Reykjaness, aðstöðu við setrið, auk sérfræðinga frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Setrið samnýtir aðstöðuna á Garðvegi 1 með Náttúrustofu Reykjaness, Botndýrastöðinni og Fræðasetrinu í Sandgerði. Sandgerðisbær hefur staðið myndarlega að uppbyggingu og rekstri þessara stofnana frá upphafi og eru ýmis rannsóknaverkefni unnin í góðri samvinnu við þær. Stofnað var til samstarfs við tvö fyrirtæki í Sandgerði, Slægingarþjónustu Suðurnesja ehf. og MC09 ehf., á sviði krabbavinnslu og rannsókna. Þá safnaði setrið áfram svömpum og öðrum botnföstum sjávarhryggleysingjum í samstarfi við Sesselju Ómarsdóttur hjá Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

Helstu verkefni á árinu 2010 voru áframhaldandi rannsóknir á hinum nýja landnema grjótkrabba (styrktar af sjávarútvegsráðuneytinu), þátttaka í alþjóðlega verkefniinu ICON (Integrated Assessment of Contaminant Impacts on the North Sea), þar sem áhrif mengandi efna á krækling og flundru eru rannsökuð með því að beita ýmsum bíómarkerum, og kortlagning fjara á Reykjanesi í samvinnu við Náttúrustofu Reykjaness. Forstöðumaður setursins var í vinnuhópi á vegum Alþjóðahafnrannsóknaráðsins um líffræðileg áhrif mengandi efna. Líkt og undanfarin ár fóru fram rannsóknir á frumulíffræði kúfkelja í tengslum við öldrun en sjórinn sem tilraunastofan á Garðvegi 1 hefur aðgang að er einstaklega hentugur fyrir slíkar rannsóknir vegna þess hve hreinn hann er. Við þær rannsóknir dvöldu fjórir þýskir vísindamenn á setrinu í rúmar tvær vikur.

Setrið stóð að skipulagningu alþjóðlegrar ráðstefnu um djúpsjávarlíffræði í júní. Rúmlega 300 manns frá 18 löndum sóttu ráðstefnuna og tókst hún afar vel í alla staði. Ráðstefnugestum var boðið til Sandgerðis þar sem forstöðumaður setursins kynnti starfseminna. Í tengslum við ráðstefnuna voru haldnir vinnufundir á setrinu þar sem vísindamenn nýttu sér aðstöðuna og dvöldu á staðnum í allt að viku. Einnig stóð setrið fyrir fimm daga vinnufundi með innlendum og erlendum vísindamönnum í tengslum við fyrirhugaðan leiðangur þýska rannsóknaskipsins Meteor til Íslands 2011.

Smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru einnig unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, auk verkefna á rannsóknabátnum Sæmundi fráóða RE en forstöðumaður setursins er skipstjóri og umsjónarmaður bátsins.

Forstöðumaður sá um hluta verklegrar kennslu í eiturefnavistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og fór kennslan fram á setrinu. Hann kenndi einnig hluta sjávarvistfræðinámskeiðs í Haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða á Ísafirði. Í samvinnu með Náttúrustofu Reykjaness tók setrið þátt í kennslu í vistfræði við Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Framhaldsnemar í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors við Háskóla Íslands, dvöldu við setrið í þrjá daga og 20 nemar og kennarar frá Köge Gymnasium dvöldu á setrinu í eina viku og unnu verkefni undir handleiðslu forstöðumanns.

Á háskólasetrinu er sýningin Heimskautin heilla, sem fjallar um líf og störf franska landkönnuðarins Jean-Baptistes Charcot, sem fórst 1936 með rannsóknaskipinu Pourquoi pas? Sýningin er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og háskólasetursins.

Setrið tók þátt í vísindavöku Rannís í Hafnarhúsinu í Reykjavík fyrir hönd Stofnunar fræðasetra, stóð fyrir vísindakaffi Rannís í Sandgerði, tók þátt í náttúruviku á Suðurnesjum, þar sem m.a. voru sýnd lifandi dýr í sjávarbúrum, og tók á móti líffræðinemum við Háskóla Íslands í árlegri vísindaferð þeirra til Sandgerðis. Rannsóknir setursins á grjótkrabba voru kynntar í sjónvarpsþættinum Landanum í ríkissjónvarpinu, fjallað var ítarlega um starfsemi setursins í Samfélaginu í nærmýnd á Rás 1 og rætt við forstöðumann í Speglinum á Rás 2 um áhrif olíumengunar á lífríki Mexíkóflóa í kjölfar olíuslyssins sem þar varð á árinu.

Þrjár greinar eftir forstöðumann voru birtar í ritrýndum tímaritum, ein skýrsla kom út og setrið gaf út eitt ráðstefnurit.

Háskóla­setur Snæfellsness, Rannsókn­a- og fræðasetur Háskóla Íslands, Stykkishólmi

Háskóla­setur Snæfellsness tók til starfa í apríl 2006. Setrið er til húsa á Hafnargötu 3 í Stykkishólmi en hefur auk þess aðgang að rannsóknastofum fyrir grófvinnu og sameindalíffræði og afnot af íbúð fyrir gestafræðimenn í samstarfi við Náttúrustofu Snæfellsnes og Stykkishólmsbæ. Forstöðumaður er Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur.

Rannsóknir á vegum setursins snúast einkum um stofn- og varpvistfræði fugla. Æðarfugl hefur verið aðalviðfangsefni rannsóknasetursins, enda æðarvörp hvergi fleiri en við Breiðafjörð. Við rannsóknirnar nýtast m.a. gögn sem æðarbændur hafa safnað og veitt aðgang að. Æðarungar hafa verið taldir árlega í Breiðafirði frá 2007. Veturinn 2009–2010 hófust talningar sem meta kynja- og aldurshlutföll æðarfugls á Suðvesturlandi og Snæfellsnesi en þessar tölur eru mikilvægar vísitölur um ástand æðarstofnsins. Annað fastaverkefni er stofnvistfræði dílaskarfs, einkum árlegt mat á fjölda hreiðra og aldurshlutföllum. Rannsóknir á skarfi eru unnar í samstarfi við Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands.

Una Kristín Pétursdóttir var starfsmaður allt árið, að mestu í hlutastarfi, og vann einkum að verkefnum sem tengjast talningu á æðarfugli.

Tveir doktorsnemar stunda nám í tengslum við setrið, Þórður Örn Kristjánsson og Freydís Vigfúsdóttir, og unnu þau að gagnaöflun sumarið 2010. Bæði eru langt komin með doktorsrannsóknir sínar og stefna á útskrift 2012, Þórður Örn frá Háskóla Íslands og Freydís frá University of East Anglia í Englandi.

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti tvo líffræðinema við háskólann til starfa við setrið sumarið 2010 og unnu þau við rannsóknir á lunda og kríu. Þá tók setrið þátt í verkefni með Vör – sjávarrannsóknasetri þar sem nemi við Fjölbautaskóla Snæfellinga vann tilraunaverkefni um veiðar á marhnút, sprettfiski, marflóm og kræklingi með styrk úr AVS-sjóðnum.

Forstöðumaður tók þátt í vinnustofu 26 sérfræðinga frá Norðurlöndum um samstarf um rannsóknir á vatnafuglum og loftlagsbreytingum (NOWAC) og hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar. Samstarfið er styrkt af NordForsk og voru þátttakendur frá Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Rædd voru ýmis málefni er varða vernd og nýtingu andfugla á Norðurlöndum, m.a. möguleg áhrif loftslagsbreytinga á andastofna í Norður-Evrópu. Ráðstefna um viðfangsefnið verður haldin á Íslandi 2013 og á forstöðumaður sæti í undirbúningsnefnd hennar. Þá kynnti Freydís Vigfúsdóttir doktorsnemi rannsóknir sínar á ráðstefnum í Kanada, Portúgal og Bretlandi.

Setrið stóð fyrir fimm opnum fyrirlestrum í ráðhúsi Stykkishólms í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Gestafyrirlesarar fjölluðu um þorsk, skötusel, landgræðslu, vistvæn innkaup og botndýr í Breiðafirði.

Setrið tekur þátt í verkefninu W23 ásamt Náttúrustofu Vesturlands, Vör –sjávarrannsóknasetri við Breiðafjörð, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og útibúi Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík. Markmið verkefnisins er að efla rannsóknir, fjölga rannsóknánámsnemum, auka sýnileika og styrkja rannsóknahverfið á Snæfellsnesi.

Forstöðumaður kenndi hluta fuglafræðinámskeiðs á vormisseri og hluta dýrafræðinámskeiðs á haustmisseri við Háskóla Íslands. Hann var jafnframt leiðbeinandi eins doktorsnema og tveggja BS-nema.

Tvær greinar eftir forstöðumann birtust í ritrýndum tímaritum. Forstöðumaður og nemi við setrið héldu fyrirlestra á tveimur ráðstefnum erlendis og voru með veggspjöld á þremur erlendum ráðstefnum, auk fyrirlestra og erinda innanlands. Tvær BS-ritgerðir, sem unnar voru undir leiðsögn forstöðumanns, voru lagðar fram á árinu, önnur við Háskóla Íslands og hin við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum tók til starfa síðla árs 2007. Setrið er til húsa í Aðalstræti 21 í Bolungarvík en þar eru einnig Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifavernd ríkisins með embætti minjavarðar Vestfjarða. Setrið hefur góða aðstöðu til að taka á móti vísindamönnum og nemendum ásamt rannsóknastofu fyrir vistfræði- og arfgerðagreiningar og búratilraunir á smáfiskum. Einnig er setrið með starfsstöð á Patreksfirði. Forstöðumaður rannsókn- og fræðasetursins er Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur.

Á vegum setursins eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir tengdar náttúru, menningu og samfélagi. Rannsóknastarfið er að talsverðu leyti byggt á starfi rannsóknanema. Einn doktorsnemi við Háskóla Íslands, Guðmundur Smári Gunnarsson, vinnur að doktorsverkefni sínu undir leiðsögn forstöðumanns setursins. Sex meistaranemar unnu verkefni sín við setrið á árinu og fjórir þeirra útskrifuðust á árinu. Þá höfðu fjórir aðrir háskólanemar aðstöðu við setrið um skemmri tíma.

Stærstu rannsóknaverkefni setursins á árinu 2010 voru á sviði þróunarvistfræði fiska og ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Rannsóknaverkefninu Reynslulíkön um stofnaaðskilnað, sem styrkt var til þriggja ára af Rannsóknasjóði Íslands, lauk í árslok. Niðurstöður verkefnisins sýna hvernig fjöldi þátta, m.a. botngerð, sníkjudýrasamfélög og félagsmótun, verkar saman við þróun breytileika innan fiskistofna. Haldið var áfram að byggja upp rannsóknir á vistfræði og þróunarvistfræði nytjastofna með áherslu á þorskseiði. Þessar rannsóknir hafa verið styrktar af Verkefnasjóði sjávarútvegsráðuneytisins síðastliðin tvö ár og hafa þegar skilað mikilvægum niðurstöðum um búsvæði, samkeppni og fæðunám þorskeiða og hvernig þessir þættir stuðla að uppkomu seiðanna.

Á sviði ferðamála var haldið áfram að kanna ferðir og viðhorf ferðamanna á Vestfjörðum en setrið hefur séð um framkvæmd þeirrar könnunar frá 2008. Þá var unnin áhugaverð rannsókn á sjávarhengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum þar sem kannað var mikilvægi sjávar og strandar í ímynd Vestfjarða sem ferðamannastaðar. Niðurstöðurnar sýna almennt jákvæða og sjávarhengda ímynd en benda jafnframt til mismis á milli þeirrar ímyndaðar sem ferðaþjónustuaðilar telja svæðið hafa og hinnar sem ferðamennirnir er heimsækja svæðið hafa.

Forstöðumaður var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið en við starfsstöðina á Patreksfirði störfuðu tveir ferðamálafræðingar, Alda Davíðsdóttir í þrjú mánuði og Íris Hrund Halldórsdóttir sex mánuði. Fullt starf verkefnisstjóra á Patreksfirði var auglýst til umsóknar seint á árinu og var Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur ráðinn.

Rannsókn- og fræðasetrið tekur þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum. Rannsókn á uppeldisstöðvum þorskeiða er unnin í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, Háskólann á Hólum, Líffræðistofnun Háskóla Íslands og rannsóknastofnunina EAWAG í Sviss. Hólaskóli og Líffræðistofnun Háskóla Íslands taka einnig þátt í verkefninu Reynslulíkön um stofnaaðskilnað, ásamt háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi, og Hólaskóli og IceCod ehf. eru samstarfsaðilar í rannsókn á áhrifum sjálfsráns á atferli og vöxt þorskeiða. Meðal annarra samstarfsaðila má nefna Náttúrustofu Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða og Markaðsstofu Vestfjarða. Þá tekur setrið þátt í verkefninu WildNorth ásamt fjölmörgum aðilum hérlendis, á Grænlandi, í Færeyjum og í Noregi.

Forstöðumaður annaðist umsjón með námskeiðinu Coastal and Marine Ecology fyrir Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði og Háskólann á Akureyri. Hún var jafnframt aðalleiðbeinandi eins doktorsnema og fimm meistaranema og fjórir þeirra skiluðu á árinu MS-ritgerðum sem unnar voru við setrið undir leiðsögn forstöðumanns.

Ein ritrýnd grein eftir forstöðumann birtist á árinu og einn bókarkafli. Hún og aðrir starfsmenn og nemendur við setrið voru höfundar sjö fræðilegra skýrslna, auk þess sem þrjú fræðilegir fyrirlestrar voru haldnir og eitt veggspjald kynnt á ráðstefnum.



Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra tók til starfa árið 2009. Meginviðfangsefni þess er sagnfræðirannsóknir og er það fyrsta rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands sem sérhæfir sig í rannsóknum á sviði hugvísinda. Setrið er til húsa við Einbúastíg á Skagaströnd þar sem einnig er annar rekstur tengdur rannsóknum, menningarstarfsemi og stjórnsýslu svæðisins. Setrið var formlega opnað við hátíðlega athöfn í apríl. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands fluttu ávörp við opnunina. Þá færðu Anna Agnarsdóttir, prófessor og forseti Sögufélags, og Eggert Þór Bernharðsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, setrinu bókagjafir frá Sögufélagi og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Forstöðumaður setursins á Skagaströnd er Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur. Auk hennar starfaði Soffía Guðný Guðmundsdóttir sem verkefnisstjóri við setrið í fjóra mánuði á árinu.

Árið 2010 var fyrsta heila starfsár setursins. Auk rannsókna á sviði réttarsögu og menningartengdrar ferðþjónustu var unnið að verkefnum á sviði munnlegrar sögu í samvinnu við Miðstöð munnlegrar sögu, og fræðastofnanir, félög og fyrirtæki í Húnaþingi vestra. Setrið er fulltrúi Háskóla Íslands í samstarfi um stofnun rannsóknaseturs um vestnorræna sögu í samvinnu við Fróðskaparsetrið í Færeyjum, Þjóðminja- og Þjóðskjalasafns Grænlands og fleiri aðila, íslenska, danska og norska.

Rannsóknasetrið hefur unnið í góðu samstarfi við sveitarfélagið Skagaströnd og atvinnufulltrúa á svæðinu. Það tekur þátt í starfi setra og safna í Húnavatnssýslum og hefur unnið óformlega að verkefnum með Byggðasafni Strandamanna og Húnavetninga á Reykjum í Hrutafirði, en það samstarf hefur meðal annars skilað því styrkveitingum til verkefna. Rannsóknasetrið hafði frumkvæði að samstarfsverkefni um skráningu og varðveislu hljóðheimilda og sótti samstarfshópurinn um verkefnisstyrk til Rannís. Þótt hann hafi ekki fengist náðust styrkir annars staðar að til að undirbúa stærra verkefni. Verkefnið verður unnið á Hvammstanga og verður bæði fræðilegt og hagnýtt.

Rannsóknir á sögu og menningu í tengslum við menningartengda ferðþjónustu eru enn í mótun og var unnið að undirbúningi þeirra á árinu, m.a. sótti forstöðumaður alþjóðlega ráðstefnu um málefnið. Markmiðið verður meðal annars að safna gögnum sem nýta má við skipulag, ákvarðanir og verkefnisþróun. Forstöðumaður hefur kynnt sér málefnið víða og talað um það á alþjóðlegri ráðstefnu.

Forstöðumaður er þátttakandi í samnorrænu réttarsöguverkefni, REUNA, og hélt á árinu erindi á alþjóðlegri ráðstefnu Samtaka um evrópskra samanburðarréttarsögu, á málþingi um réttarsögu á vegum háskólans í Björgvín og í boði réttarsögudeildar Nottingham-háskóla.

Setrið stóð fyrir tveimur ráðstefnum á Skagaströnd á árinu. Hin fyrri var haldin í tengslum við formlega opnun setursins í maí undir yfirskriftinni Nokkur brot úr sögu samskipta Íslands við erlend ríki. Hin síðari, „Framtíð Jóns Sigurðssonar – Karlar á stalli og ímyndasköpun“, var haldin í september. Báðar ráðstefnurnar voru vel sóttar, bæði af heimamönnum og aðkomufólki. Þá hélt Karl Aspelund, sem stundar doktorsnám í Bandaríkjunum, opinn fyrirlestur á vegum setursins, „Norðlendingar standa í þessu öllum framar...“ í júní. Setrið tók þátt í vísindavöku Rannís með kynningunni „Mikilvægi munnlegrar sögu“ á vísindakaffi í september. Viðburðirnir vöktu athygli og voru allir vel sóttir.

Fjölskylda Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings, sem lést árið 2009, færði setrinu sagnfræðibókasafn hans að gjöf en í því eru meira en 3000 titlar. Safnið verður skráð í Gegni og sett upp á Skagaströnd þar sem það verður hluti af starfsemi rannsókn- og fræðasetursins en einnig opið til notkunar á staðnum fyrir fræðimenn og almenning.

Ein ritrýnd grein eftir forstöðumann birtist á árinu, auk þess sem hún hélt fimm fræðilega fyrirlestra og fjögur erindi. Þá birtist ein grein eftir forstöðumann í dagblaði. Mikil umfjöllun var um setrið og starfsemi þess í fjölmiðlum í tengslum við opunarhátíð og aðra viðburði á árinu.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík

Starfsemi Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Norðausturlandi hófst 2007. Setrið er til húsa á Hafnarstétt 3 á Húsavík og þar eru einnig til húsa Þekkingarnet Þingeyinga og Náttúrustofa Norðausturlands, sem setrið á gott samstarf við. Setrið sérhæfir sig í rannsóknum á sjávarspendýrum, einkum hvölum. Forstöðumaður rannsókn- og fræðasetursins á Húsavík er Marianne H. Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Edda Elísabet Magnúsdóttir vann að doktorsverkefni sínu við setrið í rúmlega 80% stöðugildi. Fredrik Christian- sen og Maria Iversen stunda einnig doktorsrannsóknir undir leiðsögn forstöðu- manns setursins og einn meistaranemi lauk námi undir handleiðslu hennar á árinu.

Eins og nokkur undanfarin ár tók Marianne H. Rasmussen þátt í rannsóknaverkefni um líffræði grænlandssléttbaks við Diskó-eyju við vesturströnd Grænlands sem Náttúrufræðistofnun Grænlands stýrir. Verkefnið er styrkt af danska umhverfisráðuneytinu. Forstöðumaður tók einnig þátt í talningu náhvala við norðvesturströnd Grænlands.

Unnið var að greiningu talningargagna úr Trans-North-Atlantic Sighting Surveys sem aflað var sumarið 2007 í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Rannsókn- og fræðasetrið hefur safnað hljóðupptökum úr Skjálfaflóa á um tveggja ára tímabili og verða gögnin nýtt til að greina viðveru ólíkra hvalategunda á norðausturhorni landsins, sem og ólíka hljóðmyndun þeirra. Upptökunum er safnað með sérhæfðum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Kvikmyndatökulið frá Englandi fylgdist með þegar gögn voru sótt í tækin í sumar og verður efnið sýnt í þætti hjá breska ríkissjónvarpinu BBC. Setrið eignaðist mikilvægan rannsóknabúnað á árinu, tvo nýja hljóðnema sem keyptir voru fyrir styrkjafé og munu koma að miklu gagni við fjölbreytt verkefni.

Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi við setrið, hlaut styrk til þriggja mánaða námsdvalar í Bandaríkjunum þar sem hún naut leiðsagnar sérfræðinga í greiningu á hvalahljóðum. Hún hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar á ráðstefnu The Acoustical Society of America í Baltimore þar sem saman voru komnir helstu sérfræðingar heims í greiningu á hljóðum dýra.

Á vegum setursins er mikil samvinna við erlenda háskóla og stofnanir. Rannsóknahópur frá St. Andrews-háskóla í Skotlandi dvaldi við setrið í þrjár vikur í sumar og vann að fjölbreyttri gagnaöflun í Skjálfaflóa. Rannsókn- og fræðasetrið hefur aðgang að öllum gögnum sem aflað var og munu þau nýtast í rannsóknaverkefnum setursins.

Marianne H. Rasmussen skipulagði vinnufund 30 sérfræðinga um blettahnýðinga á fundi European Cetacean Annual Society í Stralsund í Þýskalandi þar sem hún hélt einnig fyrirlestur. Þá var hún gestafyrirlesari við háskólann í Tübingen í Þýskalandi og hélt fyrirlestur á ráðstefnunni Dansk havpatedyr symposium, auk fyrirlestra innanlands. Fjórar greinar eftir forstöðumann birtust í alþjóðlegum tímaritum.

Fimm starfsmenn frá Kanada og Bandaríkjunum komu til liðs við Rannsókn- og fræðasetrið í júní og aðstoðuðu við gagnaöflun frá hvalaskoðunarbátum og úr Húsavíkurvita. Þau stefna öll á framhaldsnám í líffræði og vinna undir leiðsögn starfsmanna að sjálfstæðum rannsóknaverkefnum sem tengjast viðfangsefnum setursins. Tveir franskir meistaranemar bættust í hópinn síðla sumars og ljúka sex mánaða rannsóknatengdu starfsnámi við setrið í febrúar 2011. Á þeim þremur árum sem rannsókn- og fræðasetrið hefur verið starfrækt hefur miklum og fjölbreyttum gögnum verið safnað og því er kærkomið að fá nemendur til aðstoðar.

Setrið tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni, The Wild North, þar sem gögn sem safnað er úr Húsavíkurvita og frá hvalaskoðunarbátunum eru nýtt. M.a. verður hægt að byggja á þeim fyrirhugaðar leiðbeiningar um siglingar hvalaskoðunarbáta í grennd við hvali.

Þá hefur setrið fundað með talsmanni samtakanna International Fund of Animal Welfare (IFAW) á Íslandi þar sem ræddar voru tillögur að aukinni fræðslu til almennings um lífnaðarhætti hvala við Ísland og rannsóknirnar sem stundaðar eru við setrið.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum hóf starfsemi árið 2008. Valdimar Briem sálfræðingur gegndi starfi forstöðumanns frá hausti 2009 þar til setrið var lagt niður um mitt ár 2010. Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir félagsfræðingur var í 20% starfi hjá setrinu í hálfu ári. Vinnuhópur um starfsemi Háskóla Íslands á Austurlandi er að störfum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði nýja stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á árinu. Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur er formaður og aðrir í stjórn eru Ásgrímur Angantýsson málfræðingur, Guðrún Þórhallsdóttir dósent, Torfi Tulinius prófessor og Terry A. Gunnell prófessor.

Starfsemi

Starfsemi stofnunarinnar var blómleg á árinu 2010. Innan stofnunarinnar er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem hverfast um að varðveita, efla og rannsaka margvísleg gögn stofnunarinnar og miðla þeim til almennings og fræðimanna á Íslandi og um allan heim. Stofnunin er háskólastofnun í góðu samstarfi við íslenska háskóla, ekki síst Háskóla Íslands. Hún er ekki síður alþjóðleg stofnun í nánnum tengslum við vísindamenn og systurstofnanir á sínu fræðasviði. Samstarfssamningur er í gildi milli Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Starfsmenn kenna námskeið við skólann og háskólakennarar og stúdentar nota rannsóknabókasafn stofnunarinnar, auk þess sem nemendum í framhaldsnámi er veitt þar vinnuaðstaða. Forstöðumaður Árnastofnunar, Guðrún Nordal, er jafnframt prófessor við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Árið var viðburðaríkt í starfi stofnunarinnar. Hlúð var að verðmætum gögnum hennar og ötullega unnið að miðlun þeirra til almennings og fræðimanna með því að yfirfæra þau á stafrænt form. Unnið var að rannsóknum á fjölbreyttum sviðum íslenskra fræða.

Hæst bar aldarafmæli örnefnasöfnunar. Stofnunin fagnaði því í október að öld væri liðin frá því að formleg örnefnasöfnun hófst í landinu. Elstu skrárnar eru úr fórum Brynjúlfs Jónssonar (1838–1914) fræðimanns frá Minna-Núpi. Í tilefni af afmælinu var blásið til málþings um örnefni. Þar kom vel fram hve mikil auðlegð er í örnefnaskránum og hve þekking á örnefnum skiptir miklu í rannsóknum á sögu og náttúru landsins, sem og orkurannsóknum.

Handritavefurinn, www.handrit.is, var vígður á árinu en þá náðist mikill áfangi enda veitir vefurinn aðgang að sögulegum handritum sem ná hundruð ára aftur í tímann og þar eru sameinuð handritasöfn stofnunarinnar, Árnastofnunar í Danmörku og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Kennsla

Á árinu 2010 kenndu margir starfsmenn stofnunarinnar námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Guðvarður Már Gunnlaugsson kenndi handritafræði auk þess að taka þátt í námskeiðinu Aðferðir og vinnubrögð við Íslensku og menningardeild. Sérfræðingar stofnunarinnar tóku ríkan þátt í kennslu í hinu alþjóðlega meistaranámi Medieval Icelandic Studies. Haraldur Bernharðsson kenndi forn-íslensku og Svanhildur Óskarsdóttir og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson kenndu saman námskeið í handritavinnu. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeið um iðorðfræði í þýðingafraeði. Hún kenndi einnig samnorrrænt iðorðanámskeið í fjarkennslu og hélt fyrirlestur í námskeiðinu Mál og kyn. Rósa Þorsteinsdóttir kenndi og hafði umsjón með námskeiðinu Þjóðlagaakademía 2010 sem haldið var af stofnuninni og Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sem báðir meta námskeiðið til tveggja eininga. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið um munnlega hefð og íslenskar forn-sögur og kvæði innan þjóðfræðinnar á Félagsvísindasviði og tók einnig þátt í námskeiði í Medieval Icelandic Studies á Hugvísindasviði um kenningar um sögur um Íslendinga. Loks hélt Ari Páll Kristinsson fyrirlestur í námskeiðinu Icelandic culture.

Fjölmarginir nemendur í BA og MA-námi nutu góðs af leiðbeiningu starfsmanna stofnunarinnar við vinnu að lokaritgerð eða unnu rannsóknaverkefni sitt við bókasafn stofnunarinnar.

Hús íslenskra fræða

Hönnun á hinu nýja Húsi íslenskra fræða miðaði vel á árinu og verður henni lokið vorið 2011. Nýtt hús mun hýsa alla starfsemi stofnunarinnar og sýningu á handritum. Þá kemst starfsemin jafnframt í beint samband við starf Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands sem mun opna ný tækifæri.

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Stofnun Sæmundar fróða sinnir rannsóknum og kennslu um sjálfbæra þróun og er vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir með samvinnu innan Háskóla Íslands og utan. Á árinu varð sú breyting á reglum stofnunarinnar að hún heyrir nú undir öll fræðasvið háskólans og eiga þau öll fulltrúa í stjórn hennar. Stofnunin er vistuð hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Stjórn

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir jarðeðlisfræðingur er formaður stjórnar (varamaður: Birgir Hrafnkelsson dósent) en aðrir stjórnarmenn eru Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar (varamaður: Laura Scheving Thorsteinson, verkefnisstjóri hjá Landlækniseimbættinu), Gísli Pálsson prófessor (varamaður: Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor), Róbert H. Haraldsson prófessor (varamaður: Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor) og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor (varamaður: Allyson MacDonald prófessor).

Aðstaða og starfsmenn

Stofnun Sæmundar fróða er til húsa á þriðju hæð í Gimli þar sem hún hefur þrjár skrifstofur til umráða auk vinnuástöðu í opnu rými fyrir verkefnaráðna sérfræðinga. Fastráðnir starfsmenn Stofnunar Sæmundar fróða eru Brynhildur Davíðsdóttir umhverfis- og auðlindafræðingur, Guðrún Pétursdóttir framkvæmdastjóri og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, líffræðingur og umhverfisfræðingur.

Verkefnaráðnir sérfræðingar á árinu voru Anna Dröfn Ágústsdóttir, Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, Anna Theódóra Rögnvaldsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Hildur Friðriksdóttir, Katrín Sóley Bjarnadóttir, Katrín Georgsdóttir, René Biasone og Tryggvi Hjörvar. Rannsóknanemar með fasta vinnuástöðu hjá Stofnun Sæmundar fróða voru: Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, Katrín Sóley Bjarnadóttir, Linda Björk Hallgrímsdóttir, Ragnhildur G. Finnbjörnsdóttir, René Biasone, Sigrún María Kristinsdóttir og Tryggvi Hjörvar, auk margra sem óreglulega notuðu les- og vinnuástöðu Stofnunar Sæmundar fróða.

Rannsóknaverkefni

Unnið var að ýmsum rannsóknaverkefnum á árinu, bæði nýjum og eldri. Þeirra helst eru:

Aska og heilsa

Þegar eldgos hófst í Eyjafjallajökli var umsvifalaust undirbúin rannsókn á áhrifum þess á heilsu bæði manna og dýra. Heilbrigðisráðherra skipaði stýrihóp í þessu skyni og er Guðrún Pétursdóttir formaður hans. Ríkisstjórnin veitti 9 m.kr. styrk til verkefnisins sumarið 2010 og var þegar hafist handa við gagnasöfnun. Haustið 2010 voru sendir út spurningalistar til tæplega 2.000 íbúa á Suðurlandi og 700 Skagfirðinga til samanburðar. Spurningarnar fjölluðu bæði um líkamlega og andlega líðan eftir eldgosið, auk spurninga um félagslega þætti. Einnig var safnað vefjasýnum sláturdýra til meinafræðirannsókna.

Coast Adapt

Verkefnið varðar hæfni smárra strandsamfélaga til að takast á við breytingar og náttúruhamfarir sem loftslagsbreytingar geta haft í för með sér. Þetta er fjölþjóðlegt verkefni en á Íslandi taka sveitarfélögin Árborg og Vík þátt í því ásamt Háskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af Northern Periphery Program. Starfsmenn íslenska verkþáttarins eru Ásdís Jónsdóttir mannfræðingur og Katrín Georgsdóttir umhverfisfræðingur en Guðrún Pétursdóttir er verkefnisstjóri. Í ágúst var vinnufundur verkefnisins haldinn á Íslandi, auk þess sem verkefnið var kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum.

Strengir

Fram var haldið vinnu við:

- Sannprófun á spám og mótvægisáðgerðum í umhverfismati orkuflutningsmannvirkja þar sem gæði og nákvæmni spáa um umhverfisáhrif eru könnuð og eftirfylgni mótvægisáðgerða skoðuð. Guðmundur Ingi Guðbrandsson vinnur að þessum þætti.
- Greiðsluvilji vegna sjónrænna áhrifa orkuflutningsmannvirkja þar sem kannað er hvort fólk er tilbúið til að greiða fyrir að losna við að sjá háspennumóstur og línur á Hellsisheiði og í nágrenni Hveragerðis. Á árinu vann Anna Sigurveig Ragnarsdóttir meistaraneimi að þessum þætti en leiðbeinendur hennar voru Sigurður Jóhannesson og Brynhildur Davíðsdóttir. Anna Sigurveig lauk meistaránáminu á árinu.

Verkefnin eru styrkt af Landsneti hf. og Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Sannprófun skilyrða Skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytis 2000–2006

Katrín Sóley Bjarnadóttir lauk meistaraverkefni sínu undir leiðsögn Guðmundar Inga Guðbrandssonar og Þóru Ellenar Þórhallsdóttur prófessors. Verkefnið var styrkt af UOOR. Verkefnisstjóri var Guðmunur Ingi Guðbrandsson.

Gagnagrunnur um slys á sjómönnum

Fram var haldið smíði gagnagrunns um slys á sjómönnum í samvinnu við Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa. Tryggvi Hjörvar vinnur að verkefninu sem Siglingastofnun styrkir. Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Slys meðal sjómanna á Íslandi árin 2001–2005

Samnefnd grein kom út í Læknablaðinu í janúar 2010, byggð á rannsókn þverfræðilegs teymis en unnin árið áður. Verkefnisstjóri var Kristinn Sigvaldason yfirlæknir á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

Heilsuveitur Orkuveitu Reykjavíkur

Haldið var fram rannsókn á áhrifum vatns- og fráveitu Reykjavíkur á lífshætti og heilsufar Reykvíkinga á síðustu öld. Anna Dröfn Ágústsdóttir lauk meistararitgerð sinni í sagnfræði undir leiðsögn sagnfræðinganna Guðmundar Jónssonar prófessors og Ólafar Garðarsdóttur dósents. Orkuveita Reykjavíkur styrkir verkefnið. Verkefnisstjóri er Guðrún Pétursdóttir.

Sjálfbær orkuþróun: þróun orkuvísa

Fram var haldið samvinnu við Boston University um gerð margvíðrar vísitölu sem mælir sjálfbæra orkuþróun samtímis í öllum víddum sjálfbærrar þróunar. Markmiðið er að vísitalan verði mælistika á þróun orkukerfa jafnt í einstökum löndum og í héruðum, og gefi til kynna hvort kerfin færast að eða frá sjálfbærri orkuþróun. Vísitalan er reiknuð fyrir sex lönd og er Ísland notað sem dæmi og til að staðfesta hvort vísitalan uppfyllir sett markmið. Rannsóknin er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og Boston University. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Vetnissamfélagið Ísland, heildaráhrif þess að nýta vetni í samgöngum

Verkefnið, sem unnið er í samstarfi Háskóla Íslands og Íslenskrar nýorku, miðar að því að nota svipmyndir (e. scenarios) og kvik hag-, félags- og umhverfislíkön til að spá fyrir um heildaráhrif þess á íslenskt samfélag að nota innlent eldsneyti fyrir samgöngur. Áherslan er á vetni sem orkubera en aðrar rannsóknir sem gerðar eru samhliða kanna áhrif framleiðslu lífeldsneytis og tilbúins eldsneytis (gervieldsneytis) og rafvæðingar samgangna. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Hagrænt mat á þjónustu vistkerfa Heiðmerkur

Fram var haldið vinnu við verkefnið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann, Skógrækt ríkisins við Mógilsá, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Garðabæ og Orkuveitu Reykjavíkur. Markmið þess er að rannsaka hagrænt verðgildi fjölþættrar þjónustu náttúrunnar og beita viðurkenndum hagrænum aðferðum við mat þeirra. Kristín Eiríksdóttir, doktorsnemi í hagfræði, vinnur að verkefninu auk Höllu Jóhannsdóttur og Gabriels Pic, meistaraneima í umhverfis- og auðlindafræðum. Fjölmargir meistara- og grunnnemar eru aðstoðarmenn við rannsóknina, sem styrkt er af Rannís og Orkuveitu Reykjavíkur. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

Sjálfbærnivísar fyrir jarðhitaiðnaðinn

Verkefninu, þar sem þróuð er aðferð til til að meta sjálfbærni í nýtingu jarðhita, var fram haldið í samvinnu við Orkustofnun og sjálfbærnihóp rammaáætlunar. Stuðst er við svokölluð Bellagio-lögmál ásamt aðferðafræði sem þróuð hefur verið af International Hydropower Association. Matsaðferðinni er beitt á Kröfluvirkjun í samvinnu við Landsvirkjun Power og Orkustofnun. Verkefnið er styrkt af Rannís, Orkustofnun og Landsvirkjun. Verkefnisstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir.

SÓLEY – langtímaáhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróðurfar á Íslandi

Blómgunartími plantna er afar næmur fyrir hitafari og gefur því mikilvægar upplýsingar um áhrif loftslagsbreytinga á lífríki. Fram var haldið fyrri hluta verkefnisins sem hófst sumarið 2009 og lýtur að því að koma upp langtímavöktun á blómgunartíma valdra tegunda á neti svæða víða um land, einkum í samvinnu við Þjóðgarða landsins og náttúrustofur, en einnig einstaklinga. Niðurstöður verkefnisins munu gefa vísitölu fyrir svörun lífríkis við loftslagsbreytingum og verða grunnur að samanburði við hliðstæðar rannsóknir víða um heim. Verkefnið, sem styrkt er af Orkuveitu Reykjavíkur, er unnið í samvinnu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Sæmundar fróða og Landgræðslu ríkisins. Verkefnisstjóri er Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor.

Landgræðsla og ágengar aðfluttar tegundir

Verkefnið er unnið í samvinnu Stofnunar Sæmundar fróða og Landgræðslu ríkisins og er markmiðið með því að próa líkan til að greina ágengi aðfluttra tegunda í landgræðslu og möguleg viðbrögð við þeim, þar sem alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) verður notuð sem dæmi. Verkefnið er styrkt af Rannís, Landsvirkjun og Landgræðslu ríkisins. Verkefnisstjórar eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Kristín Svavarsdóttir.

Stjórnir og ráð

Þátttaka í stjórnnum og ráðum heima og erlendis er snar þáttur í starfi Stofnunar Sæmundar fróða. Seta í helstu ráðum og nefndum:

- Formennska í stýrihópi um áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna og dýra (Guðrún Pétursdóttir).
- Seta í stýrihópi umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra um loftgæði og heilsu (Guðrún Pétursdóttir).
- Stjórn Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (Guðrún Pétursdóttir).
- Stjórnarformennska í Nordic Marine Academy, sem er norrænt samstarf um námskeið fyrir doktorsnema, á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (Guðrún Pétursdóttir).
- Stjórn North Atlantic Islands Programme (NAIP) (Guðrún Pétursdóttir).
- Þátttaka í Global Roundtable on Climate Change (GROCC) (Brynhildur Davíðsdóttir og Guðrún Pétursdóttir).
- Formennska í sérfræðinganevnd umhverfisráðuneytisins, til að kanna möguleika Íslands á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (Brynhildur Davíðsdóttir).
- Þátttaka í vinnuhóp 2 í rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðhita (Brynhildur Davíðsdóttir).
- Formaður námsstjórnar RES – orkuskólans á Akureyri (Brynhildur Davíðsdóttir).
- Fulltrúi háskólasamfélagsins í ráðgjafaráði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (Brynhildur Davíðsdóttir).
- Stjórn Náttúrufræðingsins (Guðmundur Ingi Guðbrandsson).
- Formennska í stjórn Félags umhverfisfræðinga á Íslandi (Guðmundur Ingi Guðbrandsson).

Viðburðir

Tvö stefnumót Stofnunar Sæmundar fróða og umhverfisráðuneytisins voru haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins á vormisseri 2010, um niðurstöður COP15-fundarins í Kaupmannahöfn í desember 2009 og um jökla í Himalaja og hnattræna hlýnun.

Í september 2010 stóð Stofnun Sæmundar fróða, í samvinnu við Epikos, miðstöð Íslands um samfélagsábyrgð, að málþingi um áhættustýringu fyrirtækja og umhverfismál. Stofnun Sæmundar fróða skipulagði vinnufund verkefnisins Coast Adapt 30. ágúst til 2. september 2010, sem haldinn var í Árborg og í Vík í Mýrdal. Málþing voru haldin á báðum stöðum og tóku um 40 manns þátt í fundunum.

Kennsla

Starfsmenn Stofnunar Sæmundar fróða sinna töluverðri kennslu. Guðrún

Pétursdóttir kennir fósturfræði og lífeðlisfræði við Hjúkrunarfræðideild. Brynhildur Davíðsdóttir veitir forstöðu meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræðum og kennir lykilmámskeið þar og Guðmundur Ingi Guðbrandsson kennir ýmis námskeið tengd vistfræði og umhverfisfræðum. Öll leiðbeina þau einnig nemendum í framhaldsnámi.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Almennt yfirlit og stjórn

Tilraunastöðin tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru: Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, formaður, Eggert Gunnarsson dýralæknir, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Páll Hersteinsson prófessor og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður er Valgerður Andrésdóttir (tók við af Bergljótu Magnadóttur á árinu), 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður er Eggert Gunnarsson og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður er Árni Kristmundsson. Alls inntu 65 manns um 50 ársverk af hendi á starfsárinu og er það svipað og árið áður. Fimm starfsmenn unnu við stjórnsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 17 og þeim til aðstoðar hátt í þrjú tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks.

Rannsóknir

Meginviðfangsefni Tilraunastöðvarinnar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum og varnir gegn þeim. Tilraunastöðin hefur skapað sér sérstöðu með framúrskarandi rannsóknum m.a. vegna mannaúðs og sérstakrar sjúkdómastöðu á Íslandi sem tiltölulega auðvelt er að halda skráningu yfir. Vegna einangrunar landsins eru hér vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið Tilraunastöðinni sérstöðu. Helstu rannsóknasviðin voru ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, veiru- og bakteríusýkingar í sauðfé og hestum, sumarexem í hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sníkjudýrafræði. Auk starfsmanna unnu nokkrir nemendur að rannsóknaverkefnum á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar. Vegna rannsóknahverfisins á Keldum er tiltölulega hentugt að skilgreina ramma um rannsóknarnám af ýmsum stærðargráðum, allt upp í doktorsnám. Allmargir áfangar náðust sem kynntir voru á fjölmörgum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Í alþjóðlegum ritryndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í príon-, veiru-, bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar tuttugu og sex greinar í ISI-tímaritum en ekki hafa áður birst svo margar „ISI-greinar“ á einu ári með rannsóknaniðurstöðum frá Keldum. Flestir sérfræðingar stofnunarinnar eiga samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn. Tilraunastöðin hefur þjónustuskýldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum en þær eru í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Sértekjur fengust vegna útseldrar sérfræðivinnu, einkum vegna sjúkdómagreininga. Tilraunastöðin framleiddi bóluefni og mótefnablöðvökva gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Einnig var safnað blóði úr hrossum, kindum og naggrísam til notkunar á rannsóknastofum. Smádyr voru notuð við tilraunir, bæði við Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

Kynningarstarfsemi

Auk þess að birta greinar í vísindatímaritum var ársskýrslu dreift víða og Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences (IAS). Undanfarin ár hefur farið fram mikil vinna í gæðamálum í birtingarferli IAS m.t.t. alþjóðlegra viðmiðana vísindatímarita. Sú vinna hefur skilað tímaritinu í ISI-/WoS-gagna-grunninn og greinar sem birtast í IAS flokkast nú sem „ISI-greinar“. Eins dags ráðstefna var haldin í apríl og bar nafnið Vísindadagur á Keldum. Fræðslufundir, haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega, voru öllum opnir og kynntir víða m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Ítarlegar upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu (www.keldur.is).

Annað

Framlög á fjárlögum voru um 221 m.kr., sértekjur um 136 m.kr. og styrkir um 60 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni, frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands,

Framleiðnisjóði landbúnaðarins og AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Árið 2010 var fyrsta heila árið sem ný öryggisrannsóknastofa (Biosafety Level 3) var í notkun. Formlega var gengið frá verkferlum og aðstaðan hlaut viðurkenningu frá Lagna-félagi Íslands. Ný og fullkomin aðstaða til rannsókna á smitsjúkdómum í fiski var tekin í notkun í Fræðasetrinu í Sandgerði. Tilraunastöðin var í samstarfi við Sandgerðisbæ og fleiri aðila við að koma upp þeirri aðstöðu. Í árslok var unnið að innréttingum og tækjavæðingu á skurðstofu til aðgerða á stórum tilraunadýrum eins og t.d. kindum og svínunum. Fjallað var um flutning Tilraunastöðvarinnar í Vatnsmýrina en engar sérstakar ályktanir eða ákvarðanir voru teknar á árinu. Stefna Tilraunastöðvarinnar varðandi flutninga í Vatnsmýrina er óbreytt og felur m.a. í sér að aðstaðan verði byggð upp frá grunni eftir þörfum starfseminnar, að Tilraunastöðin flytji óskipt og að ekki verði flutt í nýtt húsnæði fyrr en það er að fullu tilbúið. Fjármögnun verkefnisins liggur ekki fyrir og kostnaður vegna nýbygginga Tilraunastöðvarinnar hefur ekki verið skilgreindur í fjárlögum. Tímarammi flutninga er óskilgreindur og ljóst þykir að ekki verður af flutningi á komandi árum.



Þjónustustofnanir

Endurmenntun Háskóla Íslands

Almennt

Endurmenntun Háskóla Íslands er stofnun sem lýtur yfirstjórn háskólaráðs. Hennar hlutverk er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Áfram var unnið skv. eftirfarandi stefnu stofnunarinnar:

- Stefna Endurmenntunar Háskóla Íslands er að vera ávallt eftirsóknarverðasti valkostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi.
- Með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu Endurmenntunar er unnið að því að auka hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Með það að markmiði er unnið náið með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum.
- Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Endurmenntunar er skipuð af háskólaráði. Í henni eiga sæti: Magnús Þór Jónsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (formaður), Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor á Félagsvísindasviði, Hróbjartur Árnason, lektor á Mennta- vísindasviði, Oddný Sverrisdóttir, prófessor á Hugvísindasviði og Vilborg Loftis, rekstrarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði.

Endurmenntunarstjóri er Kristín Jónsdóttir Njarðvík. Hjá stofnuninni starfa tólf samhentar konur.

Starfsemin

Alls sóttu um 8.000 einstaklingar námskeið á vegum Endurmenntunar, sem er töluverð fjölgun frá árinu áður. Fjölgunin varð mest í stök námskeið. Metaðsókn var í námskeið á sviði menningar, sjálfsræktar og tungumála en þátttakendum fjölgaði um þriðjung á þeim sviðum.

Fyrirtæki og stofnanir leituðu í auknum mæli til Endurmenntunar eftir námskeiðum fyrir starfsfólk sitt.

Samdráttur varð í námi samhliða starfi. Mun færri nemendur sóttu um námsbrautir Endurmenntunar en áður og voru færri námsbrautir starfræktar.

Kennsla fór fram á eftirfarandi sviðum:

- Menningu, sjálfrækt og tungumálum
- Hugbúnaði og hugbúnaðargerð
- Fjármálum og reikningsskilum
- Heilbrigðis- og félagsviðum
- Sálgæslu
- Stjórnun og starfsþróun
- Verkfræði, tæknifræði og arkitektúr
- Uppeldis- og kennslusviðum
- Fjölskyldumeðferð og hugrænni atferlismeðferð
- Eininganámskeið á grunn- og framhaldsstigi frá Háskóla Íslands

Frá árinu 1983 hefur Endurmenntun verið leiðandi á sviði endur- og símenntunar og notið virðingar og trausts í hugum fólks. Þetta var enn staðfest í febrúar en þá tók Endurmenntun þátt í spurningavagni hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Fólk var spurt hvort það hefði jákvætt eða neikvætt viðhorf í garð Endurmenntunar Háskóla Íslands og hvort það hefði farið á námskeið á síðastliðnum 12 mánuðum og þá hjá hvaða aðila. Niðurstöðurnar leiddu m.a. í ljós að hver og einn einasti þeirra sem sótt höfðu námskeið hjá Endurmenntun síðastliðna 12 mánuði er jákvæður gagnvart Endurmenntun. Af þeim sem höfðu sótt námskeið á síðastliðnum 12 mánuðum er ljóst að Endurmenntun er í fararbroddi í endur- og símenntun þar sem tæplega þrefalt fleiri höfðu sótt námskeið hjá

stofnuninni en hjá öðrum sambærilegum fræðsluaðilum. Endurmenntun lítur á þessa niðurstöðu sem hvatningu og áskorun til að halda áfram á sömu braut.

Rekstur

Mikill viðsnúningur varð í rekstri Endurmenntunar á árinu 2010 eftir taprekstur árunna 2008 og 2009. Heildartekjur jukust þrjátíu prósent fyrir að tekjur vegna náms samhlíða starfi hafi dregist saman um tæp 50%. Útgjöld lækkuðu umtalsvert, eða um 10%.

Happdrætti Háskóla Íslands

Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabygging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Það var álit margra að með henni væri húsnæðisþörf háskólans fullnægt fram á 21. öldina. Annað kom á daginn.

Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Stjórn happdrættisins árið 2010 var óbreytt frá árinu 2009. Stjórnarformaður var Eyvindur G. Gunnarsson lektor en með honum í stjórn voru Ebba Þóra Hvanberg prófessor og Óskar Magnússon hrl.

Brynjólfur Sigurðsson lét af störfum sem forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands 30. apríl en hann hafði gegnt því starfi frá 1. október 2001. Við starfi forstjóra tók Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Rekstur happdrættisins er þrískiptur og er rekstrarstjóri yfir hverri rekstrareiningu. Iðunn Eiríksdóttir var rekstrarstjóri flokkahappdrættis. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaprennu. Yfirmaður stoðdeilda var Alma Jónsdóttir. Stöðugildi í árslok 2010 voru tuttugu og sjö. Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur leigt húsnæði fyrir starfsemi sína að öllu leyti þar til á miðju ári 2007 en þá var húseignin að Tjarnargötu 4 keypt. Happdrættið átti fyrir næstu lóðir sem afmáskast af Tjarnargötu, Vonarstræti og Suðurgötu. Á útmánuðum 2008 var húseign að Bildshöfða 16 keypt fyrir viðgerðaverkstæði happdrættisins en þar eru happdrættisvélar lagfærðar og gert við sjálfsala Happaprennunnar. Í apríl 2005 var óskað eftir því að Happdrætti Háskóla Íslands keypti 50 fermetra í fyrirhuguðu Háskólatorgi. Stjórn happdrættisins samþykkti kaupin í ljósi þess að hægt væri að nýta húsnæðið til að vekja athygli á starfsemi happdrættisins. Á stjórnarfundum í apríl 2008 var samþykkt að húsnæðinu yrði úthlutað sem vinnuáðstöðu fyrir afburðanemendur sem væru að vinna að lokaverkefnum. Vegna mikillar húsnæðiseklu fóru háskólayfirvöld þess á leit að fá húsnæðið til afnota fyrir kennsluvið Háskóla Íslands. Stjórn happdrættisins varð þegar við þeirri beiðni.

Undir lok ársins voru gerðar veigamiklar breytingar á happdrættisvélum Gullnámunnar. Tölvukerfi var endurnýjað ásamt hluta af happdrættisvélunum. Til stendur að endurnýja allar vélar fyrir árslok 2013. Greiðslumiðakerfi var tekið í notkun sem leysir alla mynt af hólmi og eru vinningar nú greiddir með útprentuðum greiðslumiða í stað myntar.

Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstartekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 2010 námu 4.403 m.kr. og höfðu hækkað um 0,2% frá árinu áður. Hagnaður fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld jókst um tæp 2% milli ára. Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, alls 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu 2010 voru greiddar 600 m.kr. til Háskóla Íslands og var það í samræmi við rekstraráætlun happdrættisins.

Árangur í 75 ár

Á árinu 2009 varð Happprætti Háskóla Íslands 75 ára. Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happprættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun.

Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús)	1937
Aðalbygging Háskóla Íslands	1940
Íþróttahús Háskóla Íslands	1948
Háskólabíó	1961
Aragata 9 (keypt)	1963
Árnagarður	1969
Lögberg	1972
VR-I	1972
Aragata 14 (keypt)	1973
VR-II	1975
Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild	1983
Oddi (fyrri hluti)	1985
VR-III	1987
Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild	1988
Tæknigarður	1988
Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir)	1990
Oddi (síðari hluti)	1990
Hagi við Hofsvallagötu (keyptur)	1991
VR-III (verkstæði)	1992
Nýi-Garður (keyptur)	1996
Askja (Náttúrufræðahús)	2003
Háskólatorg	2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist fyrir happprættisfé þá hefur happprættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happprættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happprætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa verið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happprættismarkaði vilja ekki láta sér nægja sinn heimamarkað. Þau vilja einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happprættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happprættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happprættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Happprættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happprættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happprættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar, sem máli skipta fyrir happprætti, hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010, sem bannar auglýsingar happprættanna, sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt lögum um happprætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnsýslueftirlit með auglýsingum á happprættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

Eftirlit

Eftirlit með útdráttum og vinningum í Happprætti Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happprættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í því áttu sæti árið 2010 Bryndís Helgadóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Fanney Óskarsdóttir lögfræðingur og Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur. Varamaður er Guðlaug Jónasdóttir lögfræðingur. Eftirlit með happprættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu 2007. Ársreikningar happprættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

Háskólaútgáfan

Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar skipa: Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Sigurður J. Hafsteinsson.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, María Johnson skrifstofustjóri en hún lét af störfum í október og við tók Styrmir Goðason, Kristinn Gunnarsson framleiðslustjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

Ritryning

Umtalsverður fjöldi handrita barst útgáfunni á árinu til ritryningar. Sem fyrr er ritryningu stýrt af tveimur ritstjórum og ritnefnd, sem skipuð er fulltrúum útgáfunnar og vísindasviðs. Mikill fjöldi akademískra starfsmanna háskólans og erlendra fræðimanna kemur að þessu starfi. Nokkuð færri titlar komu út á árinu en undanfarin ár vegna aðlögunar að aukinni ritstjórn og ritryni. Útgefnir nýir titlar voru um fjörutíu talsins og endurútgáfur tæplega þrjátíu, auk misstórra prentverka fyrir yfirstjórn og svið skólans.

Viðurkenningar

Eftirfarandi rit hlutu viðurkenningar á árinu:

Tilnefningar til verðlauna Hagþenkis:

- Eysteinn Þorvaldsson, Grunað vængjatak: Um skáldskap Stefáns Harðar Grímssonar.
- Kristín Loftsdóttir, Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsóknna.

Tilnefning til menningarverðlauna DV:

- Kristín Loftsdóttir, Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsóknna.

Fjöruverðlaunin:

- Kristín Loftsdóttir, Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsóknna.

Helstu rit

Helstu rit ársins voru eftirfarandi:

Almanak Háskóla Íslands 2010

Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum

Fjölmennning og skólastarf

Ritið 2–3/2009

Hugur nr. 21

Gripla XX

EFTA 1960–2010

Eilífðarvélin

Specimen Lexici Runici

Sagan af Árna yngra ljúfling

Ljóðmæli Hallgríms Péturssonar IV

Öryggishandbók rannsóknarstofunnar

Ritið 1–3/2010

Family Nursing in Action

Tímarit um menntarannsóknir

Ætt og saga: Um frásagnarfræði í Sturlungu

Rúnir: Greinasafn um Álfrúnu Gunnlaugsdóttur

Grunað vængjatak: Um skáldskap Stefáns Harðar Grímssonar

Ofbeldi gegn konum íslensku samfélagi

Tungumál ljúka upp heimum: Orð handa Vigdís

Skálduð skinn

Rómverja saga

Íslenskir söngdansar í þúsund ár

Af ást til heimsins: Greinasafn um Hönnu Arendt

Velferð barna

John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði

Gripla XXI

Reykjavíkurgötur 2010

Hjúkrun og fjölskyldur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk, það er Þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands og rannsóknabókasafn sem skal halda uppi ávírkri og fjölbætri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd eru Þórður Kristinsson frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttur frá safninu. Velta safnsins á árinu var um 980 m.kr. og ársverk í árslok um 76,5. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemina er að finna í ársskýrslu safnsins á vefnum www.landsbokasafn.is.

Háskólabókasafn

Meginmarkmið háskólabókasafnsins er að sinna þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands og að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi. Í safninu eru um tæplega milljón einingar auk aðgangs að stafrænu efni.

Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup sem miðast við það fé sem svið skólans setja í ritakaup. Árið 2010 keyptu svið og deildir skólans prentað efni, diska og myndbönd fyrir 40,6 m.kr. og aðgang að stafrænum séráskriftum fyrir 8,6 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 34,1 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

Stafræn gögn

Undanfarin ár hefur safnið lagt áherslu á að viðhalda aðgangi að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum, bæði í landsaðgangi og svo séráskriftir fyrir einstakar deildir skólans sem eru aðgengilegar á háskólanetinu.

Samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið rekur safnið landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum á vefnum www.hvar.is. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavardar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni er Sigurður J. Hafsteinsson og varamaður Baldvín Zarióh. Í gegnum landsaðgang er nú hægt að nálgast um 17.300 tímarit auk útdráttu úr greinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfn og fullan texta yfir 10.000 greiningarskýrslna. Þrátt fyrir gengisfall krónunnar í kjölfar bankahrunsins hefur tekist að halda efni í landsaðgangi óbreyttu en aukafjárveitingar voru tryggðar af hálfu ríkisins til þess. Heildarkostnaður við landsaðgang á árinu 2010 var 232 m.kr. Framlag ríkisins var um 124 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans bætast við um 2.500 rafræn tímarit og önnur útgáfur, auk nokkurra gagnasafna, s.s. Encyclopaedia of Geology, Palgrave Dictionary of Economics, Lexikon des Mittelalters og International Medieval Bibliography Online.

Skemman.is og Þjóðarspejillinn

Árið 2009 tók safnið við rekstri Skemmunnar, sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna nema Háskólans á Hólum. Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti 21. febrúar 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Nú eru um 4.000 ritgerðir frá Háskóla Íslands aðgengilegar í Skemmuni en safnið leggur áherslu á að aðgangur að þeim sé opinn. Í október 2010 var í fyrsta skipti sett inn efni frá Þjóðarspejlinum: Rannsóknnum í félagsvísindum. Um 170 erindi voru sett inn í Skemmuna og þess er að vænta að fleiri slík rit verði sett inn í framtíðinni.

Fræðigreinin þín

Á vef safnsins er tenglasafn sem nefnist „Fræðigreinin þín“ og er þar yfirlit og leiðarvísar um helstu hjálpargögn við heimildaleit. Því er nú skipt í um 50 fræðigreinar.

Upplýsingaþjónusta – netsamtal

Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á upplys@bok.hi.is og markmiðið er að svara þeim innan 24 stunda alla virka daga. Á vef safnsins er einnig boðið upp á netsamtal við bókasafnsfræðinga í upplýsingaþjónustu á dagvinnutíma. Hægt er að skilja eftir skilaboð ef spjallborðið er lokað.

Safnkynningar

Upplýsingadeild safnsins sér um safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 100 hópar í safnið í formlega kynningu, samtals 2.618 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi anna. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánnum. Námsbókasafnsþáttur í Gegni var tekinn í notkun á árinu. Hann auðveldar utanumhald um gögn námsbókasafnsins, kennarar geta tekið efnið frá í Gegni og hvert námskeið fær sína síðu.

Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar nú sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið en það er geymt þar í viku. Lánþegar geta einnig sjálfir endurnýjað lánsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti. Kennarar fá árlega sent yfirlit yfir það efni sem þeir eru með í láni.

Notendatölvur

Notendatölvur í safninu eru um 90 talsins. Á þeim er Windows XP og Microsoft Office 2007. Forritið SPSS er á nokkrum tölvum í kennslustofu.

Lengdur afgreiðslutími í prófum

Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

Þjóðbókasafn

Meginmarkmið þjóðbókasafnsins er að safna öllu prentuðu útgefnu íslensku efni auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritadeild eru varðveitt um 15.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað af íslenskum vefsíðum á þjóðarláninu .is. Í vefsafninu, sem var opnað 2009, er nú rúmlega einn milljarður skjala. Þá er hafin móttaka á öðrum gögnum sem verða til stafrænt.

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur að því um vefi safnsins. Nýr vefur, bækur.is, var opnaður 1. desember. Í árslok voru tæplega fjórar milljónir blaðsíðna úr íslenskum ritum aðgengilegar á honum. Unnið er að því að ljóslesa ritin þannig að hægt verði að bjóða upp á textaleit í öllu efninu.

Doktoraskrá og Útgáfuskrá

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skráum safnsins. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.bok.hi.is. Í henni eru nú upplýsingar um 2.000 doktora.

Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa í safninu árið 2007. Miðstöðin er safn og rannsókn- og fræðslustofnun á sviði munnlegrar sögu og er samstarfsvettvangur fjögurra aðila: Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK), Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og

Hvilke kurser har vi på NorM

- Internordisk kommunikation
- Moderne nordisk litteratur
- Nordiske kulturelle tekster
- Nordisk historie og samfund
- Kulturell kompetence
- Ord i Norden

www.vi.fi/tilbud/norM



Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Efni miðstöðvarinnar er varðveitt á netþjónum safnsins og segulböndum. Skrá um efni safnsins er aðgengileg á vefnum munnlegsaga.is.

Handritavefur

Vefurinn handrit.is var opnaður í apríl 2010. Hann er samstarfsverkefni og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita. Vefurinn hlaut nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands í nóvember 2010.

Nordbib og Open Access

Safnið hefur tekið þátt í norrænu verkefni, Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (Open Access) en verkefnið var framlengt til ársins 2012. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns opnaði vefinn openaccess.is á árinu en þar má nálgast upplýsingar um hugmyndirnar að baki Open Access (opnum aðgangi). Mótun stefnu um Open Access er nú hluti af stefnu Háskóla Íslands.

Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL). Það rekur gátt með samtímaleit og aðgangi að um 300 gagnasöfnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum, theuropeanlibrary.org. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða eru nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og einnig stafræna Evrópusafnið, Europeana, á vefnum europeana.eu.

IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.

Listasafn Háskóla Íslands

Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands til fjögurra ára (frá janúar 2008) skipa Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður Ólafsdóttir, lektor í listfræði, er forstöðumaður safnsins í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfsmaður safnsins í 50% stöðu.

Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni forstöðumanns og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverka-eign safnsins, svo sem með sýningarhaldi, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka, í samræmi við sérstöðu safnsins, safneign og sýningaraðstöðu. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á sl. árum að tengja safnið enn frekar en áður við rannsókn- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Hugvísindadeild en safnstjóri er jafnframt lektor í listfræði. Þá veitir safnið rannsóknastyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

Uppsetning verka í Háskóla Íslands

Verk úr eigu Listasafns Háskóla Íslands eru nú á fjölmörgum stöðum í húsa-kynnum háskólans. Samkvæmt reglum safnsins eru verk ekki sett inn á einkaskrifstofur en undantekning frá þeirri reglu er stjórnarsýslugeirinn þar sem húsnæði er jafnframt nýtt undir fundarhöld. Sú meginregla gildir þó að listaverk njóti sín með tilliti til húsnæðisins, svo sem stærðar veggflata, lýsingar, hitastigs og öryggis enda eru öll „upphengi“ hugsuð sem opinberar sýningar á vegum Listasafns Háskóla Íslands í opinberu rými.

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur hann það sérstaka hlutverk að vera ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna, eins og segir í stofnskrá. Ekki var veitt úr sjóðnum árið 2010.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

Almennt

Árið 2010 var 24. starfsár Rannsóknþjónustunnar. Áfram var unnið eftir þeirri stefnu sem stjórn stofnunarinnar samþykkti árið 2006 í framhaldi af stefnumótun Háskóla Íslands. Markmið Rannsóknþjónustu háskólans er að styrkja tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á sviðum rannsókna, nýsköpunar og hæfnis-uppbyggingar. Tilgangur þessara tengsla er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi Háskóla Íslands. Ný stefna Háskóla Íslands, sem samþykkt var í árslok 2010, rennir enn styrkari stoðum undir helstu verkefni Rannsóknþjónustunnar, en þar er lögð ríkari áhersla en áður á tengsl skólans við atvinnu- og þjóðlíf og mikilvægi þess að miðla og hagnýta þá þekkingu sem starfsfólk háskólans býr til og býr yfir.

Helstu viðfangsefni ársins voru rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar ESB, þjónustuskrifstofu við sókn í samkeppnissjóði og þjónustu við hagnýtingu verkefna, auk reksturs tveggja hlutafélaga sem Háskóli Íslands á ráðandi hlut í. Þá sér Rannsóknþjónustan um umsýslu með Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars staðar í þessari ársskýrslu. Loks sinnir starfsfólk í ríkara mæli en áður ráðgjöf við stjórnvöld og er í fyrsta sinn gerð grein fyrir því starfi hér.

Starfsfólk og stjórn

Í stjórn Rannsóknþjónustu háskólans sátu þrír fulltrúar frá Háskóla Íslands, þau Ebba Þóra Hvannberg, Þorsteinn Ingi Sigfússon og Halldór Jónsson, formaður, og þrír fulltrúar atvinnulífsins, Bogi Örn Emilsson, Bragi Bergsveinsson og Júlíus B. Kristinsson, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Umboð stjórnarinnar rann út á árinu en ný stjórn verður ekki skipuð fyrr en í ársbyrjun 2011.

Ársverk hjá Rannsóknþjónustunni og þeim fyrirtækjum (hlutafélögum) sem hún rekur, auk sértækra verkefna, voru þrettán árið 2010. Starfsmenn við sjálfa stofnunina voru ellefu í árslok og þrír hjá hlutafélögum. Ágúst Hjörtur Ingþórsson veitti stofnuninni áfram forstöðu.

Menntaáætlun ESB

Stærsta einstaka verkefni Rannsóknþjónustunnar er rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar ESB, sem rekin er sameiginlega með Alþjóðaskrifstofu háskóla-stigsins. Árið 2010 einkenndist af mikilli endurskoðun bæði skrifstofunnar sjálfar og flestra undirráttalana og verkefna. Heimsóknir fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB gengu almennt vel en þeim fylgdi mikið aukaálag fyrir starfsfólk skrifstofunnar. Vel heppnuð og fjölsótt 15 ára afmælishátíð áætlunarinnar var haldin í ráðhúsi Reykjavíkur nóvember.

Rannsóknþjónustan sér sem fyrr um Leónardó-hluta menntaáætlunarinnar, auk annarra smærri þátta og má skipta verkefnum í tvo meginþætti. Annars vegar er úthlutun styrkja í fjórum flokkum, sem nam samtals rúmlega 190 m.kr. á árinu:

- Flokkur mannaskipta, þar sem 36 umsóknir bárust og 23 verkefni hlutu styrki að þessu sinni sem gert er ráð fyrir að nýtist um 200 einstaklingum.
- Yfirfærsluverkefni sem miða að því að yfirfæra efni og góðar hugmyndir sem hafa verið styrktar af fyrri áætlunum til notkunar í fleiri löndum. Átta umsóknir bárust og voru þrjú verkefni styrkt. Þar er um að ræða fjölbjóðleg verkefni undir stjórn íslenskra aðila. Til viðbótar þessum fjórum verkefnum eru íslenskir aðilar þátttakendur í yfirfærslu- og þróunarverkefnum undir stjórn aðila frá öðrum löndum.
- Samstarfsverkefni, 15 umsóknir bárust og 7 verkefni voru samþykkt.
- Undirbúningsstyrkir vegna ferða til að undirbúa umsóknir í ofantalda flokka.

Hins vegar er rekstur Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar og Europass-verkefnisins, sem var með svipuðu sniði 2010 og verið hefur undanfarin fjögur ár. Farið var í heimsóknir í meira en fimmtíu 10. bekkir út um allt land til að kynna samevrópsku ferilskrána um leið og möguleikar á evrópsku samstarfi eru kynntir. Þannig er Rannsóknþjónustan einnig í tengslum við grunnskólana í landinu.

Nýtt þriggja ára samstarfsverkefni 14 landskrifstofa menntaáætlunarinnar, sem íslenska landskrifstofan leiðir, hófst í upphafi ársins. Verkefnið heitir New Skills Network og er því ætlað að tryggja að aðildarríki Evrópusambandsins nýti betur en áður stefnumótun og sjóði sambandsins til að auka og bæta hæfni starfsfólks á

vinnumarkaði. Er sérstaklega horft til þess hvernig þróunarverkefni sem Evrópusambandið styrkir nýtast og jafnframt reynt að hafa áhrif á stefnumótun og forgangsröðun aðildarríkjanna til lengri tíma.

Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði

Undanfarin ár hefur verið byggð upp þjónustuskrifstofa til að aðstoða við öflun fjár til rannsókna og þróunar við Háskóla Íslands. Megináhersla er lögð á erlenda samkeppnissjóði og að veita starfsfólki og framhaldsnemum skólans aðstoð við að sækja um styrki í þá. Sjöunda rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun er stærsta einstaka rannsóknaáætlunin sem starfsfólk Háskóla Íslands hefur aðgang að og eru umsóknir í erlenda sjóði frá Háskóla Íslands frá því að 7. rammaáætlunin hóf göngu sína á árunum 2007–2010 nú orðnar 159. Árangur af sókn í erlenda sjóði er um 16%, sem er álíka árangur og annars staðar í Evrópu.

Fimm starfsmenn sinna þjónustunni sem hluta af starfi. Áhersla er lögð á að sýna fram á að þjónustan skili árangri og að hún sé mikilvæg fyrir háskólasamfélagið. Því hefur þjónustan verið að breytast og felst nú í ríkara mæli en áður í aðstoð við umsókn- og samningagerð, auk samstarfs við rannsóknastjóra. Starfshópur rannsókn- og kennslustjóra á fræðasviðum og starfsfólks sjóðsóknaðskrifstofu Rannsóknþjónustunnar hittist reglulega einu sinni í mánuði og vinnur saman að skilgreindum verkefnum. Hefur þetta fyrirkomulag reynt vel og tekist hefur gott samstarf við fræðasviðin.

Meginverkefni hópsins á árinu var að vinna verklagsreglur um sjóðasókn, umsjón verkefna og samningaferli.

Þá var áfram unnið að því að auka þjónustu við þá sem sækja um styrki í bandaríska sjóði og að því að efla kynningu á norrænum sjóðum og tækifærum sem þeir fela í sér.

Hagnýting rannsóknaniðurstaðna

Starfsmenn Rannsóknþjónustunnar hafa starfað með hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss síðan nefndin var sett á laggirnar. Hlutverk hennar er að fjalla um tilkynningar starfsfólks um einkaleyfatækar uppfinningar og einnig önnur erindi tengd hugverkaréttindum sem berast.

Stærsta verkefni ársins varðandi hagnýtingu var samkeppnin um hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, „Upp úr skúffunum“, sem haldin var í tólfta sinn. Stuðningsaðilar verkefnisins voru Árnason/Faktor, Tæknigarður hf. og Einkaleyfastofa. Háskólarektor afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn 19. nóvember. Þrettán tillögur bárust og hlutu þrjár þeirra viðurkenningar og peningaverðlaun, samtals að upphæð 1 m.kr.

Fyrstu verðlaun hlaut hugmyndin „www.handrit.is – Rannsóknargagnagrunnur og samskrá um íslensk og norræn handrit“, hugmynd Sigurgeirs Steingrímssonar á Árnastofnun, Arnar Hrafnkelssonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, og Matthews Driscoll, forstöðumanns Árnastofnunar í Kaupmannahöfn. Verkefnið er á sviði norrænna fræða og er nútímagagnagrunnur um íslensk og norræn handrit. Beitt er nútímatækni sem tengir saman ólíkar upplýsingar á nýstárlegan hátt.

Önnur verðlaun hlaut verkefnið „Ný tækni til flúrljómunarrannsókna á lifandi frumum“. Björn Agnarsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands, er höfundur tillögunnar ásamt Kristjáni Leóssyni, eðlisfræðingi á Raunvísindastofnun. Tækni byggist á notkun örflögu sem er með eiginleika til að ljósörva einungis þunnt lag nálægt yfirborði flögunnar.

Þriðju verðlaun hlaut danskt-íslenskt máltæki Auðar Hauksdóttur, dósentis í dönsku við Háskóla Íslands, sem hún kallar „www.frasar.net. Danskt-íslenskt máltæki“. Með hugmyndinni er að mætt þörfum notenda langt umfram hefðbundnar orðabækur með fleiri orðtökum og dæmum og meiri stuðningi við notendur.

Rekstur hlutafélaga

Rannsóknþjónustan rekur tvö hlutafélög sem eru að hluta í eigu Háskóla Íslands, Tæknigarð hf. og Tækniþróun hf. Rekstur Tæknigarðs hf. var með hefðbundnu sniði á árinu en þó er ekki full nýting á því húsnæði sem til útleigu er. Tækniþróun hf. á virkan hlut í tveimur sprotafyrirtækjum og sátu starfsmenn Rannsóknþjónustunnar áfram í stjórnnum þeirra.

Ráðgjöf við stjórnvöld

Í árunna rás hafa stjórnvöld oft leitað til Rannsóknþjónustunnar eða einstakra starfsmanna eftir ráðgjöf um þau mál sem stofnunin hefur sérþekkingu á. Árið 2010 var óvenjumikið um þetta og má nefna sérstaklega þrjú verkefni:

Í upphafi árs starfaði nefnd sem var ætlað að fara yfir fyrirkomulag á þjónustu við alþjóðlegt vísinda- og menntasamstarf og koma með tillögur til Vísinda- og tækniráðs um hugsanlegar breytingar. Forstöðumaður Rannsóknþjónustunnar sat í nefndinni. Nefndin lagði til að þjónusta sem nú er mjög dreifð eftir ólíkum áætlunum yrði sameinuð undir einni skrifstofu. Mun það hafa mikil áhrif á starfsemi Rannsóknþjónustunnar ef af verður.

Forstöðumaður Rannsóknþjónustunnar sat einnig í sérfræðingahópi sem var til ráðgjafar um áhrifamat á Tæknipróunarsjóði sem unnið var á árinu. Niðurstöður voru kynntar í árslok en þar kemur m.a. fram að sterkar vísbendingar eru um „að sjóðurinn skili umtalsverðum árangri í því að byggja mikilvægan grunn undir meginstoðir nýsköpunar í landinu. Styrkþegar sjóðsins eru almennt sammála um mikinn ávinning á ýmsum sviðum rannsóknar- og þróunarstarfs og leggja áherslu á að stuðningur sjóðsins stuðli að áþreifanlegum arði í formi vöru og þjónustu, en ekki síður aukinni þekkingu, menntun og reynslu.“ Þessi vinna er einnig mikilvægt innlegg í að þróa aðferðafræði við mat á áhrifum opinberra stuðningsaðgerða við vísindi, tæknipróun og nýsköpun almennt: bæta þarf gagnaöflun til að auðvelda matsvinnu síðar en reglulegt mat á árangri er mikilvægur þáttur í að bæta rekstur og árangur samkeppnissjóða.

Í framhaldi af umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu árið 2009 hefur talsvert verið leitað til starfsfólks Rannsóknþjónustunnar um viðfangsefni sem tengjast aðildarviðræðum og undirbúningi fyrir mögulega aðild. Hefur þar mest verið um samstarf við utanríkisráðuneytið að ræða. Rannsóknþjónustan tók virkan þátt í að skipuleggja árangursríka ráðstefnu í apríl um þá sjóði Evrópusambandinu sem Ísland fær aðgang að gerist landið aðili að Evrópusambandinu. Unnin var viðamikil skýrsla um fyrirkomulag stoðkerfissjóða Evrópusambandsins (Structural Funds) fyrir samningahóp um byggða- og sveitarstjórnarmál. Viðamesta verkefnið hefur þó verið ráðgjöf við utanríkis- og forsætisráðuneytið til undirbúnings landsáætlunar um hvernig stuðningur Evrópusambandsins á umsóknartímabilinu verður nýttur. Um er að ræða tæpa fimm milljarða króna á tímabilinu 2010–2013 sem renna til verkefna sem tengjast stjórnsýsluumbótum, innleiðingu á löggjöf Evrópusambandsins og undirbúningi fyrir þátttöku í stoðkerfissjóðum.

Rekstur og umsvif


Fjárhagslega var rekstur ársins 2010 fremur erfiður og var halli á rekstrinum tæpar 2 m.kr. en rekstrarútgjöld stofnunarinnar námu tæpum 97 m.kr., sem er örlítil hækkun frá fyrra ári. Skýringin er sú að ekki skiluðu öll verkefni þeim tekjum sem væntingar stóðu til. Rekstrarstaða Rannsóknþjónustunnar er því lítillega neikvæð í árslok 2010 og verður reynt að rétta þann halla við á næstu tveimur árum. Til viðbótar beinum rekstri stofnunarinnar eru fjárhagsleg umsvif fyrirtækja í eigu stofnunarinnar, þeir styrkir sem úthlutað er og loks umfang sérverkefna, sem ekki kemur fram í rekstraruppgjöri stofnunarinnar. Heildarumfang þessa reksturs alls var um 360 m.kr. árið 2010.

Á heildina litið var árið 2010 bæði viðburða- og árangursríkt í starfi Rannsóknþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem stofnunin hefur umsjón með. Þau verkefni sem Rannsóknþjónustan hefur tekið að sér að reka gengu almennt vel. Í árslok var verkefnastaða stofnunarinnar traust og stofnunin ágætlega í stakk búin til að veita áfram góða þjónustu og taka virkan þátt í að ná þeim markmiðum sem Háskóli Íslands hefur sett sér til næstu ára.

Veffang Rannsóknþjónustu háskólans er: www.rthj.hi.is.

Reiknistofnun Háskóla Íslands

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands í umboði háskólaráðs. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2010. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við miklar framkvæmdir á árinu sem lýst er hér að neðan. Í stjórn voru Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður, tilnefndur af rektor, Vilborg Lofts rekstrarstjóri, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Arnfríður Guð-



munds dóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði, Sigurður Jónsson forstöðumaður Menntasmiðju, tilnefndur af Menntavísindasviði, Elínborg Ingunn Ólafsdóttir dósent, tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, tilnefndur af Félagsvísindasviði. Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. september 2009 að telja. Forstöðumaður var Sæþór L. Jónsson. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna var Magnús Gíslason. Elínborg hætti í stjórn í desember og í hennar stað kom Guðmundur Freyr Úlfarsson, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Starfsemi

Nokkrar breytingar urðu á starfsemi Reiknistofnunar á árinu. Eva Dögg Jónsdóttir fór í fæðingarorlof í maí og hætti störfum í framhaldi af því. Helga Vala Jónsdóttir fór í framhaldsnám til Frakklands og lét af störfum um mitt ár. Helgi Möller tölvunarfræðingur var ráðinn í byrjun árs og Agnar Kr. Þorsteinsson kerfisfræðingur hóf störf í ágúst.

Stofnunin skiptist í nokkrar deildir: hugbúnaðarþróun, kerfisþjónustu, netdeild, notendajónustu og ytri vef. Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukenndar breytingar, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun starfa nú 32 starfsmenn í fullu starfi fyrir utan tvo nemendur sem ráðnir eru tímabundið. Þjónustuborð Reiknistofnunar á Háskólatorgi, sem gengur undir nafninu Tölvuþjónusta Reiknistofnunar, er mannað þremur starfsmönnum og er opið frá 8 til 16 á virkum dögum.

Unnið var að flutningi vélasalar úr Tæknigarði í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar á Sturlugötu 8. Enn er nokkuð í land að það klárast. Gert er ráð fyrir að geymslunni inn af vélasal í Tæknigarði verði breytt í fjarskiptarými og vélasalurinn tæmdur. Þetta kallar á töluverða lagvinnu.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri Rh-nets hf. (rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FS-nets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDUnet A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands. Reiknistofnun sendi inn tilboð fyrir hönd Háskóla Íslands í svokallað „ofurtölvuver Norðurlanda“ þar sem keppt var um hýsingu og kerfisstjórn við fjóra aðra háskóla á Norðurlöndum, þ.e. háskólana í Árósum, Osló, Umeå og Linköping. Tilboðin voru send til alþjóðlegrar dómnefndar til úrskurðar.

Þjónustuvélar

Þjónustuvélar, eða svokallaðar „kiosk-vélar“, eru 21 talsins á háskólasvæðinu. Í Háskólatorgi eru 10, Gimli 6, Stakkahlíð 2 og Odda, VR-II og Aðalbyggingu er ein vél í hverri byggingu.

Tölvuþjónusta

Í ágúst 2009 opnaði Reiknistofnun Háskóla Íslands tölvuþjónustu í Háskólatorgi. Með þessari opnun var Reiknistofnun Háskóla Íslands komin miðsvæðis með þjónustu fyrir alla notendur háskólans og þar með var þjónusta Reiknistofnunar, og aðgengi að henni, orðin mun betri en áður. Að jafnaði vinna þrír starfsmenn í Tölvuþjónustunni við að leiðbeina notendum og sinna lítils háttar aðstoð og viðgerðum á tölvutengdum vandamálum. Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á help@hi.is eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

Windows-kerfisþjónusta

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslum og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur lagður að uppfærslum og nýjungum fyrir næsta ár.

Allar Windows-þjónustuvélar hafa verið færðar yfir í nýjan vélasal á Sturlugötu 8 að frátalinni einni sem sker sig að nokkru leyti úr. Henni verður að öllum líkindum fundinn staður í Öskju á komandi ári. Grunnur var lagður að nýju Active Directory kerfi sem tekið verður í notkun sumarið 2011.

Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 15 tölvuver sem eru í 11 byggingum háskólans, samtals með 300 tölvur. Auk þess sér Reiknistofnun einnig um uppsetningu og viðhald tölvu í kennslustofum og fyrirlestrarsölum háskólans. Þær tölvur eru nú 165 talsins. Tvö tölvuver voru endurnýjuð þetta árið, tölvuver

Tungumálamiðstöðvar í Nýja-Garði og tölvuver í Læknagarði. Auk þess var stýrikerfi í fjórum tölvuverum uppfært og þar var sett upp nýtt Windows 7 stýrikerfi. Tölvuver í Tæknigarði var lagt niður vegna lítillar notkunar.

Upplýsingaskjái

Í flestum byggingum háskólans hefur nú verið sett upp þar af upplýsingaskjáum. Annar skjárinn birtir atburðaskrá í viðkomandi byggingu og á hinum eru birtar ýmsar auglýsingar um atburði í skólanum og fleira. Umsjónarkerfi fyrir auglýsingaskjána er stjórnað um vefsíðu sem auðveldar töluvert umsjón með skjáunum.

Hugbúnaðarþróun

Í verkefnastjórn Uglu voru eftirtaldir: Hreinn Pálsson, formaður, kennslusviði, Anna Kristín Halldórsdóttir, Kennslumiðstöð (Geir Gunnlaugsson og síðar Kristbjörg Olsen tóku við af Önnu á árinu), Hildur Bjarnadóttir, Félagsvísindasviði, Jóna Margrét Guðmundsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði (Þuríður Pálsdóttir tók við af henni á árinu), Kristín Jónasdóttir, Nemendaskrá, Óskar Einarsson, Hugvísindasviði, Pálmi Jóhannesson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Ragnar Stefán Ragnarsson, hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar, og Sigurður Jónsson, Menntavísindasviði.

Margt var unnið á árinu hjá hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar. Of langt mál er að telja það allt upp en hér er á eftir er dregið á það helsta.

- Unnið var að framtali starfa þar sem kennarar og rannsakendur geta skráð það sem tengist vinnu þeirra á hverju ári. Rannsóknaskýrslu er nú hægt að skila inn í Uglu ásamt upplýsingum um aukastörf, samstarf og kennsluferilsskrá.
- Rafrænt kosningakerfi vegna kosninga til Stúdentaráðs var klárað í byrjun ársins.
- Haukur Hálfðánarson var skipaður í hálf t starf sem þjónustufulltrúi Uglu. Þjónustufulltrúi Uglu sér um sérhæfða notendabjónustu, kynningar og almennan rekstur á Uglu.
- Töluverðar endurbætur voru gerðar á Uglunni er varðar vefsíðugerð innan hennar, fréttakerfi og útlit.
- Miklar endurbætur voru gerðar á umsóknarkerfi Uglunnar sem var nánast endurskrifað. Utanumhald umsókna frá erlendum aðilum, undanþáguumsóknir, umsóknir í framhaldsnám og margt fleira var stórbætt.
- Uglan var sett yfir á nýjan gagnagrunn. Hætt var notkun á Informix og Uglan flutt yfir í PostgreSQL, sem er opinn og frjálts hugbúnaður. Um leið voru ýmsar breytingar gerðar, eins og að stafasett gagnagrunns var uppfært yfir í UTF-8.

Kerfisþjónusta

Á árinu var mörkuð ný stefna í miðlægri þjónustu þegar keyptur var blaðrekki af gerðinni „BladeCenter“ frá IBM. Hingað til hefur þjónustan verið keyrð á stökum vélum en þessi ný blaðrekki samanstendur af 14 „blöðum“ sem eru ígildi sjálfstæðra véla en samnýta ýmsa hluti eins og aflagjafa o.fl. Auk þess tekur hann helmingi minna pláss en stakar vélar með sömu afköst.

Meðal þess sem sett hefur verið upp á blaðrekkanum er nýr gagnagrunnur fyrir Uglu, en ákveðið var að hætta að nota gagnagrunninn Informix og taka upp PostgreSQL í staðinn. PostgreSQL er frjálts og ókeypis hugbúnaður og sparast við þetta þó nokkurt fé. Hann er keyrður á þremur blöðum til að auka rekstraröryggi.

Einnig var farið að nota sýndarvélar í auknum mæli og nú eru flestar nýjar þjónustuvélar sýndarvélar sem keyra á blöðunum. Hægt er að keyra margar sýndarvélar samhliða á hverju blaði og hægt er að flytja þær á milli blaða á einfaldan hátt. Notendur geta leigt sýndarvélar fyrir sérhæfða þjónustu og/eða vefi og um áramót voru um 15 sýndarvélar leigðar út.

Gerð var róttæk breyting á gjaldskrá fyrir sameiginleg gagnasvæði deilda og stofnana. Í stað þess að greiða fyrir mælda notkun eins og áður var er hægt að leigja gagnasvæði að lágmarki 10GB og fer einingarverð lækkandi eftir því sem svæðið stækkar. Gjald fyrir 1TB gagnasvæði lækkar eftir þessa breytingu um allt að 90%.

Net- og símadeild

Fyrri hluti ársins fór að mestu í að ljúka flutningi Reiknistofnunar á Sturlugötu og einnig var lokið við að nettengja nýja stúdentagarða við Skógarveg.

Endurbýgging VR-I var kláruð á árinu og voru nýjar tölvu- og símalagnir lagðar í húsið og nýtt tæknirými tekið í notkun. Með þessari breytingu var síðasta COAX-netkerfi Háskóla Íslands lagt niður en þau voru í upphafi netvæðingar háskólans aðalaðferðin við að tengja tölvur notenda við tölvukerfi Reiknistofnunar.

Mjög stórt verkefni var unnið í Aðalbyggingu vegna breytinga sem gerðar voru á kjallara hússins. Nær allar aðalnetlagnir og ljósleiðaratengingar háskólans liggja um kjallara Aðalbyggingar og þurfti því að fara í meiriháttar endurtengingar á ljósleiðurum og einnig að koma upp bráðabirgðatengingu á meðan á endurbótum stóð svo að ekki yrði rof á tengingum. Þetta gekk að mestu áfallalaust en einnig þurfti að endurtengja stóran hluta notendatenginga í Aðalbyggingu og útbúa nýtt tengirými fyrir norðvesturhluta hússins.

Ný verknámsstofa fyrir rafmagnsverkfræðinema var tekin í notkun í VR-III og voru öll vinnuborð þar nettengt og tvö net fyrir nemendur sett upp, almennt net og eitt lokað net.

Rekstur símkerfis Háskóla Íslands gekk að mestu vel á árinu. Þó þurfti að endurnýja aðalspennugjafa símstöðvarinnar eftir að hann skemmdist vegna vinnu verktaka í kjallara Aðalbyggingar.

Á árinu voru keyptir 20 nýir sendar fyrir þráðlaust netkerfi háskólans. Um er ræða senda með nýjan samskiptastaðal, svo kallaðan 802.11n, sem er mun afkastameiri en það sem áður var notað. Þessum nýju sendum var að mestu komið fyrir í fyrirlestrarsölum í Háskólabíói og í húsnæði Menntavísindasviðs. Um 300 sendar eru á öllu háskólasvæðinu og er stefnt af því að á allra næstu árum verði þeir allir uppfærðir í nýja kerfið.

Nýr ljósleiðari var lagður milli Tæknigarðs og Sturlugötu.

Keyptir voru tveir nýir jaðarbeinar frá Juniper (MX80). Þetta gerði það mögulegt að uppfæra Internet-tengingar háskólans við Rh-net í 2 x 10 Gbs.



Brautskráningarræður háskólarektors

Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandiata í Háskólabíói 27. febrúar 2010

Forseti Íslands. Fyrirverandi forseti Íslands. Kandiatar, fjölskyldur. Fyrirverandi háskólarektorar. Starfsfólk og fulltrúar í háskólaráði Háskóla Íslands. Góðir gestir.

Brautskráningardagur markar jafnan hátíðarstund í lífi kandiata og þeirra nánustu, mikilvægan áfanga á lífsleiðinni. Þetta er jafnframt gleiðidagur fyrir alla sem starfa í Háskóla Íslands. Hver árgangur stúðenta flytur með sér ný viðhorf og nýjar spurningar. Þið sem útskrifist hér í dag hafið þannig endurnýjað skólann og hjálpað til að gera hann sterkari og betri. Ég færi ykkur því bæði þakkir og einlæggar hamingjuóskir fyrir hönd okkar allra sem störfum í Háskóla Íslands.

